ALÞINGI 1959

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1959, föstudaginn 20. nóvember, var átttugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og annað aðalþing í röðinni, en nítugasta og fimmta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Garðar Þorsteinsson, prófastur í Hafnarfirði, steig í stólinn og lagði út af Jes. 59. kap. 51.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
3. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
4. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
7. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
12. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
13. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
14. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
15. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
16. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
17. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
18. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
19. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
20. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
21. Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.
22. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
23. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
24. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
25. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
26. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
27. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
28. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
29. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
30. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
31. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
32. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
33. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
34. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
35. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
36. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
37. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
38. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
39. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
40. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
41. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
42. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
45. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
46. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
47. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
48. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
49. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
50. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
51. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
52. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
53. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
54. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.
55. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi. Einnig var á fundinum Davíð Ólafsson, 5. (vara)þm. Reykv.

Ókomnir voru til þings:

1. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
2. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
3. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
4. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
5. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 10. nóv. 1959 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóv. 1959.
Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.
Gert að Bessastöðum, 10. nóv. 1959.
Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson."

Samkvæmt því bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.
Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú liðin 1029 ár. Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman að nýju fyrir 114 árum, er þetta 95. samkoma þess, en frá því að Alþingi fékk aftur löggjafarvald fyrir 85 árum, er þetta hið 80. í röðinni, en 62. aðalþing.
Ég býð alla nýkjörna hv. alþm. og nýskipaða hæstv. ríkisstjórn velkomna til þingstarfa. Eins og oft vill verða og ekki sízt nú, þá bíða Alþingis ýmis mikilsverð mál og mjög vandasöm viðfangsefni. Stjórnmálabaráttan er háð á vettvangi líðandi stundar, og margt orkar tvímælis, áður en nokkur reynsla er komin á þær úrlausnir, sem þing og stjórn veitir. Hjá því verður ekki komizt, þó að allir geti tekið undir þá ósk, að deilum sé haldið í þeim skefjum, sem þjóðarheill heimtar. Góður vilji orkar þar miklu um farsælleg málalok, og er það ósk mín og von, að störf þessa þings og stjórnar megi verða til gæfu og gengis fyrir land og lýð.
Þetta hið nýkjörna þing kemur saman á tímamótum. Kjördæmaskipun hefur oft verið breytt og ætíð í þá átt að jafna kosningarrétt, en þó mun sú skipun, sem nú var kosið eftir í fyrsta sinn, einna mest allra kjördæmabreytinga. Þó að atkvæðisréttur sé jafnaður, þá er ætíð um fleiri en eina leið að ræða til að ná því marki. En ekki kæmi það á óvart, að hin nýju, stóru kjördæmi yrðu með tímanum stofninn í nýjum héruðum, félagsheildum, sem ætlað væri víðtækara samstarf en það eitt að kjósa saman til Alþingis.
Sú þingmannafjölgun, sem nú er orðin, minnir á viðfangsefni, sem lengi hefur verið óleyst, en það eru starfsskilyrði einstakra þingmanna, þingflokka og Alþingis í heild. Þó að þingmenn séu nú 60 að tölu, þá er hlutfallsleg fjölgun þjóðarinnar síðan Alþingi var endurreist enn meiri. Vort gamla og virðulega alþingishús er nú hátt á áttræðisaldri, og það er vafasamur sparnaður, þó að við sjálft sig sé, að fresta öllu lengur þeim umbótum á starfsskilyrðum Alþingis og aðbúð utanbæjarþingmanna, sem full þörf hefur lengi verið á, svo að fulltrúar þjóðarinnar njóti sín til fulls og þjóðin þeirra.
Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.
[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tók þingheimur undir með ferföldu húrrahrópi.]
Það vill nú svo til, að setning Alþingis og skipun ríkisstjórnar ber upp á sama dag. Það er ekki í mínum verkahring, heldur hins nýskipaða forsætisráðherra, að gera Alþingi grein fyrir ráðherravali, verkaskipting og stjórnarstefnu, — og bið ég aldursforseta, sem er Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls og stjórna fundum, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram.

Aldursforseti gekk því næst til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Aldursforseti (GíslJ): Forseti Íslands. Hæstvirt ríkisstjórn. Hv. alþingismenn. Ég vil leyfa mér að bjóða hæstv. ríkisstj. og alla hv. alþingismenn velkomna til þessa fyrsta þings, eftir að kosið hefur verið samkvæmt hinni nýju kjördæmaskipun. Fyrrverandi alþingismönnum, sem sumir hverjir áttu hér langan og merkan starfsdag, sendi ég kveðju, óska þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla og blessunar. Ég vil óska þess, að hér megi jafnan ríkja samstarf og samhugur til þess að leysa öll vandamál, svo að bezt verði fyrir Ísland og íslenzka þjóð. Til þess hjálpi oss guð.
Hæstv. forsrh. hefur kvatt sér hljóðs og tekur til máls.

Stjórnarskipti.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetaúrskurð:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Eftir tillögu forsrh. og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:
1) Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, mál, er varða forsetaembættið, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild, hin íslenzka fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Ríkisbúið að Bessastöðum. Athuganir á efnahagsmálum í umboði ríkisstj. allrar.
2) Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipan, dómsmál, þar undir framkvæmd refsidóma, hegningar- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar og löggjöf um verndun fiskimiða landgrunnsins, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæma-

skipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Kirkjumál. Heilbrigðismál, þar undir sjúkrahús og heilsuhæli. Iðju- og iðnaðarmál, þar undir Iðnaðarbankinn, Iðnaðarmálastofnun Íslands, útflutningur iðnaðarvara. Sementsverksmiðja ríkisins, Landssmiðjan, iðnfélög, öryggiseftirlit. Einkaleyfi.

3) Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, þar undir Fiskifélagið, fiskimálasjóður og fiskveiðasjóður Íslands, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), sjávarvöruiðnaður og útflutningur sjávarafurða. Vita- og hafnamál, strandferðir. Almenn siglingamál, þar undir atvinna við siglingar. Skipaskoðun ríkisins, Eimskipafélag Íslands h/f. Félagsmál, almannatryggingar, atvinnubótamál, atvinnuleysistryggingar, Brunabótafélag Íslands, vinnudeilur, sveitastjórnar- og framfærslumál, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið. Barnaheimili. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir. Húsnæðismál, þar undir byggingarfélög. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.

4) Ráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson. Undir hann heyra utanríkismál, framkvæmd varnarsamningsins, þ. á m. lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvarnar, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra.

5) Ráðherra Gunnar Thoroddsen. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáraukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagskýrslugerð ríkisins. Almannaskráning. Framkvæmdabanki Íslands. Tekjustofnar sveitar- og bæjarfélaga og gjaldskrár þeirra. Mæling og skrásetning skipa.

6) Ráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason. Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undanteknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Menntamálaráð Íslands, þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, tónlistarmál, kvikmyndamál, söfn og aðrar menningarstofnanir, sem reknar eru eða styrktar af ríkinu. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknaráð ríkisins. Önnur mál, er varða vísindi og listir. Barnaverndarmál. Skemmtanaskattur. Félagsheimilasjóður. Íþróttamál. Bókasöfn og lestrarfélög. Iðnaðarnám. Viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun, gjaldeyrismál og verðlagsmál. Bankamál, að svo miklu leyti sem einstakir bankar eru ekki undanteknir. Efnahagssamvinnan (OEEC), alþjóðafjármálastofnanir og erlend tækniaðstoð. Innkaupastofnun ríkisins. Ferðaskrifstofa ríkisins.

7) Ráðherra Ingólfur Jónsson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þ. á m. útflutningur landbúnaðarafurða, ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, þjóðjarðamál. Búnaðarbanki Íslands. Áburðarverksmiðjan h/f. Vega- og brúamál. Flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskeytamál. Kaupfélög og samvinnufélög. Rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 23. desember 1958, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Gert í Reykjavík, 20. nóvember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.“

Herra forseti. Þá vil ég leyfa mér að gefa svo hljóðandi yfirlýsingu af hálfu stjórnarinnar:

Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að *ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum* þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. tillögur um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og að erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigt verður talið. Munu tillögur ríkisstj. miðast við að ráðast að þessum kjarna vandamálanna, þar eð það er meginstefna ríkisstjórnarinnar að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Í því sambandi leggur ríkisstj. áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu.

Til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstjórnin ákveðið:

1) að hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri,

2) að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings,

3) að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll,

4) að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Varðandi verðlag landbúnaðarafurða mun reynt að fá aðila til að semja sín á milli um málið. Ella verður skipuð nefnd sérfræðinga og óhlutdrægra manna, er ráði fram úr því.

Ríkisstj. mun taka upp samningu þjóðhagsáætlana, er verði leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.

Þá þykir ríkisstj. rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis hinn 5. maí 1959.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki við þetta tækifæri ræða einstök atriði í yfirlýsingu hæstv. forsrh. um stjórnarmyndunina, enda er það ekki venja. Einnig var yfirlýsingin svo almennt orðuð, að af henni verður nær ekkert ráðið um það, til hverra úrræða ríkisstj. og flokkar hennar ætla að grípa. Munu einnig gefast tækifæri síðar til þess að ræða þessi efni, jafnóðum og fyrir liggur, hvað ætlunin er að gera. Sama er í rauninni að segja um ýmislegt af því, sem hæstv. forsrh. sagði um þróun mála undanfarið og lýsingu á því, hvernig ástatt er og hvers við sé þörf. Um það er hægt að ræða síðar.

En út af stjórnarmyndun þeirri, sem nú er orðin, vil ég taka þetta fram af hendi Framsfl.:

Framsfl. telur, að heppilegast hefði verið að mynda nú á ný samstjórn Framsfl., Alþb. og Alþfl., ef samkomulag hefði náðst þeirra í milli um lausn aðkallandi vandamála. Það breytir alls ekki þessari skoðun flokksins, að efnahagsmál landsins eru nú í sjálfu sér enn örðugri viðfangs en þau voru haustið 1958 vegna þess, hvernig á hefur verið haldið síðan. Fyrir þessu samstarfi vildi Framsfl. beita sér, en sú leið reyndist lokuð.

Stjórnarmyndun sú, sem nú hefur verið tilkynnt, er beint framhald af því stjórnarsamstarfi Sjálfstfl. og Alþfl., sem staðið hefur síðan í des. s. l. og margt óheillavænlegt hefur af leitt að dómi framsóknarmanna, sumt þegar berlega komið fram og ljóst orðið, en annað á eftir að koma betur fram, þegar upplýsist nánar, hvernig ástatt er um málefni landsins. Framsóknarmenn telja það því miður farið og vilja lýsa því yfir strax hreinskilnislega, að þetta samstarf skuli halda áfram nú með hinni nýju stjórnarmyndun.

Það leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að Framsfl. hvorki styður né veitir hinni nýju ríkisstj. hlutleysi. En að því leyti sem hæstv. ríkisstj. kann að beita sér fyrir málum, sem Framsfl. telur, að að gagni megi verða fyrir þjóðina, mun hann að sjálfsögðu stuðla að framgangi þeirra.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gefið Alþingi yfirlýsingu um stefnu hæstv. ríkisstj. Alþb. er í andstöðu við þessa ríkisstj. Góðum málefnum mun það vissulega fylgja, hvaðan sem þau koma. En oss uggir, að alþýða manna megi vænta illra tíðinda og árása á hag sinn, þegar ríkisstjórnin byrjar að berja lóminn um, að þjóðin hafi lifað um efni fram. Slíkur barlómur er venjulega yfirskin afturhalds og yfirstétta til þess að skapa það pólitíska andrúmsloft, er gerir hægara fyrir um árás á lífskjör almennings.

Það er ekki aðalmeinsemd íslenzks efnahagslífs, að þjóðin hafi lifað yfir efni fram, heldur hitt, að í heilan áratug var vanrækt að auka svo efni hennar, framleiðslutækin, að þau stæðu undir eðlilegum og vaxandi kröfum fólksins til lífsins. Og enn hefur ekki verið komið á heildarstjórn á þjóðarbúskap Íslendinga, er sameini krafta þjóðarinnar til voldugra, samstilltra átaka í uppbyggingu atvinnulífsins á grundvelli réttlátrar skiptingar þjóðarteknanna.

Þeir tveir flokkar, sem nú hafa myndað sameiginlega ríkisstj., hófu í vetur harkalega árás á lífskjör alþýðu og réttindi verkalýðssamtakanna. Stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj. og ummæli stjórnarblaðanna gefa ástæðu til þess að óttast, að reynt verði að halda áfram á þeirri óheillabraut lífskjararýrnunar og réttindaskerðingar.

Það er venjulega vá fyrir dyrum hjá almenningi, þegar ríkisstj. fer að boða rannsókn sérfræðinga til þess að finna traustan efnahagsgrundvöll. Frá því að íslenzk yfirvöld hættu að treysta eigin dómgreind í slíkum málum og tóku að sækja til útlendra efnahagsráðunauta til slíkra ráðlegginga, hafa slíkir sérfræðingar aldrei fundið annan traustan grundvöll fyrir gjaldeyri landsmanna en kaupgetuleysi almennings, þ. e. fátækt og atvinnuleysi hjá alþýðu manna. Gengislækkunin 1950 og atvinnuleysið, sem á eftir kom, er ólygnust raunin. Ég óttast af illri reynslu, að ráð sérfræðinganna til ríkisstj. verði þau að vega tvisvar í sama knérunn. Slíkt hefur aldrei í sögu Íslendinga þótt til heilla horfa. Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við að fara að slíkum ráðum, þótt ég óttist, að þegar sé afráðið að gera það. Mér fannst tilkynningin um góðu málin í yfirlýsingunni áðan þýða, að þau ættu að vera plástur á sárin, sem enn er eftir að veita alþýðu manna.

Ísland þurfti stórhuga, róttæka, þjóðlega ríkisstj., er samstillti hugi þjóðarinnar til voldugra átaka, er stórbættu lífskjör almennings í landi voru. Við fáum í staðinn ríkisstjórn tveggja af þeim launalækkunarflokkum, sem í vetur hófu árásirnar á afkomu almennings, og stefnuyfirlýsing hennar bendir til þess, að

áfram verði haldið á sömu braut. Og árásir á lífskjör alþýðu leiða fyrr eða síðar til átaka milli auðvaldsins og alþýðu Íslands.

Alþb. heitir því á alla alþýðu, öll samtök vinnandi stétta að halda vöku sinni, vera vel á verði um hag sinn og rétt, sameinast um að vinna aftur það, sem tapazt hefur, og sækja fram til að skapa öruggan grundvöll að efnahagslífi án kreppu og atvinnuleysis, er tryggi alþýðu manna síbatnandi lífskjör og afkomuöryggi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í sjálfu sér er ekkert af því, sem háttvirtir formenn andstöðuflokka ríkisstj. hér hafa mælt, sem kemur mér á óvart. Og það er ekki meining mín að ætla að svara einstökum atriðum úr þeirra ræðum. *Ég hygg að sönnu og viðurkenni*, að álit þessara virðulegu alþm. og flokka þeirra skipti mjög miklu máli sem og allar undirtektir þeirra undir þær aðgerðir, sem ríkisstj. telur þörf á að gera. En enn meira máli skiptir þó, hverjum augum þjóðin lítur á málin og hvern liðstyrk þjóðin, almenningur í landinu, vill ljá þeim úrræðum, sem fram verða borin.

Ríkisstj. mun, svo fljótt sem auðið er, gefa þingi og þjóð skýrslu um alla höfuðþætti efnahagsmálanna, *og hún heitir á menn, eins og* hv. síðasti ræðumaður, formaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins, að halda vöku sinni, einmitt að halda vöku sinni og kynna sér þessar upplýsingar. Þekkingin á öllu efnahagsástandinu er frumskilyrði þess, að menn geti gert sér fulla grein fyrir þeim mismunandi úrræðum, sem til greina geta komið, og valið eða hafnað á þeirri örlagastundu, sem nú er fram undan.

Ég endurtek, að það er einlæg ósk ríkisstj., að almenningur í landinu haldi vöku sinni og kynni sér málin og dæmi á grundvelli þekkingarinnar.

Sjálfsagt eigum við allir þá ósk heitasta í þessum efnum að þurfa ekki að leggja neinar kvaðir á almenning. Það verða ýtarlegar rannsóknir að leiða í ljós, hvort hjá því verður komizt, og svo er það þjóðarinnar undir forustu Alþingis að gera sér grein fyrir, ef um engan góðan kost er að ræða, hvern kostinn þá skuli velja.

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (GíslJ): Mér hefur borizt bréf, dags. í Reykjavík 2. nóv. 1959, svo hljóðandi:

„Vegna fjarveru minnar erlendis leyfi ég mér að óska þess, að varamaður verði kvaddur til þingsetu fyrir mig fyrst um sinn, er Alþingi kemur saman.

Virðingarfyllst,

Jóhann Hafstein.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Varamaður Jóhanns Hafsteins, fyrsti varamaður þm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Ólafsson, er því mættur hér, og verður kjörbréf hans að rannsakast í kjördeild.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Þessu næst var þm. skipað í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AGb, BFB, BjörnJ, BP, EggÞ, GíslJ, GÞG, HermJ, DÓ, JÁ, JSk, JP, KGuðj, KJJ, ÓB, ÓTh, PÞ, SI, SE, ÞÞ.

2. kjördeild:

AuA, ÁB, BGr, BF, BBen, EðS, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GuðlG, GÍG, GJóh, IngJ, KK, MJ, ÓlJ, PS, SÁ, SkG.

3. kjördeild:

AGl, ÁÞ, BK, BGuðm, EI, EOl, EmJ, FS, GH, GunnG, GTh, HÁ, HS, HV, JÞ, JR, LJós, MÁM, RH, SÓÓ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum, svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild og 3. kjördeild kjörbréf þm. í 2. deild.

Var gert hlé á fundi í 40 mínútur, meðan kjördeildir störfuðu.

Frsm. 1. kjördeildar (Hermann Jónasson): Herra forseti. Samkvæmt þingsköpum hafa þeir, sem kjörnir voru með hlutkesti í 1. kjördeild, rannsakað kjörbréf þeirra þingmanna, sem kjörnir voru í 3. kjördeild. Kjörbréf þeirra þingmanna, sem 1. kjördeild skyldi rannsaka, eru þau, sem nú skulu talin: Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., Birgir Kjaran, 6. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., Emil Jónsson, 2. þm. Reykn., Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm., Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e., Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm., Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf., Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., og Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.

Kjörbréf þessara þingmanna hafa legið fyrir og verið rannsökuð, öll nema tvö, þ. e. a. s. kjörbréf Gunnars Gíslasonar, 2. þm. Norðurl. v., og Jónasar G. Rafnars, 2. þm. Norðurl. e. Þeir eru ekki mættir á þingi, og kjörbréf þeirra verða að sjálfsögðu samkv. venju rannsökuð síðar.

Þess skal getið, að það lágu fyrir kjördeildunum skilríki um það, að ágreiningur er um nokkur atkvæði í ýmsum kjördæmum, en upplýstist, að það hefur ekki áhrif á kjör aðalmanna, og mun hafa verið samþykkt í öllum kjördeildum að vísa *þeim málum til kjörbréfa*nefndar til athugunar. Með þessum formála um ágreiningsatkvæði, sem hafa ekki áhrif á kjör þeirra þingmanna, sem ég hef talið, hefur 1. kjördeild verið sammála um að taka öll

kjörbréfin gild, og lýsi ég því hér með yfir fyrir hönd 1. kjördeildar.

Frsm. 2. kjördeildar (Magnús Jónsson): Herra forseti. 2. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf þeirra þingmanna, sem valdir voru í 1. kjördeild, og eru það kjörbréf 19 aðalþingmanna og eins varaþingmanns. Aðalþingmennirnir, sem hér er um að ræða, eru þessir: Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm., Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv., Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv., Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf., Jón Árnason, 4. þm. Vesturl., Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl., Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf., Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv., Ólafur Thors, 1. þm. Reykn., Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf., Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf., og Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Kjörbréf allra þessara þingmanna lágu fyrir, og hefur kjördeildin ekkert við þau að athuga og leggur til, að þau öll verði tekin gild.

Þá fékk kjördeildin enn fremur til meðferðar kjörbréf Davíðs Ólafssonar, sem er 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík., og eins og getið var um í dag, tekur hann hér sæti Jóhanns Hafsteins, 5. þm. Reykv. Kjörbréf hans var einnig athugað, og leggur kjördeildin til, að það verði tekið gilt. Hins vegar hefur kjördeildin ekki fengið til meðferðar kjörbréf Jóhanns Hafsteins, og mun það að sjálfsögðu verða athugað á sínum tíma.

Þá varð jafnframt samkomulag í kjördeildinni að leggja til, að afgreiðslu þeirra vafakjörseðla, sem voru nokkrir, er kjördeildin fékk til athugunar, yrði frestað, þannig að þeim yrði vísað til athugunar í kjörbréfanefnd, því að þeir munu ekki hafa áhrif á kjör neinna aðalþingmanna. Það er því till. 2. kjördeildar, að umrædd kjörbréf verði tekin gild.

Frsm. 3. kjördeildar (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur haft til meðferðar og rannsóknar kjörbréf hv. þm. 2. kjördeildar, 19 að tölu, og eru það kjörbréf þeirra hv. þm., sem ég nú tel: Auður Auðuns, 2. þm. Reykv., Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm., Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn., Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm., Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm., Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl., Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., og Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Þetta eru samtals 19 kjörbréf, og lágu þau öll fyrir. 20. kjörbréfið, sem 3. kjördeild hefði átt að fjalla um, þ. e. kjörbréf Benedikts Gröndals, 5. þm. Vesturl., lá ekki fyrir, og tók kjördeildin því ekki afstöðu til þess.

Nokkrir ágreiningsseðlar fylgdu endurritun úr gerðabókum yfirkjörstjórna. Kjördeildin tók ekki afstöðu til þeirra, enda taldi hún, að þeir mundu ekki skipta máli eða hafa úrslitaþýðingu um afgreiðslu kjörbréfa. Annars leggur kjördeildin einróma til, að öll þessi 19 kjörbréf verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjördeilda um gildi kjörbréfa samþ. með 52 shlj. atkv.

Till. um að vísa ákvörðun um vafaseðla til kjörbréfanefndar samþ. með 52 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti, Birgir Finnsson, Birgir Kjaran, Bjartmar Guðmundsson, Davíð Ólafsson, Garðar Halldórsson, Jón Skaftason, Jón Þorsteinsson, Jónas Pétursson, Pétur Sigurðsson.

Fundi frestað.

Mánudaginn 23. nóv., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið.

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., og Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., voru nú komnir til þings.

Sigurður Ingimundarson undirritaði í upphafi fundar drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (GíslJ): Mér hafa borizt 4 kjörbréf, er þarf að rannsaka á þessum fundi. Það eru kjörbréf Benedikts Gröndals, sem er í 2. kjördeild, kjörbréf Gunnars Gíslasonar, sem er í 3. kjördeild, Jóhanns Hafsteins, sem er í 1. kjördeild, og Jónasar G. Rafnars, sem er í 3. kjördeild.

Ég vildi biðja framsögumenn kjördeildanna, fyrst frsm. 1. kjörd., hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, um að kalla þá kjördeild saman og taka þar til athugunar kjörbréf Jónasar G. Rafnars og Gunnars Gíslasonar, hv. 5. landsk. þm., Friðjón Skarphéðinsson, sem er frsm. 3. kjörd., að taka til athugunar kjörbréf Benedikts Gröndals og hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, sem var frsm. 2. kjörd., að taka til athugunar kjörbréf Jóhanns Hafsteins.

Ég hef einnig fengið hér undirskrift undir eiðstaf frá Sigurði Ingimundarsyni, sem hafði ekki undirritað eiðstafinn á síðasta fundi, og ég vil leyfa mér að bjóða hann velkominn til þings. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. kjördeildar (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þegar 1. kjördeild hélt

síðasta fund sinn, voru 2 af þeim þm., sem áttu kjörbréf sín í 1. kjördeild til athugunar, ekki komnir til þings, og kjörbréf þeirra lágu ekki fyrir. Þessi kjörbréf, sem lágu ekki fyrir þá, voru kjörbréf Gunnars Gíslasonar, 2. þm. Norðurl. v., og kjörbréf Jónasar G. Rafnars, 2. þm. Norðurl. e. Þessi bréf lágu fyrir á þeim fundi, sem 1. kjördeild hélt núna rétt áðan. Bréfin voru athuguð og ekkert við þau að athuga frá sjónarmiði 1. kjördeildar, sem leggur til einróma, að þau verði samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Magnús Jónsson): Herra forseti. 2. kjördeild fékk til meðferðar nú kjörbréf Jóhanns Hafsteins, en kjörbréf hans lá ekki fyrir hér í upphafi fundar, svo sem áður hefur verið skýrt frá. Kjörd. hefur athugað kjörbréfið, og hann hefur samkv. því verið kjörinn 5. þm. Reykv. Kjörbréfið er með lögformlegum hætti, og telur kjörd. ekkert við það að athuga og leggur til, að það verði tekið gilt.

Frsm. 3. kjördeildar (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf hv. 5. þm. Vesturl., Benedikts Gröndals, sem nú hefur borizt. Hún leggur einróma til, að það verði tekið gilt.

ATKVGR.
Till. kjördeildanna samþ. með 53 shlj. atkv.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut
Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.,
með 33 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 17 atkv. og Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., 10 atkv.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var
Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.,
með 33 atkv. — Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., fékk 17 atkv. og Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm., 10 atkv.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu
Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.,
með 33 atkv. — Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., fékk 17 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var MÁM, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og
Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Einar Ingimundarson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

Kosning til efri deildar.

Loks var tekin til meðferðar kosning 20 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram fjórir listar. Á A-lista voru FS, EggÞ, JÞ; á B-lista HermJ, KK, SE, ÁB, ÓlJ, PÞ; á C-lista AGl, BjörnJ, FRV; á D-lista AuA, GTh, JÁ, BGuðm, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörin án atkvgr.:
Auður Auðuns,
Hermann Jónasson,
Gunnar Thoroddsen,
Alfreð Gíslason læknir,
Friðjón Skarphéðinsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Árnason,
Bjartmar Guðmundsson,
Sigurvin Einarsson,
Björn Jónsson,
Kjartan J. Jóhannsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Ásgeir Bjarnason,
Magnús Jónsson,
Ólafur Björnsson,
Ólafur Jóhannesson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jón Þorsteinsson,
Páll Þorsteinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 24. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Magnús Jónsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Karl Guðjónsson (C),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jón Árnason (A),
Birgir Finnsson (A),
Garðar Halldórsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Hermann Jónasson (B),
Gísli Jónsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Emil Jónsson (A).

Varamenn:
Ólafur Thors (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Gunnar Thoroddsen (A),
Einar Olgeirsson (C),
Gísli Guðmundsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.
Gísli Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C),
Björn Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
7. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
8. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Þorsteinsson, 5. þm. Austf., og Sigurð Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl., með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 5 atkv., Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., 3 atkv., en 1 seðill var ógildur.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv., með 11 atkv. — Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hlaut 6 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf., með 11 atkv. — Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., fékk 6 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og **Karl Kristjánsson,** 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Ólafur Björnsson,
6. — — Jón Þorsteinsson,
7. — — Ólafur Jóhannesson,
8. — — Björn Jónsson,
9. — — Jón Árnason,
10. — — Auður Auðuns,
11. — — Sigurvin Einarsson,
12. — — Magnús Jónsson,
13. — — Finnbogi R. Valdimarsson,
14. — — Ásgeir Bjarnason,
15. — — Páll Þorsteinsson,
16. — — Alfreð Gíslason læknir,
17. — — Kjartan J. Jóhannsson,
18. — — Friðjón Skarphéðinsson,
19. — — Eggert G. Þorsteinsson,
20. — — Hermann Jónasson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 25. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Magnús Jónsson (A),
Björn Jónsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Jón Árnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Björn Jónsson (B),
Eggert G. Þorsteinsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Eggert G. Þorsteinsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Auður Auðuns (A),
Alfreð Gíslason læknir (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (B),
Jón Þorsteinsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
5. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
6. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.
15. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
17. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
18. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
19. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
21. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
22. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
23. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
24. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
25. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
26. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
27. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
28. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
29. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
30. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
31. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
32. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
33. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
34. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
35. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
36. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
37. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
38. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
40. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Allir þdm. voru á fundi nema Jóhann Hafstein, en í hans stað var á fundinum Davíð Ólafsson, 5.(vara)þm. Reykv.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.,

með 22 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., fékk 11 atkv. og Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 7 atkv.

Hinn kjörni forseti var fjarstaddur, en í hans stað stjórnaði aldursforseti fundi áfram og lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 22 atkv. — Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., hlaut 11 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni varaforseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu annars varaforseta. Kosningu hlaut

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.,

með 21 atkv. — Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., fékk 11 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var AGb, á B-lista BFB. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm., og
Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið.

10. sæti hlaut Jón Skaftason,
11. — — Skúli Guðmundsson,
12. — — Sigurður Ágústsson,
13. — — Matthías Á. Mathiesen,
14. — — Lúðvík Jósefsson,
15. — — Þórarinn Þórarinsson,
16. — — Gísli Guðmundsson,
17. — — Gísli Jónsson,
18. — — Benedikt Gröndal,
19. — — Eysteinn Jónsson,
20. — — Pétur Sigurðsson,
21. — — Halldór Ásgrímsson,
22. — — Einar Ingimundarson,
23. — — Sigurður Ingimundarson,
24. — — Gunnar Gíslason,
25. — — Jónas Pétursson,
26. — — Birgir Finnsson,
27. — — Halldór E. Sigurðsson,
28. — — Einar Olgeirsson,

29. sæti hlaut Eðvarð Sigurðsson,
30. — — Hannibal Valdimarsson,
31. — — Garðar Halldórsson,
32. — — Jónas G. Rafnar,
33. — — Ragnhildur Helgadóttir,
34. — — Guðlaugur Gíslason,
35. — — Karl Guðjónsson,
36. — — Ágúst Þorvaldsson,
37. — — Geir Gunnarsson,
38. — — Gunnar Jóhannsson,
39. — — Björn Pálsson,
40. — — Birgir Kjaran.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 25. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Birgir Kjaran (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Einar Olgeirsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Björn Pálsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Birgir Finnsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Birgir Finnsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Benedikt Gröndal (A),
Geir Gunnarsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1960 (stjfrv.).

Á 3. fundi í Ed., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960 [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í yfirlýsingu þeirri, sem hæstv. forsrh. gaf á Alþingi hinn 20. nóv., segir svo: „Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. till. um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á." Það er ljóst, að þessar athuganir taka nokkurn tíma, en fjárlög eru að sjálfsögðu svo nátengd þessum efnahagsráðstöfunum, að þar verður ekki sundur skilið. Það er því sýnt, að útilokað er að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og verður því að fara þá leið, sem alloft hefur verið farin áður, að fá heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1960. Þess vegna er frv. þetta fram borið, og er efni þess það, að til febrúarloka 1960 sé ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga 1959 öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákvæðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

Þetta frv. er að efni og orðalagi samhljóða þeim frumvörpum, sem áður hafa verið borin fram og samþykkt, þegar líkt hefur staðið á.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 29 og 35, 32).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nefndarálit meiri hl. fjhn. á þskj. 29 ber með sér, varð nefndin ekki sammála um afstöðu sína til þessa frv. Þrír nefndarmanna mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en 2 nefndarmanna töldu sig ekki reiðubúna þá til að taka afstöðu til málsins.

Svo sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, er hann lagði frv. fyrir hv. d., er hér um að ræða heimild fyrir ríkisstj. til greiðslna úr ríkissjóði til febrúarloka 1960 samkv. fjárlögum ársins 1959, og er talið nauðsynlegt að fá þessa heimild, þar eð ljóst er, að fjárlög verða ekki afgr. fyrir árslok n. k. Meiri hl. n. taldi augljóst, miðað við allar aðstæður, að fjárlög yrðu ekki afgr. fyrir áramót og væri því hér ekki um að ræða annað en eðlilega ráðstöfun, sem aldrei hefur mætt andstöðu á þingi, að veita heimild til venjulegra fjárgreiðslna úr ríkissjóði, þar til ætla mætti, að fjárlög væru afgr.

Þeir hv. nm., sem ekki töldu sig, er afgreiðslu málsins í n. lauk, reiðubúna til að taka afstöðu til þess, hafa síðar skilað nál., sem ég á þessu stigi mun ekki gera að umtalsefni, fyrr en fyrir því hefur verið mælt. En það er sem sagt till. meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. er nýbúinn að segja, að það má heita gefinn hlutur, að Alþ., sem kemur ekki saman til funda fyrr en 20. nóv., endist ekki tími til að ganga frá fjárlögum fyrir áramót, svo mikið starf og tímafrekt er það að ganga frá fjárlögum á ári hverju. Það er því ekkert undarlegt við það, þó að þetta Alþ., sem er að hefja störf svo síðla árs, þurfi að heimila bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði fyrstu tvo mánuði næsta árs. Mér hefði þess vegna ekki dottið í hug að blaka hendi við því frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., né andmæla því einu orði, ef ekki væru draugar í fylgd með því. Þeir draugar eru þingfrestun og fylgifiskar hennar. Við 1. umr. létu þessir draugar ekki á sér bæra, og þess vegna mælti heldur enginn á móti frv. eða sysfurfrv. þess hér í þessari hv. d. En í fjhn. kom strax í ljós, að afgreiða átti í flýti, — það átti að framkvæma afgreiðsluna með eldflaugarhraða, ef svo mætti að orði komast, — til þess að ríkisstj. gæti strax losað sig við þingið. Í nefndinni fékkst málinu með engu móti frestað, þar til í ljós kæmi, hvort samningar tækjust milli hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar um eðlilegt

þinghlé, en um það hafði hæstv. forsrh. gert ráð fyrir að láta form. stjórnarandstöðunnar vita um hádegi á laugardag. Meiri hl. í n. neitaði að láta afgreiðslu n. bíða þar til um hádegi á laugardaginn. Þetta hefur líka verið viðurkennt af ræðumönnum úr meiri hl. n., sem hér hafa talað í sambandi við annað mál. En ávöxtur þeirrar neitunar meiri hl. voru þingfundirnir á laugardaginn, sem þokuðu ekki málunum áfram um hænufet, að heitið gat. Ætti hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar að vera nokkur bending um það í þessu, að henni mun illa takast að beita minni hl. ofbeldi við afgreiðslu mála, enda hlýtur ofbeldið jafnan að hefna sín, ef það kemur fram í slíkri mynd og hér hefur fram komið.

Hæstv. fjmrh. reyndi að klóra í bakkann með ýmsu móti á laugardaginn, og það hafa í raun og veru hæstv. meirihlutamenn fjhn. líka reynt að gera, en tekizt miður vel, eins og er að vænta, því að það er ofvaxið hverjum manni. M. a. gerði hæstv. ráðh. mér upp að hafa haldið því fram, að framlengingarfrumvörpin væru ótímabær, og vildi hrekja með því, að stundum áður hefðu þau komið fram ekki síðar á ári. Þetta var hin ómerkilegasta rökblekking, vandræðaleg og bágborin í alla staði og ekki hæstv. ráðh. samboðin, sem venjulega kann góð skil á rökum.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) svaraði þessu mjög rækilega á laugardaginn, svo að ég lét niður falla að taka til máls um það þá. Ég hafði vitanlega talað um, hve snemma á starfstíma þingsins frumvörpin eru fram lögð, og þann óhæfilega hraða í afgreiðslu, sem á hér að viðhafa, og taldi þann hraða ótímabæran. Ég fullyrði, að aldrei hafa þessi frv., sem stjórnarflokkarnir kalla „gamla kunningja" og það með nokkrum rétti, verið lögð fram eftir svo skamma setu þings né afgreidd í þeim tilgangi að senda heim þing, sem er nýkomið saman og hefur ekki lokið fyrsta áfanga verka sinna. En það kalla ég tilheyra fyrsta áfanga sjálfsagðra verka, að fjárl. séu tekin til umr. og vísað til n. Þetta hefur ekki enn verið gert. Enn fremur tel ég það tilheyra fyrsta áfanga, að þingmönnum gefist sæmilegt tóm til að ganga frá og leggja fram tillögur og frumvörp, og þeim till. og frv. sé komið í nefndir og nefndirnar geti sent þau til umsagnar þeim aðilum, sem rétt þykir og nauðsynlegt að fá umsagnir frá, svo sem tíðkast mjög og er eðlilegt að tíðkist hér á hæstv. Alþingi.

Það eru mjög slæm vinnubrögð, að þinghlé sé strax tekið. Mörg mjög þýðingarmikil mál hafa þegar verið fram lögð á þinginu, og undarlegt væri, ef hinir mörgu nýju þm. væru ekki með till. í smíðum. Allir munu þeir á þingmálafundum a. m. k. þótzt hafa slík mál í höfðinu og talið sig búa yfir nýmælum, ef þeir fengju tækifæri til að koma þeim á framfæri á Alþingi. Ég kalla það harða meðferð á slíkum mönnum að reka þá heim, ekki sízt harða meðferð á stuðningsmönnum stjórnarinnar í því sambandi að reka þá heim með till. þeirra í burðarliðnum.

Að fresta þinginu strax væri, eins og tekið hefur verið fram, fullkomin óvirðing við þingræðið. Nú er sú lengi þráða stund upprunnin, sem stjórnarflokkarnir töluðu um í sambandi við stjórnarskrárbreytinguna á sumarþinginu, að þing hefur verið kjörið eftir reglum, sem þeir sögðu að ættu að tryggja það, að þingið yrði „starfhæft". Nú á að senda þetta „starfhæfa" þing heim, og svo mikill virðist áhuginn fyrir því hjá hæstv. ríkisstj. að fjarlægja þingið strax — til þess að fá frið fyrir því og það í raun og veru frið til að bíða, eins og sagt var hér áðan í ræðu, eftir niðurstöðum rannsóknar sérfróðra manna, er hæstv. ríkisstjórn hefur fengið til að fjalla um undirbúning efnahagsmála, — frið til að bíða. Það er svo mikil áherzla lögð á þetta. Það á svo mikinn hraða við að hafa, að manni getur jafnvel dottið í hug, að ef hæstv. ríkisstj. hefði haft ráð á öflugum „spútnik", þá hefði hún reynt að skjóta þinginu til tunglsins í eitt skipti fyrir öll.

A. m. k. er hér um að ræða tilraun til skerðingar á þingræðinu, mjög athugaverða byrjun á skerðingu þingræðis, sem gæti boðað meira.

Á bak við það að vilja losna við þingið getur sá tilgangur legið að stjórna með brbl. Bent hefur verið í því sambandi á brbl. um búvöruverðið, sem vitanlega hefði verið skylt að leggja strax fyrir þingið, þegar það kom saman, og er engin fjarstæða að ætla, að láta eigi það mál drukkna í þinghléinu, enda sinn gildistíma og verða úr sögunni.

En svo kemur fleira til greina í sambandi við þetta þinghlé og þann frið, sem hæstv. stjórn vill skapa sér með því. Það kemur til greina, ef um ofstjórnarhug er að ræða, að verði þinginu frestað núna til seinustu daga janúar, þá er búinn sá réttur þm., sem þeir hafa til að leggja fram frumvörp án leyfis meiri hl. Eftir þann tíma verður þm. ekki frjálst að flytja og fá tekin til umr. ný frv., eins og 19. gr. í þingsköpunum tekur skýrt fram. Þá verður minni hlutinn að eiga það undir meiri hl., hvort hann fær að koma till. sínum til umr., hvað þá meir. Ég segi ekki, að þetta sé tilgangurinn, — ég segi það alls ekki, — en það gæti verið tilgangurinn, og svo kuldaleg er framkoma hæstv. stjórnarflokka í sambandi við till. um heimrekstur þingmannanna, að maður getur vel látið sér detta ýmislegt í hug.

Nú ætti að vera „starfhæft" þing að dómi stjórnarinnar og þing, sem er í samræmi við þjóðarviljann samkv. kenningum stjórnarflokkanna, — nú ætti það að vera. En þó að stjórnarflokkarnir hafi meiri hluta á þingi og meiri hluta af atkvæðamagni að baki sér meðal þjóðarinnar, þá er sá meiri hluti þó ekki allur þjóðarviljinn. Og víst eru þau málefni, sem fyrir þessu þingi liggja, svo erfið viðfangs og vandleyst, að ekki mundi af því veita að reyna að fá fram samstöðu í þinginu um úrlausnir. En það er síður en svo, að til slíkrar samstöðu sé stofnað nú með þeirri till., sem fyrir liggur um frestun þings og upphafning þingfunda. Og því er það svo, að þó að hver mað-

ur geti séð, að fjárl. geti ekki orðið afgr. á þessu ári, þá er eðlilegt, að snúizt sé gegn þeim frumvörpum, sem gera stjórninni kleift að fresta þinginu strax.

Það er eins og hæstv. stjórnarstuðningsmenn, sem hafa hér talað, vilji líta svo á, að það eigi ekki að ræða þingfrestunina og frv. þau, sem fyrir þessari hv. d. liggja, saman. Hv. 9. landsk. (JÞ) fór nokkuð sterkum orðum um það, að slíkt væri fjarstæða, það væri hægt að veita þessar heimildir, sjálfsagt að veita þessar heimildir, þótt menn væru andstæðir þingfrestun. En ástandið er þannig, að framlenging þeirra laga, sem hér eru í frumvarpsformi, og heimildir til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1960 eru eins og lykill að samþykkt þinghlésins, lykill handa ríkisstj. Og ég hugsa, að ef t. d. 9. landsk. hefði lykil í hendi að einhverju húsi, — lykil, sem hann að visu teldi sjálfsagt að afhenda einhverjum tilteknum manni, sem bæði um það, þá mundi hann þó hika við það, ef hann vissi, að þessi maður ætlaði, ef hann fengi lykilinn strax, að nota hann til þess að komast inn í húsið og vinna þar skemmdarverk, — hann mundi draga það, þangað til sá tími væri liðinn, sem maðurinn gæti haft not af því að komast í húsið til þeirra hluta.

Við, sem vorum í minni hl. hv. fjhn., höfum skilað áliti, sem útbýtt var í dag, og gerum þar grein fyrir afstöðu okkar, sem byggist einmitt á þessu, að afhenda ekki lykilinn, meðan til þess getur komið, að skemmdarverk verði unnin með honum á þinginu. Og við munum einmitt þess vegna greiða atkvæði, eins og við tökum fram, á móti þessu frv. nú. Við teljum, að þó að aðrir hv. þdm. tækju þessa afstöðu með okkur og meiri hl. felldi frv., þá væri aðeins þarft verk unnið, vegna þess að þingfrestunin er óþurftarverk, og það er hægt síðar að bera fram framlengingarfrv., þótt þetta falli, — framlengingarfrv. á hæfilegum tíma. Og ég mundi fyrir mitt leyti greiða slíku frv. sem þessu atkvæði, ef það væri borið fram á hæfilegum tíma. En að þessu sinni mun ég greiða atkvæði á móti því, af því að það er ótímabært, og hvet aðra til að gera hið sama.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) að bera fram brtt. við það frv., sem hér er til umr., og vil ég gera nokkra frekari grein fyrir þeirri brtt.

Það er nokkurn veginn ljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlar nú á óvenjulegan hátt að fresta fundum Alþingis af einhverjum annarlegum ástæðum, sem hafa ekki þegar fengizt upplýstar. Hinir nýkjörnu hv. þm. eru að dómi hæstv. ríkisstj. og hennar aðstandenda eða stuðningsflokka kjörnir eftir miklu réttlátari leiðum en nokkru sinni hefur áður þekkzt við kosningar í landi voru, eftir því sem prédikað hefur verið á undanförnum mánuðum. Og þetta Alþingi er að þeirra hinna sömu manna dómi einnig talið gefa miklu réttari mynd af þjóðarviljanum en nokkurt Alþingi, er saman hefur komið til þessa, að því er mér hefur skilizt. En undarlegir hlutir hafa skeð. Nú vill hæstv. ríkisstj. keppast við að senda þetta réttláta þing heim og gefa því frí frá störfum, og það er nokkurn veginn sama og hæstv. ríkisstj. segði: Mig varðar ekkert um þjóðarviljann. Ég geri eingöngu það, sem mér sýnist.

Það hefur margt skeð einkennilegt í stjórnmálum á þessu ári, og hæstv. fyrrv. ríkisstj. gaf út hin svokölluðu brbl. um landbúnaðarverðið þann 19. sept. s. l., og vil ég gera nokkra grein fyrir þeim lögum, til þess að menn geti áttað sig á því, hvernig þau í raun og veru eru. Þar segir í úrskurði forseta Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágreinings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbrh. hefur enn fremur tjáð mér, að til þess að tryggja efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í landinu, þangað til Alþingi getur fjallað um þessi mál að afstöðnum kosningum þeim, sem fram eiga að fara 25. og 26. okt. n. k., og meðan kaupgjald í landinu helzt óbreytt, sé nauðsynlegt, að verð landbúnaðarafurða hækki ekki. Fyrir því eru hér með sett brbl., samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr. Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959 samkv. auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febr. 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. sept. til 15. des. 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. sept. 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. des. 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkv. auglýsinguu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febr. 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. sept. 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling á sér stað og til 15. des. 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. sept. 1958, samkv. auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. sept. 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. sept. til 15. des. 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum hærra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr. Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að kr. 500 000,00, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og ég las upp áðan og fram kemur í

úrskurði frá forseta Íslands, þá segir, að Alþingi hið nýja, sem saman komi eftir kosningarnar 25. og 26. okt., skuli fjalla um þessi mál. En enn þá hefur ekki bólað nokkurn hlut á þessari löggjöf og hún ekki verið lögð fyrir Alþingi. Það er því mjög trúlegt, að þingmönnum gefist ekki kostur þess að segja sitt álit um þessi lög nú fyrir þingfrestun, sem þegar virðist ákveðin. Það er því eitt af því, sem mælir með því, að sú brtt., sem ég flyt hér, sé lögð fram og þingmönnum gefist kostur á þann hátt að taka afstöðu til málsins. En svo segir í lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með leyfi hæstv. forseta, það er 4. gr. eða II. kafli, um verðskráningu:

„Söluverð á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. — Hagstofu Íslands er skylt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma.

5. gr. Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur. — Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. — Verði samkomulag með öllum nm., er það bindandi. — Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. — Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálið. — Ákvæðin um yfirnefnd gilda, á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.

6. gr. Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 1. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn. Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvellinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endurskoðun verði látin fara fram, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr., og skal henni lokið svo tímanlega, að söluverð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár. — Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara eða vísitölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar, sbr. 5. gr., og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann útreikning. — Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma."

Frá því að þessi lög öðluðust gildi árið 1947, hefur verðskráning farið fram samkv. þeim, og hafi ekki náðst samkomulag, þá hefur gerðardómur skorið úr, en það hefur komið fyrir einstaka sinnum. Stundum hefur hvorugur samningsaðila kært sig um að segja upp samningum, og hefur þá gamli grundvöllurinn gilt áfram með þeim breytingum einum, sem orðið hafa út frá útreikningi hagstofunnar samkvæmt breytingum á verðlagi almennt í landinu.

Árið 1958 sögðu samningsaðilar upp verðlagsgrundvelli þeim, sem gilti fyrir verðlagsárið 1958—59. Samkomulag náðist um verðlagsgrundvöllinn haustið 1958, en um þann grundvöll segir formaður Stéttarsambands bænda, Sverrir Gíslason, í búnaðarblaðinu Frey fyrir októbermánuð árið 1958, með leyfi hæstv. forseta, — þ. e. þegar verið var að ræða um grundvöllinn og verðákvörðunina:

„Á fyrstu fundum nefndarinnar lagði hagstofustjóri, Klemenz Tryggvason, fram verðlagsgrundvöll fyrra árs með þeim verðbreytingum, sem orðið höfðu á verðlagsárinu, frá 1. sept. 1957 til 1. sept. 1958, og hafði verðlagsgrundvöllurinn þá hækkað um 10.535%. Þá var og lögð fram skýrsla um tekjur hinna annarra vinnandi stétta. Skýrslan ber með sér, að tekjur hafa aðeins lækkað í Reykjavík, en hækkað í kaupstöðum og kauptúnum um 5.3—7.8%. Hagstofustjóri lagði og fram skýrslu um fjórar mismunandi stærðir búa, fundna eftir sömu reglu og 1957, þ. e. um framleiðslu og tilkostnað hjá búum af ákveðinni stærð, í 20 hreppum á mjólkurframleiðslusvæðum frá 768 bændum og 20 hreppum á kjötframleiðslusvæðum frá 595 bændum. Skýrslnanna verður nánar getið síðar.

Eftir gildistöku laga um útflutningssjóð o. fl. var verð mjólkur hækkað um rúma 11 aura til bóndans, og var það afleiðing af 5% kauphækkuninni, og rúma 8 aura fyrir auknum kostnaði, eða um 20 aura alls, til þess að mæta þeim kostnaði, sem leiddi af 5% kauphækkunum verkamanna, sem lögin heimiluðu.

Þegar samningar hófust um verðlagsgrundvöllinn, höfðu ýmsar stéttir verkamanna fengið kauphækkanir umfram þá 5% launahækkun, sem lögin um útflutningssjóð gerðu ráð fyrir. Var sú hækkun víðast hvar um 6%. Það var því fyrsta krafa fulltrúa framleiðenda, að kaupliður verðlagsgrundvallarins fengi þessa hækkun. Fulltrúar neytenda buðu hins vegar upp á 6% hækkun á tekjum bóndans og vildu um leið hækka kjötþungann á kind í 15 kg úr 14.40 kg á kind. Fulltrúar framleiðenda gerðu þá kröfu til þess, að fyrning véla væri

hækkuð, að vextir hækkuðu og að kaupliðurinn allur hækkaði um 6%. Að lokum varð það að samkomulagi, að kaupliður verðlagsgrundvallarins hækkaði um 6% auk þeirra 5%, sem áður getur, og að kjötmagnið væri aukið úr 14.4 kg á fóðraða kind í 14.68, en það er þriggja ára meðaltalskjötþungi. Hafði þá verðlagsgrundvöllurinn hækkað um rúm 13%.“

Eins og þegar hefur verið lýst og ég hef lesið, var samkomulag um verðlagsgrundvöllinn haustið 1958, og fór því verðskráning fram samkv. þeim hækkunum, sem áður greinir þar. En nokkru eftir að samningar höfðu tekizt um verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, hófust samningar við þau verkalýðsfélög í landinu, sem höfðu sagt upp samningum og áttu þá ósamið um kaup sitt. Og samkv. þeim samningum fengu t. d. Dagsbrúnarverkamenn í Reykjavík 9.5% hækkun, en í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins var reiknað með, að þeir fengju aðeins 6% kauphækkun, svo að þarna skapaðist ósamræmi um 3.5%, sem þeir, er landbúnað stunduðu, *fengu minna í kaup fyrir* vinnu sína en hinir, sem aðra vinnu stunduðu í landinu.

Síðan leið nokkur tími, og ný ríkisstj. tók til starfa á degi heilags Þorláks fyrir tæpu ári. Þetta var minnihlutastjórn Alþfl., sem í öllum aðalmálum naut trausts, virðingar og ráðleggínga stærsta þingflokksins, Sjálfstfl. Þessi ríkisstj. boðaði einkum þrjú mál, sem hún taldi þjóðarnauðsyn að leysa fljótt af hendi, en þau voru: 1) að breyta kjördæmaskipun landsins, 2) að afgreiða hallalaus fjárlög og 3) að stöðva dýrtíðina í landinu.

Eitt af þessum þremur málum stóð hæstv. ríkisstj. við, og það var kjördæmabreytingin. En sannar fregnir hafa ekki enn þá fengizt, hvernig hin málin kunna að standa, þar sem engar upplýsingar hafa verið gefnar um þau, síðan Alþingi kom saman, og er óverjandi að senda þingið heim, án þess að slík skýrsla verði lögð *fyrir Alþingi, eftir því sem hæstv. ríkisstj.* kann bezt að vita um þessi mál. En sannleikurinn er sá, að lengi verður þjóðin ekki dulin efndanna á þessum tveim loforðum hæstv. fyrrv. ríkisstj., og hljóta þau að koma í dagsins ljós, áður en margir mánuðir líða, þó að reynt verði að dylja þau í fyrstu.

Nokkru eftir að þessi hæstv. ríkisstj. Emils Jónssonar tók til starfa, lagði ríkisstj. fram frv. á Alþingi um niðurfærslu verðlags, launa o. fl. Í sambandi við þá löggjöf fóru fram viðræður um verðlagsmál landbúnaðarins á milli framleiðsluráðsins og ríkisstj., og í grein, sem formaður Stéttarsambands bænda ritaði í aprílmánuði s. l., segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta, um þessi efni, — greinin skýrir þessar viðræður mjög vel:

„Framleiðsluráðsmenn töldu sig ekki hafa ástæðu til þess að bregða fæti fyrir þessa ráðstöfun ríkisstj., en bentu á, hvort ekki væri hægt að dreifa niðurgreiðslum á fleiri vöruflokka, og þá sérstaklega að athuga frekari möguleika á niðurgreiðslu á smjöri, sem væri dýr vara og óseljanleg úr landi. Þá lét ríkisstj. þess getið, að hún hefði fyrirhugað frekari aðgerðir í dýrtíðarmálunum, sem mundu koma landbúnaðinum við, þær lækkanir, sem mundu þýða 5.4% lækkun á kaupgjaldslið verðlagsgrundvallarins. Þýðir það 3.3% lækkun á verðlagsgrundvellinum í heild. Framleiðsluráðsmenn bentu þegar á það, að við síðustu samninga um verðlagsgrundvöllinn, s. l. haust, hefði verið búizt við, að Dagsbrúnarverkamenn, sem þá áttu ósamið um kaup, mundu fá 6% kauphækkun, og var því samið um þá hækkun á kaupgjaldslið verðlagsgrundvallarins, en endirinn var sá, að Dagsbrúnarverkamaðurinn fékk 9.5% hækkun. Það var því fyrsta krafa framleiðsluráðsmanna, að kaupliðurinn yrði hækkaður um 3.5%, svo að jöfnuður yrði á kaupi bænda og verkamanna. Að því loknu mundi framleiðsluráðið geta samþykkt samsvarandi lækkun á kaupgjaldsliðnum og kaupgjaldslækkun verkamanna.

Í sambandi við umr. um kaupgjaldsliðinn var rætt um að verðleggja landbúnaðarvörur oftar á ári eftir breytingum á vísitölu, t. d. *þrisvar sinnum. Bændur og forsvarsmenn* þeirra höfðu oft fundið til þess og enda kvartað undan því, að það væri ekki við það unandi, að þegar öll laun hækkuðu á þriggja mánaða fresti, eins og stundum hafði átt sér stað, þá stæðu laun bænda í stað. Enn fremur ræddu fulltrúar framleiðsluráðs um það, að þegar grunnkaupshækkanir ættu sér stað, ef til vill á miðju ári, yrðu bændur að bíða þeirrar hækkunar oft og tíðum í fleiri mánuði. Um þessi þrjú atriði urðu nokkrar umræður þá þegar við ríkisstj., og kom þá strax í ljós, að talin voru öll tormerki á að umreikna vinnuliðinn, en hins vegar mundi ríkisstj. fús til þess að athuga verðlagningu oftar á árí, enda hliðstæð ákvæði komin inn í samninga bátasjómanna og útgerðarmanna.

Framleiðsluráð tók mál þetta til meðferðar á allmörgum fundum á tímabilinu frá 10.—30. janúar.

Þegar framleiðsluráðið hafði fengið frv. ríkisstj. til athugunar, þar sem m. a. var gert ráð fyrir lækkun á kaupgjaldslið verðlagsgrundvallarins, sem mundi nema um 5.4%, kom framleiðsluráð sér saman um að gera kröfu til þess, að þær breytingar yrðu gerðar á frv., sem felast í eftirfarandi ályktun í þrem liðum:

Framleiðsluráðið hefur enn tekið til athugunar frv. ríkisstj. um niðurfærslu verðlags, launa o. fl. Eru það einkum eftirfarandi atriði, sem ráðið vill benda ríkisstj. og Alþingi á og það óskar að fáist leiðrétt á frv.:

1) Áður en ákveðin er niðurfærsla á verði landbúnaðarafurða, verði reiknað með þeirri grunnkaupshækkun, sem varð á hinu almenna verkamannakaupi í Reykjavík á s. l. hausti umfram það, sem gert var ráð fyrir í verðlagsgrundvellinum, þ. e. 9.5% í stað 6% á launaliði grundvallarins, sem er um 2% á grundvellinum í heild.

2) Ef sú regla yrði látin gilda yfirleitt, að kaupgjald og afurðaverð (sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir) breytist ekki vegna vísitölubreytinga, nema vísitalan hækki eða lækki um 2 stig eða meira í stað 5 stiga, gæti fram-

leiðsluráð fallizt á það fyrir sitt leyti, að öðrum kosti verði engar slíkar takmarkanir settar á breytingar afurðaverðs.

3) Breyta skuli verði landbúnaðarvara ársfjórðungslega til samræmis, ef breytingar eiga sér stað á grunnkaupi almennra verkamanna í Reykjavík.

Eru þessar ábendingar um breytingar í samræmi við viðtöl þau, sem framleiðsluráð og fulltrúar þess hafa átt við ríkisstj. að undanförnu. Þó skal á það bent, að því er varðar 2. tölulið, að í frv. er gert ráð fyrir útreikningi á vísitölu út frá öðrum grunni en framleiðsluráði var kunnugt um, þegar það ræddi við ríkisstj."

Nokkrir menn úr framleiðsluráði munu hafa rætt við ríkisstj. um þessar till., og að þeim viðræðum loknum voru till. sendar til fjhn. Nd. Afdrif till. á Alþingi urðu þau, að fyrsti liður þeirra var felldur í Nd. af stjórnarliðinu og Alþb., en hinir liðirnir báðir samþ. í aðalatriðum, og í Ed. féll fyrsti liðurinn með jöfnum atkv.

Það er ástæða til þess líka að skýra frekar frá þátttöku og áliti Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðsins í þessum málum og hvað framleiðsluráðið og stjórn Stéttarsambands bænda hafa lagt fyrir þá ríkisstj., sem að völdum sat þar til nú fyrir skömmu.

Þegar hið nýja vísitölukerfi öðlaðist gildi hinn 1. marz s. l., ritaði framleiðsluráðið ríkisstj. svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af því, að ríkisstj. hefur enn á ný ákveðið auknar niðurgreiðslur á kjöti og mjólk frá 1. marz n. k., vill framleiðsluráð taka fram, að það telur frá sjónarmiði framleiðenda mjög varhugavert, hve langt er gengið í tiltölulega einhliða niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum, er orðið geti landbúnaðinum hættulegt síðar, þegar að því kemur, að dregið yrði úr þeim að meira eða minna leyti, og það torveldað sölu varanna innanlands. Einnig bendir framleiðsluráðið á það, að með niðurgreiðslum, eins og þeim er fyrir komið, orsaka þær stórfellt misræmi á útsöluverði hinna ýmsu tegunda landbúnaðarvara, þ. e., að óniðurgreiddar vörur verða óeðlilega dýrar, svo sem stórgripakjöt, slátur, svið, egg o. fl., móts við kindakjöt, svo og ýmsar mjólkurvörur, t. d. ostur, þurrmjólk o. fl., samanborið við nýmjólk.

Framleiðsluráðið telur sér skylt að taka þetta fram og væntir þess jafnframt að mæta skilningi ríkisstj., ef vanda ber að höndum með sölu þeirra landbúnaðarvara, sem ekki eru greiddar niður.

Þá vill framleiðsluráðið benda á það, að hinar miklu niðurgreiðslur á kjöti og mjólk valda því, að útsöluverð þeirra vara er komið niður fyrir framleiðsluverðið, t. d. á mjólk um 84 aura á lítra, og verða því vörur þessar bændum almennt dýrari til neyzlu en öðrum landsmönnum, a. m. k. þar til endurskoðun á verðlagsgrundvellinum hefur farið fram."

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að þegar verið var að ræða frv. um niðurfærslu verðlags o. fl., þá lýsti frsm. meiri hl. fjhn. Nd., Jóhann Hafstein, yfir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til umræddrar hækkunar eiga bændur rétt, en ekki fyrr en á næsta hausti. Við sjálfstæðismenn styðjum heils hugar málstað bænda til jafns við aðrar stéttir. Þetta er verðhækkunin, sem bændur eiga tvímælalausan rétt til að óbreyttum lögum. Hins vegar mundi hún ekki koma inn í verðlagsgrundvöll þeirra fyrr en 1. sept. á þessu hausti."

En hvað var það, sem kom 1. sept.? Kom þessi lofaða hækkun á kaupgjaldslið bænda inn í verðlagsgrundvöllinn? Nei, það, sem kom í staðinn, voru brbl. hæstv. ríkisstj. og þeirrar stjórnar, sem Sjálfstfl. hafði heitið að firra vantrausti. Þarna stóðu sjálfstæðismenn sannarlega ekki við gefin fyrirheit.

Það var nokkurn veginn vitað á s. l. sumri, að breytingar mundu verða allmiklar eða nokkrar á verðlagi landbúnaðarafurða, og af þeim ástæðum flutti ég ásamt fleiri þm. þáltill. varðandi niðurgreiðslurnar á sumarþinginu í sumar sem leið. Þessi þáltill. hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að auka ekki niðurgreiðslur á aðalframleiðsluvörum landbúnaðarins nema hafa áður haft um það samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins og taka fullt tillit til tillagna þess."

Enn fremur segir í grg. fyrir þessari till.:

„Till. þessi til þál. er fram borin vegna þeirrar hættu, sem flutningsmönnum sýnist vera fyrir hendi, ef niðurgreiðslur væru auknar frá því, sem nú er, á landbúnaðarvörum. Eins og nú er komið þróun þessara niðurgreiðslumála, þá er útsöluverð landbúnaðarvara komið niður fyrir framleiðsluverð, t. d. á mjólk um 84 aura á mjólkurlítra og á dilkakjöti um rúmar 4 kr. á kg, miðað við heildsöluverð. Eru vörur þessar nú þegar orðnar framleiðendum almennt dýrari til neyzlu en öðrum landsmönnum, og hinar miklu niðurgreiðslur hafa því skert tekjur bænda frá því, sem var gert ráð fyrir við verðlagningu á s. l. hausti. Þá hefur þessi þróun valdið stórfelldu misræmi á útsöluverði hinna ýmsu tegunda landbúnaðarvara. Það verður að teljast frá sjónarmiði framleiðenda mjög varhugavert, hve langt er gengið í tiltölulega einhliða niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum, er orðið getur landbúnaðinum hættulegt síðar, þegar að því kemur, að dregið yrði úr þeim að meira eða minna leyti, og þá torveldað söluna innanlands.

Þegar niðurgreiðslur voru stórkostlega auknar á s. l. vetri, voru þær m. a. rökstuddar með því, að neyzla niðurgreiðsluvaranna mundi mjög aukast. Allt bendir hins vegar til þess nú, að svo hafi ekki orðið.

Stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins eru fulltrúar bænda í þessum málum, og fer þáltill. þessi fram á, að ríkisstj. geri ekkert í verðlagsmálum landbúnaðarins óðruvísi en að taka fullt tillit til vilja þessara aðila."

Umr. um þessa till. fóru fram eina kvöldstund og var þá langt frá því lokið. En það kom greinilega í ljós eftir málflutningi þáv.

hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, að ríkisstj. vildi hafa algerlega óbundnar hendur með niðurgreiðslur og verðlagsmál landbúnaðarins yfirleitt. Þetta kom berlega í ljós. Og áfram leið tíminn. Þegar aðalfundur Stéttarsambands bænda var haldinn í Bjarkarlundi dagana 7. og 8. sept. s. l., var upplýst, að viðræður væru hafnar milli samningsaðila um verðlagsgrundvöll landbúnaðarins. En þessum grundvelli hafði verið sagt upp á tilskildum tíma s. l. vetur, enda mátti þá sannarlega segja, að ýmsar blikur væru á lofti í verðlags- og kaupgjaldsmálum landsmanna almennt. En aðalfundurinn, sem haldinn var að Bjarkarlundi, gerði eftirfarandi ályktun almennt um verðlagsmál landbúnaðarins og út frá þeim viðhorfum, sem þá var vitað um í þeim málum, og hljóða þessar ályktanir eða tillögur stéttarsambandsfundarins á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Bjarkarlundi 7. og 8. sept. 1959, leggur áherzlu á, að stjórn sambandsins fylgi eftir kröfu verðlagsnefndar um hækkun á verðlagsgrundvellinum 1959—60 til samræmis við hækkun á ýmsum liðum rekstrarkostnaðar og hækkað grunnkaup frá samningu fyrra verðlagsgrundvallar. Fundurinn gerir kröfu til þess, að til viðbótar þessu verði viðhaldskostnaður véla hækkaður í verðlagsgrundvellinum, þar sem vélum fjölgar árlega og vélar verða miklu viðhaldsfrekari, eftir því sem þær eldast. Þá telur fundurinn óhjákvæmilegt, að bændur fái leiðréttingu vegna þess, að niðurgreiðsla ríkissjóðs á verði landbúnaðarvara er komin niður fyrir grundvallarverð. Mismunur þessi, miðað við neyzlu þá á þessum vörum, sem tekin er í vísitölu framfærslukostnaðar, verði talinn bændum til frádráttar tekjum við gerð grundvallarins. Einnig telur fundurinn nauðsyn á, að aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum verði hækkuð með tilliti til þess, að fjölskylduvinna er oft vantalin í útgjöldum búsins, og nú er viðurkennt í skattalögum, að húsfreyjan eigi rétt á kaupi vegna framleiðslustarfa í þágu búsins."

Þessar till. voru samþ. með atkv. allra fundarmanna, sem þarna voru, og hygg ég, að þar hafi allir verið mættir, sem lög stóðu til.

Nú biðu menn þess með eftirvæntingu að vita, hver niðurstaða verðlagsmála yrði á s. l. hausti, enda ræddust samningsaðilar við þar til 17. sept., að samtök þau, sem standa að tilnefningu fulltrúa neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, stjórnir eftirgreindra aðila: Alþýðusambands Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur og Landssambands iðnaðarmanna, lögðu fyrir fulltrúa þessara samtaka að taka ekki þátt í frekari samningum að svo stöddu. Fulltrúar neytenda sögðu sig úr verðlagsnefndinni, vildu ekki taka þátt þar í frekari störfum. Bréf frá þessum aðilum ásamt grg. fyrir því, að þeir vildu ekki taka þátt í frekari störfum, var birt í blöðum þann 17. sept. og var undirritað af hálfu Alþýðusambands Íslands af Óskari Hallgrímssyni, fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur af Sigfúsi Bjarnasyni og fyrir hönd Landssambands iðnaðarmanna af Braga Hannessyni. En bréfið, sem þessi launþegasamtök sendu til ráðuneytisins, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Svo sem ráðuneytinu mun kunnugt, hefur um eins árs skeið verið uppi ágreiningur milli fulltrúa neytenda og fulltrúa framleiðenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða um valdsvið framleiðsluráðs landbúnaðarins. Málavextir eru í stuttu máli þeir, sem nú skal greina:

Eftir að verðlagsnefndin hafði á s. l. ári gengið frá verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða fyrir verðlagsárið 1/9 1958—31/8 1959, gerðist það, að framleiðsluráð landbúnaðarins bætti á heildsöluverð dilkakjöts í 1. verðflokki verðjöfnunargjaldi, kr. 0.85 pr. kg, til jöfnunar milli kjöts selds á innlendum markaði og þess kjöts, sem áætlað var að selja erlendis. Þessu mótmæltu fulltrúar neytenda sem óheimilu og kröfðust þess, að verðjöfnunargjald þetta yrði fellt niður. Þar sem framleiðsluráðið hafði mótmæli þessi að engu, höfðuðu fulltrúar neytenda í samráði við samtök þau, er að tilnefningu þeirra standa, mál á hendur framleiðsluráði landbúnaðarins með stefnu útgefinni 11/11 1958 og kröfðust þess, að viðurkennt yrði með dómi, að framleiðsluráðinu væri óheimilt að leggja umrætt verðjöfnunargjald á. Með dómi upp kveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 18. ágúst s. l. var framleiðsluráð sýknað af þessari kröfu. Fulltrúar neytenda ákváðu þegar í stað að áfrýja dómi þessum til hæstaréttar, og er málið þar nú til meðferðar. Samtök vor líta svo á, að með dómi þessum, ef staðfestur verður, sé grundvelli þeim, sem þátttaka fulltrúa neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur byggzt á, gersamlega burt svipt og að ókleift sé fyrir fulltrúa neytenda, meðan undirréttardómi þeim, er að framan getur, ekki er hrundið, að taka þátt í störfum verðlagsnefndarinnar. Vér höfum því í dag lagt fyrir fulltrúa vorn í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða að taka eigi frekari þátt í störfum n. að svo stöddu. Ákvörðun þessa munum vér taka til nýrrar yfirvegunar, þegar fyrir liggur niðurstaða hæstaréttar í umræddu máli."

Þannig hljóðaði grg. fulltrúa af hálfu neytenda til ráðuneytisins.

Ég vil geta þess til skýringar, að þessir umræddu 85 aurar, sem lagðir voru ofan á kjötverðið á innlendum markaði, voru aðeins tilfærsla á milli vörutegunda, þ. e. á milli kjöts og ullar, í verðlagsgrundvellinum og orsökuðu enga hækkun á útsöluverði kjöts, miðað við þá verðlagningaraðferð, sem notuð hafði verið áður og var látin óátalin af fulltrúum neytenda alltaf áður.

Þá skeður það, að tveim dögum síðar, þann 19. sept., gaf fyrrv. ríkisstj. út brbl., sem ég hef lýst hér áður. En daginn áður en þessi lög voru gefin út, sendi stjórn Stéttarsambands bænda forsrh., Emil Jónssyni, svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta, — bréfið er ritað 18. sept. 1959.

„Herra forsrh. Emil Jónsson, Reykjavík.

Eins og yður er kunnugt, hæstv. forsrh., hafa samtök verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna lagt fyrir fulltrúa sína í sexmannanefnd að hætta þar störfum. Þar með var ekki unnt að ljúka á löglegan hátt við samningu verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða, hvorki með samkomulagi né úrskurði yfirnefndar, sbr. 59. gr. laga nr. 94 frá 1947, þar sem neytendur fengust ekki til að tilnefna fulltrúa í hana. Stjórn Stéttarsambandsins og framleiðsluráð fóru þess á leit við ríkisstj., að hún skipaði mann í yfirnefndina, en á það hefur stjórnin ekki fallizt hingað til. Hins vegar mun hún hafa horfið að því ráði að gefa út brbl., er feli í sér, að verðlag á landbúnaðarvörum skuli standa óbreytt, þrátt fyrir það að útreikningar hagstofunnar sýni 3.18% hækkun frá síðasta verðlagsgrundvelli. Stjórn Stéttarsambandsins getur ekki unað þessum ráðstöfunum ríkisstj. og krefst þess enn á ný, að hún hlutist til um, að yfirnefndin verði fullskipuð, til þess að hægt sé að byggja upp verðlagsgrundvöllinn á löglegan hátt og verðleggja búvörur samkvæmt honum. Á það skal minnt, að fulltrúar bænda skildu ríkisstj. svo s. l. vetur, þegar lögin um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds voru sett, að bændur fengju á næsta hausti leiðréttingu á kaupgjaldslið verðlagsgrundvallarins. En með brbl., ef sett verða, verða þeir sviptir þeirri leiðréttingu.

Þessum aðförum mótmælir stjórn Stéttarsambandsins harðlega og mun hafa samráð við fulltrúa bændasamtaka víðs vegar um landið um það, hvernig við skuli bregðast, ef svo freklega verður gengið á rétt bændastéttarinnar eins og nú horfir.

Virðingarfyllst,
Sverrir Gíslason, Jón Sigurðsson,
Páll Metúsalemsson, Einar Ólafsson,
Bjarni Bjarnason."

Þetta var bréf Stéttarsambands bænda til hæstv. ríkisstj. á s. l. hausti.

Á sama tíma sem þetta bréf er ritað birtist einnig aths. frá framleiðsluráði landbúnaðarins vegna brottfarar fulltrúa neytenda úr sexmannanefndinni, og hljóðar sú aths. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af bréfi því og tilkynningu, sem stjórnir Alþýðusambands Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur og Landssambands iðnaðarmanna fengu birta í dagblöðunum í dag um verðlagningu landbúnaðarvara, þykir framleiðsluráði landbúnaðarins rétt að skýra mál þetta í stuttu máli út frá sjónarmiði framleiðsluráðs.

Verkefni sexmannanefndarinnar er samkv. lögum að finna grundvöll, sem feli í sér, að bændur hafi sambærilegar tekjur við aðrar vinnandi stéttir, og verðlagning í heildsölu og smásölu geti hvílt á. Þessi grundvöllur er í rauninni reikningur yfir gjöld og tekjur bús af ákveðinni stærð. Er þetta undirstaðan að verðlagningunni. Hins vegar ber framleiðsluráði landbúnaðarins að ákveða heildsölu- og smásöluverð á landbúnaðarvörum í samræmi við þennan grundvöll.

Þessi lagafyrirmæli hafa verið í gildi frá árinu 1947, og allan þann tíma, sem liðinn er síðan, hefur sexmannanefndin starfað samkv. þeim. Fulltrúar neytenda í nefndinni hafa öll þessi ár unnið að þessum málum í anda laganna, þar til haustið 1958, að þeir vildu einnig hafa afskipti af störfum framleiðsluráðs hvað verðlagninguna snerti. Það virðist vera, að fulltrúar neytenda í nefndinni hafi haustið 1958 lagt annan skilning í hlutverk sitt í sexmannanefndinni en áður, þannig að þeim bæri einnig að hafa áhrif á ákvörðun framleiðsluráðs um heildsölu- og smásölukostnað.

Í áðurnefndri tilkynningu frá stjórnum nefndra samtaka kemur fram, að þær láta fulltrúa sína í sexmannanefndinni hætta störfum, m. a. vegna þess, að framleiðsluráð hafi á s. l. hausti bætt 85 aurum ofan á hvert kg dilkakjöts, sem selt var á innlendum markaði, til þess að standa straum af útflutningi á dilkakjöti. Framleiðsluráð hefur þó verið sýknað í undirrétti í máli þessu. Út af þessu vill framleiðsluráð taka fram, að vegna tilfærslu verðs milli búvara leiddi þetta ekki til neinnar hækkunar á útsöluverði kjötsins og var í fullu samræmi við grundvöllinn. Framleiðsluráðið getur því ekki fundið réttmætt tilefni hjá samtökunum til þess að láta fulltrúa sína hætta störfum í sexmannanefndinni og lítur fyrst og fremst á það sem tilraun til að gera merka löggjöf um samstarf framleiðenda og neytenda í þessum málum óvirka."

Þetta bréf eða þessi aths. er undirrituð af Sverri Gíslasyni, Jóni Sigurðssyni, Einari Ólafssyni, Páli Metúsalemssyni, Bjarna Bjarnasyni, Helga Péturssyni, Pétri Ottesen, Sveinbirni Högnasyni og Jóni Gauta Péturssyni.

Um þessar mundir lýsti hæstv. forsrh., Emil Jónsson, því yfir, að hann hefði gefið út brbl. með samþykki Sjálfstfl.-manna. Þessu andmæltu sjálfstæðismenn og gáfu út eftirfarandi yfirlýsingu. Mér þykir rétt, að þetta komi allt hér fram, til þess að það sé vitað mál, hvort ríkisstj. hafi haft meirihlutavald að baki sér til þess að gefa út brbl. eða ekki, og mening mín er sú, að það fáist úr því skorið með þessari brtt., hvort svo hafi verið eða ekki. Ég hygg, að hún hafi ekki haft meirihlutavald að baki sér til þess. Í Morgunblaðinu 19. sept. 1959 kemur yfirlýsing þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl., sem mun hafa verið gerð þann 18. sept. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirrar deilu, sem upp er komin um verðlagningu landbúnaðarafurða, gerði miðstjórn og þingflokkur Sjálfstfl. eftirfarandi samþykkt á fundi sínum í gær:

Sjálfstæðisflokkurinn telur stöðvun verðbólgu og jafnvægi í efnahagsmálum vera höfuðnauðsyn. Í þessum efnum hefur þegar mikið áunnizt frá því, sem var í des. s. l. Öllum er þó ljóst, að ráðstafanir þær, sem enn hafa verið gerðar, eru einungis til bráðabirgða og skapa þarf öruggari grundvöll til að tryggja framfarir og atvinnu handa öllum landsmönnum. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að taka allt efnahagskerfið til endurskoðun-

ar, þegar nýtt Alþingi, skipað í samræmi við vilja þjóðarinnar, tekur til starfa að afloknum kosningum.

Vegna ósamkomulags hefur að þessu sinni ekki reynzt kleift að ákveða verð landbúnaðarafurða lögum samkvæmt. Ekki skal um það dæmt, hverjum það er að kenna, en á það bent, að æskilegast hefði verið, að úr því hefði fengizt bætt. Það hefur ekki tekizt, og er því, þangað til annað reynist réttara, ekki við annað að miða en þann verðlagsgrundvöll, sem verið hefur í gildi. Samkv. þeim grundvelli hefði verðlag landbúnaðarafurða nú átt að hækka um 3.18%. Sú hækkun er hliðstæð því, eins og ef kaup launþega hækkaði vegna hækkunar vísitölu fyrir verðlagshækkanir, og þess vegna annars eðlis en beinar grunnkaupshækkanir. Hækkun landbúnaðarafurða nú mundi aftur á móti skapa hættu á nýrri verðhækkunarskriðu. Í samræmi við aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið eftir setningu stöðvunarlaganna í vetur, hefði verið sanngjarnt að greiða þessar verðhækkanir niður, þangað til Alþingi hefur gefizt kostur á að taka ákvarðanir um efnahagsmálin í heild. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki fallizt á þá lausn, heldur ákveðið að banna verðhækkanir með lögum.

Af framangreindum ástæðum lýsir Sjálfstfl. yfir því, að hann mun á Alþingi leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir af þessum sökum verða fyrir."

Þetta er því skýlaus yfirlýsing Sjálfstfl. um það, að hann muni verða með þeirri brtt., sem við flm. flytjum hér.

Ég vil líka minna á það, að á þeim fundum, a. m. k. sem ég mætti á í haust og þar sem sjálfstæðismenn voru mættir, þá ítrekuðu þeir þessa yfirlýsingu á hverjum einasta fundi og við hvern einasta mann, sem þeir töldu að það mundi bera nokkurn árangur, að þeir mundu strax á haustþinginu beita sér fyrir því að bæta bændum upp þessi 3.18%. Og ég vil ekki að óreyndu ætla stærsta þingflokki þjóðarinnar, sem nú í fyrsta skipti í sögu hennar er skipaður eftir réttlátri skipan og í samræmi við þjóðarviljann, að hann á því fyrsta þingi bregðist að efna þau loforð, sem hann hefur áður gefið. Ég ætla honum það alls ekki, og það jafnvel þó að þarna sé um smámuni að ræða, eins og sumir hv. þm., sem nú eru, og frambjóðendur Sjálfstfl. kölluðu, þegar verið var að ræða þessi mál. Þeir töldu, að hér væri um smámuni að ræða. En vonandi ráða ekki nein smámunasjónarmið hjá Sjálfstfl. í afstöðu þeirra nú til þessa máls.

Þegar hér var komið sögu, sá stjórn Stéttarsambands bænda sig knúða til að kalla saman aukafulltrúafund, og var hann haldinn í Mjólkurstöðinni í Reykjavík 30. sept. Þar voru verðlagsmálin tekin til rækilegrar umræðu og svofelld till. samþ. með atkv. allra fulltrúa, er á fundi voru, en þeir voru alls 42 af 47, sem sæti eiga á stéttarsambandsfundum. En till., sem samþykkt var á þessum fundi, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aukafundur í Stéttarsambandi bænda, haldinn í Reykjavík 30. sept. 1959, mótmælir harðlega því gerræði gagnvart bændastéttinni að ákveða með bráðabirgðalögum verðlag landbúnaðarafurða og svipta bændur á þann hátt lögvernduðum samningsrétti þeirra og málskotsrétti til yfirdóms varðandi kaup þeirra og kjör.

Fundurinn krefst þess, að ríkisstj. hlutist til um, að yfirnefnd sú, sem um ræðir í 5. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði nú þegar gerð starfhæf, svo að fundinn verði nýr grundvöllur til að byggja verðlagningu á.

Fundurinn viðurkennir nauðsyn þess, að dregið sé úr verðþenslu, en neitar því, að það þurfi að leiða til aukinnar verðbólgu, þó að bændur fái þá verðhækkun, sem aðrar stéttir fengu fyrir ári. Þó getur hann eftir atvikum fallizt á, að frestað verði til 15. des. n. k. að láta koma til framkvæmda þá hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem bændum ber til samræmis við kauphækkun annarra stétta og vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar síðan verðlag var ákveðið 15. sept. 1958.

Að sjálfsögðu krefst fundurinn þess, að bændur fái fullar bætur frá ríkissjóði vegna þess mismunar á verðinu, sem fram kann að koma við úrskurð yfirdóms þann tíma, sem frestun verðhækkunarinnar gildir.

Verði ekki framangreindum kröfum fundarins fullnægt, felur fundurinn stjórn Stéttarsambands bænda að undirbúa sölustöðvun á landbúnaðarvörum til að mótmæla þeirri réttarskerðingu, sem bændastéttin og félagasamtök henar eru beitt með þessum aðgerðum, og freista þess að fá henni hrundið á þann hátt."

Ég vil minna á það, að þann sama dag, sem aukafundurinn var haldinn, felldi hæstiréttur dóm í máli því, sem neytendur töldu sig þurfa að vita um, þegar þeir gengu úr verðlagsnefndinni. — Mér finnst nauðsynlegt, að það komi fram hér í þessum umr., að hæstiréttur hefur þegar fellt dóm í þessu máli og það liggur ljóslega fyrir, að lagaákvæðin í þessum efnum varðandi aðgerðir framleiðsluráðs voru ótvíræð, því að sami úrskurður var felldur bæði í undirrétti og hæstarétti í máli þessu. Þetta er endurrit af dómabók hæstaréttar í málinu nr. 149 1959, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða gegn framleiðsluráði landbúnaðarins og gagnsókn.

Árið 1959, miðvikudaginn 30. sept., var í hæstarétti í máli nr. 149 1959: Nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða gegn framleiðsluráði landbúnaðarins og gagnsókn, upp kveðinn svo hljóðandi dómur:

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að ákveðið verði með dómi, að gagnáfrýjanda hafi verið óheimilt að hækka með auglýsingu sinni 18. sept. 1958 heildsöluverð á 1. verðflokki dilkakjöts um kr. 0,58 pr. kg og smásöluverð hlutfallslega frá þeim verðlagsgrundvelli, er verðlagsnefnd landbúnaðarins lagði á fundi sínum 6. sept. 1958. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagn-

áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. sept. þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Í lögum nr. 94 5. júní 1947 eru ákvæði um verðlagningu landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur samkv. 1. gr. á hendi aðalframkvæmd laganna, og í 8. tölul. 2. gr. er því sérstaklega falið það hlutverk að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. Verðskráning takmarkast við það, sem mælt er í 4. gr. laganna, að söluverðið skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Til þess að ná þeim tilgangi er ákveðið í 5. gr., að við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkv. ákvæðum 4. gr. byggt á verðlagsgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur. Hefur þessi n. fulltrúa framleiðenda og neytenda starfað undir nafninu verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.

Samkv. því, sem fram hefur komið í málinu, hefur starfsskipting með framleiðsluráði og verðlagsnefnd orðið á þann veg í framkvæmdinni, að verðlagsn. hefur fyrst áætlað kostnað við rekstur bús af ákveðinni stærð, þar með taldar tekjur bónda af vinnu hans sjálfs, og jafnframt áætlað heildarmagn þeirra afurðategunda, sem ráðgert er að til sölu komi. Eftir að þessi verðlagsgrundvöllur hefur verið fundinn, hefur svo framleiðsluráð verðskráð hinar einstöku vörutegundir til sölu á innlendum markaði, þannig að tekjur þær, sem bóndinn fær í hendur, svari til þeirra heildargjalda, sem ráð var gert fyrir í verðlagsgrundvellinum. Virðist aðferð þessi og venja geta samrýmzt fyrirmælum laga um verðlagningu.

Á fundi verðlagsnefndar 5. sept. 1958 varð samkomulag um útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða tímabilið 1. sept. 1958 til 31. ágúst 1959. Var framleiðsluráði síðan send skýrsla um verðlagsgrundvöllinn, þar sem heildargjöld og heildartekjur bús voru tilteknar. Voru útgjöldin sundurliðuð með tilteknum fjárhæðum, og teknamegin var einnig greint, við hvaða afurðamagn væri miðað, en látið vera í eyðu til ákvörðunar framleiðsluráðs, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá fyrir hinar mismunandi afurðategundir, til þess að heildartekjur svöruðu til heildargjalda. Kom þá ekki heldur til þess, að útsöluverð neinnar sérstakrar vörutegundar, hvorki í heildsölu né smásölu, væri ákveðið af verðlagsnefnd.

Fulltrúar neytenda í n. létu þó bóka þá aths., að við verðlagningu í heildsölu á kindakjöti sé reiknað með slátrunarkostnaði, sem sé ekki hærri en kr. 5.50.

Eftir að framleiðsluráð fékk umgetinn verðlagsgrundvöll, ákvað það, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá í sinar hendur fyrir hverja einstaka afurðagrein, til þess að tekjur hans samsvöruðu gjöldum þeim, sem greind voru í verðlagsgrundvellinum. M. a. var ákveðið, að greiðsla til bóndans fyrir 1. og 2. flokks dilkakjöt þyrfti að nema kr. 22.20 pr. kg. Mun þessi ákvörðun hafa verið tilkynnt verðlagsnefndinni.

Í auglýsingu framleiðsluráðs, dags. 18. sept. 1958, var heildsöluverð á kindakjöti í fyrsta verðflokki (1. og 2. fl.) ákveðið kr. 24.59 pr. kg. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd töldu þessa verðlagningu of háa og brjóta í bága við verðlagsgrundvöllinn. Litu þeir svo á, að verðið bæri að ákveða þannig, miðað við kg: Til bænda kr. 22.20 og til greiðslu á slátrunarkostnaði kr. 5.50, en að frádregnu framlagi úr útflutningssjóði, kr. 3.96. Samkvæmt því mætti heildsöluverð ekki vera hærra en kr. 23.74 pr. kg og sé kjötið því of hátt verðlagt um kr. 0.85 pr. kg.“ **(Forseti:** Mætti ég spyrja hv. þdm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni?) Já, ég á talsvert eftir. **(Forseti:** Væri hann þá til með að fresta henni?) Já. [Frh. — Fundarhlé.]

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort halda eigi fundi áfram eftir matarhlé. **(Forseti:** Já, kl. hálfníu.) Ef svo er, þá vil ég leyfa mér að mótmæla því og fara fram á það við forseta, að hann slíti fundi og fundur verði ekki boðaður aftur fyrr en á eðlilegum tíma eftir þá hátíð, sem nú fer í hönd. Fyrir þessum tilmælum mínum vil ég tilgreina fjórar ástæður: Í fyrsta lagi þá, að í hönd fara hátíðir í tilefni fullveldisins, og mun vera algert einsdæmi, að næturfundum sé haldið áfram, þegar svo stendur á. Í öðru lagi tel ég næturfundi algerlega óeðlilega, þegar svo skammt er liðið á starfstíma þingsins. Og í þriðja lagi hafa þau rök verið færð sérstaklega fram fyrir hraða á þessum málum og fyrir þingfrestun, að ríkisstj. skorti starfsfrið. Ég vil þess vegna ekki stuðla að því, að svefn og eðlileg hvíld sé höfð af hæstv. ráðh., og tel eðlilegt, að þeir njóti eðlilegrar hvíldar, til þess að þeir geti unnið störf sín að deginum. Í fjórða lagi tel ég, að á sama hátt geti þm. átt kröfu á því að hafa nokkurn starfsfrið nú í upphafi þings við undirbúning mála. Það hefur sézt hér undanfarna daga, að á hverjum degi, sem líður af þinginu, kemur fram mikill fjöldi nýrra og merkilegra mála, og mér er kunnugt um það, að mörg fleiri eru í undirbúningi. En með því að fundum sér haldið áfram nótt og dag, þá er sýnilegt, að þm. gefst ekki eðlilegt tóm til þess að undirbúa mál sín og frv., og vil ég tilgreina það sem fjórðu ástæðuna fyrir þessum tilmælum mínum.

Ég veit, að hæstv. forseti, sem er þrautreyndur og gamall þingmaður, skilur allar

þessar röksemdir, og ég vonast til þess og veit það, að hann mun hafa lært það mikið af fyrirrennara sínum hér, Bernharð Stefánssyni, að hann verði við þessum sjálfsögðu óskum, sem ég hef fulla ástæðu til að halda að muni verða tekið undir af ýmsum hv. þdm.

Forseti (SÓÓ): Ég vil í tilefni þessara tilmæla frá hv. þm. skýra frá því, að það hefur nú þegar verið ákveðið að halda fundi áfram kl. hálfníu í kvöld, og það er því miður ekki hægt að falla frá því, að sá fundur verði haldinn. **(Gripið fram í:** Hefur forsetinn það ekki á valdi sínu?) Forseti hefur ákveðið að hafa þennan fund, og verður ekki hægt að falla frá því.

Hv. þm. minntist m. a. á það, að komin væri hátíð, fullveldishátíðin, og vil ég í því sambandi benda á, að það er unnið á mörgum stöðum til hádegis á morgun, svo að ekki virðist úr vegi, að hv. þm. komi hingað aftur kl. hálfníu á fund í kvöld. — Ég get því miður ekki orðið við þessum tilmælum hv. þm. í þetta sinn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil taka undir tilmæli síðasta hv. þm. um áskorun til hæstv. forseta, að fundum verði nú hætt í kvöld og að hv. þdm. verði gefið frí. Mér er kunnugt um, að meðal hv. þdm. eru menn, sem hafa hugsað sér að taka þátt í hátíðahöfi fullveldisins í kvöld og þegar keypt sér aðgöngumiða.

Annars langar mig til þess að spyrja hæstv. forseta: Hver er sú knýjandi nauðsyn fyrir því að halda störfum áfram í kvöld? Ég get vel hugsað mér svo knýjandi nauðsyn, að sjálfsagt væri fyrir alla hv. þm. að segja ekki orð við þessu. En hver er sú knýjandi nauðsyn? Ég er ekki enn þá farinn að heyra hana og vildi gjarnan óska þess, að hæstv. forseti svaraði þessu og kæmi með rök fyrir þessari miklu nauðsyn.

Forseti (SÓÓ): Ég vil vísa til fyrri ummæla minna um þetta mál, og um, hver sú knýjandi nauðsyn sé að halda þessum fundi áfram, get ég sagt það, að það er ósk ríkisstj., að þessi fundur verði haldinn í kvöld, dagskrá hefur þegar verið ákveðin, og frá því er ekki hægt að víkja. Hvort sá fundur verður langur, er undir hv. dm. komið, hvað þeir þurfa mikið að ræða um. **(Gripið fram í:** Eru þetta hótanir?) Nei, alls ekki.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég spurði hæstv. forseta að því áðan, hver sú knýjandi nauðsyn væri, er gerði þennan kvöldfund eða kvöld- og næturfund í þessari hv. d. óhjákvæmilegan. Hæstv. forseti svaraði stutt og laggott: Það er ósk hæstv. ríkisstj. Og hann sagði það á þann hátt, að manni fannst sem sagt væri: Faraó hefur talað. Það var engu líkara en óskir hæstv. ríkisstj. væru skipanir, sem ótilhlýðilegt væri að spyrja um ástæður fyrir, eða þannig virtist mér hæstv. forseti vor líta á málið í kvöld. Mér var alls ókunnugt um það, áður en ég spurði, að hæstv. ríkisstj. hefði skipað svo fyrir, að kvöld- eða kvöld- og næturfundur skyldi haldinn í hv. Ed., en að hv. Nd. skyldi gefið frí. Nú langar mig til að vita ástæður fyrir þessari mismunun. En ef til vill fæ ég ekkert svar eða þá aðeins svarið: Faraó hefur talað. Þetta er þá nýjasti boðskapur hæstv. ríkisstj., og ég get ekki látið hjá líða, úr því að ég er staðinn upp, að fara nokkrum orðum um þessa hæstv. ríkisstj. í þessu tilefni.

Þegar ein vika er liðin frá setningu Alþingis og störf þess rétt að byrja, leggur hæstv. forsrh. fram till. til þál. um frestun þingfunda í allt að tvo mánuði. Ástæða var færð fyrir þessu. Hún var sú, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að fá næði til að undirbúa efnahagsmálatill. sínar. Hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. tilgreindu báðir þessa ástæðu á laugardagsfundunum í hv. Nd. Áður höfðu forustumenn stjórnarflokkanna og málgögn þeirra margsagt frá því, að sérfræðingar væru að athuga og reikna út efnahagsástandið og leita að lausnum og þegar því væri lokið, kæmi til kasta hæstv. ríkisstj. að taka ákvarðanir um þá lausn, sem hún kysi að gera till. um, og mundi hún síðan leggja þær till. fyrir þingið.

Frestunartill., sem hæstv. forsrh. flutti, ósk in um að vera laus við þinghaldið og ástæðan fyrir þeirri ósk, gefur góða bendingu um hug hæstv. ríkisstj. til hins háa Alþ. og hv. þm. yfirleitt, og er vert að íhuga það vandlega. Hæstv. ríkisstj. segist vilja fá vinnufrið, og því hyggst hún með tilstyrk síns meiri hl. senda þingið heim. Þingið er m. ö. o. til trafala. Það er að þvælast fyrir og torvelda hæstv. ríkisstj. stjórnarstörfin. Það er stjórnarinnar og sérfræðinga hennar að matreiða handa Alþ. fæðuna og þess hlutverk aðeins að segja já eða nei í fyllingu tímans. Þetta virðist óneitanlega skilningur hæstv. ríkisstj. á hlutverki hins háa Alþingis. Það er í hennar augum einungis til þess nýtanlegt að setja stimpilinn á stjórnarplöggin og gera þau lögformleg.

Nú skal það sagt hæstv. ríkisstj. til afsökunar, að ráðh. eru ekki einir um þennan skilning á hlutverki þjóðþingsins. Á öllum öldum og í öllum löndum hafa verið menn, sem sömu augum litu á það mál, að þjóðþingin væru í raun og veru stjórnarherrum til armæðu og byrði og tefðu þá og trufluðu. Á ýmsum tímum hafa fyrirferðarmiklir ráðh. veitt þm. frí frá störfum. Sumir hafa sent þá heim að fullu og öllu. Aðrir hafa haft þann sið að kalla þing saman öðru hvoru til þess að leggja blessun sína á stjórnarstörfin og klappa valdhafanum lof í lófa. Það eru að sjálfsögðu einræðissinnaðir menn, sem telja fulltrúaþing þjóðarinnar til tafar og trafala. Aðrir líta stærra á hlutverk þess og telja, að það eigi að fjalla um vandamál þjóðarinnar á öllum stigum þeirra, það eigi að hafa í sínum höndum athugun mála, undirbúning þeirra og endanlega ákvörðun. Lýðræðissinnar líta á ríkisstj. sem þjón þingsins, en ekki húsbónda: að þingið eigi að starfa að undirbúningi mála og rannsókn, að það þurfi til þess góðan tíma og þar megi engu

flaustra af í því skyni einu að hafa þinghaldið sem stytzt.

Morgunbl. hefur í gær þessi ummæli eftir hæstv. dómsmrh.: „Við (þ. e. a. s. Sjálfstæðisflokksmenn) töldum, að það væri hyggilegra fyrir ríkisstj. og fyrir Alþ. og fyrir einstaka alþm., að menn fengju að vera alveg lausir við þingstörf, á meðan stjórnin væri að undirbúa nauðsynlegar till." Hér kemur greinilega fram sá skilningur, að Alþ. beri ekki að hafa frumkvæði, heldur skuli það og þm. taka við því, sem að þeim er rétt.

Þessi sami hæstv. ráðh. minnti á það s. l. laugardag, að í tíð vinstri stjórnarinnar hafi þingið starfað lítið á tímabilum um þingtímann. Hann gat þess ekki, hver var aðalskýringin eða orsökin til þess, en hún var sú, að stjórnarandstaðan þá var að heita mátti óvirk og sat með hendur í skauti. Sjálfstfl.-þm. höfðu þá ekkert til mála að leggja, hvorki til brýnustu vandamálanna né nokkurra annarra mála. Á meðan þm. vinstri flokkanna undirbjuggu lausn stórmálanna, sátu andstæðingarnir aðgerðalitlir og létu sér leiðast. En nú horfir hins vegar allt öðruvísi við. Þing er nýkomið saman, þingflokkar og einstakir þm. eru farnir að undirbúa flutning mála, till. og frv. hafa þegar á fyrstu vikunni verið lögð fram, bæði af hæstv. ríkisstj. og af einstökum þm. Þingstörfin eru að byrja og ekki útlit fyrir annað en næg mál liggi fyrir þegar í stað, athuganir nefnda og einstakra þm. og umr. á þingfundum. Samt leyfir hæstv. ríkisstj. sér að halda því fram, að þingið hafi ekkert að gera, það bara tefji fyrir, og óskar að losna við það. Finnst mér sannarlega, að með þessu sé skörin farin að færast upp í bekkinn og þetta séu sannkölluð öfugmæli.

Það er þingið, sem nú á ekki að fá starfsfrið fyrir hæstv. ríkisstj. Það er sannleikurinn í þessu máli. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 er komið fram. Það hefur ekki enn verið tekið til 1. umr., sem þó ætti að vera auðvelt, úr því að frv. liggur fyrir. Að þeirri umr. lokinni fær hv. fjvn. nægilegt verkefni. Nei, það er víst, að verkefni þingsins eru nóg, og þess vegna út í bláinn sagt, að það bíði nú aðgerðalaust. Það hefur heyrzt hér á göngum þinghússins, að hæstv. fjmrh. fái í sig hroll hverju sinni sem minnzt er á fjárlagaræðu hans, að hann vilji umfram allt skjóta henni á sem lengstan frest, og er það kannske vorkunnarmál út af fyrir sig. En það tekur engu tali að senda þm. heim fyrir þær sakir. Það fylgir sögunni, að kvíði þessa hæstv. ráðh. muni valda áhuga hans á þingfrestun.

Það er kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hefur vanrækt að leggja fyrir þetta þing mikilvægt og aðkallandi mál, sem lausn þarf að fá hið skjótasta, en það eru brbl. fyrrv. ríkisstj. Allir landsmenn bíða eftir því, að þingið taki það mál til meðferðar og afgreiðslu. Framleiðendur búvöru telja sig eiga inni svo og svo mörg prósent í launabótum. Neytendur sumir hverjir vefengja þann rétt. Og allir telja neytendur eðlilegt, verði launabótin veitt og búvaran hækkuð, að þá geti launþegar ekki bætt á sig þeirri byrði til viðbótar þeim, sem þeir þegar hafa á sig tekið. Framsfl. krefst þess, sem bændur telja sinn rétt í þessu máli. Alþfl. hefur neitað bændum um leiðréttingu, en Sjálfstfl. tvísteig fyrir kosningar a. m. k., en lofaði bændum þó fullri leiðréttingu. Alþb. hefur hins vegar lagt á það áherzlu og leggur á það enn, að Alþingi yrði að fjalla um þetta mál, taka það frá rótum og endurskapa alla löggjöf um verðlagningu landbúnaðarafurða. Hér er því um mjög viðkvæmt mál að ræða, sem þó þarf að leysa fljótt og Alþ. hefði strax í byrjun átt að fá til meðferðar. En hæstv. ríkisstj. hefur í þessu máli vanrækt að gera skyldu sína. Hún liggur á málinu, sennilega af því einu, að hún veit ekki sitt rjúkandi ráð. Í þessu máli er hún sjálfri sér sundurþykk, stefnulaus eða reikandi. Hún lætur það dankast í þeirri von, að tíð og tími færi henni einhverja hjálp og einhverja lausn. Og frestur er á illu beztur, hugsar þessi hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Hæstv. ríkisstj. virðist ganga illa að skilja það, að hún er að réttu lagi og á ekki að vera annað en tæki hins háa Alþingis. Henni ber að framkvæma vilja þingsins, létta undir með störfum þess og umfram allt veita því starfsfrið. Þjóðþing Íslendinga skipa 60 fulltrúar. Þeim öllum sem heild og hverjum einstökum verður að skapa sem bezt skilyrði til þeirra verka, sem þeim eru ætluð af þjóðfélaginu. Þeir verða að hafa starfsfrið allir sem einn. Ef ríkisstj. notar meiri hl. sinn á þingi til þess að torvelda minni hl. vinnubrögðin, gera honum erfitt fyrir að athuga og flytja mál og fylgjast með athöfnum stjórnarinnar, þá er sú ríkisstj. á hættulegum glapstigum, og þá er hún búin þegar að fyrirgera öllu trausti. Þennan sannleika er ástæða til að benda hæstv. ríkisstj. á, þótt undarlegt megi heita.

Því hefur eitthvað verið hreyft í málgögnum hæstv. ríkisstj., að heimsending þingmanna nú í þingbyrjun spari þjóðinni fé. Líklega er þetta sagt til þess að sætta almenning við þessa einkennilegu fyrirhuguðu þingfrestun. En þetta er lýðskrum, enda á það enga stoð í veruleikanum, nema því aðeins að hæstv. ríkisstjórn hyggist brjóta lög á hv. alþm. og hafa af þeim réttmæta þóknun, en til þess er henni þó ekki trúandi. Nei, það sparast ekkert á frestuninni, öðru nær. Þingfararkaup verður að greiða nær allan tímann og auk þess ferðalög þm. utan Reykjavíkur. Hitt er víst, að sú truflun og þær tafir, sem till. hæstv. ríkisstj. um þessa óeðlilegu þingfrestun veldur, auka á kostnað Alþingis, og er enn vandséð, hver sá kostnaðarauki verður.

Hæstv. ríkisstj. er ekki gömul í hettunni. Hún fæddist daginn, sem þetta þing, er nú situr, var sett. Þetta er því mjög ung ríkisstj., og mér finnst hún bera ungæðisháttinn utan á sér og vanþroskann. Hún leggur ekki fyrir þingið mikilsvert mál, brbl., sem Alþ. á fullan rétt á að fjalla um og nauðsyn er á að fjalla um fyrir 15. des. Hún leggur fjárlagafrv. fram, en kemur þó í veg fyrir, að það

verði tekið til umræðu. Hún misskilur herfilega allt sitt hlutverk, svo herfilega, að hún leyfir sér að herska með hið háa Alþingi eins og hún væri herra þess, en ekki þjónn. Við allt þetta bætist svo, að hún virðist gersamlega stefnulaus í öllum málum, sem varða efnahag þjóðarinnar. Efnahagsmálin virðast vera henni eins og harðlæst hirzla. Og nú bíður hún eftir því, að einhverjir, sem hún kallar sérfræðinga sína, smíði henni lykil að þeirri hirzlu. Hún bíður í ofvæni og má engu öðru sinna. Í þeirri bið þolir hún enga truflun, og jafnvel dagleg störf þingsins fá á taugar hennar, ungrar og óreyndrar. Það er mikið óþol í þessari ungu ríkisstjórn, taugaóstyrkur, held ég. Líklega er það glímuskjálfti. Hún kvíðir fyrir verkefnunum, annaðhvort vegna þess, hve erfiða hún telur aðstöðu sína, eða þá vegna þess, að hún hefur eitthvað óvenjulegt á prjónunum. Hvað það gæti verið, veit ég ekki, en óhugnanlegur fyrirboði þess er vonandi ekki það, sem lesa má út úr síðasta Reykjavíkurbréfi Morgunbl., aðalmálgagns hæstv. ríkisstj. Þar er talað um, hvernig fyrri ríkisstjórnum hafi mistekizt lausn efnahagsvandans. Síðan segir svo orðrétt í Morgunbl.:

„Menn minnast og endalokanna á samstarfi sjálfstæðismanna og Framsóknar. Þess vegna er eðlilegt, að ýmsir efist um, hvort við vandamálin verði ráðið. En það kann í rauninni að verða um það að ræða, hvort unnt sé að stjórna hér á lýðræðislegan hátt.“

Hvað meinar blað hæstv. dómsmrh. með þessum bollaleggingum? „Það kann í rauninni að verða um það að ræða, hvort unnt sé að stjórna hér á lýðræðislegan hátt.“ Er það sjálfur hæstv. dómsmrh., sem skrifar þetta Reykjavíkurbréf? Ég endurtek spurninguna: Er það sjálfur hæstv. dómsmrh., sem skrifar slíkt bréf og varpar fram efasemd um, að unnt verði að stjórna hér á landi á lýðræðislegan hátt? Svari sá, sem svarað getur.

Það var kunnugt fyrir kosningar, að gamlir nazistar höfðu mjög fært sig upp á skaftið í Sjálfstfl. Margir vonuðu, að sá draugur væri nú kveðinn niður þar eftir ófarir flokksins í síðustu kosningum. En svo er máske ekki, og geta tilfærð orð Morgunbl. bent til þess, að einræðishneigðin lifi nú góðu lífi innan æðsta ráðs Sjálfstfl. En hvað segja Alþfl.-menn í hæstv. ríkisstj. um þennan einkennilega boðskap aðalmálgagns hennar? Eru þeir búnir undir að stjórna landinu á ólýðræðislegan hátt, ef svo ber undir, eins og félagar þeirra í Sjálfstfl. virðast gera? Ég er tregur til að trúa því þrátt fyrir allt. Og þó má hamingjan vita. Það á a. m. k. oft við um trúskiptinga, að þeir ráðist harðast á það, sem þeir áður vörðu og vernduðu.

Ég skal nú láta þessum orðum utan dagskrár lokið, aðeins bæta við fáeinum orðum. Ég tel, að hverja ríkisstj. beri að dæma af verkum hennar. Hæstv. ríkisstj., sem nú situr, er ný af nálinni. Óneitanlega virðist mér hún eitthvað undarleg og óburðug og fyrstu hræringar hennar klaufalegar og fálmandi. Sýnilegt er af málgögnum hennar, að hún vantreystir sjálfri sér sem þingræðislegri, lýðræðislegri stjórn. Hún miklar mjög fyrir sér erfiðleikana nú og básúnar þá í málgögnum sínum. Bjartsýni flokka hennar frá því fyrir kosningar er gufuð upp og horfin, en kvíði og hik komið í staðinn. Hæstv. ríkisstj. vantreystir sýnilega sjálfri sér til að leysa vandamálin á þann hátt einan, sem henni ber, þ. e. a. s. á lýðræðislegan hátt. Og hún er ekki ein um þetta vantraust. Einhverra hluta vegna vantreystir öll þjóðin þessari hæstv. ríkisstj. Hún telur hana ekki nógu styrka, ekki lýðræðislega nógu styrka. Þetta almenna vantraust er stjórninni hæstv. áskapað. En máske á hún eftir að losna við það, og væri þá vel. Með verkum sínum síðar gæti hún áunnið sér traust sjálfrar sín og annarra. Hún á það ógert enn, og því miður lofa byrjunarverk hennar engu góðu.

Ég hef mælt þessi orð nú sérstaklega í tilefni þess, að þótt í smáu sé, þá sýnist mér síðasta verk hæstv. ríkisstj. bera vott um skort á sjálfstrausti, en löngun til að sýna vald sitt, og í þetta sinn sýnir hún það með því að skipa svo fyrir, að gersamlega ónauðsynlegur kvöld- og næturfundur skuli haldinn hér í Ed., máske til að refsa hv. d. Hún gerir þetta vafalaust til að sýna vald sitt. A. m. k. sé ég enga aðra ástæðu til skipunarinnar.

Ásgeir Bjarnason [frh.]: Herra forseti. Ég var hér áðan að lýsa úrskurði hæstaréttar út af því máli, sem fram fór á milli neytendasamtakanna og framleiðsluráðs landbúnaðarins, þ. e. a. s., ég var að lýsa hér hæstaréttarúrskurðinum, sem féll 30. okt. í haust:

„Framleiðsluráð hefur gert þá grein fyrir verðlagningunni, að bóndinn fái því aðeins þær tekjur, sem honum eru ákveðnar af verðlagsnefnd, að til hans renni kr. 22.20 pr. kg af öllu því kjötmagni (1. og 2. fl.), sem við er miðað í verðlagsgrundvellinum. Nú þurfi hins vegar að selja á erlendum markaði allmikið magn af kjöti, og nægi útflutningsbætur samkv. 19. gr. laga nr. 33/1958 ekki til þess, að bóndinn geti fengið kr. 22.20 pr. kg fyrir hið útflutta kjöt. Hafi því verið nauðsynlegt að ákveða heildsöluverðið svo sem gert var, til þess að bændur fengju þær heildartekjur, sem þeim voru mældar í verðlagsgrundvellinum.

Í kröfugerð aðalafrýjanda er við það miðað, að nefnd álagning, kr. 0.85 pr. kg í heildsölu, brjóti í bága við þann verðlagsgrundvöll, sem verðlagsnefnd hafði samþ., en eins og áður greinir, hafði hún ekki ákveðið neitt tiltekið verð á hverju kg kindakjöts. Í 4. gr. l. nr. 94 1947 er mælt, að haga beri verðlagningu þannig, að tekjur bænda verði í sem nánustu samræmi við heildartekjur annarra vinnandi stétta. Í máli þessu hafa ekki verið leidd rök að því, að heildsöluverð kjötsins, eins og það var ákveðið af framleiðsluráði, fari í bága við greint lagaákvæði né auki tekjur bóndans fram úr því, sem ákveðið var í verðlagsgrundvellinum. Þykir því bera að staðfesta hinn

áfrýjaða dóm, en eftir atvikum á málskostnaður fyrir hæstarétti að falla niður.

Dómsorð: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.“

Framleiðsluráð landbúnaðarins vann því umrætt mál, bæði í undirrétti og hæstarétti, og virðist því ótvíræður lagabókstafurinn í þessum efnum. En ekki endurskoðuðu fulltrúar neytenda sína afstöðu þrátt fyrir þetta, heldur afsöluðu þeir sér algerlega samningsrétti þeim, sem þeir áttu ótvíræðan samkv. framleiðsluráðslögunum, því að ég hygg, þótt mánuður sé liðinn, frá því að þessi dómsorð féllu, að þá hafi fulltrúar neytenda ekki endurskoðað afstöðu sína um það að ræða ekki um verðlagsmálin, svo að mér sé vitanlegt, en þeir létu í það skína í því bréfi, sem þeir sendu til landbrn., þegar þeir sögðu sig úr verðlagsnefndinni.

Nokkru eftir að þetta gerðist kom bréf frá hæstv. forsrh., Emil Jónssyni, til stjórnar Stéttarsambands bænda, og hljóðar það bréf, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið; þetta bréf er dags. 9. okt.:

„Ég hef móttekið bréf stjórnar Stéttarsambands bænda, dags. 1. þ. m., þar sem þess er krafizt, að ríkisstj. hlutist til um, að yfirnefnd sú, sem um ræðir í 5. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði nú þegar gerð starfhæf, svo að fundinn verði nýr grundvöllur til að byggja verðlagningu á. Jafnframt er frá því skýrt, að fundur Stéttarsambandsins 30. sept. s. l. hafi eftir atvikum getað fallizt á, að frestað verði til 15. des. n. k. að láta koma til framkvæmda þá hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem bændum beri. Út af þessu skal ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Með brottför neytendafulltrúanna úr verðlagsnefndinni og neitun þeirra á því að tilnefna mann í yfirnefndina hefur skapazt ástand, sem er ekki gert ráð fyrir í lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. og nokkuð virðist geta orkað tvímælis um, hvernig við skuli bregðast. Ríkisstj. hefur talið, að eðlilegast sé að bíða með endanlega afgreiðslu málsins, þangað til hið nýkjörna þing kemur saman, og láta það skera úr. Þetta er þeim mun eðlilegra, þar sem upplýst er, að þetta muni ekki valda neinum töfum að ráði á greiðslu bóta, ef samþ. verða, enda nú á það fallizt á fundi Stéttarsambandsins að fresta framkvæmdum til 15. des. Ótímabærar ákvarðanir í þessu máli nú gætu einnig valdið óheppilegu kapphlaupi við launþegasamtökin, sem ríkisstj. telur höfuðnauðsyn að koma í veg fyrir. Að því hlýtur því að verða stefnt að leysa þessi mál öll með samkomulagi, þegar hið nýkjörna þing kemur saman, og einn þátturinn í því samkomulagi mun sjálfsagt verða að koma á þeirri skipan verðlagsmála landbúnaðarins, sem báðir aðilar, framleiðendur og neytendur, geta staðið saman að, eins og verið hefur. Virðist því eðlilegt að bíða aðgerða Alþingis.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.“

Við þetta bréf birtir síðan ritstjóri Freys í samráði við stjórn Stéttarsambandsins nokkra athugasemd, og hljóðar hún þannig:

„Það er athugavert við ofanritað bréf forsrh., að hann tvítekur í bréfinu, að fulltrúar Stéttarsambandsins hafi fallizt á eftir atvikum, að frestað verði til 15. des. n. k. að láta koma til framkvæmda þá hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem bændum beri, en getur ekki um kröfur þær, sem fundurinn setti sem skilyrði fyrir þessari frestun. Því sleppir hæstv. ráðherra. Krafan var, að ríkisstj. hlutaðist til um, að yfirnefnd sú, sem um ræðir í 5. gr. l. um framleiðsluráð, yrði þegar gerð starfhæf, svo að fundinn verði nýr grundvöllur til að byggja verðlagninguna á,“ sbr. ályktun Stéttarsambandsins, dags. 30. sept., sem ég hef hér áður gert grein fyrir.

Láta þessir aðilar eða ritstjórinn þau orð falla, að þetta sé vægast sagt blekkjandi málsmeðferð hjá hæstv. ráðh. og full ástæða því til að vekja athygli á þeirri meðferð málsins.

En það, sem er eftirtektarvert í þessu bréfi, er það, að ráðh. tvítekur í bréfinu, að það skuli einmitt bíða aðgerða Alþ. að fjalla um þessi mál. En hvers vegna hefur þessi sami hæstv. ráðh., sem enn þá er í ríkisstj., þótt hann sé ekki forsrh., ekki stuðlað að því, að lögin, brbl., væru lögð fyrir Alþ., úr því að hann telur, að Alþ. beri fyrst og fremst að fjalla um þessi mál? Hver er ástæðan? Það væri verulega gott, ef þeir hæstv. ráðh., sem hér eru, vildu svara þessu. Hæstv. landbrh. hefur ekki meiri áhuga á landbúnaðarmálum en það, að hann er ekki viðlátinn, þegar verið er að ræða þessi mál, enda hugsar hann kannske sem svo, að sig varði það ekki mikið, þar sem hann er ekki bóndi sjálfur og getur haldið jafngóðum kjörum, hvernig svo sem með bændastéttina fer að öðru leyti.

Eftir að stjórn Stéttarsambandsins fann, að svar ráðh. var algerlega neikvætt, sá hún, að ekki varð hjá því komizt að undirbúa sölustöðvun, svo sem aukafulltrúafundurinn hafði falið henni. Atkvgr. mun nú lokið um heimild fyrir sölustöðvun, og verða atkv. talin innan skamms. Geri Alþ. og ríkisstj. ekki neitt jákvætt í málinu, má búast við, að mjólkursala verði stöðvuð á fyrsta verðlagssvæði, og er það nokkuð hastarlegt, að bændur landsins skuli tilneyddir að stöðva sölu á afurðum sínum til þess að freista á þann hátt að ná löglegum rétti sínum í verðlagsmálum.

Það er athyglisvert, og ég vil geta þess í þessu sambandi, að í haust fóru framsóknarmenn fram á það, að Alþ. yrði kvatt saman til að lýsa afstöðu sinni um brbl. og prófa það, hvort meiri hluti væri til fyrir þessum lögum. En því svaraði hæstv. forsrh. neitandi, hann teldi ekki ástæðu til þess að kveðja Alþ. saman til þeirra funda. Það er í fyrsta sinn á 12 árum, síðan Stéttarsamband bænda var stofnað, sem misvirtur er samningsréttur bændastéttarinnar í landinu með brbl., svo að bændur sjá sig knúða til að berjast af hörku fyrir rétti sínum. Sölustöðvun er óþekkt hér á landi. En það hefur fyrir komið, að mjólkur-

flutningar hafa verið bannaðir, þegar verkföll hafa staðið yfir og aðrir hafa barizt fyrir sínum rétti. En það er önnur saga.

Fordæmi brbl. er öllum félagssamtökum hættulegt, þar sem hægt er að beita hvern sem er svipuðum vinnubrögðum, ef tilefni gefst til og Alþ. er ekki starfandi. Það munu fáir líta þannig á, að bændum beri ekki sú kauphækkun, sem um er deilt og farið er fram á að þeir fái greidda nú þegar, þar sem þetta er innstæða, sem bændur eru búnir að eiga inni á annað ár. Þeim bar þetta strax í fyrra, eftir að þær kauphækkanir fóru fram, sem þá voru, þeim var lofað þessu í vetur, og því var yfir lýst í haust, að þeir skyldu fá þetta. Þess vegna sætir það furðu, að ekki skuli þegar vera hafizt handa af þeirri stjórn, er nú situr, að standa við gefin fyrirheit í þessum efnum.

Ég ætla, að það muni hér á hv. Alþ. nægjanlegt þingfylgi fyrir þeirri brtt., sem ég hef hér fram borið, vegna þess að stærsti þingflokkurinn, Sjálfstfl., og miðstjórn þess flokks hefur greinilega lýst því yfir, að þingflokkur sjálfstæðismanna mundi beita sér fyrir því, þegar Alþingi kæmi saman, að bændur fengju það, sem vantaði á þeirra kaup fyrir það ár, sem verðlagsgrundvöllur gildir nú fyrir. Því ætla ég, að sú brtt., sem er á þskj. 32, verði samþ., ef hver og einn stendur við sitt, og brbl. frá 19. sept. s. l. verði úr gildi felld ásamt ósæmilegum vinnubrögðum þeirrar hæstv. ríkisstj., sem kom þeim á, — að þessum lögum verði þá um leið varpað fyrir borð. Það mun líka einsdæmi, að nokkur ríkisstj. skuli ætla sér að leysa jafnmikið stórmál og dýrtíðarmálin eru á kostnað einnar einustu stéttar í landinu, bændastéttarinnar. Þetta er hál braut, sem farið er inn á, og sýnir, að þessir menn elska auðn og óbyggðir, en eru hatursmenn gróandi lands og þeirra auðæfa, sem gróðurmoldin geymir í skauti sínu.

Ég vænti því þess og trúi ekki öðru, fyrr en ég sé annað, en að sú brtt., sem ég hef hér lagt fram ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., verði samþ. og þar með verði leiðréttur sá misréttur, sem á hefur verið hafður varðandi verðlagsmál bændastéttarinnar í landinu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki þreyta þdm. og forseta með mjög langri ræðu. Það eru þó aðeins nokkur atriði, sem ég vil láta koma hér fram í sambandi við þetta mál.

Eitt af öndvegisskáldum íslenzku þjóðarinnar gaf á merkum tímamótum íslenzku þjóðinni þetta heilræði:

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.

Það er áreiðanlega hollt fyrir þjóðina og þingmenn að hafa þetta heilræði í huga.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ), sem lauk máli sínu hér áðan um fyrra dagskrármálið, ræddi á mjög skýran og hófsamlegan hátt um þá hlið þessa máls eða þann hátt á afgreiðslu þessara mála, sem snýr að því, hvaða fordæmi það getur gefið. Ég ætla að leyfa mér með örfáum orðum að skoða þetta frv. í ljósi þingsögunnar, og vegna þess að þetta frv. er í nánu samhengi við till. til þál. um frestun Alþ., sem liggur fyrir Sþ., þá verð ég að skoða bæði þessi mál í ljósi þingsögunnar í einni heild. Og þegar málið er skoðað í því ljósi, þá er auðveldara að átta sig á því en ella, hvað er nýtt í þessu og hvað er frumlegt í því.

42. gr. stjórnarskrárinnar mælir svo fyrir, að fyrir hvert reglulegt Alþ. skal, þegar er það er saman komið, leggja frv. til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frv. fólgin grg. um tekjur ríkisins og gjöld. Þetta ákvæði stjskr. á vitanlega að tryggja það, að Alþ. fái fjárlagafrv. til meðferðar — raunverulegrar meðferðar — snemma á þinginu og gefist rúmur tími til þess að athuga það og sinna fjárlagaafgreiðslunni, jafnframt því sem þingið vinnur að almennri löggjöf. Það er enn fremur á allan hátt eðlilegast, að fjárlög ríkisins séu til, — hafi verið lögfest, — áður en fjárhagsárið hefst. Og lengi, næstum lengst af, var þinghaldinu þannig háttað, að þetta var tryggt. Þegar Alþ. var endurreist, var það gert samkv. tilskipun, sem gefin var út 8. marz 1843, en fyrsta þingið kom ekki saman fyrr en 1. júlí 1845. Áratugum saman var þingsetningardagur gjarnan 1. júlí, eða um mitt sumarið, og þingin voru háð að sumrinu og þeim lokið síðla sumars eða snemma hausts. Meðan þinghaldinu var þannig háttað, var örugglega fyrir því séð, að fjárlög væru til staðar, þegar fjárhagsár hófst. Þannig var þetta frá 1845 og allt fram að 1921, að ég ætla. En síðan kom það ákvæði inn í stjskr., sem breyta má þó með lögum, að Alþ. skuli hefjast 15. febr. Sá háttur var á hafður á árabilinu frá því um 1920 og fram á stríðsárin eða fram yfir 1940, að Alþ. var jafnan kvatt saman um miðjan febr. og starfaði fram á vor eða fram á sumar og setti fjárlög fyrir næsta ár, sem í hönd fór. Þá var það, meðan þeirri skipan var haldið, einnig öruggt, að fjárlög voru til, áður en fjárhagsárið hófst. En á stríðsárunum og eftir þau varð svo mikil breyting á efnahagskerfi þjóðarinnar og svo mikil röskun á þjóðlífinu á ýmsan hátt, að það þótti hagkvæmara og jafnvel ekki annað kleift en að draga fjárlagaafgreiðsluna fram undir áramótin og færa þinghaldið fram á haustið. Og svo hefur verið hin síðari ár.

Það hefur verið að því keppt á þessu 20 ára tímabili af mörgum ríkisstj. að ljúka fjárlagaafgreiðslunni á tímabilinu frá því snemma í október, að þing kemur saman, og fram að áramótum. Og þegar Framsfl. hefur ráðið embætti fjmrh., hefur af flokksins hálfu og þess manns, sem lengst hefur gegnt því embætti, verið lögð mikil áherzla á, að þetta gæti tekizt. Ef litið er á þingsöguna að þessu leyti þetta 20 ára tímabil, þá er það svo, að á þessu 20 ára tímabili hafa 11 sinnum verið sett fjárlög fyrir áramót, áður en fjárhagsárið hófst. Fjárlög fyrir 1940 voru afgreidd 30. des. 1939. Fjárlög fyrir 1941 voru lögfest 8. apríl 1940, á þingi fyrri hl. árs. Fjárlög fyrir 1942 voru lögfest 9. júní 1941. Fjárlög fyrir 1944 voru lögfest 13. des. 1943. Fjárlög fyrir 1945 voru afgreidd

19. des. 1944. Fjárlög fyrir 1946 voru afgr. 19. des. 1945. Fjárlög fyrir 1951 voru afgr. 16. des. 1950. Fjárlög fyrir 1952 voru afgr. 20. des. 1951, fyrir 1954 18. des. 1953, fyrir 1955 17. des. 1954 og fyrir 1958 20. des. 1957. En ef litið er á þessa 20 ára þingsögu að þessu leyti, hefur 9 sinnum á 20 ára tímabili ekki reynzt kleift fyrir hv. Alþ. að ganga frá fjárlagaafgreiðslunni, áður en fjárhagsárið hófst. Og þá hefur auðvitað leitt af því, að það hefur orðið að setja sambærileg lagaákvæði við það, sem felst í þessu frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. — Fjárlög fyrir 1943 voru afgr. 15. febr. 1943, þ. e. snemma á árinu. Fjárlög fyrir 1947 voru afgr. 28. apríl það ár, fyrir 1948 23. marz 1948, fyrir 1949 17. maí 1949, fyrir 1950 12. maí 1950, fyrir 1953 27. jan. 1953, fyrir 1956 1. febr. 1956, 1957 26. febr. það ár, 1959 29. apríl á þessu ári. Og jafnoft og það hefur dregizt á þessu 20 ára tímabili að afgr. fjárlög fyrir áramót, hefur orðið að setja sambærilega löggjöf við þá, sem hér er farið fram á að sett verði.

Og þá er rétt að gera sér grein fyrir því, hvaða háttur hefur verið hafður á um setningu slíkrar löggjafar. 1942 er frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði útbýtt 15. des. og lögfest 17. des. 1942. 1946 er sams konar frv. útbýtt 17. des. og lögfest 19. des. 1947 er sams konar frv. útbýtt 11. des. og lögfest 17. des. 1948 er sams konar frv. útbýtt 15. des. og afgr. 16. des. 1949 er frv., sams konar, útbýtt 19. des. og lögfest 20. des. 1952 er frv. útbýtt 18. des., lögfest 19. des. 1956 er frv. útbýtt 15. des., lögfest 16. des., 1957 útbýtt 17. des., lögfest 20. des., og 1958 útbýtt 22. des. og lögfest 29. des.

Við sjáum af þessu, að þingtíðindi sýna það óvefengjanlega, að þessi mál hafa ævinlega verið afgr. á örstuttum tíma í þau 9 skipti, sem til þess hefur komið í 20 ára þingsögu að setja slíka löggjöf sem þessa. Og hvað veldur því, að löggjöf sem þessi hefur ævinlega verið afgr. á svona skömmum tíma? Það, sem veldur því, er það, að setning sambærilegrar löggjafar við þetta hefur verið einn þáttur í samkomulagi milli allra þingflokkanna um þingfrestun í kringum jólaleytið. Og vegna þess, að setning slíkra laga sem þessara hefur verið þáttur í samningum og samkomulagi milli allra þingflokkanna, hefur þessari löggjöf verið hleypt í gegnum þingið oft á 2 dögum með afbrigðum, með samþykki allra. Milli setningar þessarar löggjafar um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og frestunar þings um jólaleytið er því órofasamband í 20 ára þingsögu. Og sambandið á milli þessa frv., sem hér er til umr., og þáltill., sem liggur fyrir Sþ., er enn þá jafntraust og verið hefur. Þetta bara ber að með nýjum og öðrum hætti en nokkurn tíma áður hefur gerzt.

Þegar litið er annars vegar á ákvæði stjskr., sem ég benti á í upphafi þessa máls, og hins vegar á það, hvernig þingið hefur skoðað það í reynd, ekki sem bókstafsákvæði, heldur í reynd, sem ákvæði, sem sjálfsagt er og skylt að framfylgja, þá kemur það í ljós, að í 20 ára þingsögu er ekkert fordæmi fyrir því, að þingi hafi verið frestað um jólaleytið, áður en 1. umr. fjárlaga hefur farið fram. Og til enn fyllri sönnunar skal ég minna á það, að þrisvar sinnum á 20 ára tímabili hefur það komið fyrir, að það hafi verið borin fram 2 fjárlagafrv. fyrir hið sama fjárhagsár. Það var á meðan eins konar millibilsástand ríkti um þingsetningardaginn, meðan þing var kallað saman 15. febr., en var frestað og starfaði aðallega að haustinu. Fjárlagafrv. fyrir árið 1944 var lagt fram á öndverðu ári 1943, á þeim þingparti, sem þá var haldinn, og það var rætt við 1. umr. 19. apríl 1943 og vísað til fjvn., en síðan aldrei lögfest. Breytingar voru svo örar á stríðsárunum, að það þótti réttara að flytja nýtt fjárlagafrv. um haustið og hafa það að uppistöðu fyrir fjárlögin heldur en að gerbreyta hinu fyrra frv. Hið sama gerðist aftur ári seinna, að fjárlagafrv. fyrir árið 1945 var fyrst flutt á öndverðu ári og rætt þá við eina umr. 3. marz 1944, en síðan aldrei afgr., heldur flutt annað frv. seinna á árinu og það lögfest 19. des. 1944, eins og ég gat um áðan. Og í þriðja skipti hefur þetta komið fyrir. Það var fjárlagafrv. fyrir árið 1948, sem var lagt fram, en ekki afgreitt, heldur annað frv. flutt síðar. Og til þess nú að skoða þetta í því ljósi, hvað þingið hefur lagt mikið upp úr því, að fjárlagafrv., sem flutt hefur verið og sýnt þinginu, yrði tekið til 1. umr., þá vil ég minna á, að meðferðin á þessum 3 fjárlagafrv., sem aldrei voru gerð að raunverulegri uppistöðu við fjárlagaafgreiðsluna, var sú, að þau voru samt tekin til umr. í þinginu og gerð grein fyrir fjárhagsafkomu ríkisins, eins og hún var á þeim tíma, þegar þau lágu fyrir, þó að fjvn. afgr. þau aldrei frá sér.

Þá er á það að líta, hvernig farið hefur verið að, þegar ný stjórn hefur verið mynduð í upphafi þings. Því er ekki að neita, að fjmrh., sem tekur við embætti í byrjun þings, hefur verri aðstöðu til þess að flytja þinginu skýrslu um fjárhag ríkissjóðs heldur en ráðherra, sem hefur lengi gegnt því starfi, áður en þing kom saman. En það er alveg sama. Ef þingsagan er könnuð að þessu leyti, þá hafa fjmrh., sem hafa tekið við embætti í byrjun þings, talið sér þetta skylt, og þeir hafa séð sér kleift að undirbúa sig á skömmum tíma til þess að leggja málið á þennan hátt fyrir þingið.

Ég skal ekki nefna mörg dæmi, þessum orðum til stuðnings, en ég skal þó nefna eitt dæmi. Það er frá árinu 1949, þegar Sjálfstfl. myndaði minnihlutastj. snemma á þinginu, eftir að það var komið saman, og Björn Ólafsson tók sæti fjmrh. í þeirri stjórn. Þá var fjarri því, að sá fjmrh. hæstv., sem tók þá við, færðist undan því á nokkurn hátt, að fram færi 1. umr. fjárlaga, fljótlega eftir að hann tók sæti í ráðherrastóli, heldur vann hann þvert á móti ötullega að því, að það yrði gert. Og innan hálfs mánaðar, frá því að Björn Ólafsson settist þá í sæti fjmrh., flytur hann þinginu skýrslu sína, sem er 27 dálkar, þétt prentaðir, í Alþt. frá því ári. Þetta verk vann Björn Ólafsson á hálfum mánuði. Og upphaf ræðu hans er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að stjórnarskipti urðu 6. þ. m.,

hefur það komið í minn hlut að þessu sinni að gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs undanfarið og skýra frv. það til fjárlaga, sem fyrrverandi fjmrh. hefur lagt fyrir Alþ. Ég mun ekki á þessu stigi bera fram neinar breyt. við frv., en mun ræða það síðar við hv. fjvn. í samræmi við þá stefnu í fjármálum ríkisins, sem ég tel að eigi að fylgja, eins og sakir standa, og síðar kemur fram í þessari ræðu.“

Síðan gerir hann þessa grein fyrir fjárreiðum ríkisins og lýkur svo ræðunni með því að lýsa stefnu stjórnarinnar í fjármálum, sem hann setur fram í 6 liðum.

Þetta nefni ég aðeins sem dæmi því til sönnunar, hve þessi regla hefur verið ófrávíkjanleg, jafnt hvort stj. hefur verið mynduð í þingbyrjun eða ekki, að 1. umr. fjárlaga fari fram, áður en þinghlé er tekið. Og mér er ekki kunnugt um, að nokkur fjmrh. hafi færzt undan því að inna þessa skyldu af hendi, fyrr en ef það kann að verða svo nú.

Þegar á þetta er litið, sem eru óvefengjanlegar staðreyndir þingsögunnar, þá er auðveldara en ella að átta sig á því, hvað er nýtt í þessari málsmeðferð, sem stjórnarandstaðan átelur að verði viðhöfð.

Það er í fyrsta lagi nýtt í þessum vinnuaðferðum, að nú á að knýja það í gegn, að 1. umr. fjárlaga fari ekki fram, áður en þingi er frestað. Það er mín skoðun, að núv. hæstv. fjmrh. sé ekki þeim mun óvaskari maður en fyrirrennarar hans hafa verið, að honum væri vel kleift að halda hinni hefðbundnu þingvenju að þessu leyti og inna þá skyldu af hendi á tiltölulega skömmum tíma. Þessi skoðun mín er studd af kynningu við þennan hæstv. ráðh., sem ég hef fengið af samstarfi við hann hér á hv. Alþingi, enda er þess að gæta, að það stjórnarsamstarf, sem nú er nýlega hafið, er í raun og veru framhald af fyrra stjórnarsamstarfi, því sem staðið hefur allt þetta ár, þar sem Sjálfstfl. og Alþfl. hafa raunverulega stutt þá stjórn. Nei, hér eru einhverjar aðrar ástæður að verki. Hér eru einhver annarleg sjónarmið uppi.

Í 23. gr. stjskr. segir: „Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.“ Þetta minnir á það, að ríkisstj., sem er handhafi framkvæmdavaldsins á hverjum tíma, gegnir því í raun og veru í umboði tveggja aðila, að sumu leyti í umboði forseta Íslands, en að öðru leyti og ég vil segja aðallega í umboði Alþingis. Valdinu að þessu leyti um frestun þingsins er skipt á milli þessara aðila, en vald forseta Íslands er takmarkað við tvær vikur, að þinginu sé ekki frestað nema í tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Ef lengra er gengið, þá verður vald Alþingis að koma til. En þar sem vald Alþingis verður að koma til, ef lengra er gengið, þá leiðir það af því, að ríkisstj. verður að leita samþykkis Alþ., ef hún óskar að fresta þingi lengur en hálfan mánuð.

Nú er það augljóst, að þingmeirihluti, hversu naumur sem hann er, getur knúið slíka samþykkt fram. Það er að sjálfsögðu lögmæt samþykkt að fresta þinginu, ef það fæst fyrir því einfaldur meiri hl., hversu naumur sem hann er. En hver maður, sem leggur það á sig að kanna þingtíðindin, kanna þingsöguna að þessu leyti, mun komast að raun um það, að það hefur aldrei verið framkvæmt þannig, að ríkisstj., hver sem hún er, og að þingmeirihluti, hvort sem hann er naumur eða stór, hafi knúið fram frestun á þingi gegn harðri andstöðu minni hl. Þetta hefur verið samningsmál á milli þingflokkanna, og dagsetningarnar, sem ég greindi áðan um útbýtingu og lögfestingu frumvarpanna um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, sanna það, þar sem þær hafa verið einn þáttur í því samningsmáli, hvenær þinginu yrði frestað.

Þetta er því alveg nýtt nú, sem í fyrsta sinn skeður í þingsögunni, að það er stofnað til þess af þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr, að hafa hér nýjan hátt á, og þessa nýju aðferð átelur stjórnarandstaðan.

Í þriðja lagi er það nýtt í þessu máli, að það á að knýja það fram, að tekjuaukafrv. fyrir ríkissjóð verði samþ. eða lögfest, áður en 1. umræða fjárlaganna fer fram og þingmenn fá grg. yfir fjárhagsástand ríkissjóðs, eins og það liggur fyrir í upphafi þings.

Í fjórða lagi leiðir það af þessum nýju vinnubrögðum, að fjvn., sem hefur umfangsmiklum störfum að gegna á þingi við undirbúning fjárlaganna, fær naumari tíma en ella til sinna starfa, nema þá stefnt sé að því, að þinghaldið dragist mjög langt fram á vor.

Í fimmta lagi virðist þetta vera liður í þeirri fyrirætlun núv. ríkisstj. að dylja þingið þess í lengstu lög, hvernig fjárhagsástandið er um þessar mundir.

Í sjötta lagi virðist til þessara nýju vinnubragða stofnað til þess að koma í veg fyrir, að þingið fjalli nú á eðlilegan hátt um brbl. þau, sem snerta landbúnaðarvöruverð og gefin hafa verið út og hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) gerði að umræðuefni í ræðu sinni hér áðan.

Og í sjöunda lagi virðist að því stefnt með þessum nýju vinnubrögðum, að þingmenn fari heim, áður en samningar eru upp teknir um rekstrargrundvöll útgerðarinnar um næstu áramót, eða a. m. k. nokkuð vitnast um, hvaða horfur eru á því sviði.

Þegar þetta er athugað, þá sjáum við, að með þessum nýju vinnubrögðum er brotið blað í þingsögunni. Og þetta er fordæmi, eins og hv. 2. þm. Vestf. ræddi um hér áðan, sem lengi kann að verða vitnað til, fordæmi, sem hefur ekki verið til staðar áður.

En hvað er þá frumlegt við þessi nýju vinnubrögð? Ja, það er í fyrsta lagi frumlegt, að ríkisstj. skuli skapa sjálfri sér slíka málefnaaðstöðu eins og hún gerir með því að hafa þennan hátt á. Það er kunnugt, að ýmsar lýðræðisþjóðir, eins og t. d. Bretar, traust þingræðisþjóð, á tiltölulega ófullkomna stjórnarskrá, en stjórnar að verulegu leyti eftir hefðbundnum venjum. Við Íslendingar erum breytingagjarnir, og við eigum ekki margar hefðbundnar venjur, sem við forðumst að víkja frá.

En þær eru þó til. Og ég hygg, að hver einasti þm., sem ber þjóðrækniskennd í brjósti, muni skoða hug sinn tvisvar, áður en hann vill kasta þeim hefðbundnu venjum, eins og t. d. þeirri venju, að þingmenn gangi í kirkju, um leið og hvert þing er sett. Mér er ekki kunnugt um, að ákvæði um það sé í stjskr. eða þingsköpum, heldur sé það byggt á hefðbundinni venju. Ein af þessum venjum, sem hefur skapazt að undanförnu, er sú að knýja ekki fram frestunartill. á þingi af naumum meiri hl., heldur hafa um það samráð milli þingflokkanna og gera það að samningsatriði. Það er frumlegt að ætla nú í fyrsta skipti í þingsögunni að brjóta þessa hefð. Og það er líka frumlegt að ætla að hrekja þingmenn — blátt áfram að hrekja þingmenn að ófyrirsynju út úr Alþ., helzt á 10. eða 11. degi eftir þingsetningu, með öll málefni þingsins óleyst. Þetta fyrsta skref ríkisstj., sem setið hefur tæpan hálfan mánuð, er ekki giftusamlegt, og vonandi áttar ríkisstj. sig á því í tíma að halda þessu ekki til streitu, heldur leita samninga, eins og verið hefur, milli allra þingflokkanna um þessi vinnubrögð, og vonandi átta þeir sig, sem styðja núv. ríkisstj., á því, að hér er óvarlega farið. En þáltill. í Sþ. er komin inn í þingskjalapartinn. Hún geymist í þingsögunni til varnaðar, ekki aðeins nú á þessum vetri, ekki meðan núv. ríkisstj. situr, hvort sem ferill hennar verður langur eða skammur, heldur um næstu áratugi, sem dæmi, sem verður vitnað til, þeirri ríkisstjórn og þeim þingflokkum, sem að því standa, til verðugs áfellis.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér þykja heldur fáir þdm. hér viðstaddir. Ég vildi mælast til þess, að forseti hlutaðist til um, að þdm. gengju í salinn. **(Forseti:** Það hafa verið gerðar þær ráðstafanir, sem mögulegt er.) Ég mun staldra við þangað til.

Herra forseti. Við erum staddir hér á ákaflega sögulegum fundi. Það er, að ég hygg, í fyrsta skipti í sögu þingsins frá því 1918, að þingfundur er háður 1. desember. 1. des. er genginn í garð. Mér hefði fundizt það viðeigandi, að þessa atburðar hefði verið minnzt af forsetastóli, því að vissulega markar sá dagur þau tímamót í okkar sögu, að þess hefði verið vert. 1. des. 1918 gerðist sá atburður, sem hvert mannsbarn kannast við. Þá gekk í gildi sambandslagasamningurinn við Danmörku, sem var áfangi og árangur af baráttu margra beztu sona íslenzku þjóðarinnar. Og þá náðist sá áfangi, sem á var byggt síðar, þegar við endurreistum lýðveldi hér á landi 17. júní 1944. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafi ekki verið háður þingfundur 1. des. fyrr en þetta.

Og þessi fundur, sem háður er 1. des., er háður undir nokkuð einkennilegum kringumstæðum. Ég verð að taka undir með þeim þm., sem hér hafa talað og vítt hafa þau vinnubrögð, sem hér eru höfð í frammi. Það er furðulegt, að það skuli vera haldinn fundur að næturþeli hér í Ed., þegar enginn fundur er haldinn í Nd. Það er furðulegt, að það skuli vera hafður sá háttur á vinnubrögðum, sem hér hefur verið hafður, að það sé hringlað til með málin á dagskránni, horfið frá einu, þegar búið er að halda framsöguræðu um það, tekið annað mál, sem fleygt er inn í þingið, bandormur, undinn saman úr fjórum frumvörpum, rætt um það, það afgreitt til n., síðan er haldið áfram og horfið þar að, sem fyrr var frá horfið, og tekið til við umr. um frv. það um heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði, sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég held, að svona vinnubrögð séu, sem betur fer, alveg einsdæmi í íslenzkri þingsögu, og það er alveg rétt að láta þingtíðindin geyma það. Ég hygg, að það sé einsdæmi algert, að það sé út af slíku máli sem þessu stofnað til næturfundar á þeim degi, sem lengi var fullveldis- og hátíðisdagur íslenzku þjóðarinnar, og það gert með þeim hætti, sem hér er, á fyrstu dögum þingsins. Ég verð að mótmæla þessu mjög kröftuglega, og ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að forseti skuli láta slík vinnubrögð fara fram.

Ég hafði annars ætlað mér að tala hér aðallega um þá brtt. við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði árið 1960, sem ég flyt ásamt hv. þm. Ásgeiri Bjarnasyni, 1. þm. Vesturl., á þskj. 32. Sú till. snertir mjög landbúnaðarmál. Ég hafði í því sambandi hugsað mér og það að nokkru að gefnu tilefni frá hæstv. landbrh. að rifja upp dálítið sögu Sjálfstfl. í þeim efnum og stefnu Sjálfstfl. í þeim málum. Ég hefði þess vegna eindregið óskað eftir því, að hæstv. landbrh. væri viðstaddur. Og nú vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann geti ekki hlutazt til um það, að hæstv. landbrh. mæti hér, því að vissulega er það skylda ráðh. að vera viðstaddur þingfundi, og það er óvirðing við þd. og þingið, að ráðh. séu ekki viðstaddir, þegar eftir því er óskað, og það er óvirðing, ef þessi tilmæli eru virt að vettugi og umr. haldið áfram og knúin fram atkvgr. hér að nóttu til. Ég vil fá alveg skýr svör frá forseta um þetta og vil láta þingtíðindin geyma þau. **(Forseti:** Ég get gert tilraun til þess að ná í hæstv. ráðh. En ég ábyrgist ekki, hvort hann kemur, og þó að hann komi ekki, þá munum við halda umr. áfram.) Á ég þá að bíða? **(Forseti:** Hv. þm. verður að ráða því, því að eins og hann veit, þá er ráðh. ekki staddur hér, og það hlýtur að taka einhvern tíma að ná í hann eða gera tilraun til þess að ná í hann.)

Á þessu þskj., nr. 32, gerum við till. um það, að bætist aftan við 1. gr. frv. svo hljóðandi málsgr.: „Enn fremur er ríkisstj. heimilt að greiða þá 3.18% verðhækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar."

Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) hefur gert rækilega grein fyrir aðdraganda þess og ástæðunni fyrir því, að þessi till. er hér fram borin, svo að ég get að vísu af þeim sökum farið fljótar yfir sögu. En ég vil aðeins undirstrika það og leggja á það áherzlu, að með bráðabirgðalögunum frá s. l. hausti um bindingu verðlagsins

á búvörum landbúnaðarins er freklega brotinn réttur á bændastéttinni. Með þessari bráðabirgðalöggjöf voru bændur sviptir 3.18% hækkun á afurðaverði, sem þeir eiga skýlausan rétt á lögum samkv., því að eftir 6. gr. framleiðsluráðslaganna er það alveg skýlaust, að gamli grundvöllurinn, sem við er miðað, og verðlagið á að reikna út eftir, á að gilda, þangað til annar hefur verið fundinn. Um þetta verður ekki deilt. Bændastéttin hefur ein allra stétta gengizt undir gerðardóm, svo sem rakið hefur verið hér af hv. 1. þm. Vesturl. En svo gerast þau óheyrilegu tíðindi, að henni er synjað um að fá þennan gerðardóm um sín kjör. Í stað þess eru kjör hennar, bændastéttarinnar, bundin með brbl. Með brbl. er ómerkt það ákvæði framleiðsluráðslaganna, að tekjur bænda skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Og þetta gerði ríkisstj. alveg þvert ofan í gefin fyrirheit í sambandi við setningu efnahagslöggjafarinnar s. l. vetur. Brbl. eru, hvernig sem á þau er litið, furðulegt gerræði af minnihlutastjórn. Því verður ekki á nokkurn hátt mótmælt, að með brbl. framdi fyrrv. hæstv. ríkisstj. fáheyrt gerræði og réttindasviptingu gagnvart bændastéttinni.

Menn tala um það, að þetta sé ekki mikil peningafjárhæð, sem þarna sé um að ræða, peningafjárhæðin sé ekki stór. Það má til sanns vegar færa kannske, að það sé ekki stór peningafjárhæð, sem fellur í hlut hvers og eins. En þó er það ekkert smáræði. En hvað sem því líður, þá er peningafjárhæðin ekki aðalatriðið í þessu, heldur hitt, sú óvirðing, sú lítilsvirðing, sem bændastéttinni var sýnd með útgáfu þessara brbl. Með brbl. var verðlagskafli framleiðsluráðslaganna raunverulega afnuminn og þar með aðalkafli þeirrar merku löggjafar, sem veitti bændum svipaðan sjálfsákvörðunarrétt og öðrum stéttum.

Þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar á s. l. vetri, lá það strax fyrir, að bændur ættu að fá nokkra hækkun á kaupgjaldsliðnum í verðlaginu vegna kaupgjaldshækkana, sem orðið höfðu haustið áður, eftir að verð á landbúnaðarvörum var ákveðið. Framsóknarmenn töldu réttast og jafnvel skylt, að þessi hækkun yrði þá þegar tekin inn í verðið, þar sem bændur áttu þetta raunverulega inni fyrir liðinn tíma. En till. framsóknarmanna þar að lútandi voru felldar af stjórnarflokkunum þáverandi, sem enn eru stjórnarflokkar. En þeir sögðu þá eða a. m. k. sjálfstæðismenn og hétu því hátíðlega, að þetta skyldi verða leiðrétt nú í haust, og því til sönnunar má einmitt vitna í yfirlýsingu hv. þm. Jóhanns Hafsteins, sem hann flutti þá á þinginu og hv. 1. þm. Vesturl. vitnaði í í ræðu sinni hér áðan. Ég fullyrði, að með útgáfu brbl. hafi verið brotnar viðteknar þingræðisvenjur um útgáfu slíkra laga, því að jafnvel þó að Sjálfstfl. hefði verið talinn standa með lögunum, þá brast þingfylgi til að koma lögunum fram. Eins og þá stóð á, stóðu 26 með gegn 26, en hvað þá heldur, þegar Sjálfstfl. lýsti því yfir, að hann mundi fella brbl. En það má einmitt telja alveg viðtekna venju, ekki aðeins hér, heldur og víða um lönd, þar sem brbl. tíðkast á annað borð, að minnihlutastjórn eða utanþingsstjórn hverfi alls ekki að því ráði að gefa út brbl. nema í samráði við þingmeirihlutann eða þingið, sem situr.

Það er vissulega svo, að hlutur Alþfl. er bágborinn í sambandi við útgáfu þessara brbl. En það má e. t. v. segja, að slíkt sé ekki svo mjög að undrast, því að sannleikurinn er sá, að Alþfl. hefur löngum verið heldur skilningssljór á hagsmuni og málefni bændastéttarinnar. En þegar hann hefur verið í samvinnu og samstarfi við Framsfl., hefur það ekki komið að sök, vegna þess að Framsfl. hefur með stefnufestu sinni í þeim málum staðið vörð um hagsmuni bændastéttarinnar, þannig að þeim málum hefur þá verið vel borgið. En þegar Alþfl. er aftur í samstarfi við Sjálfstfl. eða er í hans skjóli eða undir hans verndarvæng, þá verður nokkuð annað upp á teningnum.

Hv. 9. landsk. þm. var að rifja upp hér áðan nokkrar minningar af framboðsfundum, sem við vorum saman á, og það er þá ekki úr vegi máske, að ég rifji aðeins upp örlitla minningu. Ég spurði að því á mörgum framboðsfundum, spurði sjálfstæðisbændur að því, hvort þeir héldu, að þessi brbl. hefðu nokkurn tíma verið sett af Alþfl.-stjórn, sem stuðzt hefði við Framsfl., hans stuðning eða hlutleysi. Ég veit, að þessi hv. þm. man, að það var alltaf, eftir að ég hafði borið fram þessa spurningu, steinhljóð á fundunum. Það treystist enginn, ekki einn einasti sjálfstæðisbóndi til að halda því fram, að Alþfl. hefði dirfzt að setja þessa bráðabirgðalöggjöf, ef svo hefði staðið á, að hann hefði í staðinn fyrir að styðjast við Sjálfstfl. stuðzt við Framsfl. Sannleikurinn er líka sá, að Sjálfstfl. kemst aldrei hjá því að bera ábyrgð á þessari bráðabirgðalöggjöf.

Sjálfstfl. hefur leikið ákaflega kynlegan skrípaleik í sambandi við setningu þessarar bráðabirgðalöggjafar. Sú saga hefur verið rakin hér nokkuð, og ég skal ekki lengja mál mitt mjög með því að rifja hana upp. En þó má aðeins minna á aðalatriðin í þeirri sögu. Í stuttu máli má segja það, að Sjálfstfl. sagði um þessi mál eitt í dag og annað á morgun. Fyrst gaf Sjálfstfl. yfirlýsingu um stuðning við ríkisstj. Alþfl. þrátt fyrir útgáfu brbl. Aðra yfirlýsingu gaf hann svo í sambandi við þetta mál, og það var sú yfirlýsing, sem hv. 1. þm. Vesturl. las hér upp áðan, yfirlýsing um það, að sjálfstæðismenn mundu sjá um, að bændur fengju fébætur fyrir þá réttarskerðingu, sem þeir hefðu orðið fyrir. Þetta atriði bar líka á góma á framboðsfundunum, sem við hv. 9. landsk. þm. og ég vorum á, og þá veit ég, að hann man eftir því, að þar voru það sjálfstæðisframbjóðendur, sem sögðu: Við þetta verður staðið, nema framsóknarmenn skerist úr leik, en hitt skeður aldrei, að sjálfstæðismenn standi ekki sem einn maður við þessa hátíðlegu yfirlýsingu um það, að bændum verði greiddar fébætur vegna þessarar réttarskerðingar. — Nú reynir á, hvort staðið verður við þessa hátíðlegu yfirlýsingu, þegar greidd verða atkvæði um þessa brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 32.

Svo kom þriðja yfirlýsingin frá Sjálfstfl. Þá herti hann enn á. Þá var hann alveg orðinn á móti brbl. og sagðist fella þau og greiða atkvæði gegn þeim, þegar þau yrðu lögð fyrir þingið. Og það var sagt, að auðvitað yrðu þessi brbl. venju samkv. lögð fyrir Alþingi, strax og það kæmi saman, og þá mundi það sýna sig, að sjálfstæðisþingmennirnir mundu allir sem einn greiða atkvæði gegn þeim.

Þegar svona var komið, þótti framsóknarmönnum ástæða til að kanna þá þegar, hver heilindi fylgdu þessum yfirlýsingum sjálfstæðismanna, og þeir ásamt Alþb. óskuðu eftir aukaþingi til þess að fjalla um þetta mál. 26 þm., helmingur þm., óskuðu eftir aukaþingi um þetta mál. Því var synjað. Sjálfstæðismenn vildu ekki grípa þá strax tækifærið til þess að standa við yfirlýsingar sínar og fella þessi brbl. Nei, það átti að bíða fram yfir kosningar. Það er ekki furða, þó að hæstv. landbrh. komi svo hér í pontuna og hafi það eitt að segja, að bændur geti verið rólegir, þeir fái sitt, þeim sé næg trygging í orðum og yfirlýsingum sjálfstæðismanna. Nú reynir á það.

En ég ætlaði, eins og ég sagði, að fara dálítið út í sögu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, rifja svolítið upp þá stefnu, sem hann hefur haft í málum landbúnaðarins. Ég mun fara fljótar yfir sögu, þar sem hæstv. landbrh. getur ekki gefið sér tóm til að mæta á fundi deildarinnar. Ég skal þó aðeins nefna nokkur mál, þar sem stefna Sjálfstfl. í garð bændastéttarinnar og landbúnaðarmálanna hefur komið nokkuð skýrt fram, og þá leyfi ég mér að nefna fyrst þá merkustu löggjöf, sem sett hefur verið fyrir bændastéttina, þ. e. a. s. afurðasölulöggjöfina frá 1934 og 1935. Hvernig var viðhorf Sjálfstfl. til þeirrar löggjafar? Var hann með þeirri hagsmunalöggjöf landbúnaðarins? Nei, ekki aldeilis. Nei, Sjálfstfl. barðist á móti henni með hnúum og hnefum. Sjálfstfl. gekk svo langt eða hans helztu forustumenn að hvetja til og stofna til mjólkurverkfalls hér í höfuðstaðnum. Það voru birtar yfirlýsingar í málgögnum sjálfstæðismanna dag eftir dag, þar sem hvatt var til þess að hætta mjólkurkaupum, og margir helztu broddar þess flokks minnkuðu mjólkurkaup sín geysilega mikið. Það var líka eitt, sem þá kom á daginn í þeim málgögnum, sem full ástæða er til að rifja upp núna vegna þess, hve ástandið er nú alvarlegt og það má búast við sölubanni á mjólk og mjólkurskorti eftir kannske miðjan mánuðinn. Það er ástæða til að minna á þær ráðleggingar, sem þá komu fram í Morgunblaðinu, en Morgunbl. birti þá ýmsar ráðleggingar til húsmæðra um það, hvernig þær ættu að fara að og bæta sér upp mjólkurskortinn. Meðal annarra ráðlegginga var það, að það væri sérstaklega gott að hafa ýsusoð, það gæti komið í stað mjólkur, það væri heilnæmt. Ég held, að það væri hyggilegt af Morgunbl. að rifja upp þessar uppskriftir, sem það birti á þessum tíma, og birta þær aftur mönnum til leiðbeiningar, ef svo óheppilega skyldi nú fara, að þetta sölubann skyldi skella á einmitt af því að Alþingi er ekki leyft að taka afstöðu til þessara mála. Sjálfstfl. sýndi ákaflega glöggt í afstöðu sinni til þessa máls, hver hugur hans var þá í garð bændastéttarinnar.

Næsta atriði, sem ég vil nefna og minna á, er setning búnaðarráðslaganna. Þá var umhyggjan fyrir bændunum þvílík, að ákvörðunarvaldið um verðlagningu afurða landbúnaðarins var tekið úr höndum þeirra og fengið í hendur stjórnskipaðri nefnd. Það er kannske það, sem er í vændum eftir 15. des.? Það var einmitt þetta illræmda búnaðarráð, sem fellt var niður með framleiðsluráðslögunum, sem reynt var að verulegu leyti að ómerkja með útgáfu bráðabirgðalaganna.

Og þá má minna á nýsköpunarstjórnina. Það má minna á það, hve mikið hún ætlaði af milljónunum, sem hún tók frá til fjárfestingar, í hlut landbúnaðarins. Það var smár hlutur, borið saman við annað. En hitt var þó verra, að það var ekki staðið við það.

Og hvernig var ástandið í lánamálum landbúnaðarins, þegar nýsköpunarstjórnin skildi við? Sjóðirnir voru tómir. Þannig hefur það verið, þegar Sjálfstfl. hefur farið með landbúnaðarmál eða komið nálægt landbúnaðarmálum. Það er þess vegna ekki furða, þó að hæstv. landbrh. lýsi því yfir, að bændur geti látið sér nægja loforð og yfirlýsingar sjálfstæðismanna.

Sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismenn hafa ekki af miklu að státa í sambandi við meðferð landbúnaðarmála. Það einasta og það aleinasta, sem þeir eiginlega hafa nú reynt að færa sér til tekna í sambandi við landbúnaðarmál eða meðferð þeirra, er það, að á árum nýsköpunarstjórnarinnar var ákveðið að hækka frá 1. jan. 1947 framlag úr ríkissjóði til nýbýla- og byggingarsjóðs. En ekki einu sinni að þessu áttu sjálfstæðismenn frumkvæðið, heldur var þetta gert samkvæmt frumkvæði Steingríms Steinþórssonar í nýbyggingaráði, en nýsköpunarstjórnin gerði enga tilraun eða a. m. k. ekki tilraun, sem árangur bar, til þess að afla fjár til þess að greiða hin auknu framlög. Það kom í hlut þeirrar stjórnar, sem tók við á eftir.

Og svo er rekinn endahnúturinn á þetta allt saman með brbl. um festingu verðlagsins og um réttindasviptingu þá, sem í þeim er fólgin. En eins og ég áðan sagði, kemst Sjálfstfl. aldrei hjá því, að aðalábyrgðin á útgáfu þeirra laga hlýtur á honum að hvíla, því að það dettur engum lifandi manni í hug, eins og sambandinu hefur verið háttað á milli Alþfl. og Sjálfstfl. á þessu ári, svo sem ég hef lítillega vikið hér að áður í öðru sambandi, að ríkisstj. Alþfl. hefði dirfzt að gefa út þessi brbl. nema í samráði og með fullu samþykki Sjálfstfl.

Það hefur verið minnzt á það hér í þessum umr., að framsóknarmenn hafi sýnt miður góðan hug í garð bændastéttarinnar í sambandi við setningu efnahagslöggjafar 1958 vegna þess álags, sem þá kom á rekstrarvörur landbúnaðarins. Það hefur nú verið sýnt fram á, að það situr sízt á sjálfstæðismönnum um þetta að tala, vegna þess að það hefur verið sýnt fram á það, að sjálfstæðismenn töldu þessa

löggjöf til bóta í mörgum greinum og hreyfðu ekki neinum athugasemdum um þetta atriði á Alþingi. Þeir báru enga till. fram um það að breyta þessu. Þeir hafa síðan, eftir að þeir höfðu aðstöðu til, ekki gert nokkra ráðstöfun til þess að fá þessu breytt. Og því var lýst yfir af meiri hluta stjórnar Stéttarsambands bænda, þar sem í á sæti sjálfstæðismaður, að þeir hefðu ekkert við þessa löggjöf að athuga eða teldu hana ekki mismuna þannig, að hún kæmi harðar við bændur en aðra.

Sjálfstfl. hefur gefið yfirlýsingar í sambandi við útgáfu brbl. Hann hefur í fyrsta lagi heitið því að tryggja bændum og sjá um það, að þeir fengju fébætur vegna þessarar réttindaskerðingar. Hann hefur í annan stað heitið því að greiða atkvæði gegn brbl. Ég hef hins vegar leyft mér að halda því fram, að Sjálfstfl. hafi í raun og veru tekið ábyrgð á útgáfu þessara brbl. og þess vegna muni hann ekki standa við þessar yfirlýsingar sínar. Nú reynir á þetta. Nú fær hann tækifæri til þess að sýna, hvort hann ætlar að standa við fyrri yfirlýsingu sína um það að greiða bændum fébætur vegna þessarar réttindaskerðingar. Hins vegar hefur hann ekki viljað og ekki fengizt til þess að leggja brbl. fyrir þetta þing, þó að það sé föst og nokkuð viðtekin venja, að ég ætla, að brbl. séu lögð fyrir Alþingi í upphafi þess eða sem fyrst, eftir að það er saman komið. Og hvað sem allri venju um það líður, þá er alveg sérstök ástæða til þess að leggja þessi brbl. strax fyrir Alþingi, bæði vegna þess að gildistími þeirra er takmarkaður, þau renna út 15. des., svo og vegna þess, sem upplýst var um afstöðu þm. til þessara brbl. eða a. m. k. að því er virtist upplýst um afstöðu þm. til þessara brbl. Það var sérstök ástæða til fyrir Sjálfstfl., eftir að hann var kominn í ríkisstj., að grípa fegins hendi það tækifæri, sem honum þar gafst, og leggja brbl. strax fyrir Alþingi og láta fara fram þar atkvgr. um þau og sýna það, að hann mundi verða stefnu sinni, sem hann hafði lýst yfir, trúr í verki. En Sjálfstfl. hefur ekki lagt þessi brbl. fyrir. Og það er meira að segja rík ástæða til þess að ætla, að sú frestun, sem fyrirhuguð er á Alþingi, sé einmitt gerð í sambandi við þessi brbl., það eigi að knýja þingfrestunina fram, áður en kemur að þeim degi, að brbl. falla úr gildi, 15. des. Þetta er alveg einstætt.

Það liggur sem sé alveg ljóst fyrir, að Sjálfstfl. ætlar með undanbrögðum að skjóta sér hjá því að standa við yfirlýsingu sína í sambandi við brbl. Hann ætlar að skjóta sér hjá því að láta þingviljann koma skýrt fram um þessi lög. Þetta er stórkostlega vítavert. Eins og ég hef sýnt fram á, var útgáfa brbl., eins og allt var í pottinn búið, alveg tvímælalaust þingræðislegt brot. Ég vil segja, að hún hafi jaðrað við stjórnarskrárbrot. Ég vil segja, að útgáfa þeirra hafi eins og á stóð jaðrað við það að varða ráðherraábyrgð, — alveg hiklaust. Og ég fullyrði, að það sé ekki hægt að finna fordæmi fyrir því í okkar sögu, að brbl. hafi verið gefin út undir þessum kringumstæðum.

En Sjálfstfl. ætlar — eða forusta hans — í trausti þess, að hún geti beygt sína þm., að koma sér hjá að leggja brbl. fyrir þingið, koma sér hjá því að greiða atkv. um þau. Þetta getur vel tekizt, vegna þess að þeir hafa meiri hluta. En þeir komast ekki hjá því að taka afstöðu til þessarar till., sem hér liggur fyrir. Þeir komast ekki hjá því að taka afstöðu til þess, hvort þeir ætla að standa við sína yfirlýsingu um að greiða fébætur til bændastéttarinnar vegna þeirrar réttarskerðingar, sem hún varð fyrir í sambandi við útgáfu brbl. Ég viðurkenni það fúslega, að þessi aðferð að flytja till. í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er óvenjuleg. En hún er líka af hálfu stjórnarandstöðunnar eða Framsfl. hreint neyðarúrræði. Framsfl. vill fá fram þingviljann um þetta atriði. Hann vill, að sjálfstæðismenn verði að sýna það í verki, hvort þeir vilja standa við sínar yfirlýsingar eða ekki. Það var ekki annar kostur til að ná því fram en að tengja atkvgr. um þetta mál við eitthvert annað mál, sem stjórnin þurfti að ná fram. Þetta skilur hvert mannsbarn, og það mun verða tekið eftir því í öllum sveitum landsins, hvernig atkv. falla um þessa brtt. Og það er alveg sama, með hvaða hætti sjálfstæðismenn koma henni fyrir kattarnef. Bændur landsins munu skilja það hugarþel, sem birtist í því. Þeir munu kunna að túlka það, og það verður ekki túlkað nema á eina lund, — á þá lund, að sjálfstæðismenn ætla þá að svíkja sínar yfirlýsingar um það að tryggja bændum fébætur fyrir þessa réttarskerðingu. Og þá munu þeir ekki heldur standa við yfirlýsingu sína um að greiða atkvæði gegn brbl., og þá er vant að sjá, nema þeir grípi til einhverra svipaðra aðgerða og útgáfu brbl. í garð bændastéttarinnar, þegar búið er að senda þingið heim. En um það hafa verið höfð hér mörg orð, en vissulega ekki of mörg, hver óhæfa það er að ætla að fara að senda þingið heim á fyrstu starfsdögum þess, áður en byrjunarstörf þess hafa verið unnin, áður en skipun hefur verið komið á nefndir, ekki kosnir nefndarformenn eða yfirleitt nein vinnubrögð þingsins komin af stað með eðlilegum hætti. Samt á að senda þingið heim. Það verða ekki höfð of stór orð um þessi vinnubrögð. Þau eru hættuleg. Þau eru, eins og bent hefur verið á, fordæmi, sem getur átt eftir að draga mikinn slóða á eftir sér. Ríkisstjórnir eru misjafnar, hafa verið misjafnar og verða misjafnar. Alþingi Íslendinga er valdamesta stofnun íslenzku þjóðarinnar. Það er söguhelgasta stofnun hennar. Það er sú stofnun, sem dugað hefur þjóðinni bezt. Það er skylda okkar, sem kjörnir höfum verið á þetta þing, að halda, hvenær sem er, uppi rétti, heiðri og virðingu þessarar stofnunar og láta ekki ganga á hennar hlut með einum eða öðrum hætti. Og það er skylda Alþingis að standa svo í ístaðinu gagnvart ríkisstj., að hún dragi ekki til sín of mikið af því valdi, sem að réttu lagi á að vera í höndum Alþingis. En samkvæmt íslenzkum stjórnarháttum á það að vera Alþingi, sem mótar stjórnarstefnuna á hverjum tíma, og það er

Alþingi, sem er húsbóndi og á að vera húsbóndi á íslenzka ríkisheimilinu. Ríkisstj., ef hún skilur sitt hlutverk rétt, þá er hún ekki og á ekki að vera annað en þjónn Alþingis. Ég vona, að jafnan sitji á Alþingi Íslendinga þeir manndómsmenn, að þeir standi á verði um heiður og virðingu þingsins, ef að því er vegið, hvort sem það kemur frá ríkisstj., sem er studd af þeim, eða ekki.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í ræðum hv. framsóknarmanna hér í dag hefur margt fróðlegt komið fram. Einn þeirra las í nærri klukkustund úr búnaðarritinu Frey ýmsan fróðleik, annar þeirra lýsti því, að það mundi æðsta ósk stjórnarliðsins að senda spútnik til tunglsins með allan þingheim, og síðasti ræðumaðurinn hér ræddi allýtarlega um mataruppskriftir úr Morgunblaðinu fyrir aldarfjórðungi. Þegar menn hlusta á þetta allt saman, þá kynnu kannske einhverjir að spyrja: Hvaða mál er hér á dagskrá? Ég vil fyrir þá, sem virðast ekki hafa fylgzt nákvæmlega með því, taka það fram, að hér er á dagskrá frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Inn í umr. um þetta mál hefur þó fleira spunnizt en þessi þrjú atriði, sem ég nefndi. En það má segja, að meginuppistaðan í ræðum stjórnarandstæðinga hafi verið það reginhneyksli og þingræðis- og lýðræðisbrot að þeirra dómi, að til standi að hafa þinghlé um skeið, og ríkisstj. er lýst sem einhverjum einræðissegg í fornum stíl, sem ætli að reka þingið heim, eins og hver þm. segir eftir annan: Ríkisstj. sýnir það einræðisbrölt að ætla að reka þingmennina heim.

Hvað er það, sem hér er um að ræða? Það, sem um er að ræða, er það, að hæstv. forsrh. hefur borið fram till. um það, að Alþingi fallist á að fresta fundum Alþingis fram í janúarmánuð. Ríkisstj. sendir ekki þingið heim upp á sitt eindæmi, og það er furðulegt, að hv. þm. skuli flytja hér slíkar fjarstæður. Það verður ekkert hlé gert á fundum Alþingis, nema meiri hluti Alþingis ákveði það sjálfur. Meiri hl. Alþingis telur, að það séu heppileg og skynsamleg vinnubrögð að taka þinghlé fram yfir áramót. Og hvers vegna? Vegna þess, að ný ríkisstjórn var ekki mynduð fyrr en sama daginn og þingið kom saman, og henni hefur af eðlilegum ástæðum ekki unnizt tími til þess að ganga frá þeim viðtæku till. og frv. um efnahagsráðstafanir, sem nú þarf að leggja fyrir þingið. Þau frv. geta ekki verið tilbúin fyrr en eftir áramót. Af þeim ástæðum hefur bæði ríkisstj. og þeir þm., sem styðja hana og eru meiri hl. þings, verið á einu máli um, að það séu æskilegri vinnubrögð að hafa nú hlé, fresta fundum þingsins um skeið, meðan ríkisstj. er að undirbúa þessar till.

Mig furðar satt að segja á málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, þegar þeir halda hér ræðu eftir ræðu og vilja slá því föstu, að ríkisstj., þessi einræðisstjórn, ætli að reka þingið heim gegn vilja þess. Þegar málið liggur þannig fyrir, að ekki aðeins ríkisstj., heldur og meiri hl. Alþingis óskar þess að viðhafa þessi vinnubrögð og fresta fundum Alþ., er það þá lýðræði og þingræði, að minni hl. eigi að ráða, hvar og hvenær Alþ. starfar? Er það lýðræði, að minni hl. Alþingis eigi að segja til um það, hvort þingfrestun verði eða ekki og hversu lengi hún eigi að standa? Mér finnst þessar lýðræðishugmyndir orðnar svo brenglaðar hjá hv. stjórnarandstæðingum, að maður fær varla skilið, að þeir skuli finna köllun hjá sér til þess dag eftir dag og jafnvel fram á nætur að flytja slíkar ræður eins og þessar. Hér er aðeins spurt um það eitt, hver séu heppilegust vinnubrögð.

Í beinu framhaldi af þessu hefur það einnig verið talið rétt og nauðsynlegt að fresta afgreiðslu fjárlaga fram yfir áramót, og þess vegna er þetta frv. fram borið. Fjárlög er að sjálfsögðu ekki hægt að afgreiða á svona skömmum tíma, og sérstaklega vil ég taka það fram aftur, sem ég hef gert raunar hér áður í umr., að efnahagsráðstafanirnar og fjárlögin eru svo nátengd, að þetta hvort tveggja verður auðvitað að vinnast saman. Hér er því um skynsamleg og eðlileg vinnubrögð að ræða og í fullu samræmi við venjur og lýðræði.

Því hefur einnig verið haldið hér fram, að ríkisstj. ætli einnig að fremja allt að því stjórnarskrárbrot, eins og sumir hafa sagt, eða a. m. k. þingræðisbrot að leggja ekki fyrir Alþingi fyrir hléið brbl. um verð landbúnaðarvaranna. Nú er að vísu ekki skylt að leggja brbl. fyrir Alþ., strax og það kemur saman, og oft og tíðum hafa brbl. ekki verið lögð fyrir þing, fyrr en allmikið var liðið á þingtímann og jafnvel undir þinglok. Það er ekki heldur skylt að leggja brbl. fyrir þingið fyrir þinghlé. Engu að síður vil ég taka það fram alveg skýrt, að brbl. um verð landbúnaðarvara verða lögð fyrir Alþ., áður en fundum þess verður frestað.

Hér liggur fyrir ein brtt., sem skýrð hefur verið, um það, að ríkisstj. skuli heimilt að greiða 3.18% verðhækkun á afurðaverð landbúnaðarins o. s. frv., brtt. á þskj. 32. Nú er það svo, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er frá orði til orðs samhljóða lögum, sem sett hafa verið oft á undanförnum árum um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, þegar ekki hefur verið unnt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Mér vitanlega hefur það aldrei komið fyrir, að í slík lög hafi verið teknar upp einstakar fjárveitingar. Þegar af þeirri ástæðu tel ég ekki rétt að fara að samþykkja inn í þessi lög, sem eru raunar alveg hefðbundin og eru orði til orðs shlj. þeim, sem áður hafa verið samþykkt, að taka inn í þau einstakar fjárveitingar og því ekki unnt að samþykkja þessa till.

Sérstaklega vil ég benda á það, að hv. framsóknarmönnum hefur orðið hér í þessum umr. ákaflega tíðrætt um þingvenjur, og það virðist vera þeim mjög hjartfólgið mál, að þær séu virtar. Ég held, að þeir ættu þá í þessu efni líka að halda sér við þá föstu þingvenju að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir, óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hefði mjög gaman af því,

ef hv. 9. landsk. (JÞ) væri hér nærstaddur. Hann vék til mín nokkrum orðum í dag og á því aðeins inni hjá mér, að hann sjálfsagt hyggur. Er hann ekki hér nærri?

Ég vil þá byrja á því að samhryggjast hv. 9. landsk. þm. Hann var svo glaður yfir því, hvað fimmburarnir væru efnilegir, og hann ásakaði ljósmóðurina fyrir það, að hún skyldi ugga um þá og henni skyldi þykja óvarlega með þá farið að ætla þeim að fara í þessum gusti í gegnum Alþ., en ekki hafa þann hátt á, eins og hafður var fyrrum, að leggja þá, af því að þeir voru ófullburða, í hveiti um stund. En nú hefur það komið fyrir, að þeir eru dánir fjórir þessir ófullburða fimmburar og hæstv. ríkisstj. hefur aftur á móti eignazt „bandorm".

Það má annars á það líta, að þetta, sem gerzt hefur, er það, að hæstv. ríkisstj. hefur hopað og flúið af hólmi í sínu fyrsta áhlaupi, flúið af hólmi með sín 4 og þó raunverulega 5 frumvörp í eitt frv. Úr hv. Nd. er tekinn með einn liður „bandormsins". Hún hefur hopað, hún hefur hvikað, hún hefur fundið, að hún hafði ekki sóknaraðstöðu, og hún hefur nú gert annað áhlaup, hvernig sem það fer. Þetta sýnir það, að hún kann þó að meta aðstöðu sína sem veika, eins og hún líka er.

Hv. 9. landsk. kvartaði undan því, að framsóknarmenn læsu upp úr Morgunbl., eða hann kvartaði sérstaklega undan því efni, sem þar væri upp lesið, en óskaði eftir því, að við læsum heldur upp úr framhaldssögu Morgunbl. Nú hafði ég ekki lesið framhaldssöguna og vissi ekki, hver hún var. En ég fór að líta í Morgunbl. og sá þá, að framhaldssagan heitir „Óþreyja hjartans".

Mér hefur oft verið það mikið undrunarefni að undanförnu, þetta síðasta ár og part af árinu þar áður, hve Alþfl.-menn hafa sótzt eftir sambandi við þá, sem standa að Mbl. Þeir hafa borið það með sér, að þá hefur þjáð í því efni „óþreyja hjartans". Og ég undrast þetta vegna þess, að þessi flokkur hefur talið sig verkalýðsflokk, fulltrúa og flokk hins vinnandi fólks, en hins vegar eru þeir, sem standa að Mbl., eins og allir vita, fyrst og fremst þeir, sem hið vinnandi fólk á í höggi við um kaup sitt og kjör.

Nú skil ég það betur eftir ræðu hv. 9. landsk., hvers vegna þetta hefur getað átt sér stað. Þeir hafa sem sé, Alþfl.-mennirnir, ekki lesið það, sem þeir hefðu þurft að lesa í Mbl., en þeir hafa sennilega lesið framhaldssöguna. Hann sagði það, ræðumaðurinn, allborginmannlega, að enginn gæti haft húsbóndavald yfir Alþfl. Nú vita það allir, að Alþfl. hefur verið í þjónustu Sjálfstfl. um skeið. Vitanlega vill hann ekki kannast við það, að Sjálfstfl. hefur stjórnað í gegnum hann. Hv. ræðumaður sagði, að það hefði einu sinni komið fyrir, aðeins einu sinni, að einn flokkur hefði reynt að fá húsbóndavald yfir Alþfl., það hefði verið Framsfl. En það hefði nú ekki tekizt!

Framsfl. hefur aldrei reynt að fá húsbóndavald yfir Alþfl. En í þingsögunni hefur hann oft hjálpað Alþfl. Og þegar Alþfl. t. d. virtist vera að því kominn að líða undir lok 1956 og virtist eiginlega hafa týnt þeim gömlu hugsjónum, sem hann barðist fyrir og gerðu það að verkum, að Framsfl. löngum studdi hann, þá, 1956, gerði Framsfl. bandalag við hann og tilraun til þess að vekja hann til hugsjónalífs aftur. Ég hygg, að það sé viðurkennt af öllum eða flestum í landinu, ef ekki opinberlega, þá í leynum hugans, að 1956 bjargaði Framsfl. Alþfl. frá dauða. En þegar hann fór að finna til krafta sinna aftur, kom yfir hann þessi óþreyja hjartans, og þá týndi hann aftur hugsjónum sínum og fór að lesa framhaldssögu Morgunbl. með þeim árangri, sem nú kemur í ljós. Spurningin er þá bara: hvað halda þeir lengi áfram að lesa framhaldssöguna, en ekki hitt, sem í Morgunbl. stendur og hv. 9. landsk. lýsti svo greinilega, að honum fellur illa að hlusta á?

Hæstv. fjmrh. hafði setið hljóður lengi og hlustað á það, sem fram fór. Stundum brosti hann, stundum varð hann alvarlegur. Loksins tók hann til máls, og þá spurði hann: Hvað er eiginlega verið að ræða um? Vita menn, hvað þeir eru að ræða um? Það, sem verið er að ræða um hér, er þetta frv., eins og hann sagði. En af því að forsrh. hefur borið fram till. um að fresta þingi þar til síðla í janúar, *þá geti þeir helzt ekki um annað talað.* Og menn telja, að sú till. beri vott um einræðishneigð og það að skerða eigi þingræðið. Það væri nú síður en svo, því að þessi till. væri borin fram samkv. óskum meiri hl. Alþingis. Þá veit maður það! Auðvitað hafði ég aldrei búizt við öðru en stjórnin í þessu máli hefði tryggt sér fylgi flokka sinna. Ég hafði aldrei búizt við öðru. En ég fyrir mitt leyti er jafnviss um það, að það að knýja fram frestun Alþ. nú, án þess að það hafi fengið tækifæri til þess að setjast á laggirnar eða sinna þeim málum, sem fram hafa verið lögð, og gera þeim þau skil, sem skylt er í upphafi þings, til þess að þau geti fengið þinglega afgreiðslu, nefndir athugað þau, það er gerræði og það er að misbeita naumum meiri hluta. Hæstv. fjmrh. sagði þrátt fyrir allt, sem búið er að leiða hér fram og rifja upp úr þingsögunni og sögu vinnubragða Alþingis, að þessi till. væri skynsamleg og hún væri í fullu samræmi við venjur og vinnubrögð og þingræðið sjálft. Hann sagðist ekkert átta sig á því, hvað menn ættu við hér í þessari hv. d., þegar menn væru að tala um það, að með þessari till. ætti að skerða lýðræði og þingræði.

Ég er þess fullviss, að hæstv. ráðh. mun komast að þeirri niðurstöðu, að ef stjórnin, þó að hún hafi meiri hl., ætlar að beita honum eins og hún hyggst gera í sambandi við afgreiðslu þeirra mála, sem hér liggja fyrir, og sennilega í sambandi við afgreiðslu á till. um þingfrestun, sem liggur fyrir Sþ., þá lánast henni ekki vel sitt stjórnarstarf. Ég er þess fullviss, að þeir erfiðleikar, sem íslenzk þjóð á í, verða aldrei leystir með naumum meiri hluta. Þeir verða aldrei leystir á annan hátt en þann, að þjóðin sameinist um að leysa þá, og að fá þjóðina til að sameinast um að

leysa þá er nauðsyn þessarar stjórnar eða hverrar þeirrar stjórnar, sem hugsar sér í alvöru að vinna það verk. En till. um frestun þings nú og beiting naums meiri hluta til að knýja ótímabær málefni til afgreiðslu er stefna í þveröfuga átt og stofnar til sundurþykkju, sem mun torvelda mjög að okkur — ég segi okkur — og þjóðinni takist að leysa efnahagsmálavandann. Og það er þess vegna, af því að ég veit og er sannfærður um, að það þarf samvinnu helzt allra þegna þjóðfélagsins eða a.m.k. miklu stærri meiri hluta en stjórnarflokkarnir hafa, að ég leggst á móti þeim frumvörpum, sem hér hafa verið til umr. í deildinni.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að það væri ekki skylt að leggja brbl. fyrir Alþ. fyrr en einhvern tíma. Vitanlega rétt. En hins vegar er það mikill vanskilningur samt sem áður að halda, að það eigi ekki að leggja slík lög fyrir næsta þing, áður en gildistími l. rennur út. En nú þarf ekki um það að deila lengur, því að hæstv. ráðh. upplýsti, að brbl. yrðu lögð fyrir Alþ. fyrir þinghlé. En þá vil ég spyrja: Verða þau afgreidd? Það hefur vitanlega ekkert gildi að leggja lögin fyrir þing, sem afgreiðir þau ekki og fær ekki tíma til að fjalla um þau. Máske svarar ráðh. því, að þau muni fara gegnum 1. umr og fara til n. En þetta er ekkert annað en að fara kringum fyrirmæli laga um meðferð brbl., ef ekki á að afgreiða brbl., og þess vegna er það, að ég fyrir mitt leyti legg ekkert upp úr þessari yfirlýsingu, nema því fylgi sú yfirlýsing, að þingi verði ekki frestað, fyrr en búið sé að afgreiða lögin. Og ef sjálfstæðismenn gera þetta eftir allt það, sem þeir hafa sagt í sambandi við þessi brbl., sem ég satt að segja hef ekki tekið mjög alvarlega að undanförnu, er mælirinn fullur. Ég er þess fullviss, að þeir hefðu getað komið í veg fyrir setningu brbl., ef þeir hefðu viljað, því að svo sterklega stjórnuðu þeir í gegnum Alþfl., og það hefði vitanlega ekkert verið hættulegt, þó að Alþfl.-stjórnin hefði þá undir þingbyrjun eða t. d. í haust sagt af sér og hún hefði starfað sem „fungerandi" stjórn, þangað til Alþ. kom saman. Nei, Sjálfstfl. hefur ekki kært sig um að koma í veg fyrir þessi brbl., og þó bar honum vitanlega skylda til þess, því að svo glöggt man maður það frá því í fyrra, þegar málefnið var til umr. og við framsóknarmenn fluttum till. um það, að 3.18% yrðu tekin inn í vísitölugrundvöllinn og vísitölugrundvöllurinn þannig heilsteypt byggður, þá sögðu sjálfstæðismenn: Við teljum að vísu rétt, að bændur fái þetta, en því látið þið svona? Þetta kemur af sjálfu sér í haust. — Hvað sögðu þeir svo í haust? Þetta kemur af sjálfu sér, þegar þing kemur saman, og þá sjáum við um, að bændurnir fái bætur. — Og af því að ég hef haft þennan skilning á framkomu sjálfstæðismanna, þá kemur mér ekkert á óvart, þó að þeir nú beiti atkv. sínum gegn þeirri till. að fá heimild til að gera það, sem þeir sögðust ætla að gera.

Ég sé, að klukkan er orðin nokkuð margt, og það vakir ekki fyrir mér að halda hér uppi neinu málþófi. Þess vegna get ég látið lokið máli mínu, enda er það svo, að ég á sæti í fjhn. og hef tækifæri til þess að fylgjast með því máli, sem þar er og gæti verið til umr. hér um leið og þetta. Í raun og veru eru öll þessi mál til umr. saman, af því að þau eru, ef þau verða samþykkt, lykill handa stjórnarflokkunum til þess að setja á hið ótímabæra þinghlé.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að reyna að kreista úr sér léttan tón, eins og hann væri á bæjarstjórnarfundi, talaði um, að hér hefði verið lesin upp úr Frey saga máls, sem er eitt af þeim málum, sem að sjálfsögðu blandast inn í þessar umr., landbúnaðarverðið, og fleira af því tagi. Það er ekki á hans valdi né neins manns, sem talar um þetta mál, að hafa það í flimtingum. Hann sagði, að það, sem væri verið að gera, væri ekki ofbeldi við þingið, því að meiri hl. á Alþingi stæði á bak við þessa frestun. Honum er algerlega um megn að rökstyðja það, að það séu eðlileg vinnubrögð að kalla þingið saman í örfáa daga til þess að afgreiða í skyndi og með afbrigðum frá þingsköpum, sem fara nú ekki allt of vel úr hendi, heimildir fyrir bráðabirgðagreiðslur og heimild til að afla tekna, án þess, eins og hér hefur verið tekið fram, eftir því sem nú virðist, að eigi að skipa formenn nefnda. Hvað hefur á sér meira einræðissnið en einmitt þetta? Eru ekki þetta hinar venjulegu vinnuaðferðir í einræðislöndum, greiðsluheimildir og tekjuöflun? Það, sem þingið er beðið um, er þetta: Látið mig fá heimild án fjárl. til þess að greiða fé úr ríkissjóði, og látið mig fá heimild til þess að afla tekna. Farið þið svo heim. Þið hafið ekkert meira að gera hér.

Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé gert, og það kemur sjálfsagt í ljós, með samþykki meiri hl. þm. En ég fullyrði, að það eru ekki allir þm. í meiri hl. ánægðir með þessi vinnubrögð. Þegar þessi till. hafði komið fram og mér var kunnugt um hana, hitti ég einn af þm. úr meiri hl., og hann vissi ekki, að till. var komin fram. Þá skildi ég það líka, af hverju það stafaði, að Alþýðubl. sagði, að ríkisstj. hefði ákveðið þingfrestun. Þeir eru orðnir vanir við þann rétta hugsunarhátt, þessir herrar. Ríkisstjórnin hafði ákveðið það. Þá var náttúrlega ekkert að sökum að spyrja, þá varð að greiða atkvæði með því. En ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar hafa þing verið þurrkuð út nema með þessum hætti? Höfðu ekki nazistarnir alltaf einræði í Þýzkalandi? Höfðu ekki nazistarnir meiri hl. þings í Þýzkalandi? Höfðu ekki fasistarnir það á Ítalíu, án þess að ég sé að líkja þingmeirihlutanum við fasista eða nazista? Vissulega höfðu þeir þingmeirihluta á bak við sig og notuðu hann á þann hátt, sem okkur er öllum kunnugt. Þingin urðu í höndum þeirra að samkomum, sem voru kallaðar saman til þess að fyrirskipa þeim að samþykkja þetta eða hitt og sendar síðan heim.

Ef þessi vinnubrögð verða viðhöfð hér, þá hef ég bent á, hverjar afleiðingarnar geta orð-

ið. Það er beðið um tveggja mánaða frest núna. Við skulum segja, að það verði gerðar fjárhagsráðstafanir, sem dygðu ekki betur, — þó að vonandi sé, að svo verði, — en svo, að það þyrfti að gera nýjar fjárhagsráðstafanir að hausti. Er þá ekki alveg tilvalið að hafa vinnubrögðin hér til fyrirmyndar: kalla þingið saman og gera það svo að venju í þingstörfum að kalla þingið saman til þess að heimila stjórninni að innheimta tekjur, heimila stjórninni að greiða fé úr ríkissjóði án fjárl., senda það síðan heim? Og verða það þá tveir mánuðir? Hvers vegna ekki þrír mánuðir? Hvers vegna ekki fjórir mánuðir? En hvað er þá orðið eftir af þingræðinu? Og svo skulum við segja, að það verði gefin út brbl. í þinghléinu og síðan verði þessi brbl. tengd í eitt frv. til þess að stytta þingtímann. Það mætti kannske koma honum ofan í 1—2 mánuði, eftir að þing yrði kallað saman að nýju.

Hæstv. ráðh. sagði, að brbl. yrðu lögð fyrir Alþingi. En eitt er það, sem hann gat ekkert um, gaf engar yfirlýsingar um, sem þó hefur verið rætt mikið hér í þessari hv. d. og jafnvel — held ég — í hv. Nd., og víst sumir hafa verið með getsakir um, sem ég tek ekki undir. Er það ætlun ríkisstj. eða ekki að gefa út brbl. um landbúnaðarverðið í þinghléinu? Ég vildi gjarnan fá þessari spurningu svarað, því að þetta er það, sem skiptir meginmáli, en ekki það, hvort frv. verði lagt fyrir, án þess að þingviljinn verði reyndur, eins og raunverulega er skylt.

Ef það væri ætlunin, sem ég vil ekki halda fram að sé, — ef það væri ætlun ríkisstj. að gefa út brbl. í þinghléinu til þess að framlengja brbl., sem voru gefin út í sumar, án þess að þingviljinn fái að sýna sig núna á þessu þingi, þá er hér um svo alvarlegan hlut að ræða, að það er ómögulegt að sjá út fyrir afleiðingarnar. Og þar sem það hafa komið fram getspár um, að þetta sé ætlun stjórnarinnar með þinghléinu, en ekki raunverulega það, að hún geti ekki með öðru fyrirkomulagi en frestuninni búið sig undir að koma fram hér með till. í efnahagsmálunum, — ef þetta er ætlunin, en hitt fyrirsláttur, þá er hér alvarlegur hlutur á ferð. Þess vegna vil ég skora á hæstv. fjmrh. að gefa hér alveg skýlausar yfirlýsingar um það, hvort þetta er ætlun stjórnarinnar eða ekki.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) óskar skýrra svara um það, hvort ríkisstj. muni gefa út brbl. í þinghléinu um landbúnaðarverðið. Það hefur verið spurt um það einnig, hvort ríkisstj. muni yfirleitt gefa út brbl. Ég vil taka það fram, að á þessu stigi er ekkert hægt að fullyrða um það, að hverju leyti ríkisstj. kann að telja sig neydda til þess að gefa út brbl. Ef svo verður sem horfir, að þinghlé verði hátt á annan mánuð, þá geta vitanlega þau atvik komið fyrir, að nauðsyn beri til að gefa út brbl., og það hefur ekki verið vefengt, að í þinghléi, sem er samþykkt af Alþingi, sé tvímælalaust heimilt að gefa út brbl., ef brýna nauðsyn ber til, eins og segir í stjórnarskránni.

Að öðru leyti vil ég ítreka það enn, að þingfrestunin er fyrst og fremst til þess gerð, að stjórninni gefist færi á að undirbúa í hendur þingsins sem bezt þau mál, sem það þarf fyrst og fremst að afgreiða, þegar það kemur saman, en það eru efnahagsráðstafanir og fjárlög. Því fer auðvitað fjarri, að tilgangurinn með þingfrestuninni sé sá að taka vald úr höndum þingsins, heldur einmitt að vinna sem bezt þá undirbúningsvinnu, sem að sjálfsögðu kemur Alþingi að gagni, og auðvitað verða allar ákvarðanir í þessum málum teknar af Alþingi, en ekki ríkisstjórninni.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera hér stutta aths. út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hér áðan. Þessi hv. þm. var að ásaka okkur Alþýðuflokksmenn fyrir það, að við læsum aðeins framhaldssögur í Morgunblaðinu. Þarna sneri þessi hv. þm. sannleikanum alveg við. Ég óskaði eftir því í ræðu minni í dag, að ef lesið væri hér meira úr Morgunbl., þá læsu þeir framhaldssöguna, af þeim ástæðum vitanlega tvennum, að við höfum ekki heyrt hana og okkur langar ekkert til þess, að það sé lesið aftur, sem við höfum áður kynnt okkur og lesið, og svo jafnframt vegna þess, að framhaldssagan er miklu skemmtilegri en margt annað, sem í blaðinu stendur, þannig að við óskuðum einmitt eftir því af því að heyra framhaldssöguna, að hún er ólesin af okkar hálfu, en ekki hið gagnstæða, eins og hver maður hlýtur að skilja.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að Alþfl. hefði verið búinn að týna sínum gömlu hugsjónum og þá hefði Framsfl. komið 1956 eins og einhver miskunnsamur Samverji til þess að hjálpa honum. Ég vil nú minna á, að ein af þessum gömlu hugsjónum Alþfl. var að réttlæta kjördæmaskipunina og jafna kosningarréttinn. Finnst nú þessum hv. þm. Framsfl., að Alþfl. hafi týnt þessari hugsjón, og hefur kannske Framsfl. hjálpað Alþfl. til þess að finna þessa hugsjón á nýjan leik? Það er mjög undarlegt að heyra þessa kenningu. Það vita allir, að 1956, þegar Framsfl. og Alþfl. gengu í kosningabandalag, þá var það af hálfu þessara flokka beggja hugsað sem sigurbandalag. En nú kemur hv. þm. framsóknarmanna og segir, að þetta hafi bara átt að vera einhver aðstoð við dauðvona flokk. Það var ekki aldeilis að heyra á Tímanum fyrir kosningarnar 1956, að þetta væri dauðvona flokkur, sem þeir framsóknarmenn væru búnir að slá sér saman við.

Það þýðir ekkert fyrir þennan hv. þm. og aðra fleiri að vera sífellt að tönnlast á því, að Sjálfstfl. hafi húsbóndavaldið yfir Alþfl. Þeir verða að nefna einhver dæmi, svo að hægt sé að rökræða þetta alveg út í æsar og nákvæmlega. En hins vegar er þetta nokkuð skiljanlegt. Framsóknarmönnum sárnar nefnilega, að Alþfl., þessum litla flokki og þessum dauðvona flokki, sem þeir nú eru farnir að kalla, og þessum flokki, sem hefur týnt hugsjónum sínum, skyldi takast það, sem vinstri stjórninni undir forustu Framsfl. mistókst. Þetta sárnar

þeim, og þess vegna gera þeir hróp að okkur Alþýðuflokksmönnum og segja, að við séum bara þjónar íhaldsins og séum undir húsbóndavaldi þess.

Fyrir um það bil ári, skömmu áður en vinstri stjórnin fór frá og þegar mikil verðbólguskriða var komin af stað á nýjan leik, höfðu allir þessir þrír flokkar, sem að vinstri stjórninni stóðu, lagt fram í ríkisstj. sínar efnahagsmálatillögur. Það var í raun og veru tiltölulega lítill munur á efnahagsmálatill. Alþfl. og Framsfl. Kommúnistar vildu hins vegar ekki viðurkenna staðreyndir og voru með nokkuð ólíkar og óraunhæfar tillögur. Alþfl. vildi, að Framsfl. og Alþfl. reyndu að samræma sín sjónarmið, sem hefði vissulega ekki átt að vera erfitt, og svo væru þær till. lagðar fyrir Alþingi og það þá látið ráðast, hvort kommúnistar gengju í lið með Sjálfstfl. og felldu vinstri stjórnina. Nei, þetta vildu forustumenn Framsfl. ekki. Þeir virtust meta meira vináttuna við kommúnista en líf vinstri stjórnarinnar, og það er, held ég, sú óþreyja hjartans, sem þessi hv. þm. var að lýsa, það er ást framsóknarmanna á kommúnistum.

Ég verð líka að hryggja þennan hv. þm. með því, að fimmburarnir eru ekki dánir. Þvert á móti, þessir fimmburar eru aðeins komnir í eina vöggu, og þeir lifa góðu lífi. Og í staðinn fyrir, að þeir hefðu kannske, eins og hér var málum háttað áður, verið brautskráðir einn og einn, þá verða þeir nú eftir góðri ósk foreldranna brautskráðir allir í einu úr þessari fæðingardeild þrátt fyrir bágborin ljósmóðurstörf hv. 1. þm. Norðurl. e. og hans líka.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það má segja um hæstv. fjmrh. eins og einu sinni var sagt um Sigurð Eggerz: menn voru orðnir langeygir eftir laufblaðinu, en það kom, þegar það kom. Frá því að þessar umr. byrjuðu og þar til nú hafa hæstv. ráðh. verið spurðir um það, hvort brbl. yrðu lögð fyrir þingið, og hæstv. landbrh. hafði engu að svara á laugardaginn var, þegar ég spurði hann að þessu, öðru en því: Ríkisstj. brýtur ekki lög. — En loks kom yfirlýsing frá hæstv. fjmrh., þegar komin var mið nótt, eftir að þinginu átti að vera frestað að þeirra eigin till., — sú yfirlýsing, að hæstv. ríkisstj. muni leggja brbl. fyrir þetta þing, áður en því verður frestað. Ég vil segja: Það var þá ekki árangurslaust fyrir stjórnarandstæðinga að tala og láta ekki hæstv. stjórnarflokka þagga niður í sér strax, fyrst það bar þó þennan árangur.

En framsóknarmenn, sem hér hafa talað, hafa spurt reyndar að dálitlu meiru. Þeir hafa spurt hæstv. ríkisstj. að því, hvort það sé ætlun hennar, að þingviljinn komi fram, með því að leggja brbl. fyrir þingið. En þó að hæstv. stjórn leggi þau fyrir þingið, sem er þó bót frá því, sem hún ætlaði sér, þá er þessu ósvarað enn, því að það er enginn vandi fyrir þá, sem ráða meiri hlutanum á hæstv. Alþingi, að leggja mál fyrir þingið og sjá svo um, að það fái enga afgreiðslu. Þó er þetta framför, sem hefur fengizt fyrir einbeitni og látlausa baráttu stjórnarandstæðinga þessa tvo daga, sem þeir hafa haft málfrelsi hér á hæstv. Alþingi.

Sjálf till. hæstv. forsrh. á þskj. 22 sannar, að það var ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja brbl. ekki fyrir þingið, því að hún hljóðar þannig, að fundum þingsins verði frestað frá 30. nóvember eða síðar, ef henta þykir. Hví ætli þeir hafi nefnt 30. nóvember, þ. e. daginn í gær, nema af því, að þeir hugsuðu sér að fresta því þá? Og ekki var nein yfirlýsing komin frá hæstv. ráðh. þá. Það er eingöngu fyrir þá einbeitni og þá röksemdafærslu, sem flutt hefur verið hér af þm. stjórnarandstöðunnar, sem hæstv. ríkisstj. lætur nú undan, þótt í litlu sé.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort þm. vissu ekki, hvaða mál væri hér á dagskrá. Já, það er reyndar ekki ástæðulaust að spyrja þannig. Ég veit ekki, hvernig þm. eiga að átta sig á því, hvaða mál eru á dagskrá. Ekki hef ég séð neina dagskrá á mínu borði enn þá fyrir þennan fund. Og það, sem voru fjögur mál fyrir nokkrum klukkutímum, það er orðið að einu máli núna. Ég held, að það sé ekki ofsagt, að hæstv. forseti hafi ruglazt illilega á lögmálum þingsins, þegar hann var að láta greiða atkvæði hér áðan. Það væri því ekkert undarlegt, þó að einhver áttaði sig ekki fyllilega á því, hvað það er, sem hæstv. ríkisstjórn er að bera fram í hvert sinn. En hæstv. ráðh. sagði, að það, sem hér lægi fyrir, væri ekkert annað en till. um þinghlé og þetta þinghlé þyrfti að fá, til þess að hæstv. ríkisstj. hefði vinnufrið, til þess að hún gæti undirbúið frv. og till. sínar í efnahagsmálunum. Flokkarnir, sem búnir eru að sitja í þessu síðan á Þorláksmessu í fyrra og hafa nú fengið á annan mánuð umhugsunarfrest eftir kosningar, þurfa að fá tvo mánuði í viðbót, og þó neitar þeim enginn um eitthvert hlé. En anzi er það langur tími, sem þeir þurfa.

Hæstv. ráðh. taldi það fjarri öllu lagi að hafa þau orð, að ríkisstj. sé að senda þingið heim, því að það sé meiri hluti þings, sem taki slíka ákvörðun, en ekki ríkisstj. Ekki er það meiri hl. þings, sem flytur till. En rétt er hitt, að hún þarf að koma til atkvæða í þinginu. En það var ekki ástæðulaust, þótt þetta væri þannig orðað, þar sem annað stjórnarblaðið lýsir því yfir á föstudaginn var á fyrstu síðu, að ríkisstj. hafi ákveðið að senda þingið heim. Hún hafði ákveðið það, og varla færi nú þetta blað að fara með neitt fleipur um ríkisstjórn sína.

Mér er ekki grunlaust, að ástæðan til þess, að loksins hefur tekizt að þvinga út úr hæstv. ráðh. þessa yfirlýsingu um, að brbl. verði lögð fyrir þingið, sé sú, að einhverjir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., einhverjir hv. þm. úr þessum meiri hl., hafi nú látið að sér kveða innan stjórnarflokkanna og fengið þessu áorkað, eftir að þeir hafa hlustað á þær röksemdafærslur, sem hér hafa verið fluttar.

Hæstv. ráðherra talaði um, að það væri hér verið að fresta afgreiðslu fjárl., og vissum við

það vel og höfum aldrei gert neina kröfu til þess, að fjárl. yrðu afgr. fyrir áramót. Hins vegar hefur það verið talið eðlilegt og sjálfsagt, að fjárlagafrv. yrði tekið til 1. umr. og því komið til fjvn., svo að hún gæti farið að vinna, svo að það kemur ekki þessu máli við, þó að afgreiðsla fjárl. hljóti að dragast lengur.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) hefur spurt hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hugsi sér að gefa út brbl. í þinghléinu, og hæstv. ráðh. hefur svarað, — *og hverju svaraði hann? Hann svaraði því, að* það gæti vel komið til greina, að hæstv. ríkisstj. teldi sig þurfa að gera þetta, og hún mundi hafa fulla heimild til þess samkv. stjórnarskránni. Þá vitum við það, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér, ef hún telur sér þörf á, að gefa út brbl., og þá er skammt til þess, að hún geti rætzt, sú tilgáta mín, sem ég hef oftar en einu sinni flutt hér, að hæstv. ríkisstj. stefni að því að stjórna að einhverju leyti með brbl., þ. e. gefa út brbl., þegar þingið er komið heim. Meira að segja tel ég þetta nokkra staðfestingu á þessari skoðun, að hún muni vera rétt. Og þá er augljós tilgangurinn með sjálfri þingfrestuninni. Hann er sá, að hæstv. ríkisstjórn geti m. a. gripið til brbl. og gengið á snið við þingræðið á þennan hátt, því að hitt er auðvitað ekki frambærileg ástæða, að hæstv. ríkisstj. sé alltaf að bíða eftir skýrslum sérfræðinganna, því að það þarf enga þingfrestun til þess, að hún geti beðið.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er nú þegar ljóst, þótt það hafi ekki verið sagt hér berum orðum, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar *að gera varðandi þau loforð, sem hennar flokk*ur, þ. e. a. s. Sjálfstfl., gaf fyrst í vetur sem leið, þegar lögin um niðurfærslu verðlags o. fl. voru til umr., og síðan margyfirlýst fyrir kosningarnar í haust, hvað flokkurinn vildi gera, hann vildi bæta bændum upp þessi 3.18%. Nú er það nokkurn veginn sýnt eftir ræðu hæstv. fjmrh., að flokkurinn ætlar að svíkja þetta allt saman, og það ætlar hann að gera á nokkuð fínan hátt, eins og þessir fínu menn innan þessa fína flokks gera yfirleitt. Hann ætlar að gera það með því móti, að þegar verið er að ræða um brtt. um, að bændum skuli bætt þessi 3.18%, þá á að leggja fram brbl. og segja: Ja, við tökum afstöðu til málsins í sambandi við brbl. Síðan verður þetta frv. afgreitt og þingfresturinn gefinn og ekki afstaða tekin til brbl., meðan þing situr núna, og svo endurnýjar hún brbl. á eftir. Á meðan ætlar hæstv. ráðh. að malla fjármálasúpuna fyrir þjóðina og endanlega þá, þegar þessi súpa verður á borð borin, svíkja allt, sem Sjálfstfl. hefur lofað í þessu máli, eins og fjöldamörgum málum áður, sem hafa varðað bændastétt landsins. Ég get vel skilið það, að búnaðarfræðsla og það, sem það varðar, láti ekki vel í eyrum hæstv. fjmrh., ekki sízt þegar ég minnist þess, að hann mun hafa sagt það hér í þessari d. nú á þessu ári, þegar verið var að ræða um kjördæmabreytinguna, að stefna okkar framsóknarmanna væri stefna óbyggðanna. Það er stefna óbyggðanna að halda uppi rétti héraðanna í landinu. Og þegar á að fara að halda uppi rétti héraðanna og þess fólks, sem þar býr, þá blöskrar hæstv. fjmrh. Sannarlega verða bændur landsins ekki öfundsverðir á meðan hæstv. ráðh. og hans flokkar fara með völdin í þessu landi.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Er nú hv. 9. landsk. (JÞ) farinn heim frá börnum sínum? **(Gripið fram í:** *Hann er að svæfa þau.)* Ég er hræddur um, að það fari ekki vel um þau í vöggunni. Annars voru það nú ekki börnin, sem ég ætlaði að minnast á við hann, en ég taldi mig hafa ástæðu til þess að telja, að hann kynni ekki að meta góðlátlega skýringu á því, hvers vegna verkalýðsflokkurinn Alþfl. gengur á hönd stórgróða- og atvinnurekendaflokknum og lætur hann stjórna í gegnum sig. Ég taldi, að sú skýring væri á því, að hann læsi ekki nógu rækilega blað stórgróðaflokksins, að hann læsi bara það, sem minna máli skipti, svo sem framhaldssöguna. Hann sagði, að það væri nú öðru nær. Hann sagðist ekki hafa lesið framhaldssöguna og þeir læsu hana ekki, Alþýðuflokksmennirnir, en hann sagðist hafa óskað eftir því, að hún væri lesin, af því að hún væri skemmtilegri en annað það, sem stæði í Morgunblaðinu. Þarna kom hann upp um sig. Honum fór alveg eins og manninum, sem þóttist vera blindur og sagði: Mér heyrðist svartur ullarlagður detta. — *Hann vissi, að honum* þótti sagan skemmtilegri en hitt, og ég lái honum það ekki sem Alþýðuflokksmanni, þó að honum þyki ekki skemmtilegur leiðaralesturinn í *Morgunblaðinu og finni þá til þess*, að hann er á villigötum.

Hann sagði, hv. þm., að bandalagið, sem Framsfl. og Alþfl. gerðu með sér, hefði átt að vera sigurbandalag. Það er alveg rétt. En hann taldi, að það hefði ekki orðið sigurbandalag. Jú, bandalagið var í raun og veru sigurbandalag, og það var aldrei búizt við því, þegar gengið var í þetta bandalag, að það mundi takast í fyrstu kosningum að ná að fullu tilganginum með því.

Við höfum barizt við það í þessu landi að hafa of marga flokka og búið við það ástand, að skort hefur meiri hluta — samstæðan meiri hluta — til þess að fara með stjórn landsins. Nú var það hugmyndin, um leið og Framsfl. vildi bjarga Alþfl. frá algerum dauða, að stofna bandalag, sem hefði svipaða *stefnu, samræmdi* stefnu sína og gæti orðið meirihlutaflokkur, meirihlutablokk í landinu, og það var tekið fram af báðum aðilum, og þess má finna stað í blöðum beggja flokkanna, að þeir gerðu ekki ráð fyrir því, að einar kosningar mundu duga til þess, að takmarkið næðist. Þeir gerðu ráð fyrir því, að það þyrfti fleiri kosningar. En hvað gerðist? Alþfl. hljóp úr bandalaginu, áður en reynt var í annað sinn, og gerðist bandamaður stórgróða- og atvinnurekendaflokksins.

Hv. 9. landsk. sagði, að það væri ekki rétt, að Alþfl. hefði týnt sínum gömlu hugsjónum, og hann nefndi eitt dæmi, og dæmið var það, að hann hefði haft það mál á stefnuskrá sinni

að breyta kjördæmaskipuninni og nú væri kjördæmabreytingin komin á. En hvernig ætli hafi staðið á því, að svona fór? Þessi flokkur, þótt hann hafi týnt hugsjónum sínum, hefur annað slagið verið að reyna að rifja upp sínar gömlu kenningar og stefnur. Og það stóð nú svo á 1958, á haustmánuðum, að hann fór að rifja upp á flokksþingi sínu stefnu sína í kjördæmamálinu og gaf út yfirlýsingu á sínu flokksþingi eða fulltrúasamkomu, þó ekki án fyrirvara. Og Sjálfstfl. veitti þessari yfirlýsingu athygli og tók Alþfl. á orðinu, og vegna þess knúðist hann út í stjórnarskrárbreytingarmálið, sem að vísu hefur ekki enn þá sýnt, að það hafi verið giftuspor, því þegar hið fyrst kosna þing eftir hinum nýju lögum er kallað saman, þá þykir það ekki virðulegra en það, ekki starfhæfara en það, að einmitt Alþfl. og Sjálfstfl. sýnist rétt að senda það heim og vilja heldur grípa til þess að stjórna með bráðabirgðalögum.

Upphaf sögunnar í Morgunblaðinu, Óþreyju hjartans, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Það byrjaði með smávægilegri óheppni af minni hálfu," — það má segja, að þetta eigi við um Alþfl., samband hans við Sjálfstfl. byrjaði af hans hálfu sennilega með óheppni, að því er kjördæmamálið snertir, — „meinlausum klaufaskap, „gaffe", eins og Frakkar kalla það, því næst kom tilraun til að bæta úr þessari heimsku minni, en ef maður reynir að gera við úr í of miklum flýti, getur alveg eins farið svo, að sigurverkið raskist allt." Er ekki von, að Alþýðuflokksmaðurinn hv. 9. landsk. vilji heyra þetta? Er þetta ekki eins og það væri talað af Alþfl.? Hann er að rjála í sigurverki og hefur verið að rjála í sigurverki í flýti í samvinnu við Sjálfstfl., og það getur alveg eins farið svo, að sigurverkið raskist allt, og allar líkur til þess, að svo verði.

Þá hef ég orðið við óskum hv. 9. landsk. þm. og lofað honum að heyra svolítið úr þessari hans eftirþráðu sögu, Óþreyju hjartans.

En mér þótti afar gott að heyra hæstv. fjmrh. gefa þá yfirlýsingu áðan, að vel getur komið til mála, að stjórnað verði með brbl. Mér þótti það gott, vegna þess að það er upplýsing, en slæmt, að þetta skuli vera sagt hér á Alþingi og að búast megi við því.

ATKVGR.

Brtt. 32 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK.
nei: MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.
2 þm. (FRV, KJJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Því hefur verið yfir lýst af Sjálfstfl., að bændum verði bætt sú skerðing, sem varð með brbl. á s. l. hausti. Það er hins vegar svo, að það er með öllu óeðlilegt að tengja þessa heimild, sem hér er rætt um í þessari brtt., við það mál, sem hér liggur fyrir, og bæði ástæðulaust og óþarft að gera það. Með hliðsjón af því segi ég nei.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég lít svo á, eins og ég hef áður sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi á vítaverðan hátt vanrækt skyldu sína með því að hafa ekki þegar lagt fyrir Alþingi brbl. fyrrverandi stjórnar um festingu búvöruverðs.

Ég lít svo á, að nauðsyn hafi borið til, að Alþingi fjallaði um mál þetta allt frá grunni og setti nýja löggjöf um búvöruverð. Þetta hefur verið vanrækt, og er það sök hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar á þingi.

Ég skoða fram komna brtt. á þskj. 32 sem tilraun til þess að þvinga fram ákvörðun í þessu máli, sem ekki getur beðið lengur óleyst að mínum dómi. Þess vegna greiði ég till. atkvæði og segi já.

Bjartmar Guðmundsson: Ég skírskota til yfirlýsingar hv. 6. þm. Norðurl. e. og segi nei.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
nei: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Ólafur Jóhannesson: Ef frv. þetta væri tekið til afgreiðslu á eðlilegum tíma þinghaldsins, mundi ég greiða því atkvæði. En þar sem það er nú tekið til afgreiðslu til þess að skapa skilyrði til að koma á ótímabærri þingfrestun, sem leiðir af sér skerðingu þingræðis, þá segi ég nei.

Páll Þorsteinsson: Ég skírskota til grg. 3. þm. Norðurl. v. og segi nei.

Sigurvin Einarsson: Ég skírskota einnig til grg. hv. 3. þm. Norðurl. v. og segi nei.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég er ekki efnislega andvígur frv., en tel það ótímabært, og því segi ég nei.

Ásgeir Bjarnason: Með tilvísun til ummæla hv. 3. þm. Norðurl. v. segi ég nei.

Björn Jónsson: Ég vísa til nál. á þskj. 35 og segi nei.

Hermann Jónasson: Ég segi nei með tilvísun til grg. 3. þm. Norðurl. v.

Karl Kristjánsson: Ég skírskota til grg. 3. þm. Norðurl. v. og segi nei.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 1. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:8 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., 2. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er ljóst, að fjárlög fyrir árið 1960 er ekki unnt að afgreiða fyrir áramót. Af þeim ástæðum hefur nú verið borið fram frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á næsta ári, og er frv. alveg samhljóða þeim frv. og lögum, sem áður hafa verið afgreidd, þegar svipað hefur staðið á. En þetta frv. er tímabundið við febrúarlok.
Frv. var lagt fram í Ed. og hefur verið afgreitt þaðan. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til þess að mega annast bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á næsta ári út febrúarmánuð og miðað við núgildandi fjárlög, þó að fjárlög hafi ekki verið sett fyrir næsta ár, er að vísu svipað frv., sem hér hafa oft verið lögð fram fyrir Alþingi áður, þegar svo hefur til tekizt, að sýnt hefur þótt, að ekki væri hægt að afgreiða fjárlög fyrir komandi ár eða fyrir áramót. En þetta frv. ber hér að með nokkuð öðrum hætti en venjulega í slíkum tilfellum sem þessum. Hér er um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. vill knýja fram þingfrestun á þeim tíma, sem mikill hluti þingmanna vill ekki við una.
Það er alveg augljóst mál, að þetta frv. hefði fengið tiltölulega greiða afgreiðslu hér á hv. Alþingi, eins og hliðstæð frv. hafa fengið áður, ef samkomulag hefði getað verið um þingfrestunartímann, eins og jafnan hefur verið áður. En núv. hæstv. ríkisstj. virðist leggja á það höfuðáherzlu, að þing verði nú sent heim strax á fyrstu dögum þingsins og það þó að ekkert samkomulag hafi tekizt við minni hlutann á Alþingi í þessu efni. Af þessum ástæðum hljóta umræður um þetta frv. að verða með nokkuð öðrum hætti en ætla hefði mátt, vegna þess að hér er fyrst og fremst um það deiluefni að ræða, hvort ástæða sé raunverulega til þess að fresta þingi með þeim hætti, sem ríkisstj. leggur nú höfuðáherzlu á, og það á þessum tíma. Hvaða ástæður geta legið til þess, að hæstv. ríkisstj. leggur slíkt ofurkapp á það að senda þingið heim nú á þessum tíma? Því hefur m. a. verið borið við, að ríkisstj. vildi fá vinnufrið, til þess að hún gæti undirbúið betur till. sínar um lausn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er auðvitað alveg af og frá, að ríkisstj. skapi sér á nokkurn hátt betri vinnufrið með því að efna til ófriðar við stjórnarandstöðuna hér á Alþingi í deilu um það, hvort fresta eigi þingi vikunni fyrr eða síðar.
Hér hefur þegar verið efnt til þess, að nú þykir þurfa að halda fundi á óvenjulegum tíma hér á Alþingi, næturfundi, og jafnvel gengið svo langt, að hér eru haldnir fundir á Alþingi til þess að reyna að knýja fram þennan vilja ríkisstj. sjálfan 1. desember, en slíks munu engin dæmi í þingsögunni fyrr, að haldinn hafi verið fundur á Alþingi á þeim degi, síðan hann gerðist sá hátíðisdagur íslenzku þjóðarinnar, sem hann nú er orðinn. En þetta dæmi sýnir, hvílíkt ofurkapp það er hjá ríkisstj. að reyna að knýja í gegn, að þingið verði sent heim nú.
Það er alveg augljóst mál, að það er ekki það, sem er um að ræða raunverulega hjá hæstv. ríkisstjórn, að hún þurfi að skapa sér vinnufrið til þess að undirbúa sínar tillögur til lausnar á efnahagsmálunum og hún vilji ekki þess vegna ganga til samninga við stjórnarandstöðuna um að fresta þingi með eðlilegri hætti en hennar till. stefna að. Því hefur verið lýst hér yfir í deilum um þetta mál, að stjórnarandstöðunni þætti sjálfsagt, að ríkisstj. fengi þinghlé mestallan janúarmánuð, enda væri þá, áður en þingi væri frestað, búið að afgreiða með eðlilegum hætti þau mál hér á Alþingi, sem raunverulega er skylt að afgreiða, áður en þingi er frestað. Ég hygg því, að ríkisstj. fengi allt eins langan friðsamlegan tíma til þess að undirbúa sínar tillögur til lausnar á efnahagsmálunum, þó að hún hefði fallizt á að ganga að tillögum stjórnarandstæðinga um þingfrestunartímann. En hvað er það þá, sem getur rekið svona óskaplega mikið á eftir, að ríkisstj. viðhefur þessi óvenjulegu vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð á Alþingi, til þess að reyna að knýja fram þessa þingfrestun?
Ég tók eftir því í þeim umr., sem hér fóru fram um þetta mál nú fyrir nokkrum dögum, að hæstv. landbrh. komst þannig að orði, þegar inn í þessar umræður barst deilan um bráðabirgðalögin um verðlagningu landbúnaðarafurða, að þá sagði hæstv. ráðh., að hann teldi, að eðlilegast væri að ræða um deiluna viðvíkjandi verðlagningu landbúnaðarafurða og bráðabirgðalagasetninguna í sambandi við þá till. ríkisstj., sem hér hefði verið lögð fyrir Alþingi um þingfrestun, eða m. ö. o., hæstv. landbrh. vildi tengja þessi tvö mál beinlínis saman, brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða og till. ríkisstj. um að fresta fundum þingsins. Þetta voru skýr ummæli hans hér í þessum ræðustól.
Getur það þá verið svo, að ríkisstj. þurfi nauðsynlega að grípa til þessara óvenjulegu vinnubragða að knýja fram samþykktir hér á Alþingi um að senda þingið heim vegna þess, að tiltekin bráðabirgðalög, sem sett hafa verið og deilur miklar hafa staðið um, um verðlagningu landbúnaðarafurða, að þessi bráðabirgðalög ganga úr gildi 15. des.? Getur það verið, að ríkisstj. vilji hafa losað sig við þingið einmitt fyrir þennan dag, til þess að hún geti þá, án þess að vera bundin af þinginu, ráðslagað í þessu máli á nýjan leik með brbl.?

Ég vil segja það, að mér þykir þetta í rauninni mjög ótrúlegt, því að það hefur alltaf verið litið svo á, að ekki ætti að nota ákvæði stjórnarskrárinnar um setningu brbl., nema brýna nauðsyn bæri til að grípa til slíkrar lagasetningar, þ. e. a. s., að í rauninni væri ekki unnt að kalla Alþingi saman til þess að setja lögin með eðlilegum hætti. En er það þá ekki í mesta máta óeðlilegt að hugsa sér að knýja fram samþykkt á Alþingi, kannske með litlum atkvæðamun, um það að senda þingið heim með mjög óvenjulegum hætti, miðað við þingtímann, en ætla síðan, rétt eftir að þingmenn eru komnir heim, að nota stjórnarskrárákvæðin um setningu brbl. og setja ný brbl. til þess að leysa þennan vanda.

Ég tel, að slíkt athæfi væri alveg skýlaust brot á stjórnarskrárákvæðunum, misnotkun á þeim ákvæðum, sem í gildi eru um heimild ríkisstj. til þess að setja brbl. En mér sýndist á því, sem hæstv. landbrh. sagði um þessi mál, að orð hans bentu mjög til þess, að ástæðan til þess, að ríkisstj. vill senda þingið heim nú á þessum tíma, væri einmitt sú, að hún vildi vera laus við þingið fyrir 15. des. til þess þá að geta gert nýjar ráðstafanir með brbl. út af verðlagningu landbúnaðarafurða. En sem sagt: hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess í þessum umræðum að gefa hér neinar skýrar yfirlýsingar um það, hvaða ástæður beinlínis liggja til þess, að hún leggur slíkt höfuðkapp á að senda þingið heim nú, en ekki nokkru síðar, sem hún raunverulega gerir.

Annar hæstv. ráðh. átti hér nokkurn þátt í umræðum um málið. Það var hæstv. dómsmrh. Hann lagði hér einkum áherzlu á það, að rétt væri að fresta fundum þingsins, eins og málin stæðu nú, og það nú þegar, vegna þess að hann teldi, að það væri vansæmandi fyrir Alþingi að sitja hér mjög aðgerðalítið eða jafnvel auðum höndum og bíða eftir því, að ríkisstj. undirbyggi sínar till. til lausnar á efnahagsmálunum. Í þessu sambandi minntist þessi hæstv. ráðh. á það, að í tíð vinstri stjórnarinnar hefði þannig verið unnið að þessum stórmálum ýmsum, að mjög hefði verið vansæmandi fyrir Alþingi, það hefði oft verið látið bíða hér aðgerðalítið. — Skyldi þetta vera ástæðan til þess, að ríkisstj. leggur svo mikla áherzlu á að senda þingið einmitt heim núna þessa dagana, að það sé verið að forða þinginu frá einhverri vansæmd og að Alþingi það, sem nú situr að störfum, hafi raunverulega engin málefni að fjalla um? Ég vil fyrst fara örfáum orðum um það, hvernig þessum málum var raunverulega háttað í tíð vinstri stjórnarinnar.

Vinstri stjórnin tók við völdum seinni hluta árs 1956. Það kom því í hennar hlut að afgreiða fjárlög um næstu áramót á eftir eða fyrir árið 1957, einnig að ráða fram úr efnahagsvandamálunum þá með samningum við forustumenn atvinnuveganna. Vinstri stjórnin hafði afgreitt fjárlög og samið við allar greinar framleiðslulífsins í landinu fyrir jól 1956. Þá tókst að afgreiða fjárlög á réttum tíma, og þá tókst einnig að semja við framleiðendur í tæka tíð. Það var því ekki undan neinu að kvarta í sambandi við afgreiðslu þessara stórmála, um neinn drátt hér á Alþingi eða aðgerðaleysi Alþ. í þessum efnum, og að þessu leyti til eru ummæli hæstv. dómsmrh. röng og ómakleg um störf Alþingis.

Við skulum þá líta á næsta ár á eftir. Vinstri stjórnin sat líka allt árið 1957, og það féll því í hennar hlut að afgreiða fjárlög og gera ráðstafanir í efnahagsmálunum fyrir árið 1958. Hún hafði einnig afgr. fjárlög fyrir jól 1957, fjárlög fyrir árið 1958, og hún hafði einnig fyrir áramót þá náð samningum við alla aðalviðsemjendur framleiðsluatvinnuveganna um rekstur þeirra á komandi ári. Hér var því ekki um neina vansæmd að ræða, hvorki frá hálfu ríkisstj. né í sambandi við störf Alþingis. Ummæli hæstv. dómsmrh. eru því í mesta máta ómakleg einnig í þessu tilfelli. Það er rétt, að á fyrri hluta árs 1958, á vetrarþinginu þá, urðu mjög skiptar skoðanir innan vinstri ríkisstj. um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálunum, eins og þau stóðu þá, og reipdráttur varð þá allmikill um það, hvers væri þörf í sambandi við lagasetningu. En þann tíma, sem Alþ. sat að störfum þann vetur, fjallaði það um mörg mál og stór og leysti mikil verkefni af höndum, og það er í rauninni ekkert undan störfum Alþingis á þeim tíma heldur að kvarta.

Það kom svo aftur á móti ekki í hlut vinstri stjórnarinnar að afgreiða næstu fjárlög eða gera efnahagsmálaráðstafanir fyrir næstu áramót, því að hún hafði sagt af sér 4. des. 1958, svo að þessi ummæli, sem hér féllu hjá hæstv. dómsmrh. um vansæmandi starfshætti Alþ. í tíð vinstri stjórnarinnar, eru ómakleg og óeðlileg, þau eru í öllum aðalatriðum röng.

En ég hygg, að hinu verði hins vegar ekki neitað, að það sé vansæmandi fyrir nýkjörið Alþ. að samþykkja það strax eftir viku störf, að þá skuli öll þingstörf lögð niður, þm. hverfa heim frá öllum skyldustörfum sínum óleystum. Það er vansæmandi fyrir Alþingi Íslendinga. Það er því ekki sómatilfinningin, sem fyrst og fremst ræður um það, eins og var helzt að skilja á hæstv. dómsmrh., að nú sé nauðsyn að taka upp þessi nýju vinnubrögð, sem hér er verið að taka upp, þegar því er neitað að leggja fyrir Alþ., eins og lög standa til, brbl., sem sett hafa verið, og þegar neitað er að hafa hér á Alþingi þá fjárlagaumræðu, sem lögum samkvæmt ber að hafa, og gefa Alþ. þá skýrslu um efnahagsmálin og fjárhagsafkomu ríkisins, sem ætlazt er til bæði í þingsköpum og lögum.

En er nokkur ástæða til þess að gera ráð fyrir því, þó að Alþingi sæti nú að störfum í 10—15 daga enn þá, þar til það tæki sér jólafrí, að það skorti verkefni? Það er alkunna, að afgreiðsla fjárlaga er tímafrek. Það hefur alltaf tekið Alþ. nokkra mánuði að afgreiða fjárlög. Verkefni fjvn. er á hverju ári mikið verkefni. Hún þarf að vinna þar mikið verk og halda fjölmarga fundi. Það er því alveg augljóst mál, að hefði verið farið að venju í þessum efnum, fjárlögin nú tekin til 1. umr. og hæstv. fjmrh. gæfi hér þær skýrslur um afkomu ríkissjóðs og fjárhagsástandið í landinu

almennt, sem honum ber að gera samkv. lögum, og frv. hefði síðan verið vísað til fjvn., þá hefði bæði Alþingi í sambandi við þær umr. og einnig fjvn. fengið að sýsla við þau verkefni, sem óhjákvæmilega hljóta að liggja fyrir þinginu fyrr eða síðar og fyrir fjvn., því að yfir þetta verður þó aldrei hlaupið. Fjárlagaræðan verður að haldast fyrr eða síðar, og fjvn. verður að fá fjárlagafrv. til þess að vinna að því fyrr eða síðar.

Hvaða ástæða getur þá legið til þess, að hæstv. fjmrh. fæst ekki til þess að fara að lögum og venjum og flytja sína fjárlagaræðu og gefa Alþingi skýrslu um afkomu ríkissjóðs? Hér hefur verið bent á það í þessum umræðum, að ráðh., sem komið hafa inn í ríkisstj. með svipuðum hætti og hann nú, hafa haft alla sömu aðstöðu og hann til þess að undirbúa fjárlagaræðu, — þeir hafa staðið við skyldur sínar í þessum efnum og flutt, eins og lög standa til, sína fjárlagaræðu, en hann skorast nú undan vandanum og þykist ekki vera tilbúinn. Nú er það alkunna, að mikill hluti af ræðu fjmrh. við 1. umr. fjárlaga, þegar gerð er grein fyrir fjárhagsafkomu ársins, — mikill hluti af þeirri ræðu er jafnan beinar upplýsingar úr fjmrn., samdar og upp teknar af ráðuneytisstjóranum þar, og það eru einmitt þessar upplýsingar, sem Alþingi bíður eftir, og það eru einmitt þessar upplýsingar, sem allir alþm. þurfa að fá, áður en þeir mynda sér skoðanir á því, hvers muni við þurfa í sambandi við lausn efnahagsmálanna. Ég sé því ekki, að það séu neinar frambærilegar ástæður hjá hæstv. fjmrh. nú til þess að víkjast undan þeirri skyldu að flytja Alþingi þá skýrslu, sem jafnan fylgir með 1. umr. fjárlaga. Og ég held, að þessi ákvörðun hæstv. fjmrh. geri síður en svo að flýta fyrir störfum þm. almennt og fjvn. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og efnahagsmálanna almennt.

Þá er einnig þess að gæta, að það er alveg útilokað, að t. d. Sjálfstfl., sem nú hefur fjmrh., geti látið sem svo, að hann komi hér algerlega ókunnugur að fjármálum ríkisins og þurfi langan tíma til þess að undirbúa sig, til þess að geta gefið Alþ. skýrslu um meginatriði þessara mála, vegna þess að Sjálfstfl. hefur haft allgóða aðstöðu til þess að fylgjast með gangi fjármálanna nú um eins árs skeið. Ég veit, að allir hv. alþm. minnast þess, að um þetta leyti í fyrra var tilkynnt opinberlega, að Sjálfstfl. hefði fengið aðgang að miklum plöggum viðvíkjandi fjárhagsástandinu í landinu, og það var tilkynnt í Morgunblaðinu, að flokkurinn hafi þá sett sína færustu sérfræðinga til þess að kynna sér öll þessi gögn um fjárhagsafkomuna í landinu. Það var í sambandi við stjórnarmyndunartilraunir formanns Sjálfstfl., Ólafs Thors, þá. Síðan þá hefur Sjálfstfl. því haft fyllsta aðgang að öllum skjölum og skilríkjum viðvíkjandi fjármálum þjóðarinnar og fjárhagsástandinu almennt. Þess er svo einnig að minnast, að Sjálfstfl. tók að sér forustu hér á Alþingi fyrir tæpu ári í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Sjálfstæðismenn ættu því að vita eins vel og menn úr öðrum flokkum, hvernig ástatt er um fjárhag ríkisins, þar sem þeir stóðu beinlínis að því að ákveða þá fjárlagaafgreiðslu, sem ákveðin var í sambandi við fjárlög yfirstandandi árs. Svo vita allir hitt, að Sjálfstfl. hefur verið beinn stuðningsaðili þeirrar ríkisstj., sem farið hefur með völd í landinu núna um eins árs skeið, og hefur því haft alla aðstöðu til þess að fylgjast með öllum málum þeirrar ríkisstjórnar, einnig fjármálunum. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta minnar ræðu, sem ég flutti fyrr á þessum fundi, nokkuð vikið að því, hvaða ástæður kynnu að liggja til þess, að hæstv. ríkisstj. leggur slíkt ofurkapp sem raun er á á það, að þingi verði frestað einmitt nú, og hún fæst ekki til þess að gera samkomulag við stjórnarandstöðuna um þingfrestunartímann. Ég hafði m. a. bent á það, að hér höfðu komið fram í umr. frá hæstv. ráðh. nokkuð mismunandi skýringar á því, hvaða ástæður lægju til þessa þingfrestunaráhuga, bent á það, að hæstv. landbrh. viðurkenndi í sínum málflutningi á óbeinan hátt a. m. k., að ástæðurnar til þingfrestunarinnar væri að rekja til brbl., sem sett voru um verðlagningu á landbúnaðarafurðum. Ég hafði einnig bent á það, að hæstv. dómsmrh. hefði lagt á það aðaláherzlu, að fresta þyrfti störfum þingsins nú um skeið til þess að gæta sóma þingsins, til þess að firra Alþingi vansæmd af því að sitja hér aðgerðalaust.

En einn annar hæstv. ráðh. hefur hér nokkuð rætt um þessi mál og gefið sínar skýringar. Það var hæstv. fjmrh. Hann lét hér orð falla um það, að þar sem núverandi ríkisstj. hugsaði sér að taka upp nýtt efnahagskerfi, eins og ég hygg, að hann hafi orðað það, til lausnar á efnahagsvandamálunum og hún hefði jafnvel hugsað sér að umsemja fjárlagafrv. það, sem hér hefur verið lagt fram, og leggja fram nýtt fjárlagafrv. að þingfrestunartíma loknum, þá teldi hún ekki ástæðu vera til þess að halda þessu þingi miklu lengur áfram eða til þess að farið yrði að settum lögum og reglum um það að hafa hér 1. umr. fjárlaga og gera hv. Alþ. grein fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þessi yfirlýsing hæstv. fjmrh. er út af fyrir sig mjög stór og athyglisverð. Ég býst við því, að það muni þykja nokkrum tíðindum sæta, að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því yfir hér á Alþ. einmitt í sambandi við þingfrestunarmálið, að hæstv. ríkisstj. sé staðráðin í því að taka hér upp nýtt efnahagskerfi, gerbreyta hér í efnahagsmálunum öllu því, sem byggt hefur verið á að undanförnu. Ég býst við því, að enginn geti tekið þessa yfirlýsingu á aðra lund en þá, að ætlun hæstv. ríkisstj. sé að hverfa með öllu frá uppbótakerfi því, sem gilt hefur nú um langan tíma til stuðnings atvinnuvegunum, og þá væntanlega einnig niðurgreiðslukerfinu, en í staðinn eigi að taka upp hið nýja efnahagskerfi, sem leysa á þetta af hólmi, en það mundi að sjálfsögðu þýða stórkostlegustu gengislækkun, sem hér hefur verið sýnd nokkru sinni á Alþingi.

Ég býst við því, að allir muni viðurkenna

það um slíkar yfirlýsingar sem þessa, að það sé eðlilegt, að slíkar yfirlýsingar frá fjmrh. hljóti að vekja almenna athygli og hafa sín áhrif í landinu. Við höfum heyrt frá því skýrt nú að undanförnu, að erfiðleikar miklir séu í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, og í þeim efnum hefur þurft að grípa til ráðstafana, sem hefur ekki verið gripið til áður, þegar gjaldeyrisbankarnir neita að standa við sínar beinu gjaldeyrisskuldbindingar, sem þeir hafa gefið viðskiptamönnum sínum, þegar þeir geta ekki lengur innleyst bein gjaldeyrisloforð. Það er alveg greinilegt, að meðal þeirra áhrifa, sem þegar er farið að gæta í landinu út frá þeim orðrómi, sem gengur frá hæstv. ríkisstj. og skýrast kemur nú fram í þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um stórbreytingar í þessum efnum, þá er farið að bera á því, að stefnt sé í algert öngþveiti með hið almenna viðskiptalíf í landinu og þá alveg sérstaklega í sambandi við störf bankanna. Vitanlega er það algert öngþveiti, þegar svo er komið í desembermánuði, að bankarnir geta ekki látið nauðsynlegasta gjaldeyri af hendi, svo að hægt sé að kaupa inn þýðingarmestu veiðarfærin fyrir komandi vertíð eða svo að hægt sé að fá yfirfærslu vegna nýrra fiskibáta, sem liggja tilbúnir erlendis og fá ekki að sigla heim, vegna þess að gjaldeyri vantar til þess að borga samkvæmt gerðum samningum. Mér er kunnugt um það, að forustumenn banka hafa þegar bent á það, að slík ókyrrð hafi skapazt í þessum efnum, að mjög beri á því, að þeir, sem flytja út afurðir eða vald hafa yfir því, fást ekki til þess að láta fara fram formlega sölu á útflutningsvörunum, vegna þess að þeir eru þegar farnir að spekúlera í gjaldeyrisbreytingum. Enn aðrir, sem e. t. v. hafa selt á erlendum markaði útflutningsvörur, eru farnir að tregðast við að skila gjaldeyrinum til bankanna, og það er varla nema von, að á slíku sem þessu beri, þegar ríkisstjórnin með mjög óvenjulegum starfsháttum á Alþingi skapar slíkan ótta hjá mönnum, eins og hún hlýtur að gera með því að brjótast á þann hátt, sem hún nú er að gera, í því að reyna að senda þingið heim á óvenjulegum tíma og með óvenjulegum hætti. Ég held því, að þessi skýring, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh., sé í mesta máta furðuleg, þegar litið er á það, hvaða afleiðingar þessi skýring hans hér á Alþ. getur haft. Ég hygg, að ef það væri meining hæstv. ríkisstj. að ráðast í þessar stórfelldu breytingar á fjármálakerfi þjóðarinnar, sem hér voru boðaðar, þá hefði verið miklu eðlilegra fyrir hana að halda áfram þingstörfum með eðlilegum hætti og taka þinghlé, eins og venja var til áður, á eðlilegum tíma fyrir jól og fá nokkru lengra jólafrí í janúarmánuði, eins og mörg dæmi eru til um áður að veitt hafi verið, og undirbúa þá sínar stórfelldu tillögur án þess að skapa slíkan almennan ótta í þjóðfélaginu, eins og mér virðist vera stefnt að með þingfrestuninni og með þeim orðsendingum, sem ganga frá hæstv. ríkisstj. varðandi þessi mál.

Það er sem sé alveg ljóst á þessu, sem ég hef nú vikið að, að þeir þrír hæstv. ráðh., sem hér hafa nokkuð talað varðandi þingfrestunarmálið, hafa hver sína skýringu. Ríkisstj. á enga sameiginlega skýringu á því, hvernig stendur á því, að henni liggur svona mikið á að senda þingið heim.

Ég minntist á, að það væri farið að bera á því, að útgerðin í landinu ætti erfitt með að fá nauðsynlegan gjaldeyri, til þess að hún gæti undirbúið sig undir næstu vetrarvertíð, vegna erfiðleika bankanna í sambandi við gjaldeyrismálin. Það er ekkert skemmtilegt fyrir hæstv. Alþ. að hverfa nú heim frá fundum með ástandið þannig, að fullkomin óvissa er ríkjandi um það, hvort hægt verður að hefja útgerð upp úr næstu áramótum með venjulegum hætti og afla þjóðinni nauðsynlegs gjaldeyris, af þeim ástæðum, að þegar er að stöðvast gjaldeyrisafhending til undirbúnings á eðlilegri útgerð. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi beinlínis í þessum efnum valið óheppilegustu leiðina og þá óhyggilegustu á allan hátt: að skapa hér eða stofna hér til deilna um þingfrestunina.

En það er alveg sama, hvernig á þetta þingfrestunarmál er litið. Ég vil víkja hér nokkrum orðum að þingfrestunarmálinu séð frá lagalegu sjónarmiði.

Hér í þessum umr. hefur verið á það minnzt nokkrum sinnum, að í stjórnarskrá landsins er það ákveðið, að heimilt sé fyrir ríkisstj. að setja brbl., ef brýna nauðsyn ber til, og á milli þinga, eins og segir í stjórnarskránni. En brbl. getur ríkisstj. ekki sett, ef Alþ. situr að störfum. Nú vitum við það, að þó að samþ. yrði hér á hv. Alþ. að fresta fundum þingsins um tveggja mánaða skeið, þá verður það þing, sem hér kemur saman aftur að þingfrestuninni lokinni eða í lok janúarmánaðar, það verður sama þingið, aðeins síðari hluti þessa þings, og í eðli sínu er því ekki hér um tímabil að ræða, sem gæti heitið á milli þinga. En það munu vera til dæmi um það og þau fleiri en eitt, að sú lagaskýring hafi verið gefin út í svona tilfellum, að þó að um sama þing sé að ræða, en hins vegar þingfrestun, þá skuli þó telja, að það tímabil, sem verður á milli þinghlutanna, skuli túlkast sem á milli þinga og ríkisstj. hafi þar með heimild til þess að gefa út brbl. á þessu tímabili. En þá verður sem sagt að koma til sú lagaskýring, að hér sé raunverulega í framkvæmd ekki um sama þing að ræða, hið fyrra þingið var fyrri hluta og hið síðara þing var svo aftur síðari hluta tímabilsins. Þessi lagaskýring hefur verið notuð, og við skulum segja, að eins yrði farið að í þetta skiptið, að ríkisstj. fengi að þessu sinni heimild til þess að gefa út brbl. á þingfrestunartímabilinu. En hvernig kemur svo þessi lagaskýring heim við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. að öðru leyti nú í þessu máli? Jú, í stjórnarskránni segir einnig, að þegar brbl. eru gefin út, er skylt að leggja þau til staðfestingar á Alþ. fyrir næsta þing, sem haldið er, eftir að brbl. hafa verið gefin út. Samkv. þessari fyrri lagaskýringu, sem ég benti á og alveg er fullvíst að hæstv. ríkisstj. vill fara eftir í

því tilfelli, þá ber henni líka lagaleg skylda til þess að leggja þau brbl., sem gefin voru út á s. l. hausti um verðlagningu landbúnaðarafurða, fyrir næsta þing, sem haldið er, en það er það þing, sem enn stendur. En nú ætlar hæstv. ríkisstjórn sýnilega ekki að leggja þessi brbl. samkv. skýlausri skyldu samkv. stjórnarskrá landsins fyrir þetta næsta þing. En þá á bara að velta lagaskýringunni við og segja: Ja, þetta er nú eitt og sama þingið, þetta þing, sem verið er að halda núna fram að þingfrestun, og sá hlutinn, sem tekur við aftur eftir 28. janúar. — Þá er það eitt og sama þing. En í hinu tilfellinu er það ekki eitt og sama þing, þá eru þetta tvö þing, og þannig fær allt smollið saman.

Það er alveg greinilegt, að með því, sem hæstv. ríkisstj. er að gera í þessum efnum, er hún tvímælalaust að brjóta stjórnarskrá landsins. Annaðhvort á hún að gefa út yfirlýsingu um það, að verði þingi frestað nú, þá muni hún ekki telja sig hafa heimild til þess að gefa út brbl. á þingfrestunartímanum, eða ef hún vill ekki gera það, þá er hún skyldug til þess samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar að leggja fyrir þetta þing brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða, því að í öðru hvoru tilfellinu, ef ríkisstj. ætlar að fara svona að, þá hlýtur hún að brjóta stjórnarskrána, það sér hver maður. En það getur verið þægilegt að nota þessa lagaskýringu á þessu augnabliki og svo gersamlega aðra lagaskýringu um sama atriðið á hinu augnablikinu. Ég tel því, að frá lagalegu sjónarmiði séð sé þingfrestunin, eins og til hennar er stofnað af hálfu hæstv. ríkisstj., alveg greinilegt stjórnarskrárbrot.

Og hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. hefur málatilbúnað sinn á þennan hátt? Jú, það er auðvitað alveg greinilegt, hver ástæðan er, og það er líka meginástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. er með allt þetta bardús um að reyna að knýja þingið til að fara heim nú á fyrstu dögum sínum. Stjórnarflokkarnir tveir hafa teflt sig inn í hina mestu klípu í sambandi við brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða. Annar stjórnarflokkurinn hefur lýst því yfir mjög hátíðlega, að hann mundi aldrei hafa sett þessi brbl., hann væri þeim algerlega andvígur og hann mundi, strax og þing kæmi saman, beita sér fyrir því að fá þau úr gildi. Þetta liggur allt saman fyrir. Hinn stjórnarflokkurinn hafði lýst yfir alveg hinu gagnstæða. Hann hefur hælt sér af því. Það var hann, sem setti brbl., það var hann, sem vildi koma þeim fram, og hann hefur lýst því yfir og stuðningsmenn þess flokks, að þeir muni aldrei falla fyrir sitt leyti frá ákvæðum brbl., og þeir neita því með öllu, að bændum verði greitt það, sem hinn stjórnarflokkurinn hafði lofað að greiða bændum. Svo standa þessir tveir stjórnarflokkar í algerum vandræðum og sjá enga leið út úr þessari klípu, sem þeir hafa teflt sig inn í, og þá dettur mönnum í hug sú leið að senda þingið heim í mesta asa og mesta fáti, rjúka jafnvel til og tilkynna í blöðum, að það sé ákveðið, að þingið fari heim strax í fyrstu starfsviku sinni. Þingmenn lesa það í stjórnarblöðunum, að þetta standi til og þingið eigi að fara heim 30. nóv. Engin till. hafði þá verið flutt um málið á Alþingi, þegar þetta var birt í blöðunum. Eitt af stjórnarblöðunum meira að segja var svo ákveðið og sannfært, dagblaðið Vísir, að það sagði, að það væri búið að samþykkja þetta, þó að málið hafi alls ekki verið lagt fyrir Alþingi. Svo sá stjórnin, að málið var ekki svona auðvelt, að hægt væri aðeins að tilkynna þetta í stjórnarblöðunum, að þingið skyldi fara heim. Það þurfti að samþykkjast á sjálfu Alþingi og fara þar a. m. k. í meginatriðum eftir því, sem þingsköp og lög mæla fyrir um. Nú er kominn 2. des., og hann er senn liðinn, og þrátt fyrir þessar yfirlýsingar í stjórnarblöðunum um það, að þingið ætti að fara heim 30. nóv., þá situr Alþingi hér enn að störfum og allar líkur til þess, að það verði að störfum hér næstu daga.

Þá var það, sem hæstv. forsrh. lét semja þáltill. og leggja fram á Alþingi um það, að Alþingi samþykkti að hætta störfum og fara heim, og var þessari till. útbýtt nokkru eftir að blöð stjórnarflokkanna höfðu lýst yfir því, að þingið væri að fara heim.

Það er ekki komið svo langt enn þá, að þessi till. sjálf sé komin til umræðna á Alþingi. En hvernig stendur á því, að hún skuli ekki enn þá vera komin til umræðna á Alþingi, þessi till., sem þó var flutt nú fyrir nokkru og átti að sjá um það, að Alþingi yrði farið heim 30. nóv.? Jú, það var ýmislegt fleira, sem þurfti að samþykkja á Alþingi, áður en þingið yrði sent heim. Það voru nokkur lög í gildi, sem gengu úr gildi um næstu áramót, og þar með ýmsir tekjustofnar ríkisins, og vegna þess var tekið upp það ráð, að strax í fyrstu viku þingsins er fleygt hér fram á Alþingi fimm frv., sem öll fjalla um það að framlengja eftir áramót þá tekjustofna ýmsa, sem þar eru tilgreindir og eiga þá að falla úr gildi. Fimm frv. voru þá flutt, og þá þurfti vitanlega að koma öllum þessum frv. í gegnum báðar deildir þingsins til þess þó að fara að lögum, og það tók vitanlega alltaf nokkurn tíma.

Auðvitað máttu allir þingvanir menn sjá það, að svona lágu þessi mál fyrir. Þingfrestunin sjálf varð að samþykkjast á Alþingi, þessi frv. öll þurftu einnig að samþykkjast á Alþingi, og það þurfti einnig að samþykkja frv., sem hér liggur nú fyrir, um heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna, þar til fjárlög væru samþykkt.

Nú þekkja menn það af störfum Alþingis, að það er með öllu útilokað að fá öll þessi mál afgreidd á Alþingi eftir venjulegum vinnubrögðum í fullkominni andstöðu við stjórnarandstöðuna, nema það taki mjög langan tíma og mörg og mikil mál blandist inn í umræður um þessi mál. Auðvitað átti þetta að sýna stjórnarliðinu, að það átti aldrei að efna til deilna um þessi mál. Stjórnarliðið átti vitanlega að taka upp, eins og alltaf hefur verið gert hér á Alþingi áður, samningatilraunir við stjórnarandstöðuna um það, hvenær samkomulag gæti orðið um að fresta þingi að þessu sinni og hve langt rétt væri að hafa jólafrið að þessu sinni. Og samningar við stjórnarand-

stöðuna voru líka auðfengnir um þessi mál. Því hefur verið lýst hér yfir af þeim fulltrúum, sem talað hafa f. h. stjórnarandstöðunnar, að það hefði verið auðvelt að semja um það, að þetta frv. t. d., sem hér liggur fyrir um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúarmánuði og febrúarmánuði, fengi að ganga tiltölulega hratt í gegnum þingið og eins þau framlengingarfrv. önnur, sem flutt hafa verið, að þau hefðu verið hér afgreidd á tiltölulega stuttum tíma, ef aðeins ríkisstj. hefði getað fallizt á það, að þetta þing leysti þau verkefni, sem því ber beinlínis skylda til að leysa samkv. stjórnarskrá landsins og samkv. gamalli þingvenju. Þessi atriði voru að leggja fyrir brbl., sem gefin voru út á s. l. hausti um verðlagningu landbúnaðarafurða, eins og tvímælalaust er skylt að gera, og enn fremur það, að fjmrh. flytti sína fjárlagaræðu og henni yrði útvarpað, eins og þingsköp mæla fyrir um, og fjárlagafrv. yrði með venjulegum hætti vísað til fjvn., svo að hún gæti þá byrjað á sínum margþættu undirbúningsstörfum í þessum efnum.

Ég verð að segja það, að frá hálfu stjórnarsinna hafa ekki komið fram enn þá neinar fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna ekki var hægt að mæta þessum óskum. Hvers vegna gat hæstv. fjmrh. ekki flutt sína fjárlagaræðu, eins og þingsköp mæla fyrir um og venja hefur alltaf verið? Hvers vegna ekki? Hann hefur enga skýringu getað gefið hér á því. Og hvers vegna mátti ekki leggja þau brbl. fyrir þingið til staðfestingar, sem út hafa verið gefin og stjórnarskráin mælir svo fyrir um að skuli leggjast fyrir næsta þing? Hver var ástæðan? Er kannske meiningin að leggja þau aldrei fyrir?

Það er sama, hvernig á þetta þingfrestunarmál er litið, hvort sem litið er á það frá almennu lagalegu sjónarmiði, gömlum þingvenjum eða í sambandi við það, sem hagkvæmast væri fyrir hæstv. ríkisstj., einnig til þess að tryggja sér vinnufrið, — það er nákvæmlega sama, hvernig á málið er litið. Hún hefur valið hina óeðlilegustu og óæskilegustu leið, sem hún gat valið. Stjórnarskrá landsins segir, að fjárlagafrv. skuli leggja fyrir í byrjun þings. Og hæstv. fjmrh. segir: Þessu ákvæði hefur verið fullnægt. Fjárlagafrv. hefur verið útbýtt á hv. Alþingi. — En jafnhliða því, sem frv. er útbýtt, þá segir hæstv. ráðherra: Í rauninni er þetta bara grínbrúða. Í rauninni er þetta bara grínfrv. Það er alls ekki meiningin, að það verði neitt til umræðu. Við erum að hugsa um að semja nýtt frv. og leggja það fram síðar. — Er þetta ekki að ganga hreinlega á snið við fyrirmæli þingskapa og laga um það að leggja fjárlagafrv. fyrir í byrjun þings? Vitaskuld er það.

Það var auðvelt að þessu sinni eins og áður að fylgja fjárlagafrv. eftir með fjárlagaræðu og vísa því til fjvn., og maður skal ekki trúa því, að það fjárlagafrv., sem hér hefur verið útbýtt og samið var af fyrrv. hæstv. fjmrh., hafi verið samið með þeim endemum, að það þurfi algerlega að kasta því í kassann. Og ég vil þá segja það, að Sjálfstfl., sem nú hefur tekið við embætti fjmrh., hlýtur að eiga sína sök hér á líka. Hann hefur engu síður en Alþfl. borið ábyrgð á stjórn fjármálanna á s. l. ári. Hann bar jafnvel meiri ábyrgð en Alþfl. á síðasta þingi á afgreiðslu fjárlaga og hafði hér alla forgöngu um afgreiðslu fjárlaga þá. Og hann hefur haft alla aðstöðu til þess að fylgjast sem samningu fjárlaga á þessu ári, og ég veit, að hann hefur fylgzt með þeim. Ég álít því, að Sjálfstfl. sé í þessum efnum einnig að skjóta sér óeðlilega undan sinni ábyrgð með því að ætla að ógilda það plagg, sem hér hefur verið lagt fram sem fjárlagafrumvarp.

Þá er nokkuð um vinnuaðstöðu hæstv. ríkisstj. í sambandi við tillögur í efnahagsmálunum.

Er það nú líklegt, að hæstv. ríkisstjórn geti unnið þannig að jafnstórkostlegum breytingum í sambandi við efnahagskerfi þjóðarinnar og hún segist nú hugsa sér að leggja til, án þess að hún hafi náið samstarf við stuðningsflokka sína, við þingmenn bæði úr Alþfl. og Sjálfstfl.? Ég hef enga trú á því, að aðeins ráðherrar þessara tveggja flokka, ásamt með nokkrum sérfræðingum utan þings, vinni algerlega einir að því að móta allar þær till., sem eiga að gerbreyta um efnahagskerfi, eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt hér í umræðunum. Ég hef enga trú á því, að ríkisstj. án samráðs við þingmenn Alþfl. og þingmenn Sjálfstfl. vinni að slíkri tillögusmíði til þess að kasta þeim tillögum síðar fram á Alþingi. Ég hygg, að þessi stjórn verði að fara að svipað og aðrar ríkisstj. hafa orðið að fara að, að hún hljóti, þegar hún undirbýr þessi vandasömu mál, að verða að hafa meira eða minna samráð og samstarf við stuðningsmenn sína á Alþingi og hún þurfi því verulega á því að halda, að þeir séu hér í höfuðstaðnum. Ég held því, að það greiði ekkert götu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum að senda þingið frá sér, nema síður sé.

Annars er það greinilegt, að fram hefur komið í sambandi við þessar umræður, að svo hefur tekizt til hjá stjórnarflokkunum að þessu sinni, að þeir hafa hreinlega setzt í stjórnarstólana og myndað saman ríkisstj. án þess að semja nokkuð sín í milli um höfuðvandamálin, sem við var að glíma í þjóðfélaginu. Það er nú orðið ljóst, að það eru fyrst og fremst stólarnir, sem samið hefur verið um. Flokkarnir hafa enn ekki komið sér saman um leiðir í efnahagsmálunum og þurfa því að fá langan umhugsunarfrest.

Það virðist, að nú eigi eftir rúmlega vikustund að senda Alþingi heim. Til hvers? Til þess, eftir því sem hæstv. ráðherrar segja, að stjórnarflokkarnir geti farið að semja um þau málefni sín í milli, sem þeir áttu að semja um, áður en þeir mynduðu ríkisstj., að nú eigi að fara að taka tíma til þess að semja um þau málefni, sem stjórnarsamstarfið átti að byggjast á, en svikizt hefur verið um að semja um, áður en stjórnin var mynduð.

Það var fyrr í umr. hér á þingi í dag, í rauninni í Sþ., sem þær upplýsingar komu fram varðandi efnahagsmálin frá hæstv. fjmrh., að hann sagði, að ríkissjóð og útflutningssjóð

mundi vanta um 200—300 millj. kr. í auknar tekjur, til þess að hægt væri að standa við útgjöld, miðað við þá samninga, sem gilda um útgjöld útflutningssjóðs og ríkissjóðs, eins og sakir standa nú. Og það er svo sem eðlilegt, að miðað sé við útgjöldin eins og þau standa nú, vegna þess að engir nýir samningar munu hafa verið gerðir við framleiðsluatvinnuvegina um nýjar bætur til viðbótar við þær bætur, sem í gildi eru samkv. lögum. Ég beindi þá þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig það mætti vera, að þessar upplýsingar fengju staðizt, að það skorti nú um 200—300 millj. kr. í nýjar tekjur handa ríkissjóði og útflutningssjóði, miðað við óbreytt útgjöld þessara aðila, þegar fyrir lægju upplýsingar aðeins nokkurra mánaða gamlar frá fyrrverandi ríkisstj. um það, að hagur útflutningssjóðs hefði aldrei verið betri en nú, og þegar fyrir lægi frv. til fjárlaga, útbýtt hér á borðin til hv. þm., en í grg. þess segir, að engin ástæða sé til að óttast, að greiðsluhalli verði hjá ríkissjóði á þessu ári, 1959. Það stendur í grg. þess frv. Hvernig getur það komið heim og saman, að nú eru gefnar upplýsingar um það, að það muni vanta 200—300 millj. kr. í útflutningssjóð og ríkissjóð á næsta ári, miðað við óbreytt útgjöld þessara sjóða?

Það var svo sem að vonum, að hæstv. fjmrh. víki sér með öllu undan því að svara þessu. Ég skil það mætavel, að hann muni hafa þar verið í nokkrum vanda. En hann hafði nefnt þessa tölu, 200—300 millj. kr., til staðfestingar á því, sem hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hafði sagt hér fyrir nokkru á Varðarfundi í upplýsingum sínum um ástandið í fjárhagsmálunum.

Það er ofur eðlilegt, að við þm. viljum fá úr því skorið hér á Alþingi, hvort yfirlýsingar fyrrv. fjmrh. og fyrrv. forsrh., sem báðir eru ráðh. í núverandi ríkisstj., í þessum efnum eru algert fals og ranglega settar fram eða hvort það, sem núverandi hæstv. fjmrh. segir í þessum efnum, er aðeins fleipur, sem ekki fær staðizt.

Ég spurðist einnig fyrir í þessu sambandi um það, hvort kannske væri byrjað að semja við framleiðendur um nýjar bætur á næsta ári, hvort samningar væru hafnir við útgerðina, þessir venjulegu, árlegu samningar, og hvort viðræður þar bentu þá eitthvað til þess, að búast mætti við því, að hækka þyrfti bótagreiðslur til framleiðslunnar. Ég fékk ekkert svar við því. Mér er ekki kunnugt um það, að neinir slíkir samningar hafi opinberlega hafizt enn. Ég álít þó, að það væri full þörf á því nú í byrjun desembermánaðar að taka upp þessa samninga, og oftast nær áður voru samningar um þessi mál byrjaðir á þessum tíma og veitti ekki af.

Mér sýnist nú, að það stefni í hreint öngþveiti í þessum málum, að svo skuli vera haldið á, að það á að rjúka til og senda Alþingi heim á fyrstu starfsdögum þess, án þess að nokkuð sé gert. Ríkisstj. veit sýnilega ekki sitt rjúkandi ráð í sambandi við, hvað hún hyggst raunverulega fyrir í efnahagsmálunum, en hún skapar hins vegar með aðgerðum sínum slíkan ótta og slíka tortryggni í viðskipta- og athafnalífinu almennt, að allt er að komast í sjálfheldu í bönkum landsins í sambandi við gjaldeyrissölu, og af þeim ástæðum er hreinlega stofnað í stórhættu rekstri útgerðarinnar á komandi vertíð, því það sjá allir menn, að ef bankarnir ætla að halda sér við það áfram að neita mönnum um nauðsynlegan gjaldeyri til þess að kaupa veiðarfæri, þá verður ekkert gert út í næsta janúarmánuði. Og það sjá líka allir menn, að ef menn geta ekki fengið frá bönkunum nauðsynlegan gjaldeyri til þess að greiða fullsmíðaða báta, sem liggja tilbúnir í erlendum höfnum til þess að sigla heim, vegna gjaldeyrisskorts, þá verður ekki gert út á þeim bátum, að minnsta kosti ekki í næsta janúarmánuði.

En það á að fresta Alþingi nú. Það á að senda þm. heim. En mér er þá spurn: Á kannske líka að fresta allri útgerð í janúarmánuði n. k.? Á bara að fresta henni? Við höfum að vísu séð það áður, að útgerð í janúarmánuði hafi verið frestað, og sumir þeir, sem nú þykjast ráða hér mestu um í núverandi hæstv. ríkisstj., hafa einmitt staðið að slíkri frestun. Það hefur ekki orðið neinn búhnykkur að fresta allri útgerð landsmanna um heilan mánuð á vetrarvertíðinni. Mér sýnist óskemmtilega margt benda til þess, að það geti farið á svipaða lund enn. Síðasta árið, sem Sjálfstfl. bar ábyrgð á stjórn sjávarútvegsmála og hafði forsæti ríkisstj. á höndum, tókst svona til, að útgerð bátaflotans stöðvaðist með öllu allan janúarmánuð.

Ég held, að það hefði verið nær eðlilegum hætti, að hæstv. ríkisstj. hefði nú lýst því yfir hér á Alþingi, að hún væri byrjuð samninga við forsvarsmenn framleiðsluatvinnuveganna einmitt í þeim tilgangi að tryggja það, að útgerð geti hafizt á réttum tíma, og að hún lýsti því yfir hér á Alþingi, að hún mundi einmitt kippa því í lag nú næstu daga, að t. d. bankarnir létu af höndum nauðsynlegan gjaldeyri, til þess að hægt væri að undirbúa framleiðslustörf nú strax eftir áramót, fremur en að leggja alla orku sína í að ætla að knýja það í gegn hér á mjög sérkennilegan hátt að reka þingið heim á fyrstu starfsdögum þess. Og ég held líka, að það hefði tryggt miklu meira jafnvægi á allan hátt í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar en það fum, sem er nú greinilega á öllum störfum hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa þingfrestun.

Ég hafði nokkuð vikið að því fyrr í minni ræðu, að hæstv. ríkisstjórn sá, að það þurfti meira að gera til þess að losa sig við þingið heldur en að tilkynna það í stjórnarblöðunum, að þingið ætti að fara heim, og því rauk hún til að flytja bæði þingfrestunartill. og leggja hér fram 5 frv., sem voru um framlengingu nokkurra skatta, sem annars hefðu gengið úr gildi um næstu áramót. Síðan efndi ríkisstj. til heilmikilla kappræðna um þessi frv., sem vitaskuld mátti búast við, þar sem hún var að reyna að knýja fram samþykkt þeirra þvert ofan í vilja nærri helmings alþm. Hér í hv. Nd. var eitt af þessum tekjuöflunarfrv., um

framlengingu á skemmtanaskatti, það var hér til umræðu. Það lá hér fyrir hv. d. og var rætt í marga klukkutíma. Í hv. Ed. lágu fyrir 4 af þessum framlengingarfrv., og þau voru líka rædd í marga klukkutíma og um nætur jafnvel, en þá allt í einu uppgötva ráðh. það, að þetta fær ekki gengið. Þá lyppast þeir niður, falla frá öllum þessum frv., skjóta á klíkufundi hér í bakherbergjum og reyna nú að finna upp á einhverjum nýjum uppátækjum til þess að koma þingfrestun sinni í gegn. Og þá finnur einhver upp á því snjallræði að taka frv., sem var hálfútrætt í Nd., um skemmtanaskatt, og önnur frv., sem voru hálfútrædd í Ed., steypa þessu öllu saman í einn bunka, mynda eitt frv. úr 5, sem nefnt hefur verið hér á Alþingi bandormur, sem eðlilegt er, því að hér er hver liðurinn við annan. Og á þann hátt dettur hæstv. ríkisstj. í hug, að nú geti hún á þennan sérstaka hátt stytt umr. þm. allverulega með því að gera þetta allt að einu máli, og miðaði auðvitað ræðutíma manna við þetta eina mál, þó að hún væri áður búin að leggja þessi mál fyrir sem 5 mál í tveimur d. og eyða í þau alllöngum tíma. Nú er þetta lagt fram á þennan hátt. Svona er fumið í þessu í einu og öllu. Ætli væri ekki rétt fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að hugsa svolítið betur um það, hvernig hún ætlar að koma fram sínum málum, heldur en þessi vinnubrögð bera vott um?

Auðvitað er svo þessi aðferð líka móðgun við hv. alþm., hrein móðgun við þá. Og segja má, að minnsta kosti á óbeinan hátt, að hér er um brot að ræða á eðlilegu málfrelsi alþm., því að ef hengja má saman öll þessi 5 frv. í eitt, hvers vegna má þá yfirleitt ekki hengja svo að segja öll frv., sem menn ætla að flytja eða ríkisstj. ætlar að flytja, saman í eitt, nógu langan bandorm og segja svo: Hér er bara eitt mál fyrir þinginu. Þetta verður rætt allt saman í einu. — Og þar með hlýtur að vera hægt að stytta umr. Hér eru auðvitað gersamlega óskyld mál á ferðinni og hafa verið sérskilin hér á Alþingi um margra ára skeið. En það reynist vera nauðsynlegt að taka upp þessi sérstöku vinnubrögð til þess að reyna að knýja fram þingfrestun á óeðlilegum tíma í fullkominni andstöðu við nærri helming þm.

Ég veit ekki upp á hverju hæstv. ríkisstj. kann að finna, ef henni sýnist, að það taki nokkuð langan tíma að koma þessum bandormi öllum í gegn. Ef til vill finnur hún eitthvert ráð enn til þess að stytta eðlilegan afgreiðslutíma þessara mála. En ég held, að slík vinnubrögð verði ekki heilladrjúg fyrir störf Alþingis í framtíðinni og það sé veruleg hætta á því, að fordæmi eins og þetta verði notað einhvern tíma síðar og að þá kannske kvarti þeir einna sárast undan, sem nú stofna til vinnubragða af þessu tagi.

Um það frv., sem hér liggur fyrir og er um heimild handa ríkisstj. til þess að annast bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði í janúar- og febrúarmánuði á næsta ári, þó að fjárlög hafi ekki verið samþ. hér á Alþingi fyrir þá mánuði og fyrir næsta ár, er auðvitað augljóst mál, að þetta frv. er allsendis ófullnægjandi fyrir hæstv. ríkisstj. og verður vitanlega að takast hér upp á nýjan leik í nýjum búningi eða endurnýja það síðar, þegar hún stendur eins að afgreiðslu mála og rakið hefur verið nokkuð í þessum umræðum. Hún gerir sem sagt ráð fyrir því, að Alþingi komi saman aftur 28. jan., en heimildin til bráðabirgðafjárgreiðslna er aðeins miðuð við það að ná út febrúarmánuð. Eru nokkrar líkur til þess, að búið verði þá að afgreiða fjárlög fyrir árið 1960, þegar þingið kemur ekki saman fyrr en 28. jan. 1960? Ég ætla, að það sé ekkert dæmi til um það í þingsögunni, að svo skammur tími hafi verið notaður, eins og frá 28. jan. og til febrúarloka, til þess að afgr. fjárlög í gegnum allar umr., eins og lög standa til á Alþingi. Það sjá allir hv. alþm., að tíminn er of skammur, þegar þing kemur ekki saman fyrr en 28. jan., og þá á að sjálfsögðu fyrst að fara að útbýta fjárlagafrv. Ekki getur fjárlagaræða strax hafizt 28. jan., það er með öllu útilokað. Það þykir venjulega lágmarkstími, áður en efnt er til útvarpsumr., að þá fái þingflokkarnir 5, 6 eða 7 daga eða svo, svo að það er ótrúlegt, að fjárlagafrv., þó að því verði útbýtt 28. jan., þegar þing kemur saman, verði tekið til 1. umr. og haft um það útvarpsumr., eins og lög standa til, fyrr en 5.—6. febr., aldrei fyrr. Þá er eftir að halda fund um það að vísa málinu til fjvn., þá fyrst fær fjvn. frv. til athugunar. Mér þykir það mjög ótrúlegt, að fjvn. þurfi ekki a. m. k. einn og hálfan mánuð til þess að vinna svipaða vinnu og hún hefur unnið hingað til öll þau 17 ár, sem ég hef verið á Alþingi. Ef hún ætlar að leggja í þetta svipaða vinnu og hún hefur gert á þessum árum, þá þykir mér það sérstaklega ótrúlegt, að hún þurfi ekki a. m. k. einn og hálfan mánuð til þess að ljúka sínum störfum.

Það er því alveg sýnilegt mál, að þessar bráðabirgðafjárgreiðslur, sem hæstv. ríkisstj. er að óska eftir heimild til að fá samkv. þessu frv., duga henni aldrei. Hún þarf að flytja hér annað frv. og fá framlengda þessa heimild eflaust allan marzmánuð líka. En hefði ríkisstj. viljað fara hér að samkv. venjulegum hætti, hefði hún viljað hafa 1. umr. um fjárlögin nú, eins og henni ber raunverulega skylda til samkvæmt lögum, hefði hún vísað frv. nú til fjvn. og fjvn. hefði getað byrjað þar á sinni athugun á frv., þá hefði heimildin eflaust dugað, eins og hún er formuð hér í þessu frv.

Mér sýnist því, að þetta frv. út af fyrir sig sé illa úr garði gert og alls ekki reiknað með því, hvernig fara muni um störf Alþingis, eftir að ríkisstj. hefur komið þeim vilja sínum fram að reka þingið af höndum sér nú í byrjun starfstímans.

Mér þykir því mestar líkur benda til þess, að raunverulega fari svo, fyrst svona er að unnið, að landið verði fjárlagalaust fyrstu 3—4 mánuðina á næsta ári, — það verði stjórnað að mestu eftir gamla fjárlagafrv. og eftir bráðabirgðaheimildum, en raunverulega verði landið fjárlagalaust fyrstu 3—4 mánuðina. Þetta kalla ég ekkert efnilega af stað farið.

Og ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. núverandi fjmrh. hefja sína göngu harla einkennilega í þessum efnum. Ég held, að það hefði verið nær fyrir hann að endurskoða þessar ákvarðanir sínar, taka þær til nýrrar athugunar, og ég hygg, að ef hann gerði það, þá kæmist hann að annarri niðurstöðu en hann hefur komizt og mundi þá breyta öllum vinnubrögðum.

Ég sagði fyrr í minni ræðu, að mér sýndist alveg augljóst, að ein aðalástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. vill nú knýja fram þessa þingfrestun, sé sú, að stjórnarflokkarnir séu komnir í pólitíska klípu í sambandi við bráðabirgðalögin, sem fyrrv. ríkisstj. gaf út um verðlagningu landbúnaðarafurða, þar sem vitað er, að stjórnarflokkarnir hafa gefið út gagnstæðar yfirlýsingar um það mál. Ég held, að ein meginástæðan til þess, að stjórninni sýnist nú alveg nauðsynlegt að reka þingið af höndum sér, sé þessi pólitíska klípa. En ég vil nú spyrja: Finnst hæstv. ríkisstj., að hún sleppi eitthvað út úr þessari pólitísku klípu með því að reka þingið af höndum sér nú?

Ég á von á því, að þó að þingið verði sent heim, þá komi þó alltaf 15. des. eigi að síður, nema hér verði flutt sérstök till. um að fresta honum einnig. En 15. des. hlýtur að koma eftir mínum útreikningi, og þá ganga þau bráðabirgðalög úr gildi, sem sett hafa verið um verðlagningu landbúnaðarafurða. Og þó að þingið sé farið heim, hvað gerist þá 15. des.? Hvað gerist þá? Sumum hefur komið til hugar, að þá ætli ríkisstj. að segja: Ja, nú verðum við að grípa til nýrra bráðabirgðalaga. Við verðum að leysa vandann með nýjum bráðabirgðalögum. — Mér er þá fyrst spurn: Hvernig ættu þau bráðabirgðalög að vera? Annar stjórnarflokkurinn segist standa og falla með þessum bráðabirgðalögum um að banna hækkun á landbúnaðarafurðum, en hinn hefur sagt um allt þvert og endilangt landið í gegnum frambjóðendur sína í síðustu kosningum, að hann sé algerlega á móti þessum bráðabirgðalögum og hefði aldrei sett þau, ef hann hefði verið í ríkisstj. Er þá hugsanlegt, að sá stjórnarflokkurinn fari nú að setja svona bráðabirgðalög *aftur eða endurnýja þau gömlu?* Er það hugsanlegt?

Ég held, að hæstv. ríkisstj. sleppi ekki út úr þessari klípu, sem hún er búin að koma sér í, með því bara að grafa hausinn í sandinn; það sé með öllu þýðingarlaust. Ég held því, að hún ætti að koma með hausinn upp úr sandinum aftur og taka á verkefninu, eins og það liggur fyrir. Fyrr eða síðar verða stjórnarflokkarnir að standa frammi fyrir þessum vanda: annar hefur lofað þessu og hinn hefur lofað hinu. Annar hvor verður að svíkja, nema þeir vilji svíkja báðir; það er líka leið. En ég sé ekki, að hæstv. ríkisstj. sé nokkru bættari í sjálfu sér í sambandi við þessa pólitísku klípu, sem hún er búin að tefla sig í, þó að hún reki þingið af höndum sér. Að vísu má segja, að hún hafi þá losnað við að hafa bæði mig og aðra hér til þess að stríða sér svolítið á því, sem hún hefur verið að gera klaufalega í þessum efnum. Hún þarf auðvitað ekki að vera hér á Alþingi og hlusta á það, að hún sé brýnd á því, hvernig hún hefur staðið að afgreiðslu þessara mála. En þingið kemur saman aftur, þm. koma saman aftur, og það verður aftur til möguleiki á því að rifja upp þessi mál.

Svo er hitt atriðið: Er það í rauninni hugsanlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að baksa í því með þessum vinnubrögðum, sem hér hefur verið lýst, að reyna að reka þingið af höndum sér, og standa í slíku baksi í 10—12 daga, eins og allar líkur eru til, geta síðan sent þingið heim 7., 8. eða 10. des. með því að neyta aflsmunar með atkv. hér á þingi og ætla sér svo, rétt eftir að þingið er farið heim, 4—5 dögum eftir, að setja ný bráðabirgðalög? Hvar er þingræðinu komið í höndum þeirra manna, sem þannig vilja á málum halda? Þeir treysta sér ekki til þess að setja lög á Alþingi með venjulegum hætti, með því að láta alþm. samþ. lög á Alþingi, vilja drífa þingið heim til þess að hlaupa upp rétt á eftir og setja bráðabirgðalög. Það er alveg ótrúlegt, að hæstv. ríkisstjórn hafi raunverulega komið til hugar, að þessi leið sé fær.

Ég held meira að segja, að það sé með öllu þýðingarlaust fyrir hæstv. ríkisstj., jafnvel þó að hún fari nú út í það kviksyndi að gefa út bráðabirgðalög 4—5 dögum eftir að Alþingi hefur verið rekið heim á þennan hátt. Jafnvel þótt hún gerði það, þá held ég, að það sé með öllu útilokað fyrir hana að geta gefið út bráðabirgðalög, sem yrðu slíkt reykský, að það gæti dulið fyrir hugsandi fólki í landinu, hvað raunverulega hefur verið að þvælast fyrir ríkisstj. og hvað hún raunverulega er að gera í þessum efnum. Ég held, að hún dylji sig ekki neitt.

Það er því mín skoðun, að það hefði verið langsamlega bezt fyrir hæstv. ríkisstjórn og flokka hennar að takast á við þennan vanda nú strax, renna sér í það af fullum krafti, og það hefði hæstv. landbrh. átt að gera: að leysa þennan landbúnaðarhnút, sem þarna hefur verið hnýttur. Auðvitað verður hann leystur einhvern veginn. Ein leiðin er sú, sem Sjálfstfl. lofaði, að samþ. hér á Alþingi að greiða bændum 3.18% verðhækkunina. Hann hefur lofað þessu. *Hann hefur áreiðanlega þingfylgi fyrir* því hér á Alþingi. Ein leiðin er sú að renna fram þessari till. og láta hana fara í gegn, — sjá, hvað hinn stjórnarflokkurinn gerir. Ég held, að Sjálfstfl. væri þetta óhætt. Ég held, að hinn stjórnarflokkurinn, þó að hann hafi líka svarið í málinu, mundi bara kýtast niður og sitja sem fastast í stólunum, þó að þetta væri samþykkt.

En það er áreiðanlegt, að þó að þessi klípa, sem hæstv. ráðh. stjórnarflokkanna eru nú komnir í í sambandi við bráðabirgðalögin um verðlagningu landbúnaðarafurða, sé kannske ein meginástæðan til þess, að það er reynt með þessum einkennilegu vinnubrögðum að reka þingið af höndum sér, þá sýnist mér margt benda til þess, að það séu einnig fleiri ástæður til þess, að stjórnin reyni þessa þingfrestun með þessum hætti.

Mér sýnist alveg greinilegt, að ríkisstj. sé í

fullkomnu ráðleysi með það, hvernig hún á að taka á fjárhagsvandamálum. Ég held, að tregða hæstv. fjmrh. að flytja hér fjárlagaræðu, eins og honum ber skylda til, og gera hv. Alþingi grein fyrir ástandi fjárhagsmálanna, byggist á því, að hann treystir sér ekki til þess að láta neitt koma fram um það, hver stefna hans flokks er og hver stefna ríkisstj. er í sambandi við fjárhagsmálefni þjóðarinnar, og hann óttist það, þegar hann kæmi í útvarpsumr. um fjárlagafrv., að þá yrði það bert fyrir öllum landslýð, að stjórnarflokkarnir hafa gengið saman í ríkisstj. nú án þess að semja nokkurn skapaðan hlut um það, hvað gera skal í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég skil það mætavel, að það fari hrollur um hæstv. fjmrh. að þurfa að standa frammi fyrir alþjóð og láta það beinlínis uppi, að svona skuli hafa verið að málunum staðið, því að það er æði mikið ábyrgðarleysi að mynda stjórn um þetta leyti árs og hafa ekki komið sér á neinn hátt saman um það, ekki einu sinni í meginatriðum, hvað gera skuli, en tala hins vegar um það í breiðu og stóru formi, að það eigi að umsteypa öllu fjárhagskerfi landsins. Auðvitað stendur þessi óvissa hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvað gera skuli í efnahagsmálunum, eins og ógn yfir mönnum, ógnandi því, að það verði hér framleiðslustöðvun um næstu áramót, vegna þess að ekkert samkomulag hafi tekizt um það, hvernig skuli bregðast við vandanum. Það er heldur þunnt, að það skuli koma á daginn, að hæstv. ríkisstj. skuli raunverulega hafa að þessu sinni verið mynduð aðeins um stjórnarstólana eina.

Hæstv. fjmrh. sagði, að í ráði væri hjá ríkisstj. að koma hér á nýju fjárhagskerfi. Ég sagði fyrr í ræðunni, að ég gæti ekki skilið þessi orð á annan veg en þann, að þetta benti til þess, að ríkisstj. ætlaði í mjög stórkostlega gengislækkun. Og ég held, að flestir hljóti að skilja þetta svo. En stjórnin hefur þó ekki komið sér saman um það að stefna í þessa átt. Hún hefur aðeins bollalagt um þetta, og það má glögglega heyra á ræðum ýmissa hv. stuðningsmanna stjórnarinnar, að þeir eru nú ekki við því búnir að samþ. svona stórkostlega gengislækkun án þess að athuga það nokkru nánar, því að það er auðvitað alveg gefið mál, að ef á að taka upp hér nýja skráningu á íslenzkri krónu, sem ætti að geta komið í staðinn fyrir það margþætta kerfi, sem nú er í gildi bæði í sambandi við útflutningsuppbætur og eins í sambandi við niðurgreiðslur, þá er það engin smáræðislækkun á verðgildi krónunnar, sem þar mundi koma.

Ég held, að yfirlýsingar eins og þessi, sem hæstv. fjmrh. lét sér hér um munn fara, hljóti óhjákvæmilega að auka enn á þann óróa, sem hefur skapazt, og þann ótta, sem hefur skapazt í atvinnu- og fjárhagslífinu og ég hef nokkuð vikið hér að áður. En það gefur alveg auga leið, að þeir, sem ætla sér t. d. að gerbreyta gildi krónunnar með samþykkt á Alþingi, hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, hvað slík ráðstöfun getur haft viðtæk áhrif í öllu efnahagskerfinu, ef það á að standa lengi yfir og margir að fá að búa sig undir að taka við slíkum ráðstöfunum. Slíkt getur vitanlega haft hin alvarlegustu áhrif í sambandi við allan atvinnurekstur. Ég held, að það sé síður en svo bætandi á þann ótta, sem er hjá mönnum í sambandi við fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir, og því mundi bæði yfirlýsing eins og þessi, sem hæstv. fjmrh. hér gaf, og þá ekki síður tveggja mánaða þingfrestun einmitt um þetta leyti skapa svo að segja upplausnarástand í fjármálum landsins. Er nema von, að þeir, sem sparifé eiga inni í bönkum landsins og sparisjóðum, rífi út innistæður sínar, þegar svona yfirlýsingar eru gefnar og þegar langur aðdragandi er veittur? Og hvernig mun fara fyrir bönkum landsins, ef menn framkvæma það almennt að taka út innistæður sínar og reyna að breyta þeim í fasteignir og kaupa ýmist eitt eða annað, eins og þeir mögulega geta yfir komizt, og langur aðdragandi er veittur fyrir menn til þess að geta aðhafzt í þessum efnum? Hefur nokkur maður heyrt það, að þeir, sem standa að breytingu á gjaldmiðlinum, fari þannig að?

Nei, ég held, að það sé sama, hvaða háttur þessa máls sé athugaður, það komi alltaf út hið sama, að sú leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið sér í sambandi við það ætla að knýja hér fram þingfrestun, sé óheppilegasta leiðin.

Ég sé, að við það frv., sem hér hefur verið lagt fyrir og hér er nú til umræðu, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, hefur verið lögð fram brtt., þar sem gert er ráð fyrir að veita ríkisstj. viðbótarheimild til þess að mega greiða bændum landsins 3.18% aukaverðuppbætur á landbúnaðarafurðir þessa framleiðsluárs. Ég hygg, að ríkisstj. hafi í raun og veru heimild til þess að inna af hendi þessa greiðslu og það sé ekki beinlínis nauðsynlegt að veita henni aðra heimild í sömu átt. En hitt er annað mál, að ef ríkisstj. telur, að það sé ástæðan til þess, að hún hefur ekki enn þá framkvæmt það loforð Sjálfstfl. til bænda að borga þeim þessa fjárhæð, þessi 3.18%, í verðuppbótum, að það skorti sérstaka þingheimild í þeim efnum, þá ætti hæstv. ríkisstj. að skýra Alþingi frá því, að hún þurfi gjarnan að fá slíka heimild, og þá væri kannske hægt að leysa þennan hnút og ná síðan samkomulagi um þingfrestunina á eftir.

Ég hef nú gerzt nokkuð fjölorður vítt og dreift um orsakir þær, sem til þess liggja, að þetta frv. er flutt. Ég er ekki andvígur því út af fyrir sig, að hæstv. ríkisstj. fái heimild Alþingis til þess að mega annast greiðslur úr ríkissjóði í janúarmánuði og febrúarmánuði n. k. í samræmi við gildandi fjárlög, eða þangað til ný fjárlög hafa verið sett. Ég er ekki á móti því út af fyrir sig. Ég get vel skilið, að það hafi verið örðugt fyrir þessa ríkisstj. að afgreiða fjárlög á þessu ári fyrir n. k. ár. Ég deili ekki á hana fyrir það, að hún sækir um slíka heimild sem þessa, og ekki fyrir það, að hún telur sér ekki fært að afgr. fjárlög. En ég deili á hana í sambandi við þetta frv. fyrir það, að hún skuli sækja það af slíku ofurkappi sem raun er á að vilja reka þingið heim,

áður en stjórnin hefur gert það hér á Alþingi, sem þingsköp og lög raunverulega fyrirskipa henni og þinginu að gera.

Mér þykir rétt að undirstrika það, að ég er ekki á neinn hátt heldur á móti því, að ríkisstjórnin fái hér samþ. lög á þinginu, sem tryggi það, að þeir tekjustofnar, sem hafa verið í gildi um alllangan tíma, en áttu að renna út nú um næstu áramót, haldi áfram og hér verði samþ. lög, sem tryggi það. Ég er ekki út af fyrir sig á móti því. En ég mótmæli í sambandi við flutning þessara mála, jafnt bráðabirgðagreiðslnanna sem framlengingar þessara tekjustofna, að það skuli knúið hér í gegn að samþ. þessi mál svo snemma sem raun er á, vegna þess að það er greinilegt, að tilgangurinn með því að ætla að knýja þetta í gegn á þessum tíma er einvörðungu sá, að ríkisstj. vill reka Alþingi heim. En það er það, sem ég tel óeðlilegt, og það er það, sem ég vil mótmæla.

Ég skal svo að þessu sinni ekki lengja mál mitt mikið úr þessu. Það gefst að sjálfsögðu tími til þess síðar að víkja hér að hverjum einstökum lið bandormsins, þegar hann verður hér til umræðu. Þar er, eins og ég hef sagt áður, steypt saman í eitt frv. mörgum óskyldum málum, og þau verða vitanlega að ræðast eins og mörg mál, þó að þau séu öll komin saman í eitt frv., og ég áskil mér rétt til þess, jafnvel þó að það kunni að verða til þess, að það dragist nokkuð hjá hæstv. ríkisstj. að koma þinginu af höndum sér, og jafnvel þó að þingfrestunin kunni að dragast allt fram undir þennan óskaplega hættulega dag, 15. des., sem allur ótti ríkisstj. virðist nú vera bundinn við.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt til þess að vita, að ég sé ekki fjmrh. hér í salnum, en til hans hefði mig sérstaklega langað að beina máli mínu. En fyrst hann er ekki hér, þá leyfi ég mér samt sem áður að segja það, sem ég þarf, og beina máli mínu til hans í þeirri von, að honum berist a. m. k. efnislega það, sem ég hef hér sagt, áður en langt um líður, og hann geti svarað því þá síðar í þessum umræðum. Á fundi í Sþ. í dag urðu einmitt svolítil orðaskipti milli mín og þess hæstv. ráðh. varðandi þau vinnubrögð, sem til er stofnað með framlagningu þess frv., sem hér er til umræðu. Ég drap þar á það, að hæstv. dómsmrh. hafði nokkru fyrr, að því er mér virtist með nokkrum ásökunarsvip í minn garð, haldið því fram, að haustið 1957 hefði verið rasað um ráð fram við setningu fjárlaga, þar hefði verið flaustrað af afgreiðslum á óhóflega skömmum tíma. Ég gat þess þá og vil endurtaka það hér, að haustið 1957 fór fjárlagaafgreiðsla fram með þeim hætti, að þing byrjaði einn af fyrstu dögunum í októbermánuði, fjvn. var sett á laggirnar mjög fljótlega og það var flutt framsöguræða með fjárlagafrv. og því vísað til n., og n. hafði frv. til meðferðar í um það bil 2 mánuði. Þetta mun hafa átt við um haustið 1957, en fjárlög fyrir 1958 voru afgr. hér á Alþingi hinn 20. des. Af þeirri ályktun þess hæstv. ráðh. þykist ég mega draga þá ályktun, að hann telji tveggja mánaða tíma of skamman — óhóflega skamman — fyrir fjvn. til þess að hafa fjárlagafrv. til meðferðar, áður en það kemur til samþykktar í Alþingi. Hafi þessi regla gilt þá, þá sé ég ekki annað en hún eigi við enn þá, og með því að af hálfu núverandi hæstv. ríkisstj. er til þess efnt, að fjárlagafrv. það, sem nú hefur verið lagt hér inn í þing, komi aldrei til umræðu, heldur verði lagt fram nýtt frv. til fjárlaga, eftir að þing kemur saman að nýju, þá þykir mér auðsætt, að ekki muni það fjárlagafrv. liggja frammi fyrr en um mánaðamótin jan.—febr. Og með því að tveir mánuðir teljast að áliti Sjálfstfl. of skammur tími til afgreiðslunnar, þá er útilokað, að fjárlög geti orðið tilbúin fyrr en í fyrsta lagi um miðjan apríl. En þó þykir mér líklegra, að það mundi síðar verða, því að að óreyndu vil ég ekki halda því fram, að neitt verði rasað um ráð fram við setningu þeirra laga.

Nú er ég þeirrar skoðunar, að það sé með öllu óeðlilegt að stofna fyrir fram og vitandi vits til þess, að landinu verði stjórnað án fjárlaga, kannske heilan þriðjung af ári. Og þá er ég kominn að því, sem ég þurfti sérstaklega að ræða við hæstv. fjmrh., því að hann sagði einnig og með beinni ásökun í minn garð, að það hefði komið fyrir undir minni forustu í fjvn., að setning fjárlaga hefði dregizt fram á vor. En þetta segir hann einmitt satt. Þetta gerðist á yfirstandandi ári, árinu 1959. Fjárlög þessa árs voru samþ. endanlega hér á þingi hinn 29. apríl, en það þýðir, að landinu var stjórnað fjárlagalaust þriðjung ársins. Ég mæli ekki með þessu. Hinu vil ég andmæla gersamlega sem ódrengilegri ásökun í minn garð, að það hafi verið mér að kenna eða fjvn. sem slíkri, að afgreiðsla fjárlaga dróst svo lengi. Hæstv. fjmrh. ætti að vita það, sem allir þm. vissu þá og vita vafalaust enn þá, að vart er hægt að afgreiða fjárlög, fyrr en sú ríkisstj., sem að völdum situr hverju sinni, er til þess tilbúin.

Nú stóð einmitt svo á, að á yfirstandandi ári, árinu 1959, sat að völdum mestan hluta ársins ríkisstjórn, sem einmitt Sjálfstfl. kom á laggirnar og studdi, þ. e. a. s. stjórn Alþfl., og þætti mér nokkurs um það vert, að ráðh. úr þeim flokki, sem enn þá eru í ríkisstj., gæfu hér um það yfirlýsingar, hvort þeir hafi um eitt eða neitt við fjvn. að sakast um það, að afgreiðsla fjárlaga dróst þetta langt fram á árið.

Ég ætti ekki að þurfa að rifja upp þau fræði fyrir hæstv. fjmrh., þótt hins vegar framkoma hans og ræðuhöld hér í dag gefi nokkurt tilefni til þess að álykta hið gagnstæða, að vinnubrögð fjvn. hafa verið með þeim hætti að undanförnu, að n. hefur jafnan byrjað á því að kynna sér framlagt fjárlagafrv., bera það saman við fjárlög liðins eða líðandi árs og einnig við síðasta tiltækan ríkisreikning, sjá hverjar hreyfingar þar eru á ferðinni. Síðan hefur n. í mörgum tilfellum og raunar flestum kynnt sér ástand og horfur hjá hinum ýmsu og margvíslegu ríkisstofnunum. Hún

hefur kallað á sinn fund menn frá þeim og spurt þá um reksturinn, spurt þá um horfurnar og fengið sínar upplýsingar hjá þeim og komizt með þeim hætti inn í málefni fjölmargra ríkisstofnana. Einnig hefur n. í mörgum tilfellum talið ástæðu til þess að heimsækja annaðhvort ríkisstofnanirnar eða þá staði, þar sem sérstaklega var um að ræða einhvers konar vandamál fjárhagslegs eðlis, sem ríkið þurfti með einhverjum hætti að blanda sér í eða til mála hafði komið að ríkið gerði. Enn fremur hefur n. að sjálfsögðu tekizt á hendur þann vanda að gera tillögur sínar um það, hvernig skipta beri fé til hinna ýmsu framkvæmda í landinu, t. d. til lagningar þjóðvega, til brúagerðar, til hafnagerðar, til skólabygginga, til flugvallagerðar o. s. frv. Það er ekki torskilið, að fjvn. á í rauninni ómögulegt með að gera tillögur um þessa hluti, fyrr en hún hefur hugmynd um það og þá ævinlega í samráði við ráðandi ríkisstj., hversu háar fjárhæðir er hægt að ætla til þessara framkvæmda hverrar um sig. Og tillögurnar um skiptingu á hina einstöku vegi, á hinar einstöku brýr o. s. frv. getur hún að sjálfsögðu ekki gert, fyrr en hún hefur nokkurn veginn fast undir fótum um það, hverjum fjárhæðum hún hefur yfir að ráða til þess arna eða hverjar fjárhæðir muni verða samþykktar til þess af Alþingi sem slíku.

Ég þykist hér með hafa sýnt fram á það, að þótt fjvn. sé að sjálfsögðu virðingarverð stofnun innan Alþingis, þá er hún ekki þess megnug að ráða til fulls fjárlögum nema í samráði við ráðandi ríkisstjórn. Þær ásakanir, sem hæstv. fjmrh. hefur hér haft uppi í garð fjvn. og sérstaklega beint til mín sem fyrrv. formanns þeirrar n., tel ég því falla ómerkar, með því að töfin í það skipti, sem afgreiðsla fjárlaga dróst óhóflega lengi, meðan ég hef átt sæti í þeirri n., hlýtur að teljast á reikning hæstv. fyrrv. ríkisstj. og með öllu ómaklegt að saka n. þar um.

En ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. hér í dag, að hann hefur ekki hugsað sér að láta fjárlagaafgreiðsluna taka lengri tíma, eftir að hann hefur lagt fram hið væntanlega fjárlagafrv., sem hann boðaði hér í dag að gert mundi, heldur en einn mánuð eða þó raunar, eins og hér hefur verið sýnt fram á, ekki heilan mánuð. Það mætti segja mér, að þeir, sem töldu fjárlagaafgreiðslu vera hreint flaustur á tveimur mánuðum, hefðu nú kannske eitthvað við þessa ákvörðun hæstv. fjmrh. að athuga, að ætla að koma öllu því starfi, sem ég hef hér aðeins lýst litlu broti af, — að koma því af á einum eða minna en einum mánuði. Ég held, að sæmra hefði verið fyrir hæstv. fjmrh. að fara að lögum og taka hér fjárlagafrv. sitt, það sem fyrir liggur, til 1. umr., vísa því síðan til fjvn. og að sú n. gæti hafið eðlilegan undirbúning að afgreiðslu fjárlaga. Ég efast ekkert um það, að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem nú hefur tekið sæti sem form. fjvn., er mjög reyndur og gegn maður og til þess líklegur að geta unnið gott starf í þeirri n. sem slíkur, og ég held, að það hefði engin goðgá verið af hæstv. fjmrh. að leggja fjárlagafrv. í hendurnar á n. undir forustu Magnúsar Jónssonar, hv. 6. þm. Norðurl. e., og þar hefði verið fjallað um þær nauðsynlegu breytingar, sem hæstv. fjmrh. teldi sig þurfa að gera á frumvarpinu.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt sig mjög eftir lögum og verið prófessor við Háskóla Íslands í þeirri grein um nokkurt árabil. Það er máske þess vegna, sem hann leyfir sér að viðhafa þær aðferðir, sem hann hér hefur boðað. Mér og væntanlega fleirum, sem ekki hafa jafnmikla kunnáttu í þeirri fræðigrein, lögfræði, og hæstv. fjmrh. hefur, mundi hreinlega finnast það lögbrot að fara að með þeim hætti, sem hann hér boðar að hann muni gera og hefur að nokkru gert, þ. e. a. s. með því að leggja hér fram frv. til fjárlaga og lýsa því nokkurn veginn samhliða yfir, að það sé ekkert að marka þetta plagg, þetta sé bara til málamynda, hann sé ekki einu sinni í góðri trú um það, að þetta sé skaplegt plagg, heldur í fullri vissu um það, að þetta sé ógurlegt plagg og plagg, sem eigi ekki að afgreiðast á þessu þingi. Það kann vel að vera, að sitthvað hafi verið fyrir af rusli og ónýtum pappírum í fjmrn., þegar hæstv. núverandi fjmrh. kom þar, og ég skal að óreyndu ekkert efast um það, að þar hafi verið þörf á einhvers konar hreingerningu, þar hafi gjarnan mátt sópa ýmsu út og koma fyrir kattarnef. En hitt verð ég rétt að segja, að ég tel það fullkomna ósvífni að ætla að nota Alþingi fyrir öskutunnu fjmrn. og henda hingað ónýtum plöggum úr því ráðuneyti.

Meðal þess, sem Sjálfstfl. notar hér til afsökunar þeim einstöku vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð, er það, að hann sé málum ekki nægilega kunnugur, hann þurfi að kanna fjármál ríkisins og fjárreiður þjóðarbúsins, til þess að hann geti gert hér nokkrar tillögur. Ég hef áður bent á það og sé, að það veitir ekki af að benda á það öðru sinni, að allt slíkt hlýtur að vera hreinn uppspuni hjá þeim ágæta flokki. Annaðhvort er hann ekki vandanum vaxinn sem stjórnmálasamtök eða hann segir hreinlega ósatt um það, að hann hafi ekki þá þekkingu til að bera á fjármálum þjóðarinnar, að hann geti gert sínar tillögur. Fyrir ári eða um það bil lýstu blöð þessa hv. flokks því yfir, að nú hefði flokkurinn, þ. e. a. s. formaður flokksins fyrir flokksins hönd, tekið í sína vörzlu mikið af plöggum og skilríkjum varðandi fjármál Íslendinga og hann hefði sett alla sína færustu sérfræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga, í að kanna þessi gögn til þess að komast að niðurstöðu um það, hvort flokkurinn ætti að taka að sér stjórnarmyndun eða ekki, eins og við hann hafði verið orðað af forseta Íslands. Allir sérfræðingar Sjálfstfl. höfðu þessi plögg með höndum, — ég veit ekki, hvað lengi, kannske eru þau hjá þeim enn þá, — en það hljóta að vera heldur tornæmir sérfræðingar, ef þeir hafa allan tímann legið í þessum plöggum og eru ekki komnir með neina útkomu enn þá, og ég fyrir mitt leyti verð þá að leyfa mér að efast um, að sú útkoma verði

frekar fengin fyrir 28. jan. heldur en nú er. Hvað í þessum plöggum hefur staðið, það hef ég að sjálfsögðu enga möguleika til að rekja. En hitt veit ég þó, og það veit allur þingheimur, að eftir athugun á þessum plöggum myndaði Sjálfstfl. stjórn. Að vísu gerði hann það ekki sjálfur, hann fór að svipað og formenn gera stundum, ef þeir hafa ekki réttindi til þess að vera með bátinn sinn eða hafa ekki nægilega gott taugakerfi til þess að bera ábyrgðina sjálfir, hann fékk sér lepp, þ. e. a. s. réð Alþfl. til þess að mynda ríkisstjórn. Alþfl. gerði þetta, en Sjálfstfl. hafði eftir sem áður alla forustu um setningu fjárlaga og um setningu nýrra laga um útflutningssjóð og tók þar með að sér að hafa forustuna um lögþekkingu á öllu því, sem til þurfti að stjórna fjárreiðum ríkisins á yfirstandandi ári. Og það má hafa til marks um það, hvort plöggin, sem Sjálfstfl. og hans fulltrúar rýndu í á þeim dimmu desemberdögum í fyrra, muni hafa verið eins óskapleg og ægileg og sá virðulegi flokkur vill stundum vera láta, að þegar við fengum fjárlögin í hendur, samþykkt af þeim sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum, þá voru þar í tekjudálkum stórar fúlgur fjár, sem voru afgangar frá fyrra ári, afgangar frá tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Við heyrðum líka meira en ómeinn af því í nýafstaðinni kosningabaráttu, þegar báðir hv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., héldu því fram, að aldrei hefði verið blómlegra í kössum hins opinbera en einmitt nú, útflutningssjóður hefði aldrei staðið með neitt svipuðum blóma og einmitt nú og ríkissjóður stæði einnig vel. Og í því fjárlagafrv., sem að vísu hæstv. fjmrh. telur okkur nú trú um að ekkert sé að marka, stendur skýrum stöfum í grg., að ekki þurfi að búast við því, að það verði neinn greiðsluhalli hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári. En það er hitt, sem við heyrum ekki nema ómeinn af, það sem hæstv. forsrh. vill ekki segja hér í þingsölum og segist lítið um vita, þegar hann er hér, en kveður upp úr með á fundum í sínu stjórnmálafélagi, að það muni vanta einn kvartmilljarð króna, til þess að ríkið geti haft fjármuni upp í sín útgjöld á næsta ári.

En það er fleira, sem er dálítið einkennilegt í framkomu hæstv. ríkisstj. í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og í sambandi við fjármál þjóðarinnar yfirleitt, sem frv. að vissu leyti tekur til.

Frv. er fram komið vegna þess, að hæstv. ríkisstj. telur sig fyrir hvern mun þurfa að vera alþingislausa um skeið til þess að geta gert eitthvað í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ríkisstjórn undir forustu þess sama aðila, sem hæstv. núverandi ríkisstjórn er, sýndi sig í því á árunum 1953—56 að hugsa harla lítið um það, hver yrði framleiðsla íslenzku þjóðarinnar. Í hennar tíð voru t. d. að mestu látin niður falla meiri háttar skipakaup til landsins, a. m. k. hrörnaði fiskiskipastóllinn verulega í hennar tíð. Og það var ekki nóg með það, að skipum fækkaði eða að heildarstærð skipastólsins rýrnaði, heldur lágu þau skip, sem íslenzkir aðilar áttu og ríkisstjórnin að ýmsu leyti var raunverulega stærstur eigandi að, vegna þess að þau voru keypt fyrir ríkisfé og ríkið hafði veð í þeim, mörg hver vikum og mánuðum saman án þess að ýta úr vör, án þess að verða íslenzku þjóðarbúi að nokkru gagni. Ég minnist þess t. d. einn veturinn af þeim þremur, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. Ólafs Thors frá árunum 1953—56 sat að völdum, vegna þess að ég á vanda til þess að labba stundum niður að höfn, að heilan vetur lá einn ágætur togari hér ævinlega bundinn við bryggju, hann fór aldrei út á fiskimiðin, jafnvel þó að væri hávertíð og fiskigengd ágæt hér á íslenzkum miðum. Og hvers vegna fór hann ekki? Jú, það var vegna þess, að sú virðulega ríkisstj., sem raunverulega var eigandi skipsins, gat ekki komið sér saman um það, hvern hún ætti að skrá sem eiganda að þessu skipi. Raunverulega var íslenzka ríkið eigandi þess sem sá aðili, sem leysti út þær kröfur, sem á skipinu hvíldu. Það var sem sagt deilt um það, hvernig ætti að bóka þetta skip. Þess vegna var því kippt út úr framleiðslunni og ekkert látið gera.

Það hefur margt verið sagt misjafnt af Sjálfstfl. hálfu um vinstri ríkisstjórnina. Það lá þó fyrir hreinlega um þá stjórn, að slíkt kom aldrei fyrir í hennar tíð, aldrei nokkru sinni. En ef maður gengur hér niður að höfn nú, þá sjást þess greinilega merki, að það er setzt að völdum ný stjórn Ólafs Thors, ný stjórn Sjálfstfl. Togarinn Austfirðingur er lagztur hér sams konar legu og togarinn Keflvíkingur, eins og hann hét þá, lá hér lengst, vegna bókhaldsörðugleika hjá ríkisstjórninni. Ég hygg, að það séu sams konar örðugleikar og sams konar ráðleysi núverandi ríkisstjórnar, sem veldur því, að slíkt ágætisskip sem hér um ræðir skuli ekki fara út á miðin til þess að draga björg í þetta þjóðarbú.

Það getur vel verið, að það sé hollt og gott fyrir ríkisstj. að þurfa ekki að svara þeirri gagnrýni, sem stjórnarandstaða hlýtur jafnan að hafa uppi varðandi þau mál, sem illa fara úr hendi hjá ríkisstjórninni. En mér dettur í hug í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, till. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á tímabilinu fram til febrúarloka n. k., að spyrja um það: Eiga þær bráðabirgðafjárgreiðslur einnig að ná til ríkisábyrgða?

Ég vil sérstaklega spyrja að gefnu því tilefni, sem ég hér hef nefnt, að togarar landsmanna, þau stórvirku framleiðslutæki, eru þegar teknir að stöðvast, vegna þess að eigendur þeirra, hinir skráðu eigendur, standa ekki í skilum með sínar skuldbindingar, en ábyrgðir falla á ríkissjóð: Er það meiningin, að ríkisstjórn Íslands, hæstv. núverandi ríkisstjórn, óski eftir því að hafa ekki í höndum neinar lagaheimildir um næsta 2 mánaða skeið til þess að inna af hendi fjárgreiðslur til að halda íslenzkum fiskiskipum í gangi, til þess að koma í veg fyrir það, að til framleiðslustöðvunar komi, svo sem nú er þegar tekið að bóla á? Ég held, að það væri sæmra fyrir ríkisstj. að ganga beint til verks og reyna að leysa þann vanda, sem á höndum er í þessu

tilfelli og í allmörgum fleiri tilfellum, þótt ekki sé komið eins langt í þeim mér vitanlega og nú er komið varðandi þetta tiltekna skip, — að það væri sæmra fyrir ríkisstj. að leita eftir því að fá afgreiddar lagaheimildir til þess að geta komið í verk þeim greiðslum, sem nauðsynlegar kunna að vera, til þess að okkar beztu framleiðslutæki þurfi ekki að stöðvast, heldur en að beina öllum áhuga sínum að því að koma Alþingi burt af sínum verustað.

Það er á allra vitorði, að einmitt á þeim tíma, sem hæstv. ríkisstj. hefur fyrirhugað að láta Alþ. hvergi koma nálægt þjóðmálum, er samkv. venju og samkv. sérstökum ástæðum, sem skapazt hafa, alveg sérstök og einstæð vá fyrir dyrum í íslenzku þjóðlífi. Ætli það hafi t. d. farið alveg fram hjá hæstv. landbrh., að undanfarna daga hefur farið fram atkvgr. meðal bænda um það, hvernig bregðast skuli við þeim vandamálum, sem íslenzkur landbúnaður er nú staddur í varðandi verðlag á afurðum, og að í þessari atkvgr., sem ég að vísu veit ekki úrslit í enn þá, er líklegt að veitt verði heimild til handa stjórn stéttarfélags bænda að boða hreinlega stöðvun afurðasölu á búvörum að meira eða minna leyti hinn 15. des.? Væri ekki sæmra að reyna með aðstoð Alþingis að leysa slíkan vanda heldur en að ætla að keyra allt í hnút með því að senda Alþingi heim, en láta ríkisstj. eina eiga við það að greiða úr þeim vanda, sem hér getur verið í uppsiglingu og ég óttast að sé í uppsiglingu. Þegar tekið er sérstakt tillit til þess, að í ríkisstj. er þannig ástatt, að annar ríkisstjórnarflokkurinn segir þar hreinlega nei, þar sem hinn segir já, þá held ég, að það væri fremur ríkisstjórninni til happs, fremur ríkisstjórninni til gæfu, að hún mætti njóta aðstoðar Alþingis til þess að leysa slík vandamál, heldur en að senda Alþingi heim og ætla síðan að glíma innbyrðis í stjórninni um málin, þar sem mér skilst, að engin úrslit séu fáanleg. Það hefur verið fullyrt hér í blöðum, að ekki geti komið til þess, að mál verði afgreidd í ríkisstjórninni með því að leita þar atkvæða um þau, því að annar stjórnarflokkurinn og sá, sem hefur á hendi stjórnarforustuna, hafi beinlínis afsalað sér einu atkv. í stjórninni, þannig að þar geti hvorugur borið af öðrum. Þessu hefur ekki verið beinlínis mótmælt mér vitanlega, og hygg ég því, að ríkisstj. standi eftir algerlega ómegnug að leysa þann vanda, sem hér er í uppsiglingu.

Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að minnast á vinnubrögð ríkisstj. að öðru leyti í sambandi við þetta mál, þar sem það hefur mjög verið rætt hér að undanförnu. En ég fyrir mitt leyti á bágt með að skiljast svo við þetta mál, að ég minnist þess ekki einnig, að hér er verið að fremja, að því er mér virðist, annað lagabrotið frá af stjórnarinnar hálfu. Ég hef þegar minnzt á það, að það, sem ríkisstj. gerir í sambandi við fjárlög, getur ekki litið öðruvísi út frá minum bæjardyrum heldur en sem lagabrot, og það lítur ekki heldur út frá minum bæjardyrum öðruvísi en hreint lagabrot að ætla að sniðganga þá lagaskyldu að leggja brbl. fyrir Alþingi, en það hefur, svo sem margsinnis hefur verið rætt, verið hreinlega gert hér, með því að hæstv. ríkisstj. leggur ekki fyrir brbl. hæstv. fyrrv. ríkisstj. um verðlag á landbúnaðarvörum. Mér þykir þetta máske einkennilegra en öðrum þm., ekki sízt vegna þess, að ég hef í undanförnum mánuði, í októbermánuði, verið á fjölmörgum fundum með hæstv. landbrh., þar sem hann hefur lýst því yfir, að það væri eðlilegt, að Alþingi fjallaði um þessi lög, strax og það kæmi saman, og felldi þau, — og ég er honum sammála um það, það ber að fella þau. Hitt er svo annað mál, að það eitt mundi ekki leysa þann vanda, sem hér er á ferðum. Hér þarf greinilega að byggja upp nýjan lagagrundvöll, til þess að neytendur og framleiðendur geti tekið að nýju til starfa og samið um það, hvert verðlag skuli vera á landbúnaðarvörum. Það er þess vegna ekki einasta það lagabrot eða þau undanbrögð frá lögum að leggja ekki brbl. um búvöruverð fyrir Alþingi, sem hér er ríkisstj. um að saka fyrir, heldur einnig hitt að reyna ekki að gera jákvæðar ráðstafanir með nýrri lagasetningu, sem tryggt geti það, að ekki þurfi að koma til þess ósamkomulags eða til þeirra deilna um búvöruverð, sem nú er upp runnið.

Ég hef fyrir satt, að það séu fyrst og fremst hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., sem sæki það af mikilli festu, að Alþingi skuli látið víkja af vettvangi, að hv. alþm. skuli hafðir heima hjá sér, en ekki í þingsölum, á hinum næstu dögum, — að fjmrh. gangi það fyrst og fremst til, að hann vilji ekki og treysti sér ekki til að flytja framsöguræðu með sínu fjárlagafrumvarpi, og að hæstv. landbrh. treystist ekki til þess að leggja fyrir Alþingi með eðlilegum hætti það mikla mál, sem nú er verið að gera úr tiltölulega litlu máli, varðandi búvöruverðið í landinu. Ég vil fyrir mitt leyti aðvara þessa hæstv. ráðh. um það, að ef þetta væri rétt, að þetta séu orsakirnar, þá eru þeir á mjög rangri leið og ólýðræðislegri, að maður nú ekki tali um óþingræðislegri, með því að færast undan þeirri skyldu, sem hlýtur að hvíla á þeim í þessu sambandi. Það er einmitt til þess að ráða fram úr vandamálum, sem Alþ. er kosið. Það er einmitt til þess að láta vandamál þjóðarinnar, hvort sem þau eru um almennar fjárreiður hennar eða um einstaka þætti í þeim, eins og t. d. búvöruverðið, — það er einmitt til þess, sem Alþingi er kosið, að fjalla um slíka hluti. Og það er vægast sagt ákaflega ábyrgðarlaust af þeim mönnum, sem hafa tekið að sér að fara með æðstu stjórn í slíkum málaflokkum, að ætla að sitja inni með sína málaflokka óafgreidda um langan tíma, gera þá með töfinni erfiðari en þeir í raun inni eru og óviðráðanlegri og máske efna hreinlega til árekstra og framleiðslutruflana í þjóðfélaginu að ástæðulitlu, ef ekki að ástæðulausu.

Að hinu leytinu vita það allir, að um hver áramót hefur að undanförnu þurft að fara fram sérstök samningagerð við útvegsmenn í landinu um það, hver skyldi vera rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins á þeirri væntan-

legu vertíð, sem í hönd fór. Mér vitanlega er þetta í engu frábrugðið nú. Sami vandinn og jafnan áður er hér enn fyrir dyrum. Útvegsmenn og hraðfrystihúsaeigendur hafa mér vitanlega aldrei látið í það skína, að þeir gætu í þeirri óvissu, sem nú ríkir um framtíð fjármála hjá okkar þjóð, hafið framleiðslu. Mér vitanlega er þess vegna ekkert líklegra en það fari engin vertíð af stað um áramótin nú næst komandi, fyrr en búið er að gera einhvers konar samning eða gefa einhvers konar vilyrði um það, hvern hlut ríkisvaldið ætlar bátaframleiðslu landsmanna, togaraframleiðslu og fiskvinnslu. Ef þetta væri með einhverjum öðrum hætti en verið hefur, þá álít ég, að það væri ekki heldur vanþörf á því að gefa Alþ. skýrslu um það. Slík skýrsla hefur engin verið gefin.

Og ég vil enn spyrja til viðbótar þeim spurningum, sem ég hef þegar beint til hæstv. ríkisstjórnar: Er það meiningin, að hæstv. ríkisstj. ætli að láta sér það í léttu rúmi liggja, hvort hér hefjast nokkrar vertíðarveiðar hjá bátaflotanum eða hjá togaraflotanum í janúarmánuði?

Ég held, að helzta leiðin til þess að bæta úr íslenzkum efnahagsmálavanda sé að reyna til þrautar að láta framleiðslutækin ganga og að reyna til þrautar að afstýra því, sem nú vissulega vofir yfir, að þessi framleiðslutæki stöðvist. Hvaða ráð gætu það verið, sem hæstv. ríkisstjórn hygðist grípa til, ef þau væru þess eðlis, að þau gætu komið í staðinn fyrir framleiðslu, að þau gætu komið í staðinn fyrir fiskveiðar eða þau gætu bætt þjóðinni það upp, ef ekki yrðu búvörur á markaði á næstu vikum eða mánuðum? En það virðist ekki vera neitt af þessu, sem ríkisstj. hefur áhyggjur af. Hún er búin að gera sinn stjórnarsamning, sinn sjö-stóla-sáttmála, og það telur hún nægilegt. Eftir það virðist hún fyrst og fremst eiga eitt áhugamál, og það er að koma Alþingi heim.

Hæstv. fjmrh. gat þess hér svo sem í framhjáhlaupi í dag, og ég held, að það hafi verið utan dagskrár, að það stæði til að skipta hér um efnahagskerfi. Ja, mig skal ekki furða, þó að Alþingi þurfi að fara heim!

Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. enn til viðbótar því, sem ég hef spurt: Er það kannske meiningin að skipta hér um efnahagskerfi með bráðabirgðalögum? Ég skal ekki halda því fram, að efnahagskerfi íslenzku þjóðarinnar sé sérlega fullkomið, öðru nær. Ég skal ekki halda því fram, að það sé ekki hægt að skipta um efnahagskerfi og gera það til bóta. En hitt skal ég einnig taka fram, að ég vantreysti núv. ríkisstj. algerlega til þess að gera það til bóta. Ég hygg, að það, sem við er átt, þegar hæstv. fjmrh. talar um að skipta hér um efnahagskerfi, sé fyrst og fremst það að leggja niður hið svokallaða verðbótakerfi og afnema tekjuskatt, eins og hér var boðað af hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum.

Ég get upplýst hæstv. ríkisstj. um það, að ef hún ætlar bara að afnema uppbótakerfið og gera ekkert annað, þá er henni ráðlegra að reikna með ögninni minni framleiðslu en verið hefur á undanförnum árum. Kannske er hún við því búin í sínum plönum, — ég skal ekki um það segja. Hitt uggir mig eftir ýmsu því tali, sem farið hefur fram, þótt aldrei hafi það verið í beinum orðum sagt, að hér standi til að gera þá gengisbreytingu, sem mundi hækka erlendan gjaldeyri í verði svo sem um 130% eða eitthvað nálægt því. Slíkt verður auðvitað ekki gert, án þess að þess verði alvarlega vart í verðlagi.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem að hálfu eða allt að því að hálfu er aðili að núv. ríkisstj., hældi sér mikið af því fyrir rúmum mánuði, að hún hefði stöðvað verðbólguna í landinu. Skyldi það nú eiga að verða áframhaldið af verðbólgustöðvuninni að koma hér á almennri gengislækkun, svo sem upp á 130%? Ég hygg, að slík ráðstöfun væri ekki verðbólgustöðvun líkust, heldur hinu gagnstæða. Og það skyldi nú aldrei vera, að þrátt fyrir gallana í okkar gamla uppbótakerfi þætti það vera sómafyrirtæki, þegar búið væri að framkvæma slíkar hugmyndir, sem maður heyrir úr ýmsum hornum, að á baugi muni vera í stjórnarráðinu. Ef það væri rétt, sem heyrzt hefur haft eftir hæstv. forsrh., að það muni vanta 250 millj. kr. frá núverandi ástandi, til þess að hið opinbera geti staðið við skyldur sínar á næsta ári, þá má geta þess, að tekjuskatturinn er líklegur til þess að nema 150 eða 160 millj. kr. Ég geri ráð fyrir því, að einhvers staðar mundi þurfa að taka fjármuni til þess að mæta þeim tekjumissi, sem ríkið yrði þannig fyrir. Og eftir þeim ræðum, sem hæstv. viðskmrh. hélt í nýliðinni kosningabaráttu, má ætla, að til mála hafi a. m. k. komið að bæta þessari fjárfúlgu eða einhverri henni svipaðri ofan á vöruverðið í landinu, — og hvað er þá að segja um stöðvun dýrtíðarinnar? Varla verður bætt ofan á verðlagið í landinu hálfu öðru hundraði milljóna, án þess að einhver hreyfing verði á hinu almenna verðlagi. Ýmsir hafa haldið því fram, að það mætti kannske setja þetta á hinar ónauðsynlegri vörur. En þar á móti er því til að svara, að ég veit ekki betur en það hafi verið ein meginskoðun í herbúðum núv. stjórnar, að við séum þegar búnir að mismuna allt of mikið eða að minnsta kosti komnir í algert hámark í tollheimtu eða yfirfærslugjaldainnheimtu á hinum ýmsu vörutegundum og liggi nú frekar fyrir að jafna en mismuna, og þýðir þetta þá að sjálfsögðu það, ef þeirri stefnu væri fylgt, að hækka yrði mest þær vörurnar, sem til þessa hafa verið á lægsta verðinu eða sloppið með minnstar álögur til hins opinbera.

En um allt þetta þegir hæstv. ríkisstj. þunnu hljóði hér í þingsölum. Það kann að vera rétt, að hún sé ekki búin að glöggva sig á því, hvað gera skuli í þessu. En siðferðisskylda hlýtur það að vera hverjum þeim, sem gerir stjórnarsamning, að taka tillit til þess, hvernig þjóðmál standa á þeim tíma, sem slíkur samningur er gerður, — ekki bara tillit til þess, hve mikið af húsgögnum er til í Alþingi, hve margir stólar eru til undir ráðherra, heldur líka, hvað á að gera. En enn sem komið er er það

greinilegt, að hæstv. ríkisstj. hefur það fyrst og fremst að hugsjón sinni að gera ekki neitt nema misþyrma Alþingi og koma í veg fyrir, að það geti unnið sín eðlilegu störf.

Ég hef hér aðeins haft uppi fáeinar hugleiðingar frá sjónarmiði áheyrandans, frá sjónarmiði hins óbreytta áheyranda, sem heyrt hefur hér þá boðun, að það ætti að skipta hér um efnahagskerfi. Ég held, að ef það er meiningin, að svo verði gert, þá veitti síður en svo af því, að Alþingi yrði gefin ræki leg skýrsla um það, hvernig málefni íslenzku þjóðarinnar standa efnahagslega, og það yrði ekki látið nægja að leggja hér á borð eitt frv., sem segir: Það er allt í lagi, — og segja síðan á eftir: Það er ekkert að marka þetta frv. — Slík vinnubrögð eru ekki til þess að vekja traust Alþingis á þeirri ríkisstjórn, sem tekið hefur að sér að stjórna þessu landi.

Í framhaldi af því, sem ég hér hef sagt varðandi þau mál, sem hér hljóta að fylla hugi manna, um leið og afgreiða skal heimild til ríkisstj. til að framkvæma bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, hefði ég viljað beina þremur spurningum alveg sérstaklega til hæstv. fjmrh. Ég vildi spyrja forseta, hvort von væri til þess, að hæstv. fjmrh. væri hér í húsinu. **(Forseti:** Ráðh. mun hafa setið við umr. í Ed., en það mun verða sent boð til hans. Hans frv. munu líka vera fyrir Ed. — **Gripið fram í:** Er ekki sjálfsagt að fresta fundinum, þangað til ráðh. getur verið viðstaddur? — **Forseti:** Það eru margir á mælendaskrá, og ef ræðumaður *vill bíða eftir því, þá getur hann fengið* frestun á sinni ræðu. Það yrði reynt að halda umr. áfram.) Ég vildi fyrst og fremst biðja forseta um að gera svo vel að athuga, hvort fjmrh. gæti komið því við. **(Forseti:** Ráðh. kveðst vera bundinn við umr. í Ed. og getur ekki komið.) Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að spyrja samt, og þó að það hafi verið upphaflega ætlunin að beina spurn*ingunni til hæstv. fjmrh., þá vænti ég þess*, að sá ráðh., sem viðstaddur er, muni þá kannske svara, því að a. m. k. að nokkru leyti ætti hann að geta það, þótt ekki sé ég alveg eins viss um það, að viðeigandi sé í öllum atriðum að krefjast svara af honum við því. sem ég sérstaklega þarf að spyrja um. En ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Telur hæstv. fjmrh. ekki þörf neinna laga til þess að tryggja framleiðsluna í þá tvo mánuði eða um það bil tvo mánuði, sem stjórnin hyggst losa sig við Alþingi? Í öðru lagi: Er það skoðun hæstv. fjmrh. þrátt fyrir þá fullyrðingu í grg. fjárlagafrv., að enginn greiðsluhalli verði hjá ríkissjóði í ár, að vanta muni 250 millj. kr. til að mæta útgjöldum ríkisins á næsta ári, eins og forsrh. hefur haldið fram á fundi í stjórnmálafélagi hér í bænum? Og í þriðja lagi: Styðst sú fullyrðing fjmrh., að skipta eigi hér um efnahagskerfi, við ákvæði í stjórnarsamningnum, þeim sem nú er í gildi, eða er þetta hans ákvörðun eins?

Ég vil sérstaklega vænta þess í sambandi við síðustu spurninguna, að viðskmrh., sem hér er staddur, — því að ég hygg, að hann muni geta svarað því, hvort hér er um að ræða ákvæði í stjórnarsáttmálanum eða ekki, — ég vil sérstaklega óska eftir því, að jafnvel þótt hann teldi sér ekki skylt að svara þeim fyrri spurningum, sem ég hef borið fram, sæi hann sér fært að svara þeirri síðustu, sem er á þá leið: Styðst sú fullyrðing fjmrh., að skipta eigi hér um efnahagskerfi, við ákvæði í stjórnarsamningi núv. stjórnarflokka eða ekki?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, BGr.

GeirG, GJóh, HÁ, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EðS, EOl, EystJ, GH greiddu ekki atkv.

5 þm. (GíslG, GÍG, HS, HV, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 52, 53 og 56, 46).

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að þetta mál, sem nú á að taka fyrir samkv. því, sem hann hefur tilkynnt og leitað afbrigða fyrir, er á vegum hæstv. fjmrh. Og hæstv. fjmrh. er ekki enn viðstaddur hér í d. Ég vil skora á hæstv. forseta að hætta við þá fyrirætlun að taka þetta *mál fyrir hér um hánótt, að þeim ráðh. fjar*stöddum, sem þetta mál heyrir undir. Ég vil benda hæstv. forseta á það, sem er tiltölulega ungur á þingi, að það er yfirleitt venja, að þeir ráðh. séu viðstaddir, sem þau mál heyra undir, sem rædd eru hverju sinni. Og forsetar þingsins hafa reynt að hafa í heiðri þessa venju undanfarið og veitt ráðherrum aðhald í þessu efni. Ég get vel um þetta vottað, vegna þess *að það hefur oftar en einu sinni* komið fyrir mig, ef ég hef hvarflað frá, að forsetar þingsins hafa gert ráðstafanir til þess, að ég kæmi og væri viðstaddur, ef eftir mér hefur verið spurt í sambandi við mál, sem undir mig hefur heyrt. Og ég hef líka reynt það, að forsetar hafa látið hætta umræðum um mál, sem ég hef haft forustu um, vegna þess að ég þurfti að fara frá og ósk kom um það frá einhverjum í d., að ekki væri haldið lengur áfram, nema ég væri viðstaddur. Og þannig eru fleiri dæmi, ekkert síður um aðra ráðh. en mig, því að ég hef ekki verið svikulli við að sitja yfir málum mínum en aðrir ráðh. á undanförnum árum.

Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða í störfum þingsins og sambandi ríkisstj. og þings, — atriði, sem hæstv. forsetum er skylt að hafa gát á. Það eru þeir, sem eiga að gæta réttar þingsins í þessu efni. Sumir mundu kannske líta svo á, að það sé einkamál ráðh., hvort þeir eru viðstaddir umr. um þau mál, sem þeir leggja fyrir þingið, eða fjarstaddir, jafnvel heima hjá sér sofandi eða hver veit hvar. En það er alger misskilningur.

Það er ekki þeirra mál. Það er málefni þingsins, sem forsetarnir eiga að sjá um.

Ég vil því biðja hæstv. forseta að gera ekki þann óvinafagnað að láta nú fara fram umr. um þetta mál að hæstv. fjmrh. fjarstöddum, og vil biðja hann um að taka málið út af dagskrá, ef ráðh. getur ekki mætt. Og vil ég heyra undirtektir hæstv. forseta um þetta.

Forseti (BGr): Ég vil taka það fram, að í hvert einasta skipti, sem ræðumenn hafa óskað þess, að þessi ráðh. eða aðrir væru hér viðstaddir, þá hefur allt verið gert, sem hægt er, til að koma þeim boðum til ráðh. og biðja þá um að verða við þeim óskum. Í dag eða réttara sagt síðdegis í gær, þegar þetta mál eða síðasta mál á dagskránni kom fyrst til umr., var hæstv. fjmrh. hér viðstaddur. Hann þurfti að fara frá og tilnefndi annan ráðh. til að vera hér fulltrúa sinn við framhald þessarar umr. Ég hef gert það, sem hægt er, til að koma boðum til fjmrh., en verð að líta þannig á, að þessi tilnefning á öðrum ráðh. til að vera hér í hans stað standi enn þá.

Eysteinn Jónsson: Mér skilst, að þetta beri að skilja svo, að hæstv. forseti ætli að láta hér fara fram umræður um þetta mál að hæstv. fjmrh. fjarstöddum, af því að hann viti ekki, hvar hann er. En hvaða nauður rekur hæstv. forseta til þess að pína þetta mál hér fram til umr. um hánótt, að hæstv. fjmrh. fjarstöddum, í byrjun þings? Hvers vegna slítur hæstv. forseti ekki þessum fundi? Hvernig dettur honum í hug að traðka þannig á virðingu þingsins að láta ráðherranum haldast þetta uppi, að leggja hér þessi mál fyrir og fara síðan burt og skeyta ekkert um framgang þeirra í þinginu? Ráðherrann getur ekki ætlazt til þess af hæstv. forseta, að hann hagi störfum á þennan hátt, sem brýtur gersamlega í bága við allar venjur. Og hæstv. fjmrh. getur vitaskuld ekki sett fyrir sig neinn annan ráðh. í þessu sambandi, þannig að það fullnægi nokkrum eðlilegum þingræðisreglum eða eigi á nokkurn hátt að fullnægja þeim kröfum, sem hæstv. forseta er skylt að gera fyrir þingsins hönd til ráðherra og ríkisstjórnar.

Ég hélt satt að segja, að það væri nóg komið hér í nótt, þó að þessu væri ekki bætt við, og neyðist til þess að álíta, að við höfum nú fengið hér á Alþingi alveg nýja tegund alþingisforseta, sem ekki hefur áður þekkzt hér á Alþingi. Ég hef getað virt það við alþingisforsetana, að þeir hafa á undanförnum árum veitt ríkisstj. og öðrum fullkomið aðhald í því að sýna Alþ. sóma og gæta skyldu sinnar gagnvart því, enda hafa þetta yfirleitt verið menn, sem hafa skilið sitt hlutverk og rækt það á þessa lund, áreiðanlega til gæfu bæði fyrir þing og stjórn. En nú sé ég, að hér hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að taka upp nýja siði og velja nýja tegund forseta á Alþingi, og slíkt ber að harma. Nú virðast vera komnir hér í forsetastólana menn, sem láta algerlega stjórnast af óbilgjörnum kröfum einstakra ráðherra, sem eru fjarstaddir, einhvers staðar úti í bæ, enginn veit hvar eru, en samt stýra þessum mönnum, hæstv. forsetum Alþingis.

Ég leyfi mér að mótmæla þessu sem algerri óhæfu og skora enn á hæstv. forseta að forða Alþingi frá þessu og bjarga einnig sjálfum sér með því að slíta nú fundi og láta ekki umræður um þetta mál fara fram, nema hæstv. fjmrh. mæti nú hér þegar í stað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir svigurmælum hv. síðasta ræðumanns (EystJ) og raunar framkomu sumra fleiri þm. hér í kvöld og þá ekki sízt ávítum þeirra á hæstv. forseta d., sem í einu og öllu hefur fylgt bókstaf, anda og efni þingskapa, ekki notað einu sinni þær heimildir, sem hann hefur sjálfur til þess að stytta umræður, heldur látið það vera í valdi þingheims, hvort um það væri tekin ákvörðun eða ekki, og síðan farið eftir þeirri ákvörðun, sem tekin hefur verið.

Hitt er svo nokkuð annað, að það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. 1. þm. Austf. fer að víta, að þessi þingskapaákvæði séu notuð, vegna þess að ég hygg því ekki fjarri, að þau hafi verið sett, einmitt þegar þessi hæstv. þáv. fjmrh. fyrst hófst hér til valda og áhrifa á þingi á tímabilinu frá 1934—1939, og þá var það síður en svo sjaldgæft, að slíkum ákvæðum væri beitt gegn stjórnarandstöðu, og töldu allir sjálfsagt að hlíta settum reglum, þótt mjög væri um það deilt, hvort breytingin á sínum tíma væri til bóta eða ekki.

Því fer svo fjarri, að hér hafi nokkuð verið gert, sem óvenjulegt er, að mörg dæmi þess, að umræður séu styttar, ef úr hófi fer, eru úr þingsögunni fyrr og síðar. Það, sem er óvenjulegt, er, að umræður skuli hafnar yfirleitt og þá alveg sérstaklega með þeim hætti um þessi mál, sem nú er verið að ræða. Frá því að ég kom á þing og eftir því sem ég hef blaðað í Alþingistíðindum, þá hygg ég, að það sé venja, að frv. slík sem þessi eru afgreidd oft á einum degi í báðum d. þings og með afbrigðum á afbrigði ofan Það, sem allar þessar umr. nú í dag og undanfarna daga hafa snúizt um, eru ekki þessi sérstöku mál, heldur sjálf þingfrestunin, sem er eftir að koma til umr. og verður vitanlega rædd eins og þingsköp segja fyrir um. Hv. samþingismaður síðasta ræðumanns, 4. þm. Austf., játaði það beinlínis í einni af sínum ræðum, að það væri þingfrestunin, sem hann væri í raun og veru að tala um, en ekki sjálft málið. Það eru þessir þingmenn, sem í raun og veru hafa freklega misnotað umr. um önnur mál til þess að tala um það mál, sem þeim er efst í huga, sjálfa þingfrestunina. Ef hér er um nokkra misbeitingu að ræða, er það því sú að taka upp í sambandi við þessi hreinu afgreiðslumál, sem allir eru að efni til sammála um, þær almennu stjórnmálaumræður, sem hér hafa átt sér stað dag eftir dag. Jafnvel var komið svo langt í gær, að hv. 3. þm. Reykv. var þá farið að þykja fullnóg um, þó að hann hafi síðar bætt þar töluvert við með nokkuð margra klukkutíma ræðu í dag og svo þeirri sýningu, sem var hald-

in hér áðan og sérstakur ljósmyndari, ef ekki kvikmyndari, var til kallaður til þess að festa á sögunnar spjöld.

Það er heldur engin nýlunda, að ráðh. sitji hér ekki alla þingfundi. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að oft eru ráðh. til kallaðir og eru við umr., þegar sérstaklega stendur á. Hitt er líka mjög oft, að þeir eru fjarstaddir. Yfirleitt er þó reynt að hyllast til þess, að einhver úr ríkisstj. sé við um meiri háttar mál. Oft er það þannig, að ráðh. sjáist ekki í þinghúsi, þó að fundir séu haldnir. Þetta vitum við allt ofur vel. Nú stendur þannig á, að hæstv. fjmrh. hefur beðið annan ráðh. um að fylgjast með málum fyrir sína hönd. Hér er um að ræða 2. umr. máls, 3. umr. er eftir. Ef einhverjar sérstakar aths. koma fram, þá hefur fjmrh. því, hvað sem þessari umr. líður, færi á því að taka til máls og svara þeim fsp., sem fram kunna að koma, ef nokkurt tilefni gefst til, — ég segi, ef nokkurt tilefni gefst til. Það getur út af fyrir sig enginn lagt kapp á það, ef fram koma ákveðnar fsp. um tiltekin efni, sem er eðlilegt að ráðh. svari, að hindra, að honum gefist færi á því. Og þingið á vissulega rétt til þess, að hann svari, þegar svo stendur á, eins og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði. En það verður bara tilefni að gefast, og það dugir þá ekki að koma eins og hv. 1. þm. Austf. hefur gert undanfarna daga. Hann kemur hér og ber fram sömu spurningarnar dag eftir dag, jafnvel tvisvar, þrisvar sinnum í sömu ræðunni, þó að búið sé að svara honum alveg fullskýrt, og um atriði, sem hann veit raunar svarið við fyrir fram. Það er engin ástæða til að vera að taka þátt í slíkum leikaraskap, því að þetta er ekkert annað en leikaraskapur. Og það er óvirðing við Alþingi, að það skuli talað um þess virðingu og samband stjórnar og þings í þeim tón, sem hv. þm. gerði, vegna þess að það var mælt af leikaraskap til þess að halda uppi málþófi, til þess að hindra eðlilega meðferð þingmála, en ekki af umhyggju fyrir réttum þingræðisháttum, sem þessi hv. þm. og hans fylginautar í þessum efnum hafa verið að misbjóða á hinn herfilegasta hátt undanfarna daga.

Forseti ákveður það auðvitað, hvort hann telur ástæðu til þess að fresta þessari umr. eða hefja hana ekki, ef fjmrh. kemur ekki, en eins og á stendur, sýnist mér sem þm. og ráðh. eðlilegast, að umr. hefjist og svo verði séð, hvort sérstök ástæða er til þess vegna ákveðinna fsp. eða atriða, sem fram koma, að fresta umræðunni vegna fjarveru ráðherrans. En þau eru mjög óviðurkvæmileg þessi stóryrði í garð hæstv. forseta, sem á þess ekki kost að taka þátt í umr. eins og við hinir. Þá eru ekki síður óviðurkvæmileg gífuryrði í garð hæstv. fjmrh. frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) áðan og 1. þm. Austf. nú, um hæstv. fjmrh., sem að vísu hefur ekki getað komið því við að vera hér í kvöld, eins og altítt er, en menn vita, að hægurinn er hjá að ganga í skrokk, þegar hann sjálfur er viðstaddur, og veit ég þá ekki, hvor líklegri er að bera sigur úr þeirri viðureign, ef þeir eigast allir við, þó að hægt sé að ráðast að mönnum með mikillæti, þegar þeir um sinn eru fjarstaddir. Ég veit, að þeir eru tölugir menn og málsnjallir, bæði hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austf., en hingað til hef ég ekkert séð til þeirra, sem gefi það til kynna, að hæstv. fjmrh. þurfi að vera hræddur við að standa fyrir svörum við spurningum þeirra né muni verða svaravant við árásum af þeirra hálfu.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. er ákaflega ánægður með þetta allt saman, öll þessi vinnubrögð. Þar kom það. Ætli menn hafi nú ekki grunað eitthvað um það, hvaðan þetta mundi vera runnið, allt þetta nýstárlega, sem við höfum reynt þessa fáu daga, sem þessi nýi þingmeirihluti hefur starfað hér á Alþingi? Og ef einhvern hefur grunað eitthvað, þá hefur hann fengið nokkra staðfestingu á því í því, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann er ákaflega ánægður. Það er farið alveg nákvæmlega eftir öllum þingræðisvenjum, ég tala nú ekki um stjórnarskránni og þingsköpunum, öllu fylgt út í æsar, ekki aðeins bókstaf, heldur líka anda, og allir geta verið ánægðir. Það eru bara einhverjir málþófsmenn, sem sjá ástæðu til þess að finna að þessum nýju siðum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur látið lið sitt hér á Alþingi taka upp.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekkert athugavert við það, þó að haldið sé áfram nú um miðja nótt að ræða um málefni, sem heyrir undir fjmrh., enda þótt hann sé hvergi nærri staddur, og sízt sé að ásaka forsetann fyrir það, þó að hann haldi þessu til streitu. Það sé alveg eðlilegt. Það sé vafasamt, að menn hafi nokkuð við hæstv. fjmrh. að tala yfir höfuð í þessu sambandi, og ef menn hafi það, geti menn stungið því hjá sér og ráðh. geti svo svarað því seinna. En mál það, sem hér er til meðferðar, er um heimild fyrir bráðabirgðagreiðslum úr ríkissjóði, og það er um það, að þetta skuli lögfest nú strax, til þess að ríkisstj. geti sent þingið heim alveg næstu daga. Málið er ekki bara um það að heimila bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði, málið er um að gera það strax, og þess vegna er þessi næturfundur og öll þessi brot á þingræðisvenjum og siðaðra manna háttum, að það þarf að koma þessu í kring strax, til þess að stjórnin geti losnað við þingið.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé mjög óliklegt, að hæstv. fjmrh. þurfi að svara fyrir nokkuð í sambandi við svona lagaða málsmeðferð, það sé í mesta máta óeðlilegt. Og hann leyfði sér meira. Hann leyfði sér að deila á hv. alþm. fyrir það að taka þessu ekki þegjandi. Þeir hefðu bara átt að taka þessu þegjandi, og að því er manni skildist, þá væri það brot á öllum venjulegum þingreglum og siðaðra manna háttum, að þetta skuli hafa verið rætt. Menn hefðu bara átt, eins og vant er, að framlengja tekjustofnana orðalaust og frv. um bráðabirgðafjárgreiðslurnar einnig alveg orðalaust, þó að það sé upplýst, að nú eru þessi mál búin að fá alveg sérstakt innihald, og það er, að setja á þetta strax í lög, til þess að hægt sé að reka þingið heim. Svo kemur þessi hæstv.

ráðh. og segir, að það sé furðuleg misnotkun á þingsköpum, að þm. hafa leyft sér að ræða þetta og gagnrýna. Við vitum, á hverju við eigum von, ef andi þessa hæstv. ráðh. fær að svífa hér yfir vötnunum áfram og engir verða til þess að halda uppi málstað Alþingis af þeim, sem Alþingi hefur valið í trúnaðarstöður. Hvað verður mikið eftir af þingræði á Íslandi eftir nokkur ár, ef áfram heldur eins og nú hefur gengið í nokkra daga? Það er ekki svo að heyra sem hæstv. ráðherrar eða a. m. k. ekki sá, sem hér talaði nú, sjái nokkur missmíði á þessu eða á honum sé nokkur bilbugur í þessu efni. Nei. Við heyrum bara, að við hefðum átt að þegja. Það sé raunverulega brot á anda þingræðisins, að við höfum leyft okkur að ræða um þessa málsmeðferð alla saman í sambandi við frv. um bráðabirgðafjárgreiðslurnar og um framlengingu tollanna og skattanna. Og síðan bætir þessi hæstv. ráðh. því við, að það, sem við höfum sagt, þau varnaðarorð, sem við höfum látið falla, ef ske mætti, að úr þessu gæti dregið framvegis, þau séu mælt af leikaraskap og loddarahætti, en ekki af neinum áhuga fyrir því, að áfram geti gengið þingstörf hér á sama hátt og verið hefur og í sama anda og verið hefur, frá því að Alþingi var endurreist. Það er ekki það, sem máli skiptir. Það eru hinir nýju siðir, sem máli skipta að dómi hæstv. ríkisstj. og hæstv. dómsmrh., sem er talsmaður hennar í þessu efni og sennilega aðalpottur og höfuðpanna í þessum aðförum, sem hér er stofnað til, nema það skyldi þá vera hinn fjarverandi, faldi hæstv. fjmrh., sem væri annaðhvort pannan eða potturinn.

Þessi hæstv. ráðh. fræddi menn svo á því, að það væri algengt, að því er manni skildist, að skornar væru niður umræður á Alþingi. Mér er nú nær að halda, að það hafi ekki komið fyrir í tíu ár. Það má þá leiðrétta það, ef það er misskilningur. Það er ekki algengara en það, — þetta, sem hæstv. dómsmrh. talaði um eins og sjálfsagðan hlut, engan atburð, og manni skilst, að við eigum von á að verði daglegt brauð hér á næstunni, ef hæstv. ráðh. fær að ráða, því að í þeim tón talaði hann um þetta. Þá sjáum við, hvert verið er að fara.

Mér er nær að halda, að til þessa hafi ekki verið gripið í tíu ár. Og það er alveg áreiðanlegt, að til þessa hefur aldrei verið gripið í upphafi þings og sízt af engu tilefni, eins og raunverulega hefur verið gert hér á þessari nóttu í hv. Nd. Alþingis, því að það var ekkert tilefni til þess að gera þetta, ekki hið minnsta. Það voru aðeins örfáir menn, sem höfðu tekið til máls um þessa þýðingarmiklu málsmeðferð, sem hæstv. ríkisstj. stendur fyrir, og þeir höfðu í engu misnotað málfrelsi sitt, rétt sinn til að halda ræður um þessi efni.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki átt að minnast á þetta, vegna þess að ég hefði átt þátt í því að setja þingsköpin, þar sem gert var ráð fyrir þeim möguleika að takmarka umræður á Alþingi. Það er alveg rétt, að það er gert ráð fyrir þessum möguleika. En það er gert ráð fyrir því, að hann sé notaður í þingræðisanda, en ekki í einræðisanda, eins og nú er ætlunin að stofna til. Og þetta ákvæði þingskapanna er sett þangað inn vegna þess fyrst og fremst, að menn með nokkuð svipuðum hugsunarhætti máske og þeir, sem núna standa fyrir þessari tegund vinnubragða, misnotuðu hið almenna, ótakmarkaða málfrelsi á Alþ. með stórfelldu málþófi hér fyrir áratugum og gerðu þannig þingstörfin nær óframkvæmanleg. Þá urðu menn vitni að því t. d., að eldhúsumræður stóðu í níu daga, svo að segja dag og nótt. Og þá urðu menn líka að reyna það, að umr. um fremur lítil mál stóðu svo að segja dag og nótt í sjö og átta daga samfleytt, aðeins til þess að tefja fyrir þingstörfum og gera afgr. annarra mála ófæra. Það var út af þessu, sem þingsköpunum var breytt, og í þeim anda að fyrirbyggja annað eins og þetta. Í þeim anda á þeim að beita. En það er alger misbeiting á þingsköpunum að nota þau á þann hátt, sem hæstv. forseti hefur leyft sér að gera nú á þessari nóttu eftir fyrirskipun hæstv. ríkisstj.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð utan dagskrár fleiri til svars því, sem hæstv. dómsmrh. tók fram. Ég vil aðeins að lokum minna á, að á þessum örfáu dögum, sem þingið hefur nú starfað, höfum við orðið vottar að eftirfarandi, sem allt eru alger einsdæmi í síðari ára sögu Alþingis: Að ríkisstj. hefur einsett sér að senda Alþingi heim og ætlaði að senda Alþingi heim eftir tíu daga setu, ef hún hefði fengið því ráðið. Að Alþ. hefur verið neitað, hreinlega neitað um skýrslu um efnahagsmálin, og fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann ætli ekki að halda fjárlagaræðu að þessu sinni í upphafi þings, en þingið verði þess í stað sent heim. Þá höfum við einnig orðið vitni að því, að fellt hefur verið í sameinuðu Alþingi að taka á dagskrá í upphafi þings þáltill. um bráðaðkallandi nauðsynjamál. Loks höfum við á þessari nóttu orðið að sitja undir því, að hæstv. forseti hefur beitt valdi til þess að skera niður umræður á þann hátt, sem ekki hefur verið gert, að því er ég bezt veit, í tíu ár á Alþ., og það um málefni, sem hæstv. fjmrh. er forsvarsmaður fyrir og án þess að sá hæstv. ráðh. væri viðstaddur eða hefði verið viðstaddur meira en helming þess tíma, sem málið hafði verið til umræðu.

Þetta eru allt einsdæmi. En einsdæmin eru verst. Og nú virðist manni, að það eigi að bæta því ofan á allt annað að halda nú enn áfram umr., þó að hæstv. fjmrh. verði ekki viðstaddur, og það um þetta málefni hans. Ég mótmæli því algerlega, að slíkt verði gert.

Forseti (BGr): Ég vil mótmæla þeim orðum hv. ræðumanns, að forseti hafi beitt valdi. Forseti hefur ekki notað skýra heimild, sem hann hefur í þingsköpum til að takmarka umræður, heldur var það d. sjálf, sem tók ákvörðun um það mál.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er sagt, að það eigi að taka hér fyrir á eftir frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég er einn af nm. í fjhn., sem hefur skilað áliti um þetta mál, svo að það er mér þannig nokk-

uð viðkomandi, og ég vil andmæla því alveg ákveðið, að 2. umr. um þetta mál hefjist eða verði látin fram fara, án þess að hæstv. fjmrh. sé hér staddur.

Hæstv. dómsmrh. talaði hér nokkur orð áðan. Hann benti á það, að venjulega hefðu gengið umræðulítið í gegn á undanförnum þingum frumvörp slík sem þetta um bráðabirgðafjárgreiðslur, þegar ekki var hægt að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og einnig ýmis tekjuöflunarfrumvörp, sem samþ. hafa verið til eins árs í senn. Þetta er rétt. En ég vil benda á það, að þessi mál ber að nú á þessu þingi með allt öðrum hætti en nokkru sinni fyrr. Það hefur ekki komið fyrir áður, svo að ég muni til, og ég held, að ég muni það rétt, að það hafi verið gerð tilraun til að þvinga slík mál fram á næturfundum með afbrigðum um það bil mánuði áður en þess var þörf, hér um bil mánuði fyrir lok ársins. En það er fyrst um áramót, sem þörf er á lögum um þetta efni, enda vitum við það, að þessi óvenjulegu vinnubrögð eru af annarlegum ástæðum hér viðhöfð.

Ég ætla ekki að endurtaka með mörgum orðum það, sem aðrir hafa sagt um það og öllum þm. er ljóst, að það vakir fyrir stjórninni að víkja þm. frá, fresta þinginu nú eftir örfárra daga setu. Það hefur komið fram, að fjmrh. ætlar sér ekki að hafa 1. umr. um fjárlagfrv., og hann ætlar sér ekki að gera þm. grein fyrir fjárhagsástæðum ríkissjóðs, eins og venja er að gera við það tækifæri. Hann ætlar ekki að gera þetta, áður en þingi verður frestað. Ég er að vísu ekki búinn að vera hér á þingi nema 22 ár, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafi aldrei komið fyrir á þeim tíma, að fjárlagaþingi hafi verið frestað, án þess að áður hafi farið fram 1. umr. um fjárlagafrv. og fjmrh. hafi gert þinginu grein fyrir fjárhagsástæðum ríkissjóðs og framtíðarhorfum í þeim efnum, áður en þinghlé varð. Þetta eru algerlega ný vinnubrögð. Stjórnin hefur ekki heldur lagt fyrir þingið enn brbl., sem gefin voru út af ríkisstj. í septembermánuði, en þannig er ástatt um þessi lög, að það er full ástæða til að ætla, að það sé ekki þingmeirihluti til fyrir þeim, meiri hl. þm. sé þeim andvígur. Það er full ástæða til að ætla það samkv. þeim yfirlýsingum, sem fram komu hjá þingflokkum nú fyrir síðustu kosningar. Og það er vitanlega tilraun til þess að koma í veg fyrir, að þingræðið fái notið sín, ef þessi brbl. eru ekki lögð fyrir þingið til meðferðar og afgreiðslu, áður en þingi verður frestað. Þessi lög falla úr gildi 15. þ. m. Hvað ætlar ríkisstj. að gera þá, ef hún hefur þá komið fram þeim vilja sínum, að þing verði þá ekki starfandi, ef hún kemur því fram að reka þingið heim fyrir þann tíma? Hvað ætlar hún að gera? Getur það komið til mála, að hún hugsi sér þá að gefa út ný brbl. um þetta efni? Getur það komið til mála? En ef slíkt væri fyrirhugað eða verður framkvæmt, þá er það stjórnarfarslegt afbrot. Nú vil ég spyrja stuðningsmenn stjórnarinnar, bæði þá þm., sem hér hafa setið áður á þingi misjafnlega lengi, og einnig nýliðana: Eruð þið komnir á þetta nýja þing, hv. þm., jafnt þeir eldri og nýliðarnir, til þess að fremja stjórnarfarsleg afbrot? Vitið þið, hvað stjórnin ætlar að gera í þessu efni? Vitið þið það nú þegar?

Ef það er svo, að þið hafið hugboð um það, að stjórnin e. t. v. ætli að gefa út ný brbl. í stað þeirra, sem falla úr gildi 15. des., ný brbl. um sama efni, — ef þið hafið hugboð um það, að stjórnin hafi í hyggju að gera þetta, og samþykkið þingfrestun þrátt fyrir það að beiðni stjórnarinnar, þá eruð þið að styðja hana til óhæfuverka. Var það erindi ykkar í þingsalinn, þið nýju þingmenn? Er ekki rétt fyrir ykkur að íhuga þessi mál gaumgæfilega, áður en þið látið ríkisstj. teyma ykkur lengra út á ógæfubraut? Ef þið ekki gerið það og stingið hér við fótum, þá held ég, að megi segja um ykkur um alla framtíð, hvern og einn: Ill var þín fyrsta ganga á Alþingi. Ég vona, að það takist ekki svo ógæfusamlega fyrir ykkur.

Það hefur oft undanfarið verið talað og skrifað mikið um vanda, sem steðjar að þjóðinni nú í efnahagsmálum og ýmsum öðrum. Og víst er, að það eru mörg erfið viðfangsefni fram undan. Margir segja, að vandamálin verði trauðla leyst nema með góðu samstarfi stétta og flokka, helzt sem flestra landsmanna. Mér sýnist því miður ljóst, að nýja ríkisstj. hugsi sér ekki að reyna að vinna þannig, ekki að laða sem flesta til samstarfs um vandamálin. Þó að hún sé aðeins hálfs mánaðar gömul, sýnist mér ástæða til að óttast þetta. Fyrstu skref hennar eru þannig.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að það hefði verið auðvelt að ná samkomulagi við stjórnarandstæðinga um þetta frv., sem hér á að taka fyrir á eftir að sögn, og önnur þau mál, sem stjórnin þarf að koma fram fyrir áramótin, ef að þessu hefði verið unnið á venjulegan hátt, svipað og gert hefur verið á undanförnum þingum, á heilbrigðum og venjulegum grundvelli. En í staðinn fyrir að gera það beitir stjórnin þjösnaskap. Hún beitir þjösnaskap í þinginu og hennar stuðningslið með henni. Ég nefni ekki mörg dæmi, t. d. atkvgr. í þinginu nýlega um að neita að taka mál á dagskrá, og svo nú með því að takmarka málfrelsi þm. Eruð þið nú allir, hv. þm. stjórnarflokkanna, vissir um, að þetta sé heppilegasta byrjunin á þessu nýja þingi? Eruð þið vissir um, að þetta séu heppilegustu vinnubrögðin til þess að ráða fram úr þeim mörgu vandasömu og viðkvæmu málum, sem bíða úrlausnar? Eruð þið svo sannfærðir um, að stjórnin hafi farið hér út á rétta braut, að þið ætlið allir að rétta upp hendurnar alveg hiklaust, þegar hún mælir svo fyrir, eins og þið gerðuð nú um miðnættið? Ég spyr. Það er byrjað að syngja hér nýjan söng með nýju lagi, sem hefur ekki heyrzt hér í þingsalnum á undanförnum árum. Forsöngvarinn gaf sig fram hér áðan, hæstv. dómsmrh. Þið hafið tekið, hv. stuðningsmenn stjórnarinnar, undir lagið í byrjun. Ætlið þið að halda áfram að syngja þetta nýja lag?

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér hefur verið á það bent, að það sé í mesta máta óvenjulegt að taka fyrir frv., sem tiltekinn ráðh. leggur fyrir þingið varðandi málaflokk, sem hann hefur með að gera, á þeim tíma, sem þessi hæstv. ráðh. sér sér ekki fært að mæta við umr. á Alþingi. Og þeim tilmælum hefur verið beint til hæstv. forseta, að hann íhugi það vandlega, hvort það sé rétt af honum að knýja fram umræður hér á Alþingi um þetta mál, án þess að sá ráðh. sé hér mættur, sem að eðlilegum hætti á að mæta hér og vera til forsvars í sambandi við þetta mál.

Ég veitti því athygli eða mér fannst ég sjá það út úr viðbrögðum hæstv. forseta þessarar d., þegar þessum tilmælum var til hans beint, að hann færi að íhuga sitt ráð. Og ég sá það, að hann þurfti að ráðgast við einn af ráðh. í sambandi við þessi tilmæli, sem hér voru sett fram, og það leyndi sér ekki að mínum dómi, að hæstv. forseti fann það, að hér var verið að gera rangt, og mér er nær að halda, að hann hafi viljað leggja það til við þennan hæstv. ráðh., að stjórnin óskaði ekki eftir því að sækja þetta mál með slíku ofurkappi sem þessu og brjóta þessa þingreglu líka. Mér fannst eins og ég gæti lesið þetta út úr viðbrögðum hæstv. forseta. En hæstv. dómsmrh. kom nú hér upp í ræðupontuna og vildi telja kjark í forsetann að halda áfram þessum þjösnaskap.

En nú vil ég af þessu tilefni benda hæstv. forseta á það, að þrátt fyrir það, þó að hæstv. dómsmrh. vildi láta hér kné fylgja kviði og halda hér áfram á þennan hátt, þá varð hann þó að viðurkenna, — ég skrifaði alveg orðrétt ummæli hans, — en hann sagði: „Þingið á rétt á því, að ráðh. svari fyrirspurnum varðandi þau mál, sem undir hann heyra, þegar þau eru til afgreiðslu á Alþingi.“ Ég skrifaði hér upp þau ummæli hæstv. ráðh., sem sagði: Þingið á rétt á því, að ráðh. svari fsp., sem fram koma. — Meira að segja hæstv. dómsmrh. varð hér að viðurkenna, að þm. ættu skýlausan rétt til þess, að sá ráðh., sem leggur mál fyrir Alþ., sé hér til þess að svara fsp., sem fram koma.

Ég vil í tilefni af þessu endurnýja tilmælin til hæstv. forseta, að hann endurskoði afstöðu sína í þessu máli og fari samkv. sinni eigin sannfæringu og fylgi hér þeim reglum, sem viðhafðar hafa verið í þessum málum áður á Alþingi. Það er engin nauðsyn á því að brjóta einnig þessa reglu nú, því að það má hæstv. forseti vita, að hæstv. dómsmrh. hefði ekki hagað hér sínum orðum á þessa lund, sem hann gerði, ef hann teldi sig ekki verða að viðurkenna, að þm. ættu rétt til þess, að viðkomandi ráðh. mætti og svaraði fsp.

Hæstv. dómsmrh. sagði að vísu, að sér fyndist, að vel mætti halda áfram þessari umr., því að önnur umr. væri enn eftir um málið. Það mætti líka sjá, hvort hér kæmu fram fsp., sem þess væru verðar, að ráðh. ætti hér að gefa svör við þeim. En ég vil í þessu efni minna á það, að þetta mál hefur verið hér til 1. umr. Meginhlutann af þeim tíma, sem málið var til 1. umr., mætti viðkomandi ráðh. hér ekki. Til hans var þá beint hér allmörgum fsp. varðandi þetta mál. Það er því búið að beina fsp. til hæstv. ráðh., þeim fsp., sem þm. eiga rétt á að hann svari hér, svo að notuð séu orð hæstv. dómsmrh. Í sambandi við þann takmarkaða tíma, sem mér er ætlaður hér í sambandi við þetta mál, vil ég einnig mótmæla því. Mér þykir mjög óeðlilegt, eftir að hæstv. dómsmrh. hefur hér talað í alllangan tíma varðandi þessi mál og nokkuð almennt um þau, að þá sé skorinn svo niður ræðutími við mig sérstaklega fram yfir aðra, að ég megi ekki ljúka hér máli mínu, og ég vil bæta hér við nokkrum orðum í trausti þess, að hæstv. forseti sjái, að það er fyllilega réttmætt, að ég fái hér að ljúka mínu máli með tilliti til þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram á undan. Ég skal ekki í neinu fara út fyrir það í sambandi við þessar umr. utan dagskrár, sem beint tilefni hefur verið gefið til, t. d. í sambandi við ræðu hæstv. dómsmrh.

Ég tók eftir því, að hæstv. dómsmrh. sagði, að hann teldi, að sú samþykkt, sem hér var gerð áður í kvöld um að skera niður ræðutímann, væri í anda þingskapa. Ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh. um það, hvort hann telji það vera í anda þingskapa að leyfa aðeins 3—4 þm. að fá tækifæri til þess að tala hér um stórt og þýðingarmikið mál, sem liggur fyrir þinginu til 1. umr., að umræður séu skornar þannig niður, að þeir þm., sem kvatt hafa sér hljóðs strax í upphafi umr., fái ekki að komast að og flytja sína fyrstu ræðu um mál, sem liggur hér fyrir til 1. umr. Getur það verið í anda þingskapa að beita slíkum niðurskurðarákvæðum? Ég trúi því ekki, fyrr en ég heyri það héðan úr ræðustólnum, að hæstv. dómsmrh. haldi því fram, að það sé í anda þingskapa að beita niðurskurði á ræðutíma á þann hátt hér á Alþingi. Ég vil líka mótmæla því, að ég og aðrir alþm. höfum misnotað okkar ræðutíma í sambandi við þau mál, sem hér hafa verið á dagskrá.

Ég gat þess í minni ræðu, þeirri einu, sem ég fékk að flytja hér án hindrunar um þau mál, sem hér liggja fyrir, að það væri með engu móti hægt að binda sig algerlega við það frv., sem þá var á dagskrá, vegna þess að eðlilegt væri að ræða tildrög þess, að frv. var flutt. Og ég ætla, að t. d. hæstv. dómsmrh. hafi ekki sjaldan hér á Alþingi tekið sér heimild til þess að ræða mál á þeim grundvelli.

En viðvíkjandi fjarveru hæstv. fjmrh. er á það bent, að hann hafi beðið annan ráðherra að vera hér í sinn stað. **(SkG:** Hvaða ráðherra skyldi það vera?) Já, hvaða ráðh. skyldi það vera? Það hefur a. m. k. ekki heyrzt í honum. Hann hefur ekki fengizt til að svara hér einu einasta orði, ekki einni einustu fsp., sem til hans hefur verið beint. En ég vil spyrja: Hvernig getur staðið á því, að hæstv. fjmrh. mætir ekki á þessum fundi? Það hlýtur þó að vera einhver skýring til á því, af hverju hann getur ekki mætt? Er maðurinn t. d. veikur? Þá væri kannske full ástæða til þess að fresta hér fundi og bíða eftir því, að ræða mætti við hann. Ég efast ekki um, að flokksbræður hans

á Alþingi, t. d. hæstv. dómsmrh. og væntanlega forseti d., hljóti að vita um það, hvar hæstv. fjmrh. er staddur. Er hann að gegna einhverjum skyldustörfum nú nærri kl. hálfþrjú að nóttu? Það er ólíklegt. Er hann kannske sofnaður og það megi ekki vekja hann, á sama tíma og þm. er ætlað að ræða hér þau mál, sem hann leggur fyrir Alþingi? Það er útilokað, að það sé ekki hægt að gera hér grein fyrir því, hvar maðurinn er staddur og hvað það er, sem tefur hann. Er það einvörðungu það, sem hefur komið fram í þessum umr., að hann fáist með engu móti til að svara þeim fsp., sem þm. eiga þó skýlausan rétt á, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það hér, að hann svari í sambandi við það mál, sem hann hefur lagt hér inn á Alþingi?

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. forseti þessarar d. sjái, þegar hann athugar það, sem hér hefur fram komið, að það er full ástæða til þess fyrir hann, eins og forseta, sem hafa áður gegnt þessu sama starfi, sem hann gegnir nú hér, að segja við þennan fjmrh., sem lagt hefur þetta frv. inn: Það var þín sök og einskis annars, að málið var ekki afgreitt á þessari nóttu. Þú mættir ekki, og ég mun ekki afgr. málið og brjóta þar með gamlar þingvenjur fyrir þann aðila, sem vill ekki gegna sínum þingmannsskyldum á Alþ. og sínum ráðherraskyldum þar. — Ég skora því enn einu sinni á hæstv. forseta að endurskoða afstöðu sína og fallast á það að slíta þessum þingfundi nú og láta fara hér fram umræður um þetta mál á morgun á þeim tíma, sem hæstv. fjmrh. getur gefið sér tíma til þess að sinna sínum þingmannsskyldum.

Forseti (BGr): Ef leyft verður, þá hefst þessi umr., en það verður gerð úrslitatilraun til að verða við óskum hv. þm. nú þegar á eftir. Strax og séð er um árangur hennar, verður tekin ákvörðun um framhald fundarins. Það stendur til boða nú, eins og ávallt áður undir þessum umræðum, að vilji einstakir ræðumenn fresta ræðum sínum, þangað til ráðh. er við, þá er þeim frjálst að gera það. Munu aðrir, ef einhverjir eru á mælendaskrá, taka til máls. **(LJós:** En ef þeir fresta allir?) Það verður tekin ákvörðun um það, ef að því kemur. Þá þarf að leita afbrigða fyrir 2. máli á dagskránni.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:17 atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft frv. það, er hér liggur fyrir um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði í ársbyrjun 1960, til athugunar. N. hefur ekki orðið á eitt sátt, en meiri hlutinn, þeir hv. þm., sem um getur í prentuðu nál. meiri hl., sem hér hefur verið útbýtt, leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Því hefur verið lýst yfir af hæstv. fjmrh., að ekki verði unnt að afgreiða fjárlagafrv. fyrir árið 1960 fyrir áramót af ástæðum, sem hann hefur þegar rakið við 1. umr. málsins, og hefur það raunar verið viðurkennt af sumum þeirra hv. þm., sem andæft hafa í málinu, að það hafi varla verið við því að búast, að það yrði hægt, eins og á stóð.

Fresturinn, sem farið er fram á um afgreiðslu fjárlaga, er ekki lengri en eðlilegt má telja og iðulega hefur áður tíðkazt. Á það verða varla bornar brigður, að nauðsyn beri til að staðfesta þá heimild, sem farið er fram á í frv., heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði, meðan fjárlög hafa enn ekki verið afgreidd. Það, hvort þingi verður frestað nokkrum dögum fyrr eða síðar í þessum mánuði, haggar ekki þeirri nauðsyn, og er því annarlegt sjónarmið, sem meiri hluti n. telur að eigi ekki að hafa áhrif á afgreiðslu málsins. Frestun þingsins er þingmál út af fyrir sig, sem þm. gefst kostur á að ræða, þegar það kemur til umræðu. — Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur ekki komið sér saman um þetta mál, og ég hef leyft mér að útbúa hér nál. Nefndarfundur var í morgun kl. 10. Ég skilaði mínu nál. fyrir hádegi. Því nál. var útbýtt á fundinum, sem hófst kl. hálftvö, og ég ætti að geta ætlazt til þess, þegar ég, sem er í stjórnarandstöðunni, bregzt þannig við um afgreiðslu máls, að mér yrði sýnd samsvarandi tillitssemi af hálfu þess, sem lagt hefur frv. fyrir.

Ég legg til í nál., að málið sé afgr. með rökstuddri dagskrá, og svo fremi sem hér á að vera mögulegt að ræða mína dagskrá, sem er á þskj. 53, þá þarf hæstv. fjmrh. að vera hér við, þar sem það, hvort rök þau eru rétt, sem ég beiti, byggist á því, hvað hæstv. fjmrh. segir. Enn fremur hafa frá hæstv. dómsmrh. fallið orð um það, að það sé mjög óviðfelldið, að rætt sé um hæstv. fjmrh. og jafnvel kannske stundum veitzt eitthvað að honum, þannig að hann sé ekki viðstaddur, og ég er hæstv. dómsmrh. alveg sammála. Þess vegna er ég búinn a. m. k. tíu sinnum í dag að óska eftir, að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur, og ég veit, að hæstv. forseti ber ekki á móti því, að ég hafi beðið forseta hvað eftir annað um að gera ráðstafanir til þess, að fjmrh. væri viðstaddur. Nú leyfi ég mér sem frsm. þessa minni hl. fjhn. að óska eftir því að þurfa ekki að halda lengra áfram í þessari ræðu til þess að brjóta ekki það velsæmi, sem við hæstv. dómsmrh. erum sammála um að skuli viðhafa, og leyfi ég mér þess vegna að bera fram þá ósk, studda þessum rökum, að nú verði gert hlé þar til á morgun, að hæstv. fjmrh. getur verið viðstaddur, ég fái að gera hlé á þessari minni ræðu og halda henni áfram, þessari minni framsöguræðu við þessa umr. fyrir þessu nál., þegar hæstv. fjmrh. er viðstaddur. Ég vildi nú skjóta því til forseta, hvort mér leyfist ekki að gera slíkt hlé, þannig að fundi verði nú frestað til morguns. Ég þykist hafa gert mína skyldu sem fjhn.-maður, skilað mínu nál. á réttum tíma, og það eina, sem ég nú fer fram á, það er, að

sá, sem lagði frv. fyrir og ég þarf að ræða við, mæti. Ég vil gjarnan gera hlé á minni ræðu til að heyra úrskurð forseta. **(Forseti:** Ég hygg, að ekki sé ástæða til að fresta fundinum, þar eð fleiri eru á mælendaskrá. Hins vegar hefur hv. þm. rétt til að tala þrisvar við þessa umr. sem frsm. fyrir nál., og gæti þess vegna fundurinn haldið áfram og hann síðar haft tækifæri til að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.) Veit ég það, að ég hef þrjár ræður. En spurningin er, hvort fjmrh. hefur tækifæri til að vera við. Ég vildi óska eftir, að það væri ákveðið. Ef allir aðrir, sem hér ætla að tala, óska þess sama, verður þá orðið við því að fresta fundinum? **(Forseti:** Það mun ekki útséð um það enn, hvort hæstv. fjmrh. verður hér viðstaddur innan stundar eða ekki, og þess vegna get ég ekki svarað þessari spurningu ákveðið. — Gripið fram í. — **Forseti:** Það eru fleiri hv. þm. hér á mælendaskrá en sá hv. þm., sem nú er að tala úr ræðustól.) Já, en ég hef þau sérréttindi, að ég þurfti ekki einu sinni að kveðja mér hljóðs, til þess að ég fengi orðið, af því að ég er frsm. Þess vegna vil ég eindregið óska eftir því, að nú sé gert hlé á ræðu minni, ég ljúki ekki þessari minni fyrstu ræðu af þeim þremur, sem ég á rétt á, m. a. með tilliti til þess, að ég hef enga fulla vissu fyrir, ef einhver annar skyldi vera kominn í forsetastólinn en hæstv. forseti, sem nú situr, að ég fengi nokkurn tíma að halda hinar ræðurnar, þannig að þegar slík óvissa er komin í öll þingsköp, þá verður maður að fara að gæta sín að sleppa ekki neinum möguleika. Enn hef ég möguleikann, enn er ég í ræðustólnum. Ég get náttúrlega beðið til morguns, þó að það sé viðbúið, að maður sofni hér. En ég þykist hafa unnið mitt dagsverk rétt eins og hver annar þm., og ég sé satt að segja ekki, hvernig þetta kemur til með að ganga hjá okkur á þingfundunum, ef svona verður haldið áfram. Hér hefur fram að þessu ríkt ákaflega góð samvinna á undanförnum fundum Alþingis undanfarin ár, og ég er hræddur um, að það sé ekki heppilegt að breyta út frá því. Ég vildi þess vegna líka til að gefa hæstv. forseta góð ráð mælast til þess, að fundinum yrði frestað — við skulum segja í korter — og minni ræðu á meðan. Vera kann, þótt máske hæstv. fjmrh. sofi, að hann væri vaknaður eftir kortér. (Gripið fram í.) Hvað? Er nokkuð nýtt að heyra? Hvað dvelur orminn langa? Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé hægt að verða við því að fresta þá a. m. k. í korter og leiðinlegt að bíða á þennan máta. **(Dómsmrh.:** Er þá ekki einhver annar kafli ræðunnar, sem við mættum hlusta á á meðan?) Ég ætlaði nú satt að segja ekki að fara að endurtaka allt, án þess að fjmrh. væri við, sem ég sagði um hann í dag. Það er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að hæstv. fjmrh. getur vafalaust vel svarað fyrir sig, og þess vegna hefur mig langað til að sjá hann hér allan tímann. **(Dómsmrh.:** Þarftu ekkert að segja um okkur hina?) Ég hef nú verið að tala við ykkur í allan dag. Ég held, að ég sé búinn að tala við ykkur í fimm tíma, svo að ég þykist hafa gert skyldu mína hvað það snertir, en mig vantar að fullnægja skyldunni gagnvart hæstv. fjmrh., sérstaklega eftir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort ég megi ekki gera kortershlé á ræðu minni og ganga úr skugga um það, hvort nokkur möguleiki er á því að fá hæstv. fjmrh. hingað inn til þess að hlusta á frsm. þessa máls. **(Forseti:** Það hefur verið gerð tilraun til þess að ná sambandi við ráðh., en hún hefur ekki tekizt enn, og ég mun því verða við óskum manna og fresta þessari umr. Bið ræðumann að gera hlé á ræðu sinni.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta var tekið fyrir á einum fundi fjhn. í gær, og liggja fyrir þrjú nál. Frv. er um það, að ríkisstj. verði heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, fyrstu tvo mánuði ársins 1960. Þetta frv. er fram borið vegna þess, að það eru ekki taldar horfur á, að unnt muni reynast að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár fyrir áramótin.

Það mun ekki vera neinn ágreiningur um það í fjhn., að það sé þörf á slíkri greiðsluheimild fyrir áramótin, þar sem, eins og nú er komið, þarf ekki að gera ráð fyrir því, að fjárlög verði þá til. En hins vegar voru menn ekki á eitt sáttir um það í n., hvernig haga skyldi meðferð málsins. Meiri hl. vill láta afgr. það nú þegar, en tveir af nm. telja, að það sé ekki tímabært, og telja, að það sé eðlilegt, að ýmislegt gangi á undan þeirri afgreiðslu hér í hv. d. eða í sameinuðu Alþingi.

Enn hefur frv. til fjárlaga fyrir næsta ár ekki verið tekið til 1. umr. Það er venja, föst venja, að við 1. umr. fjárlaga gerir fjmrh. grein fyrir fjárhagsástæðum ríkissjóðs, eftir því sem þá er um þær vitað, og lýsir jafnframt, eftir því sem unnt er, framtíðarhorfum í fjármálum. Þetta hefur enn ekki verið gert á þessu þingi, og ég tel, að það sé eðlilegt, að það verði gert, áður en þingið samþykkir það frv., sem hér liggur fyrir.

Um þetta efni urðu nokkrar umræður utan dagskrár nú nýlega hér í þinginu, og hæstv. fjmrh. lét þess getið, að líklegt mætti telja, að ekki yrði af því, að það frv. til fjárl., sem nú hefur verið lagt fram, hlyti afgreiðslu á þinginu. Hitt væri sennilegra, að stjórnin mundi leggja fyrir nýtt fjárlagafrv. á framhaldsþingi. Út af þessu vil ég segja það, að það hefur áður komið fyrir, að frv., sem ríkisstj. lagði fram í byrjun þings, frv. til fjárlaga, hlaut ekki afgreiðslu, en annað nýtt var lagt fram síðar á þingi og það afgreitt. En þrátt fyrir það hefur það verið svo, að það frv., sem upphaflega var lagt fram, hefur ver-

ið tekið til 1. umr. og fjmrh. við það tækifæri gefið sína venjulegu skýrslu um fjárhagsástæðurnar.

Mér þykir rétt að rekja hér með örfáum orðum gang þessara mála síðustu árin. Árið 1958 var Alþingi sett 10. okt. 1. umr. um fjárlagafrv. fór þá fram 20. okt. 1957 var Alþingi sett einnig 10. okt. og 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram 16. okt. eða á sjöunda degi þingsins. 1956 var Alþingi sett 10. okt., 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram 22. okt. 1955 var setningardagur þingsins 8. okt., 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram níu dögum síðar, 17. okt. 1954 var Alþingi sett 9. okt., 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram aðeins sex dögum síðar, þann 15. okt. 1953 er þingið sett 1. okt., fjárlögin tekin til umræðu þann 12. Og 1952 er Alþingi sett 1. okt., 1. umr. um fjárlagafrv. þann 7., aðeins sex dögum eftir þingsetningu. 1951 er þingið sett 1. okt., og 1. umr. um fjárl. er 8. okt. 1950 er Alþingi sett 10. okt. og 1. umr. um fjárlagafrv. fer fram aðeins þremur dögum síðar eða þann 13. Ég get getið hér einnig um árið 1949, en þá voru haustkosningar eins og nú. Þá er Alþingi sett 14. nóv., fjárlagafrv. útbýtt nokkru síðar en venjulegt er, eða 29. nóv., hálfum mánuði eftir þingsetningu, og 1. umr. um það fór fram, áður en gert var hlé á störfum þingsins fyrir jólin, 1. umr. um frv. fór fram 20. des. Þá var Björn Ólafsson fjmrh. Þá mun frv. hafa verið vísað til n., og fór svo afgreiðsla þess að öðru leyti fram á framhaldsþinginu. Ég get einnig getið þess að síðustu án þess að hafa þessa sögu lengri, að 1947 er Alþingi sett 1. okt., fjárlagafrv. útbýtt 28. október. Af einhverjum ástæðum hefur það dregizt þá nokkuð, en 1. umr. um frv. fór fram 7. nóv. Þá var fjmrh. Jóhann Þ. Jósefsson. Þá gerist það, að nýtt frv. til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi eftir þinghlé um jólin. Það er lagt fram 23. jan. 1948 og 1. umr. um það frv. fór fram 2. febr. En eins og ég benti á áður, þá var hið fyrra frv., sem svo dagaði uppi, tekið til 1. umr. 7. nóv. 1947, og þáv. fjmrh. gaf sína venjulegu skýrslu um afkomu ríkissjóðs og ástæður.

Þannig kemur það í ljós, þegar þetta er athugað, að það hefur ætíð verið svo, að fjmrh., hver sem hann hefur verið, hefur talið sér skylt að gefa þinginu upplýsingar um afkomu ríkissjóðs, eftir því sem séð varð um þá hluti, skömmu eftir að þing hófust, og alltaf áður en þingi hefur verið frestað, áður en hlé hefur verið gert á störfum þingsins. Þetta hefur alltaf verið gert a. m. k. síðustu tuttugu árin, lengra hef ég ekki athugað þetta aftur í tímann. Og ég tel, að þetta eigi hæstv. núv. fjmrh. einnig að gera, jafnvel þó að margt sé óljóst nú um framtíðina í þessum efnum. Það hefur verið það áður, þegar fjmrh. hefur lagt fjárlagafrv. fyrir þingið, og jafnvel þótt svo sé, þá er auðvelt fyrir hann að gefa upplýsingar um, hvernig ástæðurnar eru nú, eftir því sem næst verður komizt, og síðar á þinginu, á framhaldsþingi, að gefa þá þinginu framhaldsskýrslu um þessi mál.

Það hefur sem sagt oft komið fyrir, að fjmrh. hefur oftar en einu sinni á sama þingi gefið slíkt yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs og afkomuhorfur. Og ég verð að segja það, að mér finnst það heldur ógiftusamlegt, ef hæstv. núv. ráðh., sá er með fjármálin fer, byrjar sinn feril þannig að brjóta reglu, sem fylgt hefur verið undanfarið, og neita þingmönnum um upplýsingar, sem þeir eiga rétt á að fá viðkomandi þessum málum. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að skoða hug sinn betur og ákveða að gefa þessar sjálfsögðu upplýsingar, áður en þinginu verður frestað.

Annars þarf ekki að fara í grafgötur til að sjá það, hvers vegna þessi hraði á nú að vera á og hvers vegna stjórnin vill fresta þinginu svo skjótt sem till. liggur fyrir um. Það lítur út fyrir, að hæstv. stjórn vilji sem sagt, hvað sem tautar, losna við þingið fyrir miðjan desember, því að þá telur hún vera mikinn örlagadag í sínu lífi, að því er manni virðist. Þá falla úr gildi brbl., sem fyrrv. stjórn gaf út í septembermánuði, og þarf ég ekki að rekja efni þeirra, því að það er öllum kunnugt. Flokkur hæstv. fjmrh. gaf út í haust yfirlýsingar — endurteknar yfirlýsingar — um andstöðu við þessi brbl., og það hefur einnig komið fram, að Framsfl. er þeim andvígur. Það má því gera ráð fyrir því fastlega, að þessi brbl. njóti ekki stuðnings meiri hluta þings. En af einhverjum ástæðum hefur hæstv. stjórn ekki lagt þessi lög fyrir þingið enn þá, eins og hún hefði þó tvímælalaust átt að gera, og hún vill losna við þingið, áður en það fái tækifæri til að fjalla um þessi lög og fella þau. Með þessu móti er hæstv. stjórn og hennar stuðningsmenn, ef þeir fylgja henni á þessari braut til enda, að koma í veg fyrir það, að þingræðið fái notið sín eins og það á að gera. Og þó að fsp. hafi verið um það gerðar, þá hafa ekki fengizt svör við því frá hæstv. stjórn, hvað hún ætli að gera í því máli, þegar þessi brbl. falla úr gildi. Getur það hugsazt, að stjórnin ætli þá að gefa út ný brbl. um þau efni? Það er erfitt að trúa því, að til slíkra ráða verði gripið, vegna þess að þar væri um að ræða mjög alvarlega misbeitingu á framkvæmdarvaldinu.

Í sambandi við þetta mál má líka geta þess eða minna á það, að flokkur hæstv. fjmrh. gaf fyrirheit um það í haust til bænda, að hann mundi leggja til við Alþingi, að þeim yrði bætt það tjón, sem þeir verða fyrir af útgáfu þessara brbl. Það er alkunnugt, að ef lögin hefðu ekki verið gefin út, hefðu bændur fengið 3.18% hækkun á verði afurða sinna. Þeir áttu rétt á að fá þessa hækkun samkv. gildandi lögum, um það var ekki ágreiningur. En þrátt fyrir loforð þeirra sjálfstæðismanna um að leggja fyrir Alþingi till. um að bæta framleiðendum þetta tjón, hafa þeir ekki látið af því verða. Það eru engar till. enn frá þeim komnar um það mál. Hins vegar hafa aðrir flutt um þetta till. í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir.

Þegar frv. var til afgreiðslu í Ed., báru tveir hv. þm. þeirrar deildar fram till. um heimild fyrir ríkisstj. til að bæta framleiðendum þetta tjón, en sú till. var felld af stjórnarliðinu í

Ed., þar á meðal af þingmönnum þess flokks, sem hafði þó gefið fyrirheit um að bæta þetta tjón og leggja til nú á Alþingi, að það yrði gert.

Till. um sama efni liggur nú fyrir í þessari d. Um hana voru greidd atkv. í hv. fjhn., en stjórnarstuðningsmenn í n. greiddu atkv. gegn henni.

Ég lít svo á, eins og áður segir, að þingið þurfi að taka ýmis mál, sem nú þegar liggja fyrir, til meðferðar og afgreiðslu, áður en þinginu verður frestað. Ég tel, eins og ég hef þegar tekið fram, að hæstv. ráðherra, sem fer með fjármálin, beri að gefa venjulega skýrslu um fjárhagsástandið, áður en þinghlé verður gert. Ég tel einnig, að stj. eigi að leggja fyrir þessi umræddu brbl. og gefa þinginu kost á að fjalla um þau, þannig að þingviljinn fái að koma fram. Ýmis fleiri mál eru það, sem þegar hafa verið lögð fyrir þingið og eðlilegt er að fái afgreiðslu fyrir þinghlé. Ég lít því svo á, að það sé ekki tímabært að fresta þingi nú þegar og eðlilegt sé að fresta um sinn meðferð þessa frv. Það er enn alllangur tími, nokkrar vikur, eftir af þessu ári, en heimildarlög þau, sem hér er farið fram á, þurfa ekki að hafa tekið gildi fyrr en um áramót.

Enn er allt í óvissu um það, hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir í efnahagsmálunum. Hún mun vera með þau mál í athugun og ætla að vinna að sínum athugunum á þeim næstu vikur og gerir ráð fyrir að geta lagt fram einhverjar till. um þau á framhaldsþinginu. Það er að sjálfsögðu ærinn vandi við þau mál að fást. Gjaldeyrisástæður eru mjög erfiðar nú, halli, eins og oft áður, á viðskiptum við útlönd, og erlendan gjaldeyri skortir. Það er ekki hægt að fá erlendan gjaldeyri til að ljúka ýmsum nauðsynlegum greiðslum. Framkvæmd viðskiptamálanna hefur verið þannig hagað á þessu ári, sem nú er að líða, að miklu af gjaldeyristekjum hefur verið varið til hluta, sem skynsamlegra hefði verið að láta sitja á hakanum. Af því leiðir, að gjaldeyri vantar til kaupa á ýmsum nauðsynlegri vörum og til að greiða ýmislegt út úr landinu, sem þarf að borga.

Að sögn ráðh. í núverandi ríkisstj. eftir nýafstaðnar kosningar og þegar þeir eru annars staðar staddir en hér á hæstv. Alþingi skortir ríkissjóð og útflutningssjóð mikið fé til viðbótar þeim tekjum, sem þessir sjóðir nú hafa, til þess að mæta fyrirsjáanlegum útgjöldum. Heyrzt hefur, að hæstv. forsrh. hafi nefnt 250 millj. á fundi í stjórnmálafélagi hér í Reykjavík.

Stjórnin hefur sér til aðstoðar, við athugun á þessum fjárhags- og efnahagsmálum, sérfræðinga. Hún hefur hagfræðinga í sinni þjónustu og hugsar sér að fá þeirra álit um úrlausnir, áður en hún leggur fram sínar till. Það er ekkert við það að athuga, þó að hinir sérfróðu menn séu kvaddir til aðstoðar um þessi mál, slíkt hefur oft verið gert áður. En þó að till. séu ekki komnar í þessu efni frá hæstv. núv. ríkisstj., þá er allmikið um það rætt og ritað, hver sé höfuðorsökin til þess, að sá vandi er nú fyrir dyrum í þessum efnum, sem raun ber vitni um, og þá jafnframt mikið um það rætt, til hvaða ráða þurfi helzt að grípa til þess að koma fram umbótum. Venjulegasta viðkvæðið hjá hinum sérfróðu mönnum er það, að hér sé of mikil fjárfesting, sem þeir nefna svo. Þetta orðskrípi, sem nýlega hefur verið tekið í íslenzkt mál, fjárfesting, mun, býst ég við, fundið upp einmitt af hagfræðingum. Ég segi orðskrípi, vegna þess að þetta orð gefur alls ekki til kynna það, sem þessir vísu menn segja að það eigi að tákna. Margt það, sem hagfræðingarnir segja að sé fjárfesting, er það ekki. Það er auðvelt að taka dæmi um það.

Ef maður leggur peninga sína í það að byggja hús, þá segja þeir, að það sé fjárfesting. Maðurinn getur selt þetta hús á næsta ári og fengið peninga sína aftur. Þá eru þeir lausir á ný, hans peningar. En þetta er fjárfesting. Annar maður, sem eyðir sínum afgangstekjum í ýmislegt annað, ýmsan óhófslifnað, við skulum segja í brennivín, akstur um borgargötur á síðkvöldum og ýmislegt, sem þar með fylgir, hann hefur aftur á móti fest sitt fé þannig, að það er ekki sjáanlegt, að hann nái því nokkurn tíma aftur eða hafi af því nokkurn arð. Þetta sýnist mér frá mínu leikmannssjónarmiði vera fjárfesting hjá þessum manni. En það er nú bezt að fá úr því skorið hjá hinum sérfróðu, og þess vegna lýsi ég þessu háttalagi fyrir hagfræðingi og segi við hann: Er þetta ekki fjárfesting? — Nei, nei, nei, þetta er neyzla, segir hann. Þeir hafa nefnilega fundið upp fleira en þetta orðskrípi: fjárfesting, hinir hagfróðu menn, þeir hafa fundið svo fallegt orð yfir eyðsluna. Lengur er ekki talað um eyðslu, það er talað um neyzlu. Þetta er miklu fínna.

Og nýyrðasmiðirnir segja: Fjárfesting er allt of mikil. Það er of lítið eftir af þjóðartekjunum til neyzlu, þegar búið er að borga alla þessa fjárfestingu. — Afleiðingin er sú að þeirra dómi, að lífskjör þjóðarinnar batna ekki, meðan þannig er áfram haldið. Þetta segja þeir. Til þess að lífskjör þjóðarinnar geti batnað, þá þarf hún að hafa meira til neyzlu.

Ef þetta, sem þeir segja, er þýtt á venjulegt íslenzkt mál, sem er skiljanlegt öllum þorra manna, þá er kenningin þessi: Framfarirnar eru of miklar, eyðslan er of lítil. — Og til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar þarf að draga úr framförunum, en auka eyðsluna.

Ég er ekki lærður hagfræðingur, og það er kannske þess vegna, sem ég efast allmikið um sannleiksgildi þessara kenninga. Ég tel þvert á móti, að eyðsla margra manna í þjóðfélaginu sé of mikil, hún ætti að vera minni. Það eru margir einstaklingar í þessu þjóðfélagi, sem lifa — ja, ég held, að mér sé óhætt að segja, óhófslífi. Þeir eyða óeðlilega miklu fé í byggingu íburðarmikilla húsa yfir sig og sitt fólk, í dýr húsgögn í þessi hús, og þeir hafa skapað sér lífsvenjur ýmiss konar, sem eru dýrar. Þessi eyðsla, óþarflega og óheppilega mikil eyðsla margra einstaklinga í þjóðfélaginu, veldur því, að það vantar peninga til annarra nauðsynlegri hluta, til ýmiss konar fram-

kvæmda til hagsbóta fyrir almenning í landinu.

Já, þeir birta sínar kenningar, hagfræðingarnir, ekki aðeins þeir innlendu, þeir, sem hér eiga heima, íslenzkir hagfræðingar, heldur einnig vísir menn í öðrum löndum, fræðimenn á þessu sviði, og það er vitanlega hlustað hér eins og annars staðar á þeirra kenningar. Og þeir koma hingað stundum til okkar lands til þess að uppfræða fólk um lögmál hagfræðinnar og viðskiptalífsins og gefa bendingar um það, hvernig Íslendingar ættu nú að haga sér, til þess að þeim megi vel vegna. Það var einn slíkur maður á ferðinni hér í Reykjavík fyrir nokkrum dögum. Maður þessi er aðalforstjóri Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, og á sunnudaginn var mun hann, eftir því sem segir í dagblöðum, hafa flutt erindi í hátíðasal háskólans, og erindi þetta fjallaði einkum um þau viðhorf, sem stofnun viðskiptabandalags sex- og sjöveldanna í Evrópu skapar viðskiptum Íslendinga í Vestur-Evrópu. Það er sagt, að þessi forstjóri sé viðkunnur fjármálamaður og hafi gegnt hinum ábyrgðarmestu stöðum. Þetta er vafalaust skýr maður og fær. Þetta er viðfelldinn maður. Ég sá hann hér fyrir tveimur eða þremur árum, þá var hann á ferð hér á landi líka. Þessi maður flutti fyrirlestur, eins og ég hef áður vikið að, í háskólanum um síðustu helgi. Ég ætla ekki að fara að rekja hér þennan fyrirlestur eða lesa upp frásagnir af honum úr blöðunum, — ég var þar ekki viðstaddur og heyrði ekki hans málflutning, — en það er þó sérstaklega eitt atriði, sem fram kom í fyrirlestri hans, eftir því sem hermt er í blöðum, sem mér finnst ástæða til að minnast á. Í blaðinu, sem ég hef hér, þar sem sagt er frá fyrirlestrinum, eru millifyrirsagnir, þar sem skipt er niður í kafla í blaðinu, og fyrirsögnin yfir einum kaflanum er þannig: „Mikil fjárfesting í íbúðarhúsum og landbúnaði.“ Hann talar þar fyrst um íbúðarhúsin, hér hafi mikið fé verið fest í íbúðarhúsabyggingum, — og það er rétt, það er mikið. Hann bendir á það, að vissulega séu íbúðarhúsin nauðsynleg, en þó megi engin þjóð eyða meiru í þau en hún hefur ráð á. Og hann segir, að það geti ekki verið rétt af Íslendingum að eyða miklu meira í húsnæði en aðrar Evrópuþjóðir gera. Ég veit náttúrlega ekki, við hvað hann hefur miðað sinn samanburð, trúlega kannske haft þar til hliðsjónar höfðatöluna. Ég veit það ekki. Eða hvort hann hefur kynnt sér húsnæðisástandið í nokkrum löndum og byggt sinn samanburð að einhverju leyti á því.

Það er rétt, eins og ég minntist á áðan, það hefur verið og er óhóf í húsabyggingum hjá mörgum mönnum. Íbúðarhús hér á landi og þó líklega ekki sízt hér í höfuðstaðnum hafa verið miklu dýrari í byggingu en þau hefðu þurft að vera, ef skynsamlega hefði verið á málum haldið af öllum þeim, sem þar hafa komið nærri. Og óþarflega íburðarmikil hús margra einstaklinga hafa gleypt mikið af því fjármagni, sem þjóðin getur með góðu móti varið til húsabygginga. Það hefur farið of mikill hluti þess í slíkar byggingar, og af því hefur það leitt, að það hefur of lítið fjármagn verið fyrir hendi til þess að byggja yfir margt af fólki hæfilegar íbúðir, viðunandi góðar, en íburðarlausar. En það er þetta, sem ætti að sitja fyrir. Það mætti sem sagt spara mikið í húsabyggingum, ef minna væri um glæsihúsin, en á móti kemur þá það, að mikið þarf að byggja ár hvert vegna fólksfjölgunarinnar.

En þá eru það ummæli hans um landbúnaðinn. Þau koma hér á eftir, og mig langar að fá leyfi hæstv. forseta til þess að lesa hér smáklausu úr blaðinu, þar sem sagt er frá fyrirlestri þessa fræðimanns. Hann segir svo:

„Fjárfesting í landbúnaði er auðvitað sjálfsögð. En skilyrði til landbúnaðar eru vissulega ekki svo góð á Íslandi, að þau réttlæti miklu meiri fjárfestingu í þessari atvinnugrein en gert er annars staðar í Evrópu. Vitað er, að mikið af þessari fjárfestingu hér á landi er því ekki hagkvæmt þjóðarbúinu. Og á sama tíma vantar fé til endurnýjunar fiskiskipaflotans.“

Þannig hljóða þau orð. Hann er búinn að segja það, áður í fyrirlestrinum, að hér á landi sé fjárfestingin í íbúðarhúsum og landbúnaði um 16% af þjóðarframleiðslunni. Hann sundurliðar þetta ekki, en hann bætir við: Á móti 5% að meðaltali í sömu greinum í Vestur-Evrópu, — þ. e. a. s. hann ber saman fjárfestinguna í þessum greinum, íbúðarhúsum og landbúnaði, hér hjá okkur og í Vestur-Evrópulöndum. Hann segir, að það fari 16% af þjóðarframleiðslunni hér hjá okkur í þetta tvennt, en ekki nema 5% í Vestur-Evrópu. En hvað segja menn um slíkan samanburð? Er nokkur heil brú í því að bera það fram, að það megi ekki leggja hlutfallslega meira af þjóðartekjunum til landbúnaðarframkvæmda hér en í nágrannalöndunum ýmsum? Hvað eigum við að segja um lönd eins og Holland eða Danmörku, sem láta mun nærri að séu fullræktuð? Hér aftur á móti eru tiltölulega nýlega byrjuð stórátök í ræktunarmálum, og þar eru geysilega mikil verkefni óleyst enn, verkefni, sem þarf að snúa sér að af miklu afli. Það er lífsnauðsyn, að ræktunarstarfinu verði haldið áfram, það verði aukið, en ekki verði úr því dregið. Þetta er lífsnauðsyn fyrir þjóðina, jafnt fyrir efnahagslega og menningarlega afkomu hennar.

Það hefur verið ör fólksfjölgun hér á landi síðustu árin. Það mun láta nærri, að um næstliðin áramót hafi fólksfjöldinn hér á landi verið 170 þúsund manns. Og ef fólkinu fjölgar tiltölulega jafnmikið á næstu árum og um nokkur undanfarin ár, sýnist mér, að eftir aðeins 17—18 ár hér frá verði mannfjöldinn hér á landi um 250 þúsund. Það er um 80 þúsund manna viðbót á þessum fáu árum. **(Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir ólokið af ræðu sinni.) Ég á dálítið eftir. **(Forseti:** Þá vil ég biðja hann um að gera svo vel að gera hlé á ræðunni.) Ég get gert það, herra forseti. — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson) [frh.]: Þegar gert var hlé á fundarhaldinu fyrir um það bil klukkustund, hafði ég vakið athygli á því, að ef fólki fjölgar hér á landi tiltölulega jafnmikið næstu árin og nokkur undanfarin ár, þá muni fólksfjöldinn hér á landi verða orðinn um 250 þús. eftir aðeins 17 eða 18 ár, þ. e. 70—80 þús. manna fjölgun á þessum fáu árum. En hvað verður um þetta fólk:

Hvar á að byggja, hvernig fer,
hvar á að bera að landi?

stendur í gamalli vísu. Hvar tekur þetta fólk sér bólfestu? Á að gera ráð fyrir því, að meiri hluti þess þyrpist saman á tiltölulega litlu svæði landsins, t. d. hér á suðvesturhorni landsins? Ég vil fullyrða, að slíkt væri mjög óheppilegt. Það þarf að byggja landið allt. Öll byggileg landssvæði eiga að vera setin og auðlindir landsins notaðar, hvar sem þær eru. Þetta er allra hagur. Það er hagsmunamál þeirra, sem nú búa hér í höfuðstaðnum og nágrenni hans ekkert síður en annarra landsmanna. Það er hagsmunamál þess fólks, sem nú er búsett hér í þéttbýlinu, nálægt þeim stað, þar sem við erum nú, að fólksflutningarnir utan af landsbyggðinni verði ekki óhæfilega miklir til þessara staða. Það er óheppilegt mjög fyrir afkomu þess fólks, sem dvelst í þéttbýlinu, ef þessir fólksflutningar verða of miklir, ef mjög margt fólk keppir við það um atvinnuna og um húsnæðið, svo að nokkuð sé nefnt. Það er því áreiðanlega röng stefna, sem ýmsir hinir sérfróðu menn í fjármálum og efnahagsmálum halda fram, að það eigi að draga úr landbúnaðarframkvæmdunum hér á landi. Þessar framkvæmdir þurfa þvert á móti að aukast. Og það má vel benda á það í þessu sambandi, að mikið af hinni svokölluðu fjárfestingu í landbúnaðinum er vinna fólksins í sveitum landsins, það er sparnaður þess.

Við heyrum raddir um það stundum, að bændunum mætti gjarnan og ætti gjarnan að fækka, jafnvel um helming. Þetta er náttúrlega villukenning. Hvar ætti þjóðin að taka öll milljónahundruðin, sem landbúnaðurinn leggur nú í þjóðarbúið, ef hann verður afræktur, svo að sveitirnar leggist í auðn. Það er síður en svo, að það sé offramleiðsla á landbúnaðarvörum hér. Það var óhagstæð veðrátta á Suðurlandsundirlendinu síðari hluta sumars og í haust, enda er nú svo, að það er öllu til skila haldið, að nægilega mikið af mjólk berist til Reykjavíkur og annarra kaupstaða hér á Suðvesturlandi. Það þarf að auka framleiðsluna, landbúnaðarframleiðsluna eins og aðra vöruframleiðslu hér. En til þess að landið verði allt byggt, öll byggileg svæði þess setin, þarf vitanlega að vinna að því, að lífsþægindi fólksins verði sem jöfnust um landið allt. Þess vegna má ekki draga úr framlögum hins opinbera til samgöngubóta, og það þarf að halda áfram rafvæðingu landsins með þeim hraða, sem mögulegt er. Það þarf að sjá fyrir þörfum fólksins fyrir heilbrigðis- og menningarstofnanir um land allt. Margt fleira mætti nefna.

Hagfræðingarnir og meðal annarra sá fræðimaður, sem flutti fyrirlesturinn í háskólanum á sunnudaginn var, hann segir frá því, hve mikill hluti af þjóðartekjunum í nágrannalöndunum fari til fjárfestingar þar í íbúðarhúsabyggingum og landbúnaði. Ég tel víst, að þetta sé rétt út reiknað, því að það eru til reikningsvélar nú á tímum eins og vélar til annarra hluta, merkileg tæki eins og fleiri vélategundir, og það er auðvelt að reikna þetta út. En það er áreiðanlega betra að trúa á landið en á reikningsvélar í höndum hagfræðinga, og þessar hlutfallstölur úr öðrum löndum, sem verið er að birta, t. d. viðkomandi því, hve mikið af tekjum annarra þjóða fari til framkvæmda á sviði landbúnaðar, eiga ekki að gilda fyrir okkur. Ég hef hér áður fært rök fyrir því. Það er margfalt meira ounnið hér á okkar landi í ræktunarmálum heldur en í nágrannalöndunum flestum.

Eins og ég gat um í upphafi, tel ég, að þó að ekki verði hjá því komizt að samþykkja þetta frv. fyrir áramót eða áður en þingi verður frestað, eigi ekki að gera það nú þegar, heldur eigi að fresta málinu um sinn. Það eigi ekki að fresta þinginu nú alveg næstu daga, eins og fyrirhugað mun vera, heldur eigi áður að vinna að ýmsum málum, sem fyrir liggja á þingi og þurfa að fá afgreiðslu.

Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti nú umræðum um málið og afgreiðslu þess, þar til hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir fjárhagsástæðunum við 1. umr. um fjárlagafrv. og þar til ýmis önnur mál, sem þurfa að fá afgreiðslu fyrir þinghlé, hafa verið afgreidd. Geti hæstv. forseti hins vegar ekki orðið við þeim tilmælum, þá mæli ég með því, að samþ. verði hin rökstudda dagskrá, sem 1. minni hl. fjhn. ber fram á þskj. 53.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið ræðu minni í gærkvöld eða réttar sagt í nótt, að það voru örfáar spurningar, sem ég vildi bera upp fyrir hæstv. fjmrh. Nú gat ég því miður ekki verið hér milli þrjú og fjögur, og þá var hann hérna, og nú er ég kominn aftur í pontuna, og þá er hann ekki hérna. Það vill ganga hálferfiðlega. Ekki vil ég kenna honum um það núna, en vænt þætti mér um, ef hann væri látinn vita, ef hann mætti rétt skjótast upp, annars mun ég bera fram mínar fsp. og tjá honum þær þá utan fundarins á eftir.

Ég hef á þskj. 53 lagt fram mitt nál. sem 1. minni hl. fjhn. Það, sem ég fyrst og fremst deili á í sambandi við þetta mál, það er að ætla sér að afgr. þetta frv. sem lög um bráðabirgðafjárgreiðslur, án þess að áður hafi farið fram sú umr. á Alþingi, 1. umr. um fjárl., þar sem orðin er föst venja að fjmrh. gefi mjög ýtarlega og mikla skýrslu um ástand ríkisbúskaparins. Enn fremur deili ég á það, að eins og ég hef greint í sambandi við annað mál á dagskránni, þá óttist ég, að ríkisstj. sé að búa sig undir að taka mjög skaðlega stefnu í efnahagsmálunum og kunni að slá þeirri stefnu

fastri sem sinni, áður en hún hefur gefið Alþingi tækifæri til þess að ræða slíka stefnu eða slíka stefnubreytingu við hæstv. ríkisstjórn.

Ég álít þess vegna, að Alþingi beri að skapa hæstv. ríkisstj. það aðhald, að hún geri þetta tvennt, áður en þingið sé sent heim. Alþingi hefur vald á því, að það er ekki hægt að senda það heim, fyrr en búið er að samþ. þessi lög og raunar fleiri. Þess vegna álít ég, að það sé rétt af þessari hv. d. að gera það að skilyrði fyrir að samþ. þessar bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á tveim fyrstu mánuðum næsta árs, að áður hafi ríkisstj., eins og greinir í rökstuddu dagskránni, í fyrsta lagi gert við 1. umr. fjárlaga grein fyrir ástandi ríkissjóðs, eins og lög mæla fyrir, og í öðru lagi skýrt Alþingi frá efnahagsstefnu sinni. Þessu tvennu sé fullnægt, hæstv. ríkisstj. geri þetta tvennt, skýri Alþingi við 1. umr. fjárlaga frá ástandi ríkissjóðs, þannig að alþm. hafi raunverulega grundvöll og ekki neinar sögusagnir eða óákveðnar tölur að byggja á í því sambandi, og í öðru lagi skýri Alþingi frá efnahagsstefnu sinni, ef ríkisstj. er komin það langt, eins og virtist af yfirlýsingu, sem hraut út úr hæstv. fjmrh., að hún er búin að ákveða, hvaða nýtt efnahagskerfi hún ætlar að taka upp, — sé hún hins vegar ekki búin að ákveða þetta, hafi það ekki verið að öllu leyti rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, — ég held, að það hafi verið í Sþ. í fyrradag, — þá skýri hún Alþingi frá, hvaða bollaleggingar hún er með viðvíkjandi efnahagsstefnunni. Ég hef reynslu af því, að ef ríkisstj. fer að ákveða það í löngu þinghléi, hvaða stefnu hún ætlar þannig að taka upp, þá verður þetta nokkuð einhliða ákveðið og athugað. Þá er hætta á, að þær ráðleggingar, sem fram kynnu að koma, sérstaklega frá stjórnarandstöðunni, í þessum efnum, þær sem máske hefðu verið teknar til greina, ef þær hefðu komið fram, á meðan hæstv. ríkisstj. var enn þá með málið á umhugsunarstigi, verði ekki teknar til greina, þegar ríkisstj. er búin ásamt sínum þingflokkum að koma sér endanlega niður á þetta.

Þess vegna eru þær spurningar, sem ég vildi í sambandi við þá afstöðu, sem ég hef lýst, og mína rökstuddu dagskrá bera fram til hæstv. fjmrh., þessar:

1. Vill hæstv. fjmrh. og ætlar hann nú, áður en Alþingi yrði sent heim og þessi lög samþ., gefa Alþingi yfirlit yfir ástand ríkissjóðs og útflutningssjóðs, svo sem venja hefur verið til, föst og næstum lögbundin, að gert hefur verið í sambandi við 1. umr. fjárlaga? — Þetta er mín fyrsta spurning.

2. Svo framarlega sem þessu væri svarað neitandi, — sé því svarað játandi, að hæstv. fjmrh. ætli að gefa okkur þessa skýrslu, þá þarf ekki að svara annarri spurningunni, — en ef hann skyldi svara því neitandi, þá er mín önnur spurning: Hve mikið fé er það, sem að áliti hæstv. fjmrh. vantar á næsta ári í ríkissjóð og útflutningssjóð? Það hafa verið á reiki þær tölur, sem kastað hefur verið fram í þessu sambandi. Eitt blað borgarinnar hefur það eftir hæstv. forsrh., að hann hafi átt að segja á fundi í stjórnmálafélagi Sjálfstfl., Varðarfélaginu, að það mundi vanta um 250 millj. kr. Okkur heyrðist hæstv. fjmrh. segja hér í fyrradag, að það mundi vanta í þessa sjóði 200—300 millj. kr., en hins vegar höfðum við, að því er manni skildist, yfirlýsingar frá þeirri ríkisstj., sem hefur setið að völdum lengst af þessu ári, um, að þetta væri allt í mjög góðu lagi. Ég vildi þess vegna, ef fyrstu spurningunni eða óskinni yrði svarað neitandi, leyfa mér að spyrja: Hvað er það, sem vantar í þessa sjóði? Eru það 200 millj., 250 millj., 300 millj. eða eitthvað annað? Og hvernig fær það staðizt samanborið við yfirlýsingar fyrrv. ríkisstjórnar?

3. spurning mín er svo út frá því, sem hæstv. fjmrh. sagði, — ég held líka í fyrradag, — að það væri ákveðið, það væri stefna ríkisstj., held ég að hann hafi orðað það, að taka upp nýtt efnahagskerfi. Hvert er þetta nýja efnahagskerfi, sem ríkisstj. hefur ákveðið að taka upp?

Ég skal geta þess, um leið og ég legg þessar þrjár spurningar fyrir hæstv. fjmrh., að í sambandi við annað mál, sem er hér á dagskránni nú á eftir, bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga, eða „bandorminn", eins og hann hefur verið kallaður, þá kom ég fram í umr. í gær, 1. umr. um það mál, með mjög margar fsp., sem snerta það mál, sérstaklega í sambandi við söluskattinn, og enn fremur kom ég þar með nokkrar ágizkanir í sambandi við það hugsanlega efnahagskerfi, sem hæstv. ríkisstj. kynni að vera að hugsa um að taka upp, svo fremi sem það gengi erfiðlega að fá að vita beint frá hæstv. fjmrh. um þetta nýja kerfi. Það mun ég hins vegar ræða í sambandi við „bandorminn" sjálfan og mun ekki blanda því inn í þessa umr., enda vonast ég til, að það verði líka hægt að ræða við hæstv. fjmrh. í sambandi við það mál, því að þar er margt og mikið. Máske hefur hann þegar fengið boðin um það, því að hér var einn hæstv. ráðh. í gær, sem lofaði mér því statt og stöðugt að flytja hæstv. fjmrh. þau boð og þær spurningar og þær aths., sem ég hafði að gera, sem að vísu voru allmargar. En fari nú svo, að hæstv. ráðh. hafi ekki fengið öll þau skilaboð, þá mundi ég ekki telja eftir mér — **(Fjmrh.:** Ég hef ekki fengið þessi skilaboð.) Það er nefnilega það. Þá býst ég við, að ég verði í sambandi við næsta mál á dagskránni að endurtaka máske eitthvað af því. Ég var einmitt hræddur um þetta allan daginn í gær og allt kvöldið og var þess vegna mjög mikið að sakna hæstv. fjmrh. Það er aldrei á það að treysta, þegar menn eiga að flytja svona á milli.

Ég ætla þess vegna ekki að orðlengja þetta meira, ekki sízt fyrst hæstv. fjmrh. er nú hér mættur og hefur nú tækifæri til þess að svara þessum spurningum mínum.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Í þeim umræðum, sem urðu hér á þingi í gær, fékk forseti allþungar ávítur í sambandi við þann niðurskurð á umr., sem þá átti sér stað. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þær vítur

hér og ekki heldur draga neitt úr þeim. En ég tel rétt að láta jafnframt koma fram viðurkenningu á því, sem ég tel að rétt sé gert í þessum efnum, og þess vegna vil ég láta það koma fram, að ég álít, að hæstv. forseti hafi farið rétt að, þegar hann tók þá ákvörðun að fresta fundi og taka mál af dagskrá vegna þess, að sá ráðh. var ekki viðstaddur, sem um það mál átti að fjalla. Ég álít, að það sé skylda forseta að láta ráðh. hafa nokkurt aðhald um það, að þeir séu viðstaddir þau mál, sem undir þá heyra, svo framarlega sem þeir hafa ekki fullgildar ástæður fyrir því að vera fjarstaddir. Og alveg sérstaklega er þörf á því, að þetta sé gert, ef værugjarnir eða veizluglaðir ráðh. eiga hlut að máli. Ég vil þess vegna enn á ný endurtaka það, að ég álít, að það hafi verið rétt af forseta að fresta umr. hér í nótt, eins og á stóð, og vænti, að það geti orðið ráðherrum til eftirbreytni, þegar svipað stendur á og þá.

Ég held, að það verði ekki hjá því komizt í sambandi við umræður um þessi mál og það frv., sem hér liggur fyrir, að minnast nokkrum orðum á þau einstæðu vinnubrögð hér á Alþ., sem hafa átt sér stað í sambandi við það. Á fjölmargan hátt hafa þær eðlilegu og sjálfsögðu reglur, sem gilt hafa um þingstörf að undanförnu og bundnar eru í lögum, verið þverbrotnar, og ég skal aðeins nefna hér nokkur dæmi þess.

Í fyrsta lagi hefur það gerzt, að næstum því strax eftir að nýkosið þing er komið saman, þá kemur till. frá ríkisstj. um að senda það heim aftur, eftir að það hefur ekki setið að störfum nema í 10 daga og þar af eina 3 frídaga. Ég held, að það sé ekki hægt að finna þess dæmi í íslenzkri þingsögu né í þingsögu annarra lýðræðisríkja og þingræðisríkja, að svipað hafi átt sér stað og það, sem hér er um rætt. Hitt er hins vegar vitanlegt, að í þeim ríkjum, þar sem einræðisstjórnir hafa verið að brjótast til valda, hefur slíku atferli verið beitt. Og ég man ekki betur en það gerðist nokkuð svipaður atburður og þessi í Þýzkalandi á sínum tíma, þ. e. a. s. þegar Hitler kom til valda, að þá var það eitt hans fyrsta verk að senda þingið heim. Hér er vissulega um mjög varhugavert fordæmi að ræða, sem er ástæða til þess að mótmæla á hinn eindregnasta hátt.

Annað, sem hér hefur gerzt og er ekki síður alvarlegt, er það, að vanrækt hefur verið að framfylgja beinum fyrirmælum stjskr. um, að brbl. skuli lögð fram á Alþingi. Alþingi hefur nú setið rúmlega hálfan mánuð að störfum, án þess að búið sé að leggja fram þau brbl., sem út voru gefin á s. l. hausti og mest hefur verið rætt um, og það bólar ekki á því enn, að þau verði lögð fram. Hér er líka um einstæð og óverjandi vinnubrögð að ræða.

Þriðja atriðið, sem ástæða er til að nefna í þessu sambandi, er það, að sú venja hefur verið brotin og því hefur verið lýst yfir, að það eigi að brjóta hana, að fjárlagaræða sé haldin í upphafi þings. Með því að neita að halda fjárlagaræðuna hefur hæstv. núv. fjmrh. gengið inn á nýjar og einstæðar og óverjandi brautir í þessu máli. Það er frumskylda við þingið, sem bein lagafyrirmæli eru um, að fjmrh. eigi í upphafi þings að leggja fjárlögin fram og láta 1. umr. fara fram og við það tækifæri gefa þingi og þjóð glöggar upplýsingar um það, hvernig afkoma ríkissjóðs stendur og hvernig útlitið er í rekstri þjóðarbúskaparins. Með því að bregðast þessari skyldu sinni hefur núv. fjmrh. farið inn á alveg óafsakanlega braut.

Fjórða atriðið, sem ég tel rétt að nefna í þessu sambandi og líka er algert einsdæmi, er það, að hér hefur verið farið inn á þá leið að slengja mörgum frv., sem búið var að leggja fyrir Alþingi, saman í eitt frv. Með því að fara inn á þessa braut er opnuð leið til þess að gerbreyta alveg störfum Alþingis og draga stórkostlega úr því málfrelsi, sem þm. hafa, og aðstöðu þeirra til þess að athuga og íhuga þau mál, sem fyrir þingið eru lögð. Það sjá allir, að vinnubrögðin eru allt önnur, þegar málin eru lögð fram í lagaflokkum eftir efni þeirra, eins og gert hefur verið hingað til, í staðinn fyrir það, að slengt sé saman hinum óskyldustu málaflokkum í eitt frv., eins og hér hefur átt sér stað. Hér er þess vegna um vinnubrögð að ræða, sem eru algerlega fordæmanleg og hættuleg fyrir störf þingsins og þingræðið í framtíðinni, ef ekki tekst að stöðva þau.

Í fimmta lagi vil ég svo nefna það, að s. l. nótt var hér farið inn á þá braut, sem líka er algert einsdæmi í upphafi þings, að umræður voru skornar niður og það með þeim hætti að rangtúlka ákvæði þingskapa um þau mál. Í þingsköpum segir beinum orðum, að ekki eigi að grípa til slíkra aðgerða, nema því aðeins að umr. hafi dregizt úr hófi fram. Sú umr., sem hér er um að ræða, hafði ekki staðið yfir nema 6½ klst., þegar til þessa ráðs var gripið, og það vita allir þm., að það er algengt, mjög algengt, að einstakar umr. taki miklu lengri tíma en 6½ tíma. Þessi ákvæði þingskapanna geta aðeins átt við það, að umræður séu komnar langt fram úr því, sem teljast má eðlilegt meðallag, en slíku var alls ekki til að dreifa í þessu sambandi, eins og ég hef hér sýnt fram á. Þess vegna var hér um hreinan ofbeldisverknað að ræða, sem getur verið mjög háskalegur fyrir störf og áhrif Alþingis í framtíðinni, ef frekar verður farið inn á þessa leið.

Þá má í sjötta lagi nefna það, sem líka er einsdæmi, að einn af hæstv. ráðh. krefst þess, að mál, sem hann stendur að, sé tekið á dagskrá, það sé haldinn um það næturfundur, og svo, þegar sá fundur er haldinn, þá lætur sá ráðh. ekki sjá sig og kemur ekki þrátt fyrir hina ítrekuðustu viðleitni forseta til þess að fá hann til að mæta. Og það hafa ekki enn komið fram af hálfu hæstv. viðkomandi ráðh. eða flokksmanna hans hér á þingi neinar réttlætanlegar afsakanir fyrir þessari fjarveru hans. Hér er um að ræða alveg einstæða móðgun við Alþingi og fyrirlitningu viðkomandi ráðh. á störfum þess og jafnvel á þeim málum líka, sem hann leggur fyrir og sýnir ekki þann

sóma að vera viðstaddur, þegar þau eru til umræðu. Ef til vill er þessi móðgun, sem hæstv. fjmrh. hefur sýnt með þessu athæfi sínu, eitt það alvarlegasta, sem gerzt hefur hér á Alþingi, af öllu því alvarlega, sem gerzt hefur undanfarið. Þess vegna vil ég enn á ný endurtaka það, sem ég sagði um forseta áðan, að ég tel, að hann hafi farið rétt að, þegar hann frestaði fundi í refsingarskyni við þessa framkomu ráðherrans.

Þau einstæðu vinnubrögð í sambandi við þinghaldið, sem ég hef nú minnzt lauslega á, en vil ekki gera það ýtarlega, vegna þess að mér er það ekkert kappsmál að teygja hér umr. úr hófi fram, — þessi einstæðu vinnubrögð reynir hæstv. ríkisstj. einkum að afsaka á tvennan hátt. Annars vegar með því, að henni sé nauðsynlegt að senda þingið heim, vegna þess að hún þurfi að afla sér ýmissa upplýsinga, sem hún hafi ekki fyrir hendi, og þurfi að fá vinnufrið. Og svo í öðru lagi vegna þess, að hún eigi eftir að koma sér saman um mál.

Ég skal nú víkja lauslega að þessum atriðum og sýna fram á, að þetta getur ekki haft við rök að styðjast.

Þeir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., hafa haft alveg nægan undirbúning til þess að ganga frá málum og leggja þau fyrir þingið. Þessir flokkar eru búnir að standa saman að stjórn landsins í nærri því ár og hafa allan þann tíma haft aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem þarf að hafa í þessu sambandi, og hafa haft menn í þjónustu sinni til þess að vinna að þeim. Ef um sæmileg vinnubrögð er að ræða í þessum efnum, þá eiga hæstv. stjórnarflokkar að hafa greiðan aðgang að öllum upplýsingum um þessi efni og þurfa ekki að fresta störfum sínum neitt vegna þess.

Ég kem þá að hinu atriðinu, að þessir flokkar þurfi að fresta störfum þingsins vegna þess, að stj. eigi eftir að koma sér saman um mál. Ég tel, að þetta hljóti að vera ákaflega ólíklegt. Ef menn bera saman þær stefnuskrár, sem þessir flokkar höfðu í seinustu þingkosningum, þá er það mjög ólíklegt, að það sé um eitthvert ósamkomulag hjá þeim að ræða um efnahagsmálin, því að ég held, að allir sanngjarnir menn, sem lesa þessar stefnuskrár, hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, að þær eru svo að segja nákvæmlega eins, og þar virðist því ekki vera um neinn ágreining að ræða. Ef þess vegna þessir flokkar standa við það, sem þeir lýstu yfir fyrir seinustu þingkosningar, þá getur ekki verið, að það sé um neinn alvarlegan ágreining að ræða þeirra á milli, svo að það þurfi að fresta þingstörfum vegna þess, að þeir þurfi að koma sér saman.

En jafnvel þó að þessar röksemdir ríkisstj. væru réttar, að ríkisstj. skorti upplýsingar og ríkisstj. ætti eftir að koma sér saman um viss mál, þá væri það ekki nein réttlæting á því að fresta störfum Alþingis. Það er ekki eina verkefni Alþingis að fjalla um efnahagsmál eða till., sem ríkisstj. kann fram að leggja í því sambandi. Alþingi á að fjalla um fjöldamörg mál önnur, og þegar hafa verið lögð fram mörg mál hér á Alþingi, sem Alþingi á að fjalla um. Þess vegna hefur Alþingi alveg nægilegt verkefni og nóg að gera, þó að till. stj. í ákveðnum málum liggi ekki fyrir, og því engin röksemd að fresta störfum þess og senda það heim vegna þess, að stj. eigi eftir að undirbúa einhverjar tillögur. Það er fullkominn misskilningur á verksviði Alþingis, sem hér kemur fram hjá hæstv. stj., þegar hún heldur fram röksemdum eins og þessum, sem getur ekki stafað af öðru en því, að stjórnin hefur orðið einhvern nýjan skilning á því, hvert verkefni Alþingis eigi að vera. Það kemur fram í þessu sá skilningur hjá ríkisstj., að verkefni Alþingis eigi í raun og veru ekki að vera annað en það að koma saman til fundar, þegar ríkisstj. er búin að koma sér saman um einhverjar tillögur, og ríkisstj. og Alþingi eigi svo að segja já og amen við þessum tillögum. Þetta virðist vera það verksvið, sem hæstv. núverandi ríkisstj. ætlar Alþingi, og sjá allir þann hugsunarhátt, sem þar býr á bak við.

Þeirri röksemd hefur stundum verið hreyft af hálfu stjórnarsinna, að það sé réttmæt ráðstöfun að senda Alþingi heim, vegna þess að það muni fylgja því verulegur sparnaður. Satt að segja bjóst maður ekki við því, að ríkisstj., sem byrjar á því að fjölga ráðherrum og ráðuneytum og hefur nýlega staðið að því að fjölga þm., hafi einhverja sérstaka sparnaðarviðleitni í huga, enda sýnir það sig líka, þegar farið er að athuga þetta mál til hlítar um þingfrestunina, að það mun ekki neinn sparnaður af því hljótast, af þeirri einföldu ástæðu, að lögum samkv. munu þingmenn halda kaupi sínu þann tíma, sem þingfrestunin stendur yfir, og það væri með öllu rangt og er ótrúlegt, að stjórnin hafi í hyggju að segja starfsfólki Alþingis upp, á meðan þingfrestunin stendur yfir. Þegar þetta tvennt er athugað, þá sést, að það getur ekki hlotizt neinn sparnaður af þingfrestuninni. Hins vegar er þó hætta í sambandi við þingfrestunina, að störf þingsins, þegar það kemur saman aftur, dragist lengra fram á veturinn eða vorið og þess vegna verði niðurstaðan sú, að af þessu hljótist aukinn kostnaður, en ekki sparnaður.

Nú munu menn svo spyrja: Hvað er það þá, sem raunverulega veldur því, að ríkisstj. hefur farið inn á þessa braut? Er það vegna þess, að hún á í einhverjum erfiðleikum í sambandi við brbl. eða í erfiðleikum í sambandi við önnur mál? Það kann e. t. v. að vera, að slíku sé til að dreifa. Þó hygg ég, að sá ágreiningur sé ekki neitt verulegur, af þeim ástæðum, sem ég hef minnzt á hér áðan, ef marka má kosningastefnuskrár þessara flokka. Það, sem ég held að vaki fyrst og fremst fyrir hæstv. ríkisstj. með þessum fyrirætlunum sínum í sambandi við þingið, er að skapa fordæmi, skapa fordæmi fyrir því að setja Alþingi meira og meira til hliðar, draga vald þess meira og meira í sínar hendur og skapa hér vísi að hálfgerðu einræðisstjórnarfari. Ég get ekki séð annað við að athuga þessi mál eins hlutdrægnislaust og hægt er frá öllum hliðum en það sé einmitt þetta, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakir, þ. e. að koma þingræðinu á kné og auka vald rík-

isstj., en slíkt er vitanlega ekkert annað en leiðin til einræðis. Og það er kannske ekki neitt undarlegt, þó að þetta sé stefna hæstv. ríkisstj., ef það er athugað, hvaða öfl það eru, sem standa að henni. Það er vitanlegt, að á þeim árum, sem Hitler mátti sín mest í Þýzkalandi og stjarna nazismans var hæst á lofti, átti nazisminn sterk ítök í Sjálfstfl. og einkum hjá þeim ungu mönnum, sem þá voru að vaxa upp. Ég minnist þess t. d. frá þeim tíma, að hæstv. núverandi fjmrh. skrifaði þá tímaritsgrein, þar sem var sagt, að Íslendingar þyrftu að haga stjórnarháttum sínum með hliðsjón af stjórnarfari þeirra þjóða, sem þeir hefðu mest viðskipti við, en einmitt það ríki, sem Ísland hafði einna mest verzlunarviðskipti við á þeim tíma, var Þýzkaland Hitlers. Það er öllum kunnugt, í hvers konar dálæti hæstv. dómsmrh. var hjá þeim mönnum, sem þá réðu í Þýzkalandi. Ég held, að hann hafi sjálfur sagt frá því, að hann hafi verið í svo miklum metum hjá þeim mönnum, að þeir hafi hvorki meira né minna en boðið honum að vera við aftöku, sem var alveg sérstök hátíðaathöfn að þeirra dómi.

Það er þessi hugsunarháttur, sem er að skjóta upp kollinum aftur hjá Sjálfstfl., enda eru þeir menn nú að koma í forustu flokksins meira og meira, sem voru að vaxa upp á þessum tíma og mótuðust af þeim skoðunum, sem nazistarnir héldu fram.

Það hefði mátt halda, að það kynni að vera einhver andstaða af hálfu Alþfl. gegn slíku atferli, vegna þess að hvað sem menn vilja um Alþfl. segja, þá verður það ekki af honum haft, að hann hefur yfirleitt fylgt lýðræðissinnaðri stefnu. En nú virðast þau ósköp vera komin yfir forustumenn Alþfl., að þeir þurfi í sem allra flestum málum að hafa sömu stefnuna og Sjálfstfl., og að því leyti sem þeir hafa ekki sömu stefnuna og Sjálfstfl., þurfi þeir helzt að vera hægra megin við hann. Meðan Alþfl. er í slíkum álögum og þessum, þá er ekki hægt að vænta mikillar mótspyrnu frá honum gegn þeim einræðistilraunum, sem hér kunna að vera hafðar í frammi.

Ég skal svo ekki ræða öllu frekar um þá einstæðu atburði í sambandi við þinghaldið, sem hér hafa átt sér stað og ég hef vikið nokkrum orðum að.

Mér finnst þá rétt að víkja að því, hvað það sé, sem sérstaklega valdi því, að slíkt frv. er fram komið eins og það, sem hér liggur fyrir, að það þarf nú að grípa til þess ráðs að setja bráðabirgðafjárlög, í stað þess að ganga frá fjárlögum fyrir áramót, eins og oftast hefur verið gert og ætlun stjórnarskrárinnar er. Það valda þessu að sjálfsögðu ýmsar ástæður. En ég hygg, að tvær ástæður séu þó veigamestar og valdi mestu um það, hvernig komið er okkar efnahagsmálum, sem er orsök þess, að inn á þessa leið þarf að fara.

Ég held, að önnur veigamesta ástæðan sé verkfallsbaráttan, sem Sjálfstfl. hélt uppi í tíð vinstri stjórnarinnar. Á þeim tíma, þegar vinstri stjórnin sat hér að völdum, var ekki verið að tala um það eins og nú, að þjóðin lifði um efni fram, að launastéttir, verkamenn og bændur, byggju við of góð kjör og þyrfti að skera þau niður. Þvert á móti var haldið fram hinu gagnstæða, að kjör þessara aðila væru allt of léleg og það væri alveg nauðsynlegt fyrir þá að grípa nú til verkfallsvopnsins og reyna á þann hátt að tryggja sér betri kjör og aðstöðu í þjóðfélaginu en þeir byggju við. Morgunblaðið, sem þá var undir stjórn hæstv. núv. dómsmrh., rak þennan áróður af miklum krafti og var á þeim tíma miklu kröftugra kaupkröfu- og verkfallsblað en Þjóðviljinn hefur nokkru sinni verið. Þetta bar líka þann árangur, að Sjálfstæðisflokknum með sínum undirróðri í málgögnum sínum, á fundum og innan verkalýðsfélaganna tókst að knýja fram mjög verulegar kauphækkanir. Og það átti síðan sinn þátt í því, að þær efnahagsráðstafanir, sem vinstri stjórnin gerði, náðu ekki tilætluðum árangri og stjórnin fór frá vegna ágreinings um þau mál. En þó að önnur ríkisstj. tæki þá við og gerði nokkrar ráðstafanir til þess að taka það aftur, sem Sjálfstfl. hafði verið búinn að knýja fram og þakka sér fyrir, þá hefur það ekki nægt, og þetta á sinn verulega stóra þátt í þeim efnahagserfiðleikum, sem nú er glímt við. Þetta álít ég, að sé önnur meginorsök þeirra.

Hin ástæðan til þess, hvernig nú er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar, eru þeir stjórnarhættir í efnahagsmálum, sem hefur verið haldið uppi af fyrri samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., en svo kalla ég stjórn Emils Jónssonar. Þessi fyrri samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hagaði stjórn efnahagsmálanna á þann veg, að hún gat ekki annað en skilið stórt flag eftir sig, þegar hún fór frá völdum. Þessi stjórn fór inn á þá braut að auka uppbætur og niðurgreiðslur um 250—300 millj. kr., og það hlaut náttúrlega einhvern tíma að því að koma, að ríkið og þegnarnir þyrftu að borga þennan reikning, þó að hægt væri að fleyta þessu áfram um nokkra stund. Þessi stjórn fór líka inn á þá braut að eyða öllum þeim sjóðum og öllu því handbæru fé, sem tiltækt var, og skildi hvergi lausan eyri eftir. Hún fleygði öllum tekjuafgangi ríkisins frá síðasta ári í verðbólguhítina, og hún hefur meira að segja gengið svo langt til þess að innheimta tollskuldir hjá Sogsvirkjuninni að láta Seðlabankann gefa út sérstök skuldabréf til þess að reyna að greiða ríkissjóði þetta fé og fleygja því svo í verðbólguhítina. Hún fór jafnframt inn á þá braut að hrúga sem mestu inn í landið af alls konar miður þörfum lúxusvarningi til þess að afla sér tekna á þann hátt, með þeim afleiðingum m. a., að gjaldeyrisástandið í landinu er nú verra en það hefur verið um langt skeið, sennilega verra en það hefur nokkru sinni verið, síðan nýsköpunarstjórnin fór frá völdum og þurfti að grípa til hinnar illræmdu skömmtunar.

Þessu til viðbótar, er það fyrirsjáanlegt, að þessi ríkisstj. hlýtur að skilja einhverja skuldasöfnun eftir sig. Það er vitanlegt, að með slíkum hætti var ekki hægt að stjórna áfram. Og nú er komið að skuldadögunum. Nú er komið

að því að greiða þann óreiðureikning, sem hin fyrri samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. lét eftir, og það er önnur aðalorsök þess vanda, sem nú er glímt við í efnahagsmálunum.

Ég skal svo ekki ræða þessi mál öllu meira nú að sinni. Mér fannst rétt að láta þetta, sem ég hef nú sagt, koma hér fram: í fyrsta lagi þau furðulegu vinnubrögð, sem nú er uppi haldið í sambandi við þinghaldið, og svo í öðru lagi að rekja þær orsakir, sem valda því, að slíkt frv., eins og það, sem hér er um fjallað, liggur nú fyrir.

Áður en ég lýk máli mínu, vildi ég beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Ég hefði haft ástæðu til þess að hafa þær nokkru fleiri, en vegna þess að hv. frsm. 1. minni hl. kom hér með nokkrar fsp., sem ég ætlaði að leggja fram, get ég haft þær færri en ella, því að ég vænti, að hæstv. fjmrh. svari þeim.

Það, sem ég vildi þá spyrja hæstv. ráðh. um og að vísu að nokkru leyti er komið fram í fyrirspurnum hv. frsm. 1. minni hl. fjhn., er það, hverjar séu horfurnar með afkomu ríkissjóðs í ár. Telur ráðh., að það séu sæmilegar horfur á því, eins og haldið hefur verið fram af fyrirrennara hans, að það muni enginn greiðsluhalli verða hjá ríkissjóði á þessu ári og að skuldir ríkisins muni alls ekki aukast neitt á árinu? Á sama hátt vildi ég spyrja ráðherrann um álit hans varðandi afkomu útflutningssjóðs, hvort það sé rétt, að afkoma útflutningssjóðs sé nú í bezta lagi eða með bezta móti, eins og haldið hefur verið fram af fulltrúum fyrrv. ríkisstj., og ef svo sé, að útkoman sé svona góð bæði hjá ríkissjóði og útflutningssjóði á þessu ári, hvernig megi það þá eiga sér stað, að það séu horfur á því, að það verði um 200—300 millj. kr. halli á útflutningssjóði á næsta ári að óbreyttu ástandi. Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra skýringar hæstv. fjmrh. á því. Að síðustu vil ég aðeins endurtaka það, sem kom hér fram hjá hv. frsm. 1. minni hl. í hans fyrirspurn: Hvert er þetta nýja efnahagskerfi, sem ráðh. var að boða hér fyrir nokkrum dögum í þinginu? Getur hann sagt þinginu eitthvað frá því núna eða gefið einhverjar vísbendingar um, hvernig það muni vera, svo að þingið fái þá nokkra vitneskju um það, sem í vændum kunni að vera af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum?

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Umræðurnar, sem hér hafa farið fram um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, hafa vakið á sér nokkra athygli að þessu sinni. Það var öllum ljóst, þegar komið var hingað til þings í haust, að litlar eða engar líkur væru fyrir því, að fjárlög yrðu afgreidd fyrir áramót. Það út af fyrir sig var ekki neitt nema það, sem við mátti búast, ef fjárlagaafgreiðslan átti að taka eðlilegan tíma og undirbúningur hennar væri með svipuðum hætti og verið hefur. Hins vegar hafði verið búizt við því, að 1. umr. fjárlaga færi fram, að því leyti sem hún fer fram, áður en málinu er vísað til fjvn., og fjárlagafrv. kæmi þangað, áður en þingi yrði frestað fyrir áramót.

Ég minnist þess í sambandi við umr., sem fram fóru í útvarpinu fyrir síðustu alþingiskosningar, að hæstv. fyrrv. fjmrh. lýsti því þá yfir, að hann mundi í byrjun þess þings, sem fram undan væri, leggja fyrir fjárlagafrv., eins og verið hefur. Það mundi verða greiðsluhallalaust og verða eins og fjárlagafrv. annarra ráðherra, merkilegt þingskjal, sem mundi verða farið með á sómasamlegan hátt, að maður ætlaði.

Ég verð að segja það, að ég hefði ekki trúað því, að ríkisstj., sem þessi hæstv. ráðh. á sæti í, mundi sýna honum þá óvirðingu varðandi fjárlagafrv., sem hann gekk frá og hafði lýst fyrir þjóðinni, að væri hið merkasta plagg og allir spádómar, sem fram hefðu komið í aðra átt, væru ósannir, falsspádómar, að ætla sér að taka þetta merkilega frv. og láta það í körfuna, eins og nú er boðað.

Því miður hefur það nú skeð í þingsögunni, í fyrsta sinn, að ég held, að enginn vill tala fyrir fjárlagafrv., sem fram hefur komið, og því er lýst hér yfir í hv. Alþingi, að það eigi síðar meir að leggja það í bréfakörfuna og annað eigi ekki með það að gera.

En þó að ekki væri gert mikið með þetta fjárlagafrv., sem hér var lagt fyrir í byrjun Alþingis, var þó fullkomin ástæða til þess að skýra hv. þingheimi frá því, hvernig fjárhagur ríkissjóðs stæði í dag og hvernig fjárhagur útflutningssjóðs stæði. Það nægir ekki hv. þingheimi, þó að hæstv. forsrh. hafi gefið þeim mönnum, sem í Varðarfélaginu eru, einhverjar skýrslur um þetta. **(Forsrh.:** Það var nú talið gott í gamla daga.**)** Já, en þeir gömlu dagar eru liðnir hjá, og hæstv. forsrh. verður að fara að reyna að átta sig á því, að hinir nýju eiga að gilda.

Það, sem er því merkilegt við þetta, er það, að hér skuli eiga að fara að afgreiða heimild til ríkisstj. um fjárlagagreiðslur í byrjun næsta árs, án þess að nokkur grg. liggi fyrir um afkomu þessa árs og 1. umr. fjárlaga hafi verið hafin. Það er þetta, sem er hið sérstæða við það, sem nú er að gerast. Þessum vinnubrögðum höfum við í stjórnarandstöðunni verið að mótmæla hér undanfarna daga — og það ekki að ástæðulausu.

Því hefur verið haldið fram, að það þyrfti að gera þetta þinghlé m. a. til þess að bæta vinnuafköstin hér á hv. Alþingi. Því er nú svo varið, að það er til þess ætlazt í þingræðislandi, að hv. alþm., ekki aðeins ríkisstj., hafi áhrif á gerð þingmála. En til þess að það megi vera, þurfa þm. að vera viðstaddir, þegar um málin er fjallað og þau eru á undirbúningsskeiði. Það er öllum hv. þm. ljóst, sem hér hafa átt nokkra þingsetu, að aðaláhrif á mál fara fram, meðan verið er að undirbúa þau, en ekki eftir að þau koma fram hér á hv. Alþingi. Þess vegna er það sama og að ætla þingmönnum það hlutverk eitt að samþykkja eða synja um afgreiðslu hér í hv. Alþingi, en ekki að hafa áhrif á mál, ef þeir eiga þá fyrst að koma hér til, þegar mál hafa verið undirbúin.

Það er annað, sem er í þessu, og það er það, að þeir þm., sem eiga heima úti á landsbyggðinni, búa hér við verri hlut en hinir, er hér

eiga heima. Það þarf enginn að segja mér, að þó að hæstv. ríkisstj. ætli nú að gerast kannske allmikið einræðissinnuð, þá muni hún ekki kveðja til þá menn, sem hér eru búsettir í Reykjavík, þegar hún er að undirbúa mál. En það er útilokað, að það sé hægt að fara að kveðja til í þinghléi menn, sem eru búsettir norður í landi eða vestur eða austur á fjörðum. Þess vegna er það svo, að með þessum vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð, er verið að meina okkur, sem búum úti á landsbyggðinni, að hafa eðlileg áhrif á þingmál. Og svo er það nú einnig þannig, að það þurfa fleiri að fjalla hér um þingmál en stjórnarliðið. Þess vegna er með þessum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar verið að mismuna bæði stjórnarliði og stjórnarandstöðu, þeim, sem búa úti á landsbyggðinni, og þeim, sem eru búsettir hér, til áhrifa á þingmál.

Það vita allir, að þm. verða að hafa samstarf um undirbúning þingmála, ekki síst þeirra, sem vandasamari eru, og þeir hafa ekki nein áhrif á gerð þeirra, nema þeir séu þá til kvaddir, þegar málin eru undirbúin.

Á s. l. vori ræddum við hér á hv. Alþingi um breytingu á kjördæmaskipun. Þungamiðjan í öllum þeim umræðum frá hendi beggja aðila var sú, hvort áhrif landsbyggðarinnar, þjóðarinnar í heild, yrðu meiri eða minni á gerð þingmála og meðferð þeirra. Þeir hv. þm., er stóðu fyrir þeim breytingum, héldu því fram, að áhrifin yrðu meiri eftir þessa breytingu, það væri sannari vilji þjóðarinnar, sem þá kæmi fram eftir en áður. Og hér er svo saman komið þetta þing, sem er kjörið meir í samræmi við þjóðarviljann en áður, eins og Morgunbl. orðaði það 20. nóv., og það þing á að senda heim strax í byrjun þess, án þess að það sé farið að inna af höndum nokkur þau skyldustörf, sem því ber að vinna í upphafi þings.

Þá er því nú haldið fram, að þingmenn hafi hér ekkert að gera núna, það séu engin verkefni fyrir þessu þingi, svo að það sé bara verið að draga úr áliti þess og stofna áliti þess í hættu með því að láta þá sitja hér. Ég hef nú lýst því, hvað það er mikil nauðsyn, að þingmenn hafi áhrif á gerð þingmála, ekki síst þeirra, sem vandasamari eru. Til þess að svo megi verða, þurfa þeir að hafa möguleika til þess, og þá möguleika hafa þeir ekki, nema þeir sitji hér á hv. Alþingi. En það er nú svo, að auk þeirra starfa, sem ég nefndi hér áðan, eins og 1. umr. fjárlaga, og fleiri atriða, sem ég kem að síðar, þá liggja hér fyrir hv. Alþingi mörg merkileg mál.

Hér liggja t. d. fyrir tillögur í húsnæðismálum. Því var að vísu lýst yfir af jafnglöggum manni og hæstv. sjútvmrh., að það væri engin ástæða til fyrir Alþingi að vera að álykta um þetta, ríkisstj. mundi gera sitt bezta í málinu, hvað sem liði öllum ályktunum Alþingis. Ég verð að segja það, að ég varð undrandi í meira lagi, þegar ég heyrði þann skýra mann mæla svo. Ef það fer að verða álit ráðh., að það skipti ekki máli, hvað hv. Alþingi ályktar, þeir muni gera sitt, hvað sem því líður, þá er hér hætta á ferðinni.

En ég vil minna á það í sambandi við þetta mál, að ég og nokkrir aðrir þm. fluttum tillögu í fyrravetur í sambandi við húsnæðismálin. Sú till. náði hér ekki fram að ganga, og Alþingi fékk ekki að álykta um hana, því að þá var því haldið fram, að það væri verið að vinna að þessu máli í ríkisstj., hún hefði haft svo mikið að gera fyrstu dagana, þess vegna hefði hún ekki getað sinnt þessu máli. En hún mundi gera það, strax og tími gæfist til, og mundi leysa málið, hvað sem öllum ályktunum liði. Það hefur bara ekkert gerzt í málinu enn. Og það er fullkomin ástæða til þess fyrir hv. þm. að vita, hvað á að gerast í þessum málum, þegar þeir fara heim. Þeir verða spurðir um þetta, og þeir eru margir með ýmis erindi í sambandi við það fyrir það fólk, sem bíður eftir því, að úr þessum málum verði leyst. Og það er ekkert gaman að svara því einu til, að Alþingi hafi ekki einu sinni mátt lýsa vilja sínum í málinu.

Ég vil líka benda á það, að hér eru till. í samgöngumálum, þar sem m. a. kemur til með að hafa áhrif á fjárlagaafgreiðslu, hvort það mál verður samþ. hér á hv. Alþingi eða ekki. Það var því fullkomin ástæða til þess að fjalla um þetta mál.

Hér er líka till. um það, hvernig með skuli fara fjármál fiskveiðasjóðs. Þeir menn, sem þangað hafa átt erindi, vita það, að fiskveiðasjóður þarf að fá leyst úr sínum málum.

Hér er sem sagt fjöldi af málum, sem eru næg verkefni í byrjun þings. Og ég hygg, að það hafi oft verið byrjað hér á hv. Alþingi með minni verkefni en liggja fyrir nú, sem ekki er óeðlilegt, þar sem þetta þing er fyrsta þing að nýafstöðnum kosningum.

Þá er því haldið fram í sambandi við þingfrestunina, að höfuðástæðurnar séu tvær: Önnur hefur komið fram í blöðum stjórnarflokkanna, sem sé að draga úr kostnaði. Hin er sú, að ríkisstj. þurfi að fá vinnufrið.

Það þykir nú alltaf gott og fagurt að spara. Það var vikið að því áðan af hv. þm., sem talaði á undan mér, að hér er bara ekki neinn sparnaður á ferðinni. Það er vitað mál, að þm. halda kaupi sínu í mánuð, og það er líka vitað mál, að þennan mánuð, sem þeir þannig sitja, er þeim meinað að vinna að þingmálum, þó að þeir haldi sínu kaupi. Ég segi það sem mína skoðun, að það væri atburður, sem ég vona að hendi ekki hv. Alþingi, ef það færi að nota þennan stutta tíma til þess að gera það starfsfólk, sem hér er, kauplaust. Þetta fólk er búið að búa sig undir það að vinna hér þingtímann. Sú hefð hefur skapazt hér, að það hefur fengið kaup í þinghléi, og það á ekki möguleika á að koma sér í önnur störf. Ég treysti hæstv. forseta þessarar hv. d., ungum manni, til þess að láta það ekki henda sig, — enda þótt ég verði að segja, að á þann bát hafi gefið, það traust, sem ég hef til hans borið, þá er ég það vel kunnugur honum og met hann það mikils, að ég treysti honum til

að taka ekki þátt í því að fara að svipta starfsfólk þingsins launum fyrir nokkurra daga þinghlé.

Það mun því sýna sig, að þessi ráðstöfun, að fara að fresta þinginu nú, mun gera þinghaldið dýrara, en ekki ódýrara, þegar upp verður staðið. Það skal sannast, því að það þarf enginn að halda, að hv. þm. séu hér komnir til þess eins að sitja hér, en leysa ekki af höndum störf. Og þau störf þarf að vinna, þegar þingmennirnir koma til baka, fyrst þeir fá ekki að nota þennan tíma, sem þeir nú eru á kaupi, til þess að vinna að þeim.

Þá verð ég að segja það, að það er kaldhæðni örlaganna, að á fyrsta þingi, sem haldið er, eftir að þingmönnum hefur verið fjölgað hér verulega, skuli þeir, sem fyrir því stóðu, fara að tala um, að það sé sparnaður að senda þingið heim. Nei, þessi röksemd heldur ekki.

Þá er það um vinnufrið. Jú, það er ekki undarlegt, að hæstv. ríkisstj. þurfi frið til að geta unnið sín störf eins og aðrir menn. Ég verð að segja það, að mér hefur sýnzt hæstv. ráðherrar geta verið fjarri þingfundum í þessari ríkisstj. eins og öðrum, svo að það hefur ekki tafið störf þeirra, nema þau áhrif, sem þingfrestunartill. getur haft. Ég er sannfærður um það, að hæstv. ráðh. hafa eytt mestu af vinnutíma sínum undanfarna daga í að leggja niður fyrir sér, hvernig þeir ættu að komast fram hjá þingmönnunum, en þeir hafa ekki þann tíma verið að vinna að þjóðmálunum yfirleitt. Ég held, að það hafi yfirleitt verið svo, — og það er ekki nema eðlilegt, — að á fyrstu dögum þingsins séu þingfundir stuttir, og þess vegna hefðu ráðh. þeirra hluta vegna getað sinnt sínum störfum. Og eins og ég tók fram áðan, hafa þeir flestir verið fjarverandi. Ég tók t. d. eftir því í gær, að hæstv. landbrh. sat hér einn í mestallan gærdag. Og ég var farinn að velta því fyrir mér, hvort þetta væri nú þannig, að þessi hæstv. ráðh. væri hafður út undan í hæstv. ríkisstj., honum væri bara ætlað það hlutverk, að hann yrði að sitja hjá óbreyttum þingmönnum hér niðri í alþingishúsi, þegar hæstv. ríkisstj. væri að vinna að málum, sem e. t. v. þessi hæstv. ráðh. hefði ekki mátt fjalla um með þeim. Þess vegna gátu þeir gefið sér tíma til stjórnarstarfa vegna Alþingis.

En svo vil ég benda á annað. Það urðu hér stjórnarskipti í desembermánuði s. l. Sú hæstv. ríkisstj. tók við á Þorláksmessu. Hvað gerði hún? Hún kallaði saman hv. Alþingi fyrstu daga janúarmánaðar. Þurfti þessi ríkisstjórn kannske ekki að hafa vinnufrið? Það hefur kannske verið svo þá, að verkefnin væru svo lítil, að hún þyrfti þess vegna ekki að eyða í það eins miklum tíma og nú? En hér skýtur þá skökku við um margar yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar í sambandi við það. Nei, þessi hæstv. ríkisstj. byrjaði sína daga þá með því að virða Alþingi það mikið, að hún kallaði það saman til funda strax eftir áramótin. Og hún vann sjálf, þó að Alþingi sæti. Því var þá ekki haldið fram, og það var ekki talið þá, að það væru frambærileg rök, að þessi hæstv. ríkisstj. þyrfti að hafa vinnufrið og sá vinnufriður fengist ekki, meðan Alþingi sæti.

Þessi hæstv. ríkisstjórn tók þá við af vinstri stjórninni, sem hefur ekki alltaf verið talin góð, a. m. k. af hv. sjálfstæðismönnum. Hún þurfti a. m. k. að eyða vinnu í það að koma fyrir greiðsluafganginum, sem sú stjórn skildi eftir. Hún þurfti líka að eyða vinnu í það að lækka kaupið, sem Sjálfstfl. og sumir af hans liðsmönnum höfðu barizt fyrir að hækka um sumarið. Og fleiri störf leysti þessi stjórn af hendi. En allan þennan tíma lét hún Alþingi sitja hér að störfum. Hún gaf þingmönnum kost á að vinna að sínum málum, leggja fyrir Alþingi og taka þátt í þeim, bæði stjórnarsinnum sem andstæðingum. Og ég verð að segja, að það er þá eitthvað á annan veg en maður hefur heyrt, ef nú, þegar þessi ríkisstj., sem nú tekur við hreinum borðum, þarf að hafa meiri vinnufrið en aðrar ríkisstjórnir.

Þá vil ég líka minna á það, að hv. Alþfl.-menn lýstu því yfir í kosningunum, þar sem ég var þeim kunnugur, og ég held, að það hafi verið svo um land allt, að þeir mundu, þegar þeir færu að semja um stjórnarsamstarf, láta málefnin ein ráða. Það, hvernig málefnunum væri fyrir komið, væri sú niðurstaða, sem þeir mundu taka við stjórnarstefnuna. Og eigum við svo að trúa því hér á hv. Alþingi, að þessi ríkisstj. hafi orðið til, án þess að það hafi verið samið um málefnin, þegar því er yfir lýst, að það eru málefnin, sem ráða, með hvaða flokkum er unnið? Svo er því einnig haldið fram, að þessir flokkar hafi haft svo líka stefnuskrá, að það sé auðvelt fyrir þá að semja um sín mál, það taki minni tíma og minni fyrirhöfn. Og svo er farið að senda þingið heim í tvo mánuði til þess að fá vinnufrið, til þess að koma sér saman um málefnin, sem auðvitað var samið um, áður en stjórnin varð til. Nei, hér skýtur nokkuð skökku við.

Ofan á þetta bætist svo það, að Alþfl.-stjórnin sagði okkur í kosningunum, að afkoma ríkissjóðs væri góð, þar mundi enginn greiðsluhalli vera og engin vandræði á neinum sviðum. Um útflutningssjóð var okkur sagt það, að afkoma útflutningssjóðs væri nú betri en nokkru sinni fyrr.

Í grg., sem fylgdi frv. hæstv. fyrrv. ríkisstj. um útflutningssjóðslögin eða breytingu á þeim á þinginu 1959, í byrjun ársins, var það tekið fram, að útflutningssjóður væri nú búinn að greiða halla, sem væri 34 millj. frá árinu áður, og hefði 5 millj. í sjóði. Hér var því um 40 millj. kr. bætta afkomu á árinu að ræða. Og fyrst afkoman í ár er betri en nokkru sinni fyrr, er þá ástæða til þess, að það þurfi að eyða löngum tíma í að leysa þessi mál? Ég verð að segja það, að ég skil ekki, að svona lagað geti farið saman. Að vísu skal ég játa, að ég skildi ekki, hvernig þessi góða útkoma átti að verða til hjá útflutningssjóði, þegar við vorum að deila um það í kosningabaráttunni. En það var nú annar þáttur, og þeir, sem betur þóttust vita, héldu því fram, að það góða sneri upp, og þá er auðvitað að taka það, þangað til annað sannast. En svo kom bara

hæstv. forsrh. á Varðarfundinn og sagðist nú þurfa að taka við vandræðamálum, sem erfitt væri að leysa, — en auðvitað tækist honum það.

Út af þessu tali og ekki síst vegna þess, að það er höfuðskylda hverrar ríkisstj. að tala hér fyrir sínu fjárlagafrv. og gefa yfirlit yfir fjármál þjóðarinnar í byrjun hvers fjárlagaþings, þá bar auðvitað skylda til að gera það nú, ekki síst þegar þar við bættist, að hæstv. forsrh., sem var að taka við, fer á fund í stjórnmálafélagi hér í bænum og lýsir ástandinu svo sem gert var þar.

Nei, hvernig sem þessu er velt fyrir sér, þá fær enginn mig til að trúa því, og hv. alþm. og þjóðin eru ekki svo glámskyggn að halda það, að ástæðan fyrir þingfrestuninni sé sparnaðarvilji í þinghaldinu eða það, að ríkisstj. sé að fá sér vinnufrið. Nei, það er allt annað, sem hér liggur á bak við, og hefur verið rakið hér að undanförnu. En kannske er einna stærsti bitinn í þessu öllu saman bráðabirgðalögin sælu.

Ég hygg nú, að þessi bráðabirgðalög eða sá atburður verði til þess að skýra nokkuð stefnu þeirra sjálfstæðismanna, hversu heilsteypt hún er í landbúnaðarmálum sem öðrum málum. Það, sem hefur nefnilega gerzt í sambandi við þetta mál, er það, að þeir sjálfstæðismenn eiga fulltrúa í framleiðsluráði, þeim hluta þess, sem kosinn er af bændunum. Þessi fulltrúi þeirra sjálfstæðismanna tók þátt í því að segja upp verðlagsgrundvellinum frá sjónarmiði bænda, og ábyggilega hefur Sjálfstfl. verið honum sammála um, að það skyldi gert. Þeir sjálfstæðismenn áttu líka fulltrúa í þeim hluta sex manna nefndarinnar, sem neytendurnir skipuðu. Sá fulltrúi þeirra sjálfstæðismanna tók þátt í því að segja upp verðlagsgrundvellinum frá sjónarmiði neytendanna, með samþykki Sjálfstfl. vafalaust. Þessi fulltrúi þeirra sjálfstæðismanna tók þátt í því að hætta störfum í sex manna nefndinni. Vafalaust hefur hann borið sig saman við Sjálfstfl. um það. Hæstv. forsrh. tilkynnti sjálfstæðismönnum, að ef þeir styddu ekki hæstv. ríkisstjórn jafnt eftir sem áður, þó að þeir gæfu út bráðabirgðalögin, þá gæfi hann þau ekki út, en segði af sér. Þá sögðu þeir sjálfstæðismenn: Blessaður, gefðu bara lögin út, það er allt í lagi. Við verjum ríkisstj. vantrausti, eins og við höfum áður ákveðið að gera.

Þeir héldu áfram, sjálfstæðismenn. Þeir gáfu jafnhliða út tilkynningu um það, að þeir mundu nú sjá um það, að sá réttur og sú greiðsla, sem hæstv. forsrh., Emil Jónsson, ætlaði að hafa af bændastéttinni og gerði með samþykki sjálfstæðismanna, það skyldu þeir sjálfstæðismenn sjá um, að bændurnir fengju, og það skyldi ekki standa á því, þegar þeir væru komnir á þing að nýafstöðnum kosningum. Svo var þetta ekki nóg. Það þurfti að gefa út fleiri yfirlýsingar. Sumir hv. þm. vildu fara að láta kalla saman Alþingi. Þá þurfti Sjálfstfl. að lýsa yfir á nýjan leik, og þá lýsti hann yfir því, að hann skyldi fella bráðabirgðalögin á Alþingi, þegar þau kæmu þangað strax eftir kosningar. En svo heldur sagan áfram, og það er mynduð ríkisstjórn. Og þegar hv. Alþingi kom hér saman, bjuggust hv. alþm. við því, að hér á borðunum mundu koma brbl. ríkisstj. Sjálfstfl. hafði lofað því, að það skyldi verða gengið vel og drengilega fram í því máli og engin hætta væri í málinu, nema ótætis framsóknarmennirnir brygðust, þeim væri ekki alltaf treystandi. En hvað gerðist þá? Komu brbl. fram? Nei, það kom á borð þingmanna till. um að fresta Alþingi. Hver haldið þið, að hafi verið höfuðtilgangurinn með frestuninni? Það var að komast fram hjá þessum hnút. Ég hef síðan heyrt, að hæstv. fyrrv. forsrh. hafi gengið svo myndarlega fram af sinni hendi í stjórnarsamningunum, að hann hafi beygt Sjálfstfl. í þessu máli til að sjá um það, að þessi mál kæmu ekki til afgreiðslu hér í þinginu a. m. k., fyrr en þau væru gengin sér til húðar.

Nú fóru að gerast mikil vandkvæði í þessu máli, því að ótætis stjórnarandstaðan fór nú að reyna að ybba sig og vildi fá stjórnina til þess að fara að lögum. Þá kom hér hæstv. landbrh. og sagði: Þið þurfið nú ekki að efa það. Yfirlýsingar sjálfstæðismanna standa, og hér verður farið að lögum. — Og svo heldur sagan áfram. Ýmsar sagnir hafa verið uppi um það, hvenær þetta frv. yrði lagt fram hér á Alþingi, en allar hafa þær hnigið í þá átt, að það mundi ekki verða gert, fyrr en séð væri, hvað liði um þingfrestunina, og eftir þjáninganóttina í nótt skeði það, að frv. kom á borð þingmannanna, enda mun nú nokkurn veginn tryggt, hvenær þingfrestunin verður. Þetta er nú að hafa heilsteypta stefnu, vera sjálfum sér samkvæmur og halda allt það, sem lofað er.

Þarna er hnúturinn, sem þeir í stjórnarliðinu hafa verið að fást við núna undanfarið. Ástæðan til þess, sem gerzt hefur hér s. l. viku, eru erfiðleikar á stjórnarheimilinu innbyrðis. Þess vegna er allt þetta brölt, öll þessi tilhneiging til þess að koma hv. Alþingi af sér. Og nú segir sagan, að fyrst ekki þótti ráð að koma hér á hv. Alþingi með frv. til laga um það, að 15. des. 1959 skyldi falla niður, þá verði bara gefin út brbl. um að framlengja brbl. um verðfestingu landbúnaðarafurða. Þetta eru síðustu fregnir, sem er af þessu að segja. Það væru nokkur tíðindi, ef hæstv. ríkisstjórn gæfi út brbl., nokkrum dögum eftir að hv. Alþingi er farið heim, og það er ekki undarlegt, þó að þeir hv. alþm. og sú hæstv. ríkisstj., sem hugsar sér að halda á málum á þann veg, telji dagana, þangað til hún geti losnað við hv. Alþingi. En hvort sem það tekst deginum fyrr eða seinna, þá breytir það ekki um verknaðinn, sem hér á að gera. Og hvað sem öllu líður um þessar sagnir, þá er eitt víst, að 15. des. kemur, fyrst hin leiðin þótti ekki fær, og þá er þetta mál óleyst og Alþingi á að vera farið heim, svo að það á ekki að vera viðstatt til þess að leysa úr þeim vanda, sem þá skapast. Við skulum vona, að það verði ekki á þann veg, sem spáð hefur verið. Þá taka framleiðsluráðslögin gildi, og nýtt verðlag verður ákveðið samkv. þeim. En merkilegt má það heita, ef hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, að þannig

yrði að farið, að hún hefði þá ekki hagað sínum vinnubrögðum á annan veg en hér hefur gerzt.

Ég gat um það hér í upphafi máls míns, að þetta Alþingi, sem hér er nú saman komið, væri talið af þeim sjálfstæðismönnum réttari mynd af þjóðarviljanum en fyrr, og ég lýsti því hér í gær, að þeir teldu samkomu þess sögulegan viðburð. Þegar á s. l. vetri var verið að ræða hér kjördæmamálið, sagði hæstv. núv. dómsmrh. þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum ekki dylja okkur þess, að einmitt á hinum síðustu árum hefur ískyggilega sótt í þá átt, að einhverjir aðilar hafi viljað taka til sín það vald, þau úrslitaáhrif í málefnum þjóðarinnar, sem Alþingi eitt á að hafa. Þetta hefur m. a. komið af því, að allir verða að játa, að Alþingi nú er og hefur ekki verið rétt mynd af þjóðarviljanum. Myndin er stórkostlega skekkt."

Og síðar segir sami hæstv. ráðherra:

„Og það er þessi skekking myndarinnar af þjóðarviljanum, sem hefur átt ríkan þátt í því, að Alþingi hefur verið og er enn í bráðri hættu um að missa úr höndum sér þau ráð yfir íslenzkum þjóðmálum, sem það verður að hafa og því ber að hafa, ef lýðræðið á að vera í heiðri haft."

Þetta sagði þessi hæstv. ráðherra, sem nú stendur fyrir því, að þetta hv. Alþ., sem kjörið er samkv. því, sem hann sjálfur lagði til og taldi vera rétta mynd af þjóðarviljanum, skuli nú sent heim, það skuli ekki fá að starfa. En hv. Alþingi þarf einnig að gæta sín gegn þeim ríkisstjórnum, sem vilja taka til sín meira vald og meiri áhrif í málefnum þjóðarinnar, þeim málefnum, sem Alþ. á að ráða um. Það er vegna þess, sem við hér í stjórnarandstöðunni höfum á undanförnum dögum barizt gegn þeim áformum hæstv. ríkisstj. að þverbrjóta hér reglur og venjur, og það hefur nokkuð áunnizt, þó að það sé ekki svo sem þurft hefði. En hæstv. ríkisstj. á að gæta sín í því og hefur fengið nokkra ráðningu, svo að von er til, að hún sjái betur að sér, áður en hún leggur út í næsta leik.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. beindi hér til mín þrem fsp. Sú fyrsta var á þá leið, hvort ég vilji og ætli nú, áður en þingið fer heim, að gefa Alþingi yfirlit um ástand ríkissjóðs og útflutningssjóðs, eins og venja hafi verið til við 1. umr. fjárlaga. Þessari fsp. hef ég svarað áður á þá leið, að 1. umr. fjárlaga mun fara fram á fyrstu dögum, eftir að þing kemur saman að loknu hléi, og þá verður að sjálfsögðu haldin hin venjulega fjárlagaræða og þá gefnar þær upplýsingar, sem hv. þm. talar um. Það er ekki venja að gefa slíkt yfirlit nema í sambandi við 1. umr. fjárlaga.

Önnur spurningin var sú, ef hinni yrði svarað neitandi, hve mikið fé vantar á næsta ári í ríkissjóð og útflutningssjóð til að standa undir útgjöldum að óbreyttu skipulagi. Þessu hef ég einnig svarað áður, og var því óþarfi að bera þessa fsp. fram nú eða á síðasta fundi. Ég hef svarað því áður, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, sem því miður eru ekki nákvæmar enn, muni að óbreyttu skipulagi vanta milli 2 og 3 hundruð millj. kr. handa ríkissjóði og útflutningssjóði á næsta ári.

Hv. þm. gefur það í skyn, eins og raunar hver framsóknarþingmaðurinn tyggur hér upp eftir öðrum, að ósamræmi sé milli þessara upplýsinga og þeirra, sem ráðh. úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. gáfu í haust um, að greiðslujöfnuður mundi væntanlega verða á ríkissjóði í ár. Hér er auðvitað verið að blanda saman af hálfu hv. 3. þm. Reykv. og hv. framsóknarmanna tveimur hlutum, því að hvorar tveggja yfirlýsingarnar standast fyllilega. Það eru allar líkur til þess, að greiðslujöfnuður verði á ríkisreikningi eða fjárlögum á þessu ári. Þó að ekki sé hægt að fullyrða um það, þá verður annaðhvort hagstæður greiðslujöfnuður eða greiðsluhalli sáralítill, þannig að upplýsingar ráðh. úr hæstv. fyrrv. stjórn um þetta efni eru réttar. Hitt er svo jafnrétt, að með áframhaldandi sama fyrirkomulagi eru allar líkur til, að halli á ríkissjóði og útflutningssjóði nemi þessum upphæðum, sem ég hér nefndi, á árinu 1960. Hér er enginn árekstur milli þessara yfirlýsinga.

Þriðja spurning hv. þm. var sú, hvert sé það nýja efnahagskerfi, sem ég hafi talað um að yrði upp tekið. Ég heyri á þessu, að yfirlýsing sú, sem hæstv. forsrh. flutti hér við stjórnarmyndunina 20. nóv., hefur farið fram hjá hv. 3. þm. Reykv., og vildi ég því rifja það upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþingi till. um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigt verður talið. Munu till. ríkisstj. miðast við að ráðast að þessum kjarna vandamálanna, þar eð það er meginstefna ríkisstj. að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Í því sambandi leggur ríkisstj. áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu."

Þessi var yfirlýsing hæstv. forsrh. við stjórnarmyndunina fyrir hönd ríkisstj., og það er að sjálfsögðu með tilvísun til þessa, sem ég talaði hér um, að vitanlega yrði og það væri stefna stjórnarinnar að taka upp nýtt kerfi í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Hvernig því verður háttað í einstökum atriðum, kemur að sjálfsögðu fram eftir þingfrestunina, þegar ríkisstj. leggur fram sínar tillögur.

Einn hv. þm., og ég held, að hann sé einn um það, þeirra sem talað hafa um þetta mál í Ed. eða Nd., virtist vilja gagnrýna það, að fjárlög yrðu ekki afgreidd fyrir áramót. Þetta var hv. 7. þm. Reykv. Og var það með nokkrum eindæmum, eins og margt fleira í hans ræðu, sem vænta mátti, því að allir aðrir þm. hafa viðurkennt það sem eðlilegan og sjálfsagðan hlut, að vegna þess að tvennar kosningar fóru fram og þing kom ekki saman fyrr en 20. nóv. og ríkisstj. var mynduð sama dag, þá væri það eðlilegt og óhjákvæmilegt, að eigi væri unnt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Þetta ætla ég, að allir hafi viðurkennt aðrir en hann. En í sambandi við þetta kom hann með spakleg ummæli og umvandanir um það, að vitanlega ætti það að vera sjálfsögð regla, eins og verið hefði að undanförnu, að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á það, að þau undanfarin 8 eða 9 ár, sem foringi hans og flokksbróðir, hv. 1. þm. Austf., var fjmrh., þá tókst það nú svo til fyrsta árið, eftir að hann komst aftur í þann sess, að fjárlög voru ekki afgreidd undir hans forustu fyrr en í miðjum maímánuði. Tveim árum seinna dregst það fram í janúarlok að afgreiða fjárlög. Þriðja árið dróst það fram í febrúar. Og árið þar næst á eftir voru komin febrúarlok, áður en honum tókst að ljúka fjárlögum. Ég held, að þessi hv. þm. ætti því fremur að beina umvöndunarorðum sínum til leiðtoga síns, hv. 1. þm. Austf.

Það er talað hér mikið af hálfu hv. framsóknarmanna um þingvenjur, sem nú sé verið að brjóta, og ósæmileg vinnubrögð. Nú skulum við athuga það.

Það vita allir hv. þm., að ein meginskylda hverrar ríkisstj. er að undirbúa undir Alþingi þau frv., sem snerta efnahag og fjárhag þjóðarinnar. Það er skylda ríkisstj. að hafa, eftir því sem föng eru á, slík frv. og slík mál tilbúin til að leggja þau fyrir í þingbyrjun, svo að þingið fái þá strax færi á að fjalla um þau. Þar sem ríkisstj. er mynduð sama dag og Alþingi kemur saman, var það því skylda hennar, þingræðisleg og stjórnskipuleg skylda hennar, að leggja til, að þinghlé yrði, til þess að hún gæti unnið að þessum frv. og haft þau tilbúin, þegar þing kæmi saman að nýju. En þegar talað er um skynsamleg og eðlileg vinnubrögð, þá er auðvitað allt annað, sem þessir hv. þm. Framsfl. eiga við. Þeir eiga við það, eins og tíðkaðist í tíð vinstri stjórnarinnar, að halda þinginu í sjö til átta mánuði á hverju ári og mikinn hluta þess tíma aðgerðalausu. Á árunum 1956, 1957, 1958, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, setti hún í þessu efni eins og öðrum met, þannig að þinghald varð miklu lengra en nokkru sinni hafði verið áður. Og þessi þrjú þing, meðan hún var og hét, var meðalþinghaldið á ári hverju milli sjö og átta mánuðir, en árin næst á undan hafði þinghaldið verið fimm mánuði eða rúma fimm mánuði. Við vitum það líka allir hv. þm., að vinnubrögðin voru með þeim hætti, að meðan vinstri stjórnin var að burðast við að semja einhver frv., bjargráðafrv. eða hvað það nú hét allt saman, þá var þinginu haldið hér óvirku, starfslausu eða starfslitlu mánuðum saman. Nú er talað um að óvirða Alþingi með því, að Alþ. ákveði sjálft að taka sér starfshlé um tíma. Ef talað er um að óvirða Alþ., hvað var þá meiri óvirðing í garð Alþingis en þegar það gerðist hér í tíð vinstri stjórnarinnar, jafnvel ár eftir ár, að þinginu er mánuðum saman haldið hér óvirku og áhrifalausu, meðan ríkisstj. og stjórnarflokkarnir eru að spyrja hina og þessa aðila utan þings um það, hvað megi gera? Það er beðið eftir svari eða samkomulagi í einhverri 19 manna nefnd eða 6 manna nefnd, það er beðið eftir svörum frá einhverjum stjórnum einhverra stéttarfélaga úti á landi. Á meðan situr Alþingi hér óvirkt og aðgerðalaust. Það eru væntanlega þessi vinnubrögð, sem hv. framsóknarmenn vilja endurtaka og þeir sakna.

Í þessu sambandi hefur það komið fram, að það er talinn of skammur tími, sem ætlaður er til afgreiðslu og meðferðar fjárlaga, þar sem ég ræddi um það hér um daginn, að einn mánuður ætti að nægja Alþ., frá því að fjárlögin yrðu lögð fram og til lokaafgreiðslu. Ég stend við það, að ég ætla, að með skynsamlegum vinnubrögðum fjvn. mætti það vel takast. En Framsfl. og samstarfsflokkar hans hafa vissulega haft annan hátt á undir forustu hv. 1. þm. Austf. Þannig hafa verið teknir 2 og upp í 4 mánuði, sem fjvn. er látin hanga yfir fjárlagafrv. T. d. var það þannig, svo að maður taki eitt dæmi, árið 1957, að þá var það frá því í októbermánuði og fram í febrúarmánuð, sem fjvn. var látin dunda við fjárlagafrv. Eru þessi vinnubrögð til fyrirmyndar? Ég segi nei. Þau eru ekki til fyrirmyndar, þau eru einmitt viðvörun, og alþm. eiga að gæta þess að láta slík vinnubrögð ekki verða sér að fordæmi, heldur hafa það í huga, að sporin hræða.

Hv. framsóknarmönnum verður tíðrætt um það, að hér sé verið að brjóta einhverjar venjur um 1. umr. fjárlaga. Þetta er allt saman staðlausir stafir. En það sýnir nokkuð hugsunarháttinn og múgsefjunina í Framsfl., að þarna tyggur þetta upp hver eftir öðrum. Ég man eftir því, að sá fyrsti þeirra hafði það væg orð, að það hefði ekki gerzt fyrr, að 1. umr. fjárlaga færi ekki fram fyrr en eftir áramót. Sá næsti kallaði þetta einsdæmi og endemi. Svo var þetta hjá næsta ræðumanni Framsfl. orðið brot á þingvenjum, föstum þingvenjum. Hjá þeim þar næsta var það orðið brot á lögum. Og hjá einum var það orðið þvert brot á stjórnarskránni. Nú vita það allir, að stjórnarskráin ákveður aðeins, að fjárlagafrv. skuli lagt fyrir Alþingi, þegar er það kemur saman. Það hefur verið gert. Það er hvorki í stjórnarskrá né lögum, þingsköpum né öðrum, eða nokkrum venjum neitt um það, að 1. umr. fjárlaga skuli fara fram einhverjum tilteknum tíma eftir útbýtingu frv. eða eftir þingsetningu. Þetta er allt saman tilbúningur. Og ef á að líta á það, hvernig þetta hefur verið framkvæmt, þá kemur í ljós, að

stundum hafa liðið nokkrir dagar og stundum nokkrar vikur, frá því að þing hófst og þangað til 1. umr. fjárlaga fór fram. Ég sé t. d. hér eitt árið, sem framsóknarmenn hafa vitnað mjög í, þá liðu fimm vikur af þinghaldinu frá því að þing var sett og þangað til 1. umr. fór fram. Nú standa sakir þannig, eins og ég hef tekið fram áður, að allar líkur eru til þess, að 1. umr. fjárlaga geti farið fram áður en þrjár vikur eru liðnar af þinghaldinu. Það eru nú liðnar tvær vikur af þinghaldinu, og ég geri ráð fyrir því, að á fyrstu dögum, eftir að þing kemur saman að nýju, geti 1. umr. farið fram. Að vísu getur þessi tími eitthvað lengzt, ef það endemis málþóf, sem framsóknarmenn og Alþb.-menn halda hér uppi, heldur áfram. Það er á þeirra valdi, hvort þessi tími verður enn lengri.

Undanfarna daga og einnig hér nú í þessum umræðum hafa komið og dunið ásakanir á mér fyrir það, að ég hafi vanrækt að vera við umr. hér í hv. Nd. við mál, sem undir mig heyrir. Undanfarna daga hafa sumir þm. Alþb. og Framsfl. staðið hér í þessum stól og krafizt þess, að fjmrh. kæmi og jafnvel yrði sóttur, þó að þessir menn vissu, að ég var á sama tíma bundinn við umræður í Ed., sem ég á sæti í, um mál, sem undir mig heyra. Þetta vissu þessir menn. En samt sem áður hafa þeir til þess að svala sínu innræti og reyna að koma fram þessum ásökunum um einhverja vanrækslu í starfi borið þetta blákalt fram gegn betri vitund. Ég hafði ætlað, að þó að maður væri bundinn við umr. í Ed. og vildi gjarnan vera hér með þeim í anda, þá hélt ég, að það væri ómöguleiki fyrir mennskan mann að vera staddur í báðum deildum í einu. Varðandi fundinn í gærkvöld eða í nótt er þess að geta, að ég var hér í gær á fundi á venjulegum tíma milli 1½ og 4 við umræður um þessi mál og lagði fram annað þessara frv., sem um er hér að ræða. En það var mörgum þm. kunnugt, að eftir kl. 5 var ég bundinn við önnur störf og gat því ekki verið hér þá. Ég skal ekki segja, hvort það á að teljast þingskylda ráðh. að hanga alltaf yfir málþófi eins og því, sem þessir hv. þm. hafa leyft sér að viðhafa og er einsdæmi í þingsögunni. Ég veit ekki nokkur dæmi þess, að þm. hafi leyft sér aðra eins herfilega misnotkun á málfrelsi þm. og önnur eins brot á þingsköpum og þm. þessara tveggja flokka hafa að undanförnu gert sér leik að. En þeir hafa líka uppskorið það, að þeir hafa hlotið þá vansæmd og það virðingarleysi hjá þjóðinni, að þeir munu væntanlega finna það, þótt síðar verði.

Það er ekki ástæða til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég skal bæta því við, að á þeim tíma síðdegis og í gærkvöld, sem ég gat ekki verið á þessum fundi, voru hér fimm ráðherrar að jafnaði staddir, sem allir voru tilbúnir að svara fsp., og þessi mál, sem hér er um að ræða, heyra undir stjórnina alla, eru mál allrar stjórnarinnar. Þess vegna er þetta gersamlega ástæðulaus áburður og ásakanir, enda er það mála sannast, að hver einasta fsp., sem nú hefur komið fram út af þessu máli, hafði komið fram áður og hafði verið svarað af mér áður.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að bæta miklu við þær umræður, sem fram hafa farið undanfarið hér í hv. deild, en ég vil þó gera fáein atriði að umtalsefni, áður en þessari umr. lýkur.

Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 16, er eitt þeirra mála, sem standa í sérstöku sambandi við till. hæstv. forsrh. varðandi frestun Alþingis nú á næstunni fram til loka janúarmánaðar. Ef ekki væri farið fram á að fresta þinginu nú þegar, væri ekki heldur óskað eftir afgreiðslu þessa frv. að svo stöddu, þar sem það kemur ekki til framkvæmda fyrr en í byrjun janúarmánaðar á næsta ári. Samþykkt þessa frv. og frv. á þskj. 40 um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga nú þýðir, eins og fram hefur verið tekið áður í þessum umræðum, að hægt er að fresta þinginu strax, ef till. um það, sú sem fyrir liggur, verður samþykkt. Það er því eðlilegt, að þeir, sem vilja draga þingfrestun t. d. fram yfir miðjan þennan mánuð, vilji einnig fresta afgreiðslu þessa frv. til þess tíma eða því sem næst.

Ég tel eins og fleiri, sem hafa tekið til máls í þessum umr., að frestun Alþingis, eins og hún er fyrirhuguð, sé ótilhlýðileg. Ég skal ekki rekja ástæðurnar til þess í löngu máli. Það hefur verið af öðrum gert, og ég get að miklu leyti undir það tekið. En ég vil í því sambandi nefna, að fjárlögin hafa ekki verið tekin til 1. umr. og ekki flutt fjárlagaræða, að mörg mál hafa verið lögð fyrir þingið og mál hafa verið að koma fram þessa dagana og nú síðast í dag og eðlilegt er, að nokkuð sé að þeim málum unnið, áður en þingi er frestað. Í þriðja lagi kemur það svo til, að brbl. frá 18. sept. um verð landbúnaðarvara hafa ekki enn verið tekin til meðferðar í þinginu. Ég vil leyfa mér að gera þetta síðasta atriði að umtalsefni með nokkrum orðum, vegna þess að mér sýnist það mál vera stærsta ástæðan fyrir því, að ekki er tilhlýðilegt að fresta þingi að svo stöddu.

Þegar Alþingi kom saman 20. nóv., held ég, að flestir, a. m. k. þeir, sem höfðu ekki fengið vitneskju um annað, hafi búizt við, að þessi brbl. yrðu lögð fyrir þingið þegar eftir að það væri tekið til starfa, að þau yrðu eitt af allra fyrstu málum þingsins. Ég minnist þess, að ný ríkisstj., sem tók við völdum árið 1956, gaf þá um haustið út brbl., sem mikla athygli vöktu og fjölluðu eins og þessi brbl. um vissan þátt efnahagsmála, þótt þar væri að vísu öðruvísi á málum tekið og með meiri víðsýni að mínum dómi. Þessi brbl. 1956 voru lögð fyrir þingið svo fljótt sem kostur var á. Þau munu hafa verið á þskj. 12 á því þingi. Ætla mátti að óreyndu, að nú yrði farið eins að.

En svo liðu nokkrir dagar í upphafi þings, að frv. var ekki lagt fram. Þegar þm. svo tóku að spyrja eftir frv. og hvenær það kæmi fram, varð hæstv. landbrh. afundinn og gaf engin svör, sem því nafni mætti nefna í þessu sam-

bandi. Er svo skemmst af því að segja, að ríkisstj. hefur allt til þessa dags ekki fengizt til þess að leggja frv. fram, þótt margsinnis hafi verið eftir því gengið, en hefur í þess stað borið fram till. um að fresta þinginu nú þegar. Loksins nú í kvöld hafa þau tíðindi gerzt, að brbl.-frv. hefur verið útbýtt hér í hv. deild. Þetta er þá sá árangur, sem umr. undanfarna daga hafa borið. Hitt er enn eftir, að sannfæra hæstv. ríkisstj. um, að henni beri að láta málið ganga til úrslita í þinginu.

Afstaða Sjálfstfl. eða forustumanna hans í þessu brbl.-máli hefur verið mjög einkennileg fyrr og síðar, svo að ekki sé meira sagt. Brbl. voru, eins og ég sagði áðan, gefin út 18. sept. s. l., en hinn 22. sept. birtist í Morgunbl. yfirlýsing frá Sjálfstfl. Það hafði að vísu áður birzt yfirlýsing í Morgunbl. frá þessum flokki varðandi þetta mál, en ég geri þá yfirlýsingu ekki að umræðuefni, heldur þessa, sem birtist 22. sept. Í þeirri yfirlýsingu frá flokknum segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, og er vitnað til hinnar fyrri yfirlýsingar:

„Sjálfstfl. lýsti sig þegar í stað andvígan setningu brbl. um ákvörðun verðlags landbúnaðarafurða, og mun þess vegna ekki styðja þau á Alþingi, heldur leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum."

Þannig hljóða þau orð. Það mun út af fyrir sig orka nokkuð tvímælis, hvort Sjálfstfl. hafi, eins og segir í þessari yfirlýsingu, þegar í stað lýst sig andvígan setningu brbl. Þegar litið er á yfirlýsingar hæstv. fyrrv. forsrh. í Alþýðublaðinu í september um þetta leyti, verður að ætla, að andstöðuyfirlýsing Sjálfstfl. hafi a. m. k. ekki komið nógu snemma og ekki verið með nógu mikilli áherzlu fram borin til þess að hindra útgáfu laganna. Ég man þess ekki dæmi, síðan ég kom fyrst á þing fyrir 25 árum, að ríkisstj. hafi gefið út brbl., nema hún væri í góðri trú á það, að lögin mundu ekki sæta andstöðu meiri hl. alþm. Það eru alþm., en ekki ráðherrar sem slíkir, sem hafa löggjafarvaldið. Ákvæði stjórnarskrárinnar um útgáfu brbl. eru vart sett í þeim tilgangi að fá ráðh. löggjafarvaldið, heldur til þess, ef alveg sérstaklega stendur á, að leyfa þm. eða meiri hl. þeirra fyrir forgöngu ríkisstj. að nota löggjafarvald án þess að vera saman komnir á fundi í alþingishúsinu í Reykjavík. Það er þetta, sem að jafnaði gerist, þegar brbl. eru gefin út. Ég hef líka alltaf gengið út frá því, að fyrrv. hæstv. forsrh., sem er bæði glöggur maður og þingræðissinnaður, hafi hlotið að gera sér þetta ljóst og að hann hafi verið í góðri trú, þegar hann gaf lögin út, hvort sem þar kann að hafa verið um misskilning að ræða og hvers eðlis sem sá misskilningur kann að vera.

En hvað sem þessu líður, þá hefur Sjálfstfl. heitið því opinberlega og skriflega hinn 22. sept., svo skýrt, að ekki verður um villzt, að styðja ekki brbl. á Alþingi. Það er það orðalag, sem ég las upp áðan, tekið úr yfirlýsingunni.

En hvaða stuðningur er það þá, sem brbl. þyrftu á að halda eða formælendur þeirra? Stuðningurinn er sá, að þau yrðu ekki felld úr gildi með alþingissamþykkt fyrir 15. des. Eftir þann tíma eru þau fallin úr gildi eða efni þeirra samkv. ákvæðum í þeim sjálfum. Ef Alþingi er frestað fyrir 15. des. og þm., sem eru á móti lögunum, hefur ekki gefizt kostur á að greiða um þau atkvæði og afgr. þau endanlega fyrir frestunina, þá er þessum lögum, sem út voru gefin 18. sept., þar með veittur allur sá stuðningur, sem þau þurfa á að halda, og það er þá Sjálfstfl., einmitt hann, sem veitir þann stuðning.

Ef hæstv. forsrh. leggur það til við forseta lýðveldisins, að þinginu verði frestað fyrir 15. des. og hæstv. landbrh. dregur að beita sér fyrir því, að brbl. verði afgreidd, þá hafa þeir hæstv. ráðh. þar með gert að engu heit Sjálfstfl. 22. sept. um að styðja ekki brbl. frá 18. sept. Af hálfu flokksins hefur þeim lögum þá verið veittur allur sá stuðningur, sem þau þurfa á að halda eða sá málstaður, sem í þeim felst, og ef svo á að fara að, þá er ekki óeðlilegt, þó að mönnum komi til hugar, eins og nokkuð hefur verið tæpt á í þessum umræðum, að hæstv. ríkisstj. kunni að láta sér koma til hugar að gefa út ný brbl. eftir þingfrestunina. Það er ekki mikið öryggi í því að treysta þeim, sem sýna tómlæti af þessu tagi í sambandi við yfirlýsingar sínar.

Nú má e. t. v. segja, að Sjálfstfl. eigi fyrst og fremst um það við sjálfan sig og kjósendur sína, hvernig forustumenn hans meta þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í nafni flokksins. En það er skylda alþm., eftir því sem í þeirra valdi stendur, og Alþingis í heild að láta ekki lítilsvirða eða rýra það umboð, sem þjóðin, þ. e. a. s. kjósendurnir, hefur falið þeim til þess að setja landinu lög. Það er því skylda þeirra í því tilfelli, sem hér er um að ræða, að sjá um, eftir því sem í þeirra valdi stendur, að þau lög haldi ekki áfram að gilda, sem meiri hl. Alþingis er á móti, og láta það koma í ljós, ef ætla má, að svo sé. Samkvæmt yfirlýsingunni er ástæða til að ætla, að meiri hl. Alþingis sé á móti þessum brbl., þó að trúnaðarmenn Sjálfstfl. í ríkisstj. hafi komið í veg fyrir, að það kæmi í ljós. Það er því eðlilegt, að hér á Alþingi sé staðið gegn því, að þingið sé sent heim á gildistíma brbl., áður en þingvilji er fyrir hendi. Þess er að vænta, að hæstv. ríkisstj. fallist á þetta sjónarmið, áður en lýkur, og hún er komin nokkuð á leið með að fallast á það, sem betur fer.

Sjálf þingfrestunartill. er enn þá ekki komin til umræðu. En afgreiðslu þessa frv., sem hér liggur fyrir, og frv. á þskj. 40 er nú, eins og ég sagði áðan óskað af hálfu hæstv. ríkisstj. svo snemma sem raun er á, til þess að hægt sé að ákveða þingfrestunina. Ella væri það ekki hægt. Andstaðan gegn frestun þingsins nú þegar hlýtur því þegar á þessu stigi að koma fram og hefur komið fram sem andstaða gegn því, að afgreiðslu frumvarpanna sé hraðað, þótt sú afgreiðsla væri að öðrum kosti síðar talin eðlileg. Með þessari andstöðu eru þingmenn að gæta réttar síns og skyldu gagnvart

kjósendum sínum, eftir því sem í þeirra valdi stendur. Af þessum ástæðum hafa átt sér stað langar umræður í báðum deildum og í sameinuðu þingi, þó að ég hafi raunar ekki tekið þátt í þeim fyrr, — umræður, sem hægt hefði verið að komast hjá að miklu leyti, ef hæstv. ríkisstj. hefði farið rétt að í öndverðu gagnvart þingi og þjóð í þeim málum, sem eru tilefni þessara umræðna. Þeim tíma, sem farið hefur í það að ræða þessa mjög svo óvenjulegu aðferð ríkisstj., — og hann er orðinn töluvert langur, — hefði verið betur varið til að ræða brbl. og ýmis vandamál í sambandi við þau. Og það mátti hæstv. ríkisstj. auðvitað vita fyrir fram, að alþm. mundu ekki taka alveg þegjandi þeim — ég leyfi mér að segja hvatvíslegu og vanhugsuðu ráðagerðum og því tillitsleysi, sem hér er um að ræða gagnvart Alþingi og öðrum. Ég segi: öðrum, því að allur sá fjöldi manna um land allt, sem ber í brjósti sér sára gremju út af umræddum brbl., allir þessir menn eiga fullan rétt á því, að fulltrúar þeirra í þessum sölum fjalli um þetta mál á réttum tíma. Hér er því ekki eingöngu verið að sýna tillitsleysi gagnvart Alþingi, heldur fjölda manns.

Ég er því miður ekki svo fróður sem æskilegt væri um sögu Alþingis frá öndverðu. En ég hygg það þó einsdæmi, og ég held, að það hafi komið fram ómótmælt í umr., að það sé einsdæmi eða a. m. k. fádæmi, að ríkisstj., sem hefur sett brbl., hafi komið þannig fram gagnvart þinginu í því sambandi sem þessi ríkisstj. hefur leyft sér að gera, því miður, og ég efast um, að þetta hefði getað gerzt, meðan hin fyrri kjördæmi landsins héldu enn sínum sögulega rétti til að eiga sína sérstöku fulltrúa á Alþingi. Ég efast um, að það hefði getað gerzt á meðan. Ég efast um, að þeim fulltrúum hefði verið boðið þetta, sem hæstv. ríkisstj. nú þykir hlýða að bjóða þeirri „réttu mynd þjóðarviljans", sem hér blasir við henni á þingbekkjum.

Þegar samtök urðu um það hér á þessum vettvangi á s. l. vetri að leggja kjördæmin niður, var því af mörgum spáð, að ekki mundi sú ráðstöfun verða til þess að styrkja grundvöll þingræðisins hér á landi. Hin nýja kjördæmaskipun hefur það m. a. í för með sér, að í stað hinnar persónulegu kosningar, sem tíðkazt hefur hér á landi til Alþingis, er nú komin kosning flokkslista. Ég hygg, að aðferð núv. hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. ráðherra Sjálfstfl. beri þess vott, að andrúmsloftið sé strax byrjað að breytast í þeim herbúðum til samræmis við þennan nýja þingræðisgrundvöll. Það er byrjað að loka gluggum á þessari vistarveru. Það er hugboð mitt, að frestur af ýmsu tagi kunni að þykja æskilegur, á meðan flokksmenn ýmsir, þ. á m. nýliðar á þingi, eru að venjast hinu nýja andrúmslofti. Það er samt hyggilegt fyrir þá, sem á s. l. sumri stóðu yfir höfuðsvörðum hinna fornu kjördæma, að ganga hægt um gleðinnar dyr, því að öll er þessi litla þjóð í einum bási, og enginn veit í dag, hver skarðastan ber hlutinn að lokum, ef stjórnarfarsreglum er raskað í frafári af þeim, sem telja sig þurfa þess við í bili. Það veit enginn, hver skarðastan hlutinn ber frá borði að lokum, þegar slík fordæmi eru gefin. Forustumenn og flokksstjórnir ættu að kunna sér hóf, þótt þeim hafi verið lagt meira upp í hendurnar á þessu ári en vera skyldi. Og oddvitar fjölmennis ættu að gæta hófs í því að láta kné fylgja kviði gagnvart þeim, sem minni hafa máttinn, hvort sem um er að ræða fámenn byggðarlög þessa lands eða dreifða atvinnustétt, sem er seinþreytt til vandræða. Ég teldi það vel farið, ef hæstv. ríkisstjórn sæi sig um hönd í þessu máli, eins og ég er ekki vonlaus um, að hún sé nú að byrja að gera, og þeir mundu vera margir, sem mætu hana meira eftir en áður.

Rómverjar hinir fornu sögðu: Það er mannlegt að láta sér skjátlast. En það er óviturlegt að vaða áfram í villu sinni. Ég hygg, að enn geti orðið samkomulag hér á þingi um eðlilega afgreiðslu þeirra mála, sem nú þarf að ráða til lykta, og um eðlilega þingfrestun, ef hæstv. ríkisstj. vildi taka þann kostinn, sem henni og öðrum er fyrir beztu, og ég vil bæta mínum tilmælum við tilmæli annarra manna um, að hún geri það. Mundi ég vilja leggja slíku samkomulagi lið. Ég sé ekki ástæðu til að vera vonlaus um það enn þá, að úr því geti orðið, og dreg það m. a. af því, sem gerðist í kvöld, er brbl. voru lögð fram.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. (GH) leyft mér að bera fram á þskj. 46 brtt. við frv. það um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, sem hér er til umræðu. En brtt. er þannig, að aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að greiða þá 3.18% verðhækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar."

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í sumar fóru fulltrúar neytenda úr verðlagsnefnd landbúnaðarvara og hafa síðan ekki fengizt til að tala við fulltrúa bændanna um verðlagsmál. Þegar ekki hefur orðið samkomulag í verðlagsnefndinni á undanförnum árum, hefur hagstofustjóri kveðið upp úrskurð um, hver verðlagsgrundvöllurinn ætti að vera. Bændurnir hafa þannig einir allra stétta í þessu landi búið við gerðardóm um sitt kaup. Engin önnur stétt hefur til þessa dags viljað sætta sig við slíkt. Þegar upp úr slitnaði á s. l. sumri viðræðum fulltrúa neytenda og fulltrúa bænda í verðlagsnefndinni, vegna þess að neytendafulltrúarnir hurfu frá þeim viðræðum, þá hefði ekkert verið eðlilegra en hagstofustjóri hefði kveðið upp úrskurð um, hvert verðið ætti að vera, og báðir aðilar hefðu sætt sig við þann úrskurð. En þetta vildi páv. hæstv. ríkisstjórn ekki. Hún vildi ekki láta sér nægja, að bændur byggju við gerðardóm í kaupgjaldsmálum, heldur vildi hún skipa því með lögum, hvert kaup bænda skyldi vera, og þess vegna setti hún brbl. frægu, þar sem kveðið er svo á, að verðlagsgrundvöllurinn skuli óbreyttur vera til 15. des. n. k. Bændum einum allra stétta í land-

inu var þannig skipað að búa við sömu laun og áður, þrátt fyrir það þó að fyrir lægju útreikningar hagstofunnar um, að verðlagsgrundvöllurinn ætti að hækka um 3.18%.

Vinnuliðurinn í verðlagsgrundvellinum vegna kauphækkana hér í Reykjavík á s. l. ári hefði átt að hækka til samræmis í fyrra um 3.3%. En þegar efnahagslög fyrrv. stjórnar voru sett, var bændum neitað um þessa hækkun á kaupi sínu, og till. frá framsóknarmönnum á Alþingi um að taka þessi 3.3% inn í verðlagsgrundvöllinn var felld af stjórnarliðinu. Þessi 3.3% gera, miðað við ársframleiðslu meðalbús, 2200 kr. Til viðbótar því, að með þessu var bændum ekki unnað jafnréttis við aðrar stéttir, þá tel ég, að ólöglega hafi verið af þeim teknir 86 aurar af kjötkílói af framleiðslu ársins 1958, en það gerir á vísitölubú um 1500 kr., miðað við ársframleiðslu. Þarna sýnist mér þá að séu komnar um 3700 kr., sem ég tel, að rænt hafi verið af bændunum. Bændurnir eru taldir vera um 6000 í landinu, og við það mun vera miðað, þegar reiknaður er út verðgrundvöllurinn. Kemur þá í ljós, að þessi upphæð, sem þannig hefur verið af þeim tekin, er röskar 22 millj. kr.

Þá er eftir að líta á það, að stjórnin hefur mjög aukið niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum til þess að halda vísitölunni í skefjum. Hins vegar eru heimanotaðar vörur bænda ekki greiddar niður. Vegna hinna auknu niðurgreiðslna, sem munu nema á þessu ári talsvert á 2 hundrað millj. kr., er nú svo komið, að bændur leggja heimilum sínum til vörur, sem þeir sjálfir framleiða og eru af þeim ástæðum, sem ég nefndi, miklu dýrari en hinar niðurgreiddu vörur, sem neytandinn í borgum og bæjum þarf að greiða. Á þennan hátt er bóndinn ekki látinn sitja við sömu kjör og neytendur, og hljóta allir að sjá ranglætið, sem í slíku felst, þegar ein stétt er látin taka á sig miklu þyngri byrðar en aðrar.

Hvað þetta nemur miklu á meðalheimili, miðað við eitt ár, hef ég ekki gert tilraun til að reikna út, en ég hygg, að þar sé um stórfé að ræða, sem þannig er sparað til útgjalda fyrir ríkið, þannig að á þennan hátt séu bændur látnir taka á sig miklu stærri skatta en nokkrir aðrir vegna dýrtíðarinnar, og mun þar vera um nokkra milljónatugi að ræða.

Nú eru nokkrir dagar, þangað til brbl. falla úr gildi. Hvað þá tekur við, virðist eiga að vera leyndarmál þangað til. Hæstv. ríkisstjórn leggur á það áherzlu að losna við Alþ. til þess að þurfa ekkert tillit að taka til þess í þessu máli. Hún skirrist ekki við að brjóta þá hefðbundnu reglu að leggja brbl. fyrir þingið, en í staðinn skipar hún þingmönnum að fara heim og heimtar af þeim um leið, að þeir gefi henni heimild til fjárgreiðslna úr ríkissjóði.

Ég verð að segja, að mér finnst, að ekki megi nú minna vera en þingið heimili hæstv. ríkisstj. að borga til bænda úr ríkissjóði þau 3.18%, sem þeir eiga ótvíræðan rétt til að fá. Þess vegna er sú till. fram borin, sem ég er að mæla fyrir. Og ég vænti þess, að hún fái hér í þessari hv. d. góðar undirtektir og verði samþykkt. Mér fyndist, að það ætti að vera hæstv. ríkisstj. gleðiefni að finna það, að þingmenn vilja bændum vel. Þá getur ríkisstj., ef till. verður samþ. hér og hún fær greiðsluheimildina, sem till. fjallar um, sent bændum þessa greiðslu fyrir tímabilið frá 15. sept. til 15. des. núna fyrir jólin, og ég er viss um, að það mundi gleðja margt sveitaheimilið.

Stjórn Stéttarsambands bænda mótmælti brbl. kröftuglega og kallaði síðan saman aukafund Stéttarsambandsins. Þar var samþykkt ályktun, sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aukafundur í Stéttarsambandi bænda, haldinn í Reykjavík 30. sept. 1959, mótmælir harðlega því gerræði gagnvart bændastéttinni að ákveða með bráðabirgðalögum verðlag landbúnaðarvara og svipta bændur á þann hátt lögvernduðum samningsrétti þeirra og málskotsrétti til yfirdóms varðandi kaup þeirra og kjör.

Fundurinn krefst þess, að ríkisstj. hlutist til um, að yfirnefnd sú, sem um ræðir í 5. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði nú þegar gerð starfhæf, svo að fundinn verði nýr grundvöllur til að byggja verðlagningu á.

Fundurinn viðurkennir nauðsyn þess, að dregið sé úr verðþenslu, en neitar því, að það þurfi að leiða til aukinnar verðbólgu, þó að bændur fái þá verðhækkun, sem aðrar stéttir fengu fyrir ári. Þó getur hann eftir atvikum fallizt á, að frestað verði til 15. des. n. k. að láta koma til framkvæmda þá hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem bændum ber til samræmis við kauphækkun annarra stétta og vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar, síðan verðlag var ákveðið 15. sept. 1958. Að sjálfsögðu krefst fundurinn þess, að bændur fái fullar bætur frá ríkissjóði vegna þess mismunar á verðinu, sem fram kann að koma við úrskurð yfirdóms þann tíma, sem frestun verðhækkunarinnar gildir.

Verði ekki framangreindum kröfum fundarins fullnægt, felur fundurinn stjórn Stéttarsambands bænda að undirbúa sölustöðvun á landbúnaðarvörum til að mótmæla þeirri réttarskerðingu, sem bændastéttin og félagssamtök hennar eru beitt með þessum aðgerðum, og freista þess að fá henni hrundið á þann hátt."

Allir fulltrúarnir samþykktu þessa ályktun.

Þáv. hæstv. forsrh. svaraði samþykkt fundarins með bréfi 9. okt. Með leyfi hæstv. forseta — mun ég lesa seinni hluta bréfsins, en þar segir svo:

„Með brottför neytendafulltrúanna úr verðlagsnefndinni og neitun þeirra á því að tilnefna mann í yfirnefndina hefur skapazt ástand, sem ekki er gert ráð fyrir í lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. og nokkuð virðist geta orkað tvímælis um, hvernig við skuli bregðast. Ríkisstj. hefur talið, að eðlilegast sé að bíða með endanlega afgreiðslu málsins, þangað til hið nýkjörna þing kemur saman, og láta það skera úr. Þetta er þeim mun eðlilegra, þar sem upplýst er, að þetta mundi ekki valda neinum töfum að ráði á greiðslu bóta, ef samþykktar verða, enda og á það fallizt af fundi Stéttarsambandsins að fresta fram-

kvæmdum til 15. des. Ótímabærar ákvarðanir í þessu máli nú gætu einnig valdið óheppilegu kapphlaupi við launþegasamtökin, sem ríkisstj. telur höfuðnauðsyn að koma í veg fyrir. Að því hlýtur því að verða stefnt að leysa þessi mál öll með samkomulagi, þegar hið nýkjörna þing kemur saman, og einn þátturinn í því samkomulagi mun sjálfsagt verða að koma á þeirri skipan verðlagsmála landbúnaðarins, sem báðir aðilar, framleiðendur og neytendur, geta staðið saman að, eins og verið hefur. Virðist því eðlilegt að bíða aðgerða Alþingis."

Þannig hljóðaði seinni partur bréfs forsrh.

En mér sýnist nú, að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að gera mikið með það, sem í þessu bréfi stendur. Þess vegna er það, sem brtt. sú er flutt, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Með því að samþykkja hana fær Alþ. tækifæri til þess að taka fram fyrir hendur þeirrar hæstv. ríkisstj., sem nú situr og mér sýnist að hafi gert það að sínu fyrsta boðorði og takmarki að losa sig sem allra fyrst við hið nýkjörna Alþingi.

Í sumar héldu þessir sömu menn því fram, að hin nýja kjördæmaskipan mundi leiða til þess, að hér yrði mjög heilbrigt stjórnarfar.

Eins og hér hefur áður verið minnzt á í þessum umræðum, þá er það ískyggilegt tímanna tákn frá mínu sjónarmiði, að það skuli verða fyrsta verk hinnar nýju ríkisstj. að berjast fyrir því, að þingið fari heim, án þess að það fái nokkuð um það að vita, hvað hæstv. stjórn ætlar fyrir sér í efnahagsmálum.

Eftir nokkra daga falla úr gildi hin illræmdu bráðabirgðalög um kaupgjald bændanna. Hér hafa engin svör fengizt við því, hvað við taki, þegar þau eru úr gildi fallin.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í umr. á Alþ., að stjórnin hefði í hyggju að setja hér nýtt efnahagskerfi í landinu. Hann lét ekkert uppi um það, hvers konar efnahagskerfi þetta ætti að vera. Í rauninni hefur þessi þjóð um langan aldur búið við efnahagskerfi, ef efnahagskerfi skyldi kalla, sem er eins konar hrærigrautur úr kapítalisma og sósialisma, og mætti margt um það segja, bæði gott og illt. En hvaða efnahagskerfi er það, sem nú á að koma hér? Er það hreint ríkisrekstrarkerfi samkv. kenningum jafnaðarmanna, sem þeir hafa alls staðar í heiminum boðað, að koma skyldi, ef þeir fengju völd? Eða er það hið kapítalíska samkeppnishagkerfi, eitthvað t. d. svipað því, sem Bandaríkin hafa og Sjálfstfl. hér oft telur hið æskilegasta fyrirkomulag og hið eftirsóknarverðasta? Hvor stjórnarflokkurinn er það, sem ræður stefnunni, og hvað verður ofan á? Það er hin stóra spurning, sem fólkið í þessu landi veltir nú fyrir sér.

Sé það meiningin að framkvæma hér eitthvert nýtt efnahagskerfi, þá er það einkennilegt af þeim flokkum, sem það ætla að gera, að hafa ekkert á það minnzt í nýafstöðnum kosningum. Hvers vegna var þetta nýja efnahagskerfi ekki útlistað fyrir hv. kjósendum í kosningunum nú í haust, svo að þeir gætu þá tekið afstöðu til þess? Þá var ekki á þetta minnzt, svo að ég yrði var við.

En eitt atriði gæti þó gefið bendingu um, hvert stefnt verður. Það eru brbl. hæstv. ríkisstjórnar. Með þeim lögum voru bændur landsins a. m. k. um stundarsakir gerðir að hálfgildings þrælum, þar sem þeim var fyrir vinnu sína skammtað kaup með lögum, sem engri annarri stétt hefur verið skammtað á þann hátt. Þeir hafa því verið hálfgerðir ríkisþrælar síðan, og á þeirra bök hafa verið lagðar þyngri byrðar en annarra þegna þjóðarinnar, eins og ég með dæmum hef hér sannað. Á hið nýja hagkerfi, sem nú á að koma hér á, að byggjast upp á slíkum og þvílíkum aðgerðum? Og er það til þess að koma slíku í framkvæmd á fljótvirkan og auðveldan hátt, sem þingið er sent heim eftir fárra daga setu? Slíkar eru nú spurningar bæði alþingismanna og annarra þegna í þessu þjóðfélagi.

Ég vil að lokum taka undir þá kröfu, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) og fleiri hafa borið hér kröftuglega fram, að þessu þingi verði ekki frestað, fyrr en brbl. hafa fengið þinglega meðferð og tryggt hefur verið með lögum eða á annan hátt, að bændur njóti sama réttar um kaup og kjör og þeir hafa haft.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar og þá sérstaklega framsóknarmenn hafa gert brbl. að umtalsefni við þá umr., sem hér fer fram um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Mig undrar það, að hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) skuli flytja svona tillögu. Hann talaði um það hér áðan, að ef till. hans væri samþ., þá væri hægt að greiða bændum þetta, sem í till. felst, fyrir áramót og gleðja þá á þann hátt fyrir jólin. En hvers vegna orðar hann þá till. sína eins og hann gerir? Það er viðbótartillaga við bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, heimildartillaga. Er ekki ljóst, að hann ætlast til, að bændur bíði með að fá þetta greitt þangað til á næsta ári? Svona rökvillur má ekki láta sjást eða heyrast hér í hv. Alþingi, eins og fram kom hjá þessum hv. þm. og mér kom algerlega á óvart.

Svo er það annað, sem ég tel alveg sjálfsagt að upplýsa þennan hv. þm. og annan flm. till. um, og það er, að ríkisstj. hefur heimild til að bæta bændum þetta, sem á vantar. Það er vitanlega vegna þess, að hv. flm. hafa mikið traust á núv. ríkisstj., að þeir flytja þessa till. í heimildarformi, enda þótt þeir ímyndi sér, að ríkisstj. vanti heimildir. Ef þeir hefðu ekki treyst stjórninni til þess að standa við að bæta bændum það, sem á kann að vanta, þá hefðu þeir ekki flutt brtt. í heimildarformi, heldur hefðu þeir sagt: ríkisstj. skal greiða.

Þegar þetta er gegnumlýst, þá er augljóst, að hér er haldlaus vefur, sem ofinn er í því skyni að nota til áróðurs fyrir kjósendur og þá sérstaklega fyrir bændur landsins. Þetta er ónýtur vefur, sérstaklega fyrir hv. framsóknarmenn, þar sem ljóst er, hverja fortíð þeir eiga í sambandi við það að gera kjör bænda sæmileg. Og margir bændur spyrja í dag: Vildu ekki þessir hv. framsóknarmenn endur-

reisa vinstri stjórnina? Var það til þess að bæta okkar hlut? — Það er e. t. v. ástæða til þess að spyrja sérstaklega hv. 2. þm. Sunnl., *hvort hann hafi verið því fylgjandi eða ekki.* Ef hv. 2. þm. Sunnl. vildi lýsa því yfir, að hann hafi verið því mótfallinn að endurreisa vinstri stjórnina, þá væri hægt að taka nokkurt mark á því, að hann vildi bæta bændum það tap, sem þeir hafa orðið fyrir með brbl. En hafi hann verið talsmaður þess að endurreisa vinstri stjórnina, þá taka fáir mark á þessu orðagjálfri.

Þegar fortíð Framsfl. er gegnumlýst, þreifa bændur á og vita, hvernig að þeim var búið, þegar Framsfl. hafði stjórn landbúnaðarmálanna, án þess að Sjálfstfl. gæti haft þar hönd í bagga og áhrif með aðild að ríkisstj. Hvernig var það, þegar landbúnaðarverðinu var haldið niðri á árunum 1934 og þangað til sjálfstæðismenn komu í stjórn? Var ekki landbúnaðarverðinu haldið niðri, þangað til sjálfstæðismenn fengu tækifæri til þess að leiðrétta það? Skyldu bændur muna, að það var sú breytta aðstaða, að sjálfstæðismenn fengu aðstöðu til þess að lagfæra málin. Annars hefðu bændur mátt vera í kútnum áfram þrátt fyrir stríðið. Það er algerlega tilgangslaust að reyna að breiða yfir staðreyndirnar með tillöguflutningi eins og þessum. Sízt af öllu verður hægt að breiða yfir þær stóru syndir Framsfl. gagnvart bændastéttinni úr vinstri stjórninni. Og þegar hv. 2. þm. Sunnl. var hér áðan að tala um, að það væri verið að gera bændur að ríkisþrælum með þessum brbl., þá gleymir hann því, *að það var í tíð vinstri stjórnarinnar, sem hlutur bænda var sérstaklega fyrir borð borinn* og alveg ný regla var upp tekin að leggja skatta á bændur, án þess að þeir fengju nokkrar bætur fyrir. Þetta var ekki annarri stétt boðið. Það er þess vegna dálítil kokhreysti, þegar hv. framsóknarmenn hér í d. telja sig sérstaklega þess umkomna að gerast málsvarar bænda og vara við, þegar sjálfstæðismenn fara með þessi mál.

Ég hygg, að reynslan tali skýrast sínu máli og bændur geri sér ljóst, að með því að Sjálfstfl. hefur nú þeirra mál með höndum, þá þurfi þeir engu að kvíða í þessum efnum. Það er vitanlega ljóst, að það er hægara að leggja á skatta en létta þeim af. Það er hægara að koma á misræmi og rangindum en leiðrétta það, sem illa hefur verið gert og komið úr lagi. Það hlýtur að taka nokkurn tíma. En það skal verða stefnt í þá átt að lagfæra misfellurnar. Og það er enginn vafi á því, núv. ríkisstjórn hefur þá staðreynd í huga sér, að það dugir ekki að mismuna þjóðfélagsstéttunum. Það verður að búa þannig að þjóðfélagsþegnunum, að þeir, sem mest vinna, þeir, sem mest á sig leggja og við þrengstan kost búa, sem eru bændur, verkamenn og aðrar erfiðisstéttir þessa lands, að því verður að vinna að bæta þeirra kjör. En eins og hv. 2. þm. Sunnl. veit, þá eru það bændurnir, sem hafa lengstan vinnudag og lægst tímakaup. Þrátt fyrir þá staðreynd hefur verið lagður skattur á bændur, án þess að þeir fengju nokkuð á móti, þegar öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem tóku á sig þessa skatta, var sköpuð aðstaða til þess að standa undir sköttunum með sérstökum hætti. Þegar þarf að þrengja að, vegna þess að þjóðfélagsbyggingin stendur þannig, verður að stuðla að því, að byrðarnar komi réttlátlega niður.

Ég sagði hér áðan, að ríkisstj. hefði heimild til þess að bæta bændum upp það tap, sem þeir kunna að verða fyrir vegna brbl. Hv. framsóknarmenn hafa haldið því fram, að við höfum verið píndir til þess að leggja brbl. fram, vegna þess að alltaf hafi verið eftir þeim kallað. Það er þó vitað mál, að frá fyrstu hefur ríkisstj. ákveðið að fara að lögum hvað þetta mál snertir eins og öll önnur, þá vitanlega með því að leggja frv. fram. Hv. framsóknarmenn gleyma því, að það dróst ekki minna en þrjá mánuði á árinu 1957 að leggja fram brbl., sem vinstri stjórnin stóð að. En nú er ekki enn nema hálfur mánuður, síðan Alþingi var sett, og brbl. hafa verið lögð fram í dag og fengið þinglega meðferð. Það, sem hv. framsóknarmenn harma, er það, að brbl. skuli renna út 15. des. Þeir harma það að hafa ekki nægan tíma til þess að rífast um þessi lög og gera ágreininginn dýpri og meiri um þetta mál en þarf að vera. Það er vitað, að nú er verið að vinna að samkomulagi í þessum málum. Það er verið að vinna að því að bæta úr því, sem illa fór s. l. sumar.

Bæði bændur og neytendur sögðu upp verðlagsgrundvellinum á þessu ári. Sex manna n. gat ekki komið sér saman um að reikna út verð landbúnaðarvara s. l. sumar. Það var ekki unnt, vegna þess að neytendur vildu ekki taka þátt í yfirdómnum og gera hann gildandi, eins og lögin um framleiðsluráð eru úr garði gerð. Og er það að vísu galli á þeim lögum, að ekki skuli vera gert ráð fyrir þeim möguleika, að neytendur eða framleiðendur neiti að fylla yfirdóminn. Nú er verið að vinna að því að koma 6 manna nefndinni á laggirnar og fá hana til þess að taka upp störf á ný. En takist það ekki, þá verður reynt að fá yfirdóminn skipaðan eins og lög gera ráð fyrir og finna þannig nýjan grundvöll að verði landbúnaðarvara, en það ber að gera og það verður að gera. Það var ágreiningur í 6 manna nefndinni. Fulltrúar bænda töldu, að verðið ætti að hækka um 5%. Fulltrúar neytenda töldu, að verðið ætti að lækka. Ég býst við, að hv. 2. þm. Sunnl. og mér, sem erum kunnugir rekstrarafkomu bændanna og þeim aukna rekstrarkostnaði, sem hefur hlaðizt á þann atvinnuveg undanfarið, okkur þyki báðum ósennilegt, að hinn nýi grundvöllur í verðlaginu verði lægri en sá gamli. Það þykir okkur ábyggilega ótrúlegt. Það er ótrúlegt, ef grundvöllurinn á ekki að hækka. En um það skulum við ekki fullyrða neitt samt sem áður, en mér er kunnugt um, að fulltrúar bænda munu sætta sig við úrslit yfirdómsins, að hverju sem hann leiðir.

Það hefur stundum verið talað um, að bændur sýndu fullan þegnrétt, og það má til sanns vegar færa. Það væri að vissu leyti eðlilegt, að bændur hefðu fullan sjálfsákvörðunarrétt

um verðlag á afurðum sínum. En eins og nú er háttað í okkar atvinnulífi, að bændur hafa fengið uppbætur á útfluttar afurðir og niðurgreiðslu á þær vörur, sem seldar eru innanlands, þá hefur bændum ekki þótt fært að gera kröfu um það, að þeir mættu einir ráða verðinu. Ég hygg þó, að þótt bændur hefðu þennan rétt, þá mundu þeir ekki misnota hann, af þeirri einföldu staðreynd, að þeir mundu gera sér ljóst, að það væri áhættusamt fyrir þá að setja verðlagið of hátt, það gæti leitt til þess, að minna seldist en ella.

En þetta er ekki til umræðu. Það er aðeins til umræðu, hvernig á að fullnægja gildandi lögum, að koma 6 manna nefndinni af stað, fá hana til að vinna, og ef það tekst ekki, að hún nái samkomulagi, þá að fullgilda yfirdóminn. Ég geri mér vonir um, að þetta geti tekizt, og tel þá, að það sé sú lausn, sem báðir aðilar óska eftir og telja bezta, bæði bændur og neytendur. Þá þurfum við ekki að harma, þótt þessi brbl. fái þá meðferð, sem framsóknarmenn óttast að þau fái, að þau renni út 15. des., því að þegar þessi lög eru runnin út, þá eru það framleiðsluráðslögin, sem eru í gildi og taka við, hafi þessi lög ekki fengið samþykki á Alþingi. Hafi þau ekki fengið samþykki á Alþ., þá hafa þau ekki fengið stuðning, hvorki okkar sjálfstæðismanna né annarra. Það er þess vegna misskilningur hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. (GíslG), þegar hann talar um, að við sjálfstæðismenn veitum þessum lögum stuðning, ef þau renna út 15. des. án þess að hafa fengið fullnaðarafgreiðslu í Alþingi. Hvers konar málflutningur er þetta? Það, sem verður að gerast, þegar lögin renna út, er, að 6 manna nefndin vinni eða yfirdómurinn verði skipaður. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að bændur eru tilbúnir til þess að tilnefna fulltrúa í yfirdóminn, eins og lög mæla fyrir. Ég er líka hér um bil sannfærður um, að neytendur afsala sér ekki þeim rétti að eiga fulltrúa í yfirdóminum. Ég hygg því, að þessi deila um landbúnaðarverðið muni leysast á farsælli og heppilegri hátt en gefið hefur verið í skyn hér af hv. framsóknarmönnum. Það er samkomulagsvilji á milli neytenda og framleiðenda, og það er mín sterka von, að samkomulag náist.

Ég tel, að það sé ekki ástæða til að vera að karpa mikið um þessi lög hér í sambandi við það mál, sem nú er til umræðu. Ég efast ekki um, að í sambandi við þingfrestunartillöguna verður málið einnig á dagskrá, og gefst þá ef til vill tækifæri til þess að ræða það nánar. Ég er viss um, að bændur landsins harma það ekki, þótt þessi lög fái ekki fullnaðarafgreiðslu á Alþingi, og það þarf ekki að sannprófa það, hvort við sjálfstæðismenn stöndum við okkar yfirlýsingar frá því í haust, með því að karpa um málið hér. Afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessara laga er óbreytt frá því, sem hún var í haust, — alveg óbreytt, — og þess vegna er ekki um það að ræða, að við styðjum þessi lög, þótt við leggjum þau fram hér á þingi, til þess að þau fái þinglega meðferð og lögum og þingvenju sé fullnægt. En við sjálfstæðismenn teljum skyldu okkar að freista þess að leysa þetta mál á friðsamlegan hátt á þann veg, að neytendur og bændur geti orðið sáttir. Það er ljóst, að það eru hagsmunir beggja þessara aðila, að það geti komizt á sættir á milli þeirra, að sú sundrung og það djúp, sem skapaðist á milli þessara aðila í sumar, verði brúað, og ég er sannfærður um, að bændur landsins vilja stuðla að því. Ég veit, að ýmsir í stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráði vilja einnig stuðla að því. Hitt er svo annað mál, hvort hv. þm. Framsfl., sem hafa hugsað sér að gera sér pólitíska mat úr þessu máli, eru á sama máli og bændur og hinir réttu fulltrúar þeirra. Það er annað mál. Ég tek ekki svo alvarlega, hvað þeir segja, þessir pólitíkusar Framsfl., sem áreiðanlega hafa ekki fyrst og fremst hagsmuni bænda fyrir augum. Ég tek meira mark á því, sem stjórn Stéttarsambandsins segir og fulltrúar bænda í framleiðsluráði, og það er þess vegna, sem ég hef snúið mér til þeirra með þetta mál og leitað samkomulags við þá.

Ég býst við, að flestir hv. þm. hafi tekið eftir því, að sumir þm. Framsfl. hneyksluðust á því hér fyrir nokkrum dögum, þegar ég minntist á Stéttarsambandið og framleiðsluráðið, að ég hefði rætt við það um þetta mál. Það fannst einum hv. þm. Framsfl., sem talaði hér í nótt, alveg fjarstæða. Það eru þm. Framsfl., sem hann vildi láta tala við, pólitíkusarnir, sem eru hér með klæki og yfirskin og telja sig þess umkomna að vera hinir einu málsvarar bænda, enda þótt allar staðreyndir um verk þeirra á fyrri árum vitni gegn þeim.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara langt út í að svara ræðu hæstv. landbrh., sem hann var nú að enda við að flytja. Ég kemst þó ekki hjá því að víkja að örfáum atriðum í ræðu hans, og þykir mér það falla vel saman, að hann er að brigzla okkur þm. Framsfl. og nefna okkur pólitíkusa og að við notum pólitíska klæki, en hann vilji tala við framleiðsluráð um þessi mál. En það vill svo vel til, að ég er þá bæði einn af pólitíkusunum og í framleiðsluráði, svo að líklega vill hæstv. ráðh. tala við aðra hliðina á mér um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði heimild til þess að bæta bændum upp tjónið, sem þeir verða fyrir af bráðabirgðalögunum, og afstaða Sjálfstfl. væri óbreytt frá í haust, hann væri á móti lögunum. Það er nú búið að færa hér í hv. deild allsterk rök að því, að Sjálfstfl. hefur ekki getað verið óslitið á móti lögunum, því að þá hefðu þau aldrei verið sett, sbr. yfirlýsingu hæstv. fyrrv. forsrh. um, að Sjálfstfl. verði fyrrv. hæstv. ríkisstj. falli þrátt fyrir brbl. Það er ekki hægt sama daginn að vera bæði með og móti sama máli. En út af þessu vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Úr því að hann telur, að ríkisstj. hafi heimild til að bæta bændum tjónið af brbl., hvers vegna hlutaðist hann ekki til um, að það væri tafarlaust gert, þegar hann komst í þessa ríkisstj., og hvers vegna beitti hann ekki áhrifum sínum, áður en hann komst í ríkisstj., sem þm. Sjálfstfl. og fulltrúi bænda,

að Sjálfstfl. fylgdi þeirri stefnu, sem hæstv. ráðh. segir nú að Sjálfstfl. hafi alltaf haft?

Þá er það alrangt, sem hæstv. landbrh. sagði, að Framsfl. hefði haldið búvöruverðinu niðri 1934—39. Mun ég koma að því ofur lítið nánar síðar í ræðu minni.

Hæstv. ráðh. sagði, að reynslan talaði skýrast. Rétt er það. Bændur hafa reynslu af forustu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, og hún er allt önnur en hæstv. ráðh. vildi hér vera láta. Það þýðir lítið að tala svo hér á þessum stað. Reynslan talar skýrast.

Mál það, er hér liggur fyrir á þskj. 16 um greiðsluheimild fyrir hæstv. ríkisstj. til febr.-loka n. k., er út af fyrir sig eðlileg. En það eru vinnubrögðin, sem hæstv. ríkisstj. stofnar til hér á hinu háa Alþingi, sem eru ekki eðlileg. Það er búið að tala hér allrækilega um þau undanfarna daga, og mun ég því ekki eyða miklum tíma í að bæta þar við. En það er vegna þessara einstöku vinnubragða hæstv. ríkisstj. að vilja losna við þingmennina, áður en brbl. um verðlag landbúnaðarvara, er staðfest voru norður í Vatnsdal, — það er dálítið táknrænt, að það skyldi vilja svo til, að þau væru staðfest úti í sveit, — voru staðfest norður í Vatnsdal hinn 18. sept., falla úr gildi, sem við hv. 2. þm. Sunnl. höfum lagt fram brtt. á þskj. 46 við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir fyrir nokkrum dögum hér á hinu háa Alþingi, að þm. mættu treysta því, að það yrði farið með brbl. í einu og öllu eftir þingræðisreglum og stjórnarskrá. Ég vil þakka þessa yfirlýsingu, ef við hana verður staðið. En það er beðið eftir því, að það verði sýnt í verki, hversu þingræðisleg meðferð brbl. verður. Frv. kom að vísu á borðin til okkar áðan, og er það vissulega fyrsta skrefið til þingræðislegrar meðferðar, þótt fyrr hefði mátt vera, og næstu dagar munu leiða í ljós, hve mikil alvara býr þar á bak við.

Það er ekki úr vegi að rifja upp í stuttu máli þróun verðlagsmála landbúnaðarins undanfarin ár, enda nauðsynlegt til fulls skilnings á því ástandi, sem nú ríkir, að hafa í huga sögu undanfarandi ára í verðlagsmálunum.

Fram til ársins 1934 hafði verðlag sauðfjárafurða svo til einvörðungu farið eftir verðlagi á erlendum markaði, en verðlag mjólkur og mjólkurvara miðaðist aðallega við framboð og eftirspurn á skipulagslausum innlendum markaði. Árin eftir 1930 var viðskiptakreppa hér í landi sem víðar, og fóru bændur ekki varhluta af áhrifum hennar fremur en aðrar stéttir, enda greip þá ríkisvaldið inn í. Á árinu 1934 voru sett tvenn brbl.: önnur um kjötsöluna, hin um mjólkursöluna. Samkvæmt kjötsölulögunum skyldi landinu skipt í ákveðin verðlagssvæði og sérstakri nefnd, kjötverðlagsnefnd, falið að ákveða bæði heildsölu- og smásöluverð á kjöti á hverju þessara verðlagssvæða. Svipað fyrirkomulag var á mjólkursölunni: landinu skipt í verðjöfnunarsvæði og sett verðjöfnunargjald á selda mjólk og rjóma til að verðbæta vinnsluvörur úr mjólkinni. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að þessi brbl. voru hvor tveggja lögð fyrir Alþingi, svo sem skylt var, og staðfest í ársbyrjun 1935 og hétu þá: lög um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturafurðir og ákveða verðlag á þeim og lög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma. Markmið laganna var jöfnum höndum að tryggja neytendum næga og góða vöru og framleiðendum öruggara verð, sem m. a. náðist með því að lækka verulega dreifingarkostnað varanna. Verðlagning varanna var í höndum fimm manna nefndar, en ekki Framsfl. Nefndarmenn voru skipaðir fulltrúum bæði neytenda og framleiðenda. Þetta skipulag stóð fram á valdatímabil utanþingsstjórnarinnar 1942—44, en þá var, eins og kunnugt er, ört vaxandi verðbólga, því að á rúmlega hálfu ári 1942 hækkaði vísitalan um 89 stig undir stjórn hæstv. núv. forsrh., — en þá voru líka steiktar gæsir á flugi.

Til þess að finna lausn á því vandamáli, hvernig stöðva mætti áframhaldandi verðþenslu, var svo sumarið 1943 samkv. lögum nr. 42 þ. á., um dýrtíðarráðstafanir, skipuð svokölluð sex manna nefnd, er var falið það hlutverk að finna eðlilegt hlutfall milli kaupgjalds og afurðaverðs, og skyldi þetta svo vera grundvöllur verðlagningar landbúnaðarvara. Í þessa nefnd voru valdir tveir sérfróðir embættismenn, hagstofustjóri og form. búreikningaskrifstofu ríkisins, af hálfu hins opinbera, tveir fulltrúar tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands og tveir af hálfu launþegasamtakanna. Í áðurnefndum lögum um dýrtíðarráðstafanir var svo ákveðið, að n. ætti að finna hlutfall milli verðlags landbúnaðarafurða og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðaðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. En í framkvæmdinni hefur það reyndar orðið svo, a. m. k. síðari árin, að kaup bændanna hefur verið miðað við kaup Dagsbrúnarverkamanna einna, en ekki meðaltal af kaupi þeirra og annarra launahærri stétta. Með þessari lagagrein er lagður grundvöllur að jafnrétti bændastéttarinnar við aðrar stéttir, þótt á ýmsu hafi oltið síðan um jafnréttið, og mun ég koma lítillega að því síðar.

Svo giftusamlega tókst þessari sex manna nefnd, að hún varð sammála um grundvöll þann, sem henni var ætlað að finna. Eftir að grundvöllurinn var þannig fenginn, var það svo hlutverk hagstofunnar samkv. dýrtíðarlögunum frá 1943 að reikna út sérstaka verðlagsvísitölu fyrir landbúnaðarvörur, og skyldu þær svo verðlagðar í samræmi við það, þannig að bóndinn fengi í sinn hlut í samræmi við aðrar vinnandi stéttir.

Haustið 1944, er fyrsta landbúnaðarvísitalan var reiknuð út, reyndist hún vera 109.4 stig, og bar því að hækka landbúnaðarvörur svo, að kaup bændanna gæti hækkað um 9.4%. Þegar þetta var, var að setjast að völdum svokölluð nýsköpunarstjórn með meiri auðæfi milli handa en nokkur önnur ríkisstj. á landi hér fyrr og síðar. Sjálfsagt hefur hún viljað vel, ætlað mikið að gera, láta þjóðinni verða mikið úr stríðsgróðanum, ætlað að verða góð

stjórn, en fara að öllu með gát, því að ekki máttu bændur fá þessa hækkun á vöruverðinu og þar með bæta kjör sín. Enn var vaxandi dýrtíð í landinu, og nú ætlaði nýja stjórnin að stöðva hækkanirnar og hafði ýmsan undirbúning, áður en hún settist í stólana. M. a. var kallað saman aukabúnaðarþing, en Búnaðarfélag Íslands var þá í forsvari fyrir bændastéttina í verðlagsmálunum, því að þá var Stéttarsamband bænda ekki stofnað. Búnaðarþingið var fengið til þess að gefa 9.4% verðhækkunina eftir gegn loforði um, að kaupgjald hækkaði ekki.

Það fór að vísu á annan veg. Þegar búið var að ákveða verðlag landbúnaðarvara óbreytt, hækkaði kaupgjald annarra stétta. Bændastéttin hafði lagt sinn hlut til viðreisnar fjárhagskerfi landsins, en sat eftir með svikin loforð, enda hafði nú annað gerzt. Hin nýja stjórn, nýsköpunarstjórnin, hafði fundið upp nýtt lögmál. Ég segi: nýtt lögmál, því að þegar litið er yfir Morgunblaðið frá þessum árum, sést, að um algera stefnubreytingu er að ræða. Áður hafði Morgunbl. varla átt nógu sterk orð til þess að lýsa þeirri bölvun, sem stafaði af vaxandi dýrtíð og verðbólgu, en í kringum áramótin 1944 og 1945 er dýrtíðin farin að hafa sínar „björtu hliðar". Í þingræðu sem þáv. hæstv. fjmrh. flutti 5. des. 1944, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„En hinu má heldur ekki gleyma, að dýrtíðin hefur sínar björtu hliðar. Dýrtíðin hefur sem sé verið notuð beinlínis sem miðill til þess að dreifa stríðsgróðanum meðal landsmanna, og hefur hún á þann hátt orðið áhrifamikil til þess að jafna tekjur á milli stétta þjóðfélagsins."

Og Morgunblaðið sagði 19. jan. 1945:

„Frá stríðsbyrjun og fram á þennan dag hefur dýrtíðin beinlínis verið notuð sem miðill til þess að dreifa stríðsgróðanum milli landsmanna."

Margar fleiri tilvitnanir þessu líkar væri hægt að nefna, en ég læt þetta nægja. Þetta var líka nýsköpun.

Sumarið 1945 var tekin upp ný skipan í verðlagsmálunum. Þá var sett á stofn með brbl. búnaðarráð 25 manna, er hafði eiginlega það verkefni eitt að kjósa fjóra menn í verðlagsnefnd landbúnaðarvara, en form. ráðsins var sjálfkjörinn í verðlagsnefndina. Kjötverðlagsnefnd og mjólkurverðlagsnefnd voru hins vegar lagðar niður. Það er satt að segja ekki furða, þótt hæstv. landbrh. eigi góðar minningar frá þessum tíma og geti varla trúað öðru en það hafi verið Framsfl., sem hélt verðinu niðri árin á undan, svo giftusamlega tókst til á þessum árum. Búnaðarráðsmennirnir voru skipaðir af landbrh. án tilnefningar annarra aðila, og til vonar og vara, sem ekki var ástæðulaust né óþarft, var í búnaðarráðslögunum kveðið svo á, að það væri borgaraleg skylda að taka sæti í ráðinu og sitja fundi þess. Það var fyrir fram séð, hversu vinsælt það yrði.

Búnaðarráð starfaði í tvö ár og byggði verðlagninguna að nokkru leyti á grundvelli sex manna nefndar álitsins, en ekki voru þau 9.4%, sem búnaðarþing gaf eftir, tekin inn í verðlagninguna þessi árin. Búnaðarráði þótti sem sé ekki þörf á að dreifa neinu af stríðsgróðanum til bændastéttarinnar, enda var það í fullu samræmi við alla meðferð nýsköpunarstjórnarinnar á stríðsgróðanum.

Árið 1947 voru svo sett lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og sölu landbúnaðarvara o. fl. Samkv. þeim lögum var nýrri sex manna nefnd falið að finna grundvöll verðlagningarinnar, og skyldi Stéttarsamband bænda, er þá var nýlega stofnað, tilnefna þrjá menn í nefndina, en Alþýðusamband Íslands, Sjómannafélag Reykjavíkur og Landssamband iðnaðarmanna tilnefna sinn manninn hvert fyrir hönd neytenda. Ef ekki yrði samkomulag í nefndinni, átti þriggja manna yfirnefnd eða gerðardómur, skipaður einum manni frá framleiðendum, einum frá neytendum og hagstofustjóra sem oddamanni, að ákveða verðlagsgrundvöllinn. Framleiðsluráð ákveður hins vegar vinnslu- og dreifingarkostnað varanna og annast hina endanlegu verðlagningu.

Í 12 ár hefur verðlagning landbúnaðarvara farið fram eftir þessum lögum, árekstralaust. Það er að vísu ekki nema stundum, sem sex manna nefndin hefur náð samkomulagi. En þegar það hefur ekki orðið, hefur gerðardómurinn tekið við, og báðir aðilar hafa allt til þessa árs sætt sig við úrskurði hans.

Ég hef litið svo á, að þetta samstarf fulltrúa neytenda og framleiðenda í sex manna nefndinni væri heilladrjúgt, samstarfið mundi auka gagnkvæma þekkingu og skilning á kjörum og aðstöðu þessara fjölmennustu og þýðingarmestu stétta þjóðfélagsins. Það er höfuðnauðsyn, að þessar stéttir þjóðfélagsins viti það og skilji, að hvorug getur án hinnar verið, að það er sameiginlegur hagur þeirra beggja og allrar þjóðarinnar, að þeim vegni báðum vel. Það er lífsnauðsyn neytendastéttunum, að hér sé gnægð góðra landbúnaðarafurða, en það getur ekki orðið, nema í sveitunum sé rekinn blómlegur landbúnaður, og blómlegur landbúnaður verður ekki rekinn, nema neytendur hafi nægja kaupgetu til þess að geta veitt sér framleiðslu landbúnaðarins. Það hvílir því mikil ábyrgð á þeim fulltrúum stéttanna, sem með verðlagsmálin og verðlagsgrundvöllinn fara.

Bændastéttin er eina stéttin í þessu landi, sem hefur búið við skertan rétt til þess að ákveða sjálf kaup sitt og kjör, þar sem gerðardómur sker úr, ef ekki næst samkomulag við fulltrúa neytenda um verðlagsgrundvöllinn. Vafalaust er þetta ákvæði, gerðardómurinn, komið inn í framleiðsluráðslögin fyrir áhrif frá neytendum, því að ekki hafa bændur óskað eftir því fyrirkomulagi, að þeir einir ættu sitt undir gerðardómi. Það er því alveg furðulegt, að það skyldu verða neytendasamtökin eða nánar tiltekið stjórnir þeirra félagssamtaka neytenda, er tilnefna menn í sex manna n., er verða til þess að gera þessa merku löggjöf um samstarf framleiðenda og neytenda óvirka með því að leggja fyrir fulltrúa sinn í sex manna n. að hætta þar störfum 17. sept. s. l.

Þeirra eina afsökun á slíku glapræði er, að þeir hafa ekki gert sér ljóst, hvað af gæti hlotizt og nú er fram komið, þar sem eru brbl. hæstv. ríkisstj. frá 18. sept. s. l. Ég óska samtökum launastéttanna þess af heilum hug, að þau þurfi aldrei að standa frammi fyrir sams konar gerræði af hálfu ríkisvaldsins og bændur standa nú. Það má öllum ljóst vera, að takist þetta tilræði við bændastéttina, er þar með opnuð leið til sams konar aðgerða gegn hverri annarri stétt þjóðfélagsins, hvenær sem ofbeldisgjörn ríkisstjórn teldi sér það henta. Það er ekki hægt að trúa því að óreyndu, að nokkur stétt þjóðfélagsins vilji, að slíkt fordæmi sé fyrir hendi.

Þótt kjaraskerðing sú, sem bændur munu verða fyrir af brbl., komi sér að sjálfsögðu illa, er það ekki aðalatriði þessa máls. Hitt er aðalatriði, að á þeim er brotinn skýlaus réttur, lagalega viðurkenndur réttur, sem hefur verið lögfestur síðan 1943, að þeir skuli bera svipað úr býtum fyrir sitt erfiði og aðrar vinnandi stéttir. En með brbl. eru raunverulega felldar úr gildi þrjár greinar í framleiðsluráðslögunum, sem um það fjalla, að bændur beri svipað úr býtum og aðrar vinnandi stéttir, og þar með jafnréttisákvæðið. Hin skjótu viðbrögð fyrrv. hæstv. ríkisstj. að setja þessi brbl. strax daginn eftir að félagssamtök neytenda leggja fyrir fulltrúa sína í sex manna nefndinni að hætta störfum benda ótvírætt í þá átt, að þar hafi samstarf á milli verið, að hæstv. ríkisstj. hafi sjálf skapað þetta tilefni til setningar brbl. Óneitanlega hefði verið eðlilegast, þar sem hér var um hreint lagabrot að ræða frá hálfu neytendasamtakanna, að hætta störfum í sex manna n., að hæstv. ríkisstj. hefði sett brbl., sem hefðu gert sex manna n. og gerðardóminn starfhæfan. Framleiðsluráðslögin kveða svo á, að þessir aðilar skuli nefna menn í sex manna n. og gerðardóminn. Það er ekki hægt annað að sjá, bæði af þessum viðbrögðum hæstv. fyrrv. ríkisstj. og setningu laganna um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. frá 30. janúar s. l., en það hafi verið markvís stefna hennar og þeirra aðila, sem hana studdu, að gera hlut bændastéttarinnar lakari en annarra stétta. Við setningu þeirra laga var sá háttur upp tekinn, að skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun til togarasjómanna miðast við, skyldi breytast í samræmi við vísitölu hvers tíma án nokkurra takmarkana. En afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara mátti hækka aðeins ársfjórðungslega og því aðeins, að vísitalan hækkaði um tvö stig minnst. Og þá var einnig vísitölunni breytt þannig, að áður var hún 185 stig, en nú færð í 100, svo að þessi 2 stig, sem nú þarf til þess, að verð landbúnaðarvara megi breytast, jafngilda 3.7 stigum áður, og gæti verið um veruleg afföll að ræða á landbúnaðarvöruverðinu. Með þessu eru framleiðendur landbúnaðarafurða settir skör lægra en sjómennirnir, en áður höfðu báðar þessar stéttir búið við hið sama að því leyti, að afurðaverð þeirra var ákveðið til eins árs í senn. Gagnvart framleiðendum landbúnaðarvara bættist svo það, að þegar samið var um verðlagsgrundvöllinn 1958, var gert ráð fyrir, að Dagsbrúnarkaupið hækkaði um 6%, og grundvöllurinn byggður á því. Reynslan varð hins vegar sú, að Dagsbrúnarkaupið hækkaði um 9.5%, og voru því framleiðendur landbúnaðarvara hlunnfarnir um 3½% af kaupi sínu eða 3.18% af afurðaverðinu í heild. Það er að vísu rétt, að samkv. framleiðsluráðslögunum var ekki skylt að bæta framleiðendum landbúnaðarvara þetta, fyrr en nýr verðlagsgrundvöllur kæmi á þessu ári. En þegar sjómennirnir höfðu fengið hliðstæða lagfæringu á s. l. vetri, var það a. m. k. réttlætismál, að þessi leiðrétting yrði gerð, um leið og niðurfærslulögin voru sett á s. l. vetri. En hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar voru á annarri skoðun. Hlutur bændastéttarinnar skyldi að þeirra áliti gerður lakari en annarra stétta. Jafnvel Sjálfstfl., sem nefnir sig flokk allra stétta og telur, að sér einum sé til þess trúandi að gæta hagsmuna bændanna og sveitanna, gat ekki unnt bændum jafnréttis í þessu máli. Varla er þó rétt, a. m. k. eftir síðustu ræðu hæstv. landbrh., að þvertaka fyrir það, að Sjálfstfl. hafi á þeim tíma gert ráð fyrir, að bændur fengju leiðréttingu með verðlagsgrundvellinum s. l. sumar, þótt viðbrögðin yrðu önnur, þegar til kom, þegar hann studdi hæstv. fyrrv. ríkisstj. til þess að setja brbl. 18. sept. s. l. Þar vann hann það „fyrir vinskap manns að víkja af götu sannleikans". Vinskapurinn, skyldleikinn við Alþfl. mátti sín þar meira en styðja að því, að bændastéttin fengi að njóta landslaga.

Réttlætiskennd Sjálfstfl. í garð bændastéttarinnar hefur jafnan átt sín takmörk. Það sýnir sagan. Hinu kemst hann eðlilega ekki hjá sem allra stétta flokkur, að tala blíðlega til þeirra, bæði á mannfundum og í Morgunblaðinu. Yfirlýsingar þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl. út af brbl. eru einstök plögg, sem vakið hafa mikla eftirtekt úti um landið vegna þess, hve vandræðaleg þau eru. Öll meðferð þess máls síðan í sept. s. l., yfirlýsingar Sjálfstfl., skrif í Morgunbl. og það, sem gerzt hefur hér á hinu háa Alþingi, sýnir ljóslega, að Sjálfstfl. stendur á glóðum. Og ylurinn af þeim glóðum er farinn að leita óþægilega upp eftir líkamanum síðustu dagana, það sýndu viðbrögð stjórnarliðsins s. l. nótt.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu, en vil að lokum endurtaka það, sem ég áðan sagði. Það er beðið eftir því, bæði hér á hinu háa Alþingi og úti um landið, að hæstv. ríkisstjórn sýni í verki yfirlýsingu hæstv. dómsmrh., að meðferð brbl. verði í einu og öllu eftir þingræðisreglum og stjórnarskrá, og framleiðendur landbúnaðarvara bíða líka eftir og munu fylgjast vel með, hvort og hvernig Sjálfstfl. stendur við þær yfirlýsingar sínar, að framleiðendum landbúnaðarvara verði bætt þau 3.18%, sem þeir eru búnir að eiga inni árlangt.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði hér eða réttara sagt neitaði nú að svara þeim spurn-

ingum, sem ég lagði fyrir hann. Hann endurtók þá gömlu fullyrðingu sína, að það mundi vanta 200—300 millj., án þess að koma nokkuð nánar inn á það, og lýsti því yfir, að hann mundi ekki láta fram fara 1. umr. fjárlaga og flytja sína skýrslu. M. ö. o.: það er alveg greinilegt, að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. vill ekki ræða efnahagsmálin við Alþingi nú. En mér er spurn: Eru þeir að ræða við aðra um þessi efnahagsmál? Eru þeir að ræða t. d. við útlenda aðila um, hvaða stefnu eigi að marka Íslandi um, hvaða nýtt efnahagskerfi, svo að ég noti orð hæstv. fjmrh., eigi að taka upp? Ég leyfi mér að spyrja: Er verið að ræða við alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Hafa staðið yfir samningar um, hvað gera skuli í gjaldeyrismálum Íslands, gengi og mynt, á næstunni? Ég leyfi mér að spyrja: Hefur verið rætt við Alþjóðabankann um, hvað eigi að gera í þessum málum, og standa yfir samningar um það? Ég leyfi mér að spyrja: Hafa verið starfandi 2 sérfræðingar Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, og eru þeir hér á Íslandi til að athuga um, hvað íslenzka ríkisstjórnin eigi að gera á næstunni? Er máske búið að gefa öllum þessum aðilum skýrslu? Vill hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. ekki gefa Alþingi skýrslu um þessi mál, hvernig þetta stendur? Er kannske nú þegar búið að ákveða, — ég vil ekki segja nýja mynt, en nýja seðla a. m. k. með dollaralagi, — kannske með mynd af Bessastöðum á bakhliðinni, — er kannske búið að prenta þá nú þegar? Er verið að ræða um þetta við alla mögulega aðra aðila: í París, Washington, New York — og kannske látið prenta í London? En Alþingi Íslendinga, það er aðilinn, sem ekki má ræða við?

Við náttúrlega getum ekki knúið hæstv. ríkisstj. til þess að gera neitt í þessum málum. Eins og við höfum okkar málfrelsi, þá hefur hún náttúrlega sitt frelsi til þess að breyta eins og henni þóknast. Og við verðum þess vegna að bíða og sjá. Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta kæmi allt saman fram, þegar ríkisstj. leggur sínar till. fyrir eftir áramót. Það er einmitt það, sem við óttumst. Við óttumst nefnilega, að þegar ríkisstj. leggur sínar till. fyrir eftir áramót, þá sé ekki lengur hægt að koma neinu viti fyrir hana, þá sé hún búin að semja við útlenda aðila, beygja sína eigin þingmenn — og láti svo alla vitleysuna dynja hér á Alþingi, og þá kemur hennar metnaður og hennar stolt, að nú megi engu breyta. Þetta er hættan, sem við vildum afstýra. Þess vegna vildum við reyna að fá hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. til að segja við okkur núna: Við erum ekki búnir að ákveða neitt, en satt að segja er ástandið svona og svona ljótt og okkur líst svona og svona illa á þetta. Okkur hefur verið að detta í hug, að ef til vill væri hægt að gera þetta. — Ef hæstv. ríkisstj. segði þetta, — ég veit nú nokkurn veginn, að enn þá er hún efins í, hvað hún eigi að gera, en bara er að hlusta á slæm ráð, og hættan er, eins og vanalega, að hún fari eftir þeim, — ef hún hefði komið fram með allar sínar bollaleggingar hér núna, þá hefði verið hægt að gefa henni góð ráð.

En nú hefur það meira að segja verið þannig, að þau góðu ráð, sem við höfum reynt að þylja hér yfir hæstv. ríkisstj., hafa meira að segja að mestu leyti farið fram hjá hæstv. fjmrh.

Ég spurði um hið nýja efnahagskerfi, og hæstv. fjmrh. sneri sig ákaflega þægilega út úr því. Hann las upp stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, og raunar hafði ég einmitt gert hið sama kvöldið áður, kvöldið góða, þegar hann vantaði. Þá las ég upp stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar eða meginið úr henni til þess að sýna fram á, að það vantar einmitt loforðið um nýtt efnahagskerfi, m. ö. o.: ríkisstj. hefði ekki verið komin svo langt 20. nóv., að hún hefði verið búin að gera sér nokkra hugmynd um, hvort hún ætti að mynda nýtt efnahagskerfi né hvernig það ætti að vera, heldur að hún væri bara að láta rannsaka hlutina. Ég var að lýsa því í ræðu minni í gær, hvernig eitt af því, sem mundi fylgja með þessu, væri, að mörg hundruð millj. kr. í eignum mundu verða gefnar milljónamæringunum, svo framarlega sem farið yrði inn á að breyta genginu. Og ég held, að það hefði verið gott, að hæstv. fjmrh., sem nú á að fara að passa upp á ríkissjóðinn, að ekki sé gefið út úr honum allt, sem þar er til, — ég held, að það hefði verið gott, að hann hefði hlustað á þá hluti. En það var hins vegar í sambandi við annað mál á dagskránni, sem við ræðum ekki núna. Það verður að bíða til morguns.

Svo lauk hæstv. fjmrh. öllum sínum neitunum með því að segja, að það að vera að reyna að yfirheyra ríkisstj. hér í þinginu til þess að geta varað hana við þeim vitleysum, sem hún ætlar að ana út í, það væri hreinasta vansæmd, og fór jafnvel að tala um, að það væri málþóf. Hæstv. fjmrh. virðist ekki vita, hvað málþóf er. Hér hefur ekki nokkur maður talað sig dauðan enn þá, og það er þó sannarlega ekki kallað málþóf á Alþingi. Venjulega fá menn þó rétt til að tala jafnvel fjórum sinnum, þegar frjálslyndir forsetar eru, þó að tvær seinni ræðurnar séu mjög stuttar. En það er enginn a. m. k. búinn að tala sig alveg dauðan með því að tala tvisvar eða þrisvar, ef hann hefur rétt til. Þá er ekki hægt að tala um málþóf.

Hæstv. fjmrh. er nú ekki bara ungur sem fjmrh., heldur líka frekar ungur maður enn þá, og hann hélt, að það væri einstætt í þingsögunni, að það væri talað eins og talað hefur verið núna. Hæstv. fjmrh. hefði átt að þekkja Sjálfstfl. Það er flokkur, sem kann málþóf. Ef hæstv. fjmrh. hefði fylgzt hér með, — við skulum segja 1928 eða 1929, — þegar fjárlögin voru rædd í báðum deildum, þá var níu daga umræða bara í annarri deildinni, umr. um fjárlögin, og þá var hver punktur og komma sérstaklega tekin fram, þegar þm. Sjálfstfl. voru að lesa upp prentað mál eins lengi og þeir vildu án þess að spyrja forseta. Þá var málþóf. Nú hefur verið leitazt við að koma vitinu fyrir ríkisstj. með tiltölulega

stuttum ræðum, eftir því sem ræður hér tíðkast, en gengið ósköp illa.

Það, sem hins vegar hefur gerzt og er einstætt í þingsögunni, það er þingfrestunin, sem nú er verið að ræða hér. Það var lagt til að fresta þinginu 30. nóv. eða síðar og það eftir að það hafði setið eina einustu viku. Það er einstætt. Það hefur aldrei komið fyrir áður. Það eru aðferðir, sem hæstv. ríkisstj. nú hefur verið að beita í krafti síns meiri hluta. Þær hafa aldrei þekkzt áður, og þær eru vansæmd. Framkoma ríkisstj. í þessu hefur verið vansæmd. En það er kannske ekki það allra versta við hana. Verra er hitt, að hún leggur á sig þessa vansæmd til þess að fá tíma og tækifæri og frið til að gera vitleysu, til að gera illt verk. Verkið, sem hún er að undirbúa, er: Í fyrsta lagi að auka stórkostlega dýrtíðina í landinu, þ. e. gengislækkun. Í öðru lagi að halda launum niðri, þannig að þau raunverulegu laun stórkostlega lækki. Í þriðja lagi að stórminnka tekjur manna með því að koma á atvinnuleysi að meira eða minna leyti, þannig að a. m. k. öll eftirvinna hverfi. Þetta er það, sem felst í því nýja efnahagskerfi, sem ríkisstj. fær nú ráðleggingar um frá útlendum aðilum að taka upp og hæstv. fjmrh. óvart gloprði út úr sér, að ætti að fara að koma hér á, en ég veit, að hæstv. ríkisstj. er ekki fullkomlega ákveðin í enn þá, hvernig skuli vera. Og ástæðan til þess, að þessar umræður einmitt hafa farið hér fram, hefur verið sú, að alþm. hafa gjarnan viljað reyna að koma vitinu fyrir ríkisstj., áður en hún gerði vitleysurnar í þessum efnum. Þess vegna hefur þetta borizt svona mikið í tal, og þess vegna hefur verið reynt að hafa þetta upp úr hæstv. ríkisstj. En hún er hrædd. Hún er ekki bara hrædd við Alþ., eins og sýnir sig í því, að hún vill senda það heim. Hræðsla hennar við Alþ. er endurspeglun af ótta hennar við alþýðuna í landinu, það er aftur endurspeglun af því, að hún hefur slæma samvizku. Hún hefur hugmynd um, að hún sé að leggja út í að gera verk, sem sé bæði dýrt og skakkt. Þess vegna höfum við, sem er umhugað um efnahagsþróunina á Íslandi á næstunni, gjarnan viljað fá tækifæri til þess að ræða þessi mál við ríkisstjórnina. En það er rétt eins og hún óttist það að taka á móti nokkrum ráðum, af því að þau færu kannske í öfuga átt við það, sem hennar útlendu og hálfútlendu sérfræðingar eru að gefa henni. Eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. mun ég þess vegna halda fast við mína rökst. dagskrá og mæli með því við hv. þd., að hún verði samþykkt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. En það voru nokkur atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem gefa mér tilefni til þess að segja hér örfá orð. Ræða hæstv. fjmrh. var í þeim venjulega stíl, sem ræður hans eru við slík tækifæri. Ráðh. temur sér alloft þá aðferð, að vera prúður og sléttur í ræðumennsku og hafa yfir sér eins konar helgiskikkju, sem ýmsir eru farnir að kalla forsetaskikkju. En þegar svo ber við, t. d. í bæjarstjórn eða hér á Alþingi, að hæstv. ráðh. mætir einhverri mótspyrnu, þá fellur þessi skikkja af honum, og þá kemur í ljós heldur ósanngjarn og ófyrirleitinn áróðursmaður, eins og glöggt kom fram í ræðu hans hér fyrir kvöldmatinn.

Hæstv. ráðh. gerði mér t. d. upp þau orð, að ég hafi verið að finna sérstaklega að því, að hann færi fram á heimild við þingið til bráðabirgðafjárgreiðslna. En það gerði ég aldrei. Ég sagði hins vegar, sem ráðh. veit að er rétt, að það er gert ráð fyrir því í lögum, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót, enda eru þau miðuð við áramót. En ég tók það jafnframt fram, að það væru sérstakar ástæður, sem væru þess valdandi, að þetta væri ekki hægt núna, og ég rakti þær, og ég kenndi ráðherranum ekki neitt sérstaklega um það, ekki a. m. k. sem fjmrh., heldur þá aðila eða flokksmanni í þeim flokki, sem hann er í, — sýndi fram á það, hvernig það væri sök Alþfl. og Sjálfstfl., að í þessu tilfelli þyrfti að óska eftir sérstökum bráðabirgðafjárlögum, en væri ekki hægt að afgreiða eðlileg fjárlög.

Annars var það ekki þessi missögn ráðh. eða aðrar blekkingar, sem hann kom með, sem gáfu mér tilefni til að biðja hér um orðið, því að ég tel ástæðulaust að vera að eyða tímanum í að eltast við þær. En það, sem gaf mér tilefni til að biðja hér um orðið, var sú andúð og lítilsvirðing á þingræðinu, sem mér virtist koma fram í orðum og ræðu hæstv. ráðherra. Það var ekki annað að skilja á hæstv. ráðh. en Alþingi ætti eiginlega ekki að hafa annað verkefni en að leggja blessun sína yfir efnahagstillögur, sem ríkisstj. kynni að leggja fram. Ef ríkisstj. hefði ekki sínar till. tilbúnar um þessi mál, þá ætti að senda þingið heim, og það ætti ekki að kalla það saman, fyrr en ríkisstj. væri búin að undirbúa till. sínar, og síðan ætti þingið að segja já og amen við því, sem stjórnin legði til. Það var ekki annað hægt að skilja en ráðh. liti svo á, að störf Alþingis ættu fyrst og fremst að vera fólgin í þessu. Ég segi, að hér komi fram hrein andúð og lítilsvirðing á þingræðinu, því að verksvið Alþingis samkv. okkar stjórnarskrá er allt annað og meira en þetta. Þingið á ekki að láta nein mál sér óviðkomandi, og þingið á ekki að bíða eftir því, að ríkisstj. undirbúi ýmsar till., heldur er ætlazt til þess, að þingið sjálft hafi frumkvæði í þessum efnum. Það er þingið, sem fer með löggjafarstarfsemina, en ekki ríkisstjórnin. En hjá hæstv. ráðh. kemur það hér fram, að Alþingi eigi eiginlega að afsala sér sínu hlutverki og sínu verkefni, það sé ríkisstj., sem eigi að taka þetta að sér og Alþ. eigi ekki annað að gera en segja já og amen við hennar gerðum.

Þetta er á móti þingræðinu. Og þetta er nákvæmlega sami hugsunarháttur og á sér stað í einræðislöndunum, þar sem þingin eru aðeins haldin til málamynda, kölluð saman einu sinni eða tvisvar á ári til að leggja blessun sína yfir það, sem valdhafarnir hafa að segja, eins og t. d. á sér stað nú í Rússlandi og eins og átti sér stað í Þýzkalandi á þeim tíma, sem hæstv. fjmrh. dáði mest.

En það kom fram á fleiri vegu en þennan sú andúð, sem hæstv. ráðh. virðist hafa á þingræðinu. Hann hélt því t. d. fram, að það væri alls ekki nein skylda ráðh. að vera viðstaddur í Alþingi, þegar rætt væri um þau mál, sem undir hann heyrðu. Það væri ástæðulaust fyrir ráðh. að vera nokkuð að eltast við það, og á þann hátt vildi ráðh. réttlæta það, að hann var ekki hér viðstaddur í gærkvöld, þegar verið var að ræða um bráðabirgðafjárlögin, heldur var einhvers staðar úti í bæ, sem hvorki hann né forsetar hans hafa viljað segja frá.

Ég held, að hæstv. ráðh. sé eini ráðh. í þingræðislandi, sem hefur látið sér slíkt um munn fara. Ég held, að það sé viðtekin venja í öllum þingræðislöndum, að ráðh. telji sér skylt og sjálfsagt að vera viðstaddir á þingi, þegar rætt er um þau mál, sem undir þá heyra, svo framarlega sem þeir hafa aðstöðu til þess að gera það, og að þeir telji sig ekki hafa rétt til fjarveru, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þessi hæstv. ráðh. virðist líta allt öðruvísi á þessi mál, og þess vegna vil ég endurnýja það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel, að hæstv. forseti hafi gert alveg rétt hér í nótt, þegar hann frestaði fundi, vegna þess að þessi ráðh. var fjarverandi. Ég tel það alveg nauðsynlegt, að á þennan hátt reyni þingið að tryggja það, að værugjarnir og veizluglaðir ráðherrar geri skyldu sína við Alþingi.

Það kom enn fremur hið sama fram hjá hæstv. ráðh., þegar hann var að tala um það með fyrirlitningartón, að fyrrv. ríkisstj. hefði látið fjvn. vera að dunda við fjárlögin. Hæstv. fjmrh. hlýtur að vita, að það er skylda fjvn. að fást við fjárlögin og gera sínar aths. við þau, og það er skylda ríkisstjórnarinnar að sjá svo um, að fjvn. hafi fullan tíma til þess að sinna verkefni sínu, enda er það oft þannig, að fjárlög eru þannig undirbúin af hálfu ríkisstjórna, að það er eðlilegt, að þingið afsali sér ekki þeim rétti, sem það hefur til þess að kynna sér ríkisútgjöldin á þann hátt, að fjvn. fari yfir þau. En það er á þennan hátt eins og svo margan annan, sem kemur fram, að hæstv. fjmrh. vill losna sem allra mest við afskipti þingsins, setja það til hliðar og draga allt vald í hendur ríkisstj., eins og átt hefur sér stað í þeim löndum, þar sem þingræði hefur verið lagt niður og einræðisstjórnir hafa hafizt til valda.

Það voru reyndar mörg fleiri atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem hefði verið ástæða til þess að gera aths. við. En vegna þess að það samkomulag liggur eiginlega hér í loftinu, að menn haldi frekar stuttar ræður, þá sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þau nánar að þessu sinni, en það mun e. t. v. gefast tækifæri til þess að koma frekar að því síðar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. 7. þm. Reykv. varðandi þingræðið. Hann hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að ég sé fjandmaður þingræðisins, óvirði það og fyrirlíti og vilji helzt losna við þingið. Það undrar mig ekkert, að hv. þm. komist að þessari niðurstöðu, þegar athugað er, að hér á í hlut maður, sem hefur haft framfæri sitt af því nú líklega undir aldarfjórðung að hagræða sannleikanum á sama hátt og hið þekkta málgagn hans, Tíminn, hefur gert. Slíkur maður er orðinn svo vanur því að hagræða sannleikanum á sinn hátt, snúa honum alla vega eftir geðþótta, að það er honum miklu tamara og kærara að segja hálfan sannleika en allan.

Við skulum aðeins líta á virðingu hans og hans flokks og vinstri stjórnarinnar undir forustu Framsfl., — virðingu og tillit gagnvart þinginu. Eitt fyrsta verk vinstri stjórnarinnar haustið eða sumarið 1956 var að gefa út brbl. um bindingu verðlags og kaupgjalds í landinu. Vinstri stjórnin byrjaði ekki á því að bera slíkt undir þingið, þó að hún stigi þar sín fyrstu spor í efnahagsmálunum. Nei, hún gaf út brbl., án þess að henni dytti í hug að kalla hið nýkjörna þing saman eða gefa því kost á að segja álit sitt um þetta. Þegar svo á næstu tveim árum þingið sat að störfum, hvernig voru þá vinnubrögðin í efnahagsmálunum? Ég lýsti þeim að nokkru hér áðan. Mánuðum saman var þinginu haldið aðgerðalitlu. Hvað var ríkisstj. að gera á meðan, vinstri stjórnin? Hún var að semja við einhverja 19 manna nefnd frá Alþýðusambandinu, reyna að ná samkomulagi í einhverri 6 manna nefnd frá sömu samtökum og símandi hingað og þangað landshornanna á milli til þess að fá stjórnir einstakra stéttarfélaga til þess að fallast á eitthvað, sem vinstri stjórnin hafði í undirbúningi, en Alþingi sat á sama tíma mánuðum saman aðgerðalaust, án þess að nokkuð af þessum málum eða þessum bjargráðum væri undir það borið. Þetta var virðing vinstri stjórnarinnar fyrir Alþingi.

Ég minntist á það áðan, að það er ekki til þess að auka virðingu og sæmd Alþingis að láta það sitja 7—8 mánuði ársins og meginhluta þess aðgerðalaust. Þjóðin horfir öll upp á það, og fátt er öruggara en þetta til þess að gera Alþingi að athlægi og draga niður virðingu þess í augum þjóðarinnar.

Núv. ríkisstjórn vill vissulega hafa önnur vinnubrögð en þessi vinnubrögð vinstri stjórnarinnar. Hún telur það skyldu sína að undirbúa stærstu mál, eins og efnahagsmálin og fjárlögin, sem bezt fyrir þingið og að þingið komi því saman til fundar að nýju, þegar þessi mál liggja fyrir, til þess að þingið geti síðan fjallað um þau og lagt sinn dóm á þau. Við teljum þetta heppilegri og skynsamlegri vinnubrögð, vænlegra fyrir virðingu Alþingis og hentugri vinnubrögð á alla lund fyrir þjóðina.

Hv. þm. sagði, að það lýsti m. a. fyrirlitningu minni á þingræðinu, að ég hefði haft þau orð, að fjvn. væri að dunda yfir fjárlögunum. Orð mín voru á þá leið, að ég tel það óheppileg og vansæmandi vinnubrögð, að í stað þess að fjvn. fái í hendur vel undirbúið fjárlagafrv. og þingið taki sér um það bil mánaðartíma til að fjalla um fjárlagafrv., — að í stað þessara skynsamlegu og eðlilegu vinnubragða séu málin svo illa undirbúin af hendi stjórnarinnar, eins og var af hendi vinstri stjórnarinnar, að fjvn. sé í fjóra mánuði að vinna að

fjárlagafrv., ýmist þannig, að frv. er svo illa undirbúið, að það tekur svo langan tíma að leiðrétta það og lagfæra, eða vegna þess að ekki er hægt að leggja síðustu hönd á verkið, vegna þess að vinstri stjórnin er úti um hvippinn og hvappinn að spyrja Pétur og Pál, hvort hann vilji samþykkja einhverjar og einhverjar dýrtíðarráðstafanir og bjargráð, án þess að Alþingi sé látið segja sitt orð um það.

Vinstri stjórnin, sem sat fimm missiri, er að áliti hv. 7. þm. Reykv. bezta stjórn á jarðríki, vafalaust, og þegar maður hefur í huga þessi vinnubrögð hennar og hennar óvirðingu gagnvart löggjafarvaldinu og Alþingi, þá sætir það nokkurri furðu, að núv. ríkisstj. skuli verða fyrir ámæli fyrir það, að þegar hún tekur til starfa sama dag og Alþ. er sett, þá skuli vera talin rétt og skynsamleg vinnubrögð, að nokkrar vikur séu teknar í þinghlé eða þingfrestun, til þess að stjórnin geti undirbúið þessi mál, til þess að alþm. sjálfir fái gögnin og málin betur í hendur búin. Og þegar hv. þm. leyfir sér, eins og fleiri flokksbræður hans, að tönnlast á því, að stjórnin sé með eitthvert ofbeldis- og fantabragð að senda þingið heim, þá snýr maðurinn þessu svo gersamlega við, því að þingfrestun verður að sjálfsögðu ekki eftir ákvörðun stjórnarinnar, heldur því aðeins að Alþingi ákveði sjálft að taka sér fundarhlé. Það liggur fyrir till. frá ríkisstj. um það, að hv. Alþingi fallist á það sjálft, að það séu eðlileg vinnubrögð og hyggileg að fella niður þingfundi um skeið. Það er á valdi Alþingis sjálfs og þess eins að ákveða, að fundirnir falli niður um tíma. Það er svo venjulegur Tímasannleikur og málinu snúið eins kyrfilega við og hægt er, þegar sagt er, að ríkisstj. ætli að senda þingið heim gegn vilja þess sjálfs, því að þetta veltur eingöngu á því, hvort meiri hl. Alþingis ákveður sjálfur að taka sér frí frá störfum um hríð.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. gat ekki stillt sig um að víkja nokkrum orðum að okkur framsóknarmönnum í sambandi við það mál, sem hefur verið efst á baugi og efst í huga, a. m. k. okkar framsóknarmanna, og það er hið mikla ójafnaðarmál á hendur bændastéttinni, sem stofnað var til upp úr miðjum september s. l. Orðræður framsóknarmanna hér á hv. Alþingi sýnast hafa nokkuð komið við hans samvizku, og samvizkubit hans, ef svo má orða það, brýzt út í allsendis óviðurkvæmilegum orðum og fráleitri lýsingu hans á stefnu og starfi okkar framsóknarmanna á liðnum mörgum áratugum í þágu bænda og landbúnaðarins.

Ég gæti skilið þau orð, sem hæstv. landbrh. lét hér falla í okkar garð, framsóknarmanna, betur, ef við værum staddir hér á framboðsfundi, og ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi vart áttað sig á því, að hann er kominn inn í alþingissalina, en hann háði, eins og margir fleiri okkar, kosningabaráttu tvisvar sinnum á því ári, sem nú er senn að líða. Ég þekki orðbragð hans frá þeim fundum.

Hæstv. ráðh. gerði fremur lítið úr tillögunni á þskj. 46, brtt. við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur, frá hv. 2. þm. Sunnl. og 4. þm. Norðurl. e., en þar er gerð till. um það, að ríkisstj. sé enn fremur heimilt að greiða 3.18% verðhækkun á afurðaverð landbúnaðarins frá 1. sept. s. l.

Það var alveg ástæðulaust fyrir hæstv. landbrh. að gera lítið úr þessari tillögu. Hér er verið að reyna að bjarga því, sem bjargað verður, og bændur munu sannarlega sætta sig við eftir atvikum eða úr því sem komið er að fá þessa greiðslu, þótt ekki sé fyrr en í janúar. Og hann hneykslaðist á því, að greiðslan skyldi þá ekki ákvörðuð í desember fremur en í janúar á næsta ári. En sjálfur sagði hæstv. landbrh., að hann hefði heimild til þess að bæta bændum upp 3.18% og hefði hana þegar á hendi. Er þá hæstv. ráðh. þess umkominn, þegar hann hefur þessar heimildir á hendi, að gera lítið úr þeirri till., sem framsóknarmenn bera fram á þskj. 46?

Þessi afstaða hæstv. ráðh. nú í kvöld bendir ljóslega til þess, að hann og stjórnarliðið allt er komið á verulegt undanhald í þessu máli. Það hefur svignað undan þunga málfærslu framsóknarmanna hér í hv. Alþingi. Og landbrh. óttast ofurþunga almenningsálitsins, því að honum er vel kunnugt um, að það eru fleiri en framsóknarbændur, sem finna til sviða vegna bráðabirgðalaganna frá 18. sept. s. l. Hér var óréttur framinn á hendur bændastéttinni, og Íslendingar geta, — og það vitum við allir jafnvel, í hvaða stétt sem menn kunna að vera, — gjarnan þolað erfiðleika, sem ganga nokkurn veginn jafnt yfir og jafnvel þó að réttarskerðing sé, en þeir munu aldrei þola mis- eða órétti. Þess vegna má hæstv. landbrh. vel vita það, að hann kemst ekki óskaddaður út úr þessum hildarleik með öðru móti en því að ganga til fullnaðar frá brbl. hér á hv. Alþingi með hjálp okkar framsóknarmanna, — eða ef vænlegra er og tíminn væri svo naumur og stjórnin á það hröðum hlaupum, að þurfi að senda hv. Alþingi heim þegar nú um helgina, þá að notfæra sér þá heimild, sem hann hefur á hendi um að endurgreiða bændum það fé, sem ranglega var af þeim haft.

Hæstv. landbrh. sagði, að ætíð, þegar sjálfstæðismenn væru í stjórn, og mér skildist hefðu á hendi landbúnaðarmál, þá vegnaði bændum vel og þeim öðrum, sem ynnu að landbúnaði, en öfugt væri farið, þegar framsóknarmenn hefðu landbúnaðarmálin á hendi. Þetta finnst mér sannarlega ekki, svona í upphafi landbúnaðarráðherraferils, álitlegur eða grundvallaður boðskapur af hálfu hæstv. landbrh.

Hvenær hafa sjálfstæðismenn haft nú á síðustu tveim, þremur áratugum á hendi landbúnaðarmál í ríkisstjórn? Jú, á nýsköpunarárunum svokölluðu. Hver var þá afstaða hæstv. ráðh. gagnvart þeirri stjórn? Manni skilst, að hann hefði glaður gengið henni á hönd og viljað styðja hana í öllum efnum. En varð sú niðurstaðan? Er það hin rétta saga af sambandi hæstv. landbrh. við nýsköpunarstjórnina? Ónei. Hann taldi sig ekki geta stutt hana. Og af hverju? M. a. vegna þess, að hann hef-

ur ofur eðlilega óttazt, að hún kynni að halda verr á málefnum bændastéttarinnar en hann á þeim tíma óskaði eftir. Og það voru fleiri þm. sjálfstæðismanna, sem studdu ekki, a. m. k. fyrsta kastið, nýsköpunarstjórnina.

Þetta árabil frá 1944 til 1946 er eitt gleggsta dæmi þess, hvernig fer, þegar sjálfstæðismenn hafa á hendi landbúnaðarmál í ríkisstjórn, og þetta tímabil var sannarlega ekki glæsilegt fyrir sveitirnar. Ég ætla ekki að rifja það upp, en vissulega var þá mjög gengið á hlut sveitanna á móts við það, sem aðrir fengu á þeim tíma, þegar hvern stórrekann af öðrum rak á fjörur þjóðarinnar í efnahagslegu tilliti.

Hver var afstaða sjálfstæðismanna hér á þingi og enda utan þess líka til afurðasölulöggjafarinnar 1935? Voru það framsóknarmenn, sem þá voru að vinna að því að bæta kjör landbúnaðarins, eða voru það sjálfstæðismenn, sem gerðu það?

Ég þarf ekki nema aðeins að drepa á þessi dæmi, þá veit ég það, að hv. alþm. er mjög ljóst, að mál hæstv. landbrh., að því er varðar söguskilning hans á landbúnaðarmálum og starfi framsóknarmanna í þeim efnum, er algerlega út í hött. Og ef þessi skilningur hæstv. landbrh. á landbúnaðarmálum og lausn vandamála bænda á að vera ríkjandi, þá þarf væntanlega ekki að gera því skóna, hver muni verða framvindan undir hans stjórn í málefnum sveitanna. Því vil ég vænta þess, að hæstv. landbrh. kynni sér öllu betur baráttusögu landbúnaðarins yfirleitt, og þá mun hann komast að raun um það, hverjir hafi varanlegast og bezt unnið að hag bænda og sýnt skilning á starfi þeirra og hverjir ekki. Þetta ætti hæstv. landbrh. m. a. að íhuga á næstu vikum, þegar þeir stjórnarherrarnir hafa dregið feld yfir höfuð sér til íhugunar á úrlausnarefnum í efnahagsvanda þjóðarinnar. Ef hann þannig tekur sig til og bætir um þekkingu sína á landbúnaðarmálunum, sögu þeirra, afdrifum einstakra mála landbúnaðarins, hverjir hafi dyggilegast stutt við bak hans, þá mun hann sannarlega læra, hver stefnan á að vera í framtíðinni, til þess að við í þessu efni náum sem fyrst og bezt æskilegu marki.

Ég hef lofað hæstv. forseta að lengja ekki mjög mál mitt, þó að ég hefði gjarnan viljað ræða hér bæði um þingfrestunina og þá fráleitu meðferð, sem hér á að hafa á Alþingi og alþingismönnum með því að reka þá heim af þingi í miðjum klíðum, áður en þeim er gerð sæmilega ljós efnahagsaðstaða þjóðarinnar, eins og hún er í dag, og áður en gengið er frá því mikla hitamáli, bráðabirgðalöggjöfinni frá 18. sept. Þó verð ég að taka þetta fram í sambandi við þetta síðasttalda málsatriði: Á framboðsfundum í Suðurlandskjördæmi leið sá fundur vart, að hæstv. landbrh. lýsti ekki yfir hátíðlega, að sjálfstæðismenn mundu fella brbl. á Alþingi, strax er það kæmi saman. Því mættu allir treysta, enda hefðu sjálfstæðismenn ekki átt hlut að framkomu þeirra, síður en svo. Þetta mál var sem sagt víðast hvar höfuðumræðuefnið og um fá mál meiri áhugi, enda eðlilegt, a. m. k. af sjónarhóli okkar sveitamanna. Og hvaðanæva berast nú áskoranir til hv. Alþingis um að fella lögin þegar úr gildi. Nú stendur svo einstaklega vel á, að hæstv. landbrh. hefur alveg sérlega haganlega aðstöðu til þess að framfylgja einmitt hátíðlega gefnum loforðum um sjálfsagða lagfæringu á þeirri verðlagsskekkju varðandi afurðaverð landbúnaðarins, þar sem brbl. eru. Einmitt þessum hæstv. landbrh. ber að leggja brbl. fram og sjá til þess, að þau fái fullnaðarafgreiðslu hér á hv. Alþingi, til samþykkis eða synjunar. Þetta ber honum að gera samkv. lögum, og það ætti einmitt að vera honum einkar ljúft, um leið og honum er sú skylda á hendi.

Þegar nú þetta hvort tveggja fer saman og hið þriðja bætist við, sem í raun og veru mestu máli skiptir, að brbl. hljóta að verða felld við þinglega meðferð, ef yfirlýsingar sjálfstæðismanna eiga nokkuð að duga, þá sýnist ástæðulaust af hálfu hæstv. landbrh. að þybbast lengur við, að þessi bráðabirgðalöggjöf fái þinglega og tafarlausa meðferð til úrslita. Þegar þau hafa síðan verið, að því er vænta má, felld hér á hv. Alþingi, þá hefur ranglætinu verið skotið til hliðar og réttlætinu fullnægt að þessu leyti. Og það á að sjálfsögðu að verða okkur alþm. öllum til mikillar ánægju og væri sérstaklega heppilegt, að við yrðum þeirrar ánægju aðnjótandi svona rétt fyrir hátíðir. Og ég hlýt af þessum bollaleggingum mínum að álíta, að þessi framvinda hljóti að vera hæstv. landbrh. hin geðfelldasta og í þessu tilfelli meira að segja persónuleg nauðsyn vegna undangenginna loforða og yfirlýsinga af hans hálfu um að hjálpa öðrum til þess að afmá þá forsmán, sem bráðabirgðalöggjöfin er.

Eins og ég hef sagt hér, þá er hér hið kærkomna, hið gullvæga tækifæri fyrir hæstv. landbrh. að ganga erinda í hagsmunabaráttu þeirra, sem landbúnað stunda, og ganga erindanna svo skörulega og afdráttarlaust, að enginn þurfi að villast á því, hvort hugur fylgi máli eða ekki. Þá ætti ekki síður hæstv. landbrh. að vera umhugað um það að afstýra einmitt þessari árás á efnahag bændastéttarinnar, þar sem honum öðrum fremur er kunnugt um það, að sérstaklega hefur erfiðlega árað að því er varðar bændur í okkar kjördæmi, Suðurlandskjördæmi, og þarf sannarlega aðstoðar við í því efni. Og í fyrstu lotu sýnist mér, að afnám brbl. sé hin eðlilegasta fyrsta bót, sem hægt er að gera í þessu efni, að því er bændur varðar.

Ég hlýt loks að ítreka þá kröfu til hæstv. landbrh., að hann sjái svo um, að þráttnefnd bráðabirgðalöggjöf verði tafarlaust tekin hér á hv. Alþingi til þinglegrar meðferðar og þannig afgreidd, að afstaða hv. þingmanna til þess fólks, sem stundar landbúnað, og afstaða hv. þingmanna til vandamála þessa fólks komi afdráttarlaust í ljós. Ef það er hins vegar ætlun hæstv. ríkisstj. að komast hjá því að tjá sig um afstöðu sína hér á Alþ. um þetta prinsipmál bændastéttarinnar, áður en bráðabirgðalöggjöfin að efni fellur úr gildi, þá verður sú hlédrægni í svo augljósu réttlætismáli eigi skilin öðruvísi en svo, að telja megi samsvara

fullkomlegu vanmati á starfi landbúnaðarmanna og vanmati á hlutdeild þeirra í þjóðarbúskapnum og að þetta fólk hafi fengið of ríflegan hluta úr sameiginlegum sjóði þjóðfélagsins.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í umræðum hér á þinginu fyrir nokkrum dögum, nánar tiltekið 28. nóv., bar ég fram nokkrar spurningar til hæstv. landbrh. viðkomandi brbl. um verðlag landbúnaðarafurða frá 18. sept. Ég spurði hæstv. ráðh. t. d. um það, hvort hann liti svo á, að hann eða ríkisstj. hefði heimild í einhverjum lögum, sem nú væru í gildi, til þess að bæta bændum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af útgáfu brbl. *Hæstv. ráðh. gaf þá engin svör um þetta. En* í ræðu, sem hann flutti hér nú fyrir skömmu, sagði hann, að ríkisstj. hefði heimild til að greiða þessar bætur.

Þetta er í nokkru ósamræmi við álit Sjálfstfl., eins og það birtist í málgögnum hans í septembermánuði, skömmu eftir að brbl. voru gefin út.

Í yfirlýsingu þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl., sem birt var í Morgunbl. 19. sept., lýsir flokkurinn yfir því, að hann muni á Alþingi leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir af þessum sökum verða fyrir. Þessi yfirlýsing er síðan endurtekin í Morgunbl. 22. sept. Þar segir, að Sjálfstfl. muni ekki styðja lögin á Alþingi, heldur leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum. Og í þriðja lagi, hinn 29. sept. er í innrammaðri forsíðugrein í Morgunbl. sagt, að Sjálfstfl. muni beita sér fyrir því á þingi, — hinu nýkjörna þingi, sem hann er búinn að tala um áður, — Sjálfstfl. muni beita sér fyrir á því þingi, að hlutur bænda verði réttur og þeim bætt það tjón, er lögin hafa þá bakað þeim. Af þessu sýnist mér það koma ljóst fram, að þingflokkur og miðstjórn Sjálfstfl. hafi litið svo á í næstliðnum septembermánuði, að það væri ekki heimild í lögum til að greiða þessar bætur, og þess vegna lofar flokkurinn því hátíðlega að beita sér fyrir á þingi eða leggja til á þingi, að bændum verði bætt upp þetta tjón. Nú segir hæstv. landbrh. hins vegar, að heimildin sé fyrir hendi.

Ég veit ekki, hvor aðilinn fer þarna með rétt mál. Ég skal ekki dæma um það. En ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir nú, þá ætti hann ekki að láta það dragast lengur að fara að greiða þessar bætur til bænda. Hann ætti þá að gera það hið bráðasta. Ef hins vegar það er rétt, sem flokkur hans sagði, bæði þingflokkur og miðstjórn, í septembermánuði, að heimildina skorti og þess vegna þyrfti að fá samþykkt á Alþingi til að greiða þetta, þá tel ég, að hæstv. landbrh. hefði átt að láta það verða sitt fyrsta verk, nú þegar þing var sett, að fara fram á slíka heimild. Þetta hefur hann ekki enn gert og enginn úr hans flokki borið fram tillögu um slíkt, og því var það, að framsóknarmenn hafa flutt um þetta till., og hér liggur fyrir brtt. frá tveimur þm. Framsfl. hér í deildinni, á þskj. 46, um heimild handa ríkisstj. til að greiða þessar bætur. Verði þessi till. samþykkt, getur stjórnin vitanlega strax greitt bæturnar samkv. þeirri heimild. Hún getur gert það nú þegar, þó að áramótin séu ekki komin, vegna þess að till. er ekkert miðuð við greiðslur eftir áramót. Það er heimilt samkv. henni, ef hún verður samþykkt, að greiða þetta nú þegar.

Hæstv. fjmrh. hefur nýlega talað hér tvisvar á þessum fundi í dag og hefur verið nokkuð gustmikill. Hann var að burðast við að mótmæla því í fyrri ræðunni, sem hann flutti, að hann brjóti þingvenjur, þó að hann láti hjá líða að gera grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, áður en þingi verður frestað. En það er þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að mótmæla þessu. Ég sýndi fram á í dag með því að rekja þingsöguna, að því er þetta atriði varðar, langt aftur í tímann, að það hefur verið algild regla, að fjárlagaþingi hefur ekki verið frestað, án þess að fjmrh. hafi áður gefið því yfirlit um afkomu ríkissjóðs og horfur í fjárhagsefnum, og ef hæstv. ráðh. gefur ekki slíka skýrslu, áður en þinginu verður frestað að þessu sinni, er hann að brjóta hefðbundna og sjálfsagða venju í þessu efni. Og ætli hæstv. ráðh. að fara þannig að, þá ætti hann ekki að bæta gráu á svart með því að mótmæla staðreyndum að því er þetta varðar.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Ég skal standa við það að hafa þetta stutta athugasemd.

Ég get vel skilið hæstv. fjmrh., þegar honum finnst það ámælisvert af vinstri stj. að hafa látið þingið sitja að störfum, á meðan hún var að undirbúa sín efnahagsmál. Hæstv. fjmrh., sem vill engin samráð við þingið hafa um þessi mál, er að sjálfsögðu á móti þessu. En vinstri stj. gerði ekki annað í þessu sambandi en að fylgja alveg viðteknum þingræðisvenjum, *sem viðgangast — held ég — hvarvetna annars staðar í heiminum,* þar sem þingræði er. Eða getur hæstv. fjmrh. bent á dæmi þess á Norðurlöndum, í Bretlandi, í Vestur-Þýzkalandi, í Frakklandi, í Bandaríkjunum eða annars staðar, þar sem þingræðisstjórnir eru, að ríkisstj. sendi þingin heim eftir geðþótta sínum, ef þær hafa ekki einhver mál tilbúin handa þeim til að fjalla um? Ég held, að það séu engin dæmi þess. Og vinstri stjórnin kaus að fylgja þeirri viðteknu þingræðisvenju að hafa samráð um þessi mál við þingið, en ekki að senda það heim og hafa vilja þess að engu.

Hæstv. fjmrh. var einnig að hneykslast á því, að vinstri stjórnin skyldi hafa samráð við stéttasamtökin. Ég álít þetta ekki hneykslunarvert. Ég álít, að eins og okkar þjóðfélag er nú upp byggt og verkalýðsfélögin og stéttasamtökin eru orðin sterk og öflug, að þá eigi ríkisstj. að hafa samráð við þessa aðila um efnahagsmálin, *en ekki sniðganga þau.* Hæstv. fjmrh. er hér bersýnilega á öðru máli. En það kemur hins vegar fram hjá landbrh., að hann er, sem betur fer, ekki sammála fjmrh. um

þetta, því að hann var að hæla sér af því hér áðan, að hann væri að reyna að hafa samráð bæði við fulltrúa framleiðenda og neytenda um landbúnaðarmálin, og það álít ég að sé alveg rétt hjá honum. Og ég álít, að aðrir ráðh. í ríkisstj. eigi að þessu leyti að taka hann sér til fyrirmyndar, það sé ekkert hneykslunarvert að hafa samráð við stéttasamtökin, heldur eigi að gera það.

Ég skal svo koma að síðasta atriðinu í því, sem ég segi hér í kvöld. Hæstv. fjmrh. byrjaði að ræða hér um störf manna, og hann gerði starf mitt sérstaklega að umtalsefni. Ég held, að þess vegna verði það ekki talið neitt ámælisvert, þó að ég geri einnig störf hæstv. fjmrh. að nokkru umtalsefni, og ég skal gera það í stuttu máli og aðeins í sambandi við það að varpa fram þeirri spurningu og reyna að svara henni í stuttu máli: Hvers vegna er þessi maður orðinn fjmrh.? Hvers vegna var í skyndi búið til sjöunda ráðherraembættið og lagðar í það nætur og dagar að búa til nýjan ráðherrastól til að koma hæstv. ráðherra í þennan stól? Já, hvers vegna var þetta gert?

Svarið við þessari spurningu er ákaflega einfalt. Það var af þeirri einföldu ástæðu, að flokksbræður hans í Reykjavík vildu losna við hann sem borgarstjóra. Þessi maður er búinn að stjórna bænum með þeim hætti, búinn að koma fjárhag hans í þær rústir, að flokksbræður hans vildu losna við hann úr embættinu. Og það var annað, sem bættist hér líka við. Hæstv. fjmrh. hafði sem borgarstjóri tekið upp á arma sér, með hvaða hætti sem það gerðist, að tryggja sér alveg sérstök útsvarshlunnindi og sínum helztu flokksgæðingum. Þetta var upplýst nú fyrir kosningarnar, og það hafði réttilega þau áhrif, að hæstv. borgarstjóri hafði af sínum flokki um 2000 atkv. með þessum hætti. Það var ákaflega skiljanlegt, að flokksbræður hans kysu ekki að þurfa að ganga til næstu bæjarstjórnarkosninga undir merkjum þess manns, sem hafði tryggt sér sérstök útsvarshlunnindi og hlotið þennan dóm bæjarbúa að launum. Það er af þessum ástæðum, sem þessi hæstv. ráðh. er orðinn fjmrh. En það má rétt minna á það í þessu sambandi, að hér er vissulega um mjög einkennileg og óvenjuleg vinnubrögð að ræða hjá Sjálfstfl. í sambandi við þessa stöðuveitingu. Við skulum gera okkur það í hugarlund, hvað hefði t. d. gerzt í Bretlandi, ef borgarstjóri í einhverjum bæ þar hefði orðið uppvís að því að tryggja sjálfum sér og sínum gæðingum sérstök hlunnindi í sambandi við álögur bæjarins. Hvað mundi hafa orðið um slíkan borgarstjóra? Mundi hann hafa verið gerður að ráðherra? Áreiðanlega ekki. Meira ætla ég ekki að segja. Þess vegna held ég, að þessum hæstv. ráðh. farist ekki að vera með neinn sérstakan gorgeir og tala um störf annarra manna hér á Alþingi.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 53 felld með 20:18 atkv.

Brtt. 46 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, KGuðj, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EystJ.

nei: GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, DÓ, AGb, BF, BK, BBen, EðS, EI, EmJ, BGr.

GeirG, PK, JP, LJós, EOl greiddu ekki atkv.
2 þm. (GíslJ, ÓTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Lúðvík Jósefsson: Ég er á móti brbl. þeim, sem sett voru á s. l. hausti um verðlagningu á landbúnaðarafurðum. En ég tel mig hins vegar ekki hafa í höndum nein gögn um það, hvað réttmætt sé að greiða bændum mikla hækkun frá því verðlagi, sem verið hefur á landbúnaðarafurðum. Ég tel líka, að ríkisstj. hafi þá heimild fyrir í lögum, sem gert er ráð fyrir í þessari till. Af þessari ástæðu greiði ég ekki atkv. um þessa tillögu.

1. gr. samþ. með 20:13 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 12. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20:9 atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls tók ég hér til máls og beindi m. a. nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh., sem þá var ekki viðstaddur, og ég hafði óskað eftir því, að honum bærust mínar spurningar og hann ætti þess kost að svara þeim. Nú er það að sjálfsögðu svo, að spurningarnar eru þess eðlis, að í rauninni var nokkur hluti af mínu máli til skýringar á því, hvers vegna ég spurði. Ég mun ekki endurtaka það hér, en vil óska þess sérstaklega, af því að ég sé, að nú er til þess tækifæri, að ráðh. gefi mér svör við þessum spurningum.

Fyrsta spurningin var af því til komin, að ég hafði getið þess í ræðu minni, að einmitt á því tímabili, sem þingfrestun er fyrirhuguð, eiga samkv. venjum og samkv. nauðsyn undanfarandi ára, sem ég kem ekki auga á að neitt hafi breytzt, að fara fram samningaviðræður milli ríkisvaldsins annars vegar og framleiðslustéttanna hins vegar og þá fyrst og fremst sjávarútvegsins, sem fyrir hver áramót að undanförnu hefur krafizt þess að hafa á einhverju föstu að standa í samskiptum sínum við ríkið og ég sé ekki annað en hljóti að vænta þess enn og ekki síður fyrir það, að nú er óvissara um það, hvernig fjármálum þjóðarinnar verður hagað á næstunni, heldur en oft áður. Þess vegna bar ég fram spurningu, sem er á þessa leið: Telur hæstv. fjmrh. ekki þörf neinnar lagasetningar til þess að tryggja framleiðsluna á því tveggja mánaða eða um það bil tveggja mánaða tímabili, sem stjórnin hyggst losa sig við Alþingi?

Í öðru lagi vék ég að því í þessari nefndu ræðu minni, að hér hafa komið fram ýmsir þeir hlutir í sambandi við ríkissjóð, sem ég tel vert að fá nokkrar skýringar á. Það hefur hér sem sagt verið lagt fram fjárlagafrv. með tilheyrandi grg. Þetta mun vera það fjárlagafrv., sem hæstv. núv. fjmrh. fann í fjmrn., þegar hann kom þangað og þar skildi við garðana sá hæstv. fyrrv. fjmrh., núverandi og raunar þáverandi einnig utanrrh. Ég rifja hér ekki upp þann þátt, sem það ætti máske skilið, hverja virðingu þessir virðulegu samráðh. bera hvor fyrir öðrum, með því að hæstv. núverandi fjmrh. hefur lýst því yfir, að það sé ekkert gagn í því plaggi, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. skildi eftir. Það er saga út af fyrir sig. Ég vék einnig að því, og er vert, að hæstv. fjmrh. fái að heyra það með eigin eyrum, að ég tel frammistöðu hans í þessu máli vera eina mestu óvirðingu, sem Alþingi hefur verið sýnd, þ. e. a. s. nokkurn veginn samtímis og sá virðulegi fjmrh., sem nú situr, leggur fram fjárlagafrv. hér í Alþingi, þá lýsir hann því einnig yfir, að það sé ekkert að marka þetta plagg, þetta ætli hann að taka aftur og ræða það ekki, en leggja fyrir þingið nýtt og að því er manni skilst betra fjárlagafrumvarp. Ég álít, að þegar menn finna ónýt plögg í stjórnarráðinu, eigi að láta þau í öskutunnu stofnunarinnar, en ekki dreifa þeim út á Alþingi og nota Alþingi þannig í staðinn fyrir þetta ílát, sem annars er til þess gert að láta þar ónýt plögg.

En spurning mín var til komin af því, að hæstv. forsrh. hefur fullyrt á fundi í einu stjórnmálafélagi hér í bænum, að það muni vanta um 250 millj. kr. a. m. k. til þess, að tekjur ríkisins á næstkomandi ári geti mætt útgjöldunum að óbreyttu. Á hinn bóginn stendur skrifað í því fjárlagafrv., sem okkur alþm. hefur verið fengið í hendur, að afkoma ríkissjóðs á þessu ári sé slík, að þar muni ekki verða um neinn greiðsluhalla að ræða. Í tilefni af þessum lítt skiljanlegu fullyrðingum á tvo vegu bar ég fram spurningu, sem er á þessa leið: Er það skoðun hæstv. fjmrh. þrátt fyrir þá fullyrðingu í grg. fjárlagafrv., að enginn greiðsluhalli verði hjá ríkissjóði í ár, að vanta muni um 250 millj. kr. til að mæta útgjöldum ríkisins á næsta ári, eins og hæstv. forsrh. hefur haldið fram á fundi stjórnmálafélags hér í bænum?

Tilefni þriðju spurningarinnar og þeirrar seinustu, sem ég bar fram til þessa hæstv. ráðherra, er það, að hann fullyrti hér úr ræðustól, að fyrir dyrum stæði að taka hér upp nýtt efnahagskerfi. Með því að þetta voru nýjar upplýsingar, bæði fyrir mig og sjálfsagt fyrir fleiri, sem á hlýddu, og með sérstöku tilliti til þess, að við vorum hér nýlega búnir að fá að heyra upp lesinn stjórnarsamning þeirra tveggja flokka, sem standa að hæstv. ríkisstj., þar sem ekkert var getið um þetta, — nú má það auðvitað vel vera, að stjórnarsamningurinn hafi ekki allur verið lesinn og hann sé eitthvað lengri en það, sem alþm. fengu að heyra, — þess vegna langaði mig alveg sérstaklega að spyrja hæstv. fjmrh.: Styðst sú fullyrðing hæstv. fjmrh., að skipta eigi um efnahagskerfi, við ákvæði í stjórnarsamningnum, eða stendur ráðh. einn og persónulega á bak við þessa fullyrðingu?

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum mínum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) er á þá leið, hvort ég telji ekki þörf neinna lagasetninga til að tryggja framleiðsluna á næstu tveim mánuðum, sem þinghlé verði. Það var alveg óþarfi fyrir þennan hv. þm. að fresta þessari spurningu í gær, því að hann hefði getað beint henni, sem eðlilegt var, ekki til fjmrh., heldur til sjútvmrh. En ég get upplýst hann um það, að í fyrra var í þinghléi samið um þessi mál, um útgerðina, og síðan staðfest á eftir af Alþingi.

Önnur spurningin var á þá leið, hvort rétt mundi, að vanta muni 250 millj. kr. fyrir ríkissjóð eða útflutningssjóð á næsta ári. Ég er búinn að svara þessari fyrirspurn þegar þrisvar sinnum á Alþingi nú og tel ekki ástæðu til að gera það einu sinni enn.

Í sambandi við ummæli hans um það, að ég hafi lýst því yfir, að fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fyrir og samið var undir handleiðslu fyrrv. hæstv. fjmrh., sé gagnslaust og marklaust plagg, þá er þessi fullyrðing hv. þm. á hans eigin ábyrgð og staðlausir stafir. Þetta frv. er vel undirbúið og á alla lund samið með svipuðum hætti og fjárlagafrv. eru. Ástæðan til þess, að ég tel nauðsyn á að semja nýtt frv., eru þær breytingar, sem ég hef þegar getið um, á fjármála- og efnahagskerfinu, sem fyrir dyrum standa.

Þriðju spurningunni hef ég svarað a. m. k. einu sinni í dag og tel ekki ástæðu til að vera að endurtaka það.

Spurningarnar allar eru sem sagt gersamlega ástæðulausar eða út í hött, og mig undrar það, að hv. þm. skuli vera nú að endurtaka þetta, sem hann allt saman er búinn að fá upplýsingar um áður.

En hv. þm. vill meina, að ég sýni Alþingi óvirðingu með því að hafa ekki 1. umr. fjárlaganna nú, og deilir mjög á þessi vinnubrögð. Ég verð að segja, að mér finnst það tæpast fara þessum hv. þm. vel að vera með ákúrur í garð annarra um vinnubrögð og meðferð fjárlaga. Þessi hv. þm. var valinn formaður fjvn. á fyrsta þingi, eftir að vinstri stjórnin var mynduð, haustið 1956. Hann bar því ásamt fjmrh. þáverandi, Eysteini Jónssyni, fyrst og fremst ábyrgð á gangi þeirra mála. Það fórst honum úr hendi með þeim endemum, að í rúma fjóra mánuði lá fjárlagafrv. í fjvn. Ég veit ekki til þess, að í annan tíma í sögu þingsins hafi það dregizt jafnlengi að fá afgreiðslu á fjárlagafrv. út úr nefnd. Og þó að fyrrv. fjmrh. beri að sjálfsögðu og ríkisstj. öll mjög mikla ábyrgð á þessu, þá er ábyrgð á þessum vinnubrögðum ekki sízt á herðum hv. þingmanns, sem var á þeim tíma formaður nefndarinnar og átti að hafa forustuna um vinnubrögð hennar.

Karl Guðjónsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör, svo langt sem þau ná. Það má vel vera, að einhverju af mínum spurningum eða því, sem í þeim fólst efnislega, hafi hann áður svarað. Ég get viðurkennt það, að ég hef ekki setið hér alveg stöðugt undir umr., og eru mér þá manna dæmin og það frá ráðh. sjálfum, þó að eitthvað úr umr. hafi farið fram hjá mér. Ég mun hins vegar taka orð hans trúanleg um það, að svör sé að finna við þeim, og kynna mér þau á sinni tíð.

Varðandi það, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt um afgreiðslu fjvn. á fjárlögum undanfarin ár og með sérstakri ádeilu á mig sem formann n. s. l. ár, þá vil ég taka það fram, að þar hefur einnig nokkuð farið fram hjá honum. Hygg ég þó, að hann hefði haft sæmilega gott af því að vera hér í svolitilli kennslustund, sem ég hafði raunar hér og ætlaði honum sem nýliða í afgreiðslu fjárlaga, sem mér er alltaf að skiljast betur og betur, að hefði ekki veitt af. Þó að ég fari ekki nánar út í það hér og hann eigi þess kost að lesa í þingtíðindum, hvað ég sagði um það, ekki síður en ég hans svör, þá vil ég nota tækifærið, vegna þess að hann var ekki viðstaddur, þegar ég leiðrétti hér það, sem hann fór rangt með í einni af ræðum sínum, — það mun reyndar hafa verið í Sþ. og utan dagskrár, — um afgreiðslu fjárlaga. Hann fullyrti þar, að ég bæri ábyrgð — ekki á því, sem hann talaði um núna, enda voru það smámunir, að endanleg afgreiðsla fjárlaga fór fram hinn 28. febr. árið 1957, og er í seinna lagi, ég skal viðurkenna það hreinlega. Ég hef áður rakið það, að þar er síður en svo, að fjvn. sé um að kenna. Enn fremur vil ég taka það fram, að þegar fjárlagaafgreiðsla hefur lengst dregizt nú í seinni tíð, á þessu yfirstandandi ári, þá voru fjárlög ekki afgreidd fyrr en 29. apríl, og ég verð að játa það, að mér leið ósköp illa undir því sem formanni fjvn. að þurfa að bíða svo lengi með afgreiðslu fjárlaga. En það ætla ég, að ef hæstv. fjmrh. veit það ekki nú þegar, þá muni hann komast að því í væntanlegri lífsreynslu sinni sem ráðh., að það er mjög ósanngjarnt að ætlast til þess, að fjvn. afgreiði fjárlögin, áður en ríkisstj. er tilbúin að gera það. Og ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að á þessu yfirstandandi ári var það alls ekki stjórn, sem ég studdi að einu eða neinu leyti, sem að afgreiðslu fjárlaga stóð, heldur þvert á móti stjórn Alþfl., en sú stjórn þó, sem hæstv. fjármálaráðherra studdi eða lofaði að verja vantrausti.

Ég vísa þess vegna til föðurhúsanna öllum ásökunum á fjvn. um það, að seint hafi gengið um afgreiðslu fjárlaga þessa árs, því að þótt hæstv. fjmrh. vitnaði í það sem sérstakt hneyksli, að fjárlagafrv. hefði legið hjá fjvn. í 4 mánuði haustið 1956 og fram til febrúarmánaðar 1957, þá er það alls ekki það lengsta, sem fjárlagafrv. hefur legið hjá n. Það var a. m. k. lengur á s. l. hausti og fram eftir yfirstandandi ári og það á ábyrgð allt annarra manna en mín og þeirra manna, sem þá skipuðu meiri hl. í fjvn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Varnir hv. þm. eru aðeins tvær. Önnur er sú, að það hafi ekki verið honum að kenna, að fjárlagafrv. væri rúma 4 mánuði í n. árið 1956—57, heldur hafi aðrir borið þar sök á og þá fyrst og fremst fjmrh., sem hann studdi þá, núv. 1. þm. Austf. (EystJ). Það má vel vera rétt, enda tók ég það fram í ræðu minni, að hann væri þar auðvitað samábyrgur.

Varðandi það, að fjárlög hafi verið afgreidd seint eða ekki fyrr en í aprílmánuði nú á yfirstandandi ári og að þá hafi setið stjórn, sem hann hafi ekki átt þátt í eða ekki stutt, þá vil ég minna á það, að á síðasta þingi voru auðvitað sérstakar ástæður, þar sem stjórn hrökklast frá völdum í miðju kafi, eftir að fjárlagafrv. er búið að liggja á annan mánuð í fjvn., og því auðvitað nokkuð eðlileg vinnubrögð, að undir slíkum kringumstæðum taki það lengri tíma.

Ég hef ekki út af fyrir sig verið með ádeilur og ég hef ekki að fyrra bragði haft neinar ádeilur á hv. 6. þm. Sunnl. fyrir vinnubrögð fjvn. undir hans forustu. Ég hef aðeins bent honum á það, að honum farist manna sízt að vera með ádeilur hér á vinnubrögð í þessum efnum, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, því að ég tel, að þeir eigi að forðast að kasta grjóti, sem í glerhúsi búa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 63).

2. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Á 5. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga [30. mál] (stjfrv., A. 40).

Á 6. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:8 atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrir Alþingi liggja nú nokkur frv. um hina venjulegu árlegu framlengingu á nokkrum tekjustofnum, eins og tíðkazt hefur undanfarin ár. Þessi frv. eru 7. mál, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta ýmis gjöld með viðauka, 8. mál, um framlengingu á III. kafla laga um dýrtíðarráðstafanir, þ. e. a. s. varðandi söluskatt, 9. mál, um bráðabirgðabreyting á lögum um tollskrá, 10. mál, um bráðabirgðabreyting á lögum um bifreiðaskatt, og 17. mál, um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Öll þessi frv. fara fram á framlengingu þessara tekjustofna fyrir árið 1960 og eru samhljóða þeim frv., sem samþ. hafa verið undan-

farin ár um þessi efni. Eftir atvikum þykir réttara að fella efni þessara fimm frumvarpa í eitt frumvarp, og hefur það verið gert á þskj. 40, 30. mál, sem hér liggur fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að skýra þetta mál frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er oft getið um það í fornbókmenntum þjóðarinnar, þegar frásögn er að ná hámarki af orrustum, sem fram fóru, þá gerðist skammt stórra höggva milli. Mér virðist, að um þennan leik, sem leikinn er hér í kvöld og e. t. v. í nótt hér á hv. Alþingi, megi að vissu leyti segja, að hér gerist skammt stórra höggva milli og hér séu mörg vopn á lofti í senn, því að fyrir skömmu vorum við að fjalla um frv., sem fól í sér framlengingu á viðauka við vitagjald, stimpilgjald og álag á innlendar tollvörutegundir, jafnhliða því frv. lágu fyrir nokkur önnur, svo að þetta var eins konar fimmburafæðing, eins og lýst hefur verið hér í umr., en nú eru allt í einu þessi mörgu fóstur lögð til hliðar, en einu stærra fóstri komið hér á framfæri, sem virðist þó óneitanlega bera mjög mikinn svip af hinum fimm og má ætla að sé alsystkini þeirra a. m. k. Og þessu nýja fóstri er útbýtt hér á þessum fundi og ákveðið að taka þetta þskj. hér til umræðu nú með afbrigðum.

Ég hafði ekki búið mig undir það að ræða um þetta frv., sem nýlega hefur verið útbýtt, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, og mér hefur ekki unnizt tími til að lesa frv. frá orði til orðs. En mér sýnist fljótt á litið, að efni þess muni vera svipað eða jafnvel shlj. þeim þskj., sem við höfum haft hér til meðferðar og umræðu undanfarið, og mun ég því leitast við að segja um þetta nokkur orð, þó að ég sé ekki búinn að kynna mér efni þessa frv.

Það er sýnilegt, að þetta frv., sem nú er tekið til umr., um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur að geyma ákvæði um verulega tekjuöflun ríkissjóði til handa. En þau ákvæði frv., sem eru veigamest að því leyti, að þau munu eiga að skila ríkissjóði langsamlega hæstum fjárhæðum, ef lögfest verða og framkvæmd, eru ákvæðin í 4. gr. þessa frv. um söluskattinn. Ég mun því hefja mál mitt á því að fara nokkrum orðum um þann þátt málsins.

Söluskatturinn hefur verið til meðferðar á hv. Alþingi nokkur undanfarin ár, þar sem ákvæðin um hann hafa verið framlengd frá ári til árs. En það er eftirtektarvert, þegar litið er á þessi ákvæði um söluskattinn, sem eru framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 frá 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, að þá er kveðið svo að orði í frv., og er það í samræmi við það, sem verið hefur í lögum að undanförnu, að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100 1948, skuli gilda um næsta fjárhagsár. Hér er ekki vísað í ákveðnar greinar, heldur svo að orði komizt, að ákvæðin um tekjuöflun í III. kafla nefndra laga skuli halda gildi sínu. Þetta er óvenjulegt orðalag, að ég ætla, því að samkvæmt þingsköpum eiga frv. að vera með lagasniði, og venja er að vísa í ákveðnar greinar frv., en ekki aðeins ótiltekin ákvæði í einhverri grein, þ. e. a. s. sumt úr einhverri grein og annað ekki. En þetta óvenjulega á sína sögu og söluskatturinn eins og um hann hefur verið fjallað hér á hv. Alþingi.

Fyrir 15 árum var komið á fót stjórnarsamstarfi hér í landi, og hlaut sú stjórn nafnið nýsköpunarstjórn. Hún birti þinginu og þjóðinni alllanga stefnuskrá, þegar hún settist að völdum, og tvö atriði í þeirri stefnuskrá eru á þá leið, að ríkisstj. lofaði því að beita sér fyrir, að af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum yrði eigi minna en 300 millj. ísl. kr. komið fyrir á sérstökum reikningi, — það yrði lagt á sérstakan reikning og þeim gjaldeyri mætti eigi ráðstafa án samþykkis ríkisstj. og eingöngu til kaupa á tækjum, sem síðar voru nánar flokkuð. Og annað ákvæði í þessum stjórnarsamningi er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að fjárlagafrv. það, er nú liggur fyrir Alþingi, er raunverulega með stórkostlegum tekjuhalla og er auk þess þannig úr garði gert, að ekki verður með nokkru móti hjá því komizt að hækka útgjöld til verklegra framkvæmda verulega frá því, sem þar er áætlað, mun stjórnin til neydd að leggja á allháa nýja skatta, þar eð hún telur sér skylt að gera það, sem unnt er, til að afgreiða hallalaus fjárlög. Verður leitazt við að leggja skattana á þá, er helzt fá undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á stríðsgróðann. Skattar á lágtekjumenn verði ekki hækkaðir. Eftirlit með framtölum verður skerpt."

Það er augljóst af þessu, að eitt meginverkefni, sem þessi stjórn lofaði að leysa af hendi, var það að gefa ávísanir á gjaldeyri, sem þjóðin átti, og að skattarnir skyldu verða lagðir á þá, sem helzt fá undir þeim risið, og að eftirlit með framtölum skyldi skerpt. Reynslan var sú, að það virtist ganga greiðlega og takast vel að gefa ávísanir á gjaldeyrinn, sem þjóðin átti, því að hann eyddist á skömmum tíma. Hitt urðu menn minna varir við, að skattar á lágtekjumönnum væru mikið lækkaðir eða eftirlit með framtölum stórlega skerpt.

En þegar þessi ríkisstj. hafði setið um það bil tveggja ára skeið, var svo komið á því heimili, — eins og merkur Íslendingur hefur áður komizt að orði, — að „félagsbræður ei finnast þar". Og síðasta verk þess ráðh., sem fór með sjávarútvegsmál í nýsköpunarstjórninni, var að flytja — eða beita sér fyrir því, að flutt yrði inn á Alþingi — það nýmæli, að ríkissjóður skyldi taka ábyrgð á afurðaverði bátaflotans. Þegar hann hafði komið því í verk að beita sér fyrir því, að þetta nýmæli yrði flutt inn á Alþingi, þá stóð hann upp úr stólnum.

Með þessu frv. um ríkisábyrgð á afurðaverði bátaflotans fylgdu þó ekki till. eða ákvæði, sem voru nægileg trygging fyrir því, að fé yrði fyrir hendi til að standa við þau útgjöld, sem af þessu kynni að leiða. Það kom vitanlega eins og margt fleira í hlut þeirra, sem við

tóku, að sjá fyrir þeim þætti málsins. Og þá gerist það, að þessi lög, sem hér er vitnað til um framlengingu á, voru sett að tilhlutun stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar og þeirra flokka, sem hana studdu, og lagður á söluskattur til þess að standa straum af greiðslu svonefnds dýrtíðarsjóðs, sem skyldi standa straum af bótum til framleiðslunnar vegna hins háa verðlags, sem orðið var í landinu, enda ber þessi kafli, sem nú á að framlengja með þessu frv., heitið III. kafli l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Enn þá ber kaflinn þetta heiti.

Síðan þessi skattur var á lagður í því skyni, sem ég nú hef greint, hefur hann verið framlengdur frá ári til árs, og þær tekjur hafa ýmist gengið beint til stuðnings atvinnuvegunum eða orðið skattstofn ríkissjóði til handa.

En öll eru þessi ákvæði allflókin. Að uppistöðum til er 4. gr. þessa frv. framlenging á l. nr. 100 1948. En þó fela ákvæði greinarinnar í sér breyt. frá þeim lögum, og í lögum um útflutningssjóð eru sérákvæði um söluskatt, sem nokkur ástæða er til að skoða í samhengi við þetta frv., þar sem raunverulega er um sama skattstofninn að ræða. 40. gr. laga um útflutningssjóð o. fl. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100 1948, sbr. l. nr. 82 1957 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal greiða sérstakt gjald, er nemi 6% af umræddri sölu og veltu."

Þegar þetta er borið saman, þá er auðsætt, að hér er um allflókna lagasetningu að ræða og ákvæðin í þrennum lögum og þannig samanslungin, að ég hef ekki á þeim fáu mínútum, síðan þetta frv. var lagt hér fram, getað athugað það til hlítar, og það kom ekki fram í ræðu hæstv. fjmrh., hvort hann hefði gert sér far um að greina þessa þætti í sundur. En það er eftirtektarvert, að 40. gr. laganna um útflutningssjóð o. fl. grundvallast á b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100 1948, eða m. ö. o. ákvæðum, sem standa í því frv., sem hér er til umræðu. Og ef þessi l. nr. 100 1948 gilda ekki einhvern hluta úr árinu, þá bara er vísað í einhver önnur lög, sem kunna að koma í þeirra stað. Þetta er svona mikil dvergasmíð allt saman og ber náttúrlega að vissu leyti vott um, hvað þm. eru miklir hagleiksmenn á lagasmíðar. En full ástæða er til að benda á þetta og að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, geri sér far um að glöggva sig á þessu alveg frá rótum.

En þessi gr., sem hér er höfð að uppistöðu gagnvart 40. gr. l. um útflutningssjóð o. fl., er um það, að greiða skuli 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu en áður er talin, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar. Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Ég tók það fram, að síðan söluskatturinn var lagður á vegna bóta til handa útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, hefur það fé, sem innheimt hefur verið samkv. þeim gjaldstofni, ýmist gengið beint til þarfa atvinnuveganna eða orðið sem tekjuliður í fjárlagafrv. Og í fjárlögum þessa árs má enn greinilega sjá sambandið þar á milli. Tekjur af söluskatti eru í fjárl. þessa árs áætlaðar 151 millj. og 400 þús. kr., en til gjalda á 19. gr. fjárl. er aftur á móti fært framlag til útflutningssjóðs 152 millj. og 100 þús. kr. eða að heita má sama upphæð og söluskatturinn gefur. Ég sé í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir og fyrrv. fjmrh. hefur lagt fram, að söluskatturinn mun vera áætlaður ofur lítið lægri tekjustofn á næsta ári en stendur í fjárl. þessa árs. En á móti því vegur það, að út úr fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir fyrir árið 1960, er kippt eigi minna en 100 millj. kr. af framlagi því, sem á þessu ári gengur til útflutningssjóðs. En þetta sýnir þó, að enn er greinilegt samband milli söluskattsins og afkomu atvinnuveganna, þ. e. a. s. útflutningssjóðsins, — stuðnings við atvinnuvegina af almannafé, — og það leiðir til þess, að um leið og fjallað er um þetta frv., þ. e. a. s. þessi ákvæði, sem felast nú í einni grein þessa frv., sem hér er til umræðu, þá er alls kostar eðlilegt, að þm. geri sér nokkra grein fyrir því, svo sem auðið er á þessum tíma, hverjar horfur eru um afkomu atvinnuveganna og hvernig horfur eru í efnahagsmálum þjóðarinnar í heild. Þetta eru jafnframt rök fyrir því, að það er ekki eðlilegt að taka þennan þátt, sem á að gefa ríkissjóði eða útflutningssjóði um 150 millj. kr., einan út úr samhengi við aðstoð við atvinnuvegina og efnahagsmál þjóðarinnar í heild og afgr. þetta hér á Alþingi með afbrigðum og í flaustri. Það er alls ekki eðlilegt. Hitt er eðlilegt og raunar sjálfsögð vinnubrögð, hvað sem er um ákvæðin, sem í hinum greinum frv. felast, að nokkuð sé staldrað við og heildarmyndin af þjóðarbúskapnum skoðuð betur en orðið er, áður en þessi 150 millj. kr. skattur, sem raunverulega gengur til útflutningssjóðs, er lögfestur.

Eins og kunnugt er, þá er í löggjöfinni um útflutningssjóð o. fl. kveðið á um marghátt-aðar bætur til handa atvinnuvegunum, og þessar bætur eru flokkaðar bæði eftir því, á hvaða tíma útgerð er stunduð, og eins eftir því, hvers konar skip eiga í hlut og með hvaða veiðitækjum er fiskað.

Það er ákveðið í 3. gr. l. um útflutningssjóð, að á verðmæti útfluttra vara, sem framleiddar eru eftir 14. maí 1958, skuli greiða ýmist 80% eða 55% eða 70% bætur, eftir því, um hvers konar framleiðslu er að ræða.

Þá eru ákvæði í útflutningssjóðslögunum um aðstoð við togaraflotann, bæði fastar greiðslur og bætur í öðru formi, og í þeim sömu lögum eru enn fremur ákvæði um útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, sem seldar eru úr landi.

Á þingi í fyrra, þ. e. a. s. í nóvember og des-

ember 1958, var þessi löggjöf tekin til nokkurrar athugunar í sambandi við samninga, sem þá var verið að undirbúa um bætur til bátaútvegsins. Við þá athugun, sem þá fór fram, þótti það koma í ljós, að ákvæði útflutningssjóðslaganna, sem sett voru 1958, mundu ekki fyllilega veita atvinnuvegunum þær bætur, sem þörf væri á. Í grg. fyrir frv. um breyt. á l. um útflutningssjóð o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur og flutt var, eftir að stjórnarskiptin urðu, af þáv. forsrh., er gerð nokkur grein fyrir því, hvaða horfur voru þá um afkomu sjávarútvegsins og hvaða ráðstafanir fyrrv. ríkisstj., þ. e. a. s. vinstri stjórnin, hafði gert í því sambandi. Í þeirri grg. frv., sem þáv. forsrh. lagði fyrir á Alþingi s. l. vetur, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum fyrrv. ríkisstj. (þ. e. vinstri stjórnarinnar) var í októbermánuði s. l. gerð athugun á því, hver áhrif þær hækkanir grunnkaups og kaupgreiðslu samkv. vísitölu, sem átt höfðu sér stað, síðan lögin um útflutningssjóð voru sett, hefðu haft á rekstrarkostnað útflutningsatvinnuveganna. Þessar hækkanir kaupgjalds voru, eins og kunnugt er, 10.7% umfram það, sem útflutningssjóðslögin höfðu gert ráð fyrir, að því er verkamenn snerti, og 7.1% að því er flestar aðrar starfsgreinar snerti. Niðurstöður þessarar athugunar voru þær, að af völdum kauphækkananna væri rekstrarkostnaður útflutningsatvinnuveganna orðinn um 6% hærri en sá kostnaður, sem bætur útflutningssjóðslaganna voru miðaðar við, og til þess að jafna metin mundi þurfa nýja hækkun bóta, að upphæð um 105 millj. króna. Þessar áætlanir voru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 185 og byggðust enn fremur á þeirri forsendu, að skiptaverð á fiski til bátasjómanna hækkaði ekki meir en kaupgjald verkamanna hafði hækkað, eftir að útflutningssjóðslögin höfðu verið sett."

Og hér segir enn fremur:

„Sú athugun, sem hér að framan getur, var almenns eðlis, og gat því ekki verið um að ræða nákvæmar niðurstöður um afkomu hinna einstöku greina útflutningsframleiðslunnar. Á hinn bóginn hafði nefnd manna, er starfaði á vegum útflutningssjóðs, unnið að því síðan á s. l. sumri að kynna sér eins nákvæmlega og föng voru á afkomu hverrar greinar útflutningsframleiðslunnar um sig, en niðurstöður þessarar n. lágu ekki fyrir fyrr en í desember."

Hér kemur það svo greinilega fram sem verða má, að meðan vinstri stjórnin sat, þá var hafizt handa um það þegar í októbermánuði 1958 að láta gera athuganir á afkomu sjávarútvegsins og reyna að draga upp heildarmynd af því, hverra bóta væri þörf framleiðslunni til handa, og hafa þá heildarmynd nokkurn veginn tiltæka a. m. k. snemma í desember 1958. Og hér kemur það enn fremur fram í grg. með frv. fyrrv. ríkisstj., að þessi athugun, sem gerð var að tilhlutun vinstri stjórnarinnar og á hennar vegum, var bæði almenns eðlis og enn fremur um einstaka þætti þessara mála. Með þessu er það staðfest, hvernig vinstri stjórnin bjó í hendur þeirra, er við tóku að þessu leyti.

En þessar athuganir, sem gerðar voru að segja verður í tæka tíð fyrir atbeina vinstri stjórnarinnar, leiddu til þess, að augljóst var þegar snemma vetrar 1958, að það var nauðsynlegt að auka bætur til útflutningsframleiðslunnar, og var þinginu gerð grein fyrir þeirri nauðsyn í grg. með frv. fyrrv. ríkisstj. með þessum orðum:

„Af þessum ástæðum (sem áður eru taldar) reyndist nauðsynleg aukning bóta til útflutningsframleiðslunnar verulegum mun hærri en áður hafði verið áætlað, eða 147 millj. kr., þegar miðað er við kaupgreiðsluvísitöluna 185. Ef vísitalan verður færð niður í 175 stig, lækkar þessi upphæð hins vegar um 81 millj. eða í 66 millj. En við þá upphæð verður svo að bæta þeim sérstöku bótum, sem greiða verður framleiðendum vegna þess, að kaup greiðist í janúarmánuði eftir vísitölu 202, vegna iðgjalda fyrir bráðafúatryggingu báta á árinu 1958 og hækkun bóta á síld, sem veidd er á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, og upp í þær bætur, sem greiddar eru á annan fisk á sama tímabili."

Síðan er niðurstaðan af þessum athugunum færð út reikningslega, svo að myndin yrði skýr, og jafnframt gefið lauslegt yfirlit yfir hag útflutningssjóðs, eins og hann stóð, þegar vinstri stjórnin skilaði af sér. Og þar sem þetta eru tölur, lagðar fram af fyrrv. forsrh., þeim er tók við stjórnarforustu af vinstri stjórninni, verður varla sagt, að ástæða sé til að vefengja þær eða hann hafi haft nokkra löngun til að gera þetta dæmi neitt fegurra í augum þingsins og almennings en hið raunverulega er. En í þessari grg. fyrrv. ríkisstj. segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hefur reynzt tiltölulega góð á árinu 1958. Er þetta að sjálfsögðu afleiðing þeirrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda, er framkvæmd var á því ári. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytzt úr 34 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958."

Þegar þetta er athugað og menn gera sér ljóst, hvaða tökum þessi mál voru tekin, meðan vinstri stjórnin sat, að bæði almenn athugun á afkomu sjávarútvegsins og sérstök athugun á einstökum þáttum hans var sett af stað í október 1958, að myndin af þessu var orðin nokkurn veginn skýr í öndverðum desember 1958, að ráðstafanir gagnvart framleiðslunni, a. m. k. gagnvart bátaflotanum, þurfa í raun og veru að vera ákveðnar um áramót, og að nú er desembermánuður að hefjast, þá er full ástæða til í sambandi við þetta mál að bera fram þá spurningu til hæstv. ríkisstj., hvað nú hafi verið gert í þessu efni. Liggur nú fyrir athugun, bæði almenns eðlis og af einstökum þáttum sjávarútvegsins, eins og á síðustu mánuðunum eða síðustu vikunum, sem vinstri stjórnin sat? Það mætti ætla, að hæstv. félmrh. og sjútvmrh. mundi auðveldlega geta svarað þessu, þar sem hann hefur

farið með sjávarútvegsmálin frá því 23. des. 1958 eða allt þetta ár. En e. t. v. er hann nú ekki hér nærstaddur, og væri þá vel, eftir að ég hef lokið máli mínu, ef aðrir hæstv. ráðh. vildu hlaupa í skarðið og gefa hér nokkrar upplýsingar um þetta.

En eins og ég hef áður tekið greinilega fram, þá er samband á milli söluskattsins sem tekjustofns og ákvæða laga um útflutningssjóð um stuðning vegna atvinnuveganna. Söluskatturinn hefur stundum verið látinn ganga beint í dýrtíðarsjóð eða beint til atvinnuveganna, en á öðrum tíma, eins og t. d. núna á þessu ári, að formi til færður inn í fjárl., en samsvarandi upphæð aftur gjaldamegin til útflutningssjóðs.

Eins og hv. þm. og þjóðinni allri er kunnugt, þá gerðist það jarteikn á degi heilags Þorláks 1958, að Sjálfstfl. myndaði stjórn Alþfl., eins og orðrétt var sagt í blöðum um jólaleytið í fyrra. Sú stjórn tók við góðum arfi. Fjárlögin og reikningar útflutningssjóðs bera vitni um það. Í fjárl. þessa árs, sem sett voru, eftir að stjórn Alþfl. tók við, er nýr tekjuliður, sem hefur ekki staðið í fjárlögum undanfarinna ára, þ. e. 16. tekjuliður í 2. gr., greiðsluafgangur 1958 25 millj. kr. Þessi nýi tekjuliður í fjárlögum þessa árs er arfur, sem ríkisstj. Alþfl. tók við úr hendi vinstri stjórnarinnar, og grg., sem ég vitnaði til áðan með frv. fyrrv. ríkisstj., þ. e. a. s. frv. stjórnar Alþfl., sem flutt var að tilhlutan þáv. forsrh., skýrir óvefengjanlega frá því, hvernig hagur útflutningssjóðs stóð í árslok 1958, eða á árinu 1958 hafði hagur sjóðsins batnað þannig, að í stað 34 millj. kr. skuldar í ársbyrjun var 5 millj. kr. innstæða í árslok.

Alþfl. og málgagn hans hefur túlkað það fyrir þjóðinni allt þetta ár, að hann stæði á verði um svokallaða stöðvunarstefnu. Og þegar þjóðinni var att út í baráttu um kjördæmabreytinguna, þá var skrifað þannig í Alþýðublaðið, að kosningarnar í sumar ættu ekki að snúast um kjördæmamálið, það væri í raun og veru afgert mál með samþykkt þm. s. l. vor, kosningarnar ættu að snúast um allt annað, m. a. um atvinnulífið og m. a. um það, hvort þjóðin vildi veita Alþfl. aukið fulltingi til þess að framkvæma stöðvunarstefnuna í efnahagsmálum.

Nú fer það saman, að fyrrv. ríkisstj. tók við góðum arfi, greiðsluafgangi og góðum hag útflutningssjóðs, eins og ég hef rakið, að Alþfl. hefur fengið tækifæri til þess á þessu ári að framkvæma stöðvunarstefnuna og að nú fyrir rúmum mánuði lýstu a. m. k. tveir ráðherrar í fyrrv. stjórn því í áheyrn alþjóðar, að hagur ríkissjóðs væri góður og hagur útflutningssjóðs þannig, að hann hefði ekki í annan tíma verið betri, síðan sjóðurinn tók til starfa. En þegar þetta fer saman annars vegar og hins vegar það, að hæstv. núv. forsrh. segir, að ástandið sé svo dökkt í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og málgagn Sjálfstfl., Morgunblaðið, hefur birt eftir hæstv. forsrh., að á næsta ári muni vanta í ríkissjóð og útflutningssjóð a. m. k. 250 millj. kr. að öðru óbreyttu til þess að sjá efnahagskerfi þjóðarinnar farborða, þá er full ástæða til að spyrja: Hvað er sannleikur? Hvorir segja satt, fyrrverandi og núverandi ráðh. Alþfl. eða hæstv. núv. forsrh.? Og það er enn fremur ástæða til að spyrja: Hvað líður athugun á afkomu sjávarútvegsins nú á þessu hausti og hverjar horfur eru um rekstrargrundvöll útgerðarinnar um næstu áramót? Og það er enn fremur ástæða til að spyrja, og þeirri spurningu vil ég beina til þess hæstv. ráðh. eða þeirra ráðh., sem viðstaddir eru: Er farið að undirbúa samninga við útgerðarmenn um rekstrarafkomuna á næstu vetrarvertíð, eða eru þeir samningar þegar hafnir?

Þessi mál öll, þær 150 millj. kr., sem afla á með söluskattinum, og bæturnar, sem greiddar eru úr útflutningssjóði, þau eru öll í samhengi, og sú mynd, sem þm. hafa fyrir sér, þegar þeir eiga að fara að taka afstöðu til söluskattsins, þarf að vera eins skýr og auðið er að gera hana á þessum tíma, og þessi tekjustofn, söluskatturinn, er svo hár, að það er ekki óeðlilegt, að hann taki einhverjum breytingum, hér er um svo stórfelldan tekjustofn að ræða, ef niðurstaðan kann að verða sú, að gripið yrði til nýrra úrræða á sviði efnahagsmála, þannig að náð yrði eftir öðrum leiðum og í öðru formi svipuðu marki og stefnt hefur verið að eða náð með lögunum um útflutningssjóð.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú til 1. umr. Því var útbýtt hér fyrir fáum mínútum. Fjhn. þessarar deildar hefur því eðlilega ekki fjallað um það. En ég sé, að í nál., sem búið var að gefa út um annað frv., sem við höfum haft til meðferðar, um framlengingu á ákvæðunum um söluskatt, þá hefur minni hl. fjhn. lagt það til, að framlengingin gilti einungis til febrúarloka 1960, eða til sama tíma og hæstv. ríkisstj. fer fram á, að henni verði heimilað að greiða úr ríkissjóði, þó að fjárlög hafi ekki verið sett.

Ég þykist vita, að fjhn. taki nú þetta mál enn að nýju til gaumgæfilegrar athugunar, m. a. með tilliti til þeirra atriða, sem ég hef bent á, með tilliti til þess, hve þessi ákvæði um söluskattinn eru sundurleit og í mörgum lögum, og með tilliti til annarra þátta, sem vega mikið í fjárhagskerfi þjóðarinnar í heild.

Í þessu nýja frv. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga eru í 1. grein ákvæði, sem nokkuð hafa verið gerð að umtalsefni hér í deildinni í sambandi við annað frv. En í 3. gr. eru ákvæði um bifreiðaskatt og innheimtu hans, sem munu vera svipuð eða samhljóða frv., sem áður hafði verið lagt fram og verið hefur hér á dagskrá. Þar eru ákvæði í 3. gr. m. a. um ráðstöfun á því gjaldi, sem innheimta á sem viðauka eða álag á benzínskatt, þ. á m. ákvæði um brúasjóð. Ég tel nokkra ástæðu til að fara um þau ákvæði nokkrum orðum, en þetta er 1. umr. málsins, og gefst væntanlega tækifæri til þess að víkja að því síðar, við 2. eða 3. umr. En það er þó eitt atriði í 3. gr. þessa frv., sem ég vil leyfa mér að benda á, áður en málið fer til hv. fjhn., og það er sambandið á milli ákvæða þessa frv.,

sem á að framlengja, og ákvæða í lögunum um útflutningssjóð.

A-liður 3. gr. þessa frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laganna (þ. e. a. s. laga nr. 68 frá 1949) skal innheimta 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið yrði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.“

En í 46. gr. laganna um útflutningssjóð o. fl. segir svo:

„Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni til viðbótar því gjaldi, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68 1949 og 1. tölulið 1. gr. laga nr. 92 1957. Skal gjald þetta nema 62 aurum af hverjum lítra, þar af skulu 6 aurar renna í brúasjóð og 6 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, og 50 aurar til útflutningssjóðs.“

Ég bendi á þetta enn að nýju, að hér kemur fram sama eða svipað samband á milli þessara ákvæða frv. og 46. gr. útflutningssjóðslaganna og ég hafði bent á gagnvart ákvæðunum um söluskatt. Allt er þetta þannig vaxið ásamt öðru, að það er fullkomin ástæða til þess, að fjhn., sem fær þetta frv. til athugunar, taki þetta til nokkuð gaumgæfilegrar íhugunar og samræmingar og að lagasetning um þetta sé ekki hespuð af í skyndi.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu um þetta frv. nú. Mig langaði til þess að minnast á einn liðinn í þessu frv., þessum bandormi, og það er söluskatturinn. Söluskatturinn er víðfrægt fyrirbæri og mun hafa verið settur hér á árið 1948, og var það upplýst þá, að tekjur af honum skyldu sérstaklega notaðar til að greiða verðuppbætur á útflutningsvörur sjávarútvegsins. Síðan hefur þessum skatti verið haldið, að vísu hefur oft verið breytt til, stundum hefur hann verið hækkaður, eins og 1950, og stundum lækkaður.

Þessi söluskattur á sér mikla sögu, sem ég þó ekki kann að rekja né hirði um að rekja hér. Yfirleitt er söluskatturinn óvinsæll. Hann mun vera einna óvinsælastur allra skatta í landinu. Hann þykir leiðinleg tekjuöflunarleið og að nokkru leyti mjög varhugaverð tekjuöflunarleið. Söluskatturinn er ekki algerlega innlent fyrirbæri. Hann hefur verið tekinn upp og lagður á í ýmsum öðrum löndum, t. d. í Noregi, og við heyrum það í fréttum nú síðustu dagana, að um hann er rætt í sænska ríkisþinginu og veldur þar miklum deilum, svo að við borð liggur, að sænska ríkisstj. falli á honum.

En þessi skattur, söluskatturinn, er sem sagt óvinsæll og leiður skattur. Innheimtan gengur fyrir sig með þeim hætti, að skatturinn er miskunnarlaust innheimtur af neytendum. Hann er innheimtur frá neytendum af milliliðum, sem síðan skila honum til ríkissjóðs. Það hefur þótt við brenna og oft verið um það rætt, að þessir milliliðir, þessir innheimtumenn, væru ekki allir sem heppilegastir. Þeir eru margir og því eðlilegt, að þar sé misjafn sauður.

Það er talið, að talsverður hluti af söluskatti yfirleitt renni út í sandinn, sé innheimtur, en komist aldrei til rétts eiganda. Þetta er eitt af því, sem hefur gert þennan söluskatt svo sérstaklega óvinsælan.

Þráfaldlega hefur um það verið rætt á undanförnum árum af ýmsum aðilum hér á hinu háa Alþingi, að afnema bæri þennan söluskatt, en það hefur aldrei fengizt fram, eins og kunnugt er.

Í sambandi við umræður um söluskattinn hafa komið fram till. um breytingu á því, hvernig skattinum skuli varið. Sérstaklega hafa komið fram till. um það, að hluti af söluskattinum yrði afhentur sveitarfélögunum í landinu. Það hafa komið fram till. um, að helmingur söluskattsins yrði afhentur sveitarfélögunum sem sérstakur nýr tekjustofn. Það hafa líka komið till. um, að ¼ þessa söluskatts yrði varið til þessara þarfa. Þetta hefur verið borið upp á mörgum þingum, að ég hygg, en aldrei fengizt fram. Nú er það kunnugt, að sveitarfélögin hafa mikla þörf fyrir nýja tekjustofna. Útsvörin hafa hingað til verið svo að segja þeirra eini tekjustofn, og með þeim hefur orðið að innheimta um 90% af því fé, sem sveitarfélögin þurfa á að halda á hverju ári. Það er því mjög eðlilegt, að forstöðumenn og forráðamenn sveitarfélaga hafi rennt hýru auga m. a. til söluskattsins og óskað þess að fá hluta af honum sem sinn tekjustofn. Það hafa margar aðrar till. komið fram um nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin, en allt hefur hingað til staðið við orðin tóm.

Hæstv. fjmrh., sem er fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík og einn af forustumönnum í samtökum sveitarfélaga, hefur a. m. k. á þrem þingum flutt till. um, að ¼ hluta söluskattsins skyldi varið til þarfa sveitarfélaganna. Hann flutti till. um þetta a. m. k. á þingunum 1951, 1956 og 1957. Í ræðu, sem þessi hæstv. ráðh. flutti á þessum þingum máli sínu til stuðnings, lýsti hann mjög vel þörfum sveitarfélaganna fyrir nýja tekjustofna, og hann lýsti einnig, hvernig forustumenn einstakra sveitarfélaga svo og samtaka allra sveitarfélaganna hefðu hvað eftir annað skorað á hið háa Alþingi að veita sveitarfélögunum nýja tekjustofna og sérstaklega að veita sveitarfélögunum hluta af söluskattinum.

Ég hef orð á þessu af því, að nú er þessi forustumaður þessa máls á undanförnum þingum allmörgum kominn í sæti hæstv. fjmrh. Nú fær hann betri aðstöðu en nokkru sinni áður til að vinna að þessu áhugamáli sínu og margra annarra manna úr öllum flokkum.

Í ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti á þingi 1951, segir hann svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í umræðum á ráðstefnu bæjarstjóranna var það mjög athugað og rætt, hvernig mætti létta byrðum á bæjarfélögunum og afla nýrra tekna. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en vegna þess að framlenging söluskattsins er

hér á dagskrá, vil ég koma þeirri till. á framfæri, að hluti söluskattsins renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna.“

Þannig fórust hæstv. ráðh. orð árið 1951. Ég veit, að hann var sama sinnis árin 1956 og 1957.

Nú langar mig, vegna þess að ég hef áhuga á þessu og er sammála honum, að inna hann eftir því, hvort hann sé ekki sama sinnis nú og hann hefur verið og hvort hann vilji ekki, vegna þess að framlenging söluskattsins er hér á dagskrá, koma þeirri till. á framfæri, að hluti söluskattsins renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Hér hafði ég eftir orð hans, eins og þau féllu við umr. 1951. Ég veit, að sveitarstjórnir um land allt og fjöldi manna úr öllum flokkum mænir nú vonaraugum til hæstv. fjmrh. í þessu efni og ætlast til þess af honum, að hann eyði ekki tímanum til ónýtis í sínu háa embætti, en komi þessu máli fram sem allra fyrst. Nú er tækifærið, og nú stendur eins á og 1951, er hann taldi tímabært að koma þessu máli á dagskrá.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það eru dálítið óvenjuleg vinnubrögð með ýmsu móti hér á Alþingi þessa dagana og þessi augnablik. Það er stöðugt skipt um mál á dagskránni, og er það auðsjáanlega gert til þess, að hægt sé að leita afbrigða, þó að ýmsir af hv. stjórnarsinnum séu ekki til staðar hér í deildinni.

Þessi vinnubrögð og það að steypa saman á svipstundu fjórum málum, þannig að þm. hafa aðeins fáar mínútur til að átta sig á því, hvort um sama efni er að ræða og í þeim fjórum frv., sem lágu fyrir hv. þd. fyrir stuttu, eru með furðulegum hætti, og það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. sé að leika sér að því ofan á það athæfi að ætla sér að senda þingið heim á fyrstu 10 dögum þess að brjóta niður anda þingskapa og reglna. Og ég verð að segja það, að þetta er mjög grár leikur. Þegar skapaðar eru einhverjar venjur, hvort sem það eru þessar eða annað hér á þingi, þá þykir venjulega auðveldara að grípa til þess síðar en hefur þótt áður en sá ósiður var upp tekinn. Þetta er auðvitað gert til þess — og leynir sér ekki — að stytta ræðutíma þm., sem þeir hafa samkv. þingsköpum. Þetta veldur því m. a. í umr. um þessi mál hér í hv. deild, að ræðutími þm. er styttur um ¾. Það hefur hver þm. leyfi til þess að taka tvívegis til máls um hvert mál, og með því að steypa þessu saman er ræðutíminn styttur í ¼ af því, sem þingsköp gera ráð fyrir. Með sama hætti er hægt eftir þessari reglu að steypa saman fjölda mála, hvenær sem er á Alþingi og í sama skyni og með enn meiri árangri.

Það eru vinnuaðferðir sem þessar, sem eru þingræðinu hættulegar, og það gegnir furðu, þegar hæstv. ráðh. og hv. stjórnarsinnar undrast yfir því, þó að þessum aðförum sé mætt hér á Alþingi með nokkrum ræðum, sem haldnar hafa verið hér í þessari hv. þd. og í Nd. Þeir tala um það í þessu sambandi, að hér sé um málþóf að ræða. Þær athugasemdir, sem bornar hafa verið fram hingað til á Alþingi, eiga ekkert skylt við málþóf. Það eru eðlilegar fyrirspurnir um eitt og annað í sambandi við þetta mál og ekkert annað, enn sem komið er. Ég hef kynnzt málþófi oftar en einu sinni hér á Alþingi, og það var ekkert líkt þessari eyðslu á tíma, sem stjórnarsinnar eru núna hneykslaðir yfir. Ég man eftir því, þegar einn af hv. þm. var búinn að tala í tvo eða þrjá klukkutíma og gleymdi efninu og sagði, sem frægt er, — en hann var þá ekki einí maðurinn, sem tók þátt í þeim umræðum: Hvar er ég nú í dósa? — Hann var að lesa upp ræðu eftir ákveðinn þm., og það kom efninu ekkert við. Þessu málþófi er stundum beitt á þingum, sem ýmsum þykja til fyrirmyndar, án þess að ég nefni nokkurt sérstakt land. Þar hefur málþófi verið beitt þannig, að einn þm. hefur komizt upp í það að tala í 27 klst., þegar þeim hefur fundizt, hvort sem ástæða hefur verið til þess eða ekki, að þinginu væri misboðið af ríkisstjórninni. Ég er ekki að benda á þetta til fyrirmyndar, þvert á móti. Það er afleitt, að slíkum vinnuaðferðum sé beitt og þurfi að beita, og fram að þessu tel ég, að það hafi undir engum kringumstæðum verið gert, hvað sem verður.

Þegar á það er litið, af hvaða tilefni eru þessar óvenjulegu umræður, sem hæstv. ríkisstj. og sumir af þeim stjórnarsinnum, sem talað hafa hér í þessari hv. d., hafa fundið ástæðu til að telja aðfinnsluverðar, þá er rétt að varpa fram þeirri spurningu og gera sér grein fyrir því: Eru þessar umræður óeðlilegar? Á að þegja við þessum vinnuaðferðum? Ég býst við, að þessar vinnuaðferðir, að senda hið nýkjörna þing heim á fyrstu 10 dögum þess, þyki einhvern tíma, þegar athugaðar eru allar aðstæður, sögulegur viðburður meðal þessarar þjóðar, — eftir að þing hefur verið kosið, svo sem kunnugt er, samkvæmt nýrri stjórnarskipun, þá sé það fyrsta verkið að senda þingið heim og það undir þeim kringumstæðum, sem ég skal nánar taka fram. Og ég býst við því, að þegar um þetta verður fjallað, — án þess að ég sé nokkur spámaður, — þá mundi það hafa þótt undraverðara og aðfinnsluverðara við þann minni hluta, sem hér er á Alþingi, ef hann hefði ekki mætt þessum vinnuaðferðum með einhverju móti. Fyrir mig er þetta fullkomin sannfæring, að þannig muni þetta verða dæmt. Og ég held, að hv. stjórnarsinnar hafi gott af að hugleiða það, hvernig þeir mundu hafa mætt því, ef átt hefði að taka upp slík vinnubrögð við þá, og ég lái þeim það ekki. En til slíkra vinnubragða hefur aldrei komið.

Það, sem farið er fram á af stjórnarandstöðunni, er sannarlega ekki stórfellt. Það er farið fram á það eitt, að hafðar séu þær reglur, sem hafðar hafa verið í heiðri hér á Alþingi, að gera grein fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs fyrstu dagana og ræða það mál, eins og venja er til og samkv. þingsköpum, í heyranda hljóði, í áheyrn alþjóðar. Þetta er fyrsta atriðið. Í öðru lagi er farið fram á það, að

brbl. verði, svo sem venja hefur verið, lögð fyrir þingið sem fyrst og áður en því er frestað um langan tíma.

Þetta er það, sem farið er fram á. Og hver eru þessi brbl.? Þessi brbl. eru um landbúnaðarverðið, og það liggja fyrir yfirlýsingar frá öðrum stjórnarflokknum, að hann muni beita sér fyrir því, undireins og Alþingi kemur saman, svo sem margsinnis hefur verið tekið hér fram og lesið upp úr yfirlýsingu Sjálfstfl., að þessi lög verði felld. Ég get ekki séð, að það sé neitt óeðlilegt, þótt það sé farið fram á, að staðið sé við slíkar yfirlýsingar og lögin lögð fyrir, eins og flestir landsmenn munu hafa búizt við, áður en þetta þing kom saman. Og ég býst við, að það veki ekki litla undrun a. m. k. hjá bændastéttinni, mörgum mönnum í bændastétt, að annað eins skuli koma fyrir eftir allar yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. hefur gefið í þessu máli. Sérstaklega er ástæða til að fara fram á það, að þessi lög verði lögð fram og þau afgreidd fyrir þingfrestun, af því að ýmsir hér á Alþingi geta ekki varizt þeim grun, sem ég hef heyrt af vörum margra þm., en mér dettur ekki í hug að trúa, að allt þetta sé í höfuðatriðum gert, þingfrestunin, til þess að þurfa ekki að leggja brbl. fyrir Alþingi, áður en því er frestað, og síðan eigi að gefa út ný brbl. um framlengingu brbl., sem ekki hafa verið lögð fyrir Alþingi. Þessu dettur mér að vísu ekki í hug að trúa. Slíkum vinnubrögðum dettur mér ekki í hug að trúa. Mér dettur ekki í hug að trúa því, að ríkisstj. taki upp á slíkum vinnubrögðum. Ýmsir þm. hafa grun um, en ég trúi ekki á að geti átt sér stað, að það sé verið að senda hið nýkjörna þing heim til þess að koma í veg fyrir, að þingviljinn komi fram á Alþingi, og geta síðan, án þess að vita um þingviljann eða vegna þess kannske, að þeir vita um hann og vita, að hann er ekki hagstæður, að ætla sér að gefa út framlengingu á brbl.

Ég sagði áðan, að ný vinnubrögð á Alþingi eru talin skapa venju, og það er ákaflega oft, þegar eitthvað á að gera hér á Alþingi og ríkisstj. vill framkvæma eitt eða annað, að þá er leitað eftir fyrirmyndum. Og það er ekkert undarlegt. Það er alveg rétt hjá hæstv. ríkisstj. og hefur komið fram hér í umræðum á Alþingi, þó ekki hér í þessari hv. d., að ég hygg, að það muni vera leyfilegt eða a. m. k. fordæmi um það að gefa út brbl. milli þinga, þó að þannig standi á, að það sé raunverulega sama þingið, ef því er frestað. Ég man það vel, að þegar ég las stjórnlagafræði, þá var þessi skýring ekki til staðar. Milli þinga var talið eiga við tvö þing, en ekki talið, að það væri heimilt með því að fresta þingi. En síðan var þetta framkvæmt og skýrt þannig og hefur skapazt sem venja.

En hversu mikla venju má ekki skapa út frá því, sem hér er verið að gera? Það mætti eftir þessu gefa út brbl., — og þau hafa verið gefin út og það er nú eitt fordæmið, — án þess að þingvilji væri fyrir þeim, þegar þau voru gefin út, og raunverulega með vitneskju um það, að þingvilji var alls ekki til staðar, sem er eitt út af fyrir sig einræðisaðgerð, en ekki þingræðisaðgerð. En hér er skapað enn eitt fordæmi. Það gildir ekki lengur, sem við urðum að leita eftir, þegar við höfum verið í ríkisstjórn, hvort maður gæti tryggt sér þingmeirihluta og þingmeirihluti væri til, þegar brbl. voru gefin út. Hér er sem sagt komið inn á það, að það á að vera leyfilegt að gefa út brbl., ekki aðeins án þess að kynna sér þingviljann, heldur þó að því sé yfir lýst, að þingmeirihluti sé ekki til staðar.

Og þá skulum við halda áfram. Það átti að fresta þingi á fyrstu 10 dögum þess og án þess að gera grein fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs, án þess að leggja fyrir brbl. og án þess að taka fyrir eiginlega nokkurt mál, án þess að leyfa einn fyrirspurnatíma á miðvikudegi. Kannske verður hann leyfður næsta miðvikudag. Þá venju á að brjóta niður líka, ef það verður ekki gert. En hvers vegna má þá ekki alveg eins, ef á að fresta fyrstu 10 daga, fresta fyrstu 2 eða 3 daga, eða sem sagt hvenær sem er, þegar það er komið niður í 10 daga? Hvers vegna er ekki hægt að gefa út brbl., þó að ekki sé þingmeirihluti fyrir þeim og það sé vitað, að hann er ekki til staðar, — kalla saman þing, senda það heim einu sinni eða tvisvar, því að þegar það má gera einu sinni, þá má eins gera það tvisvar á vetri, án þess að leggja brbl. nokkurn tíma fyrir, því að það getur verið þannig um lög, að þau séu þannig tímabundin, að það sé búið að framkvæma meginhlutann, sem lögin ná til, þegar þau loksins koma fyrir þingið. Og það þarf ekki að hafa þessa aðferð. Ef hægt er að fresta þingi núna í byrjun þess í tvo mánuði, hvaða stjórn getur þá ekki komið eftir stuttan tíma og sagt: Ja, því var frestað í tvo mánuði, eftir að það hafði setið í 10 daga. Við ætlum að fresta því í 3 eða 4 mánuði án þess að leggja fyrir brbl. — Svona fordæmi hlaða á sig fordæmum, því meira sem þau eru skoðuð. Og það er alls ekki séð fyrir afleiðingarnar af þessu, því að það mun sagan sýna og sanna, hvort sem litið er til þessarar þjóðar eða annarra þjóða, að allar stjórnir hafa meiri eða minni tilhneigingu til að ná valdinu í hendur sínar, en láta þingsins gæta minna en eðlilegt er. Og fordæmi, sem gefin eru í þá átt, að þetta megi eiga sér stað, eru stórhættuleg fyrir þingræðið. Og satt að segja skil ég ekkert í þeim mönnum, — þeim mætu mönnum mörgu, sem standa að núverandi ríkisstjórn, að þeir skuli ekki hafa tekið fram fyrir hendur ríkisstj. í þessu efni, fyrst henni yfirsást, því að ég vil leggja þetta út sem yfirsjón. — [Frh. — Fundarhlé.]

Forseti (EggÞ): Ég hef verið beðinn af forseta að geta þess, að hugmyndin sé að koma því máli, sem til umræðu er nú, til nefndar á þessum fundi og að ljúka þeirri umr., sem yfir hefur staðið um fyrra dagskrármálið.

Hermann Jónasson [frh.]: Þessi orðsending frá forseta lengir hvorki né styttir mitt mál. Ég hef ekki ætlað mér að halda hér

langa ræðu, en ég vildi gera grein fyrir því, — sem væri skráð í þingtíðindi, — hvers vegna ég álít þessar vinnuaðferðir, sem hér á að taka upp, hættulegar og ég vil segja óverjandi og hvers vegna ég tel mér skylt sem alþm. að rísa öndverður gegn svona vinnubrögðum. Ég bendi á það, að málið er ekki enn sem komið er komið á það stig, að hægt sé að kalla umræður hér málþóf. En ég álít, að hvort sem umr. verða lengri eða skemmri, þá séu þær aðeins sýnishorn af því, sem stjórnarandstaðan vill að komi hér fram, — að það er hægt fyrir stjórnarandstöðuna, hvenær sem er, hvort sem það verður gert nú eða ekki, þá er búið að sýna það af því, sem fram hefur komið, að það er hægt að beita þeim vinnuaðferðum við ríkisstjórnina, ef hún notar slíkar vinnuaðferðir, að ríkisstjórninni er það ekki fært. Og þetta er einmitt það, sem verið er að sýna svolítinn lit á, án þess að það verði ef til vill gert á því stigi, — það er undir vilja þm. komið, — sem hægt er að gera.

Ég sagði, að það væru alls staðar nokkur átök milli ríkisstjórna og þinga og þau víða meiri en hér og þess vegna væri þessi framkoma stjórnarandstöðunnar eðlileg. Þegar við athugum þetta nánar, kemur fram það furðulegasta í þessu öllu saman. Það er ekki gerð ein einasta tilraun af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að sýna fram á eða færa líkur að því, að þessi vinnuaðferð sé nauðsynleg fyrir framgang mála eða nauðsynleg vegna einhverra aðkallandi atvika, sem knýi ríkisstj. til þess að taka upp þessar vinnuaðferðir. Það, sem hefur verið fært fram, er, að það sé sparnaður. Það er búið að sýna fram á, að það er ekki sparnaður. Það, sem búið er að færa fram enn fremur til viðbótar, er það, að þetta sé gert til þess, að þingið sé ekki aðgerðalaust. Það er búið að sýna fram á það með skýrum rökum, að þingið er ekki enn þá búið að inna af hendi þær skyldur, sem því ber að inna af hendi, þ. e. a. s. að taka fyrir til umræðu fjárhagsafkomu ríkissjóðs og brbl. Og það liggja fjöldamörg mál fyrir þinginu. Það þarf síður en svo að vera aðgerðalaust. Það á fyrir höndum núna næstu daga að sinna málum, sem eru beinlínis aðkallandi. Þessi röksemd fær því undir engum kringumstæðum staðizt. Hún er ekkert annað en blekking, það sér hver einasti maður.

Þá er það sagt, að stjórnin þurfi að fá vinnufrið. Hún fær kannske alls ekki fyrr vinnufrið, þó að hún taki upp á þessum vinnubrögðum. Það er alveg óvíst, að hún fái það. Og a. m. k. er það alveg víst, að þetta þóf, sem er hér milli stjórnarandstöðu og ríkisstj., tekur það mikinn tíma, þó að ráðherrarnir séu ekki nema annað slagið viðstaddir, að þeir vinna ekki þá dagana, — og ef til vill þreytir það meira en ýmislegt annað, þannig að þeir fá hvorki betri vinnufrið né ef til vill ekkert fyrr vinnufrið fyrir því, þó að þeir taki upp á þessum vinnubrögðum.

Hvað er þá eiginlega eftir, sem knýr stjórnina til þessara vinnubragða? Því meira óverjandi verða vinnubrögðin, þegar ekki er gerð grein fyrir því, að þetta sé af knýjandi nauðsyn. Það gætu ef til vill legið þær ástæður fyrir, að slík vinnubrögð væru talin af öllu þinginu ekki óeðlileg. En um það liggja engar skýringar fyrir. Þeir segjast þurfa að kynna sér efnahagsmálin og ætli að nota tímann til þess. Nú halda ýmsir því fram, og ég skil vel rök þeirra, að þessa ætti ekki að vera þörf. Upplýsingar um efnahagsmálin ættu að geta legið fyrir. Þeir benda á það, og ég skal nota tækifærið til að svara því með örfáum orðum, að ég hafi lýst því yfir, að úttekt á öllu fjárhagsástandinu skyldi verða birt fyrir alþjóð, þegar ég var forsrh. síðast. Það hefur oft verið rætt um það, — ég hef aldrei sérstaklega svarað því. Þegar þessi úttekt, sem fór fram, eða rannsókn á efnahagsástandinu, ef menn vilja kalla það því nafni heldur, hafði farið fram og skýrslum var safnað að fullu, þá var þeim manni, sem hefur staðið fyrir skýrslugerð fyrir fyrrv. ríkisstj. og þá ríkisstj., sem var þar á undan, og þá ríkisstj., sem nú situr, Jónasi Haralz, falið að sjá um að gefa út þessa skýrslu. Hann var þá í vinnu fyrir ríkisstj. á árinu 1958 jafnhliða þessu, og það kom í ljós, þegar var búið að safna öllum þessum skýrslum saman, að skýrslurnar voru það langar, að það var útilokað að gefa þær út í heild, ef það átti að vera aðgengilegt fyrir almenning. En þá kom annað. Þegar átti að gera útdrátt úr hverri skýrslu, þá töldu hagfræðingarnir, sem ég tel ekki óeðlilegt, að það væri útilokað annað en hver og einn, sem hefði samið þessar skýrslur, gerði útdráttinn sjálfur eða færi yfir hann. Og í þessu var staðið, þegar ríkisstj. fór frá völdum, án þess að það kæmist í verk, en ekki vegna þess, að það væri ekki vilji ríkisstj. að koma því verki fram.

Því hefur stundum verið haldið fram, að við hefðum haldið öllum upplýsingum fyrir Sjálfstfl., þegar stjórnarskiptin urðu 1958, og forsetinn hafi orðið að skerast í leikinn til þess að fá mig til að afhenda þessar skýrslur. Þetta er kærkomið tækifæri, vegna þess að minnzt hefur verið mikið á þessar skýrslugerðir, til þess að taka það fram, að ég hafði aldrei, þegar stjórnarskiptin stóðu fyrir dyrum eða voru um garð gengin, verið beðinn um þessar skýrslur, fyrr en forsetinn minntist á þær. Það var vitanlega ekkert annað en sjálfsagt, að þeir flokkar, sem þá voru að gera tilraun til þess að mynda ríkisstjórn, fengju þessar skýrslur. Þeir fengu allar skýrslur um efnahagsástandið, sem lágu fyrir, allar skýrslur, sem höfðu verið gerðar, frá því að svokölluð vinstri stjórn tók við og fram að þeim tíma, sem stjórnarskiptin urðu. Og greinilegasta yfirlitið var síðasta árið. Þá var komið nokkurn veginn niður á fastan útreikningsgrundvöll, enda sýndi það sig, að eftir að Sjálfstfl. hafði fengið þessi skjöl í hendur, taldi hann sér fært að koma fram með till. í efnahagsmálunum, sem hann sagðist ekki hafa getað komið fram með, fyrr en hann hefði fengið þessar skýrslur.

Og án þess að fara langt út í þá sálma, þá

er rétt að vekja athygli á því, að þegar sú stjórn, sem ég veitti forstöðu, sagði af sér, þá hefur ástandið verið þannig, eftir því sem fyrrv. hæstv. forsrh. hefur gefið upplýsingar um, að tekjuafgangur hjá útflutningssjóði var 5 millj. kr. Og tekjuafgangur hjá ríkissjóði er a. m. k. ekki minna en 40—50 millj., þó að það liggi ekki alveg ljóst fyrir og komi ekki í ljós, fyrr en yfirlit verður gefið um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, vegna þess að þær tölur hafa ekki enn þá verið birtar. En þá er ekkert óeðlilegt, þó að ýmsum hv. þm. úr stjórnarandstöðunni virðist sem Sjálfstfl. og Alþfl. ættu að geta gert þessar till. nú, þar sem þeir virðast hafa verið sammála um þær fjárhagsráðstafanir, sem gerðar voru á þessu ári, og ýmislegt sagt um það, sem hér hefur verið rakið, m. a. að það væri komin á fullkomin stöðvun og allt væri í bezta lagi með ríkissjóðinn og útflutningssjóður aldrei betur staðið. Og þeir hafa haft allar þessar skýrslur, sem til voru hjá þeirri ríkisstj., sem ég veitti forstöðu, nú í heilt ár, gert ráðstafanir samkvæmt þeim og haft aðstöðu til að byggja á þessum útreikningum til þess að gera till. fyrir það ár, sem nú er fram undan.

En taki menn vel eftir. Ég er ekki hér að flytja skoðun mína. Þó að ég telji, að skoðun þeirra manna, sem hafa sett þetta fram, sé að mörgu leyti eðlileg, þá er ég ekki að segja, að það sé óeðlilegt, að hæstv. ríkisstjórn fái frest til þess að hugsa um málin. Ég hef aldrei haldið því einu sinni fram. Og ég mundi ekkert segja við því, og ég veit, að þm. mundu vel sætta sig við það, þó að þeir telji ýmsir eðlilegt, að ríkisstj. hefði tillögurnar til, eins og allt er í pottinn búið, þar sem fyrrv. ríkisstj. tók við þessum skýrslum öllum og þessir flokkar tveir, sem nú standa að ríkisstj., hafa staðið að fyrrv. ríkisstj. í heilt ár og þar sem því hefur verið hvað eftir annað lýst yfir, síðast í Morgunbl., held ég í gær, að þessir tveir flokkar væru algerlega sammála um allar ráðstafanir, sem ætti að gera. En ég held þessu ekki til streitu. Það er ekki hærra eða öfgakenndara risið á þessum aðfinnslum, sem við berum hér fram eða a. m. k. ég ber hér fram og fjöldamargir þm., — það er ekki hærra á þeim risið en það, að við óskum eingöngu, að haldin sé sú venja, að fjárlagaræðan, ræðan um afkomu ríkissjóðs, sé haldin hér, eins og venja hefur verið til, og brbl. lögð fyrir þingið. Og svo segjum við: Gott og vel, ef stjórnin þarf frest til að hugsa um fjárhagsmálin þrátt fyrir það, þó að þannig hafi verið í hendur hennar búið og hún hafi haft eitt ár, þá er ekkert við því að segja. — Þetta er öll ósanngirnin, og þetta vil ég að komi greinilega fram. Og það sýnir sig, að hæstv. forsrh. hefur áreiðanlega talið þetta ekki ástæðulaust, þar sem hann tók upp viðræður við báða formenn stjórnarandstöðuflokkanna um þetta mál og taldi sig mundu næsta dag gefa svör við því, hvort hann gæti fallizt á kröfur þeirra eða ekki. Það er mér kunnugt, að ráðherrar hafa líka rætt um þetta í dag við formenn stjórnarandstöðuflokkanna. En það er alveg ófrávíkjanlegt, að það má ómögulega halda ræðuna um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, ómögulega leggja fyrir og afgreiða brbl. um landbúnaðarverðið. Ekki að tala um! Og svo koma hér a. m. k. 2 eða fleiri ræðumenn og eru hneykslaðir yfir því, að stjórnarandstaðan vilji ekki sætta sig við þessar vinnuaðferðir. Ósanngirnin er sú, sem ég hef lýst.

Þetta vil ég, að komi greinilega fram af minni hálfu, og ég vil taka það fram, að afstaða mín til málanna, hver sem hún hefði orðið, ef eðlilega hefði verið hér að farið og ekki farið fram með ofríki og ofbeldi og misbeitingu á aðstöðu, — öll mín afstaða til málanna markast af því að mæta þessum vinnubrögðum og sem mótmæli gegn þessum vinnubrögðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: AGl, BjörnJ.

ÁB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE greiddu ekki atkv.

1 þm. (FRV) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 43 og 44, 45, 48).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

PÞ, ÁB, BjörnJ, KK greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓlJ, SE, FRV, HermJ, KJJ) fjarstaddir.

Afbrigði um brtt. 45, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þeim fjórum tekjuöflunarfrv. til ríkissjóðs, sem legið hafa fyrir hv. d. að undanförnu, ásamt frv. um skemmtanaskatt, sem legið hefur fyrir Nd., hefur nú verið steypt saman í eitt frv., það sem nú liggur hér fyrir til 2. umr.

Það var á það minnzt fyrir helgina af einum hv. þm., að það væri varla von, að ljósmóðurstarf hv. d. í þessum efnum gengi vel, þar sem burðirnir væru fimm og ekki að hans áliti kominn réttur tími fyrir þá til þess að skjótast í heiminn. En ég vona nú, að með hjálp þessa hv. þm. og annarra gangi ljósmóðurstarfið betur, þar sem fimmburarnir eru nú orðnir að einbura. Fjhn. hefur innt af hendi sinn þátt ljósmóðurstarfsins gagnvart frv., og liggur álit hennar hér fyrir, þó að því miður hafi ekki allir nm. orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við þrír, sem að meirihlutaálitinu stöndum, leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt, en tveir hv. nm., 1. og 5. þm. Norðurl. e., óskuðu bókaða þá afstöðu, sem um getur í okkar nál. á þskj. 43.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um einstaka liði frv.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir framlengingu á heimild til þess að innheimta með viðauka nokkur gjöld, sem þar eru talin. Samkv. sérstakri ósk, sem fram kom hér í deildinni, gaf ég upplýsingar um það, hve miklu væri áætlað að næmi sú tekjuöflun, sem þar var um að ræða. En við þetta hefur nú verið bætt skemmtanaskattinum, sem var til meðferðar í hv. Nd., þannig að heimilað verði fyrir næsta ár að innheimta hann á sama hátt og nú er. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, varð samkomulag í hv. fjhn. Nd. um að mæla með þessari framlengingu skemmtanaskattsins, að vísu með þeirri breytingu, að heimildin yrði aðeins framlengd fyrir árið 1960.

3. gr. þessa frv. fjallar um bifreiðaskatt, og að gefnu tilefni skal ég upplýsa það, að samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. hefur benzíngjald árið 1958 numið 10 millj. kr., en álag á bifreiðaskatt nam 6—7 millj. kr. samkvæmt áætlun fjmrn. og innflutningsgjald á hjólbörðum og gúmmíslöngum var áætlað að næmi um 2 millj. kr.

Varðandi verðtollsviðaukann, sem 4. gr. frv. í sinni núverandi mynd fjallar um, þá er af fjmrn. áætlað, að álag á vörumagnstoll 1958 hafi numið 28 millj. kr., en 80% álag á verðtoll hafi sama ár numið 112 millj. kr.

Varðandi söluskattinn, sem um getur í 5. gr. frv., þá er hann áætlaður í fjárlagafrv. því, sem nú hefur verið lagt fyrir, 148 millj. kr., en árið 1958 nam söluskattur af innflutningi samkv. skýrslu fjmrn. 111 millj. kr., en söluskattur af innlendri þjónustu 34 millj. kr. Hér er um að ræða hluta ríkissjóðs af söluskattinum. En eins og kunnugt er, rennur nokkuð af söluskattinum einnig í útflutningssjóð.

Það hefur hins vegar komið fram í fyrri umræðum um þessi tekjuöflunarfrv., að deila mætti um söluskattinn sem skattstofn, og er það vitað mál.

Söluskatturinn mun fyrst hafa verið lögfestur hér með dýrtíðarráðstöfunum, sem gerðar voru um áramótin 1947 og 1948. Voru þá um söluskattinn allmiklar deilur á Alþingi og næstu ár á eftir. Sósialistaflokkurinn, sem þá var og hét, háði einkum harða baráttu gegn söluskattinum. En með myndun vinstri stjórnarinnar 1956 hefur orðið á þessu sú breyting, að síðan hefur í rauninni ekki verið neinn ágreiningur meðal hv. þm. um ágæti þessa skattstofns, og söluskatturinn hefur síðan verið afgreiddur í einu hljóði, því að við sjálfstæðismenn fórum ekki að breyta okkar afstöðu til hans, þó að við værum þá komnir í stjórnarandstöðu. Vænti ég þess fastlega, að sú eining, sem hefur verið um ágæti þessa skattstofns, verði ekki rofin nú, því að þrátt fyrir það, þó að okkur greini á um margt hér á þingi, þá er þó ánægjulegt að vita, að um einstöku mál höfum við verið sammála, og undanfarin ár hefur söluskatturinn einmitt verið eitt af þessum fáu málum.

Mér er vitanlega ljóst, að söluskatturinn hefur sína ágalla eins og allir aðrir tekjustofnar ríkisins. En þeir ágallar eru auðvitað ekki meiri nú en ávallt hefur verið, og væri að mínu áliti ástæðulaust að fara að blanda almennum umræðum um það inn í þau framlengingarfrv., sem hér liggja fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, en vil aðeins taka það fram varðandi brtt., sem minni hl. fjhn. hefur borið fram, þess efnis, að framlengingin gildi aðeins til febrúarloka 1960, en ekki allt árið, að við, sem erum í meiri hl., sjáum okkur ekki fært að mæla með samþykkt þeirrar tillögu.

Forseti (SÓÓ): Þar sem nú er að koma að lokum fundartímans, klukkan er að verða fjögur, og næstur er á mælendaskrá frsm. minni hl. fjhn., og þar sem ég geri ráð fyrir, að hann þurfi meiri tíma en nokkrar mínútur til þess að flytja sína ræðu, þykir mér rétt að fresta fundinum núna. Fundinum er þá frestað til klukkan hálfníu í kvöld. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frumvörpin fjögur á þskj. 7, 8, 9 og 10, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Ed. og hv. meiri hl. fjhn. mælti með fyrir síðustu helgi, eru nú horfin af dagskrá. Þetta voru frv. með fyrirsögn: gjaldaviðauki 1960, dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, tollskrá o. fl., bifreiðaskattur o. fl. Það átti að sigla þessum frv. hraðbyri í gegnum þingið, en veðrin reyndust ekki hagstæð, svo að áhöfnina brast kjark og hún yfirgaf fleytur sínar.

Á fjörum hæstv. ríkisstj. hefur nú verið klambrað saman upp úr þessum fjórum fleytum einum kuggi og notað til viðbótar í hann brak úr litlu fari, sem var í nauðum statt milli skerja í Nd. með skemmtanaskatt innanborðs. Ekki er þessi kuggur lögulegur eða álitlegt sjóskip. Hann lofar ekki smiði sína sem meistara. „Sér þar fyrir samskeytum, og gapa þar vænar glufur," eins og segir í gamalli þulu. En nota flest í nauðum skal. Eitt frv. er orðið úr 5 frv. Það, sem á undanförnum árum voru 5 lög, er nú stofnað til að verði ein lög, þótt ósamstæð séu.

Meiri hl. fjhn. mælti með þessu frv. engu síður en hinum, og sést á því, að honum þykir vænt um ríkisstjórn sína. Við, sem skipum minni hl., getum enn síður mælt með þessu frv. en hinum fjórum, og þess vegna klofnaði nefndin aftur. Við höfum skilað nál. og gerum þar grein fyrir afstöðu okkar. Við teljum samsteypu frv. efnislega og formlega ambögu. Við tókum fram, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði frá og stendur víst í nál. meiri hl., að við töldum þessa samsteypu algerlega óþarfa. Og tilgangurinn með samsteypunni er auðvitað eingöngu sá að skerða málfrelsi hv. þm., alls enginn annar. Ef frv. hefðu haldið áfram að vera 5, þá hefðu umræðurnar samtals orðið a. m. k. 30, en um þetta frv. verða þær 6, ef að líkum lætur. Málfrelsið er því orðið 4 sinnum minna en það var í fyrra, að því er þessi frv. snertir. Hér er um bolabrögð gegn lýðræði að ræða og fram komin óprýði á löggjafarstarfi og

löggjöf. Og þetta er þess vegna mjög ásökunarvert. Hvar nemur staðar, þegar farið verður að telja þetta til fordæma, að taka eldri lög og negla þau saman með hnoðnöglum hentisemi lítils meiri hl. eins og þess, sem nú er á þingi? Þetta er klambur og sóðaskapur, hvernig sem annars er á það litið.

Úr því að stuðningsmenn stjórnarinnar lögðu út í það fyrir sína ástkæru ríkisstj. að hugsa sér að komast með framlengingarfleyturnar strax gegnum Alþingi, áttu þeir, þótt þeir gætu ekki siglt þeim, að sýna þá karlmennsku og úthald að taka til áranna og róa, þótt þeir blotnuðu og sárnaði þá í lófum.

Við minnihlutamennirnir í fjhn. erum ekki efnislega á móti framlengingunum, þó að við viljum ekki að þessu sinni samþykkja þær — og enn síður samþykkja þær í formi þessa samsteypufrv. heldur en í hinu venjulega formi, sem áður lá fyrir. Og þetta er af því, andstaða okkar eða tregða í þessu máli stafar af því, að samþykkt framlenginganna er nauðsyn fyrir ríkisstj. til þess að geta komið á þeirri þingfrestun, sem boðuð hefur verið í tillöguformi. Og þá þingfrestun teljum við óhæfu, eins og við tökum fram í nál. okkar á þskj. 44 og rökstyðjum.

Við flytjum eina brtt. við frv., sem þm. hafa sjálfsagt séð og lá fyrir áður í sambandi við eitt af frv., sem lagt hefur verið til hliðar. Það er brtt. við 4. gr., þar sem er framlenging söluskattsins á ferðinni. Framlenging söluskattsins hefur jafnan heitið dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Nafnið felur í sér, að upphaflega og í raun og veru alltaf hefur þessi lagasetning verið hugsuð til bráðabirgða, þó að búið sé oft að endurnýja hana með framlengingu. Dýrtíðarráðstafanir hljóða sem tímabilsaðgerðir. Efni greinarinnar um söluskattinn hefur oft verið umdeilt, m. a. hafa sveitarfélög haft ágirnd á að fá hlutdeild í þessum skatti. Þau 3%, sem hér um ræðir, eru aðalálag á tiltekin viðskipti til ríkissjóðs, og er gert ráð fyrir því í frv. því, sem liggur fyrir til fjárlaga, að ríkissjóður fái í tekjur af þessu 148 millj. kr. Þess vegna má segja, að framlengingin sé miðuð við þessa upphæð í áætlun. Og ég hygg, að hv. frsm. meiri hl. hafi í dag minnzt á það.

En það er ekki úr vegi að minnast þess, um leið og rætt er um þessa framlengingu, að eftir lögum um útflutningssjóð fær þessi sjóður 6% söluskatt, að ýmsu leyti eftir sömu leiðum og ríkið tekur sín 3%. Á þetta minntist ég rækilega og hv. 5. þm. Austf. (PÞ) við umræður s. l. laugardag, umræður um frv., sem þá lá fyrir. Og með tilliti til þess, að framlengingin er, eins og nafnið bendir til, um skatt, sem beinlínis hefur verið á lagður sem dýrtíðarráðstöfun vegna atvinnuveganna, þá finnst okkur minnihlutamönnum fjhn. rétt að breyta gildistíma framlengingarinnar og samræma hann gildistíma framlengingarinnar á heimildum til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði eða til loka febrúarmánaðar. En gera má ráð fyrir því, að um heimildina til greiðslna úr ríkissjóði, sem er á þskj. 16 og hefur verið afgreidd úr þessari hv. d., verði sú niðurstaðan. Það er að vísu allt í myrkri um það, hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í efnahagsmálum, a. m. k. fyrir augum alþm. yfirleitt, og það getur verið, að ríkisstj. sjálf hafi ekki fullkomlega gert sér grein fyrir því, að hverju stefnt er. En það hefur heyrzt mikið um það talað úr þeirri átt, að miklar breytingar eigi að gera á efnahagskerfinu. Það hefur komið fram í blöðum stjórnarflokkanna og kom mjög fram á framboðsfundum úti um land fyrir síðustu kosningar, og þar var stundum og eins í blöðunum mælt allhreystilega um algert afnám uppbóta- og niðurfærslukerfisins og fullkomlega staursetningu dýrtíðardraugsins. Ef eitthvað yrði nú af því, að hreystiverkin yrðu unnin, þó að minna yrði en ráð hefur verið fyrir gert, þá er ekki óeðlilegt, að þessi tekjuöflun til dýrtíðarráðstafana vegna atvinnuveganna sé ekki bundin til lengri tíma en brtt. gerir ráð fyrir, hún sé sem sé ekki bundin lengur en greiðslurnar úr ríkissjóði. Ef hæstv. stjórnarflokkar geta ekki fallizt á þetta, þá verð ég að segja, að þeir eru fyrir fram vantrúaðir á sig og stjórn sína.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að ég hef sem sveitarstjórnarmaður litið svo á, að æskilegt væri og réttmætt, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskattinum, ef því yrði við komið. Þau vantar nýja tekjustofna til þess að þurfa ekki að nota álagningu útsvara í eins stórum stíl og þau hafa þurft að gera. Hæstv. fjmrh. hefur einnig, meðan hann var borgarstjóri Reykjavíkur, hvað eftir annað hreyft því máli hér á Alþingi. Og að gefnu tilefni frá mér á fundi í fjhn. upplýsti hæstv. fjmrh., að hann hefði skipað eða fengið sérstaka menn til að athuga tekjuöflunarþörf sveitarfélaganna og gera till. um nýja tekjustofna fyrir þau. Mér skildist á honum, að hann gerði ráð fyrir því, að þessi nefnd manna mundi fljótlega skila till. Og það þætti mér ekki ólíklegt, að þessir menn bentu á söluskatt sem eitt aðalúrræði vegna sveitarfélaganna. Þetta er viðbótarástæða fyrir því, að ég tel rétt að hafa gildistíma söluskattsákvæðanna vegna ríkissjóðsins ekki lengri en til febrúarloka, eins og gert er ráð fyrir í till. Mér finnst einmitt tilvalið tækifæri, ef gerðar eru breytingar á tekjuöflun til ríkissjóðs og efnahagskerfi landsins, að hafa það opið, að hægt sé að verða við þeim óskum sveitarfélaganna, að þau fái nýja tekjustofna og einmitt hlutdeild í þessum tekjustofni.

Útsvarsálagningin, sem að vísu er ekki takmörkuð, er óvinsæll tekjustofn, og komið hefur það fyrir líka, að sannazt hefur, að hún er óréttlát aðferð til þess að gera mönnum gjöld til sveitarfélaga. Fréttir héðan úr Reykjavík hafa a. m. k. hljómað þannig í eyrum okkar úti um land, að eitthvað hafi verið að við álagningu útsvara á þessu ári hér í Reykjavík, enda er álagning eftir efnum og ástæðum, ef á að beita henni þannig samkv. lögum, eiginlega óframkvæmanleg, svo að hún verði ekki óréttlát í fjölmennu sveitarfélagi. Ég vildi þess vegna ætla, að hæstv. fjmrh. væri því ekki mót-

fallinn að hafa framlengingu söluskattsins ekki lengri að sinni en þangað til afgreiðsla fjárlaga er hugsuð.

Það má segja, og ég held, að þeir hafi sagt, meirihlutamennirnir í fjhn., að hægt sé að breyta lögunum, þótt framlengd væru til árs, ef það þætti tiltækilegt að sinna sveitarfélögunum með þessum tekjustofni. Ég viðurkenni, að þetta er rétt. En ég held því fram og tel það óyggjandi, að meiri trygging er fyrir því, að þetta verði fullkomlega athugað, ef framlengingin er ekki nema til tveggja mánaða. Framlenging til tveggja mánaða og ekki lengur er trygging fyrir því, að það verði tekið fullkomlega til athugunar, hvort sveitarfélögin geta þarna fengið einhvern hlut, einhverja réttingu mála sinna. Ég kalla það réttingu, vegna þess að ég sem sveitarstjórnarmaður hef kynnzt því mjög vel, að þau eiga afar erfitt með tekjuöflun sína, eins og nú er komið og eins og ríkisvaldið gerir þeim þungar skyldur og bindur hendur þeirra í ýmsum efnum.

Við minnihlutamenn fjhn. segjum það í nál. okkar á þskj. 44, að við styðjum ekki framgang framlenginganna um sinn og leggjum ekki til, að aðrir geri það, af því að þær eru grundvöllur þess, að ríkisstj. geti látið þingið hætta störfum nú þegar í nálega tvo mánuði, en það teljum við óhæfu. Og við nefnum sem dæmi um óhæfuna, að meðan 1. umr. fjárlaga hefur ekki farið fram og frv. til fjárlaga 1960 ekki verið vísað til nefndar, þá sé algerlega ótímabært að fresta Alþingi. Það hefur verið sýnt og sannað með tilvitnunum í þingsöguna, að það er algerlega fordæmalaust, að 1. umr. fjárlaga fari ekki fram snemma þings, eða að þingi hafi verið frestað, áður en hún hefur farið fram. Það er fordæmalaust, að fjmrh. hafi ekki gefið Alþingi, litlu eftir að það hefur komið saman, — oft má segja fyrstu daga þings, en annars eftir stuttan tíma, — skýrslu um fjárhagsafkomuna, eftir því sem hægt er að sjá hana á þeim tíma. Og það er að taka af þm. tækifæri til þess að gera sér grein fyrir efnahagsmálunum og búa sig undir að vinna að afgreiðslu fjárlaga að halda fyrir þeim upplýsingum um ástand fjármálanna hjá ríkinu og afkomu ríkissjóðs á líðandi ári. Það væri kannske hægt að segja, ef hæstv. fjmrh. hefði enga hugmynd um, hvernig afkoman er, að þá gæti hann ekki gefið um það skýrslu. En hins vegar er það, að bæði getur hann aflað sér hugmyndarinnar, þó að hann sé nýkominn til starfs, og svo hefur hitt einnig komið í ljós, eins og oftlega hefur verið bent á í þessum umræðum, að forsrh. hefur getað gefið pólitísku félagi þessar upplýsingar úti í bæ, svo að þær hljóta að vera fyrir hendi.

Hæstv. fjmrh. tók ekkert líklega í það í dag í umr. utan dagskrár í Sþ., að hann mundi fylgja þessari gömlu venju og verða við óskum þm. um að flytja fjárlagaræðu, áður en þingi verður frestað. En ég vildi nú óska þess, að hann endurskoðaði fyrri afstöðu sína og stofnaði ekki til þess einsdæmis og endemis að láta þingið fara í frí upplýsingalaust um þessi mál. Hann tók fram, að strax og þing kæmi saman seint í janúar, þá mundi hann gefa þessa skýrslu og þá gæti hún vafalaust orðið fyllri en hann hefði skilyrði til að gefa hana nú. Það er vitanlega rétt, að sú skýrsla gæti orðið fyllri, og maður mundi telja eðlilegt, að hann gæfi þá aðra skýrslu eða viðbótarskýrslu. En að láta þingmenn vaða í villu og svíma um það, þegar þinghlé er tekið, hvernig niðurstaðan er, eins og nú er komið, er ekki samboðið hæstv. fjmrh., og ég vona sem sagt, að hann endurskoði afstöðu sína. Ég hygg líka, að þá sé illa farið með tíma fjvn., sem þarf mikinn tíma til starfa sinna, til að kynnast einstökum liðum fjárlaganna eða frv., sem liggur fyrir, og lesa og kynna sér erindi þau, sem jafnan liggja fyrir fjvn., — það er illa farið með tíma hennar að ætla henni ekki að taka til starfa fyrr en í janúarlok.

Hæstv. fjmrh. hefur nú gengið út. En mér þykir illt að hafa hann ekki sem áheyranda, þegar ég er einmitt að tala um þau atriði, sem sérstaklega snerta starf hans, og vitna í það, sem hann hefur sagt hér í þingsölunum. Ég þóttist sjá, að hann hefði verið kallaður út, en ég spyr forseta, hvort það væri ekki rétt, að ég gerði aðeins hlé á ræðu minni? **(Forseti:** Jú, mér finnst það vera allt í lagi. Ég hugsa, að ráðh. verði ekki lengi, hann hafi bara farið í símann.)

Ég var að segja það, þegar hæstv. fjmrh. var kallaður út, — en hann er nú kominn í salinn, — að það væri að mínu viti illa farið með tíma fjvn. til að starfa, ef hún á ekki að fá fjárlagafrv. til meðferðar fyrr en í lok janúarmánaðar. Fyrir fjvn. liggja jafnan mörg erindi, sem tekur langan tíma að kynna sér, og mörg eru þess eðlis, að það þarf að leita upplýsinga í sambandi við þau, sem oft tekur líka langan tíma að fá frá ýmsum stofnunum. Og ef hæstv. fjmrh. hugsar sér, að það geti orðið framkvæmt, sem hann sagði í dag í Sþ., að afgreiða fjárlög fyrir febrúarlok, en taka þau ekki til umr. og meðferðar í þinginu og í fjvn. fyrr en í janúarlok, þá finnst mér, að gert sé ráð fyrir meiri hraða á vinnubrögðum t. d. hjá fjvn. en sanngjarnt er að krefjast og hægt er að hafa nema með flaustrslegum vinnubrögðum. Það má vera, að hæstv. fjmrh. geri ráð fyrir því, að frv. af hans hendi verði svo vel undirbúið, að það þurfi lítið fyrir því að hafa. Og við skulum segja, að hann hugsi sem svo. En víst er nú það, að þegar margir koma til, þá er enginn vafi á því, að ýmislegt þarf að athuga, og hæstv. fjmrh. þarf a. m. k. nokkurn tíma til þess að sannfæra menn um, að það sé enginn galli á. En vera má einnig, að hann hugsi sér að hafa svo hlýðinn þingmeirihluta, að hægt sé að fá hann til þess að afgreiða með meirihlutavaldi sínu á næturfundum og með þrásetu í þingsölum frv. til fjárlaga á svo stuttum tíma. En þá tel ég, að farið sé að stofna til þess að beita of miklu valdi og gjörráðu meirihlutavaldi og skerða þann sjálfsagða rétt, sem minni hlutinn hefur til þess að hafa áhrif á setningu fjárlaga, og skerða þá líka þann rétt, a. m. k. skerða þá skyldu, sem stjórnarstuðningsmenn hafa gagn-

vart sínum kjósendum til að vanda vel til setningar fjárlaga. Og ekki sízt kemur þetta til greina, ef á að gerbylta efnahagskerfinu og leggja fram frv., sem er upp byggt allt öðruvísi en það, sem nú liggur fyrir, eins og ráða mátti af orðum hæstv. ráðh. í dag, að hlyti að verða, og gert á allt öðrum grundvelli en gert hefur verið og lagður hefur verið á undanförnum árum og bæði fjvn. og þm. hafa þá getað stuðzt við.

Þá tökum við fram í nál. okkar, að við teljum óhæfu að taka tveggja mánaða þinghlé, áður en brbl. um verðlag landbúnaðarvara, sem sett voru á s. l. sumri, hafa verið lögð fyrir Alþingi og hlotið afgreiðslu. Hæstv. fjmrh. sagði á fundi aðfaranótt fullveldisdagsins, að brbl. yrðu lögð fyrir Alþingi, áður en því yrði frestað. Það hefur enn ekki verið gert. En þó að brbl. verði lögð fyrir Alþ., rétt áður en þingi er frestað, og ekki afgr., þá er það ekki fullnægjandi. Það er ekki að fullnægja lögum, það væri að fara í kringum lögin. Það væru að mínu viti af hálfu þeirra manna og þess flokks, sem heitið hefur bændum leiðréttingu mála þeirra og lýst hefur yfir, að hann mundi fella þessi lög, loddarabrögð aðeins til þess að komast frá orðum, sem ekki á að standa við. Ég tel þess vegna, að það sé ástæða til þess að samþykkja ekki framlengingarnar um sinn, einmitt með tilliti til þess að knýja fram afgreiðslu brbl., ekki aðeins að þau séu lögð fram, heldur afgreidd.

Þá segjum við í þriðja lagi, að við teljum óhæfu að fresta þinginu, og föllumst ekki á að samþykkja framlengingar handa ríkisstj. og auðvelda henni þannig að fresta því, af því að fjölmörg mikilvæg mál hafi nú þegar verið lögð fyrir þetta þing og ekki fengizt tekin á dagskrá til fyrstu meðferðar og þar að auki hafi þm. ekki gefizt eðlilegt tóm til þess að undirbúa og ganga frá málum til flutnings. Ég tel þetta mjög þýðingarmikið atriði, og ég tel, að ef fresta á þingi, án þess að mikilvæg mál, sem fram hafa komið, verði tekin á dagskrá og þeim komið til nefndar, þá sé verið að stofna til mjög óþraktískra vinnubragða, auk þess sem það er gerræði við þm. að taka þannig á móti till. þeirra.

Ég er þess fullviss, að það mundi sparast þingtími seinni hluta vetrar, ef ýmis þau mál, sem nú eru fram komin, en hafa ekki komizt á dagskrá, væru látin ganga gegnum 1. umr. og til nefnda. Þau eru þess eðlis, mörg þeirra, að þau þurfa rannsóknar við. Nefndir, sem við þeim taka, þurfa að fá tóm til þess að meta þau, og þær þurfa líka að leita til nefnda og fyrirtækja og forustumanna í stofnunum ríkisins til þess að fá upplýsingar í sambandi við málin og geta skilað um þau fullkomlega frambærilegum álitum. Mér virðist auðsætt, að ef sá háttur væri viðhafður, að málin fengju að komast til nefnda, þá sparaði það tíma aftur á seinni hluta þingsins. En ég hygg, að það þyrfti ekki að tefja hæstv. ríkisstj. frá því að sinna sínum vandamálum, þó að þessi starfsemi færi fram í þinginu.

Einu sinni virtust framámenn stjórnarflokkanna halda, að þingfrestunin mundi verða mikill sparnaður, peningalegur sparnaður fyrir ríkið. Eitt blað stjórnarflokkanna tiltók upphæð í því sambandi, sem mundi sparast, allt að milljón krónum. Nú er vitað mál, að þetta voru bara fljótfærnislegir draumórar. Þingfararkaupstími þm. sparast lítið við frestunina, eins og hún er fyrirhuguð, þar sem lög ákveða, að þm. hafi, þegar þingi er frestað, fullt kaup í 30 daga, og þar að auki er jólaleyfi, og þess vegna eru það aðeins fáir dagar í þingfararkaupi, sem falla niður. En hins vegar er enginn vafi á því, að þingið lengist aftur fram á vorið, ef frestunin verður gerð svona snemma, fyrir það að ekki er hægt að undirbúa mál fyrir þinghléið og fyrir starfsemina á seinni hluta þingsins, eins og hægt væri að gera og heppilegt væri að gert yrði.

Ég hef hér fengið mér nokkur þskj. til þess að sanna það mál, að mikilsverð frv. og till. séu fram komin, sem þurfi athugunar við, en þau mál hafa enn ekki verið tekin á dagskrá. T. d. er frv. til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum um bifreiðaskatt, þ. e. að til viðbótar við innflutningsgjald á benzíni skuli innheimta á árinu 1959 37 aura af hverjum lítra, þar af skuli 5 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, og jafnframt skal benzíngjald það, er um ræðir í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 33 1958, um úflutningssjóð o. fl., lækka úr 62 aurum á lítra í 45 aura, og af þeim skulu 6 aurar renna í brúasjóð, en 30 aurar í útflutningssjóð. Hér er till. á ferðinni, sem er mjög þýðingarmikil og nauðsynlegt að sé athuguð. Ég er alveg viss um, að það þarf að leita umsagnar t. d. vegamálaskrifstofunnar í sambandi við þetta mál, fá um það skýrslur, og mikilsvert, að hér sé rétt á tekið af þinginu.

Þá er frv. til laga um auknar framkvæmdir við vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi og miðað við það, að á árunum 1960—64, að báðum árum meðtöldum, skuli verja árlega 6 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi. Og á ríkisstj. að vera heimilt að taka innlend lán til vegagerðar samkv. lögum þessum. Vegafénu skal samkv. þessum lögum varið til þeirra byggðarlaga á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra. Enginn vafi er á því, að fólk það, sem þarna á hlut að máli, telur hér mjög svo mikilsvert mál á ferðinni. En jafnframt er enginn vafi á því, að sjálfsagt er, að sú stofnun ríkisins, sem hefur framkvæmdir í þessum efnum, — þar á ég við vegamálaskrifstofuna, — þarf að gefa sínar skýrslur og athuga þetta mál. Ég held, að það hefði ekki veitt af því að vísa þessu máli til nefndar fyrir þinghlé, og mundi flýta mjög mikið fyrir, ef búið væri að undirbúa það fyrir seinni hluta þingsins.

Þá er hér næst frv. til laga um útsvör. Útsvör eru nú þau málefni, þær álögur í landinu, sem menn taka mjög eftir og margir eru sárir yfir. Ég held, að það væri fullkomin ástæða til þess, að þetta málefni væri afgr. til nefndar og nefnd gæti gert ráðstafanir til þess, að

upplýsingar lægju fyrir frá þeim aðilum, sem þetta skiptir mestu máli og bezta yfirsýn hafa í þessum efnum, þegar þing kæmi saman aftur.

Þá er till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða. Hér er einnig um mjög aðkallandi mál að ræða, og mundi sannarlega ekki veita af því að hafa það tilbúið, þegar þing kemur saman aftur, ef það er alvara hæstv. ríkisstj. að gera ráð fyrir því, að þinghald geti orðið í hófi langt.

Þá er till. til þál. um kaup á skipi til síldarrannsókna og síldarleitar. Sannarlega má sama segja um þetta og aðrar þær till., sem ég hef nefnt hér: þessi till. þarf athugunar og umsagnar frá þeim aðilum, sem með þessi mál hafa mest að gera.

Þá er till. til þál. um skipun nefndar til athugunar á verðtryggingu sparifjár, — ákaflega tímabær till., ekki sízt í sambandi við athuganir á efnahagskerfinu og ef leggja á nýjan fjárhagsgrundvöll. Vafalaust færi vel á því, að þessi till. væri komin til nefndar og komin til þeirra aðila til umsagnar, t. d. til bankanna, sem leitað verður áreiðanlega til í sambandi við hana, þegar þingfrestun verður tekin. Ég tel það afar nauðsynlegt, að þegar þingfrestunin verður tekin, þá verði þessi till. komin þangað, sem leita verður umsagnar, svo að umsagnirnar gætu legið fyrir, þegar þing kemur aftur saman.

Þá kemur till. til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins. Um þessa till. má það sama segja og hinar: vandamál mikið, sem marga snertir og mun þurfa mikillar gaumgæfni við, og að leita úrræða í þeim efnum er svo erfitt mál, að víst er ekki forsvaranlegt, að Alþingi liggi á svona till. um tveggja mánaða tíma og stofni til þess, að hún verði afgr. í flaustursleg um önnum seinni hl. þingsins.

Þá er till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans, — till., sem kom fram í dag. Mér þykja þeir menn, sem bera hana fram, kröfulágir fyrir sig og sína, ef þeir sætta sig við það, að þessi till. verði látin liggja þangað til þing kemur aftur saman. En ég segi þetta um flutningsmennina, því að það eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem bera þessa till. fram.

Þá eru hér fram komnar till. um breyt. á vegalögum. Víst mætti segja, að ástæða væri til að vísa þeim til n. og að sú n. fengi tækifæri til þess að biðja um upplýsingar frá vegamálaskrifstofunni í sambandi við þær.

Allar þessar till., sem ég hef nefnt, og fleiri eru til, sem líklegt er, að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér að yrðu látnar liggja, ef hún kemur fram þeim vilja sínum að fresta þinginu einhvern næstu daga, víst eru þær allar þannig, að þær gera það að óhæfu að fresta þinginu nú. Og ég vildi þess vegna fyrir mitt leyti óska þess, að sá hæstv. ráðh., sem hér á sæti, og þessar till. eru nú málefni, margar hverjar, sem heyra beint og óbeint undir hann, að hann tæki það til endurskoðunar, hvort það væru ekki einmitt nauðsynleg vinnubrögð að koma þessum málum til nefndar, koma þeim undir starfshendur, áður en þinginu verður frestað.

Þegar okkur, sem fluttum ósk um það skriflega á Alþingi í dag, í Sþ., að sérstakt mál væri tekið til nefndar, var synjað um það, þá bendir það að vísu ekki til þess, að það vaki fyrir hæstv. ríkisstj. að taka nokkurt tillit til þeirra aðkallandi mála, sem hér eru á ferðinni nú á fyrri hl. þingsins. En hvers vegna ætti hún ekki að endurskoða afstöðu sína? Ég býst við því, að yfirleitt muni vera ætlazt til þess, að Alþ. hagi þannig vinnubrögðum sínum, að þau notist sem bezt og geti orðið, eftir því sem við verður komið, sem ódýrust. Ég fullyrði, að ef á að fresta þinginu nú, þá er stofnað til þess að fara illa með vinnukraft Alþ. og illa með fjármuni ríkisins í því sambandi.

Ég vil að lokum færa fram vitni um það, einmitt úr hópi stjórnarstuðningsliðsins, að gert er ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. geri vel grein og það sem fyrst fyrir því, hvernig ástandið er og hvað hún hyggst gera. Í Morgunbl. á sunnudaginn stóð þessi málsgr. í Reykjavíkurbréfi. Þess skal getið, að undanfari hennar er það, að verið er þar að fagna því, að kjördæmabreytingin gekk fram og nú sé saman komið starfhæfara Alþingi en áður hefur verið, réttar skipað, og nálgist það, að þeir, sem á Alþ. sitja, komi fram fyrir þjóðarviljann. Og síðan segir svo:

„Á meðan Alþingi var þannig skipað, að vilji meiri hl. þjóðarinnar réð þar ekki, var það ekki vanda sínum vaxið. Nú horfir allt öðruvísi við. Nú verður hiklaust að ganga í lausn sjálfra efnahagsvandamálanna. Þar er fyrst fyrir hendi að gera aðilum sjálfum, þjóðinni, grein fyrir, hvernig komið er.“

Það sést á þessu, að hjá þeim blaðamanni, sem skrifar Reykjavíkurbréfið, er sama hugsunin á ferðinni og hjá okkur minnihlutamönnunum, að því leyti, að fram eigi að koma glögg skil, að strax eigi að vera fyrir hendi upplýsingar um, hvernig ástandið er. Ég tel, að þetta sé skýr vottur þess, — alveg skýr vottur þess, — að krafa okkar er í raun og veru krafa alþjóðar, og ef hæstv. fjmrh. gerir ekki þau skil, sem fyrirrennarar hans í allri þingsögunni hafa gert, þá brýtur hann í bága ekki aðeins við hefðbundnar, sjálfsagðar venjur Alþingis, heldur líka vilja þjóðarinnar.

Eins og ég vitnaði til úr nál. okkar minnihlutamannanna, þá getum við ekki, eins og sakir standa, greitt atkv. með því frv., sem hér liggur fyrir, og leggjum ekki til, að aðrir geri það. Þvert á móti. En með því erum við ekki heldur að leggja til, að frv. verði fellt, heldur leggjum við aðeins áherzlu á það, að ríkisstj. á ekki að fá það afgreitt til þess, að hún geti framkvæmt þá óhæfu að fresta Alþingi næstu daga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 48, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég varð nokkuð hissa í dag, þegar ég heyrði hv. 11. þm. Reykv., frsm. meiri hl. hv. fjhn., tala

um ágæti söluskattsins. Það mun hafa verið á þá leið, að hv. þm. hafi sagt, að almennt væru menn sammála um ágæti söluskattsins. Ég varð hissa á þessu, því að þetta hef ég aldrei heyrt fyrr sagt um söluskattinn. Ég hef aldrei heyrt þennan skatt lofaðan, en oft heyrt hann lastaðan. Raunar tók hv. þm. sig nokkuð á litlu síðar, er hann viðurkenndi, að auðvitað hefði þessi skattur sína ágalla eins og aðrir tekjustofnar ríkisins. Hefði hann að síðustu bætt því við eða orðað það þannig, að söluskatturinn hefði flesta galla allra tekjustofna ríkisins, þá hefðum við fyrst orðið sammála.

Við 1. umr. þessa máls ræddi ég örlítið um söluskattinn, sem ég vil telja ekki ágætan, heldur illræmdan. Hann er einn liðurinn í frumvarpsbandormi þeim, sem hæstv. ríkisstj. ungaði út að kvöldi hins 30. nóv. og liggur hér nú fyrir.

Þessi skattur var upprunalega samþ. og á lagður í þeim tilgangi að vinna gegn afleiðingum dýrtíðar og tryggja rekstur atvinnutækja. Mun mörgum manninum koma þessi upphaflegi tilgangur spánskt fyrir sjónir nú og telja hið gagnstæða sönnu nær, að söluskatturinn auki á dýrtíð og torveldi rekstur atvinnutækja. Síðan þessi skattur var fyrst á lagður, 1948, hefur á ýmsu oltið í efnahagsmálunum og alls konar ráðstafanir verið gerðar, þ. á m. tvær gengislækkanir. En þrátt fyrir allar þær umbyltingar hefur söluskatturinn staðið og verið framlengdur frá ári til árs, þótt hann hafi alltaf verið og sé öðrum sköttum fremur óvinsæll með þjóðinni. Þó hefur undanfarandi ríkisstjórnum þótt vænt um hann og ekki mátt til þess hugsa að missa hann, ekki einu sinni hluta af honum. Í fjárlagafrv. næsta árs er söluskatturinn áætlaður 148 millj. kr. og verður í reynd mun hærri, ef að vanda lætur, líklega um 180 millj. kr. Þessi fjárfúlga er kreist undan nöglum almennings og gerir sitt til að auka á dýrtíðina. Raunar er fúlgan mun hærri, sem af almenningi er tekin, en eitthvað verður eftir hjá milliliðunum og kemst aldrei til skila í ríkissjóð. Er vitundin um það ein af ástæðunum til þess, að þetta form skattpíningar er öðrum fremur illa þokkað meðal fólks.

Ég gat þess hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum, að fram hafi komið á liðnum árum till. um, að hluti af söluskattinum yrði afhentur sveitarfélögum sem sérstakur tekjustofn þeirra. Sumir flm. slíkra till. hafa ætlazt til, að helmingur söluskattsins rynni þannig til sveitarfélaganna, aðrir hafa gert ráð fyrir þriðjungi og enn aðrir fyrir fjórðungi skattsins í þessar þarfir. Samband íslenzkra sveitarfélaga og einstakar sveitarstjórnir hafa hvað eftir annað og árum saman bent á brýna þörf sveitarfélaganna fyrir nýja tekjustofna. Þessir aðilar hafa einnig þrásinnis látið í ljós ósk um það sérstaklega, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskattinum til sinna þarfa. Hér á hinu háa Alþingi hefur það mál átt vísa stuðningsmenn í öllum flokkum, að ég held. Þeir hafa barizt fyrir því hér, en jafnan beðið lægri hlut fyrir þeim mönnum, sem hafa talið það skyldu sína fyrst og fremst að líta á hag ríkissjóðs.

Einn þeirra manna, sem borið hafa þetta hagsmunamál sveitarfélaga fyrir brjósti innan þings og utan, er hæstv. fjmrh., enda ekki óeðlilegt, þar sem hann hefur í mörg ár verið forsjármaður stærsta sveitarfélags landsins. Þessi hæstv. ráðh. hefur nokkrum sinnum flutt frv. þess efnis, að fjórðungur söluskattsins yrði látinn renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en þeirri upphæð síðan skipt milli allra sveitarfélaga í landinu eftir íbúatölu.

Hingað til hefur alltaf verið brugðið fæti fyrir þessa viðleitni fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík, sem og sams konar viðleitni annarra þm. Frv. um þetta efni hafa átt erfitt uppdráttar og að jafnaði verið stöðvuð á miðri leið. Eitt sinn virtist þó sem till. um, að hluti söluskattsins gengi til sveitarfélaganna, ætti að fá jákvæða afgreiðslu á þingi. Það var árið 1951. Till. flutti núverandi hæstv. fjmrh. sem brtt. við frv. til laga um framlengingu á gildi III. kafla laga um dýrtíðarráðstafanir. Brtt. var við 2. umr. í Nd. samþ. með 16 atkv. gegn 14, og þannig breytt fór frv. til Ed. En þar var ákvæðinu um, að fjórðungur söluskattsins skyldi renna til sveitarfélaga, kippt burt úr því. Þáverandi ríkisstj. hafði krafizt þessa, flokksmenn flm. till. snerust gegn honum samkvæmt valdboði ríkisstj., og málið var drepið. Man ég það vel, að mikið var þá talað um þessa illu meðferð á borgarstjóranum, hvernig flokksmenn hans á þingi svínbeygðu hann í þessu máli og keyrðu niður.

En nú er þessi illa leikni Sjálfstfl.-maður sjálfur orðinn fjmrh. Nú getur hann áreiðanlega komið þessu hagsmunamáli sveitarfélaganna fram, ef hann vill. Þegar hann var beygður forðum, var það gert vegna þess, að fjmrh. þá hótaði ella að segja af sér. Ef í hart fer, getur hæstv. fjmrh. nú notað sömu aðferð, hótað að segja af sér, ef fjórðungur söluskattsins verði ekki fenginn sveitarfélögunum í hendur. Ég efast ekki um, að nú er málinu borgið, ef hæstv. ráðh. er sama sinnis og hann hefur verið.

Það vakti mér raunar nokkra furðu, að hæstv. ráðh. skyldi ekki minnast á brýnar þarfir sveitarfélaganna í framsöguræðu sinni fyrir þessu bandormsfrv., sem hér liggur fyrir. Fyrr meir taldi hann ástæðu til að minnast á sveitarfélögin, þegar framlenging söluskattsins var á dagskrá. Ég vona þó, að þessi breyt. á háttum boði ekki sveitarfélögunum neitt illt, heldur sé hæstv. ráðh. aðeins að sækja í sig veðrið. Hafi ég tekið rétt eftir, var hæstv. fjmrh. falin til umsjár sem sérstakur málaflokkur fjáröflun sveitarfélaga, og er sjálfsagt engin tilviljun, sem réð því. Sveitarfélögin munu vænta sér góðs af þessum hæstv. ráðh. og ætlast til mikils af honum. Ég vona, að áhugi hans sé enn vakandi, og mér þótti fyrir því, að hann skyldi ekki, að gefnu tilefni, fást til að minnast einu orði á sveitarfélögin við 1. umr. söluskattsfrv. Hann þagði, en hefur vafalaust hugsað því dýpra um þetta væntanlega fjárhagsmál sveitarfélaga.

Nú er mér forvitni á að vita, hvort hæstv. ráðh. lætur frá sér heyra í dag. Áhugi sveitar-

stjórna er sýnilega vaknaður á ný. Á næsta fundi í bæjarstjórn Reykjavíkur verður þetta mál á dagskrá, en sá fundur verður haldinn á morgun. Verður þar til umræðu till., sem svo hljóðar, sem leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn ítrekar fyrri samþykktir sínar um nauðsyn þess, að sveitarfélögunum verði aflað nýrra tekjustofna. Felur bæjarstjórn bæjarráði að hefja viðræður við fjmrh. um þetta mál, þar á meðal um, að sveitarfélögin fái hluta af söluskatti."

Þetta dagskrármál bæjarstjórnar Reykjavíkur bendir til þess, sem raunar er vitað, að áhugi sveitarstjórna á þessu máli er enn vakandi.

Söluskatturinn er óvinsælastur allra skatta, og er ég meðal þeirra mörgu, sem honum eru andvígir. Hann er löngu orðinn nátttröll í íslenzkri löggjöf, stendur einn eftir sem leifar af lagabálki, sem einu sinni var. Hlutverki hans hefur verið snúið alveg við. Áður var hann ráðstöfun gegn dýrtíð, nú er hann ráðstöfun til dýrtíðar. Áður rann hann í sérstakan dýrtíðarsjóð, nú er hann eyðslueyrir ríkisvaldsins. Hann er óneitanlega leiður draugur frá fyrri tímum.

En þótt ég aðhyllist þetta álit á söluskattinum, treysti ég mér þó ekki til að greiða afdráttarlaust atkv. gegn framlengingu hans nú. Það er ekki unnt að fella hann niður, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar samhliða, svo sem aukinn sparnaður í ríkisrekstri eða eitthvað annað. En það mundi mjög bæta um fyrir þessum leiða skatti, að hluti hans rynni til sveitarfélaganna og að hann þannig yrði til þess að létta ögn á þeirra könnu. Því vil ég gera það að till. minni nú, að fjórðungur söluskattsins, meðan hann er á lagður, skuli ganga til sveitarfélaganna. Ég leyfi mér að flytja brtt. við frv. á þskj. 40. Þessi brtt., sem er á þskj. 48, er gamall kunningi og raunar sú sama og ég nú aðallega hef gert að umtalsefni. Till. er sem sé orðrétt eins og fyrri till. hæstv. fjmrh. um sama efni voru. Ég leyfi mér að taka hana upp orðrétta og vona, að hæstv. ráðherra hafi ekkert við það að athuga.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um till. sérstaklega. Um þörf sveitarfélaganna fyrir þennan tekjustofn getur enginn hv. þdm. efazt, svo oft og svo mikið hefur verið um hana rætt. Hitt kann að vera álitamál, hvort ríkissjóður geti séð af fjórða hluta söluskattsins. Eins og ég sagði áðan, er áætlað, að hann nemi allur 148 millj. kr. á næsta ári, en sennilega verður hann mun hærri. Árið 1954 fór söluskatturinn 23% fram úr áætlun, og árið 1955 varð hann 18.5% hærri en áætlað var. Samkvæmt þeirri reynslu er ef til vill óhætt að bæta nú 20% við áætlaða upphæð hans fyrir 1960. Mun þá láta nærri, að söluskatturinn allur nemi næsta ár um 180 millj. kr. Sé varlega í farið, má því gera ráð fyrir, að sveitarfélögin fengju í sinn hluta um 40 millj. kr. á næsta ári, ef till. mín yrði samþ. Það er auðvitað ekki mikið til skiptanna milli allra sveitarfélaga landsins, en nokkur hjálp væri það þó. Ég held, að ríkissjóð muni lítið um þessa upphæð, þótt hún yrði 40 millj. Áætlaðar tekjur hans nema, ef ég man rétt, um 1000 millj. kr. á næsta ári, svo að einhver leið ætti að vera til að sjá af þessu litla framlagi til sveitarfélaganna, ef viljinn er góður, og þá með auknum sparnaði, ef ekki er annað fyrir hendi.

Ég vænti þess að lokum, að þessi till. fái góðar undirtektir hv. þdm., og sérstaklega vænti ég eindregins stuðnings hæstv. fjmrh., sem sæti á í þessari hv. deild.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Brtt. á þskj. 48 frá hv. 9. þm. Reykv., sem hann mælti nú fyrir, hafa í sér fólgið gott mál og gagnlegt. Þær eru um það, að fjórðungur söluskattsins skuli renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skuli úr honum aftur ganga til sveitarfélaganna. Þetta mál hefur oft verið flutt hér á hv. Alþingi. Fyrst var það árið 1951, sem ég flutti það mál, en eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um, þá stöðvaðist það vegna þess, að ráðherrar Framsfl., sem áttu sæti í þáverandi ríkisstj., hótuðu því að rjúfa stjórnarsamvinnuna, ef þetta mál ætti fram að ganga. Síðan hefur þetta mál verið flutt a. m. k. tvisvar sinnum, m. a. í tíð þeirrar stjórnar, sem hv. 9. þm. Reykv. studdi af alhug, vinstri stjórnarinnar. Málið fékkst ekki fram þá og naut ekki stuðnings þessa hv. þm. á þeim árum. Hins vegar fékkst í annað skiptið, sem málið var flutt í tíð þeirrar stjórnar, í staðinn samþ. einróma ályktun Ed. um að skora á ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna. Sú till. var flutt af fjhn. þessarar hv. d. einróma og samþ. hér með samhlj. atkv. Áhugi þeirrar stjórnar og félmrh. þáverandi, Hannibals Valdimarssonar, var ekki meiri en svo, að ekkert var að þessu máli unnið og ríkisstj. lagði ekki fram, eins og hv. Ed. hafði fyrir hana lagt, neinar till. um þetta mál, hvorki á næsta þingi né síðar. Þar sem hv. flm. till. vildi rekja nokkuð gang þessara mála, þá tel ég rétt að bæta þessu inn í sagnaritun hans, svo að nokkru réttari mynd fáist en stundum vill verða, þegar Alþb. og samherjar þess innan lands og utan eru að skýra söguna.

Varðandi þessa till., þá er hún sem sagt gott mál og gagnlegt og brýn þörf á því, að sveitarfélögin fái nýja tekjustofna. Hins vegar er þessari till. stórspillt með annarri till., sem flokksbróðir hv. þm. flytur um það, að framlengingin og þar með hluti sveitarfélaganna af söluskatti skuli aðeins gilda í tvo mánuði næsta árs, þ. e. a. s. janúar og febrúar. Í lok febrúar á þetta að falla úr gildi.

Ég tel brýna nauðsyn bera til að fá umbætur á tekjumálum sveitarfélaganna, ekki til tveggja mánaða, heldur verulegar og varanlegar úrbætur. Eins og hv. þm. tók fram, segir svo í forsetaúrskurði um verkaskiptingu ráðherranna, að fjmrh. hafi einnig með höndum tekjustofna sveitarfélaganna og gjaldskrár þeirra. Ég býst ekki við, að neinn geti til þess ætlazt, að á þeim 11 dögum, sem síðan eru liðnir, að ég hafi samið eða látið semja fullbúið frv. um tekjustofna sveitarfélaganna, og því ekki hægt

að ætlast til þess, að slíkt liggi fyrir nú. Hins vegar vil ég taka það fram, að á þessum fáu dögum, síðan núverandi ríkisstj. tók til starfa, er þegar hafinn undirbúningur að löggjöf um nýja tekjustofna, og verður þannig að því máli unnið, að frv. til slíkrar löggjafar megi leggja fyrir Alþ., þegar það kemur saman eftir þingfrestunina. Af þessum ástæðum og eins og málið liggur fyrir er að sjálfsögðu ekki hægt og ekki heppilegt að samþ. till. hins hv. þm. á þskj. 48.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það eru nokkuð einkennileg vinnubrögð, sem hafa komið fram á hv. Alþingi í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Fyrst er það lagt fyrir þingið sem mörg mál, en síðan er það sameinað í eitt.

Ég hefði búizt við, um leið og rædd eru fjármál og framlengingar á frv., sem fela í sér skatta á þjóðina, að þá hefði verið gerð einhver grein af hálfu þeirra, sem með stjórnina í landinu fara, fyrir fjármálum almennt í landinu og ekki sízt með tilliti til þess, hver var áróðurinn og hver var lýsingin á þessum málefnum fyrir kosningarnar í haust og raunar kosningarnar í vor.

Því var haldið fram fyrir kosningarnar í vor, að þær snerust ekki um kjördæmamálið, það réttlætismál, heldur snerust þær að meira eða minna leyti um starfsferil vinstri stjórnarinnar. Þetta var aðaltónninn í kosningaáróðri sjálfstæðismanna. En að þeim kosningum loknum höfðu þær farið fram bara um kjördæmabreytinguna. Þá hafði verið kosið um kjördæmabreytinguna. Svo kom hér saman þing í sumar og fjallaði náttúrlega áfram um kjördæmamálið, og á síðasta degi þingsins og þegar Morgunblaðið er að lýsa úrslitum þess eina máls, sem afgr. var á því þingi, þá stendur þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýr og traustari grundvöllur lagður að íslenzku þingræði og lýðræði.“

Maður skyldi nú ætla út frá þessu, að þessir hv. flokkar, sem stóðu að þessu trausta þingræði og lýðræði, beittu sér fyrir því að nota þingræðið og lýðræðið, en ekki þegar á því fyrsta þingi, sem saman kemur eftir kjördæmabreytinguna, að sýna einhverja þá mestu einræðiskennd, sem nokkru sinni hefur verið sýnd á Alþingi Íslendinga. Þetta er grunntónninn, sem var fyrir kosningarnar. En svo kunna þessir hv. þm. og sú hæstv. ríkisstj., sem að þessu stendur, ekki að meta þetta góða fyrirkomulag, sem þessir hv. frambjóðendur þeirra héldu fram í kosningunum síðustu og kosningunum í vor.

„Kjördæmabreytingin sem lög frá Alþ. var afgr. í gær. Óskir þm. um, að hún tryggi þjóðinni heilbrigt og gott stjórnarfar.“ Heilbrigt og gott stjórnarfar. Það má segja, að vel sé af stað farið, eða hitt þó heldur.

„Ed. Alþ. lauk í gær umræðum um frv. um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins og hina nýju kjördæmaskipan. Var frv. síðan samþ. við 3. umr. í deildinni og afgr. sem lög frá Alþingi. Með frv. greiddu atkv. allir viðstaddir þm. Ed. aðrir en þm. Framsfl. Tveir þm., þeir Friðjón Skarphéðinsson dómsmrh. og Vilhjálmur Hjálmarsson, voru fjarstaddir. Var frv. samþ. að viðhöfðu nafnakalli um kl. 7 í gærkvöld með 10 atkv. gegn 5.“ Þetta var síðasta málsmeðferðin á þessu frv. í hv. Alþingi.

Svo var kosið eftir þessa breytingu í haust, og ýmsu var fram haldið í þeim umræðum, sem fram fóru á milli stjórnmálaflokkanna fyrir kosningarnar á síðastliðnu hausti. Og það var ekki minna rætt um fjármál þá en gerist og gengur fyrir kosningar yfirleitt. Því var t. d. haldið fram mjög skýrt af Alþfl.-mönnum, að það væri allt í lagi með fjármálin, að ríkissjóður hefði aldrei staðið sig betur, útflutningssjóður stæði sig með ágætum og dýrtíðin hefði algerlega verið stöðvuð í landinu. Og það má merkilegt heita, að það skuli vera fyrsta áhugamál þeirra manna, sem héldu þessu fram, að leggja frv. fyrir þingið og afgreiða þau í flýti án þess að gera frekari grein fyrir fjármálum þjóðarinnar, og alls ekki vitað, hvort það þarf einu sinni á þessu fjármagni að halda fyrir ríkissjóð. Það getur vel verið, að það megi afnema þær tekjur, sem þetta frv. felur í sér, því að svo vel lýstu Alþfl.-menn hag ríkissjóðs fyrir kosningarnar. En það hefur ekki komið fram í þessum umræðum, hvort þörf muni þessara tekna fyrir ríkissjóðinn í framtíðinni eða ekki, en að fornum venjum þykir sjálfsagt að framlengja þessar tekjulindir ríkissjóðs, og er slíkt einsdæmi, þegar litið er á málflutninginn, sem var um fjármálin almennt fyrir síðustu kosningar. Og mér hefði fundizt, að það hefði gjarnan mátt skýra betur þessi mál og unna þjóðinni þess trausta þingræðis og lýðræðis, sem komið var á á s. l. sumri, en ekki vanmeta það, eins og stjórnarflokkarnir gera nú með því að senda Alþingi heim, án þess að fjárlagafrv. hafi verið vísað til n. og frumvörpum yfirleitt vísað til n. og gerð þá frekari grein fyrir þeim og þau send til umsagnar þeirra aðila, sem nauðsynlegt er að fjalli um þau, áður en málin eru afgreidd frá Alþingi. Það hefur verið venja, þegar um mikilsvarðandi mál er að ræða, að senda þau til umsagnar ýmiss konar aðila, sem hafa sérþekkingu í þeim efnum og geta verið nokkurs konar ráðunautar þingsins og ríkisstj. í þeim málum.

Það gætir því mjög mikils einræðis hjá hæstv. ríkisstj. nú, og er það undarlegt, þegar litið er á hennar málflutning og þeirra flokka, sem að henni standa, á s. l. sumri, þegar við átti að hafa meira þingræði og meira lýðræði en nokkru sinni hefur þekkzt á landi voru til þessa. Það var líka látið í það skína fyrir kosningarnar í haust af bæði sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum, að auka bæri alla styrki samkv. almannatryggingalögum, og það var líka látið í það skína, að þeir mundu beita sér fyrir því, að tekjuskattur yrði afnuminn í þeirri mynd, sem hann er nú, — tekjuskattur til einstaklinga. Og það er þeim mun undarlegra, þegar þetta var sagt fyrir kosningarnar, að það skuli ekki vera gerð grein fyrir því nú, hvort nauðsyn er að framlengja þessi lög, —

þetta frv., sem hér liggur fyrir Alþ., og þær tekjulindir, sem því fylgja. Hagur ríkissjóðs var svo góður fyrir nokkrum mánuðum, að maður skyldi ætla, að það hefði kannske mátt afnema eitthvað af tekjulindum ríkisins, eins og honum var þá lýst. En hið gagnstæða virðist hafa komið í ljós síðan og kannske erfitt að standa við sum gefnu fyrirheitin fyrir kosningarnar.

Það er talið, að endurskoða þurfi efnahagsmálin í heild, og það er nokkuð undarlegt, þegar Alþfl.-menn héldu því sleitulaust fram fyrir kosningarnar, að þeir hefðu algerlega stöðvað dýrtíðina í landinu, — gersamlega stöðvað hana. Er hægt að gera betur en stöðva dýrtíðina algerlega? Getur nokkur komizt lengra? Ég hygg, að það sé mjög erfitt. Og hvað er það þá, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að endurskoða í efnahagsmálum þjóðarinnar, úr því að dýrtíðarmálin hafa verið stöðvuð og nógir peningar eru í ríkissjóði, nógir í útflutningssjóði og hægt er að auka verulega styrki samkv. almannatryggingalögum og jafnvel að afnema tekjuskatt? Hvaða þörf er þá á því að vera að fresta þinginu nú og athuga efnahagsmálin, úr því að allt var í svona góðu lagi fyrir kosningar, því að ekki hefur það getað komið fyrir, að allt hafi þetta forgörðum farið nú síðan kosningabaráttan var háð? Það hlýtur því eitt af tvennu að hafa hent Alþfl. á s. l. hausti, annað tveggja það að hafa sagt ósatt um efnahagsmálin almennt eða hitt, að hæstv. ríkisstj. segi ekki sannleikann. Hafi Alþfl. sagt satt fyrir kosningarnar, þá er það ekki satt hjá hæstv. ríkisstj. nú, að það þurfi að eyða löngum tíma í að endurskoða efnahagsmálin, — hafi allt verið í ágætu lagi fyrir kosningarnar. Eitt af tvennu hlýtur að hafa skeð.

Því hefur líka verið haldið fram, að það hafi ekkert hækkað í landinu á þessu ári, síðan fyrrverandi stjórn kom til valda fyrir tæpu ári. Þetta er náttúrlega algerlega rangt, vegna þess að eitthvert fyrsta verk hæstv. ríkisstj. Emils Jónssonar var að hækka allar útflutningsuppbætur. En það einkennilega í sambandi við þær hækkanir var það, að það átti ekki að þurfa að hækka neitt skatta eða álögur á þjóðinni vegna þeirra hækkana. Og vera má, að núv. ríkisstj. og hennar flokkar búi yfir það góðum ráðum, að það sé enn þá hægt að hækka eitthvað útgjöld án þess að hækka nokkuð tekjur á móti og jafnvel að lækka tekjur. Vera má, að það sé þeirra hluta vegna, sem hæstv. ríkisstj. þarf svo mikinn tíma til að athuga efnahagsmál þjóðarinnar.

En á sama tíma og Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn halda því fram, að það hafi ekkert hækkað á s. l. ári, og í sama blaði og birt er stefnuyfirlýsing Sjálfstfl. nú á s. l. hausti, 2. okt., þá er smátilkynning um eina verðhækkun, þ. e. á síldarmjöli, og þar stendur, með leyfi forseta: „Síldarmjölið kostar kr. 426.50. Ríkisstjórnin hefur ákveðið verðið á síldarmjöli á innanlandsmarkaði samkv. till. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, og er verðið kr. 426.50 pr. 100 kg fob. í verksmiðjuhöfn.“ Í fyrra var verðið 393 kr. Stafar hækkunin af hækkandi útflutningsuppbótum á bræðslusíldarafurðir frá fyrra ári. Hvernig stendur nú á því, að á sama tíma og bændurnir eru sviptir verðhækkun á þeim afurðum, sem þeim bar á s. l. hausti og þeim hafði verið lofað á s. l. vetri, að um svipaðar mundir er eina hækkunin, sem á sér stað í landinu, á síldarmjöli, sem mjög hefur verið notað af bændastétt landsins til fóðurs búpenings? Hvernig stendur á því, að þetta er gert? Hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. hefur ekki staðið betur á verði fyrir bændur landsins en á þennan hátt, að láta hækkun koma á rekstrarkostnaði landbúnaðarins, í staðinn fyrir það, að hann hafði lofað hækkandi tekjum fyrir bændur landsins? Hvernig stendur á þessu?

Þetta talar sínu máli til bændastéttarinnar frá Sjálfstæðisflokknum, að í sama mund og sjálfstæðismenn voru búnir að lofa bændum landsins leiðréttingu á sínum verðlagsmálum, þá hækkar síldarmjölið. Það er svarið, sem bændur landsins fá frá Sjálfstfl. Og í sama mund er því haldið fram á öllum fundum á öllu landinu af Alþfl.-mönnum, að það hafi hvergi neitt hækkað. Mér er það minnisstætt á einum fundi, sem haldinn var í Vesturlandskjördæmi, að þar var þm. sjálfstæðismanna og frambjóðandi, sem hélt því fram, að það væri ekki hægt fyrir bændur landsins að nota erlendan fóðurbæti sakir þess, hversu dýr hann væri og hversu mikið hann hefði hækkað í tíð vinstri stjórnarinnar. Einn fundarmanna greip þá fram í og spurði, hvernig stæði á því, að ríkisstj. hefði nú hækkað síldarmjöl og hvort það væri frekar hægt að gefa það. Ræðumaður varð hálfhvumsa við, en sagði: Gefið þeim bara rúgmjöl og maís. — Og þá var enn fremur spurt, hvort það væri þá ekki bezt að gefa hveiti líka. Það getur vel verið, sagði ræðumaður, og með því endaði hans ræða.

Vera má, ef þessir flokkar stjórna lengi, sem nú eru við völdin, að það fari svo, að erlendur fóðurbætir verði betri og ódýrari fyrir bændastétt landsins að nota en innlend framleiðsla, sem þó ætti undir flestum kringumstæðum að vera frekar hægt að nota en það, sem kostar þjóðina að einhverju leyti gjaldeyri. En hækkun síldarmjölsins var svarið frá Sjálfstfl. til bændastéttar landsins, í þann mund sem sjálfstæðismenn höfðu heitið því, að þeir skyldu leiðrétta verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða.

Á meðan hæstv. fjmrh. er hér inni, vildi ég gjarnan minna hann á það, að hann sagði hér nóttina 1. des., að brbl. frá 19. sept. mundu verða lögð fyrir Alþingi. En nú lýkur Alþingi fljótlega, og hvenær verða þessi lög þá lögð fyrir þingið? Sagði hann satt, eða sagði hann ekki satt? Hvenær verða lögin lögð fyrir þingið? Það væri fróðlegt að vita það.

Annars er það undarlegt, að Alþfl.-menn skyldu vera svo mjög á móti því að greiða niður þegar á s. l. hausti verðlag landbúnaðarafurða, þar sem hagur ríkissjóðs og útflutningssjóðs var með ágætum, eins og þeir lýstu á öllum fundum, og undrar mig meira þeirra óvinátta í garð bændastéttarinnar fyrir þetta heldur en annars hefði verið.

Það hefur verið látið í það skína, ekki sízt

af sjálfstæðismönnum, að í raun og veru hafi verið aflað of mikilla tekna fyrir útflutningssjóð og ríkissjóð í tíð vinstri stjórnarinnar, að þjóðin hafi verið skattlögð of mikið. Og því hefur verið mjög haldið að bændastétt landsins, að 55% yfirfærslugjaldið hafi komið mjög þungt niður á bændum og það hafi verið óþarft að leggja það á rekstrarvörur landbúnaðarins. En það er eftirtektarvert, að sjálfstæðismenn komu ekki fram með eina einustu brtt. við frv., þegar það var til umræðu vorið 1958, varðandi þessi atriði. Það er enn fremur eftirtektarvert, að sjálfstæðismenn hafa ráðið verulegu um stjórn landsins nú næstum því í heilt ár og hafa forustuna í ríkisstj. nú, og þeir hafa ekki nokkurn hlut látið bóla á því að leiðrétta þetta rangláta gjald á rekstrarvörum landbúnaðarins, eins og þeir hafa viljað vera láta að væri. En þeir hafa gert annað. Þeir hafa svikið það, að bændur landsins fengju inn í verðlagsgrundvöllinn allt það, sem þeim bar út af þessum rekstrarkostnaði. Þeir hafa svikið það. Hið eina, sem þeir hafa fengið í staðinn frá Sjálfstfl., er hækkunin á síldarmjölinu. Það er hið eina, sem þeir hafa fengið. Og sennilega fá þeir ekkert annað frá þeim flokki en hliðstæðar ráðstafanir. Ég hefði búizt við, að sjálfstæðismenn mundu leggja fram frv. um að leiðrétta þetta nú þegar, svo að þeir gætu efnt eitthvað af þeim kosningaloforðum, sem þeir hafa staglazt svo mjög á í þeim tvennum kosningum, sem fram hafa farið nú á þessu ári. En sennilega gleyma þeir þessum loforðum eins og fleirum.

Það er alveg merkilegt, hvað þessum mönnum, sjálfstæðismönnum yfirleitt, tekst að lofa fyrir kosningar og blekkja með, en minnast síðan aldrei meira á. Mun einsdæmi, að nokkur stjórnmálaflokkur í landinu viðhafi jafnmikið auglýsingaskrum um alla þessa hluti eins og sjálfstæðismenn hafa yfirleitt, og sýna það bezt þeir smápésar, sem flokkurinn hefur verið að gefa út fyrir kosningar, eins og t. d. fyrir kosningarnar 1956, þegar hann gaf út smárit með mynd af öllum sínum frambjóðendum og kallaði þann pésa „Dóm reynslunnar". En ég hygg, að þegar næst verður gengið til kosninga, þá verði dómur reynslunnar og dómur þjóðarinnar ekki svo sérstaklega góður fyrir Sjálfstfl. Og á s. l. vori gaf hann út mörg slík rit, og m. a. kallaði hann eitt „Víti til varnaðar" og „Aldrei framar vinstri stjórn". En ég hygg, að augu þjóðarinnar séu að opnast fyrir því, að það er ekki allt með felldu, það sem Sjálfstfl. segir og það sem Sjálfstfl. framkvæmir, þegar hann hefur ráð á að efna eitthvað af sínum loforðum. Ég hygg, að þá muni flest falla í öfuga átt við það, sem sagt var fyrir kosningarnar.

Ég verð að játa, að það er dálítið erfitt að taka afstöðu til þessa máls, sem hér er til umræðu, út frá því, sem haldið var fram fyrir kosningarnar, og út frá því, sem haldið er fram nú, að það þurfi langan tíma til að endurskoða efnahagskerfið og efnahagsmál þjóðarinnar. Það getur ekki verið, að hagur ríkisins hafi versnað svo mjög á örfáum vikum eða nokkrum mánuðum. Það hlýtur eitt af tvennu að hafa skeð: annaðhvort hafa þeir flokkar, sem með stjórnina fara nú, sagt ósatt fyrir kosningarnar eða þeir segja ósatt nú. Og þeim mun erfiðara er að vera að framlengja skatta á þjóðina, þegar því hefur verið haldið fram við tvennar kosningar, að þjóðin hafi verið skattlögð að óþörfu að undanförnu, eins og sagt hefur verið við bændastétt landsins.

Það er alltaf sagt fyrir kosningarnar af þessum flokkum, Sjálfstfl. ekki sízt, að fái hann völdin, þá verði batnandi hagur hjá þjóðinni. En eftir kosningarnar er þetta svo erfitt viðfangs, að það þarf langan tíma til þess að reyna að finna leiðir, að þeir telja, út úr þeim ógöngum, sem þeir í raun og veru sjálfir hafa stofnað til. Hjá þessari ríkisstjórn, sem stöðvaði algerlega dýrtíðina og fjárhagur var með ágætum fyrir nokkrum vikum, hafa þó verið afgreidd fjárlög, sem hafa verið hærri en nokkru sinni fyrr hefur þekkzt í sögu íslenzku þjóðarinnar, vegna þess að í fyrsta skipti á þessu herrans ári fóru fjárlögin nokkuð á annan milljarð, og það hefur verið algerlega óþekkt fyrirbrigði hér á landi til þessa. Það mun hafa verið sagt á Alþingi í fyrsta sinn, sem fjárlögin fóru yfir 1 milljón, að íslenzka þjóðin mætti sannarlega fara að athuga sinn gang í fjárhagsmálum. Og ég hygg, að nú, þegar fjárlögin eru komin á annan milljarð, sé ekki minni ástæða fyrir íslenzku þjóðina að athuga gang sinn í fjármálum almennt.

Skattar hafa að sjálfsögðu verið lengi hér á landi og þjóðin verið skattlögð mjög lengi. Fyrstu skattar, sem munu hafa þekkzt hér á landi í fornöld, voru þingfararkaup og hoftollur. En fyrsti maður, sem lagði tíundir á fólkið, var Gissur Ísleifsson biskup, og það var árið 1096. Síðan hafa skattarnir vaxið ár frá ári. Og það er dálítið fróðlegt að rifja upp, til hvers skattarnir eru notaðir núna og til hvers þeir voru notaðir upphaflega. Fyrstu sköttunum mun aðeins hafa verið skipt í fjóra hluta, eða þeim tekjum, sem öfluðust þá, og þeir voru eingöngu teknir af skuldlausum eignum manna. En nú mun eignarskattur hjá okkur vera mjög lítill hluti af öllum skatttekjum ríkissjóðs. Þessar tíundir skiptust í fyrsta lagi í ¼ hluta til kirkna, annar hlutinn rann til biskups, þriðji til presta og ¼ til fátækra. En þarfir ríkissjóðs fyrir tekjur og skipting þeirra tekna, sem ríkið fær, það hefur tekið býsna miklum stakkaskiptum frá því á tímum Gissurar biskups. En vera má, að hæstv. ríkisstj. þurfi nokkurn tíma nú, ef hún ætlar að ganga eitthvað til baka í þessum efnum og kannske fara að tíunda líkt og Gissur biskup gerði upphaflega. Um þetta mál hefur ekkert verið upplýst. Það er ekkert upplýst um það, hvað það er raunverulega í skatta- og efnahagsmálum þjóðarinnar, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að endurskoða.

Það er furðulegt, að ríkisstj. skuli nú vilja skerða það mikla og góða þingræði, sem átti að eiga sér stað undir þessu nýja kosningafyrirkomulagi. Það er merkilegt, að það skuli vera sagt nú við þjóðina: Við höfum ekkert með þessa réttlátlega kosnu fulltrúa að gera.

Þeir geta farið heim, svo að við höfum tíma til að hugsa. — En ég hygg, þó að þetta réttlátlega kosna þing fengi að starfa, að hæstv. ríkisstj. gæti jafnt eftir sem áður haft tíma til að hugsa um sín fjármál og málefni, hvernig hún aflar tekna og hvort yfirleitt sé þörf á að afla meiri tekna fyrir ríkið en verið hefur og hvort það er þörf að afla yfirleitt allra þeirra tekna, sem ríkið hefur haft til þessa, eins og t. d. þeirra, sem hér um ræðir, og láta það þegar koma í ljós, en ekki vera að eyða til þess fjármagni og tíma í marga mánuði. Eitt af tvennu hefur gerzt í síðustu kosningum, að Alþfl.-menn hafa sagt ósatt fyrir kosningarnar eða hæstv. ríkisstj. segir öll ósatt um fjármál þjóðarinnar nú. Og ég vil vænta þess, að hæstv. fjmrh., sem hér er viðstaddur nú, reyni að upplýsa það, hver hefur satt að mæla og hver ekki.

Hæstv. forsrh. mun hafa látið þau orð falla á Varðarfundi, að í ríkissjóð og útflutningssjóð vanti 250 millj. kr. Ekki geri ég ráð fyrir, að hann ætli sérstaklega að fara að skattleggja Varðarmenn um 250 millj. kr., ég geri ráð fyrir, að það komi jafnt niður á alla Íslendinga, ef það vantar. Og það skýtur nokkuð skökku við, að því skuli vera haldið fram nú, að það skuli vanta 250 millj., til þess að hægt sé að rísa undir útgjöldum ríkisins, en vera nógir peningar og allt í bezta lagi fyrir nokkrum mánuðum. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. gefi okkur skýrar upplýsingar um þessi mál nú, áður en þetta frv., sem hér um ræðir, þessi bandormur, fer héðan úr deildinni.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í þingsköpum er svo fyrir mælt, að við 1. umr. máls skuli ræða málið í heild, en við 2. umr. skuli fremur ræða einstakar greinar þess, og gefin heimild til að skipta umræðunni í sérstaka kafla, ef málin eru margþætt. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég aðeins lítils háttar um þetta frv., eins og það liggur fyrir í heild, en þar sem hér er nú orðið um mjög stórt mál að ræða og margbrotið, verður ekki hjá því komizt nú við þessa umr. að ræða nokkuð um einstakar greinar þess nánar en gert var við 1. umr.

Í 1. gr. þessa frv., a-lið, er ráðgert að innheimta vitagjald með 100% viðauka á árinu 1960. Það munu allir vera sammála um, að framkvæmdir í vitamálum séu mjög nauðsynlegar. Vitarnir eru öryggistæki fyrir skipin, bæði fiskiskipin og millilandaskipin, og þekkjum við næg dæmi þess, að illa getur farið, ef ekki er séð fyrir þessum öryggistækjum. Vitagjaldinu er varið til framkvæmda við vitabyggingar, og í fjárlagafrv. fyrir árið 1960, því sem fyrir liggur og vonandi verður ekki gert ógilt, er gert ráð fyrir því, að vitagjaldið nemi 1 millj. og 700 þús. kr. En til framkvæmda við nýbyggingar vita á að verja nákvæmlega sömu fjárhæð samkv. 20. gr. fjárlagafrv., 1.7 millj. kr.

Ég verð að álíta, að það sé ekki óeðlilegt, að þetta vitagjald sé innheimt sem svipaðri fjárhæð nemur. En ég vil gera fsp. um það til fjhn., sem hefur kynnt sér þetta frv. sérstaklega, hvort það sé ekki svo í lögum, að skemmtiferðaskip greiði lægra vitagjald en önnur skip, og ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá finnst mér koma til álita að gera einhverja breytingu á því.

Í c-lið 1. gr. er gert ráð fyrir því að innheimta viðauka við gjöld samkv. 9. kafla laga nr. 68 frá 5. júní 1947, um eftirlit með skipum. Það mun vera miðað við, að sá kostnaður, sem skipaeftirlitið hefur í för með sér, fáist greiddur af þessu gjaldi, svo að ekki þurfi beina fjárveitingu vegna eftirlits með skipum á fjárlögum. Mér finnst, að þetta sé ekki óeðlilegt, en mér finnst, að það komi mjög til álita að breyta því að einhverju leyti, að gjöld samkv. 58. gr. l. séu ekki hækkuð neitt frá því, sem fyrir er mælt í l. frá 1947. En eins og við sjáum á frv., þá eru þau gjöld, sem innheimta á samkvæmt 58. gr. laganna, tekin út úr, og þessi viðauki á ekki að ná til þeirra.

Í d-lið 1. gr. er gert ráð fyrir að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörutegundum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að tekjur ríkissjóðs hafa oft þótt sízt of miklar, og nú er um það rætt, að auka þurfi tekjur sveitarsjóða og bæta stórlega aðstöðu þeirra til innheimtu tekna. Og nú í sambandi við þetta frv. hefur komið fram till. um að greiða hluta af söluskattinum til sveitarsjóðanna.

Við 1. umr. þessa máls hreyfði ég þeirri hugmynd, að tekið yrði í einkasölu ríkinu til handa eitthvað af þeim drykkjarföngum, sem um er rætt í d-lið 1. gr. Ég sé, að fjhn. hefur ekki gert till. til breytinga á frv. í þessa átt, og harma ég það. Eigi að síður tel ég þessa hugmynd mjög koma til álita og athyglisverða, þegar á það er litið, hvað einkasölur ríkisins með t. d. áfengi og tóbak eru traustur tekjustofn fyrir ríkið.

Þá er komið í e-lið 1. gr. inn í þetta frv. ákvæði um að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum samkvæmt l. nr. 56 frá 31. maí 1927 og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Ég vil taka það fram, að ég kann mjög illa við, að þessi ákvæði um viðauka á skemmtanaskatt skuli vera felld inn í þetta frv. og blandað saman við gersamlega fjarskyld efni, sem áður hafa verið í mörgum frv. En á því er sjálfsagt ekki auðvelt að ráða bót, úr því sem komið er, þar sem svo virðist sem meiri hl. þessarar hv. d. ætli sér að knýja það fram, að þetta frv. nái fram að ganga. En í sambandi við þetta ákvæði um viðauka við skemmtanaskattinn er full ástæða til að rifja það upp, hve framsýnir þeir menn voru, sem settu lögin um skemmtanaskatt og þjóðleikhús 1927. Þá var stigið það skref, að verja skyldi skemmtanaskattinum til byggingar þjóðleikhússins. Á kreppuárunum varð nokkurt hlé á því, að tekjur skemmtanaskattsins rynnu í sjóð þjóðleikhússins, vegna þess, hve fjárhagur ríkisins var þá örðugur. En jafnskjótt og úr rættist, voru lögin frá 1927 látin koma til framkvæmda að nýju, og vegna þess, hve þeir menn, sem beittu sér fyrir þeim l., voru framsýnir og ég vil segja stilltu vel í hóf með þennan tekjustofn, þá njótum við, fyrst og fremst höfuðborgarbúar og raunar meira og minna allir

Íslendingar nú þessarar góðu menntastofnunar, þjóðleikhússins.

Það má enn fremur minna á það, hve þarna var vel ratað að meðalhófi, að fyrir þrettán árum kom fram opinberlega till. um það að hækka skemmtanaskattinn að verulegum mun og gera hann að tekjustofni fyrir ríkið sjálft að einhverju leyti. Hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) mun sjálfsagt kannast vel við þá tillögu. En þessi till. fékk ekki hljómgrunn hér á hv. Alþingi, heldur hefur verið miðað við það, — stillt svo í hóf álagningu skemmtanaskattsins, — að verja honum til þjóðleikhússins og síðan til félagsheimila og annarrar menningarstarfsemi.

1947 var svo komið, að álitið var, að stofnkostnaður þjóðleikhússins væri að fullu greiddur með því, sem þá var fyrir hendi af tekjum, sem safnazt höfðu af skemmtanaskatti. Þá var sett hin merka löggjöf um félagsheimilin og mikið af skemmtanaskattinum látið renna til stuðnings þeim framkvæmdum, en nokkur hluti skattsins látinn fara í rekstrarsjóð þjóðleikhússins til stuðnings rekstri þess. Þessi merka löggjöf um félagsheimilin hefur orðið lyftistöng undir menningarlíf víða úti um byggðir landsins, og ef þessi ráðstöfun hefði ekki átt sér stað á skemmtanaskattinum, þá er vandséð, að félagsheimilin hefði orðið reist svo víða og með svo miklum myndarbrag sem raun hefur orðið á. En því miður kom síðar í ljós, að þær vonir, sem menn gerðu sér 1947 um það, að fyllilega væri séð fyrir þörfum þjóðleikhússins, reyndust ekki að öllu leyti réttar. Og þeir, sem höfðu hug á því að halda uppi hlut félagsheimilanna sem allra bezt, áttu mjög í vök að verjast með það, einkum á árinu 1951, þegar nýjar reglur voru settar um skiptingu skemmtanaskattsins og nokkuð dregið þá úr því framlagi, sem ganga skyldi til félagsheimilanna.

En ég verð að telja, að eitt af þeim góðu verkum, sem vinstri stjórnin vann og stuðningsflokkar hennar hér á hv. Alþingi, hafi verið það að endurskoða ákvæðin um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og þá var gengið þannig frá, að 50% skemmtanaskattsins, að meðtöldum þeim viðauka, sem hér um ræðir, rennur nú í félagsheimilasjóð þeim til stuðnings. Ég verð að fagna því, að svo varð, og vona, að ekki komi til þess, að því hlutfalli verði breytt, a. m. k. á þessu þingi, félagsheimilunum í óhag.

En áður en ég skilst við þetta ákvæði frv., e-lið 1. gr., vil ég beina þeirri fyrirspurn til frsm. fjhn., sem hefur kynnt sér þetta mál allt mjög vel, sem nú er orðið margbrotið og flókið, hvort það sé ekki rétt skilið, að í viðbót við þetta álag. sem hér um ræðir, sé innheimtur samkv. öðrum lögum 10% viðauki, sem m. a. komi á þetta álag, sem hér um ræðir, og gangi til sérstakra nota.

Þá kem ég að 2. gr.

Það hefur oft verið um það rætt, bæði hér á hv. Alþingi og víðar, þar sem umr. um stjórnmál fara fram, hvað það sé iskyggilegt, að íslenzka krónan, gjaldmiðillinn, fari minnkandi, og það mun vera svo, að ef miðað er við gullgildi, þá stendur krónan mjög lágt. Till. kom fram um það hér á hv. Alþingi fyrir nokkru, að nú væri svo komið um verðgildi peninganna, að það væri full ástæða til þess að fella alveg niður alla fimmeyringa og mynt þar fyrir neðan og nota hana ekki í viðskiptum manna. Þessi till. náði ekki fram að ganga, en mér finnst, að ákvæði 2. gr. þessa frv. séu a. m. k. mjög sanngjörn, þau, að við útreikninga á þessum gjöldum, sem talað er um í 1. gr., skuli broti úr eyri sleppt. Ég er því alveg samþykkur, að ekki sé reiknað nákvæmara en það, að einseyringarnir gildi, og ef hæstv. forseti sér sér það fært að bera 2. gr. upp sérstaklega, þá hef ég mikla tilhneigingu til að greiða atkv. með henni.

Þá kem ég að 3. gr. Ég vakti eftirtekt á því við 1. umr. þessa máls, að ákvæði þessarar gr. grípa mjög inn í lögin um útflutningssjóð. Mér þykir miður farið, að hv. fjhn. hefur ekki séð sér fært að samræma betur en verið hefur ákvæði í þessum tvennum lögum, sem eru í raun og veru sami tekjustofninn, sem rennur að verulegu leyti til sömu þarfa. En ég hef ævinlega verið hlynntur því, að nokkurt framlag yrði látið renna til brúasjóðs. Ég tel, að brúasjóður hafi orðið undirstaða að mjög þörfum og merkilegum framkvæmdum í byggingu stórbrúa og vandséð væri, hvort sum þau mannvirki á þessu sviði væru komin upp og þjóðinni til nota, ef þessi leið hefði ekki verið farin. En þessi liður er einmitt ábending um það, hve þm. átta sig oft miður en skyldi á nýmælum, sem fram eru borin, því að þótt ótrúlegt megi virðast, þá mætti það nokkurri andstöðu hér á hv. Alþingi, þegar — **(Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni?**)** Já, ég á nokkuð eftir. **(Forseti:** Ætli það sé þá ekki rétt að fresta henni?**)** Ég get gjarnan gert hlé á ræðunni. — [Fundarhlé.]

Ákvæðin í 3. gr. þessa frv. um ráðstöfun á því innflutningsgjaldi á benzíni, sem þar er ráðgert, minna á það, hve þm. eiga oft erfitt með að átta sig á nýmælum, sem fram eru borin. Reynslan hefur sýnt, að einmitt þessi ráðstöfun, að verja nokkru framlagi af benzínskatti í sérstakan sjóð, brúasjóð, hefur orðið lyftistöng undir byggingu stórbrúa á allmörgum stöðum á landinu, og það er mjög óvíst, svo að vægt sé að orði kveðið, að þjóðin nyti nú þeirra miklu samgöngubóta, sem af því leiðir, ef ekki hefði verið farin sú leið, sem bent er á í þessu frv. Frv. um ráðstöfun á benzínskatti í þessa átt kom fyrst fram 1939, og þá náði það ekki fram að ganga. Það var aftur flutt 1940 og þá fellt. En síðar á því sama ári var þó lögfest að stofna brúasjóð með nokkru framlagi af benzínskatti.

Sem dæmi um það, hve menn eiga oft erfitt með að átta sig á nýmælum og hvað gott muni af þeim leiða, vil ég nefna, hvernig fyrst var tekið undir þetta mál, þegar lagt var til að stofna brúasjóð. Einn hv. þm., sem þá átti sæti í þessari d., í Ed., Sigurjón Á. Ólafsson, sagði þá m. a.:

„Ég álít, að mjög orki tvímælis, hvort eigi að ganga inn á þá braut, sem gert er með

stofnun brúasjóðs. Brúargerðir hafa á undanförnum árum verið komnar undir ákvörðunum Alþingis, og verður ekki annað séð en Alþingi hafi séð nauðsyn þessara framkvæmda og veitt fé til brúabygginga á ýmsum stöðum í landinu. Þessi krókaleið, sem hér er farin, að mynda sjóð af vissu innflutningsgjaldi, er síðan verði varið til brúasjóðs, er óþörf. Ég held, að treysta mætti Alþingi til þess, að það sæi nauðsyn þessa máls á hverjum tíma og veitti fé til brúabygginga eins og áður. Auk þess tel ég mikið vafamál, hvort rétt sé að auka benzínskattinn. Lítrinn af benzíni kostar nú 49 aura, og við það verður ef til vill ekki staðið nema stuttan tíma, þar sem vænta má, að flutningsgjald á benzíni fari enn hækkandi."

Og annar hv. þm. tók þá í sama streng með þessum ummælum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil benda hv. flm. á, að hversu brýn sem þörfin er fyrir brúargerðir, er ekki þar með sagt, að þær megi útiloka margt, sem óumflýjanlegt er að framkvæma, og langt frá því, að aðrir landsmenn, sem minna sakna brúnna, séu búnir að telja fram sínar þarfir. Ég vil beina þeirri spurningu til þeirra, sem nú vilja hækka benzínskattinn í þessum sérstaka tilgangi, hvort þeir séu tilbúnir að hækka ýmsar aðrar álögur til hagsbóta fyrir aðrar hliðstæðar framkvæmdir. Þeir, sem segja, að þingið eigi að leggja á sérstakan benzínskatt til þessa, verða að vera við því búnir að taka undir aðrar svipaðar till. til framdráttar ýmsum nauðsynjamálum."

Þrátt fyrir þetta, þó að þessari hugsjón um að brúa stórvötnin í landinu með stuðningi af þessu fé væri tekið á þennan hátt, náði frv. um brúasjóð fram að ganga seint á árinu 1940, og ég tel það mikið óhappaspor, eins og raunar fleira í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, þegar brúasjóður var sviptur tekjum sínum á árinu 1945. En sem betur fór, stóð sú ráðstöfun ekki lengi, því að í sambandi við stjórnarmyndunarsamninga, sem fóru fram á árinu 1947, beitti Framsfl. sér aftur fyrir því, að framlag í brúasjóð yrði tekið upp, og hefur það staðið síðan. Vona ég, að sú reynsla, sem fengizt hefur af framkvæmdum eftir þessum reglum, hafi fært öllum hv. þm. heim sanninn um, að hér var rétt ráðið.

Þá er gert ráð fyrir því í b-lið 3. gr., að bifreiðaskattur verði innheimtur með nokkru álagi 1960. Samgöngumálin í þessu landi eru mjög kostnaðarsöm og erfið úrlausnar, þar sem þjóðin er tiltölulega fámenn miðað við landstærð og skammt er síðan íslenzka ríkið hafði bolmagn til þess að ráðast í vegagerðir, svo að verulegu næmi. Það eru því mikil verkefni óleyst í samgöngumálum, og má því segja, að ekki sé óeðlilegt, að það gjald sé greitt af hendi, sem gert er ráð fyrir að lagt verði á samkv. b-lið 3. gr.

Bifreiðum fjölgar mjög ört í landinu, og eftirspurnin eftir bifreiðum sýnir það, að sem flestir landsmenn keppa að því að komast yfir þau farartæki. En góðir vegir eru vissulega sparnaður á rekstri bifreiðanna og því ekki óeðlilegt, að á þær sé lagður nokkur skattur, sem fari til stuðnings framkvæmdum í samgöngumálum.

Á síðasta þingi var ríkisstjórninni heimilað að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og mátti það gjald nema allt að 250% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, þegar innflutningsskrifstofan úthlutaði gjaldeyri til kaupanna, en þó mátti það ekki vera yfir 160%, þegar úthlutað væri gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðarstjóra og lækna. Gjaldið mátti aftur á móti nema allt að 300% af fob-verðinu, þegar bifreiðin eða bifhjólið væri flutt inn án þess, að gjaldeyri væri úthlutað. Þetta sýnir, að Alþingi leit svo á í fyrra, að hægt væri að ná nokkru fé inn eftir þessari leið. Mér er nú ekki kunnugt um, hve mikill innflutningur á bifreiðum hefur orðið það sem af er þessu ári samkv. þessum ákvæðum, sem sett voru í fyrra, en e. t. v. getur hæstv. fjmrh. eða fjhn. gefið upplýsingar um það. En þetta álit þingsins í fyrra, að auðið væri að ná inn nokkrum tekjum eftir þessari leið, bendir til þess, að það sé í sjálfu sér ekki óeðlilegt að halda áfram að innheimta það gjald, sem ráðgert er í b-lið 3. gr.

Þau ákvæði þessa frv., sem felast í 4. gr. þess, þ. e. a. s. um söluskattinn, eru langsamlega veigamestu ákvæði frv. Ég gerði söluskattinn nokkuð að umtalsefni almennt við 1. umr. þessa máls og skal nú ekki endurtaka það, sem ég drap þá á. En ég tel, að till. sú til breyt. á þessari grein, sem minni hl. fjhn. hefur borið fram, sé fullkomlega réttmæt, og mun styðja hana. Í fyrsta lagi vegna þess, að nú er lögð á það mikil áherzla af hæstv. ríkisstj. og þeim flokkum, sem hana styðja, að fyrir liggi að gera gagngerar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar síðar á þessu þingi og þær breyt. muni verða svo gagngerar og áhrifaríkar, að það sé jafnvel ekki kleift að fylgja gildandi venju um að ræða fjárlagafrv. nú fyrir þingfrestun. Ef þetta reynist rétt, að síðar á þessu þingi verði gerðar mjög veigamiklar ráðstafanir í fjárhagsmálum, er það alls kostar eðlilegt, að ákvæðin um söluskattinn verði tekin til endurskoðunar í því sambandi, og það á ekki að vera neitt í hættu fyrir hæstv. ríkisstjórn, þó að heimildin til að innheimta söluskatt sé nú miðuð við tvo fyrstu mánuði ársins eins og heimildin til þess að greiða úr ríkissjóði fastar greiðslur, þó að fjárlög ársins 1960 hafi ekki verið sett. En hér kemur fleira til. Ég held, að þó að söluskattinum yrði haldið sem tekjustofni, þurfi að gera ýmsar breytingar á innheimtu hans og ákvæðum löggjafarinnar. Ég held, að í sumum tilvikum orki það mjög tvímælis, hverjir eigi að greiða söluskatt og hverjir ekki, og að jafnvel geti það komið fyrir, að söluskattur leggist tvisvar á sömu vöru. Og í þessu frv. eru beinlínis ákvæði, sem benda í þá átt, að reynslan hafi staðfest þessa skoðun, því að eitt ákvæði frv. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til fram-

leiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum settum af fjmrh. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni."

Þessi ákvæði eru þannig, að hér er beinlínis gert ráð fyrir eins konar keðjuviðskiptum og það geti orðið mjög flókið í ýmsum tilvikum, hvernig með það skuli fara, jafnvel svo, að til þess geti komið, að endurgreiða þurfi söluskatt, sem áður hefur verið innheimtur. Þetta er eitt meðal annars, sem styður það, að ákvæðin um söluskatt, jafnvel þó að tekjustofninum yrði haldið að meira eða minna leyti, verði öll endurskoðuð síðar á þessu þingi, og eru rök fyrir því, að brtt., sem minni hl. fjhn. ber fram, verði samþykkt.

En það er fleira í sambandi við söluskattinn, sem vert er að íhuga og fyllilega þarf að hafa hliðsjón af, ef gera á breytingar á löggjöfinni í heild. M. a. grípur inn í það, að nú virðist vera nokkur áhugi á því, ekki sízt hjá stuðningsflokkum núv. ríkisstj., að afnema tekjuskattinn með öllu, og á síðasta þingi, — ekki aukaþinginu í sumar, heldur á þingi s. l. vetur, — var samþ. þál. um að láta fara fram athugun á því að fella niður innheimtu á tekjuskatti. Nú er tekjuskatturinn, eins og kunnugt er, allveigamikill gjaldstofn fyrir ríkið, og ef horfið yrði að því ráði, sem mikill áhugi virðist vera fyrir hjá stuðningsflokkum núv. ríkisstj., — því að mig minnir, að það væru þeir, sem stóðu að samþykkt þáltill., — þá hlýtur að koma að því, að ríkið vanti tekjustofn á móti því, sem niður fellur, ef tekjuskatturinn yrði úr lögum numinn. Þá kemur það til álita, hvernig skuli fara að því að bæta ríkinu þennan halla, og inn í þetta grípa vitanlega fjármál sveitarfélaganna, eins og hér hefur verið rætt í umr. um þetta mál. Nú kann mönnum í fyrstu að sýnast auðvelt að bæta ríkinu þann halla, sem af þessu yrði, á þann hátt að hækka eingöngu tolla á miður þörfum varningi. En þess ber að gæta, að þær vörur, sem telja má miður þarfar, eru þegar mjög hátt tollaðar, bæði til þess að standa straum af gjöldum ríkissjóðs og útflutningssjóðs, og ég hygg, að reynslan bendi til þess, að það séu takmörk fyrir því, hvað hægt er að hlaða háum gjöldum á tiltölulega fáa vöruflokka, ef eftirspurn eftir þeim á ekki stórkostlega að minnka. Ég ætla, að slíkt hafi komið fram, t. d. á meðan bátagjaldeyriskerfið var í gildi, að þá var farinn að myndast hali, sem kallað er á óvönduðu máli, þannig að eftirspurnin ætlaði ekki að svara til þess, sem álagið þurfti að nema. Það er mjög hætt við því, að ef ætti að bæta ríkissjóði þann halla, sem af þessu yrði, eftir þeirri leið, þá mundi eftirspurnin eftir þessum hátollavörum minnka, svo að það bætti ekki ríkissjóði nægilega upp tekjuskerðingu, sem af niðurfellingu tekjuskattsins leiddi.

Þá kemur það til álita, til hvaða ráða ætti að grípa. Ef mjög hár tollur yrði lagður á nauðsynjavörur erlendis frá og t. d. iðnaðarvörur fluttar frá útlöndum, þá sýnist mér, að á því kynnu að verða nokkrir annmarkar. Það gætu í sumum tilfellum orðið eins konar verndartollar fyrir framleiðslu hér innanlands, sem ekki væri þjóðhagslega hagkvæmt að draga vinnuafl þjóðarinnar að, því að eins og kunnugt er, hefur undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, átt að undanförnu við mikinn skort á vinnuafli að búa. En það er sá atvinnuvegur, sem framleiðir mestan gjaldeyri eða aflar mests gjaldeyris þjóðarbúinu til handa. Ef ætti aftur á móti að forðast það, að þessi tollaálagning verkaði sem verndartollar fyrir ýmsar starfsgreinar, sem óhagkvæmt væri þjóðhagslega séð að efla, finnst mér þetta mál allt grípa inn í það, hvort ekki þurfi að breyta jafnhliða að meira eða minna leyti ákvæðunum um söluskattinn, að breytingar á löggjöf um söluskatt komi til athugunar í samræmi við öll þessi skattamál í heild. Þetta er enn ein röksemd fyrir því, að það sé eðlilegt, eins og minni hl. fjhn. leggur til, að takmarka nú heimildina til innheimtu á söluskatti við tvo fyrstu mánuði ársins, en allt þetta mál verði tekið til nánari endurskoðunar síðar á þessu þingi.

Þá vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um 5. gr. þessa frv. Þessi grein er um innheimtu á vörumagnstolli og verðtollsviðauka, og síðustu liðir greinarinnar eru um heimildir til þess að fella þessa tollaviðauka niður á einstökum vörutegundum. Hér er gert ráð fyrir því í b-lið, rómverskum II, að undanþegnar tollahækkun þeirri, sem í greininni ræðir um, skuli vera m. a. kaffi, óbrennt eða brennt og malað. Það vekur eftirtekt, að hér er ekki minnzt á te, og ég vil nú beina því til fjhn., sem hefur athugað frv. mjög vel, hvort það falli undir þessi ákvæði. Ég hygg, í alvöru talað, að það sé ekki, og mér finnst ósamræmi í því, og svo mun hafa verið undanfarið. Vegna þess að ýmsir neyta tes og hafa það algerlega í stað kaffis, þá er eðlilegt, að þarna sé ekki gert upp á milli. Ég hygg líka, að kaflinn, þar sem talað er um mjöl og grjón, nái ekki til allra matvæla, þar sé gert upp á milli, t. d. að sagógrjón og kartöflumjöl falli ekki undir þessi ákvæði. Þetta er bara ábending til hv. n., sem um þetta hefur fjallað, að mér finnst eðlilegt, að þarna sé nokkurt samræmi á milli.

Enn fremur vil ég spyrja hv. fjhn., sem hefur athugað vel þetta flókna frv., hvort í nr. 27,14, steinolía, sé gerður munur á óhreinsaðri steinolíu og hreinsaðri. Ef svo er, þá finnst mér ástæða til, að það sé tekið til athugunar. Mér hefur ekki verið sýnt fram á það með rökum, hvaða ástæða er til þess að gera þar upp á milli.

Loks vil ég benda á það, að mér sýnist, að þessar heimildir, sem veittar eru í þessari grein, séu tvíþættar, það séu tvenns konar

heimildir veittar gagnvart sömu vöru. Mér virðist það vera rétt skilið hjá mér, og ef svo er ekki, þá óska ég eftir leiðréttingu á því síðar af hálfu hv. fjhn.

Í rómverskum II segir fyrst, að undanþegnir tollahækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar greinar, sé fyrst tollskrárkafli 9, nr. 1—2, og tollskrárkafli 10, nr. 1—7, tollskrárkafli 11, nr. 1—12, og tollskrárkafli 17, nr. 1—6. Ég fæ ekki betur séð, þegar ég les aftur liðinn rómverska III, en þar sé vitnað í nákvæmlega sömu tollskrárkafla. Ég óska eftir skýringu á þessu síðar, ef þetta er misskilningur, að hér eigi að veita tvenns konar heimildir um niðurfellingu tolla á sömu vörum. Þetta verður væntanlega skýrt síðar af hv. fjhn.

En að lokum er það aðeins eitt atriði þessa frv., sem ég vil benda á og vænti þess, að milli umræðna taki fjhn. það til athugunar. Ákvæðin um undanþágu frá þessum tollum eða heimild til hennar, m. a. á kaffi, eru vitanlega miðuð við það að gera þessa neyzluvöru almennings ódýrari en ella, og það má segja, að með því sé stefnt í rétta átt. En þetta vekur meiri eftirtekt, þegar búið er að steypa öllum þessum málum saman í eina heild, að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir álagi á kaffibæti. Nú sýnist mér, að ákvæði 1. gr. um álag á kaffibæti dragi mjög úr áhrifum ákvæða 5. gr. um niðurfellingu tolla af kaffi, þetta blandast saman og verður ein og sama varan, þegar hún kemur til neytandans.

Og að allra síðustu þetta: Íslenzka þjóðin hefur verið gædd ríkri skáldskapargáfu, og hér í þessari hv. d. eru menn gæddir sterkri skáldæð. Hér var líka við umræður talað mjög í skáldlegum líkingum um þessi mál, m. a. um fimmbura, og einn hv. ræðumanna komst þannig að orði, að nú væru öll börnin fimm komin í einu og sömu vögguna. Ég held, að það sé afar mikill vandi og eiginlega mikil list, sem stuðningsmenn hv. ríkisstj. þurfa að iðka, að gæta þess, að þessi fóstur, sem nú eru öll komin í einu og sömu vögguna, meiði ekki hvert annað. Og í því sambandi vil ég sérstaklega beina því til fjhn., að hún aðgæti gaumgæfilega þetta ósamræmi á milli kaffisins og kaffibætisins í frv., að önnur varan verði ekki fyrir óþarfahnjaski gagnvart hinni.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) sagði hér áðan, að sig furðaði á því, að ég hefði farið þeim orðum um söluskattinn, að það væri ágætur skattstofn. Ég skal nú taka það fram, að það gætir að því leyti nokkurs misskilnings hjá hv. þm., að þegar ég tók þannig til orða, var ég ekki fyrst og fremst að lýsa mínum persónulegu skoðunum á söluskattinum, kostum hans og göllum. Ég tel, að ekki sé ástæða til þess í sambandi við þá bráðabirgðaafgreiðslu á þessum málum, sem hér liggur fyrir, enda býst ég við, að bæði þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, og skattakerfið í heild verði endurskoðað í nánustu framtíð, þannig að það gefist þá tilefni til að ræða þau mál ýtarlegar síðar á þinginu. Ég benti hins vegar á það sem staðreynd, að allir hv. þm. höfðu a. m. k. á undanförnum þrem þingum samþykkt framlengingu söluskattsins einróma, og dró af því þá einföldu ályktun, að hvað sem liði ágreiningi um annað, þá hefði þó verið eining um ágæti þess skattstofns.

Ég skal þó taka það fram, að í þessu liggur auðvitað ekki, að ég og hv. 9. þm. Reykv. ásamt öðrum, sem að þessu stóðu, höfum sérstaka ánægju af því að leggja skatta á landslýðinn. Við viðurkenndum tekjuþörf ríkissjóðs á þessum tíma og höfðum ekki tilbúnar till. um aðra skatta, sem við töldum betri. Ég tel það ekki í neinu ósamræmi við þetta, þó að ég jafnframt segði, að það sama ætti auðvitað við um söluskattinn og alla aðra skattstofna ríkisins, að hann hefði sína ágalla.

Hv. 9. þm. Reykv. nefndi nokkur þeirra raka, sem oft hafa verið borin fram gegn söluskattinum, og í þeim er vissulega nokkur sannleikskjarni. En minna mætti þó hv. 9. þm. Reykv. á það, að þrjú undanfarin ár hefur hann verið í stjórnaraðstöðu, og telji hann þennan skattstofn svo mjög ómögulegan, hefði hann þá átt að beita áhrifum sínum til þess, að hann yrði afnuminn eða a. m. k. verstu ágallarnir sniðnir af honum. Þrátt fyrir þetta komst hv. þm. þó að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að afnema söluskattinn að svo stöddu. Og ef ég tók rétt eftir, lýsti hann því meira að segja yfir, að hann mundi greiða atkv. með framlengingu söluskattsins, aðeins ef samþ. yrðu nokkrar brtt., sem hann ber fram um ráðstöfun þessa skatts.

Ég ætla nú ekki að ræða, svo að neinu nemi, þessar brtt. hv. þm., enda hefur hæstv. fjmrh. þegar gert því máli skil. Ég vil þó aðeins benda á það, að ég dreg mjög í efa, að samþykkt þeirra till., sem hv. þm. ber fram, mundi á þessu stigi málsins verða til þess að greiða fyrir því ágæta málefni, að mínu áliti, að bæjar- og sveitarfélögunum sé séð fyrir auknum tekjustofnum, m. a. í þeirri mynd, að eitthvað meira eða minna af söluskattinum renni til þeirra. En ástæðan til þess er sú, að eins og kunnugt er, þá hefur jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga nú ákveðnu hlutverki að gegna, og þau lög, sem nú gilda um jöfnunarsjóðinn, eru miðuð við þetta hlutverk, m. a. þær reglur, sem gilda um úthlutun fjár úr sjóðnum eða skiptingu þess fjár, sem bæjar- og sveitarfélögin fá úr sjóðnum, á milli þeirra. Ég held, að það mundi verða nokkuð út í bláinn að fara að samþ. slíka aukna tekjuöflun til sjóðsins og nýjar reglur um úthlutun þess fjár, sem breyttu hlutverki sjóðsins til samræmis við það aukna fé, sem hann fengi til umráða.

Þá ætla ég aðeins að gefnu tilefni að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 5. þm. Austf. (PÞ). Hann beindi nokkrum spurningum til fjhn., aðallega varðandi tæknileg atriði í sambandi við skattalög þau, sem hér liggja fyrir. Ég skal fúslega játa það, að þessi mál bar ekki á góma á fundum n. Við létum okkur nægja — og það var í samræmi við þá meðferð, sem þessi mál hafa áður fengið í fjhn. — að lesa saman texta

lagafrv. við núgildandi lög í þessu efni. Ég hef litið þannig á, að fjhn. sé ekki nein milliþinganefnd í skattamálum. Ef svo væri, þá bæri henni vitanlega að geta gefið upplýsingar um þau atriði, sem hv. þm. minntist á, eins og t. d. spurninguna um það, hvort skemmtiferðaskip greiði lægra vitagjald en skip gera almennt, hvort innheimt væri aukaálag á skemmtanaskattinn, hvort gerður væri munur — ef ég tók rétt eftir — á hreinsaðri og óhreinsaðri steinolíu o. s. frv. Allt eru þetta skattatæknileg atriði, sem mþn. í skattamálum, er hefði það hlutverk að endurskoða skattakerfið frá grunni, ætti auðvitað að kynna sér. En mér finnst ekki hægt að ætlast til þess, að fjhn., — ekki sízt í sambandi við þá bráðabirgðaafgreiðslu, sem hér er um að ræða, — hafi krufið þessi mál til mergjar.

Öllu meira get ég nú ekki um þetta sagt, e. t. v. meðfram af því, að ég er ekki í tölu þeirra hv. þdm., sem skáldskapargáfan hefur verið gefin, og harma ég það mjög. En við því er ekki að gera. En þó eru það tvö þessara atriða, sem mér finnst, að ég gæti myndað mér skoðun um. Hv. þm. taldi, ef ég tók rétt eftir, að óþarfur væri 3. liður 5. gr., vegna þess að það sama feldist í rauninni í 2. lið 5. gr. En það er á þessu sá munur, að hvað snertir 2. liðinn, þá er heimilað að undanþiggja tollahækkun þeirri, sem gert er ráð fyrir, þær vörur, sem þar eru taldar, en í 3. liðnum er heimilað að fella niður öll aðflutningsgjöld af sömu vörum, ekki eingöngu álagið á verðtollinn og vörumagnstollinn. (Gripið fram í.) Já, að því leyti, sem það er tilfellið, að 3. liðurinn komi til framkvæmda, þá fellur auðvitað niður tollahækkunin, það er alveg rétt. En 3. liðurinn er aðeins heimild, svo að það er ekki víst. Hinu er ég að vissu leyti sammála, sem hv. þm. sagði, að tollfrelsið á kaffi nær ekki tilgangi sínum sem ella vegna ákvæða 5. gr. um heimild til þess að leggja 50% álag á kaffibæti. En á þessu gæti verið sú skýring, að það, sem legið hefur fyrst og fremst til grundvallar þeirri lækkun á aðflutningsgjöldunum og afnámi þeirra, sem hér er um að ræða, sé vísitala framfærslukostnaðar. Og ef það er þannig, að kaffibætirinn sé tiltölulega lítill liður í vísitölu framfærslukostnaðarins, þá getur vel verið, að fært hafi þótt að leggja álag á hann, þó að aðflutningsgjöld á kaffinu væru að öðru leyti afnumin.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra af vörum hæstv. fjmrh., að hann teldi það mál, sem í brtt. minni felst, gott og gagnlegt. En hitt þótti mér leitt að heyra, að hann þrátt fyrir það ætlar að snúast gegn þessu máli nú.

1956 flutti hæstv. fjmrh. frv. til l. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, samhljóða þeirri brtt., sem ég nú flyt, og sams konar frv. flutti hann aftur 1957. Afdrif frv. í fyrra skiptið urðu þau, að frv. var vísað til n., sem flm. sjálfur átti sæti í. Þar sofnaði málið og fékk aldrei endanlega afgreiðslu á því þingi. Síðara árið var frv. með samkomulagi við flm. afgreitt í formi þáltill. frá hv. Ed., þess efnis, að d. skori á ríkisstj. að undirbúa frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Ég endurtek það, að þessi afgreiðsla var með samkomulagi við hv. flm., núv. hæstv. fjmrh. En hæstv. ráðh. sagði áðan, að ég hefði ekki veitt málinu stuðning á þessum þingum. Ef hann þar með vill gefa í skyn, að ég hafi á einhvern hátt lagzt á móti málinu, þá fer hann með rangt mál. Sannleikurinn er sá, að ég var þessu frv. samþykkur og greiddi atkv. í samræmi við það, að svo miklu leyti sem það kom til minna kasta, og þess vegna alrangt að bera mér það á brýn, að ég hafi á einhvern hátt lagt stein í götu frv. á þeim tíma.

Nú skilst mér, að hæstv. ráðh. hafi skipað sérstaka menn til að athuga tekjuöflunarþörf sveitarfélaga. Það er í sjálfu sér gott og blessað, svo langt sem það nær. En það var alveg óþarfi að láta þá staðreynd hafa nokkur áhrif á afstöðuna til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir. Það mál er margathugað og margrætt, sérstaklega af sjálfum hæstv. ráðherra.

Fyrir allmörgum árum var samþ. ályktun í Sþ. um undirbúning nýrrar löggjafar um skattamál og útsvarsmál. Og þar var einnig tekið fram, að n. sú, sem skyldi fjalla um þennan undirbúning, ætti að gera till. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þá tekjustofna, sem undir þeim verkefnum og útgjöldum ættu að standa. Þessi n. mun hafa starfað eitthvað og jafnvel lagt fram einhverjar till., en aldrei heyrzt frá henni endanlegt orð. Vinstri stjórnin skipaði líka n. til þess að athuga og gera till. um nýja tekjustofna sveitarfélaga. Sú n. mun vera að störfum, eftir því sem ég bezt veit, fram á þennan dag, en hefur ekki skilað áliti. Nú skilst mér, að hæstv. ráðh. telji mikla þörf á því að skipa a. m. k. þriðju nefndina. Ég vona, að það sé ekki í trausti þess, að málið sofni vært hjá þeirri n. En ef litið er á fyrri reynslu, gæti það flogið manni í hug.

Hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) skýrði það fyrir mér og öðrum hv. þdm., hvað hann hefði átt við, þegar hann talaði um ágæti söluskattsins. Mér skilst, að hann hafi meint og skýrt, að með því hafi hann átt við, að hér væri um að ræða góðan tekjustofn ríkissjóðs, drjúgan tekjustofn ríkissjóðs. Ég skal ekki bera á móti því. Og ég tel það afar mannlegt af fjmrh. að vera eftirsjá í góðum tekjustofnum. En ég vona samt, að hæstv. fjmrh. falli ekki nú fyrir þeirri freistni, að söluskatturinn er gildur tekjustofn ríkissjóðsins, og að hann þess vegna sé ekki nú að bregða fæti fyrir fram komna till., sem að efni og orðalagi er nákvæmlega eins og sú till. og þau frv., sem hann hefur barizt fyrir á undanförnum þingum. En einhvern veginn finnst mér nú í kvöld, að það sé komið annað hljóð í strokkinn hjá hæstv. ráðherra. Ég vona, að það boði ekki neitt illt. En það er auðheyrt, að tónninn hefur breytzt.

Nú langar mig að mega draga brtt. mína aftur til baka til 3. umr., og ég vil fara þess á

leit við hæstv. forseta, að hann komi því til leiðar, að hv. fjhn. taki þessa till. til athugunar á milli umræðnanna. Mér skilst, að fyrir þessari hv. d. liggi ekki neitt verkefni á morgun, svo að þetta ætti að vera auðsótt mál, og ég vil ekki að óreyndu ætla annað en hv. stjórnarsinnar fallist á, að það sé sanngjarnt, að fjhn. fái að athuga málið og segja sitt álit, þegar til 3. umr. kemur.

Forseti (SÓÓ): Ég vil í tilefni þessara tilmæla hv. 9. þm. Reykv. (AGl) um það, að hann dragi brtt. sína á þskj. 48 aftur til 3. umr., geta þess, að það hefur verið ákveðið, ef hægt verður, að koma þessu máli í gegnum 2. og 3. umr. nú í kvöld, til þess að geta afgreitt það til hv. Nd. **(Gripið fram í:** Hver hefur ákveðið það?) Forseti hefur ákveðið það. Ég vil enn fremur benda á í þessu sambandi, að málið er í fyrri d. og á því eftir að fara til Nd. Þar verður því ugglaust vísað til fjhn. Það er því ekki loku fyrir það skotið, að till. megi taka þar upp og komist þar til meðferðar n., ef hún kemur nógu fljótt fram.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Það eru aðeins nokkur orð út af þeim tilmælum, sem hv. 9. þm. Reykv. (AGl) bar hér fram til forseta um það, að fjhn. d. fengi tækifæri til þess að athuga brtt. hans á þskj. 48. Eins og komið hefur hér fram í umr., er þessi brtt. nálega alveg shlj. frv. til l. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, sem núv. hæstv. fjmrh. hefur flutt a. m. k. þrisvar sinnum hér á Alþingi. Ég held, að í öll þessi skipti hafi þetta frv. hlotið fullkomlega þinglega afgreiðslu, og ég fæ ekki séð, hverju það á að sæta, að þetta sama frv., þó að það sé flutt hér sem brtt., fái nú ekki svipaða þinglega meðferð og frv. núv. hæstv. fjmrh. hefur fengið á undanförnum árum. Ég kalla það að böðlast á þingsköpum og þingvenjum, ef okkur, sem skipum fjhn., er meinað að fjalla um þessa till. og skila um hana áliti.

Ég fagna því, að hæstv. forseti þykist einn hafa ákveðið það, að þessum málum skuli ýtt í gegnum d. hér í nótt, án þess að venjulegum þingvenjum sé fylgt um meðferð mála, því að þá hlýtur það líka að vera á hans valdi og hans valdi eins að breyta þeirri ákvörðun, og ég ber enn svo mikið traust til þessa hæstv. forseta, þó að ýmsu hafi verið ábótavant við hans stjórn hér í d., það sem af er, að hann sé ekki fráhverfur því, að hv. d. og þær n., sem d. skipar, fái að fjalla um mál á sama hátt og venja hefur verið og reyndar er skylt eftir öllum réttum reglum.

Ég bendi á það, að það getur verið dálítið varhugavert að snúa öllum venjulegum réttarvenjum, hvort sem er í meðferð mála á Alþingi eða annars staðar, við, eftir því hverjir það eru, sem hafa völdin hverju sinni. En ég sé ekki betur en svo sé að farið, ef ekki verður orðið við þessum sjálfsögðu og réttmætu tilmælum hv. 9. þm. Reykv.

Forseti (SÓÓ): Ég vil vegna þessara ummæla, sem hv. þm. hafði nú um, að hér sé ekki fylgt venjum um þingsköp, ekki viðurkenna, að svo sé. Það er ekki óvenjulegt, þegar brtt. hafa komið fram það seint, að n. hafa afgreitt frá sér mál, að formenn n. eða meiri hl. n. hafi óskað eftir því, að málinu væri frestað, til þess að þeim gæfist færi á að athuga fram komnar tillögur. Nú vil ég skjóta því til hv. formanns fjhn., hvort hann óskar eftir því, að þessu máli sé frestað, til þess að n. geti tekið sérstaklega þessa till. til meðferðar. **(ÓB:** Ég hef enga ósk fram að bera í því efni. — **Gripið fram í:** En ekki það gagnstæða þá heldur? — **ÓB:** Ef forseti eða d. ákveður að vísa málinu til n., þá get ég ekki neitað að taka það til meðferðar. — **Gripið fram í:** Ja, þó það nú væri.) Formaður fjhn. óskar ekki eftir, að málinu sé frestað til þess að fá þessa till. til meðferðar, og verður hún þá tekin til atkv. nú ásamt frv.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Till. á þskj. 48 er merkileg till., eins og hún á ætt til. Menn hafa heyrt hana ættfærða við þessa umr., og mér sýnist, að það væri mjög sanngjarnt að verða við þeim óskum flm., að n. athugaði hana og gengið væri úr skugga um það, hvort ekki fyndist flötur á því að gera því þarfa máli einhver skil, flýta fyrir því, að sveitarfélögin, sem eru þurfandi fyrir nýja tekjustofna og hafa einmitt óskað eftir hlutdeild í þessum skatti, fengju a. m. k. fyrirheit um það, að hlutur þeirra yrði réttur. Þess vegna vil ég fyrir mitt leyti styðja þá ósk flm., að till. verði tekin til þinglegri meðferðar en hún fær, ef hún er afgreidd hér við þessa umræðu.

Ég vildi segja það um till. í þessu sambandi, að ég tel, að þó að hún sé vel ættuð, þá þurfi hún athugunar við, og þó að hún sé komin það til ára sinna, sem hún er komin. Sérstaklega tel ég ástæðu til að geta þess, að sú n., sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi að skipuð hefði verið, fyrri n., tók þetta atriði töluvert til meðferðar, og í n. skilaði ég þá sérstaklega till. um það, að sveitarfélögin væru látin hafa, ekki fjórða part af söluskatti, heldur 30% af söluskatti þeim, sem ríkið hafði innheimt. Og á þeim tíma fór töluvert mikil rannsókn fram á því, hvað þetta skipti miklu máli fyrir sveitarfélögin, og það kom í ljós, að slík hlutdeild í skattinum munaði verulega miklu. Og ég fyrir mitt leyti held, að áður en þetta er lögbundið, eigi að taka upp athugun á þessu mjög rækilega, hvað það er, sem sveitarfélögin dregur, svo að um muni.

Þá vil ég minnast hérna á 2. liðinn, þ. e. skiptingu söluskatts þess, sem till. gerir ráð fyrir að falli í hlut sveitarfélaganna. Ég held, að það þurfi að athuga, hvort það eigi að láta fólksfjöldann ráða. Ég er svo mikill dreifbýlismaður, og ég tel svo nauðsynlegt að gæta þess, að jafnvægi haldist í byggðum landsins, að ég hygg, að með því að skipta eftir mannfjölda sé einmitt einangrunarfólkinu, strjálbýlisfólkinu gert lægra undir höfði en hinu. Viðskiptin,

sem söluskatturinn yrði tekinn af, fara mest fram þar, sem fjölmennið er mest, og þau fara þar að sumu leyti fram fyrir það, að strjálbýlið sækir sín kaup til þéttbýlisins. En þéttbýlið hefur þá aðstöðu, sem dreifbýlið og fámennu sveitarfélögin hafa ekki, að vegna viðskiptanna, sem þar fara fram, skapast aðrir tekjustofnar fyrir þau sveitarfélög, þ. e. a. s. viðskiptafyrirtækin eru sá aðili, sem gefur þéttbýlinu drýgstar tekjur í sveitarsjóðina, og af því að viðskipti dreifbýlisins fara þarna um, þá verða þau undirstaða fyrir álögur hjá þéttbýlinu, sem strjálbýlið leggur því til. Þess vegna tel ég réttmætt, að það njóti í staðinn meira af söluskattinum hlutfallslega en miðað sé við takmarkaðan mannfjölda. Ég get um þetta hér bæði vegna þess, að ég tel rétt, að málið í heild sé athugað í n., og nefni dæmi um, að það þurfi athugunar við, svo og líka vegna þess, að ég fyrir mitt leyti er nokkuð hikandi að greiða atkv. með till. á stundinni, eins og hún er.

Ég álít heppilegast að samþ. till. okkar í minni hl. fjhn. á þskj. 45 um það, að framlengingin sé aðeins til tveggja mánaða og það komi aftur til athugunar, einmitt á sama tíma og fjárl. verða tekin til afgreiðslu, hvort ekki er hægt að láta söluskattinn ganga til sveitarfélaganna. Ég hygg þess vegna, að ef þessi till. verður ekki betur athuguð, þá fari betur á því, að hún bíði þess tíma, en því aðeins að framlengingin verði til tveggja mánaða, eins og við minnihlutamennirnir leggjum til. M. ö. o.: ef till. fer ekki til n. aftur, sem ég mæli með, og fær ekki þar athugun og máske samkomulagsafgreiðslu, — gott væri að ræða hana þar við hæstv. fjmrh., — þá held ég, að það verði að fresta málinu, og ég mun a. m. k. sitja hjá. Þá tillitssemi vil ég líka sýna, þegar óvíst er, hvernig ríkissjóður getur fengið þær tekjur, sem okkur að lokum sýnist nauðsynlegt að hann þurfi að fá. En með því sýni ég ekki þessari till. neina andstöðu, að ég tel, ekki málefninu, sem hún er fram komin fyrir, vegna þess að ég ber fram till. á þskj. 45. Ég held, að það væri vel hægt að gefa þinginu tíma til að athuga þessa till. í n. Ég held, að það sé rétt fyrir hæstv. ríkisstj. og hennar flokka að flýta sér hægt í þessu máli. Það er margt, sem styður að því, og það hefur verið margt af því tekið mjög rækilega fram í þessum umræðum.

Ég held, eins og ég minntist á í ræðu minni í kvöld, að hæstv. fjmrh. ætti rækilega að endurskoða afstöðu sína um það, hvort hann heldur sig við það að flytja ekki skýrslu um efnahagsástandið nú, áður en þingfrestur er tekinn. Ég er viss um það, að leynd á þeim málum er mjög hættuleg, og sérstaklega er hún hættuleg eftir það, að ráðuneytisstjóri efnahagsmálaráðuneytisins er búinn að halda þá ræðu, sem hann hélt nú í sambandi við fullveldisdaginn. Það er mannleg náttúra, að ímyndunaraflið gengur lengra en veruleikinn venjulega, og þegar eitthvað er á huldu, sem menn óttast, þá fær ímyndunaraflið fæturna og kraftinn til sköpunarinnar. Ég er viss um það, að þegar almenningur í landinu leggur saman þögli ríkisstj. um þessi mál og þá opinskáu ræðu, svartsýnisræðu, sem ráðuneytisstjórinn hélt, þá slær almenningur því föstu, að fyrir dyrum séu efnahagsaðgerðir, sem þurfi að hafa viðbúnað fyrir, og menn búast við gengisfalli og herða á sér frá því, sem nú er, og hafa þeir þó verið að ýmsir með að bjarga sparifé sínu undan gengisfalli. Ég held þá, að niðurstaðan verði auðvitað sú, sem jafnan verður undir þannig kringumstæðum, að þeir bjarga sér og sínu, sem kunnáttumestir eru og mestir fyrir sér í viðskiptamálum og gætu í raun og veru helzt af hendi látið og mest munaði um að tækju þátt í efnahagsuppgjörinu, en hinir, sem eru ekki spekúlantar, eiga sparifé, af því að þeir hafa í raun og veru fullnægt þeirri dyggð, sem þjóðin hefði þurft að sýna, — þeir muni verða fyrir barðinu á aðgerðunum. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. muni alls ekki vilja til þess stofna. Ef hún býr yfir því að skella á í krafti meiri hluta síns gengisfellingu, þá ætti hún að gera það strax, af því yrði minni skaði. Ef hún býr ekki yfir því, þá ætti hún að segja frá því. Og hún á að gera meira. Hún á að taka undir till. um verðtryggingu sparifjár. Það mundi verða sönnun þess, að fólkið, sem hefur sparað fé, lagt í banka og sparisjóði og þannig lagt til handa þjóðinni framkvæmdafé á undanförnum árum, — framkvæmdafé, sem þjóðin hefði þó viljað hafa meira til, — það fólk mundi þá verða rólegra og spekúlantarnir mundu láta sitt fé frekar liggja kyrrt. Ég held þess vegna, að það ætti nú að fresta umr. þessa máls eða a. m. k. gera ráð fyrir því, að eitthvað töluvert líði á milli 2. og 3. umr. Það liggur ekkert á í málinu, þvert á móti. Það þarf að endurskoða afstöður þær, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa tekið og ályktað er um þöglina.

Ég vil bæta því við, að hv. 5. þm. Austf. benti á margt mikilsvert í þessum málum mjög greinilega, og menn hlustuðu mjög rækilega á hans bendingar um það, sem telja má að væri æskilegt að athugað væri betur í frv., sem fyrir liggur. Eins og form. hv. fjhn. tók fram, er það kannske ekki beinlínis á færi n. sem slíkrar að endurskoða frv. á einum fundi, heldur hefði þurft að leita til þess aðstoðar þeirra, sem í hverju tilfelli eru fyrir framan um hvern þátt þeirra mála, sem þar hafa verið fléttaðir saman, og það tekur sinn tíma. Þetta væri alveg í samræmi við vinnubrögð á þingi, sem vill vanda störf sín.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur mótmælt því, að till. verði vísað til hv. fjhn. eða til þess mælzt, að hún taki hana til athugunar á milli umræðna. Hv. form. fjhn. hefur tjáð, að hann hafi engan áhuga á málinu, svo að ég geri ráð fyrir, að það sé til einskis að tala um það mál frekar, enda þótt tveir hv. nm. hafi óskað þess, að n. fái brtt. til athugunar á milli umræðna. Þetta þykir mér ekki mikil tillitssemi í garð stjórnarandstöðunnar, að láta annað eins og þetta

ekki eftir, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að enginn fundur mun verða í þessari hv. deild á morgun.

Það er ekki í fyrsta sinn nú í nótt, að við höfum orðið varir við einkennilegan og lítt skiljanlegan stirðbusahátt af hálfu hv. stjórnarsinna í þessari d., og mönnum dettur í hug: Hvað gengur að mönnunum? Eru þeir svona óliðlegir í eðli sínu, eru þeir svona smáir í sniðunum, eru þeir svona hégómlegir vegna valdanna? Eg held þeir séu ekki neitt af þessu. En það er eitthvað að. Hv. stjórnarsinnar hér eru eitthvað miður sín, spenntir, órólegir, máske hræddir, en við hvað, það get ég ekki sagt um. Ég vildi nú í fyllstu vinsemd ljúka mínum ræðuhöldum hér með því að ráðleggja hv. stjórnarsinnum að endurskoða þessa afstöðu sína, eins og hún hefur verið síðustu sólarhringana. Ég held, að þeir hefðu gott af því að gefa sér tóm og tíma, slappa af, hugleiða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að draga þessa till. til baka nú, úr því að undirtektir eru slíkar sem þær hafa verið, og óska eftir, að hún komi til atkvgr. við þessa umr.

Forseti (SÓÓ): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. (Gripið fram í.) Er till. um að vísa tillögunni til fjhn.? Það er nú ekki venja að vísa brtt. beint til n., en það yrði þá að bera þessa till. upp þannig að vísa málinu ásamt brtt. til n. að nýju. (Gripið fram í.) Tilmæli þm. voru þau að vísa brtt. til fjhn. Ég vil verða við þessari ósk hv. þm. og bera það undir d., hvort hún vill fresta umr. um málið núna og vísa því ásamt þessari brtt. til fjhn. Þeir hv. þdm., sem samþykkja það, geri svo vel að rétta upp hönd.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 11:8 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 45 felld með 11:8 atkv.

Brtt. 48 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, FRV, AGl.

nei: BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

ÁB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE greiddu ekki atkv.

4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:8 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:11 atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ýmis gjöld og gjaldaviðaukar til ríkissjóðs hafa um mörg undanfarin ár verið framlengd til eins árs í senn. Þetta frv. felur í sér framlengingu á þessum sömu lögum, og er í því engin efnisbreyting frá því, sem verið hefur. Þessi lög eru talin upp í grg. þessa frv. Þau eru fimm að tölu, en er, eins og ég gat um, steypt hér saman í eitt, og kemur þetta frv. í stað þeirra mála, sem lögð voru fram á þessu hv. Alþingi sem mál nr. 7, 8, 9, 10 og 16. Þau gjöld, sem hér er um að ræða, eru vitagjald, stimpilgjald, lestagjald, skipagjöld, gjöld af ýmsum innlendum tollvörutegundum, skemmtanaskattur, gjöld samkv. lögum um bifreiðaskatt, gjöld samkv. lögum um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, þ. e. a. s. framlenging á söluskatti, og enn fremur nokkrar breytingar á tollskrá.

Eftir atvikum þótti réttara að steypa þessum fimm lögum saman í eitt frv., og hefur þetta frv. verið afgr. óbreytt í gegnum Ed.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það virðist augljóst, að það muni vera tilætlun hæstv. ríkisstj. að berja fram þingfrestunina. Þó er því ekki lokið enn. En það er augljóst, að hverju stefnt er. Ég hef áður beint því til hæstv. forseta að eiga þátt í því að afstýra þessari óhæfu og eiga hlut að því að reyna að koma einhverju viti í vinnubrögðin og fyrirætlanir stjórnarflokkanna. Ég hef skorað á þá að gera þetta til þess að gæta í því virðingar og sóma Alþingis, vegna þess að það er ósæmilegt að senda nýkosið Alþ. heim þegar á fyrstu dögum þess og án þess að fyrir liggi nokkur frambærileg rök fyrir því, að slíkt geti yfir höfuð komið til mála. Þau rök, sem hér hafa verið flutt fram um vinnufrið, eru fundin upp til þess að leyna því, sem raunverulega er tilgangurinn, en tilgangurinn er fyrst og fremst sá að losna við þingið, losna við áhrif þingsins og losna við vald þess á vissum málum, sem stjórnin ætlar að skipa í þinghléinu eftir sínu höfði, láta menn síðan standa frammi fyrir því sem orðnum hlut, þegar þeir koma til baka, í því trausti, að þótt einhverjir af þingliði þeirra jafnvel væru óánægðir með það, sem gert var að þeim fjarstöddum, þá beygi þeir sig og samþykki það eftir á heldur en að gera uppsteyt. Og þá verður þeim rökum beitt, að þeir verði að gera það fyrir stjórnina og hennar metnað, og að þeir verði að gera það fyrir flokkinn sinn að fallast á þetta.

Við vitum, að þessi þingfrestun, sem nú stendur til, á ekkert skylt við þau venjulegu starfshlé, sem hér hafa verið höfð um jólaleytið, þingmanna vegna og stundum hafa, að

vísu stjórnarinnar vegna, náð nokkuð fram í janúar með alveg eðlilegum hætti. Við vitum, að það, sem nú er verið að gera, á ekkert skylt við þetta. Þetta er allt annars eðlis. Nú er stefnt að því að losna við þingið til þess að losna við áhrif þess og til þess að losna við vald þess á vissum málum. Og það leikur beinlínis grunur á því, sem mun sýna sig á næstunni, hvort styðst við full rök, að ætlunin sé að ganga svo langt í þessu, að allt þetta sé í raun og veru gert til þess að koma í veg fyrir, að þingviljinn um brbl. um landbúnaðarverðlagið fái nokkurn tíma að koma fram, og að það verði ekki skirrzt við að brjóta alla þingsiði, allar þingræðisvenjur og jafnvel sjálfa stjskr. til þess að geta komið þessu fram. Þetta á allt eftir að sýna sig.

En ég vil enn einu sinni skora á hæstv. forseta þessarar d. að eiga þátt í því að koma hér á heppilegri vinnuaðferð og eiga þátt í því að bjarga sóma þingsins. Ég álít, að þingforsetar séu ekki skyldir til þess að hafa fundi alltaf, þegar stjórnin segir þeim. Ég álít, að þingforsetum beri ekki skylda til þess. Ég álít, að jafnhliða því sem þeir með eðlilegum hætti hafa samstarf við ríkisstj. og þann þingmeirihluta, sem styður hana, þá hafi þeir sérstakar skyldur við Alþ. sem stofnun og það sé þeirra verk að sjá um, að þingræði sé í fullum heiðri haft, — það sé fyrst og fremst þingforsetanna að sjá um þetta. Og ég vil ekki trúa því, fyrr en ég sé það, að hæstv. þingforsetar, ef þeir taka sig fram, geti ekki haft áhrif í rétta átt í þessu efni. Ég hef spurzt fyrir um þetta oftar en einu sinni síðustu dagana, síðan sú furðulega þáltill. kom fram um þingfrestun, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, þar sem gert var ráð fyrir því að fresta þinginu 30. nóv. — tveimur dögum eftir að stjórnarherrunum datt það í hug. Það sýnir álit þessara manna á Alþ. sem stofnun, að þeim skuli detta þetta í hug. Ég hef hvað eftir annað, síðan þessu furðulega þskj. var útbýtt, farið fram á það við hæstv. forseta, að þeir gengju hér á milli og reyndu að koma þessu í heppilegra horf. En þeir hafa aldrei svarað þessari málaleitan neinu. Ég vil taka fram, að ef þeir lýstu því hér yfir á Alþ., að þeir vildu vinna í þessa átt, þá mundi ég taka þá yfirlýsingu þeirra gilda og telja, að hún væri gerð af heilum hug og að þeir mundu gera það, því að ég trúi því ekki, að þeir mundu segja það hér á hv. Alþingi, ef þeir gerðu ekki tilraun í þá átt.

En þeir hafa engu svarað. Þeir hafa ekki svarað því, hvort þeir vildu gera slíka tilraun til þess að koma í veg fyrir þessa málsmeðferð. Og ég er mjög óánægður með framkomu hæstv. forseta að þessu leyti, að þeir skuli ekki ganga fram fyrir skjöldu, svo að allir viti, og gera slíka einlæga tilraun.

Ég skal svo ekki hafa þessi inngangsorð fleiri. En ég mun máske síðar koma ofur lítið nánar að því, hvers vegna það er slík óhæfa að fresta Alþingi eins og hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér.

Við heyrðum það hér í gær í Sþ., að einn liður í áætlun hæstv. ríkisstj. er sá, að 1. umr. fjárlaganna fari ekki fram, áður en þingfrestun á sér stað. Þeir ætla að senda þingið heim, án þess að 1. umr. fjárlaga fari fram. Það á ekki að halda fjárlagaræðuna, og það á ekki að gefa þingmönnum upplýsingar hér á Alþ. um það, hvernig þjóðarbúið stendur nú á haustdögunum, áður en menn þurfa að móta sér skoðun um, hvað eigi að gera. Það er sagt, að það sé nóg fyrir þingmenn að heyra þetta, þegar þeir koma til baka og þegar stjórnin hefur þegar tekið ákvarðanir um, hvað eigi að gera. Hæstv. fjmrh. sagði hér í gær, að það væri alveg nóg fyrir menn að heyra þetta í janúar, þegar stjórnin væri búin að ákveða, hvað ætti að gera. Er hægt að hugsa sér meiri fyrirlitningu á þingræðinu og þingliðinu en fram kemur í þessum framslætti hæstv. fjmrh.? Ég efast um það. Ég efast um, að það séu nokkur dæmi til þess í þingsögunni, að yfirlýsingar þessa eðlis hafi komið fram. Ég efast um, að það sé nægilega snemmt, að menn fái að vita um þetta, þegar þeir koma til baka og þegar hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið, hvað verði gert, — þá verði allt lagt fyrir menn og upplýsingar með og náttúrlega sagt við meirihlutamennina, sem verða sendir heim eða eiga að senda sjálfa sig heim næstu daga: Þetta eigið þið að samþykkja. Þetta var ákveðið, á meðan þið voruð heima.

Það var einhver, — ég held það hafi verið hæstv. dómsmrh., — að minnast á það hér á dögunum, þegar hann flutti hér yfirlýsingu, að það væri svo sem hægt að hafa samráð við þingmenn um efnahagsmálin, þó að þeir væru heima hjá sér. Já, það er ákaflega líklegt, að ríkisstj. og þeir, sem með henni starfa, geti sett þingmennina, — við skulum segja í meiri hlutanum, — inn í öll þessi mál í gegnum síma, hvern og einn, og að menn geti þannig tekið fullan þátt í undirbúningi mála og ákvörðunum í einstökum atriðum og í heild. Þetta á að gera í gegnum síma í þinghléinu.

Við höfum heyrt, að það á ekki að halda fjárlagaræðuna og það á ekki að fara fram 1. umr. fjárlaganna. Það liggur ekkert á því. Það hefur komið fram yfirlýsing í Varðarhúsinu. Hún er alveg nóg og engin ástæða til þess að vera að tala um það meir. Sú yfirlýsing, sem flutt var í Varðarhúsinu, hlaut náttúrlega að byggjast á einhverjum skýrslum. En þingmenn varðar ekkert um þær skýrslur, sem sú yfirlýsing byggðist á. Það er nægilegt að fá niðurstöðuna í einu lagi úr Varðarhúsinu. Það er alveg mátulegt handa Alþingi. Það er ekki þörf á meira. Svo geta menn farið heim. Menn verða kannske sumir, þeir sem eru mest í náðinni, hringdir upp einstöku sinnum, — auðvitað verður það nú aldrei, — hringdir upp einstöku sinnum til þess að segja þeim fréttir. Svo kemur þetta allt. Þegar menn koma til baka, þá verður stjórnin búin að ákveða, hvað eigi að gera, og þið getið sagt já og amen, sem styðjið stjórnina. Það er alveg sama, hvað hinir segja, og þeir þurfa ekkert að vita. — Þetta er hugsunarhátturinn, og þetta eru fyrirætlanirnar.

En ef hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. hefur álit-

ið, að þessi ákvörðun, að fjárlagaræðan skuli ekki haldin fyrir jól, 1. umr. fjárlaganna skuli ekki fara fram, — að þetta hljóti að verða til þess, að þá verði ekkert rætt nú um efnahagsmálin á Alþingi, — ef hæstv. ríkisstjórn álítur það, þá er það mikill misskilningur, af þeirri einföldu ástæðu, að efnahagsmálin hljóta a. m. k. að verða rædd af okkur hinum í sambandi við þau efnahagsmálafrv., sem hér eru lögð fyrir. Og eitt þeirra er það frv., sem nú er hér til 1. umr. í d. og tekið er á dagskrá með afbrigðum á þann smekklega hátt, sem ég hef verið að lýsa. Og ástæðan til þess, að ég *og fleiri greiddum atkv. á móti afbrigðunum* nú, var sú, að við vildum með því mótmæla þingfrestunarmálinu öllu saman, því að fyrirtekt þessa máls hér með afbrigðum í dag er eingöngu einn liður í því að koma þingmönnum heim, að losa sig við þingið, en ekki nein venjuleg beiðni um afbrigði fyrir þingmáli á þann hátt, sem tíðkazt hefur. Þess vegna greiddi ég atkv. á móti afbrigðunum, og það sama mun vera óhætt að segja um þá aðra, sem það gerðu.

En það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh. eða ríkisstj., að það sé hægt að tryggja það, að ekkert verði minnzt hér á efnahagsmál, með því að láta 1. umr. fjárlaganna dragast. Hitt er svo annað mál, að ríkisstj. nær þeim tilgangi sínum með þessu, að það upplýsist auðvitað ekki um þau mál, eins og hefði átt að gera og hefði orðið, ef hæstv. ráðh. hefði gert skyldu sína nú og gefið skýrslu. En þessi mál hljóta eigi að síður að verða rædd við þær umræður, sem eiga sér nú stað, áður en þingfrestunin fer fram.

Ég skal ekki hafa langan sögulegan inngang að því, sem ég ætla að segja hér um efnahagsmálin eða fjármálin. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann í því sambandi. En til þess að skilja það ástand, sem nú er orðið í efnahagsmálum landsins, er þó nauðsynlegt að rifja upp örfáa drætti í því, sem gerzt hefur í þeim efnum, a. m. k. síðustu missiri. Vitanlega er löng nót dregin að því, sem nú er í efnahagsmálum, og margs konar áhrif, sem koma þar til greina, en vitaskuld er það tvennt, eins og nú standa sakir, sem á einna mestan þátt í þeim vanda, sem við er að fást. Fyrra atriðið er skemmdarstarfsemi Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni gegn efnahagslöggjöfinni 1958. Þetta er annar höfuðþátturinn, sem menn eiga eftir að bíta úr nálinni með. Og hinn höfuðþátturinn er sú svikastefna í efnahagsmálum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa haldið uppi síðan í fyrrahaust. Ég kalla það svikastefnu í efnahagsmálum, sem þeir hafa haldið uppi, síðan þeir tóku við þessum málum, um leið og stjórn Alþfl.-manna var mynduð af Sjálfstfl. s. l. haust. Og ég skal færa fyrir þessu nokkrar ástæður.

Það er enginn vafi á því, að efnahagslöggjöfin, sem lögð var fyrir og samþ. vorið 1958, var á margan hátt mjög þýðingarmikil og markaði spor í rétta átt í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það mætti færa fyrir þessu margar ástæður. Ég vil t. d. nefna, að í þeirri löggjöf var með vissum hætti stigið skref út úr uppbótakerfinu með því að minnka það ósamræmi, sem íslenzkir atvinnuvegir höfðu átt við að búa, þar sem sumar atvinnugreinar höfðu áður starfað nær uppbótalaust, en aðrar með geysilegum uppbótum. Ýmiss konar atvinnurekstur í landinu var að dragast upp af þessum ástæðum, eins og siglingar og margvíslegur annar atvinnurekstur. En með löggjöfinni var stigið spor til jöfnunar á milli atvinnugreina í þessu efni með almenna yfirfærslugjaldinu, en af því hlaut náttúrlega að leiða nokkra almenna verðhækkun. Hjá því varð *ekki komizt. Í sambandi* við þessa löggjöf kom það fram, að sjálfstæðismenn viðurkenndu það út af fyrir sig, að með þessu væri stigið spor í rétta átt. Ef hér hefði verið um heiðarlegan stjórnmálaflokk að ræða og málefnalegan, hefði afleiðingin af því átt að verða sú, að hann hefði a. m. k. ekki ráðizt með *heift* gegn þeim þætti í löggjöfinni, sem hann taldi til bóta. En það var öðru nær. Einmitt þetta atriði, að innleiddur var þessi jöfnuður með almennu gjaldi, — einmitt þetta atriði, sem sjálfstæðismenn höfðu þó lýst yfir, að væri til bóta, var alveg sérstaklega rógborið um landið þvert og endilangt af útsendurum sjálfstæðismanna og allt gert, sem unnt var, til þess að skera upp herör gegn löggjöfinni og ríkisstj. út af þessu atriði, sem sjálfstæðismenn þó viðurkenndu hér á Alþingi að hefði átt rétt á sér. Hver er sá, sem man ekki rógburð sjálfstæðismanna út af hækkun þeirri, sem varð á rekstrarvörum til landbúnaðarins í þessu sambandi? Hver er sá, sem man ekki hliðstæðan málflutning þeirra við sjávarsíðuna út af þeirri hækkun, sem hlaut að verða á rekstrarvörum til sjávarútvegsins, einnig í sambandi við þennan þátt löggjafarinnar? Hitt er svo annað mál og sýnir einnig, hvernig þessi málflutningur var, að síðan Sjálfstfl. kom aftur til áhrifa í þessum efnum, hefur hann auðvitað alls ekki *stigið neitt skref* í þá átt að *aflétta* þessu almenna gjaldi, sem hann þó rógbar af öllum kröftum víðs vegar um byggðir landsins, bæði í sveit og við sjó, — auðvitað alls ekki. Þá kom í ljós, að hér var aðeins um rógburð að ræða á lægsta plani. En þetta hafði verið ein aðaluppistaðan í öllum málflutningi þessa stærsta flokks í landinu á annað ár. Hvað segja menn um svona framkomu? Hvað segja menn um slíkan flokk?

En það var ekki nóg með þetta. Sjálfstfl. vissi, að ef efnahagslöggjöfin gæti komið að fullum notum fyrir þjóðina og fyrir landið, þá mundi hún um leið styrkja í sessi stjórnina, sem að henni stóð. Og af því að Sjálfstfl. var þetta ljóst, tók hann vitanlega þann kostinn, sem í mestu samræmi var við hans forustu og eðli flokksins, sem er fyrst og fremst það að vera valdaklíka, — klíka, sem sækist eftir völdunum. Og sá kostur var, að af því að efnahagslöggjöfin var líkleg til þess að styrkja í sessi þáverandi stjórn og stjórnarmeirihluta, þá var sjálfsagt að reyna að eyðileggja hana í framkvæmd, þó að hún væri tvímælalaust að gagni fyrir þjóðina. Aldrei eitt andartak

var nokkur vafi um það á þeim bæ, að þjóðarhagur skyldi í þessu alveg víkja fyrir þeirri nauðsyn flokksins, sem talin var, að reyna að koma vinstri stjórninni frá og brjótast til valdanna. Þó að það kostaði stórtjón fyrir landið og þjóðina, þá var það ekki það, sem úr skar.

Sjálfstfl. hafði árum og áratugum saman lagt á það megináherzlu, að kaupgjaldsstefnunni yrði að haga þannig, að ekki leiddi til verðbólgu, það væri hið versta tjón, sem hægt væri að gera þjóðinni og launastéttirnar gætu gert sjálfum sér, ef þær hækkuðu kaupgjaldið ófyrirsynju. En þegar Sjálfstfl. þurfti á einhverju ráði að halda til þess að eyðileggja efnahagsmálalöggjöfina frá 1958 í framkvæmdinni og koma í veg fyrir, að hún yrði að því gagni, sem til stóð, þá stóðu þessar yfirlýsingar um þá stefnu, sem ætti að fylgja í kaupgjaldsmálum, ekki til hindrunar því, að flokkurinn gerði allt, sem í hans valdi stóð, til þess að reisa nýja kauphækkunaröldu í landinu með það fyrir augum að efla verðbólgu- og verðhækkunardrauginn á ný, koma efnahagsmálum þjóðarinnar úr jafnvægi á ný, skapa öngþveiti í þeim málum, sem yrði til þess, að nýjar ráðstafanir þyrfti að gera, nýjar álögur, gengislækkun eða eitthvað slíkt, — allt í því trausti, að ef þetta tækist, þá hlyti að koma upp ágreiningur á milli vinstri flokkanna, samtök þeirra sundrast, skapast öngþveiti í málefnum landsins, sem gæti leitt til þess, að Sjálfstfl. kæmist til valda. En það var aðalatriðið, að hann kæmist til valda. Þess vegna voru handlangarar þessara manna í verkalýðsfélögunum sendir út og samdar fyrir þá á skrifstofu Sjálfstfl. ræður, þar sem því var haldið fram, að það væri ekkert vit í öðru fyrir launafólk í landinu en að krefjast hækkaðra launa. Með hinni nýju löggjöf væri vinstri stjórnin búin að halda þannig á þessum málum, að það yrðu að eiga sér stað nýjar launahækkanir. Og ef það leit út fyrir, eins og stundum var, að meiri hlutinn í félögunum sæi í gegnum þennan svikavef og kæmi auga á, að hér væri ekki verið að ráða nein hollráð eða af heilum hug, ef hik var á mönnum að fara eftir ráðleggingum þessara útsendara og upp komu raddir um, að hyggilegra væri að bíða, eins og t. d. Dagsbrún gerði, til þess að sjá, hver yrði niðurstaðan, hvernig efnahagslöggjöfin yrði í reynd fyrir kjör fólksins, og það fengi að sýna sig, hvort hér væri um skref í rétta átt að ræða eða ekki, — þegar slíkar raddir komu fram, þá voru sendir út menn til þess að bjóða kauphækkanir í nafni atvinnurekenda. Það hlaut þó a. m. k. að duga til þess að losa fyrsta steininn. Flokksvél Sjálfstfl. vann þannig ekki með einu móti, heldur með öllu móti að því að reyna að koma skriðunni af stað og koma þessum málum úr böndunum. Og það tókst með þessum aðförum, sem ég hef verið að lýsa.

Síðan, þegar flett var ofan af þessum óheilindum, voru náttúrlega fundin upp alls konar ráð — tylliráð — til þess að reyna að fela þessar aðfarir og skekkja þá mynd, sem blasti við þjóðinni út af þessum vinnuaðferðum. Þá var það blákalt borið fram, þó að það væru hrein ósannindi, að það væru allt aðrir, sem hefðu átt þátt í því, að ný kauphækkunaralda reis, og einskis svifizt í því sambandi, þvert ofan í fyrirliggjandi staðreyndir. Frægasta dæmið um þetta er það, þegar hæstv. núv. dómsmrh. bjó það hreinlega til og hélt því fram missirum saman, að upphaf þessarar hækkunaröldu hefði verið í því fólgið, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hefði gengið á undan með kauphækkanir, eftir að efnahagslöggjöfin var sett. Þessu hélt hann fram, þó að það lægi fyrir sem staðreynd, að Sambandið hafði viðhaft þá aðferð að leiðrétta laun hjá sínu fólki, eftir því sem áður hafði verið gert annars staðar við hliðstæð verk. Þannig voru vinnubrögðin. En allt kom þetta auðvitað fyrir ekki, því að þetta mál lá of ljóslega fyrir, til þess að því yrði leynt, hverjir það voru, sem hér áttu raunverulega hlut að máli.

Þessar aðfarir sjálfstæðismanna voru undirrót þess, að ný kauphækkunaralda reis í landinu árið 1958. En efnahagslöggjöfin var einmitt byggð á því, að á grundvelli hennar mundi geta tekizt að ná jafnvægi í þjóðarbúskap Íslendinga, ef ekki ættu sér stað almennar grunnlaunahækkanir, fyrr en ný framleiðsluaukning hefði komið til sögunnar, sem hefði getað staðið undir þeim. Og í þessari löggjöf var líka stigið fyrsta skrefið til þess að taka vísitöluna úr sambandi, ef svo mætti segja, með því að kippa út nokkrum stigum, en lögbjóða þess í stað í efnahagslöggjöfinni nokkra grunnkaupshækkun. Og það var álit þeirra, sem að þessu stóðu, að atvinnureksturinn mundi þola þessa grunnlaunahækkun, sem ákveðin var í efnahagslöggjöfinni, en ekki heldur meira, eins og sakir stæðu. Og þá var gert ráð fyrir því, að kaupmáttur tímakaupsins væri ekki minni en hann var í ársbyrjun 1958 og í október 1958. En það var einmitt þetta atriði í efnahagslöggjöfinni, sem sjálfstæðismönnum var sérstaklega ljóst. Frá þeirra sjónarmiði var löggjöfin einmitt hættuleg, af því að hún gat orðið að liði til frambúðar, ef rétt var að farið. Einmitt af því var hún hættuleg frá sjónarmiði sjálfstæðismanna og þurfti að raska henni, eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Þessar aðfarir sjálfstæðismanna, sem ég hef lýst með nokkrum orðum, urðu svo til þess, að almennar launahækkanir urðu í landinu, og um haustið 1958 voru þessi mál af þeim ástæðum komin í talsvert alvarlegan hnút. Það lá sem sé þá orðið fyrir, að vegna þess, sem gerzt hafði, var óhjákvæmilegt að gera nýjar ráðstafanir. Og þá kom því miður upp ágreiningur um, hverjar þær ráðstafanir skyldu verða. Ég skal ekki rekja þann ágreining hér í einstökum atriðum, því að hann kemur ekki því máli við, sem hér liggur fyrir til umræðu. En sá ágreiningur endaði með því, því miður, að vinstri stjórnin sá sér ekki annað fært en fara frá, því að það var álit þeirra, sem höfðu forustu í stjórninni, að það væri óhugsandi, að sú stjórn gæti haldið áfram, nema hægt væri að sjá efnahagsmálum landsins sæmilega borgið. Forusta þeirrar ríkisstj. var ófáanleg til þess að halda áfram, þegar það lá fyrir, að

stórfelldur halli hlaut að verða í þjóðarbúskapnum, sem hefði hlotið að enda með því, að vandinn hefði farið vaxandi, en ekki minnkandi. Við þau skilyrði var vitanlega ekki hægt að halda áfram vinstri stjórninni.

Þá hafði Sjálfstfl. að vissu leyti uppskorið ávöxt þeirrar iðju, sem hann hafði stundað. Honum hafði tekizt að vinna skemmdarverk á efnahagsmálalöggjöfinni og efnahagsmálum landsins. Honum hafði tekizt að tefla þeim í nýjan hnút. Og honum hafði tekizt að tefla þeim þannig í hnút, að það kom upp ágreiningur um það innan vinstri flokkanna, hvernig málið skyldi leysa. Og vinstri stjórnin fór frá.

Í framhaldi af þessu voru svo gerð samtökin um kjördæmabreytinguna, sem ég skal ekki tefja tímann með að fara að ræða hér núna, þó að það væri í raun og veru full ástæða til þess, vegna þess að kjördæmabreytingin byggðist að mjög verulegu leyti á vissri skoðun í efnahagsmálum, sem nú er ætlunin að byrja að framkvæma af þeim þingmeirihluta, sem nú hefur tekið við. Menn skulu gera sér það ljóst, að sú efnahagsmálastefna, sem þeir flokkar, sem nú hafa tekið saman um ríkisstjórnina, ætla sér að framkvæma, er í raun og veru beint og hreint framhald af kjördæmabreytingunni og þeim hugsunarhætti, sem á bak við hana lá. Þessi efnahagsmálastefna verður byggð á því að þrengja að framkvæmdunum, draga saman fjárfestinguna og framkvæmdirnar í landinu og fyrst og fremst framkvæmdirnar víðs vegar úti um landið, bæði í sveitum og við sjávarsíðuna. Það þarf ekki lengi að skoða það, sem kemur nú þegar úr þeim herbúðum, þótt lítið sé, til þess að sjá alls staðar, hvað til stendur í þessu efni. Ætlunin er að fórna þessari atvinnuframsókn að verulegu leyti á altari verðbólgudraugsins. Og af þessum toga eru spunnar allar þessar geigvænlegu lýsingar, sem farnar eru að koma fram nú þegar á því, hversu hættulegt sé að reka áfram t. d. sömu ríkisábyrgðapólitík og gert hefur verið. En einmitt sú ríkisábyrgðapólitík hefur verið einn helzti hornsteinninn undir uppbyggingunni víðs vegar um landið, eins og hægt væri að sýna fram á með hundruðum dæma, ef tími væri til þess nú. Af því stafa líka sumpart þær fyrirætlanir, sem gægjast fram um það að hætta jafnvel að mestu leyti að taka erlend lán til framkvæmda í landinu, og fjöldamargt annað af sama tagi, sem allt á eftir að koma betur í ljós, eftir því sem málum vindur fram á þessu þingi, ef þessi samsteypa stendur nógu lengi til þess að koma þessu samsæri öllu í framkvæmd. Það væri sem sagt rík ástæða til þess að ræða þennan þátt efnahagsmálanna allýtarlega nú þegar hér á hv. Alþingi. En ég ætla ekki, a. m. k. ekki í bili, að fara mjög langt út í það eða miklu lengra en ég hef gert, heldur halda áfram, þar sem ég hvarf frá áðan, en það var að rekja í fáeinum orðum nokkra þætti í sögu efnahagsmálanna síðustu þrjú missirin eða svo.

Ég var kominn að því, að Sjálfstfl. hafði tekizt með þessum þokkalegu vinnubrögðum að koma vinstri stjórninni frá. Honum hafði tekizt að vinna óþurftarverk í efnahagsmálum landsins, og þá stóð fyrir að ákveða, hvað skyldi verða næst, hvað skyldi koma næst. Og þá skeður það, að fundið er upp það snjallræði til þess að brúa bil í þessum málum, til þess að komast yfir dauða punktinn, ef svo mætti segja, — til þess að komast yfir dauða punktinn í þeim snúningi, sem átti að verða í þjóðmálum, var fundið upp það snjallræði, að Sjálfstfl. myndaði Alþýðuflokksstjórn. Jú, það reyndist hægt. Það var sumpart byggt á kjördæmabreytingunni. En hún var þó bara einn liður í þessu. Fyrst og fremst var þetta byggt á því, hversu hugsunarháttur þeirra manna, sem nú ráða í Alþfl., er líkur hugsunarhætti hinna, sem ráða í Sjálfstfl. Það er þannig, að hægri klíka Alþfl., sem hefur algerlega tekið þar völdin og lagt fyrri stefnu Alþfl. gersamlega á hilluna, — að hugsunarháttur þessara manna í hægri klíku Alþfl. er ekki, að því er maður getur fundið, í neinu verulegu frábrugðinn hugsunarhætti þeirra manna, sem ráða raunverulega í Sjálfstfl. Ég get ekki fundið, hvar mismunurinn liggur, og þess vegna er það engin tilviljun, því miður, að hægt var að komast yfir dauða punktinn í snúningnum á þennan hátt, sem mörgum fannst fljótt á litið einkennilegur, að Sjálfstfl. myndaði Alþfl.-stjórn.

En hvað gerðist síðan? Það var tekið upp kjördæmamálið og sagt, að allt væri undir því komið um góða framtíð Íslands, að gömlu kjördæmin yrðu öll lögð niður og innleitt alveg nýtt skipulag. — Ég lofaði því áðan að fara ekki út í kjördæmamálið, og ég skal efna það. — En þetta var haft á oddinum. Jafnframt var svo verið að koma á þessari nýju valdasamsteypu í efnahagsmálunum, sem ég lýsti áðan með aðeins örfáum orðum. Og fyrsta skrefið, sem stigið var í því efni, það var þetta, að Alþfl.-menn settust í ráðherrastólana.

En hvernig átti að fara með efnahagsmálin? Venjulegum mönnum sýndust góð ráð dýr. Það var búið með skemmdarverkum að eyðileggja efnahagslöggjöfina frá 1958 í framkvæmdinni. Það hafði Sjálfstfl. gert eða haft forustu um, skulum við segja, því að ég sýkna ekki ýmsa aðra í því sambandi, þó að ég fari ekki út í það núna, því að það er ekki ástæða til þess, — en þar hafði Sjálfstfl. forustuna. Og efnahagsmálin voru komin í nýjan hnút. Þetta sýndist venjulegum mönnum vera nokkuð erfitt viðfangsefni, sem þarna blasti við, og að það þyrfti að grípa til einhverra raunhæfra úrræða, ef ekki ætti að fara illa. En þeir, sem nú voru komnir að, hugsuðu ekki þannig. Þeir höfðu ákaflega einfalt ráð í þessu efni, og það ráð notuðu þeir, og það varð í framkvæmdinni að því, sem ég kalla svikastefnu í efnahagsmálunum og ég skal leyfa mér að fara um nokkrum orðum og Alþfl. ber ekki ábyrgð á einn, heldur engu síður Sjálfstfl. og þeir menn, sem núna, eftir að komið er yfir dauða punktinn, hafa setzt við hliðina á Alþfl.-mönnum í ráðherrastólana. En þar eru þeir nú setztir til þess að skera upp ávextina af því, sem þeir sáðu sjálfir, á meðan þeir létu Alþfl.-menn vera þar eina, og svo náttúrlega líka til þess

að ráða fram úr því, sem þeir efndu til, sjálfstæðismenn, með því að setja úr skorðum efnahagslöggjöfina 1958. Þetta er það verkefni, sem bíður þessara hæstv. ráðherra.

En áður en við komum nánar að því, þá rifjum aðeins betur upp, hvað þeir gerðu, þegar búið var að mynda stjórnina með Alþýðuflokksmönnunum. Það var ákaflega einfalt. Þeir sögðu: Það eru til ákaflega einfaldar aðferðir í efnahagsmálunum, við ætlum að nota þær. Það er að halda niðri dýrtíðinni án þess að hækka skattana. Þetta er ákaflega einfalt, og þetta ætlum við að gera. — Ég var að spyrja kunningja minn að því áðan, hvort hann kannaðist við Ali Baba. Hann var ekki vel með á nótunum, en ég held, að Ali Baba hafi verið náungi, sem gat allt. Það var ekki til það verkefni, sem hann gat ekki leyst. Hann gat setið í lausu lofti t. d., það var bara eitt lítilfjörlegt atriði af því, sem hann gat gert. Þessi stjórn sagði við þjóðina: Ég er Ali Baba. Ég get allt. Ég get stöðvað dýrtíðina án þess að hækka skattana. — Og síðan var byrjað á þessu. Hvernig fóru mennirnir að þessu? Það er spurningin. Þeir fóru fyrst og sömdu við framleiðendur um það að hækka útflutningsuppbæturnar. Þar næst tóku þeir sig til og juku niðurgreiðslur á verðlagi landbúnaðarafurða eins og þurfti, til þess að verðlagið stæði óbreytt í bili. Það skipti engu máli í augum þessara manna, hvort það kostaði 10 millj. kr. eða t. d. 100 millj. Þeir ákváðu bara að greiða niður það, sem þurfti, til þess að verðlagið stæði óbreytt.

Þá var nú búið að efna annað loforðið, sem Ali Baba hafði gefið. Það var að stöðva dýrtíðina. Þá var hitt eftir: án þess að hækka skattana. Það var ekkert vandasamt heldur. — Hér vil ég skjóta inn í, að það var einn broslegur þáttur í þessu öllu saman, að þegar þetta gerðist og þessi stjórn var sett á laggirnar, þá byrjuðu forustumenn Sjálfstfl. að útmála það með ákaflega sterkum litum, hversu viðskilnaður vinstri stjórnarinnar hefði verið óhæfilegur á alla lund, allt hefði verið á svarta-, bólakafi. Það er satt, að sá þáttur þeirra mála, sem Sjálfstfl. hafði getað haft áhrif á, sem sé þróun dýrtíðarmálanna, var á geigvænlegu stigi. En það var aðallega verk Sjálfstfl., eins og ég hef þegar lýst. En þeir þættir, sem voru viðráðanlegir fyrir stjórnina, eins og t. d. afkoma ríkissjóðs, voru sannarlega ekki í neinu öngþveiti. Það lá sem sé fyrir, að það var verulegur greiðsluafgangur á sjálfum ríkisbúskapnum.

Og þegar fyrrverandi stjórn fór að athuga, hvort það væri mögulegt að standa við þetta loforð, sem hún hafði gefið, að stöðva dýrtíðina án þess að hækka skattana, — þeim hafði að vísu auðvitað aldrei dottið í hug, að þeir gætu staðið við það nema örstutta stund, — þá fann hún greiðsluafgang fyrrv. ríkisstjórnar, sem hún hikaði ekki við að láta í svikamylluna. Það komu að sjálfsögðu fram till. um að verja þessum greiðsluafgangi eins og áður hafði verið gert, t. d. til íbúðalána í landinu og til þess að greiða fyrir uppbyggingu víðs vegar um landið. Allar slíkar till. voru felldar af Alþfl.-mönnum og sjálfstæðismönnum, en greiðsluafgangurinn var tekinn og látinn í svikamylluna, ef það mætti verða til þess, að stjórnin gæti dragnazt fram yfir kosningarnar samkv. þessum fyrirheitum, sem hún hafði gefið. En fyrirheitin voru ekki aðeins um það, hvað ætti að ske fram að kosningunum. Fyrirheitin voru um það, að stjórnin ætlaði sér að stöðva verðbólguna, stöðva dýrtíðina án þess að hækka skattana, og kem ég að því síðar.

Þar næst var svo gengið í það að skera niður verklegar framkvæmdir, minnka það fjármagn, sem ríkið legði fram til verklegra framkvæmda í landinu. Það var skorið niður atvinnuaukningarfé, en atvinnuaukningarfé er það fjármagn, sem bezt hefur komið að liði nokkurra peninga, sem ég þekki til, til þess að byggja upp atvinnulífið í sjávarplássum landsins. En það var eitt fyrsta úrræði þessarar stjórnar að reyna að fleyta sér fram yfir kosningarnar með því að skera niður atvinnuaukningarfé. Og það er athyglisvert, að sá niðurskurður er látinn standa enn á því fjárlagafrv., sem núverandi stjórnarsamsteypa hefur lagt fram, enda er það ekkert einkennilegt, því að það eru sömu aðilarnir og sömu öflin, sem standa að því, sem nú er að gerast, og hinu, sem gert var í fyrravetur. Þá var ráðizt á raforkuáætlun dreifbýlisins og framlög til hennar skorin niður um 30—40 millj. á einu ári, sumpart af lánsfé og sumpart af því, sem veitt var á fjárlögunum sjálfum. Meira að segja var gengið svo langt, að bönkum landsins var sleppt við að efna loforð um lánaframlög í þessu skyni, sem þeir höfðu gefið fyrrv. stjórn. Þeir voru leystir undan því loforði. Það lá ekkert á rafvæðingunni úti um land, það þurfti ekki á þessu lánsfé að halda. Og með þessum aðförum voru raforkuframkvæmdir í landinu minnkaðar um marga milljónatugi á einu ári. Og nokkuð af því fé, þ. e. a. s. það, sem skorið var niður á fjárlögunum, gat gengið beint í svikamylluna eins og greiðsluafgangurinn.

Þá var það vitað, að Sogsvirkjunin átti ógreidda tolla og mundi eiga að greiða tolla á þessu ári, en það vantaði fjármagn til þeirra tollgreiðslna. Og það var ákveðið af þessum úrræðagóðu mönnum að reyna að fá Seðlabankann til þess að lána í þessar tollagreiðslur og kasta því líka í svikamylluna, en það jafngilti bara því að ganga í Seðlabankann og taka þar að láni nokkra milljónatugi til þess að kasta í svikamylluna, sem ég hef leyft mér að kalla.

En þetta var sýnilega ekki nóg, til þess að hægt væri, — ekki að standa við loforðin, það datt engum í hug, — til þess að hægt væri að leyna því fram yfir kosningarnar, hvað raunverulega var að ske. Þetta var ekki nóg. Þá var fundið eitt snjallræði í viðbót, alveg sérstaklega merkilegt, og það var að leggja megináherzlu á það í nokkra mánuði að flytja inn hátolla- og lúxusvörur til landsins og láta nauðsynjar sitja á hakanum, skrapa þannig saman um stutta stund verulegar auka- og umframtekjur í ríkissjóð og láta það líka ganga beint í svikamylluna. En hvað varðaði

þessa menn um það, þó að hér væri á ferðinni, eins og í hinum dæmunum, aðferð, sem aðeins gat orðið notuð einu sinni, en svo ekki meir, þó að hér væri að ræða um aðferð, sem raunverulega var fólgin í því að éta sig út? Það átti ekki aðeins að éta út greiðsluafganginn og ógreidda tolla, sem hægt væri að skrapa inn, éta upp fé, sem áður hafði gengið að verulegu leyti til verklegra framkvæmda. Nei, það átti líka að éta út gjaldeyrinn, verja honum í hátollavörur meira en áður og lúxusvörur og auka þannig tolltekjurnar í bili, til þess að þeir gætu dragnazt áfram með þessi mál fram yfir kosningarnar og leynt þjóðina því, hvernig raunverulega var ástatt.

Þegar þessi mál voru til umræðu hér í fyrravetur og ég benti hæstv. þáv. fjmrh. á, hversu háskalega braut þarna væri verið að fara inn á og hversu ábyrgðarlaust þetta væri, að ætla að fleyta sér á þennan hátt, þá svaraði hann af miklu yfirlæti hér, á milli kl. 4 og 5 að nóttu, um hánótt, að af þessu skyldu menn engar áhyggjur hafa, þessar tekjur mundu skila sér. Ríkisstjórnin mundi sjá um, að þær hátollavörur, sem áætlaðar væru, kæmu inn í landið. Hæstv. ráðherra hélt víst, að ég mundi hafa áhyggjur af því einu, að þeir mundu ekki ganga nógu vel fram í því að flytja inn lúxusinn og hátollavörurnar til þess að fleyta sér á með þessum þokkalega hætti. Og hæstv. ráðh. sagði í þeim umræðum, að það hefði eiginlega verið helzt ljóður á vinstri stjórninni, að henni hefði mistekizt að flytja inn eins mikið af hátolla- og lúxusvörum og hefði þurft að gera, til þess að nægilega vel hefði komið út þjóðarbúskapurinn. En menn skyldu engar áhyggjur hafa, það væri búið að gera um þetta alveg traustar áætlanir, mjög traustar áætlanir, og þeim yrði fylgt út í æsar Það kæmi ekki fyrir oftar, að menn flöskuðu á því að láta þessar vörur vanta.

Hver er svo afleiðingin af þessari stefnu, sem þarna var tekin upp og framkvæmd? Hvernig er gjaldeyrisástandið í dag, og hver eru áhrif þessarar stefnu á þjóðarbúskapinn?

Gjaldeyrisástandið er þannig í dag, að það má heita, að gjaldeyrisyfirfærslur séu stöðvaðar. Á hinn bóginn er mér sagt, þó að það sé eitt af því, sem okkur er neitað um upplýsingar um, og það er kannske m. a. þess vegna, að ekki er hægt að halda neina fjárlagaræðu að svo stöddu, — hins vegar er mér sagt, að þó að gjaldeyrisástandið sé svona, þá hafi verið fullkomlega staðið við þessa áætlun um innflutning lúxusvara, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. var svo stoltur af. Og það er þá líklega eitt af því fáa, sem hefur verið staðið við af því, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gaf fyrirheit um. En á hinn bóginn vantar gjaldeyri svo tilfinnanlega fyrir nauðsynjum, að það dregur áreiðanlega verulega úr framleiðslunni og tekjuöflun þjóðarinnar. Það er ekki hægt annað en taka eftir því, að það vantar víða nauðsynlegustu varahluti og nauðsynlegustu tæki til sjálfrar framleiðslunnar, byggingar standa opnar um háveturinn og eyðileggingu undirorpnar, vegna þess að ekki fæst gjaldeyrir fyrir þakjárni. Og þannig mætti telja alveg endalaust til vitnisburðar um það, hvernig framkvæmd þessarar stefnu hefur orðið að þessu leyti, hvernig þessi þáttur hennar hefur verkað á þjóðarbúskapinn. Og hvað heyrum við svo? Við heyrum nú, að það sé ekki hægt framvegis að gera ráð fyrir jafnmiklum innflutningi hátolla- og lúxusvara og orðið hafi á þessu ári. Þetta er bein yfirlýsing, bein játning frá yfirvöldunum um, að þau hafi haldið þessu gangandi m. a. með því að éta út gjaldeyri þjóðarinnar fyrir hátolla- og lúxusvörur.

Þessi voru þá úrræðin hjá hæstv. fyrrv. ríkisstjórn. Svona átti að fara að því að stöðva dýrtíðina án þess að hækka skattana. Og takið eftir því, að þetta var kallað að stöðva dýrtíðina, að stöðva verðbólguna.

Ég tók það dæmi af þessum aðförum í fyrravetur í þeim deilum, sem þá urðu um þetta, að hér væri ekki verið að stöðva dýrtíðina eða stöðva verðbólguna. Það var sagt þá af einum stuðningsmanni þessara aðfara, að það væri með þessu verið að hlaða stíflugarð fyrir framrás verðbólgunnar. Það var kannske verið að hlaða stíflugarð, ef menn vilja gefa svona löguðum aðferðum slík nöfn. En þá líktist sú aðferð því einna helzt, ef menn tækju sér fyrir hendur að byggja stíflugarð í stórfljót, sem fossaði fram, og héldu því svo fram, að framrás fljótsins hlyti að stöðvast, af því að garðurinn hefði verið byggður. Auðvitað hefði framrás fljótsins aðeins stöðvazt, á meðan það rúm, sem myndaðist fyrir ofan stífluna, var að fyllast. En þegar það rúm var orðið fullt, beljaði fljótið vitaskuld áfram með sama krafti og áður. En það er ekki einu sinni svo gott, að hér hafi verið farið þannig að, heldur hefur þessi stífla, sem hlaðin var, reynzt þannig, að nú er hún raunverulega sprungin. Og nú er okkur sagt, að í staðinn fyrir þessa stöðvun, sem átti að vera búið að koma á, eigum við von á því, sem nú er kallað óðaverðbólga, ef ekki séu gerðar stórfelldar nýjar ráðstafanir, og kem ég að því ofur lítið síðar.

Ég lýsti nokkuð hér áðan þeim aðferðum, sem hæstv. fyrrv. stjórn og núv. stjórnarflokkar viðhöfðu til þess að blekkja þjóðina í efnahagsmálunum í fyrravetur og þangað til búið var að kjósa í haust. En það, sem raunverulega gerðist í þeim málum, var það, að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar, þeir sem nú stjórna, sömdu við framleiðendur landsins um útflutningsuppbætur og framkvæmdu niðurgreiðslur á verðlagi innanlands án þess að afla nokkurs eyris til þess að standa undir þessu til frambúðar. Það var þetta, sem þeir leyfðu sér að kalla að stöðva verðbólguna, að stöðva dýrtíðina án þess að leggja á nýja skatta. En þeir gátu leynt þessu fyrir þeim, sem voru ekki nógu kunnugir þessum málum, með þeim ósvífnu aðferðum, sem ég nú þegar hef lýst, fram yfir kosningarnar: með því að skera niður á fjárlögum verklegar framkvæmdir, með því að éta upp greiðsluafgang þann, sem varð árið 1958, og með því að láta hátollaðar lúxusvörur sitja fyrir gjaldeyri landsmanna. Með þessum ósvífnu aðferðum

tókst þeim að leyna þessu fyrir þjóðinni, og jafnvel má finna fólk, sem trúði því, að þessar ósvífnu fullyrðingar væru sannar, að þessari samsteypu hefði tekizt raunverulega að stöðva dýrtíðina, að stöðva verðbólguna án þess að hækka skattana.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að víkja að því, að til viðbótar þessum þokkalegu úrræðum, sem ég hef lýst, átti náttúrlega að láta safnast skuldir og óreiðuhala hjá ríkissjóði og útflutningssjóði, sem gengi yfir til framtíðarinnar, ef þessar aðfarir nægðu ekki fram yfir kosningarnar. Nú skal ég ekki fullyrða neitt um það, hversu mikil skuldasöfnun þarna mun eiga sér stað. Hitt veit ég, að afkoma ríkissjóðs er á annað hundrað millj. kr. verri en hún var á sama tíma í fyrra. Hitt veit ég líka, að skuldir ríkissjóðs í bönkunum hafa hækkað mörgum milljónatugum meira á þessu ári en í fyrra. Ég veit það líka um útflutningssjóð, að síðan Alþingi hætti störfum s. l. vor, hafa útflutningsuppbætur verið hækkaðar verulega frá því, sem þá var gert ráð fyrir og í það dæmi var sett, sem þá var verið að reikna. Til dæmis hafa síldaruppbætur hækkað frá því. Það kom sem sé á daginn, þegar átti að ákveða þessar uppbætur, að þá varð að ákveða þær miklu hærri en gert var ráð fyrir í þeirri áætlun, og ég hygg, að það muni muna á 6. tug milljóna. Auk þess hafa komið til aðrar uppbætur og aðrar greiðslur úr útflutningssjóði, sem bætast þar við, þannig að útgjöld útflutningssjóðs, ef miðað er við ársframleiðslu, verða sennilega upp undir 100 millj. meiri en ráðgert var í fyrravetur. Hitt er svo annað mál, að það verða eitthvað hærri tekjur útflutningssjóðsins en gert var ráð fyrir, m. a. fyrir það, hvernig hátollavörum og lúxusvörum hefur verið haugað inn. En samkvæmt öllu því, sem ég veit um þessi mál, er þó algerlega augljóst, að það mun skorta á, að tekjur útflutningssjóðs á þessu ári geti staðið undir uppbótum á framleiðslu þessa árs. Það er því enginn vafi á því, að útflutningssjóður mun draga á eftir sér hala til framtíðarinnar, og það mun koma í ljós, að ekki einu sinni þessar aðfarir, sem ég var að lýsa, munu nægja til þess að koma í veg fyrir lausaskuldasöfnun á þessu ári. M. ö. o.: greiðsluafgangur ársins 1958 að viðbættum þeim aukatollum, sem náð hefur verið inn með óvenjulegum innflutningi lúxusvara, munu ekki einu sinni hrökkva til þess að standa undir þeim halla, sem efnt var til af fyrrv. ríkisstjórn. Mun niðurstaðan verða sú, að skuldahalinn verður dreginn yfir á næsta ár. Mun allt það fram koma, sem við sögðum um þessi efni í fyrravetur og í sambandi við alþingiskosningarnar, þegar við vöruðum við þessum aðförum öllum saman.

Nú fást efnahagsmálin ekki rædd hér á hv. Alþingi. Það á að senda Alþ. heim, án þess að fjárlagaræðan sé haldin og án þess að 1. umr. fjárlaga fari fram. Og það er haldið upplýsingum fyrir mönnum. Ég get sagt mönnum frá því, að ég fór fram á það við fyrrv. stjórn, — þá stjórn, sem stóð fyrir þessum þokka, sem ég hef verið að lýsa, og lýsti því yfir, að hún hefði stöðvað dýrtíðina, — ég fór fram á það við forsrh. þeirrar stjórnar, rétt áður en þingið kom saman, að ég fengi aðgang að þeim upplýsingum um efnahagsmálin, sem stjórnin hefði yfir að ráða. Mér var neitað um þetta. Mér var neitað um að fá að sjá þær skýrslur, sem t. d. efnahagsmálaráðunautur stjórnarinnar hafði þá þegar samið og mér er kunnugt um að hann hafði samið. Náttúrlega vildi efnahagsmálaráðunauturinn, sem þá var kallaður, en nú heitir ráðuneytisstjóri, ekki gefa mér upplýsingar, án þess að húsbændur hans samþykktu, og lái ég honum það á engan hátt. En það var neitað um þessar upplýsingar. Nú hef ég beðið forsrh. fyrir milligöngu hæstv. fjmrh. um að fá aðgang að þessum upplýsingum, en ekkert fengið. Aftur á móti hefur hæstv. forsrh. þessarar stjórnar, sem þjóðkunnugt er orðið, farið á Varðarfund og sagt mönnum, að það vanti a. m. k. 250 millj. kr. á næsta ári, til þess að endarnir nái saman, ef ætti að halda áfram óbreyttum uppbótum og óbreyttum niðurgreiðslum. Og þó að þessar upplýsingar séu náttúrlega ekki nægilegar, verður maður þó að álíta, að þær byggist á einhvers konar skýrslum, sem hæstv. ráðh. hefur fengið, séu ekki draumvitrun eða þetta sagt alveg út í bláinn. Og vil ég enn þá einu sinni endurtaka þá kröfu til hæstv. fjmrh., að þinginu verði gefin skýrsla um það, á hverju hæstv. forsrh. byggir þessa fullyrðingu. Við eigum heimtingu á að fá að vita þetta ekkert síður en fólkið í Varðarfélaginu. Við erum kosnir á þing til þess að reyna að ráða fram úr málefnum landsins, þ. á m. efnahagsmálunum.

Ef ég þekki hæstv. fjmrh. rétt og aðra hans félaga, þá mun ekki standa á því, þegar þar að kemur, að því verði haldið að okkur, að við eigum að hafa allt á takteinum, sem lýtur að því að ráða fram úr þessum málum, og okkur verður sennilega með fínum orðum sagt að þegja, — ég sagði með fínum orðum, — *ef við höfum það ekki allt á reiðum höndum.* Það verður áreiðanlega enginn vafi á því, að allir verða minntir á skyldur, sem þeir hafi. Látum þetta vera, bíðum þangað til það kemur. En ég krefst þess af hæstv. fjmrh., að hann sjái um það, að Alþingi fái þessar skýrslur, sem hæstv. forsrh. byggir á þessar upplýsingar, sem hann gaf í Varðarfélaginu. Og það þýðir ekkert að ætla að snúa út úr þessu eða hafa um þetta einhverjar vífilengjur, t. d. eins og þær, að það sé nóg fyrir okkur að vita þetta, þegar við komum til baka og ríkisstj. er búin að ákveða, hvað eigi að gera, — það sé betra að gera reikning þá, vegna þess að þá sé árið liðið o. s. frv. Ef það er hægt að gera skýrslur fyrir forsrh. og þá í Varðarfélaginu, þá er alveg eins hægt að gera skýrslur fyrir Alþingi, og þarf ekki að bíða eftir áramótum til þess eða því, að hæstv. ríkisstjórn ákveði, hvað hún ætlar að gera. Ég vil fá svar við þessu. Ég heimta svar við þessu. Við eigum heimtingu á að vita, á hverju þessar upplýsingar eða fullyrðingar eru byggðar.

Hitt er svo annað mál, að það hljóta óneitanlega að hafa verið tíðindi nokkur fyrir

suma af félögum hæstv. forsrh. að heyra, hvað í þessum skýrslum stóð eða lokaniðurstöðum þeirra, að það vantaði 250 millj. kr., til þess að dæmið gæti staðizt, eins og það er í dag. Það hlýtur óneitanlega að hafa sætt nokkrum tíðindum fyrir ráðh. Alþfl. t. d., sem fullyrtu það hér á hv. Alþingi í fyrravetur og síðan um tvennar kosningar, að þeir hefðu gert ráðstafanir til þess að stöðva dýrtíðina, til þess að stöðva verðbólguna án nýrra skatta, og sögðu allt annað ósannindi og dylgjur. Það hljóta óneitanlega að vera tíðindi fyrir þessa hæstv. ráðh., að það er nú upplýst af forustumanni hinnar nýju ríkisstj., að þegar þeir höfðu sagt, að allt væri í jafnvægi og raunverulega búið að stöðva verðbólguna, þá vanti 250 millj. kr. á ári, til þess að „stöðvunarstefnan" geti staðizt.

Og þá er komið að því, ef maður mætti leyfa sér að viðhafa nokkur gamanmál í þessu, að Ali Baba leysi hina nýju þraut og sýni fram á það, hvernig hægt er að leysa málið. Og þjóðin heimtar alveg áreiðanlega, — það geta menn verið vissir um, — að staðið verði við það fyrirheit, sem gefið var, er sagt var, að búið væri að stöðva verðbólguna, stöðva dýrtíðina án nýrra skatta. Hér hafa býsna alvarlegir hlutir skeð, sem ekki er búið að bíta úr nálinni með. En ræturnar að þessu eru aðallega tvær: Barátta Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni fyrir því að koma í veg fyrir, að efnahagslöggjöfin frá 1958 næði tilgangi sínum, — og það tókst flokknum, og af því verður þjóðin nú að súpa seyðið, og það er létt í vasa, þó að flokkurinn súpi seyðið af því í leiðinni. En hitt atriðið er, að með þeirri svikastefnu í efnahagsmálum, sem Alþfl. og Sjálfstfl. hafa haldið uppi síðan í fyrrahaust, hefur þessi vandi verið aukinn. Við þetta er nú að fást.

Þessi málefni öll voru miklu léttari viðfangs s. l. haust en þau eru nú. Og það getur hvert barn séð í hendi sér, sem athugar það, sem nú er fram komið um, hvernig þessu hefur verið haldið á floti eða hitt þó heldur s. l. ár, því að það hefur verið gert með því einu að grafa undan efnahagskerfi landsins og magna verðbólguháskann. Allur hallabúskapur og allt, sem gert hefur verið til þess að éta út, hefur gengið í þessa átt. Þess vegna m. a. kemur það nú fyrir, að fyrir aðeins örfáum vikum er búið að fullyrða, að verðbólgan hafi verið stöðvuð, en nú, örfáum vikum síðar, eftir kosningarnar, er því lýst yfir, að það, sem var kölluð stöðvun, sé í raun og veru óðaverðbólga og það sé búið að ganga þannig frá þessu máli með þessum aðferðum öllum saman, sem áttu að verða til þess að stöðva, að fram undan sé enn meiri óðaverðbólga og grípa verði til einhverra nýrra og að því er manni virðist áður óþekktra úrræða. Þetta er niðurstaðan.

Margur mundi vafalaust álíta, að þegar þannig hefur verið haldið á þessum málum, mundi vera viturlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að halda þannig á þingstörfum og öðru, að sem flestir tækju þátt í meðferð mála og að allur undirbúningur yrði sem vandaðastur og með sem flestra ráði. Mundi víst margur álíta, að af því mundi sízt veita. Og allra sízt skyldu menn hafa búizt við því, að þegar svona er ástatt, væri vefengdur og skágenginn gersamlega réttur þingmanna til þess að fá upplýsingar. En það er nú öðru nær en hæstv. ríkisstjórn hafi borið gæfu til að líta svona á eða vinna á þennan hátt. Þvert á móti leggur nú hæstv. ríkisstj. æðisgengið ofurkapp á að losa sig við þingið. Og það er ekki einu sinni látið svo lítið að tala við andstöðuflokka stjórnarinnar um þinghaldið eða ráðgast nokkurn skapaðan hlut um, hvernig á þessum málum verði haldið yfir höfuð. Nei, slík vinnubrögð eru ekki viðhöfð, heldur er ofan á þetta allt saman kastað fram þessari alræmdu till. um þingfrestunina, sem átti að verða þegar 30. nóv., ef stjórninni byði svo við að horfa.

Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við svona löguðum vinnubrögðum. Þetta er mjög óviturlega að farið og mun mælast illa fyrir og er alveg áreiðanlega alls ekki í þeim anda, sem meginhluti landsmanna vill láta starfa að þessum málum, því að mönnum er ljóst, að það er talsverður vandi á höndum, eins og búið er að koma þessum málum. Það er kannske allt of seint að skora á hæstv. ríkisstj. í hundraðasta sinn eða svo að endurskoða þessa starfsáætlun. En ég vara við þessu. Þetta er ekki hyggilegt og ekki heppilegt og ekki skynsamlegur aðdragandi að því, sem á eftir kemur. Vafalaust eitthvað það óhyggilegasta, sem hæstv. ríkisstjórn gat gert.

Það er alveg einstætt gæfuleysi, ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki manndóm til þess að taka afstöðu t. d. í landbúnaðarmálunum og lætur bráðabirgðalagamálið og hræðsluna við það mál reka sig út í að viðhafa þessi vinnubrögð.

Það er eiginlega ekki hægt að sjá annað en það sé algert getuleysi hæstv. ríkisstj. til að ráða fram úr þeim málum á þann hátt, að hún þori að standa frammi fyrir þinginu með lausnina, sem gerir það að verkum, að gripið er til þessara örþrifaráða, sem eru mjög háskaleg, bæði sem fordæmi og ekkert síður, þegar litið er á þann vanda, sem á að leysa á næstunni. Ég vil benda mönnum á, hvaða vandræði verða úr þessu á allan hátt, með því að greina lítið dæmi.

Í gær kom fram ósk frá 9 þingmönnum um að taka á dagskrá húsnæðismálið, íbúðalánamálið. Nú vitum við, að íbúðalánasjóðurinn er alveg þrotinn að fé, en þúsundir manna bíða úrlausnar í því efni. Hér er um að ræða mál, sem bókstaflega brennur á mönnum, og liggur við, að fjöldi manns, ekki sízt ungt fólk í landinu, verði að ganga frá íbúðum sínum hálfkláruðum og láta þær til annarra og sjá þar með allar sínar vonir um að eignast eigin heimili hrynja í rústir. Þannig er ástatt í þessu máli. Það var lagt til, að í þessu máli yrði gert átak s. l. vetur, eins og ég minnti á áðan, með því að samþ. nokkurn hluta af greiðsluafganginum 1958 í þessu skyni. Það var fellt, eins og ég gat um þá, og þeim peningum var fleygt í svikamylluna. En sleppum því. Nú liggur vandinn fyrir, þingmenn hafa flutt till. um þetta mál, og hún er ekki sett á dagskrá,

vegna þess að stjórnin þarf að losna við þingið. Í gær kom svo fram ósk um það samkv. þingsköpum frá nægilegum fjölda þingmanna, að till. væri tekin á dagskrá. Ég skal játa, að ég er ekki vel minnugur á einstaka atburði og þori því ekki að segja um það, hvort það, sem gerðist hér í gær í því sambandi, er fordæmalaust eða ekki. Hitt vil ég segja, að þess munu fá fordæmi á Alþingi Íslendinga, að forseti hafi ekki tekið á dagskrá till. eftir slíkri ósk. En það gerði hæstv. forseti ekki í gær, heldur bar það strax undir sameinað þing. Og þá kom líka fljótt í ljós, af hverju till. var borin undir sameinað þing strax. Það var af því, að stjórnarliðið á Alþingi var búið að koma sér saman um að fella það, að þessi till. yrði tekin á dagskrá. Það var búið að gera samtök um það með flokksfundahöldum og fortölum að fella það, að íbúðalánamálið yrði tekið á dagskrá í sameinuðu Alþingi. Ég þori ekki að fullyrða, að þetta sé fordæmalaust, að það hafi verið fellt þannig að taka mál á dagskrá, en hitt fullyrði ég alveg, að fyrir því eru engin fordæmi í sögu Alþingis frekar en fyrir mýmörgu öðru, sem hv. þingmeirihluti er að gera þessa dagana, — ég segi mýmörgu öðru, sem er alveg fordæmalaust, — að fyrir því eru engin fordæmi á hv. Alþingi, að í annarri viku þingsins hafi verið synjað með atkvgr. í Sþ. að taka mál á dagskrá. Fyrir því eru áreiðanlega engin fordæmi til í þingsögu Íslendinga. En þetta er gert eftir fyrirskipun ríkisstj., sem getur ekki þolað, að Alþ. sitji, sem þarf að losa sig við Alþingi, og þetta er gert eingöngu til þess að flýta fyrir því, að þingið verði sent heim, og svo náttúrlega líka, býst ég við, til þess að það komi ekki fram, að hæstv. ríkisstj. á erfitt um úrræði í þessu efni.

Við vitum, að það er talsverður vandi á höndum í þessu sambandi, en þeim mun meiri ástæða er til þess að taka málið á dagskrá og ræða hreinskilnislega um þann vanda. Og þeim mun verra afbrot er það að notfæra sér meiri hluta þings til þess að fella það, að slíkt mál komist á dagskrá. Þessar aðfarir í sambandi við íbúðalánatillöguna eru aðeins lítið dæmi, sem ég vil benda hv. þingmönnum stjórnarflokkanna á. Það er aðeins lítið dæmi, en þó talsvert þýðingarmikið dæmi um það, út í hvaða fjarstæðu er hægt að leiða menn og út í hvaða ógæfu er hægt að leiða menn, þegar forustan er ráðvillt og ófyrirleitin og ef menn fylgja henni gagnrýnislaust og blint.

En þm. hv. stjórnarflokka er skylt að hugsa um Alþingi sem stofnun í sambandi við þessar aðfarir, og þeir eiga að beita áhrifum sínum til þess, að haldið sé uppi virðingu þingsins og aðstaða þingsins til þess að hafa áhrif á stjórnina sé að engu leyti skert. Við búum hér ekki við einræði, við búum við þingbundna stjórn. Alþingi er okkar æðsta stofnun, og þingið á að ráða. Menn gætu kannske sagt, að þetta sé gott og blessað, en það sé bara gert með því t. d., að meiri hluti þings samþykki að senda sig heim og hina, þá sé öllu þingræði fullnægt. En ég bið ykkur að athuga það, sem skipið meiri hlutann, að með þessu er ekki öllu þingræði fullnægt. Þið megið ekki láta hafa ykkur út í að setja Alþingi Íslendinga út af þeim starfsgrundvelli, sem það hefur starfað á frá öndverðu. Alþingi Íslendinga hefur ekki verið þing af því tagi, sem kallað er saman einstöku sinnum til þess að sitja í tvo eða þrjá daga og samþykkja það, sem stjórnarherrarnir hafa komið sér saman um. Alþingi Íslendinga hefur aldrei verið stofnun af þessu tagi, á ekki að verða það og verður það vonandi aldrei. En þá skuluð þið líka gæta þess, að ef sá háttur verður uppi hafður, að hvaða ríkisstj. sem er getur fengið þann þingmeirihluta, sem hana styður, til þess að senda Alþingi heim og losa ríkisstj. við það aðhald og þau áhrif, sem hún á að hafa frá þinginu, þá verður þingið óðar en varir orðið að nýrri stofnun, orðið að allt annarri stofnun en það hefur verið, og verður þá, áður en þið vitið af, orðinn allt annar og miklu óverulegri þáttur í okkar þjóðlífi en það hefur verið frá öndverðu og á að vera framvegis.

Athugið þetta, og íhugið þann hugsunarhátt, sem kom hér fram hjá hæstv. dómsmrh. fyrir örfáum dögum, þegar um þetta var rætt og ég hélt því fram, að einmitt þegar erfiðleikar væru og óráðið væri um stærstu málin, þá færi vel á því, að Alþingi sæti, til þess að stjórnin gæti ráðgazt við Alþingi um það, hvað gera skyldi, og um sjálfan undirbúning málanna. Ég benti á það, að efnahagsmálin t. d. eru undirbúin stig af stigi, þau mótast í meðförunum, og það er ómögulegt að hafa nokkur veruleg áhrif á þau málefni, nema menn taki þátt í sjálfum undirbúningnum stig af stigi svo að segja, enda hefur sá háttur verið á hafður hér um nokkuð mörg ár á Alþingi Íslendinga undanfarið, og hann er til kominn af nauðsyn. Hann er upp tekinn vegna þess, að menn fundu, að ef þetta væri ekki haft þannig, yrði hætta á því, að þingið yrði að marklausri og áhrifalausri stofnun, sem hefði það eitt að gera að koma saman örstutt og örsjaldan til að samþykkja það, sem undirbúið væri af stjórnarherrunum að þinginu og þingmönnunum fjarverandi. Og takið eftir því, að þegar ég rakti þetta og lagði áherzlu á þetta hlutverk þingmanna og Alþingi sem valdastofnun, sem ætti raunverulega að móta úrlausnirnar og ráða þeim, þá réðst hæstv. dómsmrh. algerlega á móti þessari skoðun og sagði, að það hefði verið hneyksli á undanförnum árum, að þingið hefði setið aðgerðalaust, sem hann kallaði, þingfundir stuttir, og sagði, að hitt væri réttari háttur, að stjórnin hefði undirbúnar úrlausnir sínar í öllum efnum, áður en þingið kæmi til, og talaði um þjóðþing annarra landa í því sambandi.

Ég mótmæli þessum hugsunarhætti hæstv. dómsmrh., — hugsunarhætti, sem að verulegu leyti er undirstaða þess áhuga, sem nú hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstj. og þingmeirihlutanum að senda þingið heim. Það er verið að fara með þessu inn á háskalega braut, stórhættulega braut. Og ég mun e. t. v. síðar í þessum umræðum, sérstaklega ef tækifæri gefst til, ræða þetta atriði nánar. En ég bið þm. að

íhuga þessar umræður, sem nú verða um þessi efni. Það getur vel verið, að það sé ekki hægt að stöðva þessa þingfrestun núna. Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. hafi slík tök á sínu þingliði núna, að menn samþykki að senda sjálfa sig heim við þau skilyrði, sem nú eru, þó að ég og fleiri álítum það hneyksli. En ég bið hv. þm. um að minnast þessara umræðna, sem hér hafa farið fram, og ég bið þá, hvað sem gert verður í þessu nú, að hafa þær í huga framvegis, jafnvel þótt svo fari, að þeir telji sér ekki núna fært að taka tillit til þess af því, hvernig búið er að setja þá í sjálfheldu. Ég bið þá að hafa það í huga framvegis, hvaða hlutverk Alþingi Íslendinga er ætlað að vinna, og láta þessar umræður verða til þess að koma í veg fyrir, að þetta komi fyrir aftur, — að svona verði búið að Alþingi framvegis. Og ef þetta, sem nú er til efnt, gæti orðið í hugum manna víti til varnaðar, þá mundi rætast sá gamli talsháttur, að fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott, — ef þetta gæti orðið til þess að skýra fyrir þingmönnum og fyrir þjóðinni betur en áður, hvaða hlutverk Alþingi Íslendinga er raunverulega ætlað að rækja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þætti mjög vænt um, ef hæstv. fjmrh. væri viðstaddur, af því að ég sá, að hann heiðraði okkar d. með nærveru sinni hér fyrir skömmu, og ég þyrfti ýmislegt við hann að tala.

Ég mun fyrst víkja nokkuð að því frv., sem hér liggur fyrir, og einstökum atriðum þess, áður en ég fer út í nokkrar almennar hugleiðingar um það, sem veldur því, á hvern hátt þetta frv. er nú fram komið. (**Forseti:** Fjmrh. er því miður ekki í húsinu.) Það er nú máske hægt að gera ráðstöfun til þess að láta hann vita af því, að það er óskað eftir honum. Ég mun þá máske geyma aðalhlutann, þangað til hæstv. fjmrh. kemur. Hann verður a. m. k. látinn vita af því, að hans sé óskað.

Það er komið fram hér frv., sem þegar er kallað á þingmannamáli „bandormurinn", og það lítur satt að segja út fyrir, að það eigi á tíu ára fresti eins konar ormasýki að grípa um sig hér á Alþingi, og er það venjulega ills viti, þegar ríkisstj. finna upp á því að fara að íklæða frumvörp sín í slíkt form. Á þinginu 1939—40 gerðist þetta sama. Þá var líka flutt frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga og hlaut þá nafnið bandormurinn, og þannig er það orð komið inn í þingsöguna. Í því frv. var í 1. gr. verið að breyta 20 lögum eða fella niður alls um 20 atriði eða breyta eða draga úr, sem voru í öllum mögulegum öðrum lögum, og af því að þetta hafði aldrei tíðkazt á Alþingi áður, tók sú stjórn, sem þá sat að völdum, upp á þessu, og það var engum efa bundið, af hverju gripið var til þessa ráðs. Sú ríkisstj. hafði frekar ósamstæðan hóp að baki sér, Sjálfstfl., einn af þeim flokkum, sem fylgdu þeirri ríkisstj., var opinberlega svo að segja klofinn í stjórnarstuðningnum, og það var mikill órói í þingflokkum hinna beggja stuðningsflokkanna. Með þessum lögum var verið að fella úr gildi ótal endurbætur, sem framkvæmdar höfðu verið á árabilinu áður, og rýra hvers konar réttindi, sem almenningur í landinu hafði öðlazt. Þessi bandormur var upphafið svo að segja að öllum þeim afturhaldsráðstöfunum, sem gamla þjóðstjórnin gerði. Og allir muna, hvernig þessari illu göngu, sem hófst með bandorminum, lauk, hvernig sú stjórn eftir þrjú ár sundraðist við smán undir átökum alþýðunnar í landinu og megininu af þeim afturhaldsráðstöfunum, sem hún hafði gert, var kollvarpað, sumpart af þeim flokkum sjálfum, sem höfðu tekið þátt í henni, og sumpart undir áhrifum verkalýðssamtakanna og Sósfl. E. t. v. mætti þetta vera nokkur viðvörun fyrir þá stjórn, sem nú hefur tekið við völdum, hvernig fer fyrir stjórnum, sem þannig byrja, sérstaklega vegna þess að ástæðurnar til þess, að þetta frv. er flutt, eru nokkurn veginn þær sömu og þá. Þá var ríkisstjórnin hrædd, hrædd við Alþingi, hrædd við sinn eigin veikleika, hrædd við sitt eigið sundraða þinglið, og þorði ekki að eiga það á hættu að ræða málin eins og frumvörpin, sem átti að breyta, gáfu tilefni til.

Lögfræðilega séð er svona bandormur hrákasmíði, óskapnaður, sem á ekki að sjást í þingsölunum, og menn hafa varazt það, síðan þetta gerðist, að grípa aftur til svona aðferða. Það hefur aðeins verið gert einu sinni, ef ég man rétt. Það var á árinu 1948, sem sé tæpum tíu árum seinna, þegar afturhaldsstjórnin var aftur tekin við, samsett af sömu flokkum og gamla þjóðstjórnin hafði verið samsett af, — var stundum kallað á þingmannamáli þá höggormurinn og var ills viti, var upphafið að þeim afturhaldsráðstöfunum, sem þá voru gerðar á næstunni, og þeim árásum, sem gerðar voru á lífskjör almennings.

Það, sem er einkennandi fyrir þetta frv., sem hér liggur fyrir, þó að það sé ekki í sjálfu sér eins illkynjað og tvö þessi frumvörp voru, eru ástæðurnar til þess, að þetta frv. er komið fram, og aðferðin við að leggja það fram. Nú eins og þá óttast hæstv. ríkisstj. sitt eigið þinglið. Hún er hrædd um, að hún haldi því ekki saman, svo framarlega sem öll málin, sem um er að ræða og um þarf að ræða á Alþingi nú, verða rædd, þannig að öllum þm. stjórnarflokkanna verði alveg ljóst, um hvað er að ræða. Hæstv. ríkisstj. var hrædd við að hafa þau 5—6 mál, sem framlengja þurfti og framlengd hafa verið ár eftir ár nú upp undir tíu ár, sitt á hverju þingskjali. Um þau hefði þurft 35—36 umræður í þinginu, og það óttaðist hún. Hún óttaðist, að það kæmi svo margt fram í sambandi við þær umræður, að hennar eigin þm. færu að gera sér það ljóst, um hvað væri að ræða. Þess vegna er gersamlega óskyldum málum hrært saman í einn óskapnað, í einn hrærigraut, eins og þetta frv. er, sem hér liggur fyrir. Og svo óvenju ráðvillt virðist hæstv. ríkisstj. hafa verið, að hún hefur, þegar þing var sett og stjórnin var mynduð, auðsjáanlega ekki verið búin að ákveða að hafa þennan hátt á, vegna þess að þá hefði hún ekki látið leggja þessi 5—6 frv. fyrir þing. Hún virðist sem sé, rétt eftir að þing er byrjað, allt í einu hafa

verið gripin hræðslu. Ég skal ekki um það fullyrða, hve mikið hæstv. ríkisstj. hefur talað við sína þm., hvort hún hefur yfirleitt nokkuð skýrt þeim frá, hvað hún hafi í hyggju að gera. Ég er frekar á því, að það hafi hún ekki gert. En ég er hræddur um, að það litið sem hún hefur talað við sína þm., þá hafi hún orðið þess vör, að því færi ákaflega fjarri, að þeir væru reiðubúnir til þess að gera það, sem ríkisstj. helzt hefur dottið í hug enn sem komið er. Hæstv. ríkisstj. hafði þess vegna fljótlega komizt að þeirri niðurstöðu, að eitt yrði hún að gera, það væri að forða sínum þm. frá því að vera að hugsa um þessi mál og þaðan af frekar að fara að tala um þau. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. hafi byrjað sína starfsemi með því að svipta þingmenn stjórnarflokkanna málfrelsi. Hún hefur látið eitt boð út ganga til þeirra, þ. e., að þeir skuli þegja, þeir skuli ekki segja eitt orð, þeir skuli ekki dirfast að fara að láta í ljós skoðanir sínar um þau mál, sem fyrir liggja. Meira að segja þeir menn í liði stjórnarinnar, sem eru hvað mestu mælskugarpar þingsins og aldrei liggja á liði sínu, þegar þarf að berjast vasklega fyrir — hvort sem er góðum eða slæmum málstað, meira að segja slíkir þm. virðast vera alveg múlbundnir nú.

Hæstv. ríkisstjórn virðist þess vegna leggja ákaflega mikið upp úr því, að hennar þm. hugsi sem minnst um þessi mál, heyri sem minnst um þessi mál og sérstaklega framar öllu tali alls ekki neitt um þessi mál, því að e. t. v. hafi þeir komið með ýmsar fallegar, en að því er ríkisstj. mundi finnast barnalegar hugmyndir úr nýafstöðnum kosningum, og það væri máske dálítil hætta, ef þeir færu að tala, að þeir færu að rifja upp eitthvað af því fagra og góða, sem þeir voru að lofa kjósendum í þeim tvennum kosningum, sem afstaðnar eru. Ég býst við, að það hafi verið eitthvað svipað, sem olli því fyrir 10 og 20 árum, að óskyldum málum var steypt saman í eitt til þess að forðast umræður og stjórnarliðinu þá fyrirskipað að hafa sig sem minnst í frammi um þau mál. Það voru að vísu ekki allir, sem hlýddu þá. Það voru á þeim tímum ýmsir menn úr stjórnarflokkunum, sem voru óþekkir, sem létu ekki binda sig til þess að samþykkja þá hluti, sem ríkisstj. þá vildi fara fram á. Þá voru þeir kallaðir kommúnistar. Og ég býst við, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi máske óttazt, að það mundi fara svo, ef farið væri að ræða þessi mál allmikið í þinginu, að það kæmi í ljós, hvaða skoðanaágreiningur er til innan stjórnarflokkanna. Þess vegna, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur uppgötvað, hvílíkt voðaástand ríki í hennar eigin þingflokkum, er gripið til þessara ráða, að gerbreyta öllum þeim lögum, sem ríkisstj. sjálf hefur lagt fyrir Alþ., steypa þeim saman í eitt, gefa út fyrirskipun til allra sinna fylgjenda á Alþ. um að ræða ekki málin og helzt varast að hugsa um þau og reyna síðan að knýja það fram með offorsi, að Alþ. sé sent heim hið allra fyrsta. Síðan eigi að reyna fyrst að laga ástandið innan ríkisstj. og því næst að ganga með oddi og eggju að hinum ósamstæðu þingflokkum stjórnarinnar til þess að reyna að samræma skoðanir manna þar, á meðan þingmenn stjórnarflokkanna séu ekki undir áhrifum þeirra raka, sem fram koma við umr. á Alþ., og sem lausastir undan áhrifum kjósenda sinna. Mikið má vera, ef þær ráðstafanir verða ekki gerðar helzt að kalla þinglið stjórnarflokkanna saman, eftir að þingið væri sent heim, á einhverjum ákveðnum tíma og loka það helzt inni meginið af deginum í alþingishúsinu, í flokksherbergjunum, til þess að kenna því, hvernig það eigi að hugsa, og sérstaklega a. m. k., hvernig það eigi að greiða atkv. og hvernig það eigi að þegja um ýmis mál.

Það hefur alltaf gefizt illa, þegar svona hefur verið farið að. Bandormurinn og höggormurinn voru upphaf að afturhaldstímabili í sögu þjóðarinnar, þó mismunandi lengi, svona 3—6 ár. En það er rétt, að nú einmitt, þegar svona einkennilega hefur viljað til, að ríkisstj. í þessu óðagoti hefur gripið til þess að beita þessari gömlu aðferð, þá má hún gjarnan íhuga forgengileik þessara bandorma og hvernig farið hefur fyrir þeim stjórnum, sem áður hafa gripið til svona ráða.

Ég ætla ekki að fjölyrða um fráganginn á þessu frv. Hann er með sama hneykslisyfirbragðinu, sami óskapnaðurinn og slíkir bandormar hafa verið áður. Og það hefur ekki einu sinni verið snert við því að reyna að laga í meðferðinni það frv., sem þarna er fellt inn í og nú er 4. gr. og alltaf hefur verið hreint hneyksli að frágangi, þegar það hefur verið lagt hér fyrir, þannig að það virðist auðséð, að hæstv. fjmrh., — og nú er mig satt að segja farið að lengja eftir honum, — hinn nýskipaði fjmrh. virðist ekkert ætla að læra eða reyna að bæta úr því, sem áður hefur misfarizt hjá hans fyrirrennurum. Það er þess vegna dálítið fróðlegt að athuga einmitt það, sem er nú helzta uppistaðan hvað tekjuaflanirnar snertir af þessu öllu saman, söluskattinn, 4. gr., hvernig það er til komið og hvernig frágangurinn á því er, vegna þess að það ber að ekki ósvipað og var fyrir upp undir áratug. Í 4. gr. í þessu frv. segir, að gildi III. kafla l. nr. 100 1948 framlengist þannig, — og síðan kemur: a) ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga o. s. frv. M. ö. o.: hér er verið að framlengja enn einu sinni ákvæði um tekjuöflun úr lögum, sem fallin eru úr gildi. Lögin um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna eru sjálf fallin úr gildi. III. kafli þeirra, — og alltaf gengur hann undir nafninu III. kafli, þó að enginn I. og II. kafli séu til, — það er sem sé sporðurinn á þessu, þó að hausinn og búkurinn séu farnir fyrir löngu, og er sporðinum við haldið og þingið látið sporðrenna þessu hvert einasta ár. Og sá nýi fjmrh., sem nú tekur við, — ég veit ekki, hvort hann hefur nokkurn tíma hugsað um þetta áður eða yfirleitt um fjármál, en a. m. k. hefur hann ekki sýnt neinn lit á því að ætla að reyna að laga nokkurn skapaðan hlut það, sem þarna hefur farið aflaga. Og nú fer ég satt að segja, herra forseti, að kunna hálfilla við, að hæstv.

fjmrh. skuli ekki vera kominn. (Gripið fram í.) Ég get varla ætlazt til þess, að hæstv. landbrh. fari að gerast þingskrifari hér. Það er til of mikils ætlazt. En það er ekki alveg víst, að mín skoðun á því, hvað merkilegt sé, og skoðun hæstv. landbrh. á því, hvað merkilegt sé, falli algerlega saman, og þar að auki, þegar þetta á að fara til þriðja aðila, sem sé hæstv. fjmrh., þá getur verið, að honum fyndist eitthvað stórmerkilegt, sem okkur fyndist báðum tiltölulega ómerkilegt, og honum þætti slæmt að missa af því.

Þess vegna er það svo, að þessi III. kafli laganna er ekki framlengdur, nei, ekki einu sinni 1. gr. af honum, það eru bara ákvæðin um tekjuöflun í honum. Það eru margir nýir þm. nú á Alþingi. Það eru ekki nema 17 þm., sem enn sitja á Alþ. af þeim, sem voru 1948, þegar þess lög voru samþ., og það er máske rétt að rifja upp fyrir þeim hv. þm., hvers vegna þessi lög um söluskatt voru sett.

I. kaflinn í þeim lögum er um ríkisábyrgð á útflutningsvörum. Það er kafli upp á 12 greinar, þar sem ákveðið er, að ríkisstj. ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að tryggja bátaútveginn, fyrst árið 1949 og síðan áfram, og tryggja honum ákveðið verð. M. ö. o.: allar ráðstafanirnar í I. kafla laganna voru gerðar til þess að tryggja útveginn, og II. kafli fjallaði enn fremur um aðstoð til útvegsmanna. Þessi söluskattur var því í upphafi lagður á til þess að tryggja það, að útvegurinn á Íslandi gæti gengið. Það var a. m. k. hinn yfirlýsti tilgangur hans. Og fyrirsögn III. kafla er: Um dýrtíðarsjóð, og það átti að afla honum tekna á þann hátt, sem enn þá er viðhafður. Hvað hefur svo gerzt síðan? Það, sem hefur gerzt síðan, er það, að þegar þessi dýrtíðarsjóður var búinn að starfa um nokkurt skeið, þegar útflutningnum höfðu verið tryggðar útflutningsbætur um tveggja ára skeið, þá komu fram miklir spekingar og sögðu við ríkisstj.: Þessi söluskattur er ósköp ljótur. Hann er þungur á almenningi, og það er ósköp ljótt að vera að leggja svona skatta á almenning. Í öðru lagi eru þessar útflutningsuppbætur hreinasta óféti. Bátaútvegurinn eða annar útvegur á Íslandi á það alls ekki skilið, að það sé verið að leggja skatt á almenning, til þess að útvegurinn geti gengið. Geti hann ekki gengið af sjálfu sér, þá getur hann stöðvazt. Enn fremur getur það verið slæmt fyrir heildsalana, að það sé verið að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja sjávarútveginn og engar ráðstafanir til að tryggja heildverzlunina. — Þessir spekingar sögðu þess vegna við þáverandi ríkisstjórn: Við skulum breyta þessu. Við skulum fella niður þennan söluskatt, og við skulum fella niður allar þessar útflutningsbætur. Og þetta gerum við með afar einföldu ráði, sem liggur alveg í augum uppi og allar þjóðir mundu gera og þau einu sönnu vísindi boða, við gerum það með gengislækkun. — Og mennirnir, sem fluttu þennan boðskap til ríkisstjórnarinnar, ári eftir að þessi lög höfðu verið sett, voru hálærðir menn, komnir beint frá Ameríku með doktorsnafnbætur o. fl., höfðu meira að segja verið um nokkurt skeið, jafnvel um árabil, starfandi hjá Alþjóðabankanum, þeirri miklu stofnun, sem þykist vita, hvernig eigi að leysa efnahagsvandamál flestra þjóða, og þeir sögðu: Ráðið er afar einfalt, bara afnema útflutningsuppbætur og söluskatta og annað slíkt óféti og lækka gengið, og þá gengur þetta allt af sjálfu sér. — Og ríkisstj., sem þá var tekin við eftir kosningarnar 1949, trúði þessum mönnum álíka og keisarinn í ævintýri H. C. Andersens trúði sínum ágætu klæðskerum, skröddurunum, sem ætluðu að búa til fínu fötin handa honum. Og hæstv. ríkisstj. sagði við skraddarana: Búið þið til fínu fötin. Það er ósköp gott að losna við allan söluskattinn og enn þá betra að losna við útflutningsuppbæturnar. — Og svo bjuggu vísindamennirnir til ósköp fínt frv., langa, langa grg., svo langa, að ég efast um, að öll ríkisstj. hafi lesið hana. Við í fjhn. urðum að pæla í gegnum hana alla saman, en hvort ríkisstj. las hana nokkurn tíma, veit ég ekki. En forsrh. sagði, þegar hann sá niðurstöðurnar: Nú, er það svona mikið? — Og svo var gert það, sem skraddararnir sögðu. Útflutningsuppbæturnar voru afnumdar, gengið var fellt, — en hvað varð um söluskattinn? I. kaflinn var felldur burt úr þessum lögum, sem nú á að framlengja. II. kaflinn var felldur burt, hvað áttu menn að vera að aðstoða útgerðarmenn, þótt þeir væru að tryggja það, að bátaútvegurinn gæti gengið? En söluskatturinn var allur saman látinn haldast. Í löngu grg., sem við fengum og urðum að pæla í gegnum í fjhn., var náttúrlega sagt, að söluskatturinn ætti ekki að hverfa. Söluskatturinn, það voru álögur á almenning. Hví í ósköpunum átti að vera að fella niður álögur á almenning? Nei, það var víst ekki mikil ástæða til þess. Það var eitthvað betra að láta ríkissjóð koma út með vænar fúlgur, leggja á 1—2 hundruð millj. meira en nauðsyn var á. Þetta kemur sér oft vel fyrir óráðsíustjórnir. Það er ósköp þægilegt fyrir stjórn, sem ekkert vissi, hvað hún átti að gera, að hafa í rassvasanum 100—200 millj. kr. afgangs, sem hafði verið lagt á of mikið og að óþörfu á almenning. Íhaldssamar ríkisstj. hafa tilhneigingar til þess og íhaldssamir fjmrh. að leggja álögurnar á, halda álögunum og hækka álögurnar. Þess vegna vildi ég gjarnan tala við hæstv. fjmrh. núna. En mér finnst hann þyrfti að segja okkur eitthvað ofur lítið um þennan blessaða söluskatt, sem hann leggur til að fara að framlengja, af því að hann er alltaf öðru hverju að minnast á gengislækkun um leið. Þess vegna vildi ég nú spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er meiningin hjá honum að gera? Ætlar hann að fella söluskattinn niður? Ætlar hann að lofa því sama, sem lofað var undir svipuðum kringumstæðum fyrir tíu árum? Eða er hann orðinn það vitrari af svikunum þá, að hann hugsi, að það sé bezt fyrir ráðh. að gera það, sem þeir fyrirskipa sínum þm., að þegja?

En ef hæstv. ráðh. eru orðnir svona hvekktir á sínum vísindamönnum, á sínum eigin skröddurum, þegar þeir eiga að fara að búa

til nýju klæðin handa þeim, að þeir þora ekki einu sinni að trúa neinu af því, sem þeir segja, og því, sem þeir hafa sagt áður, fer þá ekki að verða til nokkuð mikils mælzt að ætlast til, að alþýðan og Alþingi gleypi þetta allt saman hrátt eftir kannske tvo mánuði eða svo? Ég held þess vegna, að hæstv. fjmrh. þurfi að segja okkur það, — ég tala nú ekki um, þegar hann tekur nú svo djúpt í árinni, að hann er farinn að boða hér nýtt efnahagskerfi, — hann þarf að segja okkur það: Er meiningin að framlengja þennan söluskatt í þessu frv.? Er farið fram á að framlengja hann allt árið 1960? Það er ekki verið að tala um að framlengja hann fram að einhverri gengislækkun eða einhverju öðru slíku, fram að efnahagsráðstöfunum eða einhverju öðru slíku. Er máske meiningin, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að grípa til slíkra ráða eins og gengislækkunarinnar, að allar álögurnar eigi að haldast eins og áður? Og mætti ég þá gefa hæstv. fjmrh. eina viðvörun, — og það væri gott, að henni væri komið til hans, því að ef ég fæ ekki að sjá það rækilega, að hann sé búinn að fá að vita þetta, og hann segir það sjálfur hér úr stólnum seinna, þá er alltaf hætta á, að ég verði að endurtaka þetta allt saman, — ég held, að það væri nauðsynlegt, að hann gæfi okkur yfirlýsingu um, að hann ætlaði ekki að framlengja þennan söluskatt, svo framarlega sem hann gerir ráðstafanir, sem miða að gengislækkun eða slíku. En þá vil ég um leið aðvara hann um eitt. Þegar því var lofað að afnema söluskattinn 1949—50 og það svikið, þá var gengið lækkað og útflutningsbæturnar afnumdar, og það var sagt: Loksins er komið eilífðarráðið. Héðan af gengur allt af sjálfu sér. Fyrst búið er að lækka gengið, gengur allt af sjálfu sér. — Og hvað var eilífðin löng? Gengið var lækkað 20. marz 1950, og 1951 var settur á bátagjaldeyririnn. Eilífðarráðið vísindamannanna, skraddaranna, dugði eitt ár. Og það hefði allur bátaútvegurinn stöðvazt, ef ekki hefði verið gripið til þessara sérstöku ráða. M. ö. o.: skraddararnir sýndu sig ekki vera neitt betri en skraddararnir í ævintýrinu. Það var náttúrlega ekki tekið tillit til barnanna, þegar þau voru að aðvara um þetta. En þegar útvegsmennirnir fóru að segja: Nú stöðvum við bátana, ef við fáum ekki uppbót eftir gengislækkunina, — þá lét sú ríkisstj., sem framkvæmt hafði gengislækkunina, uppbæturnar í té, m. ö. o.: ári eftir að eilífðarráð vísindamannanna var tekið upp, voru uppbæturnar settar á aftur. Þetta væri gott að hæstv. landbrh. gerði ekki aðeins fjmrh. ljóst, heldur og allri ríkisstj., prédikaði vel yfir hausamótunum á henni, fyrst hún nú sýnir sig ekki í því að hafa neina tilhneigingu til þess að læra nokkurn skapaðan hlut af afglöpum annarra fyrri ríkisstjórna, — er líklega búin að gleyma öllu, sem gerðist fyrir 10 árum, og virðist ætla í dag að trúa nýju skröddurunum alveg jafnvel og sú ríkisstj. núv. forsrh., sem tók við eftir kosningarnar 1949, trúði þeim þá.

Það er slæmt, ef hæstv. ráðh. geta ekkert lært. Það var nefnilega aldrei sagt um keisarann í Kína, sem ævintýri H. C. Andersens fjallar um, að þessir sömu skraddarar hefðu getað komið til hans aftur og ginnt hann aftur á sama hátt og fengið hann til að ganga allsnakinn aftur eftir götunum í höfuðborg sinni. En hæstv. ráðh., sem mynda núverandi ríkisstj., virðast auðsjáanlega ekkert smeykir við, þó að yrði hlegið að þeim um alla Reykjavík og allt Ísland fyrir að láta ginna sig á nákvæmlega sama hátt aftur. Hins vegar hafa þeir náttúrlega mikla afsökun, ef þeir heyra aldrei nokkurn tíma neitt af því, sem talað er á Alþingi. Ég veit alveg, hvað þeir munu segja seinna. Þeir munu segja eftir svona tvö til þrjú ár, þegar allar vitleysurnar hjá þeim koma í ljós, — þá segja þeir: Já, mér datt þetta bara ekki í hug. Hvernig í ósköpunum átti ég að vita þetta, þetta voru hálærðir menn. — Þeim hefði verið nær að vera við. Og ég verð að segja það, að hæstv. landbrh. yrði bókstaflega látinn sligast undir þeirri ábyrgð, sem hann yrði að taka á herðar, af því að hann er samvizkusamastur af öllum ráðh., að hann skuli verða að taka að sér að fara að flytja þeim skilaboðin. Og svo munu þeir seinna meir segja við hann: Ja, þetta var þokkalegt Þarna fór þetta allt til andskotans hjá okkur og var tóm vitleysa frá upphafi vega. Og þú vissir það. Þú heyrðir þetta allt saman og gazt aldrei komið því inn í hausinn á okkur. — Ég skal segja ykkur það, að ég hef varla samvizku til þess að íþyngja svo hæstv. landbrh., sem mér er alveg sérstaklega vel við, að ætla að fara að láta alla hina sex hálfsleppa við ábyrgðina og ætla að koma henni yfir á hann, bara fyrir það að hann skuli einn hafa haft samvizku og sýnt Alþingi þá virðingu að sitja hér. Og svo að auki líka hitt, að þeir eru allir svo illa að sér í hagfræði, að þó að hann færi einu sinni að segja þeim þetta og hefði skilið þetta vel og skilmerkilega, þá mundi ekki veita af því, að þetta væri tuggið í þá tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum, þangað til það færi loksins að opnast eitthvað hjá þeim fyrir því.

Ég verð að segja það, að ég hef nefnilega því miður orðið var við slíka menn, sem eiga að vera sérfræðingar í þessum málum, — og er ég þó ekki að tala um hagfræðinga í þetta skiptið, ég á við bankastjóra, — ég hef reynt það hér á Alþ., að við vorum einu sinni búnir, n. hér frá þinginu, að kaupa eina 30 togara, höfðum nógan útlendan gjaldeyri í það og réðum honum sjálfir, höfðum keypt hann inn fyrir ríkið, en bankastjórarnir í Landsbankanum, — það var á þeim tíma stundum talað um landsbankavald, — réðu yfir íslenzku peningunum. Við réðum bara þeim útlendu og keyptum þessa 30 togara án þess að spyrja Landsbankann að. Og hver haldið þið svo að hafi verið vandræðin á eftir? Jú, vandræðin voru þau, að Ísland, íslenzka ríkið, íslenzka lýðveldið, sem var búið að eignast þessa 30 togara og borga þá út, gat helzt ekki flutt þessa togara heim upp á að láta nokkurn mann á Íslandi eignast þá, vegna þess að Landsbankinn, bankastjórarnir í Landsbankanum, þeir vildu ekki lána neina íslenzka peninga, til þess

að neinn íslenzkur borgari, einstaklingur eða bæjarfélag, gæti eignazt þessa togara.

Við náttúrlega vorum ekki í neinum vandræðum, sósialistarnir, með þetta. Við sögðum: Nú jæja, ef þið ekki viljið, að það sé hægt að selja þessa togara ýmsum bæjarfélögum eða öðrum slíkum, þá á ríkið þá alla 30 og verður þá að gera þá út, og við þurfum aldrei að spyrja ykkur neitt um það, því að við erum búnir að borga þá. Bankastjórar Landsbankans gátu ekki skilið, að það að snara út 100 millj. kr., íslenzkum krónum, fyrir þessa 30 togara, þýddi, að það kæmi aldrei neinn einasti af þessum seðlum í gang á Íslandi, vegna þess að þeir færu allir saman um leið til þess að kaupa þennan útlenda gjaldeyri, sem við vorum búnir að nota. Í hálft ár stóð Landsbankinn, bankastjórarnir, á móti því, að það væru hér á Alþingi gerðar ráðstafanir til þess, að íslenzkir borgarar og íslenzk bæjarfélög fengju að kaupa þessa togara, sem íslenzka ríkið var búið að kaupa. Og síðan urðum við í hálft ár í viðbót að knýja í gegn hér á Alþ. lagafyrirmæli, sem fyrirskipuðu Landsbankanum að stofna hina svokölluðu stofnlánadeild sjávarútvegsins og leggja þar þessar 100 milljónir fyrir.

Svona er það undarlegt. Stundum er svo um einföldustu hluti, sem þarf að gera til þess að byggja okkar þjóðfélag upp, að mennirnir, sem eiga að heita sérfræðingar, mennirnir, sem jafnvel ráða peningamálunum, virðast ekki hafa hugmynd um, hvað það er, sem skapar peningana, sem þeir eru að reyna að ráðstafa. Þá virtist það vera svo, að bankastjórarnir, sem réðu öllum gjaldeyrinum, sem framleiddur var, gerðu sér ekki grein fyrir því, á hvern hátt þessi gjaldeyrir væri til kominn, sem sé frá sjávarútveginum, og ef menn ætluðu að útvega meiri gjaldeyri, þá yrði það að gerast með því að auka sjávarútveginn.

Ég nefni þetta sem dæmi um, hvernig það er viðvíkjandi þessum málum, þegar farið er að tala um nýja efnahagsstefnu, eins og hæstv. fjmrh. var að tala um, þegar farið er að gera ráðstafanir með söluskatt, með útflutningsuppbætur, með gengislækkun og annað slíkt. Það, sem menn þurfa að skilja, til þess að ekki hljótist tjón af því, sem þeir gera, er að skilja grundvöllinn, sem okkar þjóðfélag byggist á, atvinnutækin og nauðsyn ríkisins, nauðsyn þjóðfélagsins á því, að þessi atvinnutæki séu rekin. Það hefði verið mjög gott, að hæstv. fjmrh. hefði gert sér þessa hluti ljósa. Hann er nýbyrjandi í að skipta sér af fjármálum, hvort sem hann ætlar sér að vera lengi í því eða ekki, og honum hefði verið ákaflega gott að læra af mistökum, sem gerð hafa verið áður. Og nú vildi ég alveg sérstaklega, að það væri gerð ráðstöfun til þess, að hæstv. fjmrh. kæmi, því að ég ætlaði að ræða við hann um eitt atriði, þar sem ég vil tala við hann ekki aðeins sem fjmrh., heldur einnig sem formann Sogsvirkjunarstjórnarinnar. Ég á sæti með honum í Sogsvirkjunarstjórninni og hef sjálfur kosið hann sem formann þar, þannig að mér þætti alveg sérstaklega vænt um, svo að ég neyðist ekki til, kannske einhvern tíma í nótt að fara að endurtaka þetta allt saman og fá hann til þess að ræða þetta þá, að í hann væri nú hóað.

Það hefur komið fyrir, að ríkisstj. hafi verið að minnast á verðbólgu. Ég býst við, að það sé enginn hv. þm., sem ber á móti því, og mig langar til þess að gefa hæstv. fjmrh. ofur lítið dæmi um, hvernig í sambandi við það lagafrv., sem hann hér leggur fyrir, og þær ráðstafanir, sem hann hefur verið með í að gera og fleiri með honum, — hvernig verðbólga er sköpuð og hve frámunalega vitleysislega er farið að. Því háttar svo, að þessi söluskattur, sem hér er um að ræða, er lagður líka á öll ríkisfyrirtæki, og ég skal þá taka dæmi t. d. af Sogsvirkjuninni og vélunum til Sogsvirkjunarinnar. Það var svo bæði í virkjuninni 1953 og virkjuninni núna, raunar eins og af áburðarverksmiðjunni, að það var lagður söluskattur á allar vélarnar til Sogsvirkjunarinnar. Sogsvirkjunin er eign ríkisins og Reykjavíkurbæjar, er sem sagt alveg opinber eign. Söluskatturinn er lagður á til þess að afla ríkinu tekna. M. ö. o.: ríkið leggur skatt á andvirði vélanna, sem þarf til þessa opinbera fyrirtækis. Það er að taka úr einum vasanum til þess að láta í hinn. Nú vill svo til um þá samninga, sem ríkisstjórnir undanfarið hafa gert, — og eiga þar allar ríkisstjórnir sama mál, sem setið hafa á undanförnum 6 árum, — að þær hafa venjulega gengið svo frá í sambandi við lántökur til Sogsvirkjunar, að það hafa ekki fengizt þau lán, sem þurfti til að borga þennan söluskatt, þannig að það hafa engir peningar verið til til þess að borga til ríkisins söluskattinn af vélunum til þessa ríkis- eða opinbera fyrirtækis. Þá hefur verið farin sú leið og er farin núna, að það er farið í einn ríkisbankann til þess að reyna að knýja þar út lán handa þessu ríkisfyrirtæki. M. ö. o.: ríkið leggur skatt á vélar til ríkisfyrirtækis, þínir það fyrirtæki til að fara til ríkisbankans til þess að taka lán í ríkisbankanum og borga með því skattinn í ríkissjóð. M. ö. o.: þrjár deildir ríkisins eru að innheimta hver hjá annarri, leggja skatt hver á aðra til þess, — já, til hvers á endanum? Það eru sömu aðilarnir, sem raunverulega borga þetta. Til þess að auka verðbólguna í landinu. Um það, hve slysalega þarna er að farið og vitleysislega, skal ég nefna eitt dæmi.

Í sumar brast garður, sem hlaðinn hafði verið út í Þingvallavatn, og ég býst við, að það tjón, sem verktakar þeir, sem þar eru að byggja, verða fyrir af þessu, verði kannske 4—5—6 millj. kr. Það er tilfinnanlegt og sárt og slæmt. En hvert haldið þið að tjónið sé, sem Sogsvirkjunin sjálf verður fyrir af því að verða að borga þennan söluskatt? Söluskatturinn er 30 millj. kr., það sem ríkið innheimtir hjá ríkisfyrirtækinu, og ríkisfyrirtækið verður að fá lán hjá ríkisbankanum til þess að borga þessar 30 millj. kr. En hvað þarf þetta opinbera fyrirtæki, Sogsvirkjunin, að gera til þess að fá þessar 30 millj. kr. að láni til þess að borga ríkinu? Það þarf, — það er gert á móti mínu atkv., — að taka lán hjá ríkisbankanum, þessar 30 millj. kr., sem fara eingöngu í að borga

söluskattinn, og hvað haldið þið að það þurfi að borga fyrir þessar 30 millj.? Það þarf að borga 6 millj. kr. fyrir það til ríkisbankans, m. ö. o.: það sama og slysið, sem varð uppi við Þingvallavatn, kostaði verktakana þar. Það sama kostar þetta slys, að ár eftir ár er það fjmrh., sem stjórnar landinu þannig, að þessi hringavitleysa innan ríkisbáknsins á sér stað og kostar okkur 6 millj. kr., sem náttúrlega leggst aftur á í auknu rafmagnsverði, sem þýðir aftur, að það verður að borga enn þá hærra, af því að þetta eru allt rafmagnsvísitölubréf, sem nú eru gefin út, — það verður að borga enn þá meira úr sjóði Sogsvirkjunarinnar á eftir. Og þetta hjálpar allt til þess að auka rafmagnsverðið hjá almenningi, sem aftur kemur fram í vísitölunni. Svona er hringavitleysan í þessum ráðstöfunum.

Haldið þið nú, að hæstv. fjmrh., sem nú er nýtekinn við og kann ósköp lítið í þessu, hefði ekki haft gott af því að sjá, hvers konar hringavitleysa það er, sem hann leggur hér fyrir Alþingi, sérstaklega vegna þess, að hann er sjálfur formaður Sogsvirkjunarstjórnarinnar, hefur staðið sjálfur í því að verða að reyna að fá þessi lán, hefur sjálfur verið að stritast við að semja við bankastjóra Landsbankans eða Seðlabankans og situr sjálfur alveg eins og ég með sveittan skallann við að undirskrifa skuldabréf upp á alla þessa vitleysu? Haldið þið ekki, að það sé eðlilegt, að mönnum ofbjóði, þegar þessi sama hringavitleysa er lögð núna fyrir einu sinni enn þá, þó að það sé nýr fjmrh., sem ætti einmitt að þekkja þennan hlut betur en allir aðrir fjmrh.? Haldið þið ekki, að það sé von, að manni ofbjóði, þegar þetta er nú endurtekið, sama vitleysan og var 1953, nákvæmlega sama vitleysan? M. ö. o.: slysin, sem forráðamenn ríkisins og í þessu tilfelli líka meiri hlutinn í stjórn Sogsvirkjunarinnar valda, eru meiri og dýrari en slysið 17. júní í sumar austur við Þingvallavatn.

Þið haldið kannske, fyrst ég minntist á vexti, þessar 6 millj. kr., sem við verðum að borga í vexti af þessum 30 millj., sem við verðum að taka í söluskatt, að það sé raunverulega hið eina, sem sé verulega erfitt viðureignar í þessum málum. Ég held nefnilega, að hæstv. fjmrh. ætti að gera sér ljóst, þegar verið er að tala um vexti, hvað þeir raunverulega þýða. Mér finnst, að í þeim prédikunum, sem fram fara til almennings, líka frá þessari hæstv. ríkisstj., sem nú hefur nýlega tekið við, sé stundum nokkuð lítið rætt um þá hluti. Ég varð nefnilega var við, að það var minnzt á það í yfirlýsingu ríkisstj., þegar hún tók við, að við Íslendingar lifðum um efni fram. Það virtist eiga við, að alþýða manna hefði líklega of hátt kaup, borðaði of mikið og klæddist of vel og byggi í of góðu húsnæði. Og manni virðist, að hjá þeim hagfræðingum, sem mest tala nú að því er virðist óbeint fyrir hönd ríkisstj., sé eins og gengið út frá því, að allur kostnaður í landinu, við alla framleiðslu og annað slíkt, sé óhjákvæmilegur og óhagganlegur nema kaupgjaldið.

Ég skal nú, ef þm. hafa orðið hissa á því, að Sogsvirkjunarstjórnin skuli hafa orðið að taka lán bara til þess að borga söluskattinn, 30 millj. kr., og borgar 6 millj. kr. fyrir það lán, fræða menn á því, að helmingurinn og stundum upp undir ⅔ af öllum kostnaði við Sogsvirkjunina eru vextir, vextir og ekkert annað. Það er talað um, að það eigi e. t. v. að lækka gengið á íslenzku krónunni, og svo framarlega sem það væri gert, þar sem hér er mestmegnis um útlend lán að ræða, mundu þessir vextir stórhækka, vegna þess að Framkvæmdabankinn, sem hefur annazt lánin með þeim þokkaskilmálum, sem hann bindur slíkum stofnunum eins og Sogsvirkjuninni á herðar, veltir gengislækkunaráhættunni af sér yfir á þessar stofnanir. Það hefur undanfarin ár í sambandi við lánin til t. d. núverandi virkjunar Sogsins verið tekið lán með miklu dýrari vöxtum en þurfti, og hæstv. núverandi fjmrh. hefur beinlínis staðið að því. Það eru fleiri, sem eru honum samsekir um það. Ég hef hér fundargerðir Sogsvirkjunarstjórnarinnar, þegar þessara lána var leitað, og ég hef hér afrit af því, sem gerðist á ráðstefnu Sogsvirkjunarstjórnarinnar við þá ríkisstj., sem sat að völdum um það leyti. Og um eitt var meiri hlutinn í Sogsvirkjunarstjórninni, Sjálfstfl. og þeir tveir flokkar, sem þá voru með okkur í ríkisstjórn, Framsókn og Alþfl., — um eitt voru þessir 3 flokkar sammála, og það var að hindra, að tekin væru ódýr lán til Sogsvirkjunarinnar, — lán, sem staðfest er hér í þessum plöggum, sem ég get lesið upp, ef þörf gerist, sérstaklega ef hæstv. fjmrh. óskar eftir því, hann kæmi hér og væri búinn að gleyma þessu, þá liggur það fyrir, að það var hægt að fá lán með 2½% vöxtum fyrir allri Sogsvirkjuninni, eins og hún lagði sig, söluskattinum handa fjmrh. líka. Meiri hlutinn í stjórn Sogsvirkjunarinnar, þar sem hæstv. fjmrh. er formaður, neitaði að leita fyrir sér um þessi lán. Í staðinn voru svo tekin alldýr lán, lán með 5—7% vöxtum í Bandaríkjunum, lán, sem mér skilst að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. séu að hugsa um að hækka í verði núna með gengislækkun, þannig að það eigi að velta yfir á neytendur í landinu verðhækkunaröldu með gengislækkun, og um leið náttúrlega hækka vextirnir af þessu, sá íslenzki yfirfærði hluti þeirra. Og nú er Sogsvirkjunin að taka lán til þess að borga þessar 30 millj. kr. í söluskatt, er að borga 6 millj. kr. út í hönd, fyrir fram greidda vexti, til þess að rísa undir því að borga fjmrh. þessar 30 millj., og er að skuldbinda sig um leið samkv. ákvörðunum meiri hluta hér á Alþingi til að borga meira, svo framarlega sem rafmagnið hækkar á næstunni. Þó að hún hafi getað fengið lán til þess að borga með m. a. þessar 30 millj. með 2½%, þá verður hún nú að undirgangast að borga frá 5 og upp í 7% og með vísitölu og eiga gengislækkun yfir höfði sér.

Menn eru kannske undrandi yfir því, að ég sé að ræða þessi mál. Hvaða máli skiptir það, þó að ríkið eða ríkisfyrirtæki séu féflett af þeim, sem stjórna þeim, og þó að þeir menn, sem ráða þessum hlutum, skeyti aldrei um

hagsmuni þeirra? Ég er ekkert sérstaklega hissa á því, — það hefur komið fyrir hér í sambandi við aðra hluti, eins og Aburðarverksmiðjuna, sem ég var að ræða nýlega, — að maður verður ár eftir ár að standa hér í sömu pontunni, nú í nýjum stól, til þess að reyna að bjarga því, að það sé ekki stolið af ríkinu fyrirtæki upp á hundruð milljóna króna, og maður verður að standa ár eftir ár í baráttu til þess að reyna að bjarga því, að ríkið sé ekki féflett og ríkisfyrirtækin með hringavitleysu eins og þessum söluskatti á ríkisfyrirtæki og með allt of háum vöxtum.

Ég veit, að það mun mörgum mönnum finnast hjákátlegt, að menn skuli yfirleitt vera að hugsa um hag ríkisins, um hag þjóðfélagsins í þessum efnum. Ég hef stundum orðið var við það, að miklum valdamönnum hér í ríkisstjórn og á Alþingi finnst ríkið og ríkisfyrirtækin vera eins og bráð, sem þeir hafi lagt að velli. Ef tveir flokkar hafa fengið meiri hluta á Alþingi, hvað eiga þeir þá að gera, finnst þeim? Þeir eiga að ganga í skrokk á ríkinu og reyta það eins og hægt sé. Maður hefði þó hugsað, að fjmrh. ætti að hafa einhvern áhuga fyrir ríkissjóði, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hafi nokkurn áhuga fyrir ríkissjóði, eða hvort honum sé alveg sama, hvernig með fé ríkisins sé farið. Og ég vil spyrja hann sérstaklega vegna þessa tilfellis, sem ég hér er búinn að rekja, af því að ég veit, að hæstv. fjmrh. á að þekkja þessa hlið málsins hinum megin frá. Hann er oft búinn að standa í sömu sporum og við aðrir í stjórn Sogsvirkjunarinnar að reyna að slást um að reyna að útvega þessa peninga, og hann hlýtur að vera farinn ofur lítið að skilja, hvers konar hringavitleysa þetta er. Þess vegna var ég forvitinn að heyra, hvort hann hefði nokkuð áttað sig og ætlaði að fara að breyta eitthvað um frá því, sem verið hefði áður, og þá dengir hann þessu frv. yfir okkur hér, þessum líka óskapnaði, með allan söluskattinn fram undan jafnvitlausan og áður, og svo kemur þetta allt saman til með að enda með því, að fjmrh. Gunnar Thoroddsen verður að keyra í hausinn á Sogsvirkjunarstjórnarformanninum Gunnari Thoroddsen þessari kröfu: Út með þessar 6 millj., út með þessar 30 millj. hækkaðar með rafmagnsverði o. s. frv.

Það verður þokkalegt ástand, sem hæstv. fjmrh. verður kominn í, ef hann áttar sig ekki í tíma, og það var það, sem ég vildi reyna að hjálpa honum til að gera. Þess vegna vil ég taka það enn einu sinni fram, að það er ákaflega slæmt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur, — ekki vegna þess, að ég treysti ekki hæstv. landbrh. til þess að reyna að troða þessu í kollinn á honum, en hæstv. fjmrh. hefði átt að bregðast fljótt við, ef hann hefði heyrt þetta allt saman, vegna þess að hann er vissum þáttum í þessu mjög kunnugur, en hefur aldrei fyrr en núna haft það tækifæri að vera fjmrh. um leið. Nú getur hann látið stjórn Sogsvirkjunarinnar njóta þess, að hann skilji eitthvað af þessum hlutum og að við þurfum ekki að standa frammi fyrir þeirri hringavitleysu, sem við höfum staðið frammi fyrir í sambandi við söluskattinn undanfarið. Þess vegna þykir mér ákaflega mikið miður, að hann skuli ekki vera mættur hér. Svo er líka alltaf slæmt að þurfa að vera að endurtaka hvað eftir annað yfir hausamótunum á honum það, sem hann þarf að vita, áður en hann tekur þátt í því að afgreiða svona frv. Ég get nefnilega vel skilið, að að sumu leyti hafi hann máske alls ekki hugsað neitt út í þetta, þegar hann setti þetta fyrir þingið. Það getur vel verið, að hann hafi alls ekki áttað sig á því, hvað þetta frv. sé vitlaust, og mundi þess vegna, þegar honum væri sýnt fram á það nú, vera reiðubúinn til að breyta þarna til.

Ég vil líka í sambandi við þetta, ekki sízt í sambandi við þá mynd, sem ég hef dregið upp af vöxtunum og þeirra þætti í svona fyrirtæki eins og Sogsvirkjuninni, leggja áherzlu á, að þegar verið er að tala um það af hálfu hæstv. ríkisstj. við almenning, að hann lifi um efni fram, þá verður hver sú ríkisstjórn, sem ætlar að leyfa sér að prédika slíkt, að byrja á því að sýna vilja sinn til þess að skera niður þann kostnað við framkvæmdir, framleiðslu og annað, sem hægt er að skera niður, og þar eru vextirnir stór liður. Vextirnir valda um þriðjungnum af allri dýrtíð á Íslandi. Og ef þessi hringavitleysa, sem þarna hefur verið með vextina, eins og ég lýsti núna, er ekki stöðvuð, þá er sama, hvað margar gengislækkanir eru framkvæmdar á 10 ára fresti á Íslandi. Það verður enginn endir á því, ef þið byrjið ekki þar á, sem upphafið er að, — áður en farið sé að segja við nokkurn alþýðumann í þessu landi, að hann lifi um efni fram, þá sé ríkisstj., sem með völdin fer, búin að skera niður á öllum þeim sviðum, sem spara má, allt, sem hægt sé að skera niður.

Ég hef hér sýnt fram á bara á þessu litla sviði í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, viðvíkjandi söluskattinum, hvernig beinlínis ríkisstjórnirnar sjálfar gera ráðstafanir til verðbólgunnar, hvernig skatturinn á þessi ríkisfyrirtæki, eins og í þessu tilfelli, verður til þess að skapa sífellt aukið og hækkað verð á rafmagninu í þessu sambandi, hvernig ríkið innheimtir hjá sjálfu sér hluti, sem engum óvitlausum manni nokkurs staðar í veröldinni mundi detta í hug að framkvæma.

Þess vegna eru vaxtagreiðslur langt yfir efni fram, gengislækkanir langt yfir efni fram hlutir, sem þarf að stöðva. Við höfum ekki efni á þess háttar vitleysispólitík, eins og er fólgin í þessum söluskatti, hvernig honum hefur verið beitt, og eins og fólgin er í þeim ráðstöfunum til gengislækkunar, sem gerðar voru 1950 með þeim afleiðingum, sem ég hef lýst, og talað er um að gera núna og mundu hafa sömu afleiðingarnar. Við höfum ekki efni á þessum ráðstöfunum.

Þess vegna er nauðsynlegt, að Alþingi og ríkisstj., þegar rætt er um þetta frv., sem hér liggur fyrir, geri sér ljóst, að það er tími til kominn að stöðva þessa vitleysu. Það er tími til kominn að stinga þarna við fæti og breyta þarna um stefnu, ekki á þann hátt, sem gert var 1950, sem leiddi alla sömu vitleysuna yfir

aftur, en tafði hins vegar fyrir virkjununum, heldur með því að taka upp þá stefnu að skapa stöðugt verðlag í landinu, með því að hafa skipulagt þjóðfélagið og atvinnuvegina þannig, að búið væri að nema brott allt, sem óþarfi væri, arðrán eða vitlausa stjórn, og ef það dygði ekki til að tryggja þau lífskjör, sem almenningur býr við í landinu, þá fyrst væri hægt að koma til hans og tala við hann um að breyta þeim.

En hvernig stendur á því, að þetta frv. skuli vera lagt fyrir nú? Hvernig stendur á því, að þessar vitleysur, sem ég nú hef rakið, skuli af fjmrh., sem ætti þó að vita betur og eitthvað geta lært af reynslunni, vera endurteknar alveg á sama hátt og áður hefur verið gert? Jú, það stendur þannig á þessu, að það er verið að reyna að flaustra þinginu af. Það er verið að reyna að losna við þingið. Og í sambandi við það, í sambandi við þennan ótta, sem fram kemur hjá hæstv. ríkisstj., þennan ótta við Alþingi og umræðurnar hér, vildi ég gjarnan ræða nokkuð til viðbótar við hæstv. fjmrh. út af yfirlýsingu, sem hann gaf. Nú vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að það verði gerð gangskör að því að vita, hvort ekki er von á hæstv. fjmrh. í þingið. **(Gripið fram í:** Það er ekki von á honum fyrr en kl. 7.) Er ekki von á honum fyrr en kl. 7? Þá býst ég við, að það verði nú gert hlé. Skyldi vera von á honum í kvöld? **(Gripið fram í:** Ég sagði fyrir 7.) Já, en það er þá kannske von á honum eftir 7? **(Gripið fram í:** Ef það verður kvöldfundur, þá geri ég ráð fyrir því.) Er það ekki alveg víst, að það verði kvöldfundur? **(Gripið fram í:** Ætli það séu ekki nógir á mælendaskrá, ef þessi þm. frestar sínu máli?) Ég hef nú sem stendur orðið, og ef fjmrh. kemur ekki fyrr en á kvöldfundinum, þá get ég náttúrlega líka talað við hann á kvöldfundinum. Það er víst einu sinni svo, að ef fjallið kemur ekki til Múhammeðs, þá verður Múhammeð að fara til fjallsins. Maður verður víst að sætta sig við það, að mönnum, sem eru nýorðnir svona voldugir höfðingjar, finnist, að þeir þurfi ekki að tala við þing eða þingmenn, nema þegar þeim þóknast. Það eru ekki allir ráðherrar, sem eru eins lítillátir og hæstv. landbrh., enda vanur því að sitja í þessum stól áður, að hann sýni þinginu þá virðingu að ræða og hlusta á þá hluti, sem þar eru ræddir.

Hæstv. fjmrh. gaf þá yfirlýsingu í gær, að það væri stefna ríkisstj. að taka upp nýtt efnahagskerfi, ég held meira að segja, að hann hafi sagt: að taka upp nýtt efnahags- og fjármálakerfi. Ég varð satt að segja dálítið hissa. Ég hafði eins og aðrir hv. þm. hlustað á stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Ég hafði hlustað á hæstv. forsrh. flytja stefnuyfirlýsingu ríkisstj. hér 20. nóv., þegar Alþingi var sett. Ég hef lesið þessa stefnuyfirlýsingu yfir, og ef menn væru búnir að gleyma henni, þá gæti ég lesið hana upp fyrir mönnum einu sinni enn þá, hún er ekkert mjög löng. Ég hef farið vel í gegnum hana; hafði hlustað á hana og hugsað ofur lítið um hana, af því að það féll í minn hlut að tala ofur lítið á eftir hæstv. forsrh. Og ég hef leitað með logandi ljósi í þessari ekki svo mjög löngu stefnuyfirlýsingu að boðuninni á nýju efnahagskerfi. Ég hef verið að athuga það. Byrjunin er, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþingi tillögur um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram og að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla, og erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigt getur talizt."

Síðan er haldið áfram og talað um traustan og heilbrigðan grundvöll og ýmislegt slíkt, en hvergi nokkurs staðar í yfirlýsingunni er eitt einasta orð um nýtt efnahagskerfi. Ég held ég fari þar áreiðanlega rétt með. Ef einhver ber brigður á það, skal ég lesa þetta upp orð fyrir orð. En ég held, að menn megi hafa það fyrir satt, að það er hvergi nokkurs staðar í þessari stefnuyfirlýsingu með einu orði talað um nýtt efnahagskerfi. En hæstv. fjmrh. lýsir því yfir núna, — í gær, held ég það hafi verið, — að það sé stefna ríkisstj. að taka upp nýtt efnahagskerfi. Hvernig er þetta? Er ríkisstj. búin að fá nýja stefnu síðan 20. nóv.? Er allri rannsóknin lokið? Eru sérfræðingarnir komnir með þetta allt saman? Eru þeir alveg til með kerfið og ríkisstj. búin að fallast á það og búin að móta sína stefnu? Og því í ósköpunum er þá verið að senda okkur heim? Eða veit hæstv. fjmrh. svona miklu, miklu meira en hæstv. forsrh. vissi og ríkisstj. öll vissi, þegar ríkisstj. var mynduð? Menn tala ekki um, að það sé stefna ríkisstj. að skapa nýtt efnahagskerfi, fyrr en menn vita, hvers konar kerfi er ætlunin að skapa. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að okkur þm. langi til þess, að hæstv. fjmrh. sé hér viðstaddur hjá okkur, til þess að við getum fengið að heyra um þetta nýja efnahagskerfi. Það væri ekki gaman fyrir okkur, ef það væru einu sinni enn bara nýju fötin keisarans, sem ætti að fara að klæða ríkisstj. í, ef aumingja hæstv. ríkisstj. ætti nú að standa berstrípuð eftir nokkurn tíma, ef þetta nýja efnahagskerfi væri ekkert haldbetra en nýju fötin keisarans. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhjákvæmilegt, fyrst hæstv. fjmrh. er nú nýr í ríkisstj., nýr sem fjmrh., og gefur þess vegna svona skorinorðar yfirlýsingar, að hann lýsi þessu nýja efnahagskerfi fyrir okkur. Maðurinn fer varla að tala um nýtt efnahagskerfi, ef hann veit ekki um, að ætlunin sé að skapa kerfi, — og ætli maður að skapa kerfi, þá veit hann, hvernig það er. Það er kannske hitt til, að hann hafi einhverja hugmynd um, hvernig kerfið eigi að vera, en hinir ráðh. séu alls ekki búnir að fallast á það. Ef svo væri, þá væri náttúrlega enn þá meiri þörf á því, að hann lýsti þessu efnahagskerfi fyrir okkur. Ef til vill er þetta nýja efnahagskerfi hans svo gott, að ýmsir þm. vildu fara að fylgja því, ef hinir ráðh. væru með eitthvað miklu verra. Kannske

er líka hitt til, að hans efnahagskerfi sé svo slæmt, að menn vildu miklu frekar aðhyllast eitthvað, sem hinir ráðh. væru með. Ég held það væri alveg nauðsynlegt, að við fengjum að vita um þetta.

Ég tók eftir, að hæstv. ráðh. talaði dálítið flott, sló dálítið um sig. Hann sagði, að það mundi vanta 200—300 millj. kr. Ég hélt, að forsrh. hefði sagt, að það væru 250 millj. kr. En þetta er kannske nokkuð mikið á reiki, hvort það eru 200, hvort það eru 300, — vonandi fáum við ekki að heyra eftir einn mánuð, að það séu 400. M. ö. o.: ef annars vegar á að vera búið að skapa nýtt efnahagskerfi og móta stefnu ríkisstj. viðvíkjandi því og hins vegar sé vafamál, hvort það séu 200 eða 300 millj., sem vantar, þá er satt að segja ekkert óeðlilegt, þó að maður vilji gjarnan fá að vita, hvað af þessu öllu saman það er, hvort það eru 200 eða 300 og hvort búið er að ákveða stefnu ríkisstj. viðvíkjandi nýju efnahagskerfi eða ekki.

Meðan hæstv. fjmrh. eða aðrir ráðh. gefa ekki neina yfirlýsingu um stefnuna í þessu og meðan við fáum ekki að heyra frá þeim hér á Alþingi, hvort það eru 200 millj., hvort það eru 250 millj. eða hvort það eru 300 millj., sem vantar, og með hvaða kerfi þeir ætla að skapa þessar milljónir, þá er máske ekki óeðlilegt, að við höldum okkur ofur lítið að einu upplýsingunum, sem við höfum fengið enn þá, — upplýsingum, sem enginn úr hæstv. ríkisstj. hefur mótmælt, og upplýsingum, sem eru frá helzta sérfræðingi ríkisstj. í þessum málum, frá æðsta samstarfsmanni ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónasi Haralz ráðuneytisstjóra. Í ræðu, sem birt er í Morgunblaðinu og hann hélt 1. desember, í þeim sex boðorðum, sem hann segir ríkisstj., að hún eigi að breyta eftir, tekur hann m. a. fyrir, hvernig afgreiða skuli fjárlögin. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. lítur á það sem einhverja véfrétt, en ég vona a. m. k., að hann geri það ekki. Það stendur í þessari ræðu, eins og hún er birt í Morgunbl., í öðru boðorðinu þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlög verða að vera hallalaus og helzt með nokkrum greiðsluafgangi. Binda verður enda á lánveitingar úr ríkissjóði og draga úr eða helzt hætta með öllu veitingu ríkisábyrgða fyrir lánum. Þetta hvort tveggja, veiting lána og ábyrgða, er verkefni banka, sem ríkissjóður getur ekki tekið að sér, svo að vel fari."

Er þetta stefnan? Er þetta einn liðurinn í nýja efnahagskerfinu? Ef svo er, má ég þá minna á, hvað gerðist hér á Alþingi í þessum efnum fyrir 25 árum? Þá var nýtekin við völdum ríkisstjórn. Ísland var fátækt, átti erfitt. Það var kreppa og atvinnuleysi í landinu, og ríkisstj. vildi gjarnan reyna að vinna að því að byggja upp atvinnulíf landsins. En til þess þurfti hún að fá leyfi til að taka erlent lánsfé. Það var m. a. á þeim tíma verið að undirbúa það að koma upp fyrstu Sogsvirkjuninni og verið að undirbúa það að koma upp hitaveitu í Reykjavík. Hver voru skilaboðin, sem sú ríkisstj. fékk viðvíkjandi lántökum erlendis og ríkisábyrgðum? Skilaboðin, sem sú ríkisstj. fékk, — það var ríkisstj. Framsóknar og Alþfl., sem tók við árið 1934, — voru þau, — það var frá Hambros Bank í London, sem var aðalviðskiptabanki Íslands, — að ríkisstj. yrði að gera svo vel að gefa yfirlýsingu um það, að hún ætlaði ekki að ganga í neinar ríkisábyrgðir og ekki aðstoða nein atvinnufyrirtæki á Íslandi til þess að vinna að þjóðþrifamálum, sem menn höfðu áhuga á, bæði Reykjavíkurbær og fleiri. Ríkisstjórnin varð að gefa svona yfirlýsingu, af því að útlendur banki heimtaði það, og þetta þýddi m. a., að ríkisstj. mátti ekki ábyrgjast Sogsvirkjunina, og það kostaði mörg ár og langa baráttu að útvega lán til Sogsvirkjunarinnar, af því að ríkið gat ekki ábyrgzt það. Og sömu baráttuna varð að heyja viðvíkjandi hitaveitunni og láta hana dragast lengi þess vegna.

Ég hef ofur litla hugmynd um, hvernig hlutirnir gerast, þegar lán hafa verið tekin á Íslandi á síðustu tímum.

Ég veit og hef upplýst það hér áður, að eitt af skilyrðunum fyrir lánunum, sem Sogsvirkjunin fékk, — sú Sogsvirkjun, sem fullgerð var árið 1953, Írafossvirkjunin, — var skilyrði frá hálfu Alþjóðabankans, að helmingurinn af öllu rafmagni, sem hægt væri að framleiða með virkjununum, væri seldur á verði, sem raunverulega var undir kostnaðarverði til áburðarverksmiðjunnar í næstu 15 ár. M. ö. o.: ég veit ósköp vel, hvernig Alþjóðabankinn setur íslenzkum stjórnarvöldum skilyrði í sambandi við lánveitingar. Ég veit líka, hvernig reynt var að koma áburðarverksmiðjunni úr ríkiseign, gera hana að hlutafélagi undir þrýstingi slíkra aðila, og ég veit, hvernig reynt var að koma sementsverksmiðjunni úr ríkiseign, þótt sú stjórn, sem þá sat að völdum, stæði vel á móti þeirri tilraun og léti hana ekki heppnast.

Ég vil spyrja, og það væri gott, að hæstv. fjmrh. upplýsti það: Hvernig stendur á, að ráðuneytisstjóri efnahagsmrn. og ríkisstj. skuli gefa í ræðu, sem haldin er um sama leyti og einn helzti maður Efnahagssamvinnustofnunarinnar er á ferðinni hér, eins konar fyrirskipun, því að hér er að ræða um fyrirskipun: binda verður enda á lánveitingar úr ríkissjóði, — hvernig stendur á, að þetta er gert, á sama tíma sem á að senda Alþingi heim? Ég get svarað þessu. Það stendur þannig á því, að þessir menn, sem þarna eiga að starfa, standa í sambandi við útlenda aðila, Alþjóðabankann, og fara eftir áliti frá þeim um þessi mál. Og hér koma útlendir aðilar, eins og Sargent nú, og gefa yfirlýsingar um það í fyrirlestrum í háskólanum, að ef kartöflurækt sé minnkuð á Íslandi og aðrar slíkar álíka viturlegar ráðstafanir, þá séu allir styrkir til reiðu, sem Efnahagssamvinnustofnunin geti í té látið, og annað slíkt. M. ö. o.: það eru þarna útlendir aðilar, sem hafa ekki hundsvit á íslenzkum atvinnuháttum, eins og þeir sýna í sínum ræðum og afskiptum, að gefa eins konar fyrirmæli til okkar Íslendinga, til ríkisstjórnar, til hæstv. fjmrh. um, hvernig eigi að afgreiða fjárlög til Alþingis, hvort það eigi að vera ríkisábyrgðir á fjárlögum. Þeir ætla að fara að fyrirskipa, hvernig 22. gr. sé. Hvað ætla þessir menn sér? Hvað leyfa þeir sér? Er þetta nýja efnahags-

kerfið, sem á að koma? Á það, sem var neyðarúrræði fyrir íslenzku þjóðina, þegar hún var beygð undir erlent vald, undir brezka bankavaldið árið 1934, á það að vera eitthvert evangelíum, á það að vera einhver fagnaðarboðskapur, sem sérfræðingar flytja núna um, hvernig traustur efnahagsgrundvöllur eigi að vera?

Meðan hæstv. fjmrh. fæst ekki til að gera grein fyrir sínu nýja efnahags- og fjármálakerfi, verð ég að halda mér áfram við yfirlýsingar hins sameiginlega ráðuneytisstjóra allrar ríkisstjórnarinnar, sérfræðings hennar í efnahagsmálum. Hvernig byrjar fjórða boðorðið hjá honum í þessari ræðu, sem ég vitnaði í áður? Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sama gengi verður að gilda fyrir útflutning og innflutning, er sé miðað við að skapa jafnvægi í greiðsluviðskiptum landsins við önnur lönd. Það er einmitt hlutverk gengisins að skapa slíkt jafnvægi, og ekkert annað tæki er til, sem getur komið í þess stað.“

Svo mörg eru þau orð. Má ég vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, hvað gengisbreyting, — hún er venjulega aðeins rædd í sambandi við, hvort kaupgjald, raunverulegt kaupgjald hækki eða lækki, hvort útflutningsafurðirnar hækki eða lækki, og við höfum rætt það svo oft, að ég ætla ekki að gera það að umtalsefni, — en má ég vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, ef hún hefur ekki þrauthugsað það mál, hvers konar tilfærsla gengisbreyting nú væri á öllum eignum í landinu? Ég skal skýra, hvað ég á við.

Það voru gerðar í tíð vinstri stjórnarinnar ýmsar ráðstafanir, sem ég fyrir mitt leyti var á móti. Með þeim ráðstöfunum, 55 prósentunum og öðru slíku, hefur engin eignatilfærsla verið gerð. Ég skal skýra þetta nánar. Við skulum taka togaraeiganda, sem hefur fengið togara á 3 millj. kr. á sínum tíma, — fengið 75—85% af þessum 3 millj. kr. að láni frá ríkinu, og að nokkru leyti stendur þetta enn þá sem skuld við stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. Þrátt fyrir útflutningsuppbæturnar og 55 prósentin og önnur prósent, sem á hafa verið lögð, þá er eignaafstaða þessa togaraútgerðarmanns hin sama og hún var áður. Viðkomandi togaraútgerðarmaður eða ef hann er eigandi hraðfrystihúss, sem líka hefur fengið slíkt stórlán úr ríkissjóði, og aðrir slíkir, — viðkomandi togaraútgerðarmaður, hraðfrystihúseigandi eða slíkur er jafnháður ríkisvaldinu og áður um rekstur síns útvegs, og þar með er hans eignarhald á þessum eigum honum ekki sérstaklega mikils virði, ekki a. m. k. hægt fyrir hann að nota það sem eign á móti ríkinu og þjóðfélaginu, á meðan þetta ástand ríkir, sem nú er. Eigandi hraðfrystihúss og eigandi togara verður að koma á hverju ári til ríkisins, til þjóðfélagsins og segja við ríkisstj., hver sem hún er: Get ég fengið samning við ykkur um að reka minn útveg og mitt hraðhrystihús? Og ríkisstj. er þá í þeirri aðstöðu, að hún getur sagt við hann, eins og flestallar ríkisstj. hafa gert á Íslandi á undanförnum áratugum, — hún getur sagt við hann: Já, það er sjálfsagt, við viljum tryggja, að þú getir rekið þinn atvinnuveg, vegna þess að hann er um leið undirstaða okkar þjóðarbús, og við viljum tryggja, að þú getir rekið hann án þess, að það sé taprekstur. Þess vegna viljum við veita þér uppbætur. — Þetta hafa ríkisstj. sagt á Íslandi nú í meira en áratug.

Þessar ríkisstj. hafa getað sagt þetta vegna þess, að viðkomandi eigandi varð að koma til ríkisins og biðja um að fá að reka þetta. Og ríkisstj. gátu um leið sett það skilyrði, að hann ræki þennan atvinnuveg, að togurunum væri haldið úti, að hraðfrystihúsin væru rekin.

Hvað gerist nú, svo framarlega sem gengi er breytt? Ég vil undirstrika þetta, vegna þess að ég efast um, að þeir menn, sem tala núna um gengisbreytingar, reikni með því, hvaða afleiðingar þetta hefur. Eignin, sem eigandi hraðfrystihúss á núna í sínu hraðfrystihúsi, er orðin raunverulega hverfandi lítils virði. Þjóðfélagið hefur sterk tök á þessari eign, einmitt í gegnum þetta uppbótakerfi, sem alltaf er verið að bölva. Þjóðfélagið, ríkið hefur í gegnum það tök á þessum einkaatvinnurekendum til þess að geta knúið þá til að gera út og reka sín hraðfrystihús. Hvað gerist, um leið og gengi er breytt? Þá gerist það, að skuldirnar, sem þessir menn eiga, eru svo að segja afskrifaðar. Ég skal taka sem dæmi, að þeir hafa fengið þessi lán, fjöldinn af þessum mönnum, meðan dollarinn enn þá var kr. 6.32, og sumir hafa fengið lán seinna, eftir að hann komst upp í 16 kr. Ef dollarinn væri nú settur upp í 38 kr., þá yrðu svo að segja allar skuldir þessara manna, allar skuldbindingar þeirra hvað fjármuni snertir gagnvart ríkinu þurrkaðar út. Og þeir eiga þessar eignir. Þeim eru gefnar þessar eignir sem einstaklingseign þeirra, óháð ríkinu og óbundin því á allan hátt. Þessi till. frá þessum ráðuneytisstjóra þýðir fyrir utan allt annað, fyrir utan alla árás á lífskjör almennings, og allt saman annað slíkt, þá þýðir hún að gefa nokkrum atvinnurekendum í landinu hundruð milljóna króna, færa þeim ávísun fyrir því, gefa þeim sem algera einkaeign þeirra fyrirtæki, sem nú eru að vísu að nafninu til í þeirra eigu, en þjóðfélagið hefur svo sterk tök á, að þeir geta ekki ráðið þessum eignum nema í samkomulagi við þjóðfélagið.

Ég veit ósköp vel, jafnvel og aðrir hv. þm., hve leiðinlegt uppbótakerfið er, hvaða galla það hefur, hvaða spilling er víða með því, hvaða óhagræði er í sambandi við það og tekjuöflunina til þess. En fyrir utan allt annað, utan alla þá tryggingu, sem það hefur verið fyrir stöðugri atvinnu í þjóðfélaginu, og annað slíkt, þá vil ég benda á þennan þátt. Og af hverju er ég að benda á hann? Af því að ég býst við, að meginið af þeim mönnum, sem fjalla um þessi mál nú, þekki alls ekki það ástand í þjóðfélaginu, þegar einkaeigendurnir gátu ráðið yfir þessum eignum án þess að spyrja þjóðfélagið og ríkisstj. Ég man eftir ástandinu hér 1936. Alþfl. hefði kannske gott af að hugsa um það, hann var þá í stjórn með Framsfl. Þá stöðvuðu togaraeigendurnir hér í Reykjavík, sem þá áttu alla togarana, þeir stöðvuðu alla togarana til

þess að knýja ríkisstj. til þess að láta að vilja sínum. Ég vil vekja athygli þeirra, sem hugsa um gengislækkun bara sem eins konar bókfærslu í dag, á því, að það þýðir að stela raunverulega frá ríkinu og almenningi og þjóðinni hundruðum milljóna króna, sem yrðu gefnar ríkustu mönnum Reykjavíkur, afskrifaðar skuldirnar á þeirra fyrirtækjum, afskrifaðar allar skuldbindingar þeirra gagnvart ríkinu og þeim gefin í einkaeign öll þau hraðfrystihús og togarar, sem þeir hafa nú að nafninu til sem sína eign, en þeir geta ekki ráðstafað sem sinni eign nema í samfélagi við ríkið. Ég vil vekja athygli á þessu, vegna þess að strax og búið væri að breyta genginu svona, þá er skipt um herra í þjóðfélaginu. Í dag eru það ráðherrarnir, sem milljónamæringarnir í Reykjavík verða að koma til og spyrja þá: Get ég fengið samkomulag við þig nú fyrir nýárið um að fá að gera út? Get ég fengið samkomulag við þig? — Og ráðh. getur sagt: Já, ég skal láta þig hafa svona og svona miklar uppbætur, þú færð kannske 5000 kr. fyrir hvern dag, sem þú rekur togarann. — Og það þýðir, að atvinnurekandinn vill heldur reka togarann en láta hann liggja. Það voru þeir dagar hér, að togararnir voru bara gerðir út hundrað daga á ári, og þeir dagar geta komið aftur, ef togaraeigendurnir fá algera einkaeign yfir sínum togurum.

Það er alveg rétt, að það er óttalegt ónæði að því fyrir ríkisstj. að þurfa um hver áramót að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að útflutningsatvinnuvegirnir gangi. En ég veit ekki, hvort þeirri ríkisstj. þætti betra að vera við völd, sem væri stillt frammi fyrir því af völdugum milljónamæringum, sem væru búnir að fá alger eignaryfirráð yfir sínum fyrirtækjum eftir slíka gengislækkun, ef dollarinn væri settur upp í 38 kr., — ég veit ekki, hvort þeim ráðherrum þætti betra að vera í sínum sessi, sem sæju alla togarana og hraðfrystihúsin stöðvuð, vegna þess að atvinnurekendurnir væru að heimta þetta og þetta og skipuðu ríkisstj. að láta það í té. Það var ástand, sem við þekktum áður, t. d. 1936, við sem höfum lifað alla kreppuna hér. Ef gengislækkun er gerð og útflutningsuppbæturnar þurrkaðar burt, þá eru öll þau afskipti og öll þau áhrif, sem ríkið hefur haft undanfarið á einkaatvinnurekendurna, þurrkuð út. Það eina, sem við þá gætum gert til þess að knýja slík afskipti í gegn, er bein þjóðnýting, sem yrði helmingi harðvítugri að berjast um, vegna þess að eftir stjskr. er það nokkuð dýrt fyrir ríkið að verða kannske að taka eignarnámi seinna meir alla togarana og frystihúsin. Og af hverju yrði það dýrt? Það yrði dýrt vegna þess, að hér eru nú menn, sem ætla að fara að gefa atvinnurekendunum í Reykjavík, milljónamæringunum í Reykjavík, allar þessar eignir með gengislækkun. Ef Alþingi ákvæði á morgun að þjóðnýta togarana og hraðfrystihúsin, þá er það auðveldur hlutur og ódýr, ódýrt fyrir þjóðfélagið. Ef þessi gengislækkun verður gerð, þá kostar það þjóðfélagið hundruð milljóna króna, ef ekki meira, að kaupa þetta af þessum aðilum. Og þó er það ríkið, sem hefur lánað þessum mönnum allt, sem þeir þurftu svo að segja til þess að koma þessu upp, lánað þeim upp í 70 og 80% af andvirði þessara eigna.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstjórn eða sá ráðuneytisstjóri, sem skrifar þetta, hefur athugað þessa hlið á málinu. Það er að vísu ekki möguleiki á því nú að fá fram ráðstafanir um þjóðnýtingu á stærstu hraðfrystihúsunum. Því miður virðist hér stefnt í öfuga átt af meiri hlutanum. En það er ekki ástæða til þess að gera ráðstafanir til þess, ef menn vildu taka upp svo skynsamlegt fyrirkomulag eins og þjóðnýting á stærstu hraðfrystihúsunum mundi vera, að baka ríkinu með því þann óskapabagga, sem því væri bakaður, ef gengið nú væri fellt. Ég vil vekja athygli á því, að ef slíkt er gert, þá yrði það aldrei aftur tekið, það er ráðstöfun, sem einu sinni er búin og gerð. Ef maður ætlaði að fara að breyta því aftur, þá þyddi það bókstaflega „konfiskation", þyddi það upptöku eigna án skaðabóta, sem er á móti stjskr., þannig að þeir menn, sem mundu gera svona ráðstafanir núna, þurfa helzt að vita, hvað þeir gera.

Ég var líka í fjhn. þessarar hv. d., þegar gengislækkunin var gerð 1950. Ég stóð líka í því þá að yfirheyra þann efnahagsmálaráðunaut, sem ríkisstj. hafði, og við sáum þá strax, ýmsir í fjhn., hvert þetta mundi leiða, ráðstafanirnar, sem gerðar voru, og það sýndi sig árið eftir. Þeir höfðu reiknað vitlaust, reiknað allt vitlaust þessir menn, af því að þeir þekktu ekki ástandið hér á Íslandi. Þess vegna veit ég, hve mikil nauðsyn er á því, að hægt væri að ræða þessi mál við þá menn, sem nú eiga að taka ákvarðanir um þau, bara vegna þess, að við, sem eldri erum á þinginu, höfum ýmsa reynslu í þessum efnum, sem er gott að þeir yngri viti af. Þeir síðan um það, hvernig þeir vilja hagnýta hana. Það eru menn hér á þinginu, sem mundu svara viðvörun minni við því að gefa milljónamæringunum í Reykjavík mörg hundruð milljóna króna og ótakmarkað eignarhald á fyrirtækjum, sem ríkið hefur lánað þeim peninga til að koma upp, — það eru menn, sem mundu segja: Það er hið eina rétta í þjóðfélaginu, að örfáir menn eigi öll atvinnutækin, og þess vegna er ágætt, að ríkið gefi þeim þetta. Það eru til slíkir menn. En ég vildi a. m. k., að þeir, sem væru á annarri skoðun, þeir, sem álitu heppilegt, að almenningur réði sjálfur nokkru um og ríkið og bæjarfélögin réðu sjálf nokkru um þau fyrirtæki, sem við byggjum líf okkar á, gerðu sér það fullkomlega ljóst, hvað þarna væri um að ræða.

Í því, sem ég vitnaði í áðan, segir þessi ráðuneytisstjóri: „Það er einmitt hlutverk gengisins að skapa slíkt jafnvægi, og ekkert annað tæki er til, sem getur komið í þess stað." Þessi setning ein sýnir, af hvílíkri fádæma fávizku og yfirborðshætti er talað um þessi mál, í tón, eins og menn væru að boða algildan sannleika, eins og gengið sé eina aðferðin til þess að skapa svona jafnvægi. Í meiri hluta af löndum veraldarinnar er gengið ekki einu sinni það, sem notað er til að skapa svona jafnvægi. Gengið

var það einu sinni, um miðja 19. öld. Það var á tímum hinnar óhindruðu, frjálsu samkeppni, á tímum Manchester-stefnunnar, eins og það er kallað í hagfræðikenningum, þá var þetta rétt. Og hvernig var þá? Jú, þá var hægt að kaupa hvaða gjaldeyri sem var í hvaða landi sem var fyrir gjaldeyri annarrar þjóðar, — algerlega frjáls gjaldeyrissala, og gengi hverrar þjóðar var skráð af kauphöllunum daglega eftir því, hvernig gekk hjá viðkomandi þjóð. Þetta er fyrirkomulag, sem er horfið fyrir allmörgum áratugum, og það eru ekki nema tvær, þrjár, fjórar þjóðmyntir í veröldinni, sem þetta gildir um núna. Meginið af öllum þjóðum veraldarinnar hefur aðrar aðferðir til þess að skapa sér jafnvægi. Og meira að segja þær þjóðir, sem sjálfar þykjast nú halda mest í þetta — við skulum segja Bandaríkjamenn með sinn volduga dollar, — meira að segja þeir skrá dollarinn hringlandi vitlaust og viðurkenna það. Hann er ekki skráður eftir gullgengi. Meginið af þjóðfélögum veraldarinnar hefur aðrar aðferðir til þess að skapa þetta jafnvægi. Sum þjóðfélög, eins og þau sósíalistísku þjóðfélög, gera þetta með algerlega framkvæmdum áætlunarbúskap. Þjóðir, sem eru okkur skyldastar og nánastar, blanda þessum kerfum saman, — við skulum segja Norðmenn, sem framkvæma allmikinn áætlunarbúskap og hvers konar eftirlit, en reyna að hafa vissa hluti frjálsa um leið, en undirbyggja með áætlunarbúskapnum þann atvinnurekstur, sem þeir álíta að geti gefið sem mestan gjaldeyri. En Norðmenn, hvað gera þeir um leið? Norðmenn styrkja sinn sjávarútveg.

Ef það eru einhverjir menn, sem láta sér detta í hug, að afnám uppbóta sé fyrirkomulag, sem er einhvers staðar annars staðar í gildi í heiminum, þá eru þeir menn blekktir. Mér þætti gaman að sjá framan í þær þjóðir, sem hafa ekki uppbætur í einhverju formi. Við skulum taka fyrst og fremst Bandaríkin. Hvaða þjóð er það, sem gerir meira að því að kaupa upp landbúnaðarafurðir heldur en Bandaríkin, styðja landbúnaðinn með því? Þau gera þær ráðstafanir núna, að upp undir tveggja ára framleiðsla af landbúnaðarvörum Bandaríkjanna liggur í eigu bandarísku ríkisins uppkeypt. En það er keypt upp með því skilyrði, að um leið séu bændurnir að minnka ræktunina, eyðileggja ræktað land í Bandaríkjunum. Englendingar styrkja sína eggjaframleiðslu þannig, að þeir eru búnir með uppbótunum til eggjaframleiðenda að eyðileggja allan markað fyrir dönsk egg í Englandi. Uppbótakerfið er því hjá öllum þessum þjóðum, sem eru að senda sína sérfræðinga nú til okkar og segja okkur: Afnemið þetta. Skapið gengi, sem er alveg frjálst, og látið gengið eitt skapa jafnvægið. — Það er engin þjóð í heiminum, sem framkvæmir þetta. Ekki nokkur. Og það eru valdamenn vissra þjóða, sem dettur í hug að telja mönnum trú um, að þetta sé gert. Það eru engir stjórnmálamenn í veröldinni kosnir af sínum þjóðum til þess að stjórna, sem láta sér detta í hug að ætla að eyðileggja sinn eigin þjóðarbúskap með því að gera hann að tilraunastöð fyrir einhvers konar hagfræðikenningar. Hver einustu stjórnarvöld í veröldinni skipta sér af því, hvernig þjóðarbúskapurinn er rekinn, hafa áhrif á hann, á hinn undarlegasta hátt oft og tíðum. Þess vegna er það alveg fram úr hófi, ef t. d. nýju fötin keisarans, nýja efnahagskerfið hæstv. fjmrh., skyldi nú eiga að fara að búa til úr þessu efni. Það er ekki miklu betra en þegar átti að afnema söluskattinn um árið. Og ef svo skyldi nú vera, á meðan við fáum ekki að sjá framan í nýju fötin, að það ætti að sníða þau úr þessu, þá heldur ráðuneytisstjórinn áfram og segir í fimmta boðorðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyta verður," — ekki vantar tóninn, — „breyta verður núverandi reglum um tengingu verðlags og kaupgjalds og tengingu kaupgjalds og afurða- og fiskverðs, þannig að ekki sé hætta á víxlverkun verðlags og kaupgjalds."

„Breyta verður" — hvað hugsar þessi maður? Hverjir eiga að breyta? Er það Alþingi, sem á að breyta þessu? Það getur það að vísu á mjög eðlilegan hátt viðvíkjandi afurðaverðinu og fiskverðinu, sem sett var inn í lögin í vetur og Sjálfstfl. og Alþfl. þá stóðu að, og voru mjög vitlausir hlutir þar gerðir að mínu áliti. En „breyta verður núverandi reglum um tengingu verðlags og kaupgjalds". Er það meiningin, að það eigi að fara að fyrirskipa, á hvern hátt kaupgjald og verðlag skuli tengt? Í 17 ár hefur nú kaupgjald meira eða minna breytzt í hlutfalli við verðlag. Allir aðilar, jafnt verkamenn sem opinberir starfsmenn, hafa fengið dýrtíðaruppbót, ef dýrtíðin hefur vaxið, til þess að firra því, að þeir þyrftu að fara út í sífelld verkföll til þess að laga sitt kaupgjald að dýrtíðinni, bæta sér hana upp. Og þó að margt megi að þessu fyrirkomulagi finna, þá hefur það gefizt þannig vel fyrir almenning, að það hefur tryggt hann gegn því, að dýrtíð, ef hún væri aukin í þjóðfélaginu, lenti einvörðungu á honum. **(Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.**)** Já, ég á nokkuð eftir enn þá. **(Forseti:** Ef svo er, þá vil ég biðja hann að gera svo vel að gera hlé á ræðunni.**)** — [Frh.].

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið ræðu minni, þar sem ég rakti nokkur þau boðorð, sem ráðuneytisstjóri efnahagsmrn. hafði látið frá sér fara, þar sem ég var að reyna að leita að þessum nýju fötum keisarans, þessu nýja efnahagskerfi, sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir að ríkisstj. væri búin að ákveða að taka upp. Og ég var að leita að þessu í þessum gullkornum ráðuneytisstjórans, sem er einnig ráðuneytisstjóri fyrir alla ríkisstj., og var held ég kominn út í fimmta boðorðið, þar sem hann var að fyrirskipa atvinnurekendum eða fyrirskipa verkalýðsfélögunum, að þau yrðu að losa um þau tengsl, sem verið hefðu milli verðlags og kaupgjalds, þ. e. a. s. það ástand, sem verið hefði síðustu 17 ár á Íslandi,

að þegar dýrtíð yxi, þá fengju verkamenn það upp bætt, — það ástand mætti ekki vera lengur. Þessi hluti af því boðorði hans þýðir sem sé, að um leið og dýrtíðin vex, þá eiga verkamenn að sætta sig við lélegri kjör, þeir eiga ekki að fá af sjálfu sér hækkun, sem vegur dýrtíðina upp. Það þýðir, að launþegar, hvort heldur þeir eru hjá einstökum atvinnurekendum eða hjá ríkinu, þá eiga þeir, ef dýrtíðin vex, ekki að fá þetta upp bætt, eins og þeir hafa fengið á Íslandi s. l. 17 ár og eins og raunar hefur verið barizt fyrir meira eða minna alveg frá því að miklu verðlagsbreytingarnar urðu í stríðinu 1914—18. Og ég vakti athygli á því, með hvers konar aðferðum þetta er sett fram, þar sem sagt er: Breyta verður núverandi reglum um tengingu verðlags og kaupgjalds. — Ráðuneytisstjórinn segir: verður. Hver verður að gera þetta? Verða verkamenn að breyta þessu? Hver ætlar að skipa þeim að breyta því? Sem sagt, sami ráðuneytisstjórinn sem er að prédika, að það eigi að vera frelsi í öllum ökonómískum málum, frelsi í efnahagsmálum, frjálst gengi, frjáls skráning á genginu, frjáls verðmyndun, frjáls verðmyndun líka á landbúnaðarafurðum, frjáls verðmyndun á útlendum afurðum, frjáls verðmyndun á fiski, þá á eitt að vera undantekið. Það má ekki vera frjáls verðmyndun á vinnuaflinu, þessari vöru, ef svo mætti kalla, sem helmingurinn af þjóðfélaginu og raunar ¾ hlutar af þjóðfélaginu, ef maður tekur alla launþega, verða að lifa af að selja. Þar á ekki að vera frelsi. Nei, þar verður að vera eitthvað ákveðið, þegar ráðuneytisstjóri vill. Með hvaða valdi ætlar hann að afnema frelsi verkamanna og launþega, á sama tíma sem hann ætlar, að því er hann segir, að gefa allt annað frjálst í þjóðfélaginu? Með hvaða valdi ætlar hann að segja verkamönnum: Þú verður að losa þarna um. — Má ég spyrja: Hvar er sá þáttur í því nýja efnahagskerfi, sem hæstv. fjmrh. var að boða, því nýja frelsiskerfi, sem á að losa okkur við uppbæturnar og þetta dót allt saman, — hvar er þessi þáttur?

Af því að hæstv. fjmrh. er nýr, eini nýi ráðh. í ríkisstj., þá væri kannske rétt að rifja upp fyrir honum, að það voru einu sinni sumir nýir ráðh., sem voru að reyna eitthvað svona. Ég held þeir hafi allir séð eftir því. Það var einu sinni ríkisstj., sem mynduð var af fleiri flokkum en sú núverandi, sem reyndi gerðardóm í þessu sambandi. Og það hefur aldrei nein ríkisstj. leystst upp eins hrapallega og sú ríkisstjórn. En ráðuneytisstjórinn, sem er að búa til nýju fötin keisarans, heldur, að hann geti sagt: Það verður bara að breyta þessu. — Svo sé það búið. Það er undarlegur hlutur, hvað sumum lærðum mönnum getur dottið í hug, að það sé hægt að stjórna þjóðfélaginu eins og maður mundi stjórna t. d. brúðuleikhúsi, sem sé reikna með því, að það sé hægt að fara að í þjóðfélaginu eins og maður fer með dauða hluti, gleyma því, að það eru lifandi menn, sem þarna eiga í hlut, með ákveðinn vilja, ákveðin samtök, ákveðið vald. Það er ekki það vald til á Íslandi, sem getur framkvæmt þá skipun, sem ráðuneytisstjórinn þarna er með. Það verður þá að búa til eitthvert nýtt vald, kannske eitthvert nýtt útlent vald, ef á að breyta þessu. Nei, ef þarna á að vera frelsi, þá er aðeins um það að ræða að skapa skilning, skapa samkomulag. Sá skilningur og það samkomulag verður að byggjast á því, að menn út frá sinni rökhyggju virði forsendurnar fyrir hlutunum. Og eigi menn að geta virt þær forsendur, sem í hlut eiga, þá þýðir það, að það verður að ræða þessar forsendur. Það verður að ræða þær þannig, að menn hafi haft aðstöðu til þess á allan hátt að setja fram rök með og móti, t. d. verkamannasamtökin, launþegasamtökin, þeir menn, sem eru 75% af öllum Íslendingum, hafi haft aðstöðu til, ef þeir ættu einhverju að fórna, að sannfæra sig um, að það væri búið að vinna þannig á öllum öðrum sviðum, að röðin væri raunverulega komin að þeim, en ekki hitt, eins og oft hefur viljað verða, að það ætti að byrja á þeim og láta alla hina sleppa.

Svo heldur ráðuneytisstjórinn áfram, — ég má vitna í það, með leyfi hæstv. forseta, í þessari leit minni að nýju fötunum keisarans eða hinu nýja efnahagsmálakerfi hæstv. fjmrh.:

„Jafnframt verða verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda að setja sér þær reglur um hækkanir grunnkaups, að þær verði ekki meiri en sem nemur aukningu framleiðsluafkasta."

Svo mörg eru þau orð. Sem sé, verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda verða að setja sér reglur, segir ráðuneytisstjórinn. Nú eru það ekki lengur bara verkamennirnir og launþegarnir, sem eiga að hlýða ráðuneytisstjóra, nú eru það atvinnurekendurnir líka. Og þá fer það að verða mjög skemmtilegt, þegar svo að segja bæði yfirstéttinni og undirstéttinni í landinu er skipað af einum embættismanni, og það vantar nokkuð mikið raunsæi í þetta. En það hjákátlega við þennan hluta er, að hann segir, að þau eigi að setja sér reglur um hækkanir grunnkaups, að þær verði ekki meiri en nemur aukningu framleiðsluafkasta. Ef mér leyfist að geta í eyðurnar, þá gæti ég bezt trúað, að ráðuneytisstjórinn meinti þarna, að kaupgjald mætti a. m. k. ekki hækka, raunverulegt kaupgjald ætti líklega frekar að lækka að hans áliti frá því, sem nú er, því að ég hef heyrt það frá honum annars, að hann hafi álitið, að kaupgjald hafi verið hækkað of mikið á Íslandi, og satt að segja eru fleiri, sem hafa komið með þá hugmynd, þótt undarlegt sé. En hann þarf að finna sér einhverja dálítið visindalega stoð, og nú skrikar honum fótur. Hann segir, að það megi ekki hækka meira en sem nemur aukningu framleiðsluafkasta.

Við skulum segja, að við vildum einu sinni fara eftir reglum ráðuneytisstjórans og þetta ætti að felast í þeirri nýju efnahagsmálastefnu hæstv. fjmrh. Hver yrði þá afleiðingin? Má ég benda á, að grunnkaup, þ. e. a. s. raunverulegt grunnkaup á Íslandi í dag, er lægra en það var 1947. Kaupmáttur tímakaups verkamanna er lægri en var, hvort heldur var 1944 eða 1947. Hvað halda hv. þingmenn, að aukning framleiðsluafkasta á Íslandi sé mikil síðan t. d. 1947,

síðan 42 togarar komu í gagnið, síðan 300—400 mótorbátar komu í gagnið, síðan allmörg hraðfrystihús voru byggð, síðan allmikið af verksmiðjum var reist? Framleiðsluafköstin á Íslandi hafa stórkostlega aukizt frá því 1947. Ég veit ekki, hvað ráðuneytisstjórinn eða aðrir skraddarar, sem eru að sníða nýju fötin keisarans, mundu segja, ef launastéttirnar segðu: Nú hækkum við grunnkaup um það, sem nemur aukningu framleiðsluafkastanna frá 1947. Það höfum við ekki fengið enn þá. Það er lægra í dag en við höfðum þá.

En þetta er satt að segja í eina skiptið, sem það sleppur út úr honum, að það væri hægt að fóta sig á einhverju, sem þýddi það raunverulega að fara út í mjög harðvítuga baráttu til þess að bæta kjör verkamanna. Ég er því miður hræddur um, að þetta hafi verið óvart. Ég er hræddur um, að hann hafi ekki meint, að verkalýðssamtökin ættu að leggja út í þessa harðvítugu baráttu til þess að ná öllu því, sem þau hafa verið svikin um miðað við aukningu framleiðsluafkastanna frá 1947. Það er ekki svo lítið. En af þessu má sjá, að ef hæstv. ríkisstj. hefur ætlazt til þess, að hún gæti að öllu leyti stuðzt við „vísindin“ í komandi árás á lífskjör alþýðunnar á Íslandi, þá er ekki einu sinni ráðuneytisstjórunum treystandi til þess að láta í té almennilegan grundvöll að því. Ef verkalýðssamtökin í landinu leggja þetta til grundvallar, þá stöndum við frammi fyrir harðvítugustu deilum og mestu kauphækkunarkröfum, grundvölluðum á kenningu Jónasar Haralz, sem fram hafa komið enn þá á Íslandi.

Við skulum halda áfram og koma að síðasta boðorðinu, sjötta boðorðinu. Þar segir ráðuneytisstjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Setja verður þær reglur um verðlagningu og skattlagningu fyrirtækja, sem gera einkafyrirtækjum jafnt sem opinberum fyrirtækjum kleift að endurnýja fjármuni sína á hæfilegum tíma og mynda nýtt fjármagn til eðlilegrar fjármunaaukningar. Aðeins með þessu móti er hægt að tryggja endurnýjun og eðlilega aukningu atvinnutækjanna, sem aftur er undirstaða vaxandi þjóðarframleiðslu og velmegunar.“

Hér kemur enn einn skólalærdómurinn, sem ég mun gera að umtalsefni, af því að ég óttast, eins og ég hef tekið fram áður, að það kynnu að vera til þeir menn í þingliði stjórnarflokkanna, sem tækju þetta alvarlega eða sem vísindi eða eitthvað, sem hægt væri að treysta á. Hann segir, að það þurfi að gera fyrirtækjum kleift að endurnýja fjármuni sína á hæfilegum tíma og mynda nýtt fjármagn til eðlilegrar fjármunaaukningar. Er það eina ráðið til þess að tryggja fjármunamyndun á Íslandi að tryggja, að þessi einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki fái þessa aðstöðu viðvíkjandi verðlagningu og skattlagningu, og hvað er átt við með því? Síðar í þessari ræðu sinni segir þessi ráðuneytisstjóri, að þetta, sem hann sé að setja fram, séu algildar reglur, sem eigi við, hvort sem um kapítalisma eða sósíalisma væri að ræða. Þetta er sem sagt ein hringavitleysa. Við sósíalisma mundi þessi regla alls ekki eiga og við kapítalisma á hún ekki nema á ákveðnu skeiði og nokkurn veginn algildast fyrir 60—100 árum.

Mundum við Íslendingar nú geta treyst á það, að þetta væri aðferðin til þess að mynda nýtt fjármagn, gefa því það frelsi til verðlagningar og hlífa því við skattlagningu, sem þarna er farið fram á? Gætum við treyst á það til slíkrar fjármunamyndunar? Hver er okkar reynsla af þessu? Okkar reynsla af þessu er svo slæm, að svo að ég fari nú ekki að ræða um tímabilið t. d. 1930—40 og sérstaklega 1930—34, þegar við fengum að kenna á kreppu kapítalismans og sáum, hvernig hann fór að, þá skulum við taka þann tíma, þegar kapítalisminn byrjar að græða hér, á stríðsárunum, þegar hann fyrir alvöru fer að græða. Hvað verður þá? Þá verður ríkið að grípa inn í til þess að setja fasta þá fjármunamyndun, binda þá peninga, sem togaraeigendurnir eignast, binda þá fyrst úti í Englandi. Af hverju? Var ríkisstj., sem sat að völdum, þjóðstjórnin þá, hrædd um, að einkaatvinnurekendurnir mundu annars ekki nota þetta fé til að endurnýja framleiðslutækin? Það var þó sannarlega stjórn, sem hafði trú á einkaframtakinu. Ég held það hafi verið alveg rétt hjá henni. Hún var hrædd um, að þeir mundu ekki nota þá peninga, sem þeir græddu, til að endurnýja framleiðslutækin. Síðan var skorizt í leikinn af nýrri stjórn 1944. Þorði sú stjórn að treysta því, að einkaatvinnurekendurnir mundu nota sinn gróða til þess að setja í ný fyrirtæki? Nei, hún þorði ekki heldur að treysta því, og hún gerði rétt í því. Hún gerði sjálf ráðstafanir til þess að taka úr höndum allra einkaatvinnurekenda á Íslandi valdið yfir gróðanum, sem skapazt hafði, til að stjórna sjálf fjármunamynduninni. Sjálfstfl. braut þá í bága við öll þau „prinsíp“, sem hann er að tala um núna, og þó að merkilegt megi virðast, þá hefur hann aldrei verið eins stoltur af neinu og í það eina skipti á sinni flokksævi, sem hann hefur haft vit á að brjóta öll sín „prinsíp“, enda líka í það eina skipti orðið til þess að vinna eitthvert gott verk með sinni þjóð.

M. ö. o.: það hefur enginn ábyrgur stjórnmálamaður á Íslandi þorað að treysta á það, að frjáls fjármunamyndun hjá atvinnurekendum mundi leiða til þess, að það yrði efling fyrir atvinnureksturinn á Íslandi. Það hefur alltaf orðið að grípa inn í af hálfu þess opinbera til þess að knýja atvinnurekendur til þess að leggja sitt fé, það sem þeir kynnu að græða, í það, sem skynsamlegast væri fyrir þjóðarheildina og þá oft fyrir atvinnurekendurna líka. Forsendan, sem Jónas Haralz, — ég vona ekki ríkisstj., — gengur út frá í þessu, er sú, að ef einkaatvinnurekstrinn fær fjármagn í sínar hendur, þá hljóti hann að nota það á þann hátt, sem skynsamlegast er fyrir sjálfan hann, fyrir auðmagnið og fyrir þjóðfélagið.

Nú skal ég taka það fram, að stundum getur þetta átt við í stórum þjóðfélögum. Við skulum taka til dæmis fjármunamyndun í Bandaríkjunum. Gróði yfirleitt allra stærri hringanna í Bandaríkjunum er svo mikill, að samanlögð laun allra verkamanna, sem vinna hjá meiri

hlutanum af öllum fyrirtækjum Bandaríkjanna, eru jafnmikil og gróði viðkomandi atvinnufyrirtækja. Þegar gróði atvinnufyrirtækja er svona gífurlegur, þá er það gefið mál, að þótt viðkomandi auðmannastétt, í þessu tilfelli bandaríska auðmannastéttin, lifi mjög vel, byggi sér sínar lúxushallir, flottari en hér á Gullströndinni, þá er nokkurn veginn gefið, að hún getur ekki eytt í persónulegar þarfir, hve mikið sem hún lifir í vellystingum praktuglega, nema hverfandi litlum hluta af þessum gróða, þannig að meginið af öllum þessum gróða verður þess vegna lagt í ný atvinnufyrirtæki.

Hver er hins vegar reynslan hér á Íslandi á þeim tímum, sem þessi frjálsa fjármyndun á sér stað hjá einkaatvinnurekstrinum? Hér erum við með litið þjóðfélag, fámenna atvinnurekendastétt, og það gengur upp og niður með gróðann. Það þýðir, — ég hef að vísu ekki hagfræðilegar tölur fyrir því, en ég er ákaflega hræddur um, að hlutfallið af því, hvað einkaatvinnurekendur á Íslandi nota til persónulegra þarfa, og þess, sem þeir nota til nýs atvinnurekstrar, sé versta hlutfallið, sem þekkist í nokkru auðvaldsskipulagi, hvað það snertir, að það fari hlutfallslega meira til persónulegra þarfa einkaatvinnurekendanna og hlutfallslega minna til þess að auka einkaatvinnureksturinn heldur en í nokkru öðru þjóðfélagi. Ef menn vilja vefengja það, þá gætu menn tekið fyrir hvaða heildsölufyrirtæki sem væri hérna í Reykjavík og athugað, hve miklu viðkomandi fyrirtæki hefur varið til þess að stækka fyrirtæki sitt og hve miklu hefur verið varið til að byggja lúxushallir fyrir eigendur fyrirtækjanna, fyrir jafnvel allar fjölskyldurnar, sem átt hafa í þeim.

Það vofir þess vegna alltaf sú hætta yfir íslenzka þjóðfélaginu, einmitt meðfram vegna þess, hve smátt það er, að gróðinn, sem einkaatvinnurekendur fá, sé settur í persónulega eyðslu þeirra, eins og íbúðarhúsabyggingar margar hér í Reykjavík bera vott um, en ekki nema að litlu leyti í að auka þeirra atvinnurekstur. Má ég í því sambandi benda á, og það væri rannsóknarefni líka, hve mikið af öllu rekstrarfé og, ef svo má segja, fjárfestingarfé fyrirtækjanna hér í Reykjavík, þeirra stærstu og ríkustu, er komið frá ríkisbönkunum upphaflega sem lán? Ef menn vilja ganga hér eftir Austurstræti og athuga elztu og grónustu heildsöluverzlanirnar, þá þætti mér gaman að láta skrifa upp lánin, sem þessar heildsöluverzlanir höfðu fyrir 1939, láta athuga síðan, hve lítið er orðið það raunverulega verðmæti þeirra lána fyrir ríkið, sem lánaði fé til bankanna, og hvað hins vegar viðkomandi fyrirtæki hafa grætt, sumpart á verðbólgunni, sumpart á sjálfri verzluninni, og hve mikið það er, sem þau hafa lagt sjálf í að búa til ný fyrirtæki eða stækka. Ég veit, að þarna eru til ýmsar undantekningar. Það er fjarri mér að segja, að það séu ekki ýmsir íslenzkir atvinnurekendur, sem hafa unnið vel að því, hafa sýnt mikinn og lofsverðan áhuga í því að auka sinn atvinnurekstur. En hitt er því miður miklu algengara. Og að svo miklu leyti sem menn hafa lagt fé í að auka atvinnureksturinn, í hvað hefur þá fé farið? Það er ekki alveg sama fyrir íslenzku þjóðina, í hvaða grein atvinnurekstrar fjármyndunin fer. Svo lengi sem við erum eða viljum vera sjálfstætt þjóðfélag, efnahagslega sjálfstætt og afmarkað þjóðfélag, þá byggist okkar efnahagslega sjálfstæði á því, hvort það er með réttum hlutföllum, sem einkafjármagnið streymir til þeirra atvinnuvega, sem við þurfum að byggja á.

Hvað hefur verið meinið í okkar atvinnurekstri á undanförnum áratug? Hvað var t. d. það, sem slegið var föstu með einhverri beztu rannsókninni, sem gerð hefur verið, — og verðum við að segja það okkur til skammar, vegna þess, hve langt er síðan, — með þeirri rannsókn, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði 1934—35? Hverju var slegið föstu þá sem einkennandi fyrir fjármunamyndunina, fyrir fjármagnsstrauminn í íslenzku þjóðfélagi? Því var slegið föstu, að fjármagnið sækti í verzlunina, en ekki í það, sem þjóðfélaginu væri nauðsynlegast, sjávarútveginn. Og það var sýnt fram á, að hlutfallið væri þannig, ef ég man rétt, að í allri verzluninni á Íslandi væri fjármagnið 100 millj. kr., en í sjávarútveginum 22 millj. kr. Ég þori nú ekki að fullyrða það, af því að ég vitna í þetta eftir minni, en mig minnir, að hlutfallið hafi verið eitthvað svipað og þetta. Þá var enn þá frjáls fjármagnsmyndun. Frá 1920 eða svo höfum við eitt af þeim fáu tímabilum, sem við höfum haft nokkurn veginn frjálsa fjármagnsmyndun, og þetta er straumurinn.

Á Íslandi höfum við yfirleitt haft, þangað til nú alveg á síðustu tveim áratugum, einkennandi verzlunarauðmagnsþjóðfélag, og frá gömlum tíma hafa þær tilhneigingar verið hér, að kapítal sækti fyrst og fremst í verzlun. Það er eðli fjármagns að sækja þangað, sem gróðinn fyrst og fremst er. Það er eðlilegur hlutur. Og gróðinn hefur fyrst og fremst verið í verzluninni. Það þýddi, að fjármagnið hefur flúið sjávarútveginn, sótt í verzlunina, og með þeim tollaráðstöfunum, sem gerðar voru 1934 og þar á eftir, tók það nokkuð að sækja í iðnaðinn líka á grundvelli tollverndar, innflutningshafta og annars slíks.

M. ö. o.: afleiðingin af tilraunum til frjálsrar fjármunamyndunar á Íslandi og því að leyfa fjármagninu að hafa sína hreyfingu frjálsa og án afskipta frá því opinbera hefur verið, að fjármagnið hefur alltaf sótt, ef ég svo mætti segja, á hringlandi vitlausa staði út frá heildarsjónarmiði þjóðfélagsins, en út frá alveg eðlilegum sjónarmiðum fjármagnsins. Þess vegna hefur það verið svo, að á síðustu 25 árum hefur það opinbera orðið að gera ráðstafanir til þess, að sjávarútvegurinn, — mér liggur næstum því við að segja: væri til á Íslandi. Gjaldeyrir sjávarútvegsins hefur verið þjóðnýttur handa verzluninni, heildsölunum og samvinnufélögunum, og meira eða minna hefur verzlunarauðvaldið hér á Íslandi starfað saman og ráðið meira eða minna á kostnað þess kapítals,

sem í þeim löndum, sem lengra eru komin, er nú talið höfuðkapítalið, þ. e. sjávarútvegsins hér og iðnaðarins.

Allar þær hugmyndir, sem þarna koma fram um frjálsa fjármunamyndun og að íslenzka þjóðin gæti að einhverju leyti treyst á það, eru hringavitlausar. Það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að ætla að treysta á þetta. Það mundi þýða, að fjármagnið á Íslandi streymdi í verzlunina, og eftir nokkurn tíma yrði að gera aftur sérstakar ráðstafanir til þess að beina því inn í sjávarútveginn. Ef menn ætluðu að reyna að knýja það þangað, þá þýddi það, að það yrði fyrst að skapa svo ægilega kreppu á Íslandi, bókstaflega að láta nokkur ár líða þannig, að sjávarútvegurinn hryndi, og upp úr þeirri kreppu, ef menn ætla að halda sér við þessa kenningu, þá færu svo loksins heildsalarnir og kannske Sambandið, þegar þeir fengju engan útlendan gjaldeyri, að hugsa: Eigum við annars ekki að fara að gera út eða kaupa jarðir? — Og það vil ég nú segja þeim stjórnmálamönnum til leiðbeiningar, sem kynnu að hafa einhverjar tilhneigingar til þess að fara að gera slíkar tilraunir, að ég er anzi hræddur um, að meðan þeir væru að gera tilraunina, misstu þeir völdin, a. m. k. ef þeir ætluðu að láta kjósa.

Ég held þess vegna, að allt þetta skraf vanti allan raunhæfan grundvöll. Í íslenzka þjóðfélaginu, ef við ætlum að halda því sem afmörkuðu, íslenzku efnahagslega sjálfstæðu þjóðfélagi, þá er það ekki til í málinu að leyfa frjálsa fjármunamyndun. Við verðum að stjórna hreyfingu fjármagnsins. Við verðum að stjórna því vitandi vits, ráða því, hvert það fer.

Sannleikurinn er, ef menn vilja kveða upp dóminn yfir því, sem við höfum gert á undanförnum árum, þá höfum við reynt að stjórna þessu þjóðfélagi, stundum sæmilega, stundum lélega. En það, sem við þurfum að læra af því, er að stjórna því vel, stjórna því betur, en ekki hætta við að reyna að stjórna því og ætla að fara að láta það stjórna sér sjálft, því að það er ekkert verra til en ætla að láta fjármagnið stjórna sér sjálft. Það þýðir að gera okkur mennina að leiksoppum fyrir blind öfl, sem leiða yfir okkur kreppur og vandræði, sem við svo verðum að reyna að brjótast út úr aftur með því að fara að reyna að stjórna þeim. Það, að nokkrum manni dettur slíkt í hug, er bara vegna þess, að það er um unga menn að ræða, sem þekkja ekki nema af afspurn, hvað kreppan er, og þekkja ekki íslenzka þjóðfélagið af neinni reynslu.

Það er kannske eitt, sem þessir menn mundu segja, ef þeir væru hér til andsvara eða einhverjir vildu taka upp hanzkann fyrir þá, sem mér finnst nú satt að segja, að hæstv. ráðh. ættu að gera fyrir sinn sameiginlega ráðuneytisstjóra og sérfræðing, — það er eitt, sem þeir mundu kannske segja, og það er: Það er engan veginn meiningin hjá okkur, að Ísland eigi að vera eitt afmarkað svæði fyrir fjármunamyndun. Ísland á að vera einn hluti úr fjármunasvæði, þar sem er frjáls sameiginleg fjármunamyndun, ekki bara fyrir Ísland, heldur líka fyrir England, Frakkland og fleiri lönd.

Og sú hugmynd hefur líka skotið upp kollinum, að fjármunamyndunin eigi að fá að vera frjáls fyrir öll þessi lönd, að fjármagn í Englandi eða Frakklandi eða Vestur-Þýzkalandi ætti að geta sótt hingað, ef því fyndist praktískt að vera hér, og íslenzkt gæti þá farið líka til Bretlands, ekki satt, og Vestur-Þýzkalands og reynt að græða þar. Við skulum hugsa þá hugsun til enda, hvernig það færi.

Hvað snertir íslenzkt fjármagn og þess straum út á við, þá mundi það m. ö. o. þýða, ef við reyndum að skapa slíkt frjálst fjármunamyndunarsvæði með þessum stóru löndum úti í Evrópu, að íslenzkir atvinnurekendur, — í þessu tilfelli sérstaklega þeir, sem flyttu út vörur, — hefðu þá leyfi til þess að láta sinn gjaldeyri, að svo miklu leyti sem þeir væru ekki sjálfir nauðbeygðir til þess að flytja hann heim í eigin þarfir, vera þar, kaupa fyrirtæki erlendis eða koma upp fyrirtækjum erlendis, og það mætti þess vegna flytja allt fjármagn frá Íslandi, eftir því sem menn vildu. Síðan ætti maður að treysta á það til þess að bæta þetta upp, sem við mundum missa af fjármagni á þennan hátt, að útlent kapítal mundi vilja streyma hingað, og við ættum að treysta á, að útlent kapítal mundi vilja gera þetta af eigin hagsmunum. Þetta vantar allan grundvöll, nema menn vilji gera allt Ísland að svo eftirsóknarverðri nýlendu vegna ódýrs vinnuafls og ódýrra orkulinda fyrir útlent auðvald, að það sæktist frekar hingað en til Algier eða eitthvað annað.

Það, sem þeir hagfræðingar, sem hugsa um frjálsa fjármunamyndun fyrir svæði, sem væri t. d. stærra en Ísland, skilja ekki, er eftirfarandi: Ísland er ekki endilega bezta landið í Evrópu til þess að búa í. Ísland er ekki af náttúrunnar hálfu útbúið með betri aðstöðu til þess að lifa í en öll önnur lönd Evrópu. Það eru engar þær auðlindir hér á Íslandi, sem gerðu það af sjálfu sér svo eftirsóknarvert fyrir auðmagnið úti í Evrópu, að það flykktist hingað þess vegna. Ísland er eitt erfiðasta og harðbýlasta land Evrópu. Það er einvörðungu hægt að byggja Ísland og gera það að verulega góðu landi að búa í með því, að íbúar þess vilji sameinast um að gera þjóðfélagsástandið í landinu svo gott, að það geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar, að þeir vilji leggja mikið á sig, að þeir vilji beita í ríkara mæli en allar aðrar þjóðir sinni skynsemi og sinni þekkingu og sinni miklu atorku til þess að gera landið byggilegra en önnur lönd. M. ö. o.: Það verður að miðast við, að menn vilji frekar búa í þessu landi en nokkru öðru, og af því að menn vilji það, þá leggi menn sig í framkróka til þess að gera aðbúnaðinn í því landi svo góðan, að menn flykkist ekki burt frá því, eins og oft hefur verið, heldur vildu búa hér.

Ef Ísland er gert að hluta af stórri fjármunamyndunarheild, stórri fjármagnsheild, þá þýðir það ekki aðeins, að það streymi burt fjármagn frá Íslandi og að það kemur aðeins lítið af fjármagni til Íslands, það þýðir líka, að fólk-

ið fer burt frá Íslandi. Það þýðir, að fólkið yfirgefur landið. Þeir menn, sem ætla að bera ábyrgð á því að leiða kreppu yfir Ísland, eru ekki bara að gera verkalýðnum á Íslandi erfara að lifa og rýra lífskjör fólksins, þeir eru að reka Íslendinga burt af sínu eigin landi.

Það var einu sinni reynt að byrja með slíka frjálsa fjármunamyndun, eins og ég hef áður minnzt hér á. Það var samkv. ráðleggingum dr. Benjamíns Eiríkssonar 1950, og því var þá haldið fram, að frjáls fjármunamyndun væri öruggt ráð til þess að fá heilbrigðan og traustan grundvöll að þjóðfélaginu. Hver var afleiðingin af því og raunar af fleiru, — það voru fleiri orsakir, sem komu til? Afleiðingin var sú, að þrír landsfjórðungar voru meir og meir að tæmast af fólki. Það var ekki aðeins Keflavíkurflugvöllur og hernámsvinnan, sem dró fólkið þaðan í burtu, það er líka sú stefna, sem ég var að skýra frá fyrr í ræðu minni. Ef það ætti að fara að binda enda á allar lánveitingar úr ríkissjóði, alla ríkisábyrgð og allt annað slíkt, þá getum við séð, hvernig færi með byggðina í þeim þrem landsfjórðungum. Það voru slíkar ráðstafanir og því skyldar, sem voru að byrja að leggja þá landsfjórðunga í eyði. Og ef nú ætti að gera Ísland að hluta úr einhverju slíku fríverzlunarsvæði, sameiginlegu fjármunamyndunarsvæði, þá mundi það þýða að leiða sams konar örlög yfir allt Ísland. Það er ekki hægt að byggja upp skásta auðvaldsþjóðfélagið í Evrópu á Íslandi nema með því að einbeita atorku, skynsemi og samtökum þjóðarinnar í landinu að því að gera þetta þjóðfélag gott með sameiginlegum átökum þjóðarinnar sjálfrar sem aðskilið þjóðfélag, efnahagslega, verzlunarlega og pólitískt aðskilið þjóðfélag frá öllum öðrum þjóðfélögum Evrópu.

Það að ætla að fara eftir kenningum eins og þarna eru settar fram, það þýðir bara að byrja á því aftur að fara að leggja Ísland í eyði. Þetta að halda, að eðlilegur straumur fjármagnsins, að Mammon gamli bjargi okkur Íslendingum, geri okkar land byggilegra og slíkt, því fer fjarri. Það er einungis okkar atorka sjálfra, það, að við höfum þorað að fara brautir, sem fæstar aðrar þjóðir hafa farið enn þá, það, að við höfum svo duglega þjóð, að það er hægt að bjóða henni að vinna meira en nokkur önnur þjóð í Evrópu gerir nú, en líka þjóð um leið, sem gerir kröfur til lífsins, ekki hvað sízt til íbúða, sem eru meiri en flestar aðrar þjóðir Evrópu gera. En þetta stafar af því, að við höfum aldrei skeytt, meðan við höfum verið að reyna þetta, um neinar kenningar þessara hagfræðinga. Við höfum skapað okkur okkar eigin íslenzku brautir í þessu. Auðvitað skapar það erfiðleika. Það veit hver einasti maður, sem braut ryður, að hann verður að troða spor, sem áður hefur ekki verið troðið í. Þess vegna er nauðsynlegt, að menn átti sig alveg til fulls á þessu.

Svo segir ráðuneytisstjórinn í fasteignamatsboðorðinu, sem ég las upp, að einungis með þessu móti, sem hann talar um, þessari frjálsu fjármunamyndun, sé hægt að tryggja endurnýjun atvinnutækjanna. Þegar við höfum prófað þetta, eins og eftir gengislækkunina 1950, þegar allt var gefið frjálst, verðlagningin og allt saman, hvað gerðist? Svo að ég vitni í hæstv. viðskmrh., — hann tók það í gegn, sem þá gerðist, í ágætri ræðu og raunar tveimur, jafnvel fleiri, sem hann hélt einmitt 1952. Hvað var það, sem hæstv. núverandi viðskmrh. sýndi fram á? Jú, hann sýndi fram á, að það, sem hafði breytzt við það, að allt var gefið frjálst, var álagningin, sem heildsalarnir og smásalarnir, þ. e. verzlunarauðvaldið til samans, tóku. Hún var jafnmikil og allt innkaupsverð varanna, sem um var að ræða. Um leið og allt var gefið frjálst, hrifsaði verzlunarauðvaldið hlutina til sín. Þegar tilraunin var gerð um frelsið, frjálsa fjármunamyndun og allt saman slíkt 1950 með gengislækkuninni, þá skapaðist slíkur auður hjá heildsölunum, að meira að segja hæstv. viðskmrh., sem þó er nú alls ekki sérstaklega vondur við heildsalana, sá ofsjónum yfir því, hve miklir peningar fóru til þeirra. En hvað fór mikið af peningum í togara, hvað fór mikið í báta? Hvað keyptu heildsalarnir marga togara nýja á árunum 1950—56? Ekki einn einasta. Það var það, sem þjóðin átti að treysta á, frjálsa fjármunamyndunin, sem ráðuneytisstjórinn segir, að sé eina leiðin, að aðeins með þessu móti verði tryggð endurnýjun og eðlileg aukning atvinnutækjanna. Hún tryggði enga aukningu, ekki einu sinni viðhald. Svona stóðst sú eðlilega fjármunamyndun prófið. Hún tryggði sem sé ágætan gróða hjá heildsölunum, sem hæstv. núv. viðskmrh. afhjúpaði mjög vel og skörulega, eins og hans var von og vísa, en hún tryggði enga aukningu á atvinnutækjum, ekki nokkra. Það, sem aukið var við atvinnutækin þá, varð ríkið að gera. Það varð að byggja sementsverksmiðju, það varð að gera ýmsar slíkar ráðstafanir. Það er sama, hvar drepið er niður. Alls staðar vantar grundvöllinn, alls staðar vantar raunsæið, alls staðar stangast boðorðin á við reynsluna, sem við höfum. Og svo ætti eftir þetta allt saman að fara að gera okkur að tilraunadýrum fyrir þessar vitlausu kenningar einu sinni enn.

Ég held, að hæstv. ríkisstjórn, ef hún fengist til þess að segja eitthvað, gæti ekki annan en verið mér sammála um, að það væri hið argasta glapræði, sem hægt væri að gera, að fara að einhverju leyti eftir þessum kenningum, eftir þessum boðorðum, sem þarna eru sett fram. Og nær gat ég ekki komizt því að reyna að finna hið nýja efnahagskerfi, sem fjmrh. boðaði. Hvar ætti það að vera að finna, ef ekki í svona merkilegri ræðu aðalsérfræðings, sameiginlegs sérfræðings allrar ríkisstj., sem þar að auki hefur sérstök sambönd við ameríska Alþjóðabankann.

Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér ljóst, að það er rétt af henni að ræða þessi mál við Alþingi, áður en hún fer sjálf að reyna að koma sér niður á ákveðna stefnu í þessu. Ég held, fyrst hæstv. fjmrh. sýnir sig nú ekki hjá okkur, að nýja efnahagskerfið hans sé ekkert betra en nýju fötin keisarans, — ég held, að það sé ekkert kerfi til að klæð-

ast í og sízt af öllu til þess að fara að reyna að ginna íslenzku þjóðina til þess að klæðast í.

En hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. fæst ekki til þess að ræða þetta við okkur og að hún vill losna við Alþ. núna? Þessi ótti við Alþingi, ótti við að ræða þessi mál, er annars vegar ótti við alþýðuna í landinu, að hún fái að vita í tíma um þær fyrirætlanir, sem ríkisstj. hafi, og hins vegar, held ég, — ég vona, að ég geri hæstv. ráðh. ekki órétt til, — að það sé slæm samvizka þeirra sjálfra. Ég held, að þeir séu allir saman svo hikandi og svo smeykir við að leggja út í eitthvert svona ævintýri, leggja í svona heljarstökk, að þeir séu hræddir um, ef þeir fara að ræða þetta alvarlega við okkur, þá séu þeir ekki sterkari á svellinu en það, að þeir bili, að þeir leggi aldrei í það, og það er einmitt það, sem þarf að verða.

Hvað mundu þessar ráðstafanir þýða, ef þær væru gerðar? Gengislækkun, þar sem dollarinn væri settur upp í 38 kr., eins og ráðuneytisstjórinn virðist leggja til. Það mundi þýða stórkostlega aukna dýrtíð í landinu. Það mundi þýða, að allar nauðsynjavörur, sem almenningur flytur inn, og brátt hinar íslenzku líka, mundu stórhækka í verði. M. ö. o.: sú sama ríkisstjórn, sem lýsir því yfir, að hún sé á móti allri verðgildisrýrnun, jafnvel sérstaklega á móti verðbólgu og slíku, mundi þá stórauka alla dýrtíð í landinu og einmitt hvað tilfinnanlegast á því, sem alþýðu manna er nauðsynlegast að kaupa. Það er alltaf eðlilega afleiðingin af gengislækkun. Hún kemur alltaf mest fram á nauðsynjavörunum, en tollarnir draga óbeint úr henni á lúxusvörunum.

Í öðru lagi: Ef farið væri að þessum ráðum, þá þýðir það, að um leið og dýrtíðin stórvex og verðlagið á vörunum, sérstaklega nauðsynjavörum, hækkar, þá verður launanum haldið niðri, vegna þess að ein aðaltillagan þarna er sú að hindra, að kaupgjaldsvísitalan, sem hingað til hefur bætt launþegum upp nokkuð af dýrtíðinni, yrði afnumin, þannig að kaupgjald mundi ekkert hækka í krónutölu, þó að allar nauðsynjavörur stórhækkuðu í krónutölu.

Í þriðja lagi: Hver yrði fyrir alþýðu manna þriðja afleiðingin? Afleiðingin yrði sú, að heildartekjur manna, verkamanna og annarra launþega, mundu stórminnka. Af hverju eru heildartekjur ýmissa launþega núna sæmilegar? Af því að þó að daglaunin hafi verið lækkuð við þá, tímalaunin hafi verið lækkuð, þá hafa þeir margir hverjir unnið því lengur og getað þannig bætt upp það, sem þeir hafa misst í lækkuðu tímakaupi samkv. lögum frá 1. febr. Hvernig mundi þetta verða, svo framarlega sem þetta frjálsa kerfi, nýja efnahagskerfi hæstv. fjmrh. væri komið í gang? Þegar atvinnurekandinn á að reikna út frá sínum hagsmunum einvörðungu og þjóðfélagið er orðið þannig, að það er engin sérstök eftirspurn eftir vinnuafli, eins og nú er, þá kaupir enginn atvinnurekandi vinnuafl á 50 og 100% hærra verði en hann getur fengið það á. Þá kaupir enginn atvinnurekandi verkamann til að vinna eftirvinnu, ég tala nú ekki um nætur- eða helgidagavinnu, vegna þess að það borgar sig ekki fyrir hann. Hann getur fengið nóga menn til þess að vinna dagvinnu. Og það þýðir, að verkamenn og aðrir launþegar hafa ekki lengur þann möguleika að bæta sér upp þær heildartekjur, sem minnkuðu með lækkuðum launum, með því að vinna lengur, því að eftirvinnan hyrfi. Og ekki nóg með, að eftirvinnan hyrfi. Það færu meira að segja að koma þeir dagar, þegar menn væru atvinnulausir. Það er ekki til frjáls fjármunamyndun í heiminum án atvinnuleysis, vegna þess að kapítalisminn getur ekki staðizt á sinn heiðarlega hátt án atvinnuleysis. Þegar við afnámum atvinnuleysi á Íslandi, settum við öll *lögmál kapítalismans úr gangi. Ætli maður að* viðhalda auðvaldsskipulagi án atvinnuleysis, þá verður að stjórna því þjóðfélagi, og því þjóðfélagi er ekki hægt að stjórna án samtaka verkalýðsins. Ef menn ætla að reyna að stjórna auðvaldsskipulagi á móti verkalýðnum, þá verða menn að hafa atvinnuleysi, því að menn verða að hafa svipu neyðarinnar og hungursins, og það er það, sem þessi kenning um frjálsa fjármunamyndun þýðir. Það þýðir, að launin eiga að lækka hjá almenningi, dýrtíðin að vaxa, tekjurnar að minnka, en gróði atvinnurekendanna að vaxa, hin frjálsa fjármunamyndun, eins og það heitir á hinu fína máli hagfræðinga.

Þetta er inntakið, þetta eru afleiðingarnar af þeim boðskap, sem þarna liggur fyrir. Mig furðar ekkert, þó að hæstv. ríkisstj. sé hrædd við að sjá réttar ályktanir dregnar af boðskap ráðuneytisstjóra síns. Fari ég með rangt mál, geri ég hæstv. ríkisstj. rangt til, sem ég sízt af öllu vil gera. Þá hefur hún tækifæri til þess að hrekja þetta allt saman hérna strax. Hæstv. *fjmrh. lýsti því yfir, að hann væri með nýtt* efnahagskerfi. Ef ég hef reiknað efnahagskerfi hans rangt út, af því að ég studdi mig við ráðuneytisstjórann fyrir alla ríkisstj., þá getur hann komið hér og sagt: Nei, nei, það er allt annað efnahagskerfi, sem ég er með, og á ekkert skylt við þetta, sem Jónas Haralz var að blaðra um. — Hann hefur tækifæri, hæstv. fjmrh. Þá getur hann hrakið þetta allt saman með einni yfirlýsingu, eins og ég hef sagt. En geri hann það ekki, og geri enginn það úr ríkisstj., þá stendur áfram sá grunur, að þetta sé það, sem koma skal. Haldið þið, að það sé nokkur tilviljun, að svo að segja sama dag er íhaldsmeirihluti stúdenta látinn fá Jónas Haralz til þess að tala? Maður veit, hvert þræðirnir liggja. Það eru meira að segja kannske menn hér í salnum, sem hafa allgóð sambönd til að stjórna og eru duglegir að skipuleggja. Haldið þið, að það sé nokkur tilviljun, að sama daginn, sem Jónas Haralz heldur þessa ræðu sína, þá er einn af helztu mönnum Efnahagssamvinnustofnunarinnar á ferðinni hér, heldur ræðu mjög líka í háskólanum, bara ekki alveg eins vel að sér hvað kartöflurnar snertir og slíkt? En við sjáum svo sem, hvað er verið að gera. Það er verið að reyna að telja, svo að maður noti gamalt orðalag, — það er verið að telja okkur, sauðsvörtum almúganum á Íslandi, trú um, að frá Ameríku og Frakklandi og annars staðar komi svo fínir og lærðir menn, að við

verðum að líta upp til þeirra og trúa þeim, sem tala um kartöflur og gengi. Við getum ekki verið að hafa á móti því, að svona fínir menn vilji lækka kaupið á Íslandi. Ómögulegt að vera að andæfa slíku. Við hljótum að þakka þeim fyrir, að þeir hafi flutt okkur slíkan vísdóm, kominn svona langt að, litið í sinni náð til okkar og meira að segja lofað okkur því, að ef við færum eftir þessu öllu saman, þá mundu þeir kíkja til okkar enn þá betur.

Nei, það er engin tilviljun, sem þarna er á ferðinni. Þarna er verið að reyna að blekkja þjóðina. Það er verið að reyna, af því að hagfræði er allerfið grein, að telja henni trú um, að þegar hún heyri einhvern mann tala, sem sé hagfræðingur, þá megi hún treysta því eins vel og þegar hún heyrir einhvern lækni tala um, hvernig eigi að varast sjúkdóma eða lækna þá, og annað slíkt, — þá sé það nákvæmlega samsvarandi vísindamaður, sem þarna sé á ferðinni. Menn gá ekki að því, að hagfræðin er umdeildasta grein, sem til er, af öllum vísindum.

Það eru þess vegna þessar ályktanir, sem ég hef dregið út af þeim hugmyndum, sem ég hef verið að reyna að stilla saman um hið nýja efnahagskerfi hæstv. fjmrh., sem ég vildi biðja hæstv. ríkisstjórn að hrekja, ef það er rangt, en varast, ef það er rétt. Ég vil vara hana við því að fara að gera enn einu sinni tilraun, eins og önnur ríkisstj., öðruvísi samsett, gerði 1950. Það er ekkert gaman að því að þurfa hvað eftir annað að taka við og reyna að vinna upp mörg glötuð ár. Það voru næstum sjö mögur ár, sem voru leidd yfir okkur með gengislækkuninni þá. Og það varð síðan að taka til óspilltra málanna með því, sem vinstri stjórnin reyndi að gera í þeim efnum til þess að vinna upp það, sem tapazt hafði, og enn þá líðum við undir þessu. Við líðum enn þá undir því að hafa sleppt þarna einum sex árum, sem hægt var að nota til þess að stórauka áfram sjávarútveginn og undirbyggja þannig gjaldeyrisöflunina á Íslandi. Þessum árum var sleppt. Það var gerð tilraun með frjálsa fjármunamyndun í staðinn fyrir skipulagðan þjóðarbúskap. Og það varð að taka við aftur árið 1956 og reyna að fara að bæta upp þessi ár. Það tókst ekki að bæta þau upp á þessum tíma. Það þurfti að gera stóra hluti, það þurfti að snúa þróuninni við hvað snertir þrjá landsfjórðunga, skapa atvinnu í þeim, fulla atvinnu, þar sem eyðingin vofði yfir þeim áður. En það er ekki hægt á þremur árum að vinna upp glapræði, sem gert er á sex eða sjö. Þess vegna má ekki aftur fara að gera slíkar tilraunir með íslenzku þjóðina. Þess vegna ber ríkisstj. að staldra nú við.

Við stjórnarandstæðingar höfum notað þau mál, sem hér liggja fyrir, til þess að reyna, að svo miklu leyti sem við höfum getað fengið ríkisstj. til að hlusta, til þess að reyna að fá hana til að sjá að sér, áður en það er orðið of seint. Við erum hræddir um, að þegar hún sé búin að senda Alþingi heim þá muni hún geta leyft sér hluti, sem hún mundi ekki þora, ef Alþingi sæti. Ég er hræddur um, að hún geti þá beygt sína þingflokka til þess að fylgja sér út í fjármálapólitík, efnahagspólitík, sem væri glapræði. Og við erum hræddir um, að þegar hún væri búin að koma sér niður á þetta og búin að beygja sína flokka undir það, þá mundi hún ekki kunna við það vegna síns stolts, vegna síns metnaðar, jafnvel þótt við gætum sannfært einhverja af þeim á eftir, þegar farið væri að ræða þetta í þinginu, um, að hún væri að gera rangt. Við erum hræddir um, að þá væri orðið of seint að fá hæstv. ríkisstj. til að sjá að sér. Þess vegna höfum við beðið um að fá að ræða við hana nú. Þess vegna höfum við óskað eftir því, að upplýsingar yrðu gefnar um ástand fjármálanna, óskað eftir því, að hinu nýja efnahagskerfi hennar, sem hún væri búin að ákveða sína stefnu um, væri lýst. Við höfum því miður ekki getað fengið þetta fram. Ég notaði tækifærið nú, þegar þessi bandormur kom til umr., minnti á, í upphafi míns máls, hvílíkur ills viti svona bandormsfrumvarp venjulega hefði verið á Alþingi, bæði 1939—40 og 1948, hefði verið byrjun á afturhaldstímabilum, og hef nú, eftir því sem mér er fært, reynt að vara hæstv. ríkisstj. við, þannig að hún stígi ekki þau skref, sem ég óttast að hún sé að hugsa um að stíga og ég veit með fullri vissu, ef ég hef átt kollgátuna um þá nýju efnahagspólitík, sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir, að mundi þýða óskaplega ógæfu fyrir okkar þjóð. Það er síður en svo ánægjuefni fyrir okkur, sem finnum okkur nú allt í einu fara að verða með elztu þingmönnunum, að eiga að horfa upp á það, að ógæfa, sem hægt væri að afstýra núna, væri leidd yfir þjóðina og það gæti tekið okkur aftur kannske fimm eða sex ár að vinna það upp. Ég vil þess vegna eindregið nú við 1. umr. þessa frv. beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún hætti þeim leik, sem hún hefur hér háð, að ætla sér þá dul að fótumtroða Alþingi, einskisvirða álit og skoðanir sinna stjórnarandstæðinga, einskisnýta þau ráð, sem nú væri hægt að gefa henni, áður en hún grípur til þeirra aðferða í okkar efnahagsmálum, sem mundu valda okkur vandræðum um langt áraskeið.

Mér þykir leitt, að sá ráðh., sem ég sérstaklega beindi máli mínu til, hæstv. fjmrh., hefur ekki látið svo lítið að sýna sig hér hjá okkur. Það er ekki góðs viti, að ráðherrar líti þannig á sjálfa sig sem þeir séu upphafnir yfir það að tala við þm. Það gera a. m. k. engir þeir ráðherrar, sem alllengi eru búnir að sitja í þeim sætum. Það er rangt af þeim mönnum, sem eru nýkomnir í þau sæti, að halda, að þeir upphefji sig þannig á einhvern hátt yfir þm. Einmitt slíkum bæri hvað frekast að sitja hér og hlusta, ég tala nú ekki um, ef þeir fengjust til að taka þátt í umræðum. Þeir hefðu áreiðanlega margt að læra, ekki hvað sízt þegar þeir hefðu tekið við slíku embætti eins og fjmrh., sem er víst það voldugasta í einni ríkisstjórn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég er nú eins gamall og á grönum má sjá, en ég tel mér skylt að játa það, að ég fer svolítið hjá mér að koma hér í ræðustólinn næst á eftir

einum allra duglegasta ræðumanni og mælskasta ræðumanni þingsins. Ég missti af fyrri hluta ræðu hans, en af því að þetta er utan dagskrár, að ég vík að þessu, sem ég hlustaði á, þá skildist mér, að hann væri að tala um sex boðorð hins nýbakaða ráðuneytisstjóra, Jónasar Haralz, og hann hefði ekki trú á því, sem ráðunautur stjórnarinnar hefði þar gefið út sem boðorð. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort þau verða eins lengi í gildi og þau, sem sá aldni og síðskeggjaði og æruverðugi öldungur Ísraelsmanna gaf út á sínum tíma. En ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á, að það er þó ef til vill a. m. k. eitt hættulegra hjá ráðuneytisstjóranum, að hann hefur sín boðorð ekki nema sex, í staðinn fyrir að spámaður Gyðinga hafði þau tíu, og það er óneitanlega auðveldara fyrir hæstv. ríkisstj. og aðra, sem vilja á þessi boðorð ráðuneytisstjórans hlusta, að muna sex boðorð og framfylgja þeim heldur en muna þau tíu, sem kennd voru þjóðunum fyrir mörgum tugum hundraða ára og okkur var uppálagt að læra og fara eftir, áður en við vorum tekin í tölu kristinna manna. Ég heyrði það á hv. 3. þm. Reykv., að hann var mjög á móti þessum sex boðorðum. Ég hef ekki tekið afstöðu til þeirra, því að ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér þau, en ég vil bara benda honum á það, og kannske okkur báðum til huggunar, en a. m. k. honum, að ég efast um, að jafnmælskur maður og einarður og hv. 3. þm. Reykv. hafi risið upp meðal Ísraelsmanna til að mótmæla, þegar boðorðin voru flutt í fyrsta sinn. Þess vegna má vel vera, að þeir, sem eru á móti þessum sex boðorðum, — og þar á meðal verði ég líka, — að þeir geti huggað sig við, að það eru þegar fram komin sterk mótmæli og veruleg rök gegn þeim. — Þetta var, eins og ég gat um, alveg utan dagskrár.

Ég skal þá hverfa að því máli, sem hér er til umræðu, og víkja nokkuð aftur til þess stutta tíma, sem þingið hefur setið. Hinn fimmta og sjötta dag þingsins gerðust þau tíðindi, að rigna tók niður yfir Alþingi lagafrumvörpum um framlengingu ýmissa tekjustofna ríkisins, sem venja hefur verið undanfarin ár að framlengja frá ári til árs. Á undanförnum árum hefur mér stundum fundizt fátt til um þau vinnubrögð, sem af og til hafa tíðkazt um sum þessi mál, að framlengingarnar hafa ekki ætíð verið lagðar fyrir þingið fyrr en síðustu dagana fyrir jólafrí og því komið fyrir, að afgreiðsla hefur þurft að fara fram á Alþingi með nokkrum hraða og jafnvel í einstaka tilfelli með afbrigðum. Þessi frv. ríkisstj. munu því í upphafi hafa vakið meiri athygli en að öðru leyti stóðu efni til, og að einhverjum kann að hafa hvarflað, að munur væri á mannsliðinu, hér væru komnir 7 ráðherrar, sem í meira en tæka tíð kæmu fram með mál, sem oft hefðu tafizt, jafnvel óþarflega lengi, hjá sex ráðherrum. Í þessum tekjuöflunarfrv. var það sjáanlegt, að ríkisstj. ætlaði sér að nota áfram þessa gömlu tekjustofna og þ. á m. söluskattinn, sem sumir, er nú sitja í ráðherrastólum, hafa stundum áður hamazt gegn að gengi til ríkissjóðs. Ég held, að ekki verði sagt, að út af fyrir sig sé óeðlilegt, að þeim tekjustofnum, sem hér er um að ræða, sé við haldið, og allra sízt verður það sagt hvað áhrærir skemmtanaskattinn. Hins vegar má það teljast ástæðulaust svona löngu fyrir venjulegt jólafrí þm., að þessi mál séu lögð fram til skyndiafgreiðslu, eins og nú er á daginn komið, og það áður en ríkisstj. hefur lagt nokkrar till. fram í fjáröflunarmálum og efnahagsmálum almennt. Það mátti þó teljast eðlilegast, að allar fjáröflunartill. lægju fyrir samtímis, svo að þm. gæfist kostur á að meta þær saman í einni heild. Í kjölfar þessara fjáröflunarfrv. kom svo till. um heimild fyrir ríkisstj. um bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði til febrúarloka næsta ár. Þessi till. mun hafa vakið nokkra furðu, því að bæði er, að það mun fordæmalaust, að slík till. sé borin fram í þingbyrjun, þegar eftir er a. m. k. 3 vikna tími, þar til gefa þarf jólafrí, og eins mun það líka vera fordæmalaust, að svona till. sé fram komin, áður en búið er að hafa 1. umr. um fjárlagafrv. og því vísað til n. Hins vegar mátti það teljast út af fyrir sig einsýnt, fyrst Alþingi var ekki kvatt saman fyrr en 20. nóv., að þá mundi ekki gefast tími til að ljúka fjárlögum fyrir jól og nauðsynlegt mundi reynast fyrir ríkisstj. að fá umræddа greiðsluheimild, áður en Alþingi tæki jólafrí sitt.

Þegar nú hin óvenjulega snemmbæra ríkisstjórn í þessu tilfelli hafði skilað öllum framangreindum málum inn á þingið, þá var meira en full ástæða til að ætla, að næsta opinberun frá hinum sjö vísu mönnum í ráðherrastólunum, sem þeir að vísu hafa lítið notað til þessa dags, yrði sú, að hæstv. forsrh. birtist hér í ræðustóli til að efna það fyrirheit, sem hann gaf þingheimi þingsetningardaginn. Það fyrirheit var þannig, að ríkisstj. mundi fljótlega gefa Alþ. skýrslu um þær ráðstafanir, sem hún hygðist gera í efnahagsmálunum, og mér fannst ekki örgrannt um, að brygði fyrir hátíðleika í rödd þessarar öldnu stríðskempu, þegar hún bað þingheim að halda með sér vöku, að sofa ekki á verðinum þessa fáu daga, þar til ríkisstjórnin legði öll spilin á borðið.

Til þess nú að stjórnarliðið ætli ekki, að ég fari hér með rangt mál, þar sem ég skýri frá því, sem hæstv. forsrh. boðaði í þingbyrjun, þann dag, sem Alþ. var sett, að ríkisstj. mundi fljótlega koma fram með efnahagstill. sínar og gefa skýrslu um þau mál, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér lítils háttar í aðalstjórnarblaðið, Morgunbl., sem ég ætla að stjórnarstuðningsmennirnir telji fullgóða heimild í sambandi við allt það, sem viðkemur hæstv. ríkisstjórn. Morgunbl. skýrir frá því, að þann dag, sem Alþ. var sett, hafi hæstv. forsrh. tilkynnt Alþ. myndun nýrrar ríkisstjórnar. Það skýrir enn fremur frá því, að formenn andstöðuflokkanna hafi talað í tilefni af þessari tilkynningu hæstv. forsrh., og hefur eftir í stórum dráttum það, sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna sögðu, segir t. d. frá því, að formaður þingflokks Framsfl., hv. 1. þm. Austf., hafi. m a. tilkynnt fyrir hönd Framsfl., að flokkurinn mundi hvorki styðja hina nýju ríkisstj. né veita henni hlutleysi. Á sömu lund

skýrir Morgunbl. þennan dag frá því, að formaður Alþb. hefði lýst því yfir, að Alþb. væri í andstöðu við þessa ríkisstjórn. Eftir að formenn þessara þingflokka hefðu skýrt frá afstöðu sinna flokka gagnvart nýmyndaðri ríkisstjórn, kvaddi hæstv. forsrh. sér hljóðs og sagði m. a. samkv. því, sem Morgunbl. skýrir frá, með leyfi hæstv. forseta:

„Ólafur Thors tók aftur til máls. Kvað hann í sjálfu sér ekkert af því, er formenn hefðu mælt, hefði komið sér á óvart og væri ekki ætlun sín að svara því í einstökum atriðum. Kvaðst hann viðurkenna, að álit þessara manna og flokka skipti mjög miklu máli.“

Ég vil nú leyfa mér að bæta því við, að samkvæmt framkomu hæstv. ríkisstj., eftir að þingsetningardagurinn leið, bendir ekkert til þess, að hæstv. ríkisstj. láti sig neinu skipta, hvað andstöðuflokkarnir segja um þau mál, sem hafa verið til meðferðar á Alþingi.

Forsrh. heldur áfram og segir: „En meira máli skiptir þó, hvernig þjóðin sjálf lítur á málin.“

Ég geri ráð fyrir því, að þjóðin eigi eftir að dæma, hvernig hún lítur á málin, eins og þau horfa nú við. En það er vonandi, að þjóðin fái sem fyrst tækifæri til að meta meðferð hæstv. ríkisstj. á nauðsynjamálum þjóðarinnar.

Forsrh. hæstv. heldur áfram og segir, að ríkisstj. muni fljótlega gefa skýrslu um þær ráðstafanir, er hún hygðist gera, og kvaðst forsrh. vilja heita á menn að halda vöku sinni og kynna sér þá skýrslu af gaumgæfni, því að *þekking í efnahagsmálunum væri skilyrði þess*, að menn gætu gert sér fullkomna grein fyrir þeim mismunandi úrræðum, er til greina gætu komið, valið eða hafnað á þeirri örlagastundu, sem nú væri upp runnin. Það lítur út fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi gleymt því, að forsrh. boðaði, að örlagastundin væri upp runnin og þjóðin og þá náttúrlega að sjálfsögðu Alþ. og alþm. þyrftu að athuga gaumgæfilega nú þegar þær till., sem ríkisstj. hefði fram að bera í efnahagsmálunum.

Síðan þetta gerðist, verður ekki sagt annað en þm. hafi haldið vöku sinni og notað tímann til að byrja á því að leggja fram þáltill. og frv. um mál, sem þeir báru fyrir brjósti. En þá skeður það, að þá berst sú fregn út einn þingdaginn, að hæstv. forsrh. hafi birzt á Varðarfundi í Sjálfstæðishúsinu og gefið þar skýrslu um ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ýmsir hafa legið hæstv. forsrh. mjög á hálsi fyrir að haga sér þannig, að gefa Varðarfélaginu skýrslu um mál, sem fyrst átti að vera heyrinkunnugt hér í þingsölunum. Ég tek fyllilega undir þessa ádeilu. En ég geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh., þegar hann fær heilsu til að birtast hér í þingsölunum og halda ræðu, þá hafi hann einhver svör við slíkri aðfinnslu, — svör, sem a. m. k. reynast ekki lakari en svar, sem hæstv. landbrh. gaf einum hv. þm. nú fyrir skömmu, sem spurði hæstv. ráðh. ósköp hógværlega, hvað hann hygðist gera við brbl. frá s. l. hausti um verðfestingu búvara bænda. Það má vel vera, að undir niðri hafi hv. fyrirspyrjandi verið í vígahug og á honum hafi e. t. v. mátt skilja, að hann vildi, að þessi skjólstæðingur ráðh. þ. e. bráðabirgðalögin, yrði strax framseldur undir öxina hér á Alþingi. Eitt er víst, að hæstv. landbrh. brást fár við öllum tilmælum um að framselja til Alþingis þetta eftirlætisgoð og eftirlætisfóstur stjórnarflokkanna og lofaði engu góðu um framsalið. Kvaðst hann hafa rætt málið við framleiðsluráð landbúnaðarins, og gæti fyrirspyrjandi og aðrir, sem áhuga hefðu í þessu máli, leitað þar frétta um, hvað hann hefði sagt og hvað hann og ríkisstjórnin ætlaði sér fyrir í þessu máli. Það hafa ýmsir tekið þessu svari illa og talið það bæði fávíslegt og ókurteist. Ég ætla ekki hér að skýra frá skoðun minni á framkomu hæstv. ráðh. í þessu tilfelli. Það gæti farið svo, að ég fengi þá aðvörun frá hæstv. forseta á þá leið, að oft megi satt kyrrt liggja. En hæstv. ráðh. virtist mjög ánægður með svar sitt, eins og hans reyndar var von og vísa, og segja má, að út af fyrir sig hafi ekki verið í kot vísað, þar sem framleiðsluráð landbúnaðarins er. Hitt er svo annað mál, hvort hæstv. landbrh. hefur skilið þar eftir sig annað en geitarhár í stað ullar.

Út af fyrir sig óttast ég ekki heldur, að hæstv. forsrh. verði svarafátt við þeirri aðfinnslu að hafa villzt inn á Varðarfund með efnahagsskýrslu, sem honum bar skylda til að flytja fyrst á Alþingi. En ef hæstv. forsrh. vill ekki verða eftirbátur hæstv. landbrh. og vill svara í svipuðum dúr, þá mætti fara svo, að hæstv. forsrh. segði: Ja, ykkur er opin leið að ganga í Varðarfélagið *og sækja fundi þar til þess* að hlusta á það, hvað ríkisstj. hefur að segja í efnahagsmálum þjóðarinnar og öðru því, sem hana varðar í heild. — En ég geri ráð fyrir, að mér og fleirum á hæstv. Alþingi þyki slík tilvísun verri en í kot vísað.

En hver var svo fréttin, sem barst frá Varðarfundinum og höfð var eftir hæstv. forsrh.? Hún var engin önnur en sú, að fjárhagsástandið væri svo alvarlegt, að útlit væri fyrir, að ríkissjóð og útflutningssjóð vantaði fyrir næsta ár að óbreyttum aðstæðum ekki minna en kvartmilljarð króna, ef allt ætti að bjargast, og þá upphæð yrði ríkissjóður og ríkisstj. að fá með góðu eða illu, ef hún ætti að fara á flot eftir áramót. Það mundi nú kannske minna gera til, þó að ríkisstj. færi ekki á flot eftir áramót. En mér dettur í hug, fyrst ég nota það orð að fara á flot, að það mun verða alvarlegra fyrir þjóðina, ef bátarnir færu ekki á flot eftir áramót, en um það má ugga, og það er þjóðarvoði, en ekki þó að núv. hæstv. ríkisstjórn færi ekki á flot eftir áramót.

Eftir þessum fréttum mátti skilja, að hæstv. forsrh. hefði komið sú vitneskja mjög á óvart, að ástandið í efnahagsmálunum væri svo alvarlegt sem hann tilkynnti á fyrrnefndum Varðarfundi. Mér skilst eftir þeim fregnum, sem hermt er af þessum merkilega fundi, að hann hafi látið það a. m. k. í veðri vaka eða skýrt frá því, að hann hefði raunar allt þetta ár verið af og til að gægjast í stjórnarplöggin yfir öxl vinar síns, fyrrv. hæstv. forsrh., eins og honum líka bar skylda til, sökum þess að

Sjálfstfl. bar ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum fyrrv. stjórnar, og m. a. þurfti þess vegna formaður Sjálfstfl. að hafa gætur á, að Alþfl.-stjórnin svokallaða gerði engin önnur skammarstrik en henni var ætlað að gera.

Og um fjárhaginn skilst mér, að forsrh. hafi látið í veðri vaka sér til afsökunar, að hann hefði einnig, eins og aðrir, lesið það bæði í Morgunbl. og Alþýðubl., meðan á kosningabaráttunni stóð í haust, að allt væri í lagi, að fjárlögin fyrir þetta ár reyndust pottþétt, svo að nægir peningar væru til í ríkissjóði, sama væri að segja um útflutningssjóð, og einnig væri nægur gjaldeyrir í bönkunum, bæði til að flytja inn lúxus- og óþarfavörur ríkisstj. sem og lífsnauðsynjar þjóðarinnar. Hins vegar höfðu ýmsir, meðan í kosningabaráttunni var staðið, haldið því fram, að allt önnur og verri tíðindi hefðu gerzt á þessu ári í fjárhagsmálunum undir samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., og það var óneitanlega þægilegt þá stundina fyrir stjórnarliðið að geta í kosningunum sagt, að allar slæmar fregnir í þessum málum væru ósannar, og geta fullyrt, að hið góða fjárhagsástand, sem þjóðin byggi nú við, væri allt að þakka samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., og að svo vel hefðu þessir flokkar haldið vöku sinni, að dýrtíðarskrúfan hefði ekki haggazt um hænufet.

En það er nú svo, að það kemur ætíð að skuldadögunum og hið sanna kemur í ljós fyrr eða síðar. Það getur náttúrlega hver sem vill láð hæstv. forsrh. það, að hann kaus fremur að stynja einhverju af sannleikanum í þessum málum upp við vini sína í Varðarfélaginu, áður en hann gekk á fund Alþingis sömu erinda. Það er hægt að gera sér grein fyrir því, að það er ekki fýsilegt fyrir hæstv. forsrh. landsins að standa hér frammi fyrir hinni mislitu hjörð innan veggja Alþingis og verða að játa, að allt, sem stjórnarflokkarnir sögðu í síðustu kosningum um fjármál ríkisins og fjárhagsmál þjóðarinnar yfirleitt, einmitt það, sem þeir fengu mörg atkv. út á í kosningunum, hefði verið fals og blekking, — að þurfa að viðurkenna, að allir sjóðir frá tíð vinstri stjórnarinnar væru horfnir í eyðsluhítina og allt væri um koll keyrt og stjórnin vissi ekki sitt rjúkandi ráð, nema víst væri, að hún yrði fyrir næstu áramót að fá kvartmilljarð í hendurnar, ef hún ætti að haldast við í stólunum. Og það er því miður jafnan svo, að ef menn vita ekki sitt rjúkandi ráð, þá er oft stutt fyrir misvitra menn — og ef til vill því hættara sem þeir eru fleiri — að grípa til örþrifaráða.

Ég var kominn þar sögu um mál á Alþingi, að mörg tekjuöflunarfrv., sem nú er að vísu búið að steypa saman í eitt frv., sem gengur meðal fólksins undir nafninu „bandormur", voru ásamt heimild til bráðabirgðagreiðslna lögð fram á Alþ. af sjömenningunum í hæstv. ríkisstjórn. Og það þarf ekki að taka það fram, að hv. þm. héldu vöku sinni samkvæmt beiðni forsrh. og voru viðbúnir að móttaka boðskap um það, hvað ríkisstj. teldi að gera ætti í fjárhagsmálunum, og einnig viðbúnir að beiðni forsrh. þingsetningardaginn að kynna sér þær skýrslur og tillögur vandlega. En þá springur stjórnarbomban. Þá er lögð fram till. til þál. á Alþ. um að senda þm. heim, — senda þá heim tíu dögum eftir að þeir höfðu verið kallaðir saman. Þessari þáltill. hæstv. forsrh. fylgdi gagnstætt venju engin grg. En eitt stjórnarblaðið, Alþýðubl., það blaðið, sem þm. hafa ekki aðgang að hér í þinghúsinu, — það er kapítuli út af fyrir sig, að Alþýðubl. skuli, að ég ætla, vera eina stjórnmálablað landsins, sem virðir Alþingi svo lítið, að það telur ekki ástæðu til eða þess vert að sjá um, að þm. eigi hér á Alþingi auðvelt með um þingtímann að fylgjast með því, sem blaðið lætur á þrykk út ganga, — ég er ekki að halda því fram fyrir hönd þm., að hér sé mikill skaði skeður, þótt blaðið hafi þennan hátt á, en það er blærinn, sem er ekki viðfelldinn, — Alþýðublaðið virðist hafa viljað hlaupa undir bagga með hæstv. forsrh. — og ber það sannarlega ekki að lasta — og bæta úr greinargerðarleysi í sambandi við þáltill. um að vísa þinginu heim. Mér er sagt, að útskýring blaðsins, nokkurs konar rökstuðningur fyrir þáltill. hafi verið sá, að með því að senda Alþingi heim nú um mánaðamótin og kalla það ekki aftur saman fyrr en í janúarlok mundu sparast í þinghaldi nálega 900 þús. kr. Þennan sparnað má skilja svo samkv. framsetningu blaðsins, að því er mér er tjáð, að hann eigi að vera nægileg grg., nægileg ástæða til þess að brjóta allar venjur og senda Alþingi strax heim, fáum dögum eftir að það hefur komið saman. Ja, fallegur er nú hugsunarhátturinn, sem á bak við virðist búa, — sá, að ef hægt er að spara með því nokkra fjárhæð, þá er það nægileg ástæða. Hitt má skilja eftir frásögn blaðsins um þetta mál, að það skipti ekki miklu máli eða kannske engu máli, þótt venjur og lýðræðislegar reglur séu um leið brotnar. En þetta er ekki allt. Það versta er, að þessi málflutningur um umræddan sparnað í sambandi við að fresta þinghaldinu nú er ósannur og hrein blekking, sem á engan hátt fær staðizt.

Ég álít, að í raun og veru sé hin svokallaða sparnaðarhlið á heimsendingarmálinu algert aukaatriði, þó að sönn hefði verið. Heimsending Alþingis nú er miklu alvarlegra mál en svo, að það verði metið frá peningalegu sjónarmiði, og málið er því að mínum dómi ekki ræðandi á þeim grundvelli.

Ríkisstj. hefur sjálfsagt líka strax virzt, að slík grg. með þáltill. væri ónothæf, því að þá kemur það fram, að flutt eru sem ástæða fyrir heimsendingunni þau rök, að ríkisstj. þurfi að hugsa, — það er eins og ríkisstj. hafi aldrei hugsað fyrr, en hún þarf nú að hugsa um efnahagsmálin, en getur það ekki fyrir hávaðanum á Alþingi, — hún þurfi að breiða feld yfir höfuð sér og hún þurfti að fá algera kyrrð og næði. Þetta finnst stjórnarliðinu vafalaust virðulegri og á allan hátt frambærilegri grg. fyrir till. um heimsendingu Alþingis heldur en fram kom í Alþýðublaðinu. En þá vaknar bara sú spurning: Hafa þá stjórnarflokkarnir raunverulega ekkert hugsað um efnahagsmálin það heila ár, sem þeir hafa setið við völd? Og hafa núv. stjórnarflokkar raunverulega verið svo

uppteknir á liðnum valdatíma að bæta pólitíska aðstöðu sína í tvennum kosningum þessa árs, að þeir hafa látið undir höfuð leggjast að hugsa um vandamál þjóðarinnar, sem þeir þó vissulega hafa sjálfir átt drjúgan þátt í að skapa? Og á nú á þeim báðum að sannast betur en nokkurn tíma áður það kjörorð, sem hinn stærri stjórnarflokkurinn virðist hafa áður fyrr tileinkað sér, það er: Ég fyrst, flokkurinn svo og þjóðin síðast?

Ef þetta er rétt, því í ósköpunum játa stjórnarherrarnir ekki hreinlega, að þeir hafi ekki hugsað ráð sitt gagnvart vandamálum þjóðarinnar, það sé enn eftir, og þess vegna þurfi nú stjórnin að fara að fá hvíld og frið til þess að hugsa? En það má í tilefni af þessu líka spyrja: Hvar er nú leynivopn hæstv. forsrh., sem hann boðaði fyrir mörgum árum? Því er nú ekki gripið til töfrapennans? Hvenær væri meiri ástæða en nú og hvenær kæmi það a. m. k. meira í þágu hans flokks en nú, þegar hann er búinn að fá yfirtökin í stjórn landsins? Því er ekki gripið til töfrapennans, sem sagður var á sínum tíma þeirrar náttúru, að ekki þurfti nema eitt pennastrik með honum til þess að lækna alla verðbólgu og fjárhagsvandræði þjóðarinnar? Hafa kannske ýmsir ráðamenn stjórnarflokkanna trúað þessari þjóðsögu um töfrapennann og þess vegna losað sig við að hugsa, en séu nú orðnir uggandi um mátt pennans eða hræddir við pennann, að hans eðli sé þannig, að það geti orðið hættulegt fyrir ríkisstj. að beita honum, og því sé a. m. k. vissara að hugsa eitthvað, áður en honum er beitt? Hvað sem um þetta er að segja, þá er heimsendingaráform ríkisstj. óheyrileg framkoma gagnvart Alþingi. Og mér virðist hún bera eingöngu vott um nazistísk vinnubrögð, og hún er að mínum dómi mesta móðgun við þing og þjóð, sem fram hefur komið hér á landi af hendi stjórnarvalda, síðan Trampe greifi hinn danski rak þjóðfundinn sællar minningar burt frá störfum.

Samkv. þessari þáltill. hæstv. forsrh. er ljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlar að svíkja það loforð, sem hún gaf Alþingi þingsetningardaginn, að gefa því fljótlega skýrslu um þær ráðstafanir, sem hún hygðist gera í efnahagsmálunum. Í staðinn ætlar hún að senda Alþingi heim um tveggja mánaða skeið.

Hér er um að ræða nýkosið þing, sem vitað er að þarf að hafa með höndum mörg erfið og aðkallandi vandamál, sem endilega þarf að leysa sem allra fyrst og helzt að mestu eða öllu fyrir næstu áramót. Og þetta er nýkosið þing eftir lýðræðislegri aðferð — að dómi stjórnarflokkanna — en nokkurn tíma áður hefur komið saman. En samt á að senda það heim yfir þann tíma, sem mest þörf er á að það sitji og ráði ráðum sínum. Og m. a. ætlar hæstv. ríkisstj. með þessu framferði að koma sér undan þeirri lýðræðislegu skyldu að leggja fyrir Alþingi bráðabirgðalögin frá s. l. hausti, sem níðast á einni stétt landsins og engir hafa þorað opinberlega að mæla bót nema minnsti þingflokkurinn, og þessi brbl. voru í upphafi sett í trássi og gegn vilja þingmeirihluta, samkvæmt m. a. yfirlýsingu Sjálfstfl., og því voru þessi brbl. í eðli sínu frá upphafi réttlaus frá sjónarmiði viðurkenndra lýðræðisreglna.

Stjórnarandstaðan vill halda vöku sinni að beiðni hæstv. forsrh., og ég skora á stjórnarliðið að halda einnig sinni vöku í þessu máli og hindra það, að svona vinnubrögð verði viðhöfð í þessu mikilvæga atriði, að reka Alþingi heim frá störfum á þessu stigi málanna. Vill hv. þingmeirihluti bera ábyrgð á svona fáránlegum gerðum ríkisstjórnar sinnar? Vill hann t. d. bera ábyrgð á því, að brbl. um verðbindingu búvara bænda haldi óstaðfest á Alþ. gildi sínu til lokadags, en það vita allir hv. þdm., að þeim er ætlað að óbreyttu að halda gildi til 15. þ. m., og að útrunnum þeim tíma sé e. t. v. von á nýjum og engu betri brbl. í þessu efni? Vill hv. þingmeirihluti bera ábyrgð á því, að Alþingi eigi ekki kost á að vinna að einhverri lausn efnahagsmálanna fyrr en eftir 2 mánuði, þótt vitað sé, að málin þoli enga bið, hvað þá svo langa, og óttast megi, að núverandi ríkisstjórn, sem virðist láta sér fátt fyrir brjósti brenna, sé jafnvel vís til þess að setja um efnahagsmálin brbl., eftir að hún er búin að reka þingið heim, og fremja þannig enn eitt ofbeldi gegn löglega kosnu og nýsamankomnu Alþingi? Vill hv. stjórnarlið hjálpa ríkisstj. sinni til þess að skapa þá hættulegu venju, að ríkisstj. geti eftir geðþótta sniðgengið löggjafarþing þjóðarinnar, gert það óvirkt og því ómögulegt að rækja skyldur sínar? Vill hv. þingmeirihluti e. t. v. stuðla að þeim vinnubrögðum ríkisstjórnar sinnar, sem minna á hætti og siðu Estrups hins danska og illræmda, að stjórn ríkisins stjórni með brbl. og tilskipunum, sem gæti auðveldlega orðið undanfari algerra fasistískra stjórnarhátta.

Ég tel, að það hefði aldrei verið ástæða til að bera traust til núverandi eða fyrrverandi ríkisstjórna. En að hin nýmyndaða stjórn gerði þjóðina óttaslegna með fyrstu aðgerðum sínum, er meira en ég fyrir fram gat gert mér grein fyrir eða átt von á. Var það ekki nóg, að þjóðin hefur orðið að sætta sig við allt þetta ár, að stjórnarflokkarnir höguðu sér ábyrgðarlítið í fjárhags- og efnahagsmálum meira og minna sér til pólitísks stundarhags og framdráttar? Var það ekki nóg fyrir þjóðina að þurfa nú og í framtíðinni að súpa seyðið af slíku framferði? Ég spyr: Var það, sem á undan var gengið, ekki nóg, þótt ekki væri nú þegar höggvið í hinn sama knérunn með því að gera tilraun til að brjóta niður allar þingræðis- og lýðræðisvenjur og skyldur, eins og lítur út fyrir að eigi að gera í flestum málum, sem ríkisstj. hefur borið fram, og þá fyrst og fremst í sambandi við það að reka Alþingi nú þegar heim?

Ill virðist hin fyrsta ganga þessarar ríkisstj. ætla að verða, og munu þá fleiri spor slík á eftir koma. Hvers vegna bregzt hæstv. ríkisstj. þeirri venju og skyldu að taka fjárlagafrv., sem fyrir liggur, til meðferðar og láta vísa því til nefndar, um leið og fjmrh. gefur Alþ. skýrslu um afkomu ársins, eins og föst venja er og skylda er, um leið og fjmrh. þá að sjálfsögðu

gefur einnig þinginu yfirlit yfir fjárþörf ríkisins á komandi ári og eftir föngum yfirlit í heild um fjárhagsmál þjóðarinnar? En í þessu máli er alger þögn af hendi hæstv. ríkisstj. og um leið í raun og veru alger fyrirlitning í garð Alþingis, og þessa fyrirlitningu undirstrikar ríkisstj. með því að bera fram, áður en hún ræki r fyrrgreindar skyldur sínar, lagafrv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði ⅙ hluta næsta árs. Ég spyr: Hver er tryggingin fyrir því, að svona ríkisstj. greiði aðeins út lögboðin gjöld og því um líkt, eins og venja hefur verið, þegar bráðabirgðagreiðsluheimildir hafa verið gefnar? Mér finnst a. m. k. von, að spurt sé um tryggingu í þessu efni, ekki sízt eftir það, sem á undan er gengið, síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. **(Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir ólokið af ræðu sinni.) Já, ótrúlega mikið. **(Forseti:** Þá vil ég biðja hann að gera svo vel að gera hlé á máli sínu, því að nú verður gert fundarhlé til kl. 11.30.) Ég þakka forseta fyrir hvíldina. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun hafa verið kominn þar máli mínu, þegar hæstv. forseti bauð þm. upp á þá ágætu hressingu, sem á boðstólum var og þm. hafa nú notið, að ég lét í ljós efa um, hvort ástæða væri til með tilliti til þess, sem á undan var gengið, að treysta núverandi hæstv. ríkisstj. til að beita greiðsluheimildarlögunum þannig, að ekki yrði ofgert, að greiðsluheimildarlög yrðu ekki misbrúkuð í höndum hennar. Og ég taldi ástæðu til að spyrja, — og enn meiri ástæðu tel ég til að spyrja, eftir að hafa í kvöld hlustað á vífilengjur hæstv. fjmrh. út af fsp. um, hvort ríkisstj. ætlaði raunverulega ekki að vísa fyrirliggjandi fjárlagafrv. til n. og gefa um leið skýrslu um fjárhag ríkissjóðs og efnahagsmálin yfirleitt, eins og venja er og ríkisstj. ber skylda til í þingbyrjun. Vífilengjur hæstv. fjmrh. voru í raun og veru mjög athyglisverðar, þótt allt virtist ganga út á það fyrir hæstv. ráðherra að segja ekkert með þeim orðum, sem hann sagði. En vissulega fannst mér, að honum hefði þá skjöplazt nokkuð í því efni. Hæstv. fjmrh. sagði, út af fsp., að hann teldi, að væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálunum mundu verða þannig, að fyrirliggjandi fjárlagafrv. væri einskis nýtt og semja þyrfti því nýtt fjárlagafrv. frá grunni. Hverjar þessar efnahagsráðstafanir yrðu, var hæstv. fjmrh. vissulega jafnþögull um og aðrir ráðherrar, sem talað hafa — eða í raun og veru þagað hafa í sambandi við fsp. um þau efni, sem komið hafa hér fram marga undanfarna daga á hv. Alþingi. En samt tel ég yfirlýsingu hæstv. fjmrh. boða mikil tíðindi í efnahagsmálunum, ef svo er, að ráðstafanirnar verða þess eðlis, að fyrirliggjandi fjárlagafrv. er ónýtt plagg og að engu hafandi. Þögnin um fyrirhugaðar aðgerðir hæstv. ríkisstj. er þannig með yfirlýsingu hæstv. fjmrh. enn þá uggvænlegri en áður og reyndar alveg óþolandi.

Það er svo út af fyrir sig einnig sorglega skoplegt, þegar þessi hæstv. fjmrh. og fyrrverandi borgarstjóri hér í Reykjavík fór að tala um vinnubrögð fjvn. á liðnum árum. Hann deildi á fjvn. fyrir það, að hann teldi, að hún hefði á flestum tímum og í raun og veru undantekningarlaust sýnt slæleg vinnubrögð, og hann gaf það meira en fyllilega í skyn, að hann teldi það óhæfilegt, hve fjvn. hefði ætíð haldið fjárlagafrv. lengi hjá sér. Þessi ádeila hæstv. fjmrh. hittir fyrst og fremst formenn fjvn. á hverjum tíma. En ég vil fullyrða, að þessi hæstv. fjmrh. verður að hafa sýnt af sér meiri afrek en hann hefur þegar sýnt sem fjmrh. og eins sem borgarstjóri, áður en hann er þess umkominn að knésetja þá formenn fjvn., sem undanfarin 14 ár hafa stjórnað málum n., en þann tíma, s. l. 14 ár, hef ég setið í fjvn., og ég tel því, að ég sé þessum málum kunnugri en hæstv. fjmrh. og um leið jafnframt dómbærari. Lengst af þennan tíma stjórnuðu verkum fjvn. tveir þjóðkunnir sjálfstæðismenn, þeir núverandi 1. þm. Vestf. og fyrrv. þm. Borgf. Þetta eru menn, sem allir viðurkenna, nema þá hæstv. núverandi fjmrh., fyrir skörungsskap og dugnað, og ég ætla, að þeir sjálfstæðismenn, sem unnu í fjvn. með þeim manni, sem síðast var formaður n., þ. e. hv. 6. þm. Sunnl., muni ekki taka undir slettur og sleggjudóma hæstv. fjmrh. í hans garð. Ég ætla, að hv. 6. þm. Sunnl. sem fjárveitinganefndarformanni verði ekki borið neitt það á brýn, sem hæstv. fjmrh. virtist vilja hitta hann með, og ég mótmæli enn fremur þessum sleggjudómum hæstv. fjmrh. í garð fjvn. í heild, fyrr og síðar, þessi 14 ár, sem ég er málum og störfum hennar kunnugur. Og þetta eru ummæli hæstv. fjmrh., þess ráðherra, sem þarf að hafa mikið og náið samstarf við fjvn., og þessi ummæli, ef á að taka þau alvarlega, boða ekki neitt gott í sambandi við samstarf hæstv. fjmrh. og núverandi fjvn.

En þessi ummæli hæstv. fjmrh. í garð fjvn. í heild og í garð formanna fjvn. eru svo sem ekki ólík öðru, sem fram hefur gengið af munni þessarar hæstv. ríkisstj., síðan núverandi Alþ. kom saman. Það virðist allt þar á sömu bókina lært. Og þessi hæstv. fjmrh. leyfir sér, áður en að hans dómi nokkurt fjárlagafrv. er fram komið, sem mark er á takandi, að segja við fjvn.: Í lok næstkomandi janúar legg ég fram mitt fjárlagafrv., og annað verður ekki þolað en n. vinni þannig, að hægt verði að afgreiða fjárlög fyrir næstkomandi febrúarlok. M. ö. o.: frv. á að leggjast fram, takast til 1. umr., það er útvarpsumræða, vísast til n., skilast frá fjvn. til 2. umr. og ræðast í Sþ. við 2. og 3. umr. ásamt venjulegum brtt. fjvn. og þm., og þetta á að gerast allt á einum mánuði, frá því Alþ. á að koma aftur saman í janúarlok n. k. Þetta þýðir það að mínum dómi, að n. fær sennilega rúman hálfan mánuð til að vinna sitt verk. Þvílík fjarstæða að dómi allra þeirra, sem til þeirra mála þekkja, og þvílíkur diktator er hér kominn á meðal okkar í fjmrh.-sætið! Það á svo sem ekki að gefast tækifæri í þessu efni frekar en öðru að vinna að málum í fjvn. á sómasamlegan hátt fremur en annars staðar á þingi, þannig að hægt sé að taka málin rækilega fyrir á venjulegan hátt, athuga þau og ræða í n. og láta þau svo á eðlilegan hátt

ganga í gegnum afgreiðslu hv. Alþigis. Og þó er hér um að ræða eitt allra þýðingarmesta mál Alþingis og þjóðarinnar, fjárlögin.

Það lítur út fyrir, að hæstv. fjmrh. ætlist til, að fjvn. taki á móti fjárlagafrv. frá honum og ríkisstjórninni og segi tafarlaust já og amen við öllu því, sem þar stendur, án þess að hafa haft tækifæri til eftir föngum að sannprófa það, gera sér grein fyrir efni þess og mynda sér skoðun um það. Það virðist ekki eiga við, að slíkur háttur sé á hafður, að dómi hæstv. fjmrh.

Og svo að ég víki aftur að efnahagsmálunum, þá spyr nú maður mann: Hvers vegna helzt þessi þögn og þessi dul yfir væntanlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Hvers vegna svíkur hæstv. ríkisstj. loforð, hátíðleg loforð, sem hún gaf Alþ. þingsetningardaginn, að gefa því fljótlega skýrslur um þær efnahagsráðstafanir, sem hún hyggst gera? Er ríkisstjórninni ekki ljóst, hvaða óhappaverk hún er að vinna í þessum efnum með framferði sínu, og er henni ekki ljóst, að það er enn þá meira óhappaverk, eftir að hæstv. forsrh. hefur talað í einkafélagi hér í Reykjavík á þann hátt, sem hann hefur talað, um efnahagsmálin og þar láta eftir sér hafa, að þau séu í algeru öngþveiti? Það má segja: fyrr má nú rota en dauðrota.

Hér á Alþingi hefur áður verið m. a. vakin athygli hæstv. ríkisstj. á því, að slík þögn um væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálunum sé stórhættuleg, m. a. sökum þess, að í tilefni af því myndast alls konar sögusagnir, komast alls konar sögusagnir á kreik um, hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í þeim málum. M. a. hefur áður á hv. Alþingi verið bent á, að kominn sé fyrir löngu á kreik orðrómur um, að ríkisstj. ætli að skella á gengislækkun, og ýmsir ráðamenn stjórnarflokkanna eru bornir fyrir þeim sögum. Það var annar hv. þdm., sem vakti athygli á þessu, ég vil taka þar undir, vegna þess að það er staðreynd, að svona orðrómur er á kreiki og er stórhættulegur gagnvart öllu efnahagslífi þjóðarinnar og stórhættulegur gagnvart þeim ráðstöfunum, sem mætti ætlast til að þessi hæstv. ríkisstjórn gerði.

Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem hér hafa verið borin fram um hættu í þessu efni, þau mega vera öllum hv. þdm. ljós, bæði af því, sem áður hefur verið sagt um þau mál í þessari hv. deild, og eins af sjálfsögðum kunnugleika hvers einstaks þdm. um slík mál.

Það skiptir ekki máli, þótt ég vilji ekki leggja trúnað á þennan orðróm, sem gengur staflaust, fyrst og fremst hér í Reykjavík, að hæstv. ríkisstj. ætli að framkvæma gengislækkun nú. Ég skal ekki út af fyrir sig leggja trúnað á þann orðróm og ekki heldur fara á þessu stigi að ræða það mál nánar. En það skiptir máli, hverju fólkið trúir. Svona orðrómur gerir ekkert annað en skaða þjóðina, skaða alla nema þá nokkra fjársterka braskara, sem kunna að haga sér samkvæmt því, að hér eigi innan tíðar og kannske fyrirvaralítið að skella á gengislækkun. Slíkur orðrómur sem þessi er svo óhafandi, að ég tek undir þau orð, sem sögð hafa verið áður hér í þessari hv. þd., að þótt svo væri, að hæstv. ríkisstj. hefði hugsað sér eða væri jafnvel ákveðin í að framkvæma gengisfellingu, þá bar henni og ber henni enn skylda til þess að lýsa opinberlega þennan orðróm ósannan. Svo hættulegt er, að svona orðrómur skuli komast á kreik.

Á alþýðumáli er sagt um suma menn, að þeir hafi læknis- og líknarhendur, þ. e. að það, sem slíkir menn snerta á, vinna að, verði þeim, sem í hlut eiga, til góðs. Aðrir eru taldir hafa óhappahendur, vondar hendur, og eðli þeirra er það, að hvað sem slíkir menn fást við, verður þeim og öðrum, sem að búa, til böls og ógæfu. Hæstv. núverandi ríkisstj. virðist í þessum skilningi ekki hafa góðar hendur, jafnvel svo slæmar hendur, að út af fyrir sig virðast eðlileg mál hafa í höndum hennar breytzt í hættuleg mál, svo hættuleg, að fólkið sjálft hefur skírt þau og kallað þau bandorm, — nafni þess sníkjudýrs, sem þjóðin hefur um langan aldur óttazt einna mest. Hvað sem um þetta má segja, þá virðist hæstv. ríkisstj. hafa nú of margt óhreint í pokahorninu, sem hún virðist vilja dylja í lengstu lög. Þjóðin er nú þegar slegin ótta yfir innihaldi stjórnarpokans, sem svo laumulega er með farið, og hún veit a. m. k., að hjá ríkisstj. er maðkur í mysunni, ef það er ekki eitthvað verra. Og þjóðin virðist vera farin að óttast það, að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi ekki læknishendur, hafi vondar hendur. Ég óttast líka, að sú trú þjóðarinnar sé sönn. Ég vona þess vegna, að dagar þessarar hæstv. ríkisstj. verði sem allra fæstir og að hrammar hæstv. ríkisstj. dveljist sem styzt á bríkum ráðherrastólanna hér í þessari hv. deild.

Forseti (BGr): Með því að þessi umr. hefur nú þegar staðið yfir 6 klukkustundir og enn eru nokkrir menn á mælendaskrá, þá er samkvæmt 37. gr. þingskapa lagt til, að þessari umr. ljúki klukkan eitt. Þessi till. verður samkvæmt sömu grein umræðulaust borin undir atkvæði.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum aðförum hæstv. forseta, sem eru með öllu óvenjulegar, en að vísu ekki óvenjulegri en margt af því, sem hæstv. forsetar láta nú ríkisstj. hafa sig til að gera á Alþingi, — ég segi: hafa sig til að gera á Alþingi. Það hefði verið skylda hæstv. forseta, eins og hefur verið margsinnis drepið á í þeim umræðum, sem verið hafa hér undanfarna daga, að gæta sóma og virðingar Alþingis gagnvart ríkisstj., en ekki láta hana hafa sig til þess að fremja hvers konar óhæfuverk í garð Alþingis. En það hafa þeir óneitanlega gert með því eftir fyrirskipunum hæstv. ríkisstj. að taka hér á dagskrá, þegar henni hefur sýnzt, á alveg óvenjulegum tímum sólarhringsins öll þau mál, sem ríkisstj. hefur fyrirskipað forsetunum að taka fyrir. Í stað þess að þeir hefðu átt að leggja vinnu í að fá ríkisstj. til þess að haga þannig störfum Alþingis, að það gæti notið sín, þá virðast þeir hafa farið eftir fyrirskipunum hennar í hvívetna. Og nú á að bæta þessu við, sem er með öllu óvenjulegt í sögu þingsins,

áreiðanlega algerlega fordæmalaust, að á fyrstu dögum þingsins hafi verið gripið til þess ráðs að skera niður umræður. Hér hafa umræður alls ekki farið neitt fram úr hófi, og hér eru brotin þingsköpin gersamlega. Hér hefur það eitt verið gert, að nokkrir þm. hafa notað málfrelsi sitt til þess að mótmæla frestun Alþingis og allri þeirri óhæfuáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt í því sambandi.

Það virðist ekki vera nóg, að hæstv. ríkisstjórn ætlar að nota þingmeirihluta sinn til þess að reka þingið heim, heldur á, áður en þingið er rekið heim, að brjóta allar venjulegar velsæmisreglur á þingmönnum, en ég fullyrði, að ef nú verður staðið við það að fara að skera niður umræður, þá er það gert. Ég mótmæli því algerlega í nafni Alþingis, að þannig sé farið að. Og mér finnst það bókstaflega ósæmilegt af hinum unga varaforseta þessarar deildar að láta nota sig til þess að gera slíkt sem þetta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð. Það hefur ekki tíðkazt nú í 10 ár í þinginu, að svona aðferðum hafi verið beitt, og þeim hefur aldrei verið beitt í þingsögunni, nema þegar sérstaklega harðvítuglega hefur verið barizt hér. Það liggur ekki nokkur skapaður hlutur fyrir, sem gerir það nauðsynlegt eða verjanlegt að beita svona aðferðum, heldur þvert á móti. Það hefur aldrei komið fyrir í þingsögunni, að það hafi verið farið að takmarka umræður í upphafi þings, og það, sem hér er um að ræða, er beinlínis tilraun til að beita ofbeldi gagnvart Alþingi, af því að maður hlýtur að álykta af því, sem hér hefur fram komið, og af þögn ríkisstj. og hennar fylgismanna, að það eigi að beita ofbeldi við þjóðina á eftir. Ef menn hafa í hyggju að stela af þjóðinni, þá byrja þeir með því að reyna að kefla hana. Ef menn ætla að ræna hana, þá byrja þeir með því að svipta hana málfrelsi. Og það er það, sem verið er að gera hér núna.

Þess vegna vil ég algerlega mótmæla þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð. Það er verið að brjóta allan anda þingskapanna. Það er verið að brjóta allar þingvenjur, sem hér hafa gilt. Ég hef sjálfur setið í þessum forsetastól, þegar þó nokkuð hefur verið heitt hér, þegar sterk andstaða hefur verið hér á þingi, og ég veit ósköp vel, að það er hægt að koma þingstörfum áfram og sjá um, að mál gangi, ef þær aðferðir eru teknar upp að reyna að semja við stjórnarandstöðu. Það er ekki nokkur þörf fyrir nokkurn forseta að láta hafa sig til þess af einni ríkisstj. að beita svona aðferðum, og það ber hverjum forseta í Alþingi að kenna ríkisstjórninni það, að hún á að taka tillit til stjórnarandstöðunnar og reglna þingsins og heiðurs þingsins, svo framarlega sem ríkisstj. veit það ekki sjálf.

Þess vegna vil ég algerlega mótmæla þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð, og lýsa því yfir, að það kann ekki góðri lukku að stýra. Fyrst hafa verið bornar hér fram mjög rökstuddar hugmyndir um, hvað ríkisstj. sé að hugsa fyrir, og nú er síðan beitt ofbeldi til þess að skera niður umræður í þinginu, af því að ríkisstj. er hrædd við þær. Ríkisstj. óttast, að það sé verið að afhjúpa, hvað það er, sem hún ætlar sér að gera. Hún þorir ekki að standa fyrir máli sínu hér. Hún þolir það ekki, að alþm. hafi hér málfrelsi. Hún er að reka þingið heim, af því að hún óttast Alþingi, og hún óttast Alþingi af því, að hún óttast alþýðuna og þjóðina. Nú er meira að segja svo komið, að nú þorir hún ekki heldur þessa fáu daga, sem enn þá er hægt að halda umræðum hér gangandi til þess að reyna að aðvara hana og skýra fyrir þjóðinni, hvað hún er að gera, — nú þolir hún ekki heldur lengur að hlusta á þingmenn. Það er sárt, að nokkur forseti í deildum Alþingis skuli láta hafa sig til slíks verknaðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil mótmæla því, að skornar verði nú niður umræður um það mál, sem hér er á dagskrá. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér er um að ræða mál, sem þannig er til komið á þskj., að steypt hefur verið saman fimm reglulegum þingmálum og búið til eitt þingmál úr þeim. Áður var hér búið að leggja fram á hv. Alþingi fimm frv. um fimm mismunandi mál, en þeim var síðan steypt saman í eitt frv., til þess vitanlega að reyna að koma í veg fyrir, að alþm. gætu með eðlilegum hætti fengið að ræða um þessi málefni samkv. því, sem þeir eiga rétt á samkv. þingsköpum. En til viðbótar því, að þessum fimm mjög óskyldu málum á marga lund er nú steypt saman í eitt mál, þá á svo að takmarka ræðutíma manna um þetta eina mál meira en dæmi eru til um áður á Alþingi. Ég vil algerlega mótmæla þessu, og ég geri kröfu til þess, að ég, sem kvaddi mér hljóðs um þetta mál og hef ekki enn þá fengið að taka til máls um þetta mál, sem hér er á dagskrá, að ég, sem kvaddi mér hljóðs hér fyrir löngu, fái að flytja mál mitt hér, án þess að ræðutími minn verði skertur sérstaklega. Ég vil líka segja það, að mér þykir það alveg furðulegt af hæstv. ríkisstj., að hún skuli gera kröfur um það til forseta þessarar d. að efna til ófriðar hér í þinginu á þennan hátt. Það mega allir sjá, að það boðar enga gæfu fyrir þessa ríkisstj., að hún skuli efna til ófriðar með slíkum hætti sem hún gerir hér í sambandi við þetta mál. Hér er um hreint ofbeldisverk að ræða gagnvart þingmönnum, og það er alveg áreiðanlegt, að ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að knýja fram þetta ofbeldi á þingmönnum, þá verður munað eftir því.

Ég geri svo þá kröfu til hæstv. forseta, að hann sjái til þess, að þeir, sem kvöddu sér hér hljóðs um þetta mál strax í upphafi umræðna, fái að tala um málið, án þess að ræðutími þeirra verði sérstaklega skorinn niður.

Forseti (BGr): Út af mótmælum þeim, sem fram hafa verið borin, vil ég benda á í fyrsta lagi, að þessi umræða hefur staðið á sjöundu klukkustund, í öðru lagi, að þetta er áttundi fundur deildarinnar með stuttu millibili, þar sem allar umræður hafa í raun og veru efnis-

lega verið um það sama og umr. hér í kvöld, og í þriðja lagi, að í þessari deild hefur verið sýnt umburðarlyndi í sambandi við umræður utan dagskrár, sem mun ekki vera venjulegt, og þær umræður snerust enn fremur allar um þetta sama mál að kjarna til. Loks vil ég benda á, að sú till., sem fram er komin, er samkv. ótvíræðri heimild í þingsköpum. Samkv. þingsköpunum er það deildarinnar að kveða á um það, hvort hún samþ. þessa tillögu eða hafnar henni.

ATKVGR.

Till. forseta um, að umr. skyldi lokið kl. 1, samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, BGr.

nei: GJóh, HÁ, HS, PK, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG.

1 þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Það er engin vörn í því ofbeldi, sem hér er verið að fremja, í því, sem forseti lýsti yfir áðan, að að hans áliti hefðu umræður snúizt um hitt og þetta, sem hann greindi. Það er ekki forseta að dæma um það eða ráða því, hvernig þm. nota sitt málfrelsi. Það er hans verkefni að sjá um, að þeir hafi það. Það, sem nú er verið að gera, er brot á öllum þingvenjum. Ég segi þess vegna nei við þessari till., sem hér er borin fram.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í Morgunblaðinu þann 20. nóv. s. l. stóð þessi klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag kemur Alþingi saman til fyrsta fundar, eftir að kosið hefur verið samkvæmt hinni nýju kjördæmaskipun. Það er skipað í meira samræmi við þjóðarviljann en nokkru sinni fyrr, síðan Ísland varð fullvalda ríki. Samkoma Alþingis í dag er sögulegur viðburður."

Það var rétt hjá Morgunbl., að samkoma Alþingis þann 20. nóv. s. l. var sögulegur viðburður, svo sem raun ber nú vitni um.

Ég vil byrja ræðu mína á því að lýsa því yfir, að enda þótt ég telji, að á mér sé brotinn réttur, þar sem ég tala hér í fyrsta sinn í þessu máli, þá mun ég samt virða þá samþykkt, sem gerð hefur verið, því að ég mun hvorki á þessu traðka né neinu öðru, sem mér er til trúað. Ég vil nota þessar mínútur, sem ég hef hér til umráða, til þess að benda á það, hvað Alþingi hefur gert, hvað hefur verið aðhafzt hér á hv. Alþingi af þeim mönnum, sem nú ráða hér.

Hér hefur verið lagt fram fjárlagafrv., en það hefur engin umr. farið fram um það. Það á að senda Alþingi heim, án þess að það fái nokkra skýrslu um fjárhag ríkisins, hvorki ríkissjóðs né útflutningssjóðs. Hér hafa ekki verið lögð fram brbl., sem gefin voru út af fyrrv. ríkisstj., og er yfirlýstur þingmeirihluti fyrir því, að þau hafi ekki lagagildi, vegna þess að tveir stærstu flokkar á Alþingi hafa lýst því yfir, að þeir mundu fella þessi lög. Það á að fresta þessu þingi þegar í upphafi, án þess að það hafi leyst af hendi nokkur þau frumskilyrði, sem hverju reglulegu Alþingi ber að ljúka. Fyrir þessu Alþingi liggja mörg þýðingarmikil mál, sem á að ræða og á að gefa upplýsingar um og á að álykta um, eins og húsnæðismálin o. fl., áður en Alþingi fer í jólafrí. Þetta er ekki heldur gert. Hér eru haldnir fundir á óvenjulegum tíma í byrjun þings, svo að það mun með fádæmum, ef ekki eindæmum, og þegar þetta dugði ekki, þá voru tekin fimm stjórnarfrv. og þeim bunkað saman í eitt til þess að fara á bak við þm. og komast fram hjá eðlilegum umræðum, til þess að hjálpa stjórninni til að senda þingið, sem er kjörið samkvæmt þjóðarviljanum, heim. Svo virðir hæstv. ríkisstj. það þing, sem er þó í samræmi við þjóðarviljann. Mér er það fullkomlega ljóst, að hæstv. ríkisstj. og ráðamönnum hér á hv. Alþingi mun takast að koma vilja sínum fram á þennan hátt, sem þeir ætla. Þeim mun takast það og e. t. v. brjóta ekki þingsköp með því og ekki stjórnarskrána, en þeir ganga götuna meðfram. Það er ekki réttlæti, sem hér er verið að hafa í heiðri. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð á Alþingi. Það er verið að nota valdið til að sniðganga þetta til þess að koma sínum málum áfram. En eitt er víst, að þó að hæstv. ríkisstj. og ráðamenn hennar virðist nú hleypa í sig kjarki til þess að koma þessu fram, þá hræða fordæmin. Fordæmin, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur gefið síðan 20. nóv., munu geta orðið hættuleg í sögu íslenzku þjóðarinnar. Og eitt er víst, og það er það, að hvorki mun þessari hæstv. ríkisstj. né öðrum gefast það vel að traðka á því, sem þeim er trúað til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú gripið til þess ráðs að skera niður umræður með mjög óvenjulegum hætti um mál það, sem hér er á dagskrá. Ég vil til viðbótar því, sem ég sagði áðan um þessa ráðstöfun hæstv. forseta, vekja athygli á því, að með slíkum vinnubrögðum sem þessum er auðvelt — og sennilega verður það næsta skrefið — að koma í veg fyrir það, að alþm. geti fengið að ræða að nokkru leyti þau frv., sem lögð verða fyrir Alþingi, með því að einn eða tveir menn af 40, sem eiga sæti í þessari hv. d., tali alllengi og ýtarlega um eitthvert mál, sem lagt er fram. Og komið hefur það fyrir, að ráðherrar og aðrir, sem rætt hafa um mál, hafi talið sig þurfa að gera því glögg skil í löngu máli. En vissulega væri hægt með því að ætla að nota þingsköpin á þá lund, sem hæstv. forseti gerir nú í sambandi við niðurskurð á umræðum, að flytja till. um það, eftir að einn eða tveir ræðumenn hafa talað, að nú verði umr. lokið eftir nokkrar mínútur, og þar með er búið að svipta alla hina þingmennina möguleika til þess að segja skoðun sína á því máli, sem fyrir liggur.

Ég vil vekja athygli á því, að það, sem nú

hefur verið gert í þessum efnum og er alveg einsdæmi, það miðar greinilega í þessa átt, að svipta menn málfrelsi hér á Alþingi og aðstöðu til þess að lýsa afstöðu sinni til mála. Hér er því efnt til hættulegs fordæmis, og það má fyllilega búast við því, að þetta fordæmi verði einhvern tíma notað síðar, fyrst byrjað er á því nú. Ég hlýt að mótmæla þessu.

Það sjá vitanlega allir hv. alþm., að það er engin aðstaða til þess fyrir þann, sem nú talar hér í fyrsta skipti um það mál, sem hér liggur fyrir, sem raunverulega eru fimm mismunandi mál og þau sum hver margsamansett, að það er engin leið til þess á örfáum mínútum að ræða þessi mál á þá lund, sem eðlilegt væri.

Ég vil líka benda á það, að þegar hæstv. forseti grípur nú til þess ráðs — sýnilega eftir fyrirskipun frá ríkisstj. — að svipta þm. á þennan hátt málfrelsi hér á Alþingi, þá er það líka gert við mjög sérstakar kringumstæður. Hér leggur ríkisstj. fram stjórnarfrv. Það er fjmrh. landsins, sem á að vera í forsvari fyrir þessum fimm frv., sem áttu að vera, en nú eru orðin að einu frv. Hér var um tekjuöflunarfrumvörp að ræða. En hvar hefur hæstv. fjmrh., sá sem átti að standa fyrir þessu máli, verið, á meðan umr. fóru fram hér á Alþingi? Hvar hefur hann verið? Allir ræðumenn, sem hér hafa fengið að tala í þessu máli, hafa lýst eftir því, að sá ráðh., sem ber ábyrgð á því máli, sem hér liggur fyrir, kæmi til andsvara, að hann kæmi hingað til þess að veita upplýsingar um málið. En hvar hefur hæstv. ráðh. haldið sig? Forseti hefur ekki orðið við óskum þingmanna í þessum efnum, að sjá til þess, að sá ráðh., sem flytur mál á Alþ., væri hér mættur. Ég verð að segja það, að ég þekki ekki eitt einasta dæmi um það þann tíma, sem ég hef verið hér á Alþ., að nokkur ráðh. hafi sýnt Alþ. slíka óvirðingu sem þessi ráðh. hefur gert í þessu efni, að hann hafi ekki gefið sér tíma til þess að vera nokkra stund hér á Alþ., á meðan það frv. er rætt, sem hann stendur að að leggja fyrir þingið. Það er alveg einstök óvirðing, og það er alveg furðulegt, að það skuli finnast nokkur forseti hér á Alþ., sem getur fallizt á það að svipta alþingismenn málfrelsi um mál, þegar þannig er að því staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Og það er eins og ég sagði áður, að þegar svona vinnubrögð eru viðhöfð hér og þau eru knúin fram með nokkurra atkv mun, þá verður munað eftir þeim vinnubrögðum, þótt síðar sé. Og það er alveg áreiðanlegt, að það boðar enga gæfu fyrir núverandi ríkisstj. að efna þannig til starfa í upphafi verka sinna.

Ég hlýt að mótmæla þessum vinnubrögðum og benda á það, hversu hættuleg þau eru. Auðvitað átti hæstv. forseti einmitt að sjá um það, að gamlar og rótgrónar þingvenjur væru haldnar í þessu efni, með því, eins og mörg dæmi eru til um áður, að forsetar stöðva umræðu um mál, ef ráðh. vantar í þd. til þess að gefa þær upplýsingar, sem um er beðið. Ég minnist þess, að það hafi komið fyrir hér oftar en einu sinni, að forsetar hafi stöðvað umræðu um mál og síðan slitið þingfundi og frestað málinu, þar til viðkomandi ráðherrar, sem áttu að fylgja málinu eftir og gefa hér upplýsingar, mættu á þinginu og gættu þingmannsskyldu sinnar og ráðherraskyldu sinnar. En núv. hæstv. forseti þessarar d. bregður við á gersamlega annan hátt. Hann lætur umr. fara hér fram, án þess að sá ráðherra, sem leggur málið fram og ber ábyrgð á málinu, sé mættur í þd., og ákveður svo í þokkabót að taka málfrelsi af þingmönnum til þess að ræða málið og slíta því þannig, að engin aðstaða verði til þess að yfirheyra þann ráðh., sem hér leggur málið fram, og spyrja hann út úr.

Er t. d. nema von, að hv. alþingismenn vilji fá það upplýst, þegar á að framlengja fimm mismunandi skatta frá næstu áramótum og út allt næsta ár, hvort meiningin sé að halda þessum sköttum allt næsta ár, þrátt fyrir það, þó að eigi að taka hér upp nýtt efnahagsmálakerfi og gerbreyta í einu og öllu öllum tekjustofnum ríkisins? Var nokkur þörf á því fyrir hæstv. fjmrh. að óska eftir framlengingu á þessum skattafrv. nema aðeins um tveggja mánaða skeið eða svo, eins og hann hefur óskað eftir að fá heimild Alþingis til þess að annast bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði aðeins um tveggja mánaða skeið?

En þó að fyrirspurnir hafi verið lagðar fram um þetta efni, þá vitanlega er engin leið að fá þeim svarað, vegna þess að sá fjármálaráðherra, sem á að svara fyrir þetta mál, er ekki mættur í húsinu. Aðrir ráðherrar, sem virðast hafa verið dæmdir til þess af hæstv. ríkisstj. að sitja hér á þingi, til þess þó að hægt væri að segja, að einhver úr ríkisstj. væri hér mættur, þeir þegja hér þunnu hljóði og segja ekki eitt einasta orð, hafa engu til að svara, hvernig sem þeir eru spurðir. Einn af þessum ráðherrum sagði, að hann mundi flytja fjmrh. eitthvað af því, sem hann heyrði hér sagt. Það er varla til mikils gagns, jafnvel þótt þetta væri gert, að flytja honum það, eftir að málið hefur síðan verið fullafgreitt hér á Alþingi, umr. slitið og málið afgreitt. Nei, þetta eru í mesta máta óforsvaranleg vinnubrögð á alla lund. Og ég vil vara við því, að svona verði að málunum staðið.

Í þessu frv., sem hæstv. fjmrh. leggur hér fyrir Alþ. um framlengingu nokkurra skatta, er m. a. um það að ræða að framlengja allt næsta ár söluskattinn svonefnda. Nú er það alkunnugt, að einmitt núv. hæstv. fjmrh. hefur verið sérstakur áhugamaður í sambandi við söluskattinn. Hann hefur sjálfur flutt hér á Alþ. ekki minna en tvö frv. um söluskattinn, um að gerbreyta honum, ekki framlengja hann óbreyttan, við eigum að gerbreyta honum, verja honum að verulegu leyti til stuðnings bæjar- og sveitarfélögunum í landinu. Hann hefur flutt um þessi frv. sín hér á Alþ. langt mál og ýtarlegt. Hann hefur skrifað langar grg. þessum frv. sínum til stuðnings. Nú fer hann í alveg öfuga átt við þessi frv. sín í sambandi við söluskattinn, leggur nú til allt annað. En af því að hann veit, að hann muni verða spurður út úr um þetta hér á Alþingi, hvernig sé nú komið hans fyrri skoðun í þessu máli, hvað sé nú orðið um hana, — af því að hann veit þetta, þá

kýs hann þá leiðina að læðast út úr alþingishúsinu, hverfa frá sinni þingmannsskyldu og ráðherraskyldu að svara til saka í sambandi við það frv., sem hann hefur hér flutt, — læðast út úr húsinu, láta ekki sjá sig, vera ekki hér til andsvara, og fá síðan forseta þingsins til þess að svipta þingmenn eðlilegum ræðutíma hér á Alþingi, svo að hann verði ekki yfirheyrður hér um þetta mál. Þetta er ekki stórmannleg framkoma. Það er ekki ýkja beysið af hæstv. fjmrh. að standa þannig að málflutningi á Alþingi. Ég vil líka mótmæla vinnubrögðum eins og þessum, og ég tel það ekki maklegt, að hæstv. forseti þessarar d. skuli á þennan hátt hlaupa undir bagga með hæstv. fjmrh. til þess að reyna að frelsa hann úr þessari klípu, sem hann var kominn í, í sambandi við þetta söluskattsmál. En það er eins og aðrar klípur, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur sett sig í, það á að grípa til hvers óyndisúrræðisins á fætur öðru í sambandi við þessar pólitísku klípur.

Það vita allir, að ein meginástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. leggur slíkt ofurkapp á það, sem raun er á, að reka þingið af höndum sér nú, — nú strax, — er það, að ríkisstj. óttast 15. des., það vita allir. Hún óttast það, að þá ganga brbl. sællar minningar úr gildi, og hún er að reyna að flýja þennan dag, eða a. m. k. hún vill ekki hafa Alþ. hér sitjandi að störfum, þegar brbl. sællar minningar ganga úr gildi. Og það getur varla verið, að þetta sé gert með annað í huga en það, að ríkisstj. ætli, þegar hún er laus við Alþ., að gefa út ný brbl. í stað þeirra, sem ganga úr gildi 15. desember.

Hér hafa ekki fengizt neinar skýringar á því frá hæstv. ríkisstj., hvað við á að taka 15. des. í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara. Það væri þó sannarlega eðlilegt, að hv. alþingismenn fengju upplýsingar um það, hvað við á að taka í þeim efnum 15. des., þegar brbl. ganga úr gildi. Eða, eins og ég hef spurt um áður, er það í raun og veru meining hæstv. ríkisstj. að senda þingið heim 7.—8. des. og setja brbl. eftir 4—5 daga um málefni, sem Alþ. gat hæglega sett lög um sjálft? Hver á eiginlega að setja lög í þessu landi? Heldur núv. ríkisstj., að það sé verkefni ríkisstj. sjálfrar almennt að setja lög? Nei, það er vitanlega mesti misskilningur. Það er Alþingi, sem á að setja lögin, og það er aðeins í neyðartilfellum, sem má grípa til þess að setja brbl. Þegar Alþ. er ekki við höndina, en óhjákvæmilegt er þó að setja lög, þá má setja brbl., enda á þá að leggja þau strax fyrir næsta þing til staðfestingar. En það hefur ekki verið gert í þessu tilfelli. Frv. til staðfestingar á brbl. hefur enn ekki verið lagt fyrir þingið. Og það væri vitanlega hið freklegasta brot á þingræðinu, ef ríkisstj. ætlar að nota þingfrestunina til þess að setja brbl., rétt eftir að þingið hefur verið rekið heim.

En ef ekki á að setja ný brbl. 15. des., nokkrum dögum eftir að þingið fer heim, hvað á þá að gera? Hvað gerist þá 15. des.? Eins og ég hef bent hér á áður, þá kemur þó 15. des., jafnvel þó að þingið fari heim. Það er alveg ómögulegt annað. Og hvað gerist þá? Já, það kemur 16. des., það er nokkurn veginn alveg vitað, hann kemur líka á eftir. En ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að sjá það, að bæði 15. og 16. des. koma. Og það verður vitanlega eitthvað að taka við í sambandi við verðlagsmál landbúnaðarins. Það er alveg útilokað, nema hér eigi að gilda ein runa af lögbrotum eða stjórnarskrárbrotum í krafti núv. ríkisstjórnar, að ætla að fara þá leið að leysa þessi vandamál með nýjum brbl. En það er eins og annað í sambandi við afgreiðslu þessara mála nú, að það er alveg þýðingarlaust að spyrja um eitt eða neitt. Hér fást engar upplýsingar, — ekki til að tala um.

Ég vildi tala hér talsvert langt mál um þetta frv., sem hér liggur fyrir, því að það var full ástæða til þess. Það er með endemum, hvernig sem á það er litið. Og það verður kannske á sinn hátt sem minnisvarði um tvo fyrrverandi prófessora í lögum frá Háskóla Íslands, sem nú sitja í ríkisstjórn og hafa gert sig seka um það að leggja þetta frv. fram hér á Alþingi. Frv. heitir: „Frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.“ Nafnið eitt út af fyrir sig er býsna sögulegt: „Frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.“ Það er svo sem ekkert um efni frv., ekkert, sem gæti leitt mann á sporið um það, um hvað frv. er. Við þm. gætum næst á eftir að sjálfsögðu farið að flytja hér frv., sem héti: „Frv. til laga um breyting á lögum“ og ekkert meira. Það hlýtur að mega flytja hér frv., sem heitir: „Frv. til laga um breyting á lögum“ eins og að segja: „Frv. til laga um breyting á nokkrum lögum.“

Það eru tveir fyrrverandi lagaprófessorar, sem standa að því að flytja svona frv. hér, auðvitað vegna þess, að mennirnir voru komnir í pólitíska klípu, sem búið er hér að lýsa. Þeir voru búnir að leggja hér fram fimm frv. á Alþingi, eins og venja hafði verið til um þessi 5 mismunandi mál. Þeir voru búnir að láta þm. ræða þessi mál í alllangan tíma í hvorri þd. um sig. Þá allt í einu hendast þeir upp og sjá, að hér eru þeir komnir í öngþveiti, hér fái þeir ekki við neitt ráðið. Og þá er það, sem þeir hnoðböggla þessu öllu saman í eitt frv. Og það tekst auðvitað svona til, að lagasmíðin verður eftir því, sem þetta frv. er, og mætti margt um segja. Og það reyndist ekki heldur hægt að koma þessu frv. í gegnum þingið nema með því að grípa til alveg óþekktra vinnubragða á Alþingi, að skera að heita má niður allan eðlilegan ræðutíma hv. alþingismanna.

Ég veit, að það hlýtur að vekja mikla athygli hjá almenningi í þessu landi, þegar svona vinnubrögð eru viðhöfð hér á hv. Alþingi. Menn hljóta vitanlega að fara að hugleiða það, hvað eiginlega stendur til, hvað er á seyði. Menn spyrja: Hvernig stendur á því um nýkjörið Alþingi, sem aðeins hefur setið að störfum í eina viku, að það þykir alveg lífsnauðsyn að reka það heim, svo að segja með valdi? Hvað stendur til? Hvað er á ferðinni? Og hvað kemur til, að ríkisstj. skuli fleygja fram einu frv. í dag, kippa því til baka á morgun og þverkrussa þetta fram og til baka, sem hún er að

gera? Hvernig stendur á því, að hún skuli yfirgefa frumvörp í miðju kafi á Alþ. og í miðjum umr. og snúa þannig við blaðinu? Hvers konar fát og fum er þetta á ríkisstj.? Hvað er það, sem sækir að henni? Stendur eitthvað stórkostlegt til? Menn verða líka varir við það, að í þeim fáu orðum, sem hér hafa verið kreist upp úr hæstv. ráðherrum í sambandi við þessar umræður, koma hinar merkilegustu yfirlýsingar. Hæstv. fjmrh. segir, að hér eigi að taka upp nýtt fjármála- og fjárhagskerfi í landinu. Það var nú ekki minna en það.

Það er alveg augljóst mál, að svona vinnubrögð munu vitaskuld skapa gífurlegan ótta hjá fólkinu í landinu. Og þessi ótti er þegar farinn að segja til sín, með því að stórfelldar truflanir ganga yfir í öllum viðskiptamálum og atvinnumálum landsins, og þessar truflanir eru að verða svo alvarlegs eðlis nú, að það má segja, að það stappi nærri lokun bankanna í landinu í sambandi við alla gjaldeyrissölu. Ég hef vakið á því athygli áður, að þetta er hættulegt, að þegar svona stórfelldar ráðstafanir eru boðaðar og það á þennan sérkennilega hátt og þingið á að sendast heim og þingstörf að leggjast niður um tveggja mánaða tíma, þá vitanlega verður þessi 2 mánaða tími nokkurs konar felmtursástand í landinu. Það má alveg búast við því, að það sé ekki aðeins byrjunin á því, eins og bankarnir kvarta undan núna, að þeir, sem hafa útflutningsvörur í sínum höndum, vilji ekki flytja þær út, þeir ætli að bíða eftir hinu breytta gengi. Og nú eru líka bankarnir að gera kröfu um það, að ríkisstj. með einhverjum hætti píni menn þá, sem hafa útflutningsvörur í sínum höndum, til þess að selja þær. Það má líka búast við því, að bankarnir þurfi að kvarta betur en þeir gera nú í dag undan því, að þeir, sem hafa flutt út vörur og selt þær í erlendum gjaldeyri, skili ekki gjaldeyrinum og hér verði á einhverju tímabili alger gjaldeyrisþurrð. Og það yrði jafnvel alvarlegra en það er orðið, þegar útgerðarmenn geta ekki fengið nauðsynlegasta gjaldeyri til þess að kaupa sér veiðarfæri og annað það, sem þarf til þess að útbúa bátana og skipin undir komandi vertíð. Þetta ástand er þegar skapað núna að talsverðu leyti, en auðvitað kemur þetta til með að magnast. Svona óvenjuleg vinnubrögð leiða vitanlega af sér stórhættulegt ástand á marga lund. Og það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli efna til þessa.

Ég hef í þessum umræðum m. a. minnzt á það eða spurzt fyrir um það hjá hæstv. ríkisstjórn, hvort henni fyndist ekki vera þörf á því að gefa hér einhverjar upplýsingar, um það leyti sem verið er að senda Alþingi heim, um það, hvaða trygging sé yfirleitt fyrir því, að útgerð geti hafizt nú um næstu áramót. Mér er kunnugt um það, að samtök útgerðarmanna í landinu hafa boðað til landsfundar, sem á að koma saman næsta mánudag, líklega þann dag, sem þingið verður sent heim, eða þar um bil, til þess á venjulegan hátt að ræða einmitt um það, hvernig fara skuli með kröfur útgerðarinnar í sambandi við samninga um rekstrargrundvöll og byrjunarrekstur útgerðarinnar á komandi vertíð. Ég hef kynnt mér það, að engir samningar eða engin viðtöl hafa enn þá átt sér stað á milli forustumanna útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar. Og það er engin trygging fyrir því, sem liggur nú fyrir, að það hefjist útgerð með eðlilegum hætti um næstu áramót. Það er í mesta máta óviðkunnanlegt og óeðlilegt, að þing sé sent heim, um sama leyti og útgerðarmannasamtökin í landinu eru að koma saman til þess að tilkynna, eins og vant er, að útgerð hefjist ekki um næstu áramót, ef samningar hafi ekki tekizt um rekstrargrundvöll bátanna.

En svona er ástandið í dag. Útgerðarmenn hafa margsinnis lýst því yfir áður, og ég býst við því, að stefna þeirra sé óbreytt í þeim efnum, að þeir taki það ekki í mál að hefja útgerð um áramót, nema þeir hafi í höndunum samning við ríkisvaldið um rekstrargrundvöllinn, sem á að gilda fyrir alla vertíðina. Þeir hafa ekki verið til viðtals um það hingað til að hefja útgerð upp á samning fyrir einn eða tvo mánuði. Og það er ósköp hætt við því, að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að reka sig á það, að hún verður og þá vitanlega með fulltingi Alþingis að semja við samtök framleiðenda um rekstrargrundvöllinn, ef ekki á að koma til stöðvunar nú strax upp úr næstu áramótum. En það er svona. Um þetta fást hér á Alþ. engar upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn. Henni þykir bezt í þessum efnum að þegja. En kannske ætlar hún að hafa það þannig, eins og menn eru að geta sér til, þó að mér þyki það furðulega ótrúlegt, það er kannske hennar þingræði að samþykkja á þennan hátt að senda þingið heim og stjórna svo landinu í einu og öllu með brbl. á eftir. E. t. v. er það ætlunin að gefa ekki aðeins út ný brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða, heldur að gefa einnig út brbl., rétt eftir að þingið fer heim, t. d. um nýja skráningu á genginu. Menn eru að geta sér þess til. Er nema von, að menn fari að geta í eyðurnar? En það þýðir vitaskuld ekki að spyrja hæstv. ríkisstj. neitt um, hvað hún hyggst fyrir í þessum efnum. En það er ótrúlegt, að hún ætli að leysa efnahagsmálavandann, eins og hún mun kalla það, á þann hátt að gefa bara út brbl. um þetta allt saman, rétt eftir að hún hefur rekið þingið af höndum sér. Það er ótrúlegt, að gripið verði til slíkra vinnubragða. Þó getur maður næstum farið að trúa því, þegar maður sér og heyrir það, sem nú hefur verið að gerast í þessum málum.

Það er kannske ekki rétt, að ég taki hér allan þann takmarkaða ræðutíma, sem hér hefur verið ákveðinn af meiri hl. hv. þd. eftir till. frá forseta. Ég verð að sjálfsögðu að láta mikinn hluta af því ósagðan, sem ég vildi segja um þetta óvenjulega frv. Ég verð vitanlega að búa við það, eins og aðrir hv. þdm., að fá ekki að ræða það þingmál, sem hér er lagt fram, ekki einu sinni við 1. umr. málsins, þegar á að ræða málið á almennum, breiðum grundvelli. En það verður að sjálfsögðu svo að vera. Það gefst kannske tækifæri síðar til þess að láta hæstv. ríkisstj. finna það, að ofbeldisaðgerðir af hennar hálfu í upphafi hennar starfsferils munu

ekki greiða götu hennar í sambandi við þær ráðstafanir, sem hún ætlar sér að leggja út í.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Flestu gat maður búizt við af hæstv. ríkisstj., en að hún léti hæstv. forseta d. beita slíku ofbeldi sem því að varna alþingismönnum máls, því hefði ég ekki trúað. Það er alveg óþekkt fyrirbæri, að slíku ofbeldi hafi verið beitt hér á Alþingi, í fjöldamörg ár. Það er beint brot á móti öllum þingvenjum og brot á öllu lýðræði. Hér er stjórnarandstaðan beitt grímulausu ofbeldi í krafti meirihlutavalds, þeim einum til ævarandi skammar og svívirðingar, sem ofbeldinu hafa beitt.

Ég var einn af þeim, sem höfðu kvatt sér hljóðs í fyrsta sinn á þessu þingi, þar sem ég hafði hugsað mér að ræða þau mál, sem hér hafa verið til umræðu, allýtarlega, en þar sem næstum er liðinn sá fundartími, sem nú hefur verið ákveðinn, sé ég mér ekki fært að taka upp umræður um þau mál, sem fyrir liggja.

Ég vil endurtaka mótmæli mín gegn þessu fáheyrða ofbeldi, og þess skal hæstv. ríkisstj. minnast, að þessu ofbeldi verður munað eftir. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hæstv. forseti sýnir sitt rétta innræti. Þessi hæstv. forseti var á sínum tíma formaður útvarpsráðs. Í þeirri stofnun beitti hann verkalýðshreyfinguna því fáheyrða ofbeldi að neita forustumönnum Alþýðusambands Íslands um að fá að koma fram fyrir hönd Alþýðusambandsins 1. maí. Þannig hefur þessi hæstv. forseti sýnt alveg ótrúlegan fjandskap gagnvart verkalýðssamtökunum. Nú hefur þessi sami maður beitt alþingismenn hinu freklegasta ofbeldi. Hæstv. forseti leggur ekki einu sinni til, að þeir hv. alþm., sem búnir voru að biðja um orðið, fái að flytja mál sitt.

Ég endurtek enn á ný mótmæli mín gegn hinu fáheyrða ofbeldi, sem ég og aðrir alþm. hafa verið beittir og tel þeim einum til skammar, sem fyrir slíku hafa staðið, en þó engum frekar en hæstv. forseta.

Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. er ekki enn þá kominn. Ég vil leyfa mér að spyrja, hve lengi við eigum að bíða eftir honum. Við erum satt að segja ekki vanir því hér í Nd., að ráðherra finnist hann vera of fínn til þess að koma hingað. Ég veit ekki, hvað svona háttalag á að þýða. Það er búið að vera að ræða mál, sem undir þennan ráðherra heyrir, í allan dag, búið að óska eftir, að hann komi hingað, hvað eftir annað, búið að gera ráðstafanir af hálfu forseta til að senda eftir honum, búið að lýsa yfir úr forsetastóli milli kl. 6 og 7 í kvöld, að hann mundi því miður ekki verða við fyrr en klukkan sjö, en maður gat þó vænzt, fyrst átti að vera kvöldfundur, að hann mundi verða hérna við seinna. Hvað á svona hlutur að þýða? Hvers konar framferði er þetta, og hvernig stendur á, að forseti lætur einum ráðherra haldast slíkt uppi? Þó að þessi ráðherra tilheyri ekki þessari deild sem þingmaður, þá ber honum að mæta hér í þeim málum, sem hann er að leggja fyrir þingið. Hann lagði í dag til, að þetta mál færi til þeirrar nefndar, sem ég er í m. a. Ætlast þessi maður til, að við þm. förum að sýna svona mönnum kurteisi hér, ef þeir haga sér svona gagnvart okkur? Ég vil vekja athygli á því, að með því framferði, sem nú er verið að hafa hér um hönd, er verið að gerbreyta öllum þingsiðum og öllum þingvenjum og þar með líka þeirri háttvísi, sem hingað til hefur verið reynt að viðhalda hér á Alþingi, og því veldur núverandi hæstv. ríkisstj. og sá forseti, sem lætur nota sig sem verkfæri fyrir hana, og þó framar öllum sá fjármálaráðherra, sem varla getur búizt við því, að hann sé sérstaklega hátt virtur af þingmönnum, þegar hann fæst ekki til að sýna sig hér.

Hefur þessi fjmrh. einhverja afsökun? Hefur hann nokkurn tíma tilkynnt nokkurn skapaðan hlut um, hvað hann sé upptekinn við, hvort hann sé kannske bara í veizlu? Hann er vanur að vera nokkuð mikið í veizlum, þessi ráðherra. Getur hann kannske ekki eitt einasta kvöld, þegar hans mál eru til 1. umr. hér, sleppt því að vera í einhverju slíku? Ég veit ekkert, hverju hann kann að vera vanur, þar sem hann hefur stjórnað undanfarið. En hann er a. m. k. ekki vanur að koma fram sem ráðherra á Alþingi. Og hann mun fá að finna það, að alþingismenn sætta sig ekki við slíka framkomu. Það er búið að spyrja hann út af þeim málum, sem hér liggja fyrir. Það er búið að sýna fram á, m. a. í ræðu, sem ég hélt hér, hve dýr þau slys eru, sem standa í sambandi við hans ráðstafanir í sambandi við þau lög, sem hann nú leggur til að framlengja. Þessi ráðh., sem óskar eftir því við þessa deild, að fjhn. deildarinnar athugi mál, sem hann ber hér fram, stekkur í burtu, sýnir sig ekki meir. Er þetta kannske fyrirboði þess, sem verður í sambandi við fjárlögin? Er það meiningin hjá þessum hæstv. — sem við venjulega hingað til höfum kallað svo, hvað sem kann að verða hér eftir — fjmrh., að þegar fjárlögin verði rædd, þá sleppi hann því í fyrsta lagi að fullnægja þeim þingsköpum að halda útvarpsræðu til þess að skýra frá, hvernig ástandið sé hjá ríkinu? Er þá máske meiningin hjá honum næst að koma ekki á fundi hjá fjvn.? Mér er sem ég sjái hv. 1. þm. Vestf., ef hann væri formaður fjvn. og fjmrh. leyfði sér það að ætla að tala þannig við fjvn., að hann henti í hana plaggi, sem væri samið einhvers staðar uppi í stjórnarráði, meira eða minna vitlausu, og sýndi sig ekki síðan. Mér er sem ég sjái, hvað sá röggsami þm. og formaður fjvn. hefði gert við slíkan ráðherra. Er þetta kannske undanfari þess, hvernig ráðh. ætlar að haga sér gagnvart fjvn.? Hvað er eiginlega á seyði hér? Og er ráðh. svona hræddur orðinn, að hann þori ekki að taka þátt í umr., að hann þori ekki að sýna sig hér, að hann lætur jafnvel gera sérstakar ráðstafanir til þess að beita ofbeldi hér á Alþingi? Hvert er verið að stefna með þessu? Hann var spurður að því hér áðan af manni, sem búinn er að vera meira en áratug í fjvn., hvort það væri máske meiningin að ætla að segja við fjvn.: Hér hefur þú eina eða tvær vikur eða eitthvað svoleiðis, og þá klárar þú fjár-

lögin, — og kannske meira að segja að segja við hana í viðbót: Ef þú dirfist að breyta þar einum stafkrók, er mér að mæta. — Hvers konar ráðstafanir er eiginlega verið að boða hér?

Ég er hræddur um, að þessir hlutir boði nokkuð illt og að þessi fjmrh., sem virðir ekki þessa deild þess að koma eða tala við hana eða svara fyrirspurnum eða slíkt, — ég er hræddur um, að hann eigi eftir að sjá það, að Íslendingar verða ekki beygðir undir svona aðferðir. Það er nokkurn veginn sama, hvað marga sérfræðinga þessi maður kann að panta frá París eða Ameríku til þess að ætla að fara að segja okkur, hvernig eigi að stjórna hér á Íslandi. Hann á eftir að reka sig á það, þessi maður, að það verður ekki tekið tillit til slíks af þjóðinni. Að vísu er rétt af mér að gera ráð fyrir einum möguleika, af því að rétt er að reikna alltaf með öllum teoretískum möguleikum, sem til eru, og hann er sá, að hinum skynsamari ráðherrum hafi þótt fjmrh. mæla svo óviturlega og sleppa svo miklu út úr sér af klaufaskap, að þeir hafi bannað honum að koma hingað. Ég skil það ósköp vel, að fyrir þá ráðherra, sem reyndir eru í ríkisstjórn, er náttúrlega ekki gott, þegar fjmrh. kemur og fer að segja, að það sé stefna ríkisstj. að taka upp alveg nýtt efnahagskerfi, sem engin yfirlýsing hafði verið gefin um áður, — fer að segja það hér á Alþingi, að það vanti 200—300 millj. kr. upp á, — gloprar þessu út úr sér, eins og hver annar klaufi, óvanur maður, — og vill svo ekki láta yfirheyra sig út af þessu. Það er náttúrlega sá möguleiki til, að skynsamari hluti ríkisstj. hafi sagt við þennan ráðh.: Heyrðu, þú ert búinn að gera nóg ógagn. Láttu nú ekki sjá þig meir. — Ef svona væri, þá náttúrlega verð ég að biðja afsökunar á þessum ádeilum mínum á hæstv. fjmrh. Þá hefur aumingja maðurinn gert tilraun til þess að vera heiðarlegur, en bara ekki varað sig á því, að það var algerlega rangt af honum að fara að segja það, sem honum bjó í brjósti. Og ef svona væri, þá ætti sem sé að refsa honum með því, að hann ætti ekki að fá að sýna sig hér.

Hvað er raunverulega það, sem þarna hefur gerzt? Þetta er það, sem við þurfum að fá að vita. Það fara að koma margar spurningar upp hjá þm. þessarar hv. deildar, þegar svona er farið að. Menn fara að undrast, hvað sé að gerast á bak við tjöldin. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur haft ákaflega lítið fyrir því að tala við sitt þinglið hér, að tala við þingflokkana sína. Þm. hennar kvarta yfir því sín á milli, að það sé nú ekki verið að setja þá mikið inn í, hvað gera skuli, svo að ég býst við, að þeir hafi orðið alveg eins undrandi og við, þegar fjmrh. fór að boða hið nýja efnahagskerfi. Ég er þess vegna hræddur um, að hér séu mjög slæmir hlutir að gerast á bak við tjöldin, og ég vil eindregið óska eftir því, að hæstv. ríkisstjórn fari nú að láta ljós sitt skína í þessum umræðum. Ef þeim ráðh., sem sýna okkur þá virðingu að mæta hér, finnst hæstv. fjmrh. hafa hlaupið á sig, svo að hann eigi ekki að sýna sig hér meir að áliti ríkisstj., þá hefur sá hluti ríkisstj., sem skynsamari er og gætnari og klókari í þessum hlutum, möguleikann að koma hér fram og segja nú nokkur orð, sem þeir gætu verið búnir að íhuga vel, vegna þess að þeir hafa ekki talað svo mikið enn þá, að þeir hafi haft neinn verulegan möguleika til að tala af sér, þannig að það, sem þeir segðu núna, gæti ef til vill að einhverju leyti bætt fyrir það, sem gloprðist upp úr hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á það, að umræðutímanum er lokið.) Það er ekki umræðutími þm., sem er lokið enn þá. Þm. hafa hér sitt málfrelsi, og þeir munu halda því. (**Forseti:** Samkvæmt ákvörðun meiri hl. deildarinnar er umr. lokið.) Samkvæmt ofbeldi, sem forsetinn hefur beitt, sem átti að sjá um að varðveita rétt þingmanna, þá er verið að svipta þingmenn málfrelsi. (**Forseti:** Samkvæmt ákvörðun deildarinnar, sem er byggð á 37. gr. þingskapa, lauk þessum umræðum kl. 1.) Ég held, að þessum umr. sé alls ekki lokið enn þá. Nú er kl. fimm mínútur yfir eitt, og ef forseti segir, að þeim hafi lokið kl. 1, þá er hann að tala á móti öllum staðreyndum. Ég er hræddur um, að það sé misskilningur hjá forseta, að þessum umræðum hafi lokið kl. 1. Ég veit ekki betur en ég sé búinn að standa hér fimm mínútur fyrir framan hann; þessum umr. hafi alls ekki verið lokið kl. 1. Ég held það þýði ekkert fyrir forseta að vera að hringja bjöllunni. Ég skil ekkert, hvað hann meinar eiginlega með því. Dettur þessum forseta í hug, ef ofbeldi er beitt, að þingmenn standi ekki á rétti sínum? Það hefur verið siður hér að standa á rétti sínum og beygja sig ekki fyrir valdinu, og nú held ég, að það væri tími fyrir hæstv. forseta til að fara að sjá um, að fjmrh. mæti. Það er eitt, sem forsetar í þingi verða að gá að, og það er að reyna að láta þing halda virðingu sinni. Á því byggist það, að menn beri virðingu og að menn hlýði. Hvað ætlar forseti til bragðs að taka? Umræður halda hér enn þá áfram. (**Forseti:** Ég vil aftur benda hv. ræðumanni á það, að samkvæmt löglegri ákvörðun meiri hl. þessarar deildar átti umr. að ljúka kl. 1, og hann hafði ræðutíma til kl. 1, og ég skora á þm. að ögra ekki meiri hl. deildarinnar, sem hefur tekið hér löglega ákvörðun samkv. þingsköpum þessa Alþingis.) Og með hvaða móti ætlar þessi meiri hl. deildarinnar, sem hefur tekið óstjórnarskrárlega ákvörðun, að framfylgja henni? Það er bezt satt að segja fyrir bæði forseta og meiri hluta að reyna að halda sér við það að varðveita rétt þingmanna, en ekki brjóta hann. Þegar menn taka upp á hlutum eins og þeim, sem hér var tekið upp á áðan, þá er bezt fyrir menn að hugsa hlutina til enda. Það þýðir ekki að fara að byrja á einhverjum hlut og þora ekki að halda áfram með hann. Hér halda áfram umræður í deildinni. Hér er enn þá lýst eftir fjmrh. Hér hefur forseti enn þá tækifæri til þess að láta fjmrh. koma. Hvað ætlar forsetinn að gera? Vill hann, að ég fari að tala um nýju fötin keisarans? Vill hann, að ég fari að rekja aftur efnahagspólitík ríkisstj.? (**Forseti** Samkvæmt löglegri ákvörðun meiri hl. þessarar deildar lauk umr. um 1. mál dagskrárinnar kl. 1.) Það er ekki

rétt. Hún er sjö mínútur yfir eitt núna. **(Forseti:** Fundinum er frestað um fimmtán mínútur.) — [Fundarhlé.]

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:3 atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 40, n. 58 og 62, 59, 60).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af hæstv. ríkisstj. og fjallar um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga. Allt eru þetta gamlir kunningjar á hv. Alþingi. Nánar tiltekið er hér um að ræða 5 núgildandi lög, sem gert er ráð fyrir að framlengist fyrir árið 1960. Eru það skatta- og tollaviðaukar, sem samþykktir hafa verið á ýmsum tímum undanfarið og framlengdir frá ári til árs.

Fjhn. hefur fjallað um frv. og farið yfir það, borið saman við gildandi lög. Að frátöldum formbreytingum, sem eru bein afleiðing af því, að fleiri lögum er hér steypt saman í eitt frv., eru öll ákvæði frv. samhljóða núgildandi lögum, að því undanskildu, að gildistíminn er í frv. árið 1960 í stað 1959, eins og er í núgildandi lögum.

Fjhn. hefur hins vegar ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv., og mun þar þó meira vera ágreiningur um form en efni, svo sem raunar hefur komið fram í umr. um þetta frv. áður í hv. d. Þó kom ein brtt. fram, sem getið verður síðar.

Meiri hl. fjhn. hefur skilað áliti á þskj. 58, þar sem hann mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. mun gera grein fyrir sinni afstöðu.

Þá, eins og áður segir, fjallaði n. einnig um brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) og hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem útbýtt hefur verið á þskj. 59. Sú till. hafði áður komið fram í hv. Ed., en ekki náð þar samþykki. Í fjhn. fór á sömu leið.

Um þetta er ekki þörf að hafa fleiri orð, og ég endurtek, að meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði afgr. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Skömmu eftir að þing hóf störf, lagði ríkisstj. fram 4 frv. í hv. Ed. Þessi frv. voru:

1) Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1960 með viðauka, og það er á þskj. 7.

2) Frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Það er á þskj. 8.

3) Frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., á þskj. 9.

4) Frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Það kom víst engum á óvart, þó að þessi frv. væru lögð fyrir þingið. Þarna er um að ræða framlengingar á lagaákvæðum, sem nú gilda og lögfest hafa verið til eins árs í senn að undanförnu. Það mun vera þörf fyrir þær tekjur, sem frv. gera ráð fyrir, nú eins og áður. Þessi 4 frv. hafa þegar hlotið afgreiðslu fyrir nokkru í fjhn. Ed.

Skömmu síðar lagði ríkisstj. einnig fyrir þessa deild frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka. Það er á þskj. 17. Það er sama að segja um þetta frv. og hin 4, Ed.-málin, sem ég nefndi, að þarna er á ferðinni framlenging á ákvæðum, sem nú gilda og gilt hafa um mörg undanfarin ár, um skemmtanaskattsviðauka. Fjhn. þessarar d. hefur fyrir nokkru skilað áliti um þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt. Hefur það þegar gengið í gegnum tvær umr. í þessari deild.

En nú er hér á dagskrá fundarins nýtt stjórnarfrv. á þskj. 40. Það er frv. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Í þessu frv. er grautað saman efni hinna 5 frv., sem ég áður nefndi, og það mun vera ætlunin að láta öll þau eldri 5 daga uppi.

Í þessu nýja stjórnarfrv. er meðal annars okkar gamli góði kunningi skemmtanaskattsviðaukinn. Skemmtanaskatturinn hefur gengið til þess að styðja listir og ýmiss konar menningarstarfsemi í þjóðfélaginu. Hér er honum nú holað niður ásamt öðru. Hið nýja umhverfi hans er ákaflega nöturlegt og ólistrænt. Hann er settur hér næst á eftir gjaldi af gosdrykkjum og svonefndum kaffibæti, sem stundum gengur undir nafninu export og einnig nefnist rót stundum. Ég verð að segja það, að það er skothent klúður, sem hæstv. fjmrh. hefur hér látið frá sér fara á prenti.

En það liggur í augum uppi, hvers vegna ríkisstj. bregður út af fyrri venju um meðferð þessara mála og ber á borð þennan hrærigraut. Þetta er þáttur í baráttu hennar fyrir því að víkja þingmönnum frá störfum á Alþingi, áður en hér hafa verið tekin til meðferðar ýmis þau mál, sem ætti að fjalla um, áður en hlé verður gert á störfum þingsins.

Minni hl. fjhn. telur þetta aðfinnsluvert og mótmælir því, að þannig verði á málum haldið. Við mótmælum því, að Alþingi verði frestað, fyrr en 1. umr. um fjárlagafrv. hefur farið fram, fjmrh. hefur gert grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, svo sem ætíð er gert við það tækifæri, og ýmis aðkallandi mál, sem liggja fyrir þinginu, fleiri en ég hef hér nefnt, þarf að taka til meðferðar, áður en þinghlé verður gert. Þingið skortir sannarlega ekki verkefni. 37 mál hafa þegar verið flutt á þinginu. Meðal þeirra eru mál, sem brýn þörf er að afgreiða fyrir þinghlé, önnur, sem eðlilegt er og sjálfsagt að þoka áleiðis með athugun í þingnefndum og á annan hátt, áður en þingi verður frestað.

Minni hl. fjhn. er ekki á móti þeim framlengingum laga, sem um getur í þessu frv. En við leggjum til, að málinu verði frestað um sinn, vegna þess að við teljum alls ekki tíma-

bært að fresta þingi nú þegar og viljum ekki greiða fyrir því áformi ríkisstj. með því að samþ. þetta frv. að svo stöddu.

Nál. okkar er á þskj. 62. En á þskj. 59 flytjum við brtt. við frv. Hún er við 4. gr. þess og snertir söluskattinn. Við leggjum til, að ákvæðin um söluskattinn skuli ekki gilda lengur en til febrúarloka næsta ár.

Á fundi í gær voru samþykkt hér lög um heimild handa ríkisstj. til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði tvo fyrstu mánuði næsta árs, þar sem sýnt er, að ekki muni takast að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir áramótin. Við teljum það eðlilegt, sem skipum minni hl. fjhn., að lagaákvæðin um söluskattinn verði framlengd einnig til febrúarloka næsta ár. Er þá hægt, þegar þar að kemur, að setja ný ákvæði í lög um framlengingu hans, ef þörf þykir, í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu og afgreiðslu, er allsérstætt, eins og vikið hefur verið að af nokkrum hv. alþm. á fundum d. undanfarið og nú síðast af hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Og frv. er stærra og viðameira en það virðist vera við lauslega athugun. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess að athuga nánar efni þess og *ekki sízt þann anda, sem yfir því svífur.*

Frv. þetta er sérstætt vegna þess, að það samanstendur af 5 ólíkum tekjuöflunarfrv., sem ríkisstj. hafði lagt fyrir þingið í upphafi funda þess. Því er þessi meðferð mála óeðlileg, eins og bent hefur verið á. Eðlilegast hefði verið, að hin upprunalegu tekjuöflunarfrv. stjórnarinnar hefðu verið fram borin og afgr. hvert í sínu lagi, eins og stjórnin hugðist gera í upphafi. Ríkisstj. hefði sjálfsagt getað ýtt á eftir afgreiðslu þessara frv. þannig, að þau hefðu ekki þurft að tefja þinghaldið óeðlilega. En þann hátt mátti ekki á hafa, enda þótt það væri venjulegur afgreiðslumáti á slíkum málum, svo sem þingtíðindi bera með sér.

Hvers vegna var þessum 5 frv. fyrirvaralaust skellt saman í eitt frv., frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, enda þótt efni þessara frv. eigi ekki samleið í einu frv.? Svarið liggur ljóst fyrir. Samsuða þessi byggðist á því, að ríkisstj. hefur ákveðið að senda Alþingi heim. Ríkisstj. hefur því raunverulega sagt við sína stuðningsmenn á Alþingi: Því fyrr sem þið farið heim, því betra.

Höfuðröksemdir fyrir heimsendingu hins nýkjörna þings eru tvær, eftir því sem ríkisstj. og stuðningsblöð hennar segja: Sparnaður á ríkisfé og sköpun starfsfriðar fyrir ríkisstj., svo að hún geti gert tilraunir til að greiða úr þeim efnahagsvandræðum, sem nú þjaka þjóðarbúskapinn. Þetta er þá sá grundvöllur, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á, og það verður að segja, að hann er nokkuð sandkenndur.

Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) kvaddi sér hljóðs á fundi Sþ. í fyrradag og ræddi nokkuð þessar sparnaðartilraunir ríkisstj. og stjórnarsinna í sambandi við heimsendingu Alþingis. Hv. þm. benti á, að annað aðalmálgagn ríkisstj. hefði upplýst, að sparnaðurinn yrði tæp ein millj. kr., og hv. alþm. óskaði upplýsinga hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseta Sþ. um viss atriði í umræddri sparnaðartilraun. Hv. 7. þm. Reykv. fékk eigi greið svör, heldur þau ein, er af verður að draga þá ályktun, að ekki sé unnt að *taka hátíðlega þær fullyrðingar stjórnarsinna*, að heimsending Alþingis muni spara ríkissjóði um 900 þús. kr. En ef svo er, að sparnaðurinn er svona mikill, þá væri ekki ófróðlegt, að einhverjir talsmenn stjórnarflokkanna hér í hv. d. sundurliðuðu þá upphæð og útskýrðu, hvernig hún er til komin.

Að sjálfsögðu ber að virða hverja þá viðleitni, sem miðar að því að spara, og á það ekki síður við sparnað á opinberu fé en öðru. En ég leyfi mér að draga í efa, að sparnaður verði eins mikill af heimsendingu Alþingis og stjórnarsinnar vilja vera láta, en að sjálfsögðu kemur það í ljós á sínum tíma.

En þetta mál hefur aðra hlið en þá, sem ég hef nú rætt, og skal nú að henni vikið.

Alþingi það, sem nú hefur setið, hefur setið í aðeins 16 daga. Þegar frá er skilinn sjálfur þingsetningardagurinn, hefur Alþingi aðeins starfað í tíu daga. Nú spyr nýliði á Alþingi: *Er svo komið málum okkar Íslendinga*, að ekki sé þörf á að ræða þau á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, þá er hún af forseta Íslands hefur verið kvödd saman til reglulegra funda? Eru t. d. byggingarmál landsmanna í því ásigkomulagi, að óþarft sé á þau að minnast hér á Alþingi? Ég spyr enn fremur: Þarfnast vega- og hafnamál engra umþenkinga *af þeim þingmönnum*, sem kjörnir hafa verið til þess að ráða þessum málum til lykta á hinu háa Alþingi? Víðs vegar um landið eru ófullgerð hafnarmannvirki og bíða þess, að unnt sé að afla fjár til að halda áfram framkvæmdum. Ég hygg, að þessum byggðarlögum hefði ekkert þótt að því, þó að Alþingi hefði starfað eitthvað að þessum málum og reynt að koma þeim í farsæla höfn. Eru atvinnumál landsmanna í því ljómandi ástandi, að eigi sé þörf um þau að ræða hér á Alþingi? Svona mætti lengi telja.

Vissulega liggja fjölmörg verkefni fyrir hinu nýsetta Alþingi, eins og gefur að skilja hjá vaxandi og vakandi þjóð. Og Alþingi á að fá að sitja til að taka þessi mál til meðferðar. Ríkisstjórnin gæti vissulega fengið starfsfrið og ráðið ráðum sínum, þó að Alþingi sé starfandi og vinni að lausn fjölda mála, sem úrlausnar bíða. Saga liðinna ára staðfestir þetta. Það hafa fleiri ríkisstjórnir en núv. hæstv. ríkisstj. tekið við erfiðleikum í ríkisbúskapnum og greitt fram úr þeim vanda án þess að grípa til þess ráðs að senda Alþingi burt og tvístra því.

Annars vegar verð ég að segja það, að það kemur nokkuð undarlega fyrir eyru að heyra núv. *stjórnarsinna* tala um erfiðleika, fjárhagserfiðleika í ríkisbúskapnum, sökum þess að á framboðsfundunum í haust héldu forsvarsmenn núv. ríkisstj. því fram, sem þar mættu og voru

frambjóðendur, og það alveg sérstaklega frambjóðendur Alþfl., að það væri búið að stöðva dýrtíðina, það væru engir erfiðleikar fram undan, og ég minnist þess alveg sérstaklega frá þeim framboðsfundum, sem ég mætti á, að þegar ég leyfði mér að fullyrða, að útflutningssjóð vantaði stórkostlega háa upphæð til að standa straum af sínum skuldbindingum, þá var ég af frambjóðendum þessa hv. flokks vittur fyrir að fara með staðlausa stafi. Hinn almenni kjósandi, sem var á þessum fundum, hafði að sjálfsögðu enga möguleika til að vita, hvor okkar færi með réttara mál, ég eða meðframbjóðandi minn. Hann varð að draga sínar ályktanir. En hvað hefur komið í ljós, og hvað kemur í ljós?

Enda þótt boðuð þingfrestunartillaga og afkvæmi hennar, en meðal þeirra er frv. það, sem hér er til umræðu, gefi fyllstu ástæðu til þenkingar um stjórnmál almennt, loforð og efndir stjórnarflokkanna fyrir og eftir kosningar, ætla ég ekki að hafa orð mín öllu fleiri um þessi mál. En á eitt atriði í frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, vil ég þó alveg sérstaklega minnast, en það er heimildin um framlengingu söluskattsins.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100 frá 1948 og 2.—5. gr. l. nr. 112 1950, en þetta eru ákvæði um söluskattinn, skuli gilda til 31. des. 1960, þó með þeim breyt., sem greinir í b- og c-lið. Þegar ég sá þetta ákvæði frv., rifjaðist upp fyrir mér, að þm. Sjálfstfl. höfðu áður fyrr annað sjónarmið en það, að söluskatturinn rynni óskertur í ríkissjóð. Ég minnist í sambandi við þessar umræður, að 1951 flutti hv. núv. fjmrh. brtt. við frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem þá lá fyrir Alþingi. Brtt., sem ég geri hér að umtalsefni, hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Frá Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 1. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að ¾ hlutum renna í ríkissjóð og ¼ hluta til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (3. gr.) Tekjum jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- og hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (4. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félmrh. þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (5. gr.) Ríkissjóður greiði jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjmrn. ársfjórðungsskil. Félmrn. framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.“

Því minnist ég á þetta hér, að mér þóttu þessar till. hæstv. núv. fjmrh. mjög athyglisverðar, enda var hv. flm. vel kunnugt um þörf sveitarfélaganna á nýjum tekjustofni.

Undir umræðum um þessi mál á Alþingi 1951 var bent á, að alvarlegt ástand ríkti í fjárhags- og atvinnumálum flestra bæjar- og sveitarfélaga á landinu og þörf væri úrbóta. Bent var á, að tekjustofn bæjar- og sveitarfélaga væri svo til einn, þ. e. útsvörin, og nauðsyn bæri til að finna annan til úrbóta vegna versnandi fjárhagsafkomu bæjar- og sveitarfélaga.

Síðan þessi brtt., sem ég hef gert hér að umtalsefni, var flutt, eru liðin átta ár. Enn er söluskatturinn á dagskrá. En með tilvísun til fyrri umr. um söluskattinn finnst mér ekki óeðlilegt, að minnzt sé lítillega á þarfir bæjar- og sveitarfélaganna í dag, það sé minnzt á þessar þarfir á ný hér í þinginu og það athugað, hvort hagur þeirra hafi svo batnað, að ekki sé ástæða til að ræða um nýjan tekjustofn þeim til handa.

Ég held, að ég þurfi ekkert að fjölyrða um hag bæjar- og sveitarfélaga á Íslandi. Hv. alþm. eru í ákaflega mörgum tilfellum einmitt forsvarsmenn bæjar- og sveitarfélaga og í hreppsnefndum og bæjar- og sveitarstjórnum, og þeir vita vel, hvernig og hvar skórinn kreppir að. Með tilliti til þess og einnig þess, sem áður hefur verið sagt um þessi mál, tel ég réttara, að 4. gr. frv. verði umorðuð á þann veg, að framlengingarheimild í a-lið gildi aðeins til febrúarloka, en ekki til 31. des. 1960, eins og brtt. á þskj. 59 gerir ráð fyrir, og mun ég því greiða henni atkv., þegar hún verður borin upp til atkvgr. Fengist hún samþ., þá mundi gefast tækifæri við afgreiðslu efnahagsmálanna, eftir að þingið kemur saman á ný, að athuga, hvort ekki sé unnt að klípa ofur lítið út úr söluskattinum til bæjar- og sveitarfélaga. En ég er þeirrar skoðunar, að fyllsta þörf sé á, að þau fái nýjan tekjustofn og því fyrr því betra.

Á þskj. 60, sem útbýtt hefur verið, er brtt. frá 4. þm. Reykn. og 6. þm. Reykv. og mér varðandi tvö atriði í því frv., sem hér liggur fyrir. En með því að 4. þm. Reykn. mun fylgja þessum brtt. úr hlaði, þá sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þær hér að sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Undanfarna daga hafa farið hér fram allmiklar umræður bæði um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og önnur frv., sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir þingið og öll standa í beinu sambandi við þingfrestunarfyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur gengið heldur illa að fá hæstv. ráðh. til þess að svara ýmsum fsp., sem hér hafa verið bornar fram og eru í eðlilegu sambandi við þessi óvenjulegu vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, að fresta þingi svona snemma að þessu sinni. Það er mjög eðlilegt, að alþm. óski eftir ýmsum upplýsingum frá hæstv. ríkisstj. varðandi ýmis stórmál, sem hér liggja

óleyst, og vilji fá þær upplýsingar greinilega útskýrðar af hæstv. ríkisstj., áður en þingið er sent heim.

Ég vil endurtaka nokkuð af fsp., sem ég hef vikið hér að á þeim tímum, sem t. d. hæstv. fjmrh. hefur ekki verið staddur hér og frá honum var því ekki að vænta neinna svara viðvíkjandi þeim spurningum, en eru þó í beinu sambandi við flutning þeirra mála, sem hér hafa verið rædd, og m. a. þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Það var hæstv. fjmrh. sjálfur, sem lýsti því yfir hér í ræðustól, að hann teldi ekki mögulegt eða ekki ástæðu vera til að framfylgja gamalli þingvenju og raunverulega skyldu samkvæmt þingsköpum að hafa 1. umr. fjárlaga og láta útvarpa þeirri umr., þar sem hann m. a. gerði grein fyrir fjárhagsafkomu ríkisbúsins á þessu ári. Og hann gaf þá yfirlýsingu hér, að hann teldi ekki rétt, að þessi umr. færi fram hér, vegna þess að það fjárlagafrv., sem lagt hefði verið fyrir, mundi verða tekið aftur síðar og nýtt frv. lagt fyrir þingið að þingfrestunartímanum liðnum. Og hann sagði, að þetta væri nauðsynlegt, vegna þess að í ráði væri að taka hér upp nýtt fjárhags- og fjármálakerfi.

Í sambandi við þetta vaknar sú spurning: Er þá nauðsynlegt eða er þá rétt að knýja hér í gegn á Alþingi með þeim hraða, sem nú er reynt, samþykkt á fimm tekjuöflunarfrv., þeim sem nú hefur verið steypt saman í eitt frv. og liggja nú fyrir hér til umræðu? Er þörf á því að framlengja þessi tekjuöflunarfrv. út allt næsta ár? Ef taka á upp nýtt fjármála- og fjárhagskerfi, skömmu eftir að þing kemur aftur saman eftir þingfrestun, þar sem gengið verður út frá gerbreytingu í ýmsum efnum á tekjuöflun til ríkissjóðs og útflutningssjóðs, er þá nauðsynlegt að framlengja nú út allt næsta ár öll þessi tekjuöflunarfrv., sem áður hafa verið í gildi? Við vitum, að meðal þeirra tekjulaga, sem í gildi hafa verið, eru m. a. lögin um söluskatt. Þau lög hafa lengi verið mjög umdeild hér á Alþingi. Ég hef verið í hópi þeirra manna, sem hafa talið, að sá tekjustofn væri mjög vafasamur og óréttlátur í mörgum greinum. Ég hefði þó fyrir mitt leyti fallizt á að framlengja þessi tekjuöflunarlög óbreytt út allt næsta ár, ef ríkissjóður og útflutningssjóður hefðu átt að búa hér við nákvæmlega sömu tekjustofna og áður og starfa á svipuðum grundvelli og áður. En ef hér á að gerbreyta um tekjuöflunarleið fyrir útflutningssjóð og einnig fyrir ríkissjóð og á þeim tíma, sem rætt er um það að leggja niður að meira eða minna leyti gamla og gróna tekjustofna ríkisins, eins og t. d. tekjuskattinn, gera slíka stórbreytingu á, þá vitanlega vaknar sú spurning: Er þá nokkur ástæða til þess að halda þessum gamla, vafasama skatti og framlengja hann nú út allt næsta ár? Þessi spurning kemur eðlilega upp hjá hv. þm., ekki síður þegar það er haft í huga, að núverandi hæstv. fjmrh. hefur sjálfur hér á Alþingi hvað eftir annað lýst andúð sinni á þessum skatti í því formi, sem hann er, á söluskattinum. Hann hefur a. m. k. tvisvar hér á Alþingi flutt frv. um að breyta söluskattinum, og hann hefur auk þess flutt hér sérstakar brtt. um að fá þessum skatti breytt.

Mér sýnist því, að þegar þetta allt er athugað, þá sé það ekki óeðlilegt, að um það sé spurt: Er nauðsynlegt að framlengja nú þennan skatt út allt næsta ár algerlega óbreyttan, þegar þetta er nú vitað, sem frá hæstv. fjmrh. hefur komið hér í yfirlýsingu á Alþingi, að það stendur til að gerbreyta skömmu eftir áramótin um fjárhags- og fjármálakerfi? Getur ekki hæstv. fjmrh. fallizt á það, að nauðsynjalaust sé að framlengja þennan skatt lengur fram á næsta ár en t. d. út febrúarmánuð? Mér sýnist, að öll rök ættu að mæla með því, að það ætti að duga. Ég hefði viljað, að hæstv. fjmrh. lýsti yfir afstöðu sinni til þessa hér úr ræðustóli.

Það væri líka auðvitað fróðlegt fyrir hv. þm. að fá að heyra það, hvort hæstv. fjmrh. hefur skipt um skoðun í sambandi við söluskattinn, hvort hann telur nú orðið, jafnvel hvað sem líður breyttu fjármálakerfi í landinu, breyttum tekjustofnum ríkissjóðs og útflutningssjóðs, hvort það eigi samt sem áður að halda við þennan tekjustofn til ríkisins í því formi, sem hann hefur verið, eða hvort hann vill með öðrum þm. halda sér við þá skoðun, sem hann flutti hér áður, að fá þessum skatti nokkuð breytt, m. a. að einhverju leyti til stuðnings við bæjar- og sveitarfélög landsins.

Í sambandi við undanbrögð hæstv. ríkisstj., þegar hún fæst ekki til þess að hafa hér 1. umr. um fjárlögin og ber þessu við, að það sé ekki bein þörf á því, þar sem hið raunverulega fjárlagafrv., sem hún ætlar sér að láta samþ. fyrir næsta ár, sé ekki tilbúið enn, þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Getur hann þá ekki hugsað sér, þrátt fyrir þessa meðferð á flutningi fjárlagafrv., að gefa hér á Alþingi skýrslu um fjárhagsafkomu ríkissjóðs og útflutningssjóðs á því ári, sem nú er að líða. Ég efast ekkert um, að bæði stjórn útflutningssjóðs og eins fjmrn. geta gefið honum allar upplýsingar um það, hvernig fjárhag ríkissjóðs og útflutningssjóðs er nú varið. Það eru mörg dæmi þess, að ráðh. hafi hér á Alþingi gefið Alþ. skýrslur um mikilvæg mál, án þess að það sé gert í sambandi við 1. umr. fjárlaga. Og ef hann telur alveg óhjákvæmilegt að láta 1. umr. fjárlaga bíða, þangað til þing kemur aftur saman eftir áramót, þá sýnist mér þó, að hann geti gert hitt, sem er kannske meginatriði málsins, að gefa hér á Alþingi skýrslu um það, hvernig er ástatt um fjárhag ríkissjóðs og útflutningssjóðs. Það mætti verða öllum alþm. og reyndar öllum landsmönnum mjög gagnlegt í sambandi við þau þungu og erfiðu viðfangsefni, sem liggja fyrir í efnahagsmálum landsins. Ég tel, að ef hæstv. ríkisstj. færist undan því að gefa þessa skýrslu, aðeins skýrslu um staðreyndir, sem liggja fyrir, þá sé hún alveg ótvírætt að halda nauðsynlegum upplýsingum fyrir alþm. og fela staðreyndir fyrir þjóðinni. Eðli málsins samkvæmt áttu þessar upplýsingar að koma fram í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., sem þingsköp gera ráð fyrir að haldin sé og út-

varpað sé einmitt í byrjun þings, en fyrst nú þykir ekki fært að halda þessa ræðu, þá gæti hæstv. fjmrh. þó gefið skýrsluna í skýrsluformi hér á Alþingi og leyst þar með meginvandann. Ég get ekki litið á það á annan veg en svo, ef þetta ekki fæst, en það sé verið að halda upplýsingum fyrir Alþingi og fyrir þjóðinni.

Ég vildi nú spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann vildi ekki verða við þeim tilmælum að flytja slíka skýrslu, og ég held, að einmitt flutningur slíkrar skýrslu mundi á allan hátt greiða fyrir þingstörfum og einnig greiða fyrir því, að hægt væri að vinna eðlilega að lausn efnahagsmálanna síðar.

Ég skal svo endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að út af fyrir sig, ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað hafa samráð við stjórnarandstöðuna nú, eins og jafnan hefur áður verið gert í sambandi við þingfrestun, þá hefði hún ábyggilega getað komizt þar að eðlilegu samkomulagi, og þá hefði hún getað líka fengið samþykkt hér á Alþingi bæði frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og eins frumvörp um framlengingu á þeim tollum og sköttum, sem úr gildi áttu að falla um næstu áramót, til eðlilegs tíma. En hæstv. ríkisstj. hefur valið hina leiðina, að vilja ekki sinna um samkomulag við stjórnarandstöðuna hér á Alþingi í sambandi við þingfrestunina, heldur kosið þá leið að brjóta hér gamlar þingreglur og þingvenjur um það, hvað gera á á Alþingi í upphafi hvers þings. Það er það, sem við höfum viljað mótmæla hér í sambandi við þessar umræður, og af því hafa sumpart orðið hér lengri umr. um þessi mál en annars hefði verið þörf á. En ég tel, að ef hæstv. fjmrh. vildi nú sinna þessum tilmælum mínum, sem ég hef flutt hér, þá mætti enn bæta nokkuð úr þeim afglöpum, sem ég tel að hæstv. ríkisstj. hafi gert sig seka um fram að þessu í sambandi við þingfrestunarmálið.

Jón Skaftason: Herra forseti. Brtt. sú á þskj. 60, sem þeir hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. v. eru meðflm. mínir að, gefur ekki tilefni til langrar framsögu.

Með till. er lagt til, að gerðar verði tvær efnisbreytingar á 4. gr. frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, sem nú er í meðferð þessarar hv. deildar.

Fyrri breyt., sem við flm. leggjum til að gerð verði á 4. gr. frv., er sú, að þeir, sem annast í umboðssölu framleiðsluvörur innlends iðnaðar, greiði einungis söluskatt af umboðsþóknun sinni, en ekki af heildarandvirði vörunnar, eins og gert er nú að óbreyttum lögum. Söluskattur af smásölu, sem var 2%, var felldur niður í ársbyrjun 1956. Samtímis hækkaði söluskattur á umboðssöluvörum úr 3% í 6%, með tilkomu laga um framleiðslusjóð, og frá ársbyrjun 1957 hækkaði skattgjald þetta í 9% með setningu laga um útflutningssjóð o. fl.

Óeðlilegt og ósanngjarnt verður að telja að gera svo mikinn mun í skattalegu tilliti á umboðssölu og smásölu sem nú er gert, og hefur það m. a. leitt til þess, að umboðssöluviðskipti eru mikið til horfin úr viðskiptalífinu og þegar af þeirri ástæðu ekki neinn skattstofn fyrir ríkissjóð að leggja söluskatt á þau.

Við flm. þessarar brtt. leggjum því til, að söluskattur verði framvegis aðeins lagður á umboðsþóknun í umsýsluviðskiptum. Við teljum, að skatttap af þessari breytingu yrði mjög lítið fyrir ríkissjóð, en hins vegar væri með því, að þessi breyt. næði fram að ganga, höggvið á leiðindahnút, sem nú er í viðskiptalífinu og meinar ýmsum, sem þar starfa, að vinna að því á þann hátt, sem þeir telja heppilegastan og eðlilegastan.

Önnur efnisbreyting samkvæmt till. okkar og sú, sem er veigameiri, er það, að við leggjum til, að vinna og efni við íbúðarhúsabyggingar verði undanþegið söluskattskyldu, en samkv. núgildandi reglum er goldið 9% veltugjald af seldri vinnu og efni byggingarmeistara íbúðarhúsa.

Sem kunnugt er, er hinn hái byggingarkostnaður og dýr leiga á íbúðarhúsnæði ein af stærstu orsökum þeirrar verðbólgu, sem tröllriðið hefur húsum hér á Íslandi seinustu árin og áratugina. Byggingarstarfsemin í landinu gerir ekki betur, þegar bezt gegnir, en að fullnægja þörfum á húsnæði vegna þeirrar fjölgunar, sem verður á fólki hér á landi. Mjög seinlega gengur að útrýma heilsuspillandi og lélegu húsnæði. Fjárskortur gerir það að verkum, að þúsundir íbúða eru víða um landið ófullgerðar, og ýmsir, sem sára þörf hafa fyrir húsnæði, sjá sér ekki fært að leggja út í byggingar af völdum fjárskorts.

Lánveitingar til húsnæðisbygginga úr almenna veðlánakerfinu hafa stórlega gengið saman á þessu ári. Þannig mun húsnæðismálastjórn hafa afgreitt lán að fjárhæð rúmar 30 millj. kr. á þessu ári, en árið 1956 námu þessar lánveitingar um 63.6 millj. kr. og á s. l. ári tæpum 49 millj. kr. Þó hefur byggingarkostnaður á þessu tímabili farið hækkandi. Staðreyndin er líka sú, að hreint neyðarástand ríkir í þessum málum víða um land. Hjá húsnæðismálastjórn lágu 1999 umsóknir fyrir um ný lán og viðbótarlán þann 1. des. s. l., og þau lán, sem veitt hafa verið á þessu ári, hafa aðeins numið að meðaltali á milli 40 og 50 þús. kr. á hvert hús eða aðeins um ⅛ hluta af byggingarkostnaði þriggja og fjögurra herbergja íbúða.

Þegar ríkisvaldið er ekki fært um að halda í gangi starfandi veðlánakerfi til íbúðabygginga og lánastofnanir eru auk þess lokaðar að mestu fyrir húsbyggjendum, er það fullkomlega óréttlátt, að hið opinbera skattleggi byggingarkostnað jafnstórkostlega og nú er gert. Því leggjum við til með brtt. okkar, að söluskattur og útflutningssjóðsgjald, sem nú nemur samtals 9% af verðmæti skattskyldrar vinnu og efnis við húsabyggingar, verði fellt niður. Til upplýsinga og samanburðar fyrir hv. dm. vil ég taka fram, að í Noregi, þar sem almennur söluskattur er 10%, eru íbúðarhúsabyggingar, sjúkrahúsabyggingar og skólabyggingar undanþegnar þessu skattgjaldi, og þó njóta um 80% af íbúðabyggjendum í Noregi hagkvæmra lána frá því opinbera, og nema lánsupphæðir almennt um 75% af byggingarkostnaði húsa.

Verður okkar hlutur í þessu sambandi næsta rýr, þegar þetta er borið saman. Þótt brtt. okkar þremenninganna yrði samþ., hefði það ekki í för með sér, að allur söluskattur á byggingarkostnaði íbúðarhúsa félli niður, því að í innflutningi er á allt byggingarefni lagður 7.7% söluskattur, en brtt. okkar nær ekki til þess hluta söluskattsins. Verði gengið fellt á næstunni, eins og leiða má af ýmsum ummælum hv. stjórnarliða, mundi það að sjálfsögðu þýða stóraukningu á þessum söluskatti, sem tekinn er af innfluttu byggingarefni, og þeim mun frekar er þá ástæða til þess að fella þann söluskatt niður, sem við leggjum til að gert verði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um brtt. á þskj. 60, og um aðaldagskrármálið hefur svo mikið verið rætt á undanförnum dögum, að ég tel ástæðulaust að fara um það fleiri orðum. Ég vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að skýra frá því áliti mínu, að ég tel allsendis óeðlilegt og raunar til vansæmdar hv. Alþingi að samþ. það umræðulaust, að framlengingarheimild sú, sem ríkisstj. fer fram á að hún fái, nái til alls ársins 1960. Hæstv. fjmrh. og fleiri af talsmönnum stjórnarinnar hafa í umr. á undanförnum dögum lýst því yfir, að til standi að breyta öllu efnahagskerfi landsins. Menn skilja þetta á þann veg, að í ráði sé að fella gengið stórlega. Í sambandi við svo mikla breytingu á efnahagskerfi landsins væri alveg óviðeigandi, að allt tolla- og skattakerfi landsmanna, sem miðað er við það gengi, sem við höfum nú, væri ekki jafnframt tekið til endurskoðunar. Ég tel því algerlega óverjandi fyrir hv. Alþingi að gefa ríkisstj. heimild til þess að innheimta eftir þeirri tekjulöggjöf, sem hún fer fram á að framlengd verði til heils árs, — ég tel það óviðeigandi, að þingið samþykki, að hún gildi lengur en til endaðs febrúar, eins og gert er ráð fyrir að gildi um bráðabirgðagreiðsluheimild úr ríkissjóði fyrir næsta ár, sem ríkisstj. hefur líka farið fram á og búið er að samþ. af hv. Alþ. Alþingi hefur sem stofnun að sjálfsögðu ríka skyldu til þess að fylgjast með skattlagningu og skattheimtu ríkisstjórna á þjóðina, og ég tel, að Alþingi væri að afsala sér eðlilegu valdi með því að samþykkja það, að ríkisstj. skuli hafa heimild til að innheimta alla þessa tekjustofna með því álagi, sem gert er ráð fyrir í bandormsfrv. svokallaða, — ég tel það óeðlilegt, að Alþingi gefi ríkisstj. heimild til þess, ef út í stórfellda gengislækkun verður farið.

Ég vil ekki verða til þess að lengja þær umræður, sem hér hafa orðið um þau mál, sem tekin hafa verið fyrir fram að þessu, frá því að þing var sett, því að bæði er, að þar mundi verða um miklar endurtekningar að ræða, og svo hitt, að mér skilst, að það liggi fyrir einhvers konar samkomulag um það, að þingi skuli nú fara að fresta. Ég vil þó leyfa mér að lokum að undirstrika, að það að senda nýkjörið Alþingi, sem kosið er samkv. nýrri stjórnarskrá, heim eftir nokkurra daga setu, er í sjálfu sér hin freklegasta móðgun, því að að sjálfsögðu er Alþingi og þm. ætlað að starfa að úrlausn vandasamra mála, eins og efnahagsmálin eru núna, — Alþ. er ætlað að starfa að þeim alveg eins og ríkisstjórnum, og þm. stjórnarandstöðuflokkanna eiga að sjálfsögðu kröfu til þess að geta krufið málin til mergjar og fengið eðlilegan tíma til þess að koma fram með sínar tillögur. En með því að reka þingið heim er komið í veg fyrir, að þm. stjórnarandstöðunnar a. m. k. og jafnvel þm. stjórnarliðsins, sem sitja ekki í ráðherrastólum, geti uppfyllt það skyldustarf, sem þeim ber að rækja hér á hv. Alþingi.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Það er shlj. 5 frv., sem um mörg undanfarin ár hafa verið framlengd frá ári til árs. Þessum 5 frv. hefur nú verið steypt saman í eitt frv.

Í nál. minni hl. hv. fjhn. á þskj. 62 segir svo, með leyfi forseta, að það hafi gerzt í meðferð þessara mála á þingi, að „eftir að öll þessi 5 frv. höfðu hlotið afgreiðslu í fjhn. þingdeildanna, gerðist það, að hætt er meðferð þeirra í þingi, en efni þeirra allra sett í eitt frv., sem ríkisstj. ber fram á Alþingi. Við teljum þetta óeðlilegt og mjög óviðeigandi aðferð við afgreiðslu þingmála".

Ef nm. minni hl. og hv. frsm., 1. þm. Norðurl. v. (SkG), eiga við með þessum að vísu óljósu orðum, að það sé óviðeigandi og óeðlilegt að hafa þannig 5 mál, sem áður hafa verið, í einu frv., þá sé ég ekki, að það sjónarmið hafi við rök að styðjast. Fyrir allmörgum árum flutti þáverandi hæstv. fjmrh., núverandi 1. þm. Austf. (EystJ), frv. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og var hvorki meira né minna en breyting á 17 lögum í því eina frv. Þó þótti fjmrh. og þeim meiri hl., sem hann studdist við, m. a. hv. 1. þm. Norðurl. v., ekki nóg að gert, því að í meðförum þingsins var þessum 17 lögum fjölgað upp í 20. Þetta gerðist 3 þing í röð undir forustu Framsfl., og voru þar m. a. framarla í flokki þá sem fyrr og síðar hv. núverandi 1. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Þá þótti það góð latína að hafa í einu frv. bráðabirgðabreyting á 20 lögum. Nú þykir það óeðlilegt og óviðeigandi að hafa í einu frv. 5 málefni.

Þá liggur hér fyrir brtt. á þskj. 59 frá sömu hv. þm., minni hl. fjhn., um það, að þessi framlenging skuli gilda til febrúarloka 1960, en ekki til ársloka, eins og segir í frv. Þetta er rökstutt í nál. þeirra með því, að frv., sem nú er orðið að lögum, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, eigi ekki að gilda lengur en til febrúarloka, og þess vegna sé eðlilegt, að þessar framlengingar gildi til jafnlangs tíma. Eins og ég tók fram, hafa þessi gjalda- og skattalög, sem hér ræðir um, verið framlengd um mörg undanfarin ár, alltaf til eins árs í einu, til almanaksársins. Á sama tíma hefur það hvað eftir annað komið fyrir, að sami ráðherra, sama ríkisstjórn, sem hefur lagt til að framlengja þessi lög til almanaksársins, hefur um leið fengið samþykkt frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði til janúarloka, febrúarloka, marz- eða aprílloka. Hv. frsm. minni hl.

hefur aldrei í öll þessi ár hreyft því, að það væri nokkur ástæða til þess að tímabinda framlenging þessara skattalaga við sama mark og bráðabirgðafjárgreiðslurnar. Honum hefur aldrei dottið það í hug fyrr en nú. Og rök fyrir þessu sé ég ekki að séu fyrir hendi. Hitt er svo allt annað mál, að ef það verður niðurstaðan varðandi væntanlegar efnahagsaðgerðir að breyta svo til um tekjustofna fyrir ríkissjóð, að ekki sé þörf þessara framlengingarlaga út allt árið, þá verður því vitaskuld breytt á þinginu, er það kemur saman aftur, í samræmi við efnahagsaðgerðirnar, en ástæðulaust, að mér virðist, að fara að tímabinda þetta nú fremur en gert hefur verið áður.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) mælti hér fyrir brtt. á þskj. 60 um nokkrar breytingar á söluskattinum, og hlustaði ég með athygli á það, sem hann hafði fram að færa um það mál. Ég er alveg á sama máli um það, að söluskatturinn er að mörgu leyti mjög gallaður tekjustofn, eins og hann er nú. Á honum eru margvíslegir gallar. Ég hef oft heyrt mikla gagnrýni á honum, m. a. og ekki sízt frá iðnaðarmannasamtökunum hér á landi. Ég get nefnt eitt dæmi, sem ég tel mikinn galla á þessum lögum, sem ég þekki frá starfi mínu undanfarin ár. Þegar hið opinbera hefur með höndum byggingarframkvæmdir og verklegar framkvæmdir, þá er það auðvitað æskilegast að bjóða slík verk sem oftast út, og helzt ætti það að vera meginregla hjá hinu opinbera, ríki og bæjarfélögum. En þá er sá annmarki á, að ef verk eru boðin út og samið við þann, sem gerir hagstæðast tilboð, þá leggst 9% söluskattur ofan á það, en ef bæjarfélagið eða ríkið lætur framkvæma þetta eftir reikningi án útboðs, þá sleppur það við 9%. M. ö. o.: löggjafinn dregur heldur úr í stað þess að örva, sem rétt væri, að verk séu boðin út. Vitanlega verður þessu að breyta og mörgu öðru. Ég tel ekki fært á þessu stigi, við þessa bráðabirgðaframlenging, að fara að gera einstakar breytingar, þó að ég dragi ekki í efa, að þessar brtt. hv. þm. eigi við rök að styðjast, — ég tel ekki fært að fara að gera einstakar breytingar á söluskattinum nú. Það væri þá sjálfsagt rétt að gera þær margar fleiri. Hins vegar verður söluskatturinn frá grunni endurskoðaður, og ég vænti, að sú endurskoðun liggi fyrir, þegar þing kemur saman aftur. Í þeirri endurskoðun verður að sjálfsögðu tekið til athugunar það, sem hv. 4. þm. Reykn. færði hér fram í sinni ræðu áðan.

Hér hefur verið minnzt á söluskatt til sveitarfélaga, og gerði m. a. hv. 5. þm. Norðurl. v. það nokkuð að umræðuefni og afskipti mín af því máli. Ég er enn sama sinnis og áður, að ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að sveitarfélögin fái nýja tekjustofna. Á þingi 1951 flutti ég till. í þá átt, að sveitarfélögin fengju fjórðung söluskattsins, meðan hann er innheimtur. Sú till. var samþ. í þessari hv. d. En þá gerðust þau tíðindi, að bæði forsrh. og fjmrh. þáverandi risu upp og lýstu því yfir, að þeir mundu rjúfa stjórnarsamvinnuna, ef slík firn ættu fram að ganga. Niðurstaðan varð sú, að samstarfsflokkur þeirra, sem þá var, Sjálfstfl., taldi ekki fært að slíta stjórnarsamvinnunni, það væru ekki möguleikar á því að mynda aðra stjórn, og varð þess vegna niðurstaðan sú, að það mál féll niður. Alla stund síðan hefur verið einn og samur andi í þeim efnum frá flokki hv. þm. En ég vil taka það fram, að ég efa ekki og hef aldrei efað hans einlæga áhuga á þessum málum, enda hefur hann sjálfur svo mikla reynslu í sveitarstjórnarmálum, að hann þekkir manna bezt þá erfiðleika, sem bæjar- og sveitarfélögin eiga við að stríða.

Á þingi 1957 flutti ég þetta mál einnig og raunar oftar. Þá varð samkomulag um það í fjhn. Ed. að flytja þáltill., sem var samþ. einróma í Ed., um að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þessi till. var samþ. En af einhverjum ástæðum, líklega fyrir annríkis sakir fremur en af áhugaleysi, láðist vinstri stjórninni sælu og sáluðu að koma nokkru í verk í þessum efnum og hirti ekki um að undirbúa eða semja þessa löggjöf, sem Alþingi hafði falið henni, og að leggja fyrir haustþingið 1958.

Nú er að sjálfsögðu bæði nauðsyn sveitarfélaganna að fá tekjustofn til viðbótar útsvörunum, óbeinan skatt, og að endurskoða útsvarslögin og tekjustofna bæjar- og sveitarfélaganna yfirleitt. Það varð eitt af mínum fyrstu verkum, eftir að ég tók sæti í ríkisstj., að hefjast handa um slíka endurskoðun, og endurskoðun á löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna er þegar hafin. Ég hef lagt á það ríka áherzlu, að till. í því efni, — ég get ekkert fullyrt um heildartill., — en að till. um verulegar umbætur í því efni verði lagðar fyrir Alþ., þegar það kemur saman að nýju eftir þingfrestunina.

Hv. 4. þm. Austf. (LJós) spurðist fyrir um það, hvort ég teldi ekki fært að gefa Alþingi yfirlit um fjárhag ríkissjóðs og útflutningssjóðs nú. Ég hef skýrt frá því hér áður, að ég tel, að heppilegra sé og gagnlegra fyrir Alþ. að fá slíkar upplýsingar, slíkt yfirlit við 1. umr. fjárlaga í lok janúarmánaðar, eða þegar þingið kemur saman aftur, af þeirri ástæðu, að þær upplýsingar verða miklu fyllri og nákvæmari en nú. Það hafa oft á undanförnum árum verið gefnar upplýsingar í lok ársins, í okt., nóv., des., um afkomu hins líðandi árs, en oft og tíðum hafa þær upplýsingar, því miður, reynzt ófullnægjandi, þannig að afkoma ríkissjóðs endanlega hefur reynzt í verulegum atriðum önnur en fjmrh. þá gaf upplýsingar um, einkum varðandi greiðsluafganginn. Ég tel, að þetta séu heppilegri vinnubrögð. Þetta yfirlit, sem hv. þm. er að óska eftir, á fyrst og fremst að verða grundvöllur undir þeirri vinnu, sem alþm. leggja fram varðandi afgreiðslu fjárlaga og efnahagsráðstafana, og áður en þessi 2 stórmál koma fyrir, verður þetta yfirlit af sjálfu sér gefið, og eins og ég tók fram, þá tel ég, að það yfirlit verði fyllra og nákvæmara, ef það er gefið, þegar þingið kemur saman, heldur en nú.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var til

1. umr. hér í þessari hv. deild. Þá skeði það, sem er mjög óvanalegt hér á Alþ., að hæstv. forseti lét ganga til atkv. um till., sem í var ákveðið, að umræður skyldu niður skornar. Ég ætla ekki að fara að ræða um þessa nýju aðferð, en ég vildi mega mælast til þess við hæstv. forseta, að slíkir atburðir, sem þar gerðust, endurtækju sig ekki. Ég vil enn fremur benda hæstv. forseta á, að það er mjög óþægileg aðstaða fyrir hann að þurfa að stjórna fundum hér í Alþ. á móti jafnsterkum minni hluta og hér er, og það er tvímælalaust skylda hæstv. forseta í öllum tilfellum að reyna að ná sem beztu samkomulagi um afgreiðslu mála og hafa sem bezt samkomulag við alla þm. um afgreiðslu þeirra. Læt ég svo útrætt um það atriði.

Það er mjög eðlilegt, að fram hafi komið till. eða krafa um það til hæstv. forseta, að bráðabirgðalögin um landbúnaðarverð verði rædd og afgreidd nú á þessu Alþingi. Ég vil hér með leyfa mér að taka undir þessa kröfu og óska þess við hæstv. forseta, að hann verði við henni.

Hæstv. fjmrh. og yfirleitt þeir ráðherrar, sem hér hafa talað um þessi mál, telja þeim tíma Alþ. illa varið, sem færi til þess að ræða og afgreiða frv. og þáltill., sem fram hafa komið frá hinum ýmsu alþm. Þessi skoðun hæstv. ráðh. er vægast sagt mjög einkennileg. Minnist ég þess ekki að hafa heyrt slíku haldið fram hér á Alþ. fyrr. Það má segja, að með nýjum herrum komi nýir siðir, og verð ég að segja það, að þetta lofar ekki góðu um það, sem koma skal.

Á undanförnum þingum hefur það verið viðtekin regla, að lögð hafa verið fram á Alþingi frv. til laga um framlenging á þar tilteknum lögum um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld til ríkissjóðs með viðauka. Allt er þetta orðið allflókið mál og ekki svo auðvelt í fljótu bragði að átta sig á því, hverning þessum málum er fyrir komið. Fyrir hinn almenna borgara, sem er ekki því betur inni í tollakerfi landsins, eru þessir viðaukar á viðauka ofan hreint völundarhús, sem krefst heils hers af starfsfólki, — vitanlega upp og ofan, eins og gengur og gerist, kannske ekki ætíð valið eftir hæfni, heldur eftir öðrum fjarskyldari sjónarmiðum. Það hlýtur að vekja almenna athygli, hve mjög er sótzt eftir að komast í slík störf hjá ríkinu. Ekki mun almennt vera fylgt þeirri reglu að auglýsa eftir fólki í störfin, heldur eru það hinir ýmsu aðalskrifstofustjórar og aðstoðarskrifstofustjórar, forstjórar og aðstoðarforstjórar, sem ráða starfsfólkið. Ekki hef ég leitað mér upplýsinga um, hve margt starfsfólkið er, sem vinnur hjá því opinbera. Sú skýrsla, sem um það er gefin í fjárlagafrv., er langt frá því að vera tæmandi. En ekki mun þó fráleitt að áætla, að það skipti mörgum þúsundum. Nú hefur það verið viðtekin regla hjá flestum ríkisstjórnum að hafa sem eitt af stefnuskráratriðum sínum að koma á sparnaði í ríkisrekstri, en efndirnar hafa engar orðið, heldur jafnvel þveröfugt. Allir stjórnmálaflokkar landsins hafa við allar kosningar, sem ég man eftir, talið sig vilja koma á sparnaði og betra skipulagi á rekstri ríkisins og ríkisstofnana. En þegar til kastanna hefur komið, hefur lítið sem ekkert orðið af framkvæmdum.

Hæstv. núverandi ríkisstj. vill að sjálfsögðu koma á opinberum sparnaði í ríkisrekstri, afgreiða tekjuhallalaus fjárlög o. s. frv. En ekki er nú kálið sopið, þótt í ausuna sé komið. Fyrsta verk þessarar ríkisstj. var að fjölga ráðherrunum úr 6 í 7, miðað við það, sem áður hafði verið. Í tíð fyrrverandi ríkisstj., þar sem Alþfl. fór með völd með stuðningi Sjálfstfl., voru þó ekki nema 4 ráðherrar, og virðist það ekkert hafa torveldað störf hennar.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert meira en fjölga ráðherrum. Hún hefur stofnað nýtt ráðuneyti, efnahagsmálaráðuneyti, að sjálfsögðu með viðunandi starfsliði, þegar fram í sækir. Þá er sagt, að nú sé á vegum ríkisstj. heill hópur af svokölluðum sérfræðingum, sem vinni dag og nótt að úrlausnum hinna margvíslegu vandamála þjóðfélagsins. Ekkert hefur verið látið uppi um það, hvaða menn þetta eru eða hve margir þeir eru. Þessir sérfræðingar virðast vera nokkurs konar æðsta ráð ríkisstjórnarinnar. Eitt er staðreynd, og það er það, að hæstv. ríkisstj. telur sig þess ekki umkomna að flytja eitt einasta mál eða benda á eina einustu leið til úrbóta á núverandi ástandi. Hún bíður eftir hinum vísu mönnum og þeirra tillögum í ofvæni og með mikilli eftirvæntingu. Hæstv. ríkisstj. telur sig vera upp úr því vaxna að ræða vandamálin við þingheim, alþm. skulu sendir heim, hver á sína sveit, og bíða þar þangað til stjórnarherrunum þóknast allra mildilegast að kalla þá hingað suður á þorranum til að leggja blessun sína og samþykki sitt yfir till. sérfræðinganna.

Þau einu mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi, eru frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 ásamt nokkrum lögum um bráðabirgðagreiðslur til ríkissjóðs og framlengingu nokkurra laga. Sá galli er þó á gjöf Njarðar, að frv. hefur ekki verið tekið fyrir til 1. umr., hvað sem því veldur. Er hér um að ræða algerlega nýjar og áður óþekktar starfsaðferðir. Verður því að álykta, að hæstv. fjmrh. telji frv. svo langt frá raunveruleikanum, að ekki sé frambærilegt að taka það til 1. umr.

Önnur þau mál, sem lögð hafa verið fram af hæstv. ríkisstj., eru nokkur frv. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga um tekjuviðauka til ríkissjóðs. Ég gat þess áðan, að tollalöggjöf landsins væri orðin mjög flókin og ekki á allra meðfæri að finna út alla þá tolla og viðauka, sem í gildi eru. Ég fór því fram á það við skrifstofu Alþingis að fá t. d. tollskrána, sem ég í einfeldni minni taldi að skrifstofan mundi hafa sérprentaða hér. Nei, mér var tjáð, að tollskráin væri þar ekki til. Ég bað þá fulltrúa skrifstofustjóra að hringja upp í fjmrn. og spyrjast þar fyrir um, hvort þar væri ekki hægt að fá skrána. Nei, hún var þar ekki til. En maðurinn, sem svaraði í símann frá ráðuneytinu, upplýsti, að tollskrá væri til sölu í Bókaverzlun Ísafoldar.

Það var út af fyrir sig ágætt. Þar gat maður fengið hana keypta. En fulltrúi skrifstofustjóra benti mér á það í mestu vinsemd, sem ég reyndar vissi áður, að ég gæti fengið að vita þetta allt saman í Stjórnartíðindunum, sem tollskráin væri í, og sömuleiðis í lagasafninu. Ég bendi bara á þetta sem dæmi þess, hve stundum getur reynzt erfitt að fá viðunandi gögn til að vinna úr. Sérstaklega getur þetta verið slæmt fyrir okkur, sem dveljum hér um stundarsakir og höfum ekki ástæðu til að hafa með okkur nema að litlu leyti nauðsynleg gögn.

Í upphafi þessa þings flutti hæstv. ríkisstj. allmörg frv. til framlengingar nokkurra laga um áframhaldandi heimild fyrir ríkisstj. að innheimta á árinu 1960 með viðauka gjöld til ríkissjóðs, um framlenging á þessum frv. svo og um fyrirhugaða þingfrestun. Um þessi frv. hafa orðið allmiklar umræður. Hæstv. ríkisstj. mun hafa talið, að umr. um öll þessi frv. gætu dregizt allverulega. og þar sem það virðist vera aðaláhugamál ríkisstj. að reka þingmennina heim, voru frv. dregin til baka og samið nýtt frv., sem hefur að innihalda þau ákvæði og efni, sem voru í fyrri frumvörpunum. Manna á milli er þetta kallað „bandormurinn" eftir líku frv., sem flutt var á Alþingi, að ég tel, 1939. Með þessum vinnubrögðum hyggst ríkisstj. geta komið í veg fyrir óþarfatafir og málin komist fyrr í gegn en ella. Hæstv. ríkisstj. telur sig nú heldur en ekki hafa snúið á stjórnarandstöðuna og hyggst nú hafa öll ráð í sínum höndum. Sýnist, að þessi framkoma hæstv. ríkisstj. beri keim af lágkúrulegum hugsunarhætti og bendi til slæmrar samvizku.

Það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki reyna að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuflokkana um þessi mál og þá um leið um þingfrestunina. Það spáir engu góðu um samstarf á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar til lausnar aðkallandi vandamálum. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstjórn álíti sig þess umkomna að leysa aðkallandi vandamál í krafti þess þingmeirihluta, sem á bak við hana stendur, og þar af leiðandi þurfi hún ekki og vilji ekki taka til greina álit og óskir minni hlutans. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En hvort það fær staðizt, á reynslan eftir að skera úr um.

Ég hafði látið mér detta það í hug, að það hefði verið vænlegra til úrlausnar aðkallandi vandamála, að gerð hefði verið tilraun til að samræma sjónarmið sem allra flestra aðila, og ég fullyrði, að það er það, sem fólkið í landinu krefst að verði gert. En hæstv. ríkisstjórn er á allt annarri skoðun. Hún hefur kastað hanzkanum. Hún virðist staðráðin í því að beita minni hlutann óheyrilegu gerræði. En engar frambærilegar varnir hafa verið fram bornar af hendi hennar, engin viðunandi svör fengizt við fyrirspurnum, og engin frambærileg rök af hendi ríkisstj. hafa verið færð fyrir því gerræði að senda hið nýkjörna Alþ. heim frá óleystum störfum, og þannig mætti lengi telja.

Ég hef lítils háttar rætt um tolla og viðaukagjöld, sem lögð hafa verið á, og ýmis gjöld til ríkissjóðs, sem nú er lagt til að öll verði framlengd fyrir árið 1960. Full ástæða hefði verið til að lesa upp frv., sem hér liggur fyrir, gefa þar með áheyrendum kost á að heyra, hvernig þessi lög líta út, en til þess að lengja ekki tímann, þá mun ég ekki gera það. Í frv. er vísað til á milli 10 og 20 laga og enn fleiri lagagreina. Mér hefur ekki unnizt tími til að bera saman ákvæði þessa frv. við gildandi lög, en ganga verður þó út frá, að rétt sé frá skýrt í grg., en þar er sagt, að frv. þetta feli í sér framlenging fyrir árið 1960 á ákvæðum þeim, sem nú sé að finna í eftirtöldum lögum.

Ég held, að engum geti dulizt, að full þörf sé að taka í gegn allt tollakerfið í heild og gera það einfaldara og aðgengilegra en það er nú. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að með því að samræma hin ýmsu lög, væri hægt að koma við miklum sparnaði í mannahaldi og skrifstofuhaldi, auk þess sem hin mörgu lög og viðaukar við lögin verða til þess, að almenningur veit ekki, hvað eru lög og hvað ekki, og því síður vita menn, hve mikinn toll t. d. þeir eiga að greiða af þessari eða hinni vörutegundinni, því að á hinn upprunalega toll eru máske komnir fleiri viðaukar.

Í þeim umræðum, sem fram hafa farið hér á Alþingi um þessi mál, hefur m. a. verið rætt allmikið um þá ákvörðun hæstv. ríkisstj. að fresta fundum Alþingis um tveggja mánaða skeið og senda þingið heim. Ýmsir voru þeir, sem vildu ekki leggja trúnað á þennan orðróm. Menn töldu það óhugsandi, að slíkum aðferðum yrði beitt, að ríkisstj. leyfði sér slíkt gerræði sem það að senda þingið heim eftir tíu daga setu og án þess að eitt einasta mál til lausnar yfirstandandi vandamálum hefði verið lagt fram til umr. og afgreiðslu. Hæstv. ríkisstj. hafði ekki einu sinni látið leggja fram brbl., sem gefin voru út á milli þinga. Slíkir starfshættir verða að teljast með öllu óeðlilegir og um leið óvanalegir. Því miður er það staðreynd, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að senda þingið heim, hvað sem tautar og raular.

Sá háttur hefur verið hafður á í tíð fyrrv. ríkisstjórna og er í fullu samræmi við þingræðis- og lýðræðishugsjón okkar, að brbl., sem gefin eru út milli þinga, séu lögð fram í þingbyrjun. Það getur verið, að brýna nauðsyn beri til þess fyrir hvaða ríkisstjórn sem er að gefa út brbl. milli þinga, enda segir svo í 28. gr. stjórnarskrár íslenzka lýðveldisins, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta þing á eftir."

Það hefur reyndar verið gert, þau hafa verið lögð fram, þau voru lögð fram í gær. Það mun vera ákveðið af ríkisstj. að taka þau ekki til umræðu og afgreiðslu nú, áður en þinginu verður frestað. Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþ. fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. Í þessari grein stjórnarskrárinnar eru skýlaus fyrirmæli um, að brbl., út gefin á milli þinga, skuli ætíð lögð fyrir

næsta þing á eftir. Hvernig hefur nú þetta ákvæði stjórnarskrárinnar verið framkvæmt, og hvaða hefð hefur skapazt þar um, — eða er nokkur hefð í þessu máli? Það mun hafa verið nokkurn veginn algild regla hjá öllum ríkisstj. að leggja fram brbl., sem út hafa verið gefin á milli þinga, á fyrstu dögum þingsins eða fljótlega eftir að þingið hefur lokið við kosningu forseta og kosið í nefndir og yfirleitt komið sér á laggirnar. En nú bregður svo við, að brbl. um landbúnaðarafurðir, sem út voru gefin 18. sept. 1959 í Vatnsdal af forseta Íslands og að tilhlutan þáv. landbrh. og gilda aðeins til 15. des. n. k., voru ekki lögð fram fyrr en nú í gær, og bendir allt til þess, að það sé ekki meiningin, að þau verði afgr. nú fyrir þingfrestun. Það er ekki óeðlilegt, þótt menn velti því fyrir sér, hvernig á því standi og hver sé meiningin hjá núv. hæstv. landbrh. með slíku háttalagi.

Allar líkur benda til þess, að brbl. hafi verið gefin út á móti vilja mikils meiri hl. þáv. alþingismanna. Formenn tveggja þingflokka, Framsfl. og Alþb., kröfðust þess með bréfi af hæstv. þáv. forsrh., að Alþingi yrði þá þegar kallað saman, svo að alþingismönnum gæfist kostur á því að láta í ljós á Alþingi skoðun sína á viðkvæmu deilumáli, sem upp hafði komið á milli fulltrúa neytenda og framleiðenda um söluverð landbúnaðarafurða og var forsenda fyrir útgáfu brbl. Miðstjórn Sjálfstfl. gaf út 22. sept. s. l. svo hljóðandi yfirlýsingu í sambandi við útgáfu bráðabirgðalaganna og í sambandi við blaðaskrif, sem orðið höfðu aðallega á milli Morgunblaðsins og dagblaðsins Tímans. Þar segir svo: „Að gefnu tilefni í yfirlýsingu miðstjórnar Framsóknarflokksins, sem lesin var í útvarpinu í fyrrakvöld, ítrekar miðstjórn Sjálfstfl. það, sem fram kom í samþykkt hennar og þingflokks Sjálfstfl. hinn 18. þ. m., að Sjálfstfl. lýsti sig þegar í stað andvígan setningu bráðabirgðalaganna um ákvörðun verðlags landbúnaðarafurða og mun þess vegna ekki styðja þau á Alþingi, heldur leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum."

Hér er ekkert um að villast. Sjálfstfl. lýsti sig ósammála setningu brbl. Brbl. voru því sett á móti vilja mikils meiri hl. alþm. og því full ástæða til, að þing væri kallað saman til umræðu um málið og afgreiðslu þess á þinglegan hátt.

Bréfum formanna þingflokks Alþb. og þingflokks Framsfl. svaraði þáv. forsrh. með því að hafna kröfu fyrrnefndra flokka um að kalla Alþingi saman og taldi það óþarft og þýðingarlaust. Ég mun ekki nú ræða frekar um svar þáv. hæstv. forsrh. Til þess mun máske gefast tækifæri síðar. Ég vil þó benda á, að í svarinu ber á nokkuð miklu flokkslegu yfirlæti, þegar það er haft í huga, að á bak við brbl., að því er virðist, hafi ekki staðið nema þingflokkur Alþfl., sex þm.

Hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. hafa báðir í ræðum sínum hér á Alþingi lýst því yfir, að brbl. mundu verða lögð fyrir Alþingi og það sé ekki verið að fara inn á neinar nýjar leiðir, þó að þau séu ekki lögð fram fyrstu daga þingsins.

Hv. 1. þm. Austf. sagði í þingræðu næstsíðasta fimmtudag, að það hefði verið venja yfirleitt, þó máske ekki undantekningarlaus, að brbl. væru lögð fram, undireins og Alþingi kæmi saman, enda væri það vitanlega það, sem ætlazt er til. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar ætti að vera til þess að tryggja, að það séu engin lög í gildi, eftir að Alþingi hefur komið saman, önnur en þau, sem þar eru samþykkt.

Hér er verið að deila um mál, sem ætti að vera mjög auðvelt að fá hið sanna fram í. Þingtíðindin liggja fyrir, enn fremur allar gerðabækur Alþingis, og í þeim er hægt að sjá, hvor reglan er algengari á Alþingi, að leggja brbl. strax fram í þingbyrjun eða fljótlega, eins og stjórnarandstaðan hefur farið fram á, að nú verði gert, eða þá hitt, að þau hafi ekki verið lögð fram fyrr en liðið hefur verið allmikið á þingtímann. Skrifstofa Alþingis getur að sjálfsögðu gefið alveg fullnægjandi upplýsingar hér um.

Hæstv. ríkisstj. telur sig engan eða a. m. k. lítinn starfsfrið hafa, ef Alþingi sé látið halda áfram störfum. Þessi skoðun hæstv. ríkisstj. er í hæsta máta einkennileg. Um það verður tæplega deilt, að þingmenn eru kosnir til þess að ráða fram úr og leiða til lykta vandamál, sem eru á dagskrá í það og það skiptið. Það eru engir aðrir, sem hafa umboð til slíks starfs. Þeirra verkefni eru sömuleiðis þau að semja og flytja frv. um hin ýmsu mál, sem að þeirra dómi og íbúa þeirra staða og héraða, sem þeir eru fulltrúar fyrir, eru aðkallandi og verða ekki leyst, nema til komi sérstök löggjöf og bein eða óbein aðstoð og fyrirgreiðsla hins opinbera. Með því að senda Alþingi heim um tveggja mánaða tíma er alþingismönnum fyrirmunað að geta komið á framfæri skoðunum sínum á hinum ýmsu aðkallandi málum nema að mjög takmörkuðu leyti. T. d. er nú búið að leggja fram fjölda mála, fjölda þáltill., og það mun vera ákveðið, að engin þeirra hljóti afgreiðslu nú fyrir þingfrestun.

Það er beinlínis óvirðing gagnvart Alþingi og hinum nýkjörnu alþingismönnum að senda þá heim eftir rúmrar viku þingsetu. Alþingi var kallað saman 40 dögum síðar en áður hefur verið venja. Að undanförnu hefur Alþingi verið kvatt saman 10. okt., en nú 20. nóv. Það hefði því mátt ætla, að ekki hefði veitt af tímanum til jóla til að undirbúa og ræða hin ýmsu mál, sem óhjákvæmilega hljóta að bíða úrlausnar. En í staðinn fyrir að slíkt sé gert, leggur hæstv. ríkisstj. til, að Alþingi sé frestað um allt að tveggja mánaða skeið, og ber fyrir sig, að sérfræðingum hennar hafi ekki unnizt tími til að ganga frá till. sínum í efnahagsmálum, og fleira þess háttar. Það er nú mál út af fyrir sig, þetta með sérfræðingana. Almenningur í landinu hefur áður fyrr fengið að sjá framan í og kynnast þeirra till. og ráðleggingum og ekki talið hag sínum betur borgið eftir en áður, nema síður sé.

Ekki hafa þessir „sérfræðingar" innan

gæsalappa verið kjörnir af þjóðinni til slíkra starfa. Aftur á móti hafa alþingismennirnir verið kjörnir til að ráða málum þjóðarinnar á Alþingi til lykta eftir venjulegum þingræðisreglum.

Í sambandi við þessi nýju bjargráð ríkisstjórnarinnar verður ekki hjá því komizt að ályktа, að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki um neitt samið sín á milli nema um skiptingu ráðherraembættanna. Það er mál út af fyrir sig og sjálfsagt stórmál í þeirra augum, hvernig ráðherraembættunum er skipt og hverjir hljóta hnossið í það og það skiptið. En það er bara ekki einhlítt. Það þarf meira til.

Sjálfstfl. hefur talið og telur enn, að hann sé sá flokkurinn, sem hafi bezta aðstöðu og mestu og beztu möguleikana til þess að stjórna þessu landi. En meiri hl. kjósendanna í landinu, sem Sjálfstfl. verður að hlíta eins og aðrir, er á allt annarri skoðun. Þrátt fyrir hinn æðisgengna áróður, sem Sjálfstfl. hefur rekið undanfarin ár fyrir því að fá þingmeirihluta á Alþingi, er mjög fjarri því og engar minnstu líkur til þess, að þessum flokki auðmannastéttarinnar takist að ná meiri hluta á Alþingi Íslendinga. Hitt er aftur á móti staðreynd, að Sjálfstfl. hefur nú tekizt að fá Alþfl. til fylgilags við sig. Ekki verður Alþfl. öfundsverður að mínum dómi af því samstarfi, og ekki er það ótrúlegt, að sumum þeim kjósendum, sem kosið hafa Alþfl. í þeirri góðu trú, að hann væri vinstri flokkur, hafi brugðið ónotalega við, þegar þeir fréttu um hið nýja stjórnarsamstarf.

Annars virðist það hafa verið eitt af aðalbaráttumálum Alþfl. nú um mörg undanfarin ár að vera í ríkisstj. og að flokkurinn hafi ekki talið og telji ekki skipta neinu verulegu máli, með hverjum hann er í stjórn. Þetta er náttúrlega baráttumál út af fyrir sig, og verður því Alþfl. ekki um það sakaður að hafa ekki mál til að berjast fyrir. Annars má benda á það, að Alþfl. er á margan hátt verðugur þess trausts, sem Sjálfstfl. hefur sýnt honum með því að fá hann í ríkisstjórnina.

Alþfl. vann það þrekvirki á s. l. vetri, vitanlega með stuðningi Sjálfstfl. og vel að merkja með hlutleysi Framsfl., að lækka allt kaupgjald í landinu um 13.4%, auk þess að hækkaðar voru allar uppbætur til atvinnurekenda um marga tugi milljóna frá því, sem áður hafði verið, og þótti þó mörgum, að áður hefði verið fullmikið að gert í þeim málum. Það er sannarlega ekki ónýtt fyrir atvinnurekendastéttina, að til skuli vera slíkur verkalýðsflokkur í landi voru sem Alþfl. Og nú krefst þessi ágæti flokkur, Alþfl., ásamt Sjálfstfl., að Alþingi sé frestað og þingmenn reknir heim sem rakkar, svo að hæstv. ríkisstjórn þessara flokka gefist nægur tími til að athuga málin í ró og næði ásamt hinum margumtöluðu sérfræðingum sínum, eins og það er orðað.

Skrif stjórnarblaðanna um þingfrestunina eru mjög athyglisverð. Dagblaðið Vísir, annað aðalmálgagn Sjálfstfl. hér í bæ, segir næstsíðasta föstudag: „Alþingi er frestað.“ Blaðið þurfti ekki að bíða eftir, að Alþ. væri frestað. Því var bara frestað, segir Vísir. Síðan er reyndar liðið á aðra viku: „Ákveðið mun hafa verið að fresta Alþingi fram yfir áramót. Frestun þessi mun hafa verið gerð vegna þess, að undirbúningur undir tillögur til úrbóta í efnahagsmálum þjóðarinnar mun taka nokkurn tíma. Sérfræðingar vinna nú að því að rannsaka ástandið og finna leiðir til úrbóta. Á meðan á þessum rannsóknum stendur og undirbúningi undir framkvæmdir til úrbóta, sýnist ástæðulaust, að Alþingi bíði aðgerðalaust fram yfir áramót, en það munar ríkið um 800—900 þús. kr. í útgjöldum.“ — Menn taki eftir því, að þetta stóð í blaðinu fyrir rúmri viku. — „Heimild hefur verið veitt ríkisstj. til að inna af hendi bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði fyrstu mánuði næsta árs, en það er venjan, ef afgreiðslu fjárlaga lýkur ekki fyrir áramót. Líklegt er, að tillagan um þingfrestun verði lögð fram í dag.“

Þetta sagði dagblaðið Vísir næstsíðasta föstudag.

Ýmislegt er það í þessum skrifum, sem athugavert er, og fæst af því er satt. Engin heimild hefur verið veitt ríkisstj. til að inna af hendi bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði fyrr en á þingfundi í gærkvöld. Ég efast um, að það sé búið að undirskrifa þau lög af forseta Íslands enn þá. Þá segir blaðið um sparnaðinn, að með þingfrestuninni sé hægt að spara 800—900 þús. kr. Þetta sparnaðarhjal er því miður algerlega út í loftið og getur engan veginn staðizt, nema lög verði brotin á þingmönnum, en ekki er ástæða til að ætla, að slíkt verði gert. Það, að þingið verði aðgerðalaust fram yfir áramót, er líka fjarstæða, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á. Fjöldi frv. og þáltill. frá einstökum þingmönnum er þegar fram kominn og bíður afgreiðslu á þingi og í þingnefndum. Sjálfsagt á þó eftir að koma fram mikið af frv. og þáltill. enn þá. Skrif allra stjórnarblaðanna um fyrirhugaða þingfrestun eru vægast sagt óviðurkvæmileg. Það er Alþingi sjálft, sem ákveður það, hvort Alþ. skuli frestað og þá hvenær, en það er ekki fólk, sem stendur utan Alþingis, sem þar á neitt um að segja og getur ekki neitt þar um ákveðið.

Eins og venja var og hefur verið, var fjárlagafrv. fyrir árið 1960 lagt fram í þingbyrjun. Samkvæmt þingsköpum skal fram fara útvarpsumræða um frv. við 1. umr., og hafa þær umr. farið fram snemma á þingunum og að þeim umr. loknum hefur frv. verið vísað til 2. umr. og fjvn. Með því að fresta fundum Alþingis um tveggja mánaða tíma án þess að ljúka 1. umr. um fjárlögin er fjvn. gerð óvirk um langan tíma. Ekki getur fjvn. farið að vinna að fjárlögum, fyrr en frv. hefur verið vísað til hennar. Það er því alger fjarstæða, sem stjórnarblaðið hefur haldið fram, að fjvn. muni fara að vinna að fjárlögum og halda því starfi áfram, eftir að Alþ. hefur verið frestað. Fjvn. er með þingfrestuninni svipt öllum möguleikum til þess að geta unnið að fjárl., af þeirri einföldu ástæðu, að engu frv. til fjárlaga hefur verið til hennar vísað, enda sagði

hæstv. dómsmrh. í ræðu s. l. laugardagskvöld, að það fjárlagafrv., sem lagt hefði verið fram, væri ekki samið af núv. fjmrh., heldur af fyrrv. fjmrh., og gaf þar með fullkomlega í skyn, að á frv. þyrfti að gera allvíðtækar breytingar. Þessi yfirlýsing hæstv. dómsmrh. kom víst fáum á óvart, eins og allt var í pottinn búið. Þetta hefur komið miklu skýrara fram og ákveðnara hjá hæstv. fjmrh., því að hann hefur lýst því yfir, að það sé meining hæstv. ríkisstj. að innleiða hér alveg nýtt og áður óþekkt efnahagskerfi, þá þurfi vitanlega út frá þeim forsendum að umsemja fjárlagafrv. algerlega frá því, sem það er nú. Þá veit maður það. Það, sem er einkennandi við hæstv. ríkisstj., er það, að hún hefur ekki enn sem komið er komið sér saman um eitt einasta mál. Allt er á huldu um það, hvað gera skuli.

Viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. er slíkur, að stuðningsflokkur stjórnarinnar eða aðalstjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., stendur ráðþrota frammi fyrir örðugleikunum og setur nú allar vonir sínar á till. sérfræðinganna. Sjálf telur ríkisstj. sig þess ekki umkomna að leysa vandann. Hennar eina úrræði, svo að vitað sé, fram til þessa dags er að leggja til, að fundum Alþingis verði frestað um tveggja mánaða skeið, skjóta öllum málum á frest og senda þingmenn heim og þá máske — og ég segi máske — að stjórna landinu með brbl. að meira eða minna leyti. Með slíkum aðferðum er farið inn á áður algerlega óþekktar starfsaðferðir. Með slíku háttalagi er gengið á hinn freklegasta hátt á rétt Alþingis, sem er ekki hægt að láta óátalið og alþingismönnum ber að mótmæla. Enginn alþm. getur sóma síns vegna látið reka sig af þingi, á sama tíma og verið er að fjalla um hin afdrifaríkustu vandamál þjóðfélagsins. Alþm. geta ekki skotið sér undan vandanum. Það er þeirra og engra annarra að finna út raunhæfar leiðir til úrbóta. Til þess hafa þeir verið kosnir, og það er það, sem af þeim verður og hefur verið krafizt, að þeir geri. Að sjálfsögðu eru hinir ýmsu sérfræðingar mætir menn og þá líka þeir, sem ríkisstj. hefur nú falið að leysa allan vandann. En að alþingismenn geti nú hlaupið frá málunum í trausti þess, að aðrir leysi vandann fyrir þá, það er herfilegur misskilningur. Það er verk, sem Alþingi sjálft verður að leysa.

Í umræðum hér á Alþingi, í blöðum og manna á milli er mikið að því gert að mála efnahagsástandið með sem dekkstum lit. Hámark þessa áróðurs kom fram í ræðum flestra þeirra manna, sem ræður fluttu 1. desember. Rétt er þó að undanskilja einn af ræðumönnum sérstaklega, Jón Pálmason fyrrv. forseta Alþingis. Ég mun ekki hér gera ræður þeirra manna, sem fluttu alþjóð boðskap sinn, að sérstöku umræðuefni. Í sjálfu sér kom þar fátt nýtt fram. Flest það, sem þar var sagt, var lítið annað en endurtekning á þeim hrunsöng, sem sunginn hefur verið nú um langan tíma, að viðbættum nokkrum kröfum um, að nauðsyn bæri til að skerða lífskjörin, svo sem með gengisfellingu, stórtakmarkaðri fjárfestingu, draga úr útlánum bankanna, engar ríkisábyrgðir veittar, minnkandi húsnæðisbyggingum, minnkandi ræktun og fleiru þess háttar. Boðaðar voru auk þess aðgerðir til að koma í veg fyrir grunnkaupshækkanir. Sá boðskapur, sem hinn nýi ráðuneytisstjóri flutti þjóðinni 1. des., var lítið annað en aukin og endurbætt útgáfa af ræðu framkvæmdastjóra Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, en sá heiðursmaður sýndi þá háttvísi að hafa í hótunum við ríkisstj. og Alþ., ef ekki yrði breytt um stefnu, þannig að Íslendingar samræmdu allar aðgerðir sínar í efnahagsmálum að óskum og kröfum erlendra aðila og þá vitanlega fyrst og fremst eftir óskum Bandaríkjanna. Ýmislegt athyglisvert kom fram í boðskap hins erlenda sérfræðings. Hann taldi það t. d. merkilegt fyrirbæri, að Íslendingar skyldu vera að rækta kartöflur með ævintýralegum kostnaði. Hann gat alveg eins sagt, að það væri jafnmikil fjarstæða, að bændur landsins væru að rækta gras. Finnst nú mönnum ekki, að nauðsyn beri til að fá fleiri slíka sérfræðinga hingað til lands til þess að kenna Íslendingum fræði sín?

En þá er spursmálið þetta: Er ástandið í efnahagsmálunum eins alvarlegt og þessir hrun- og svartsýnispostular vilja vera láta? Eru allir okkar framleiðsluvegir á hvínandi hausnum? Er kaupgjald sjómanna og landverkafólks of hátt? Er of vel búið að bændastétt landsins? Og þannig mætti lengi telja. Ég held, að þessum spurningum sé að mestu leyti hægt að svara neitandi. Ekki svo að skilja, að vissir örðugleikar séu ekki fyrir hendi. Það var t. d. ófögur lýsing, sem hæstv. forsrh. gaf á Varðarfundi nú fyrir skemmstu, þar sem hann tilkynnti, að ríkissjóð og útflutningssjóð vantaði hvorki meira né minna en 250 millj. kr., til þess að hægt væri að standa við gefnar skuldbindingar. Þetta eru út af fyrir sig slæmar fréttir, sem fáum munu þó hafa komið á óvart. En í sambandi við þetta er rétt að lesa hér upp svolitla athugasemd, sem er í fjárlagafrv. fyrir árið 1960. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er bezt verður séð, munu tekjur ríkissjóðs á árinu 1959 fara talsvert fram úr áætlun fjárlaga. Eru það einkum tekju- og eignarskatturinn, stimpilgjöld og tekjur ríkisstofnana, sem virðast ætla að gefa betri raun en ráð hafði verið fyrir gert. Þrátt fyrir tilraunir ríkisstj. til að draga úr umframgreiðslum, munu útgjöldin hins vegar fara nokkuð fram úr áætlun. Er því ekki hægt að búast við greiðsluafgangi hjá ríkissjóði, en aftur á móti ekki ástæða til að óttast greiðsluhalla á yfirstandandi ári.“

Að sjálfsögðu hef ég enga ástæðu til þess að gera upp á milli þess, hvor það er, hæstv. forsrh. eða hæstv. fyrrv. fjmrh., sem segir satt. Óneitanlega hefði verið eðlilegra, að hæstv. forsrh. hefði, áður en hann opinberaði Varðarfélögunum þessar staðreyndir sínar, verið búinn að skýra Alþingi frá þessum uppgötvunum, eins og hann hafði lýst yfir á fyrsta fundi þessa Alþ. að hann mundi gera.

Hvað sem því hefur valdið, hafa hæstv. forsrh. og meðráðherrar hans forðazt að skýra Alþ. öllu frá því, sem þessum málum við kemur. Í kosningunum í haust var því haldið fram af andstæðingum þáv. ríkisstjórnar, að fjármálaástandið væri á annan veg en ríkisstj. vildi vera láta. Ráðherrar Alþfl. og málgagn Alþfl., Alþýðublaðið, lýsti því margsinnis yfir, að allt skraf andstæðinga ríkisstj. væri fleipur eitt, allt væri í bezta lagi, staðið hefði verið við allar skuldbindingar ríkisins og útflutningssjóðs og útséð væri, að allt yrði í lagi fram yfir næstu áramót. Menn tóku þessum fullyrðingum Alþfl. með varasemi, og jafnvel Morgunbl., annað aðalmálgagn fyrrv. ríkisstj., varaði við of mikilli bjartsýni í þessum málum. En Alþýðubl. og ráðherrar Alþfl. voru hinir hreyknustu yfir afreksverkum sínum og töldu allar aðfinnslur og aðvaranir beina árás á þáv. ríkisstjórn. Séu þessar upplýsingar núv. hæstv. forsrh. á rökum reistar, er fjármálaútlitið allt annað en glæsilegt. Um þetta er sjálfsagt ekkert hægt að fullyrða, fyrr en frekari upplýsingar fást, en jafnvel þótt gengið sé út frá, að upplýsingar hæstv. forsrh. séu eitthvað nálægt raunveruleikanum, er þessi halli þó ekki meiri en búast mátti við, eins og allt var í pottinn búið, og þennan vanda er hægt að leysa með sameiginlegu átaki, ef rétt og skynsamlega væri á málunum haldið.

Um framleiðsluna er það að segja, að atvinnuvegir okkar eru ekki verr á vegi staddir nú en áður, — síður en svo. Fiskiskipastóll okkar fer ört vaxandi. Öll okkar framleiðsla er seld á hagstæðu verði eða meiri hluti hennar a. m. k., jafnvel hagstæðara verði en hjá sumum öðrum þjóðum. Með aukningu fiskiskipastólsins skapast stórauknir möguleikar til vaxandi framleiðslu, sem að sjálfsögðu mundi auka gjaldeyristekjur okkar að miklum mun. Byggð hafa verið í landi stór og fullkomin fiskiðjuver, sem skilað hafa margra millj. kr. tekjuafgangi. Kaupskipastóll okkar heldur áfram að vaxa. Flugvélafloti okkar eykur starfsemi sína hröðum skrefum með hinum ágætasta árangri. Nýjar og fullkomnar raforkustöðvar hafa verið reistar. Nýjar raflínur hafa verið lagðar um fjölmargar byggðir landsins. Jarðræktarframkvæmdir hafa aldrei verið meiri en nú síðustu árin. Byggingar í sveitum og bæjum eru mjög miklar. Og þannig mætti lengi telja.

Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar, þarf engan að undra, þó að Íslendingar hafi safnað skuldum erlendis. Við slíka skuldasöfnun er ekkert að athuga, svo framarlega sem útflutningur og þar með gjaldeyristekjur vaxa í eðlilegu hlutfalli við skuldasöfnunina. Flest bendir til þess, að svo muni verða, a. m. k. í mjög náinni framtíð, ef ekkert sérstakt skeður í sambandi við fiskveiðarnar. Hrunsöngurinn í sambandi við eðlilega skuldasöfnun á því lítinn sem engan rétt á sér.

Þá er sú skoðun, að kaupgjald sjómanna og landverkafólks sé of hátt, hlutur þess af framleiðslunni sé of mikill. Ég fullyrði, að sú skoðun á enga stoð í veruleikanum. Mánaðarkaup verkamanna, sem vinna fyrir Dagsbrúnartaxta, er 4000 kr. á mánuði. Vilja menn í alvöru halda því fram, að slíkt kaupgjald sé einhver ofrausn? Vilja menn halda því fram í alvöru, að þeir menn, sem vinna fyrir slíku kaupgjaldi, búi við of góð kjör og að þetta fólk geti fórnað einhverjum hluta launa sinna? Ég held ekki. Það má vel vera, að það fyrirfinnist menn, og það fyrirfinnast sjálfsagt allmargir menn, sem telja, að allt kaupgjald verkafólks á Íslandi sé of hátt. Við vitum það, sem erum búnir að starfa í verkalýðshreyfingunni í áratugi, að auðmenn og atvinnurekendur hafa í langflestum tilfellum barizt harðvítugri baráttu á móti öllum kjarabótum til handa hinu vinnandi fólki. Íhaldið barðist á sínum tíma móti togaravökulögunum, á móti verkamannabústöðum, á móti alþýðutryggingum, orlofslögum, á móti afnámi hinna illræmdu fátækraflutninga og yfirleitt hefur afturhaldið barizt á móti öllum réttindabótum alþýðunni til handa. Það er því ekkert nýtt, sem nú kemur fram hjá mönnum og flokkum, sem telja, að rýra beri kjör hins vinnandi fólks. Þetta er sami söngurinn sem ætíð og ævinlega hefur verið sunginn við öll hugsanleg tækifæri. Kjör togarasjómanna eru nú ekki betri en það, að mjög erfiðlega gengur að fá íslenzka menn á togarana. Útgerðarmenn heimta að fá að ráða erlenda fiskimenn á skipin. En þeim dettur ekki í hug að bæta kjör hinna íslenzku togarasjómanna, þó að allir viti, að þar í liggur eina lausnin, sem er til bóta í þessum vandræðum. Ástandið, sem nú ríkir í þessum málum, að mörg hundruð erlenda fiskimenn þurfi á skipin, kostar þjóðina tugi millj. kr. í erlendum gjaldeyri árlega.

Þá er ein spurningin enn: Eru kjör bændanna á Íslandi svo góð, að hægt sé að rýra þau frá því, sem nú er? Opinberar skýrslur um hag bænda og tekjur þeirra benda ekki til þess, að slíkt sé hægt. Vitað er, að bændur leggja mjög mikið að sér við bústörfin, og mér finnst lítil sanngirni vera í því, að kjör þeirra verði rýrð frá því, sem nú er, enda engin frambærileg rök fyrir slíku. Nei, allt tal sérfræðinganna og forustumanna stjórnarflokkanna, að fólk hafi hér of há laun, er hreint og beint út í loftið sagt og hefur ekki við nein rök að styðjast. Sízt af öllu á sú kenning við um vinnandi stéttirnar. Hins vegar er það staðreynd, að auðmenn og alls konar braskaralýður lifir í vellystingum pragtuglega á kostnað vinnandi stéttanna, og það er í lífnaðarháttum, óhófseyðslu og braski slíkra aðila ásamt arðráni banka og annarra voldugra aðila í þessu landi, sem orsakanna er að leita fyrir hinni hættulegu verðbólgu.

Sú stefna, sem núverandi stjórnarflokkar virðast ætla að taka í efnahagsmálum þjóðarinnar, er stórhættuleg, og vinnustéttirnar munu ekki sætta sig við hana. Menn ættu að hafa það í huga og þá sérstaklega þeir, sem ætla sér að beita slíkum aðferðum og koma í gegn slíkum aðgerðum í efnahagsmálunum, sem hér hefur verið tæpt á í umr. hjá hæstv. ráðherrum, að verkalýðshreyfingin mun ekki

þegjandi og án baráttu láta ræna sig stórum hluta tekna sinna og þar með rýra lífskjör sín og fjölskyldna sinna stórlega frá því, sem nú er. Menn skulu minnast þess, að verkalýðshreyfingin hefur unnið sína mörgu og glæsilegu sigra í hörðum átökum við auðvald og atvinnurekendavald þessa lands. Hún er þess albúin að verja réttindi sín og sækja fram til nýrra sigra, vitandi það, að öll velmegun þjóðfélagsins hvílir á hennar herðum og að ekkert nútímaþjóðfélag getur staðið stundinni lengur án starfs hins vinnandi manns til sjávar og sveita. Þetta væri mjög hollt fyrir hæstv. ríkisstjórn að leggja sér á minni og haga störfum sínum og stefnu þar eftir.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í því stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, eru ákvæði fimm laga, sem nú eru í gildi. Þeim hefur verið steypt saman í eitt frv. Áður hefur þetta verið þannig um mörg ár, að ár hvert hafa þessi lög verið framlengd um eins árs skeið í senn, og þannig var það einnig nú, að ríkisstj. lagði fram í upphafi þings fimm lagafrv. um þetta efni, shlj. frumvörpum, sem lögð hafa verið fyrir á undanfarandi þingum. En eins og ég hef áður nefnt, gerist það nú, eftir að meðferð þeirra frv. er hafin, að stjórnin steypir þessu saman öllu í eitt frv., og við, sem skipum minni hl. fjhn., teljum þetta óeðlilega og óviðeigandi aðferð við afgreiðslu málanna, eins og fram er tekið í okkar nál. á þskj. 62.

Um þetta talaði hæstv. fjmrh. nú fyrir skömmu og sagði, að það hefði áður komið fyrir, að mörgum lögum væri breytt með einum lögum, og nefndi dæmi um það. Það mun rétt vera. Þess má finna dæmi, og fyrst mun þetta hafa verið upp fundið skömmu eftir 1930. Þá var með einum lögum, sem ég held, að hafi heitið lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, frestað framkvæmd nokkurra laga, sem í gildi voru og höfðu útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Þau lög, sem þar var verið að breyta eða fresta framkvæmd á, voru um málefni, sem heyrðu undir fjmrn., og þegar þetta gerðist eða þessi aðferð var fyrst upp tekin, þá var fjmrh. hér á landi Ásgeir Ásgeirsson, núverandi hæstvirtur forseti Íslands. Þessi lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga voru framlengd fyrir eitt ár í senn um allmörg ár þar á eftir og einnig eftir að sá hæstv. ráðh. lét af fjármálaráðherraembætti. En ég held, að ég muni það rétt, að það sé alllangt liðið, síðan þau lög féllu úr gildi, og þetta hefur ekki verið gert, það hefur ekki verið farið inn á þessa götu alllengi, fyrr en nú að hæstv. stjórn flytur þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Það, sem við í minni hl. fjhn. teljum þó sérstaklega athugavert við þessa meðferð þingmálanna nú, er það, að þetta er einn þátturinn í baráttu stjórnarinnar fyrir því að koma fram þingfrestun nú þegar, vikja þingmönnum frá störfum á Alþ., frá athugun og afgreiðslu margra mála, sem þegar liggja fyrir þingi, og full þörf er á að sinna og afgreiða a. m. k. sum þessara mála, áður en jólahlé hefst. Þetta teljum við, eins og ég hef áður tekið fram, sérstaklega aðfinnsluvert.

ATKVGR.

1.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SI, AGb, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, BGr.

GeirG, GJóh, HÁ, HS, PK, JSk, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EystJ, GH greiddu ekki atkv.

8 þm. (GíslG, GíslJ, KGuðj, LJós, SÁ, BK, EðS, EOl) fjarstaddir.

Brtt. 59 felld með 19:13 atkv.

— 60,1 felld með 20:11 atkv.

— 60,2 felld með 20:13 atkv.

4.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, BGr.

JSk, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EystJ, GH, GeirG, GJóh, HÁ, HS, PK greiddu ekki atkv.

7 þm. (KGuðj, LJós, BK, EðS, EOl, GíslG, GíslJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:11 atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:4 atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði við 2. umr. þessa máls. Ég hafði ásamt 1. þm. Norðurl. v. flutt brtt., við höfðum sameiginlega útbúið nál., hann hafði þá framsögu fyrir því, og ég hef þar engu við að bæta. En hæstv. fjmrh. vildi sérstaklega telja það óþarft, að við hefðum deilt á það sem óviðeigandi, hvernig þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði verið útbúið. Og hann benti á fyrirmynd, sem hann hefði haft að þessu og ég hafði raunar í alllangri og ýtarlegri ræðu, sem hann því miður hlustaði ekki á, einmitt nefnt þessa fyrirmynd. Fyrirmyndin var sem sagt bandormurinn frá árinu 1939—1940, sem framlengdur var svo síðan. Og ég benti einmitt sérstaklega á, að það væri ills viti, þegar þessi hæstv. ríkisstj. byrjaði með því að taka upp slíka hætti, sem ég taldi að aðeins hefðu verið framdir tvisvar sinnum áður, 1939 með bandorminum og svo aftur 1948 með höggorminum, þannig að það væri ekki skemmtilegt að fara að taka upp aftur þessa ormasýki hér á Alþingi, enda hefði þetta alltaf verið sá ills viti, að það hefði verið inngangur að afturhaldstímabili, sem þá hefði verið að byrja. Ég held sem sé, að það sé ákaflega óheppilegt fyrir hæstv. fjmrh., nýjan í sinni stöðu, að vitna nú einmitt í það, sem verst var og afturhaldssamast í gömlu þjóðstjórninni, sér til fyrirmyndar. Það lofar engu góðu um, hvernig framhaldið verði, þegar svona er byrjað. Ill var þín fyrsta ganga, var einu sinni sagt, og hann má athuga það alvarlega. Það er ekki seinna vænna að gá nú

að, fyrst honum varð á að fara sérstaklega að vitna í þetta.

Svo var hann að tala um hitt, að það væri eiginlega ekki nema sjálfsagt að flækja þessu öllu saman. En mér finnst það ekki rétt af gömlum lagaprófessor að leggja sig sérstaklega fram um það að reyna að flækja lögin fyrir almenningi. Slíkir menn eiga heldur að hjálpa til að gera þau sem skýrust og aðgengilegust. Slæmar voru framlengingarnar, eins og þær voru, eins og ég benti sérstaklega á viðvíkjandi 4. gr. þessara laga, söluskattinum, þar sem var verið að framlengja III. kafla í lögum, sem annars hefðu fallið úr gildi, og raunar var verið að framlengja bara ákvæðið um tekjuöflun í þeim kafla, þannig að það hefði einmitt verið rétt að fara að gera þessi lög skýrari, en ekki að reyna að flækja þau meira fyrir almenningi en þegar er, því að full þörf er á, að lagasmíði Alþingis sé þannig, að alþýða manna eigi sem auðveldast með að skilja hana, en þurfi ekki sprenglærða og oft og tíðum dýra lögfræðinga til þess að klóra sig fram úr, hvað sé lög og réttur í landinu.

Ég veit ekki, hvort hæstv. landbrh. hefur flutt hæstv. fjmrh. það, sem ég ætlaðist alveg sérstaklega til þess að hann fengi að vita úr ræðu minni kvöldið góða, þegar hann var fjarverandi, en það var nokkuð mikið um söluskattinn og sérstaklega um þann þátt, sem kom okkur báðum við, hæstv. fjmrh. og mér, sem stjórnendum í Sogsvirkjuninni. Ég held, að ég verði örstutt að minna hæstv. fjmrh. á, fyrst hann er nú kominn í nýja stöðu og er ekki bara formaður Sogsvirkjunarinnar lengur, að nú hefur hann aðstöðu til þess að laga þá hringavitleysu, sem verið hefur undanfarið með þessi mál. Eins og hann veit, hefur það opinbera fyrirtæki, Sogsvirkjunin, eins og raunar áburðarverksmiðjan áður og Sogsvirkjunin raunar einu sinni fyrr, orðið að greiða núna, einmitt sú Sogsvirkjun, sem nú er að klárast, upp undir 30 millj. kr. í söluskatt og aðra slíka skatta til ríkisins og orðið að fá lán hjá ríkisbankanum, hjá Seðlabankanum, til þess að geta greitt þetta. Og nú þessa dagana stöndum við einmitt í því, hann sem formaður Sogsvirkjunarinnar og ég sem einn af meðlimum þar, að undirskrifa skuldabréfin fyrir þetta, og við höfum það þess vegna alveg svart á hvítu, hvað þetta kostar okkur. Við verðum sem sagt að undirskrifa skuldabréf upp á 36 millj. kr. Það þýðir, að við verðum að borga, Sogsvirkjunin, 6 millj. kr. fyrir að fá að láni 30 millj. kr. hjá ríkisbanka til að borga ríkissjóði söluskatt, sem enginn þessara aðila hefur neitt gagn af. Ríkið og Reykjavíkurbær borga, og ríkið fær það, og það eina, sem gerist svo, er, að við verðum að borga 6 millj. fyrir einn hluta ríkisins, borga öðrum hluta 6 millj. kr. fyrir að framkvæma þessa hringavitleysu. Og það, sem hefst svo upp úr því, er, að rafmagnið verður dýrara, að visitölubréf eru gefin út, og á þennan hátt er svo verið að hlaða þarna ofan á e. t. v. Þegar á að fara að borga þessi bréf, þá eru það ekki 36 millj., þá eru það kannske 37, 38, — við vitum ekki hvað, — það fer eftir því, hve mikla gengislækkun m. a. hæstv. fjmrh. leggur í og hve mikla rafmagnshækkun bæjarstjórnin í Reykjavík samþykkir. En svona ráðstöfun, hvað er hún? Hún er ekkert annað en verðbólguráðstöfun, ekki nokkur skapaður hlutur annar. Ég hef gagnrýnt þetta, frá því að þetta var fyrst gert í sambandi við Sogsvirkjunina, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu saman um það. Ég gagnrýndi þetta í sambandi við áburðarverksmiðjuna. Og ég vil alvarlega skjóta því til hæstv. fjmrh. að láta nú ekki þessa hluti endurtaka sig lengur, að það sé lagður söluskattur á fyrirtæki, sem ríkið er að koma upp, vélarnar til Sogsvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar. Það nær ekki nokkurri átt. Það er hægt að reyna að verja svona hluti, ef um er að ræða, að ríkið sé að koma upp fyrirtækjum, sem eru til þess að keppa við einstaklinga, vilji maður segja: Við skulum ekki gera ríkisfyrirtækjunum hærra undir höfði en einstaklingum, ef verið er að reisa t. d. járnsmiðju eða eitthvað svoleiðis. En það er óverjandi, þegar verið er að koma upp fyrirtækjum, sem eru einsdæmi í sinni röð, þegar ríkið svo að segja hefur einokunina, sem ekkert annað fyrirtæki í landinu leggur út í, eins og áburðarverksmiðju eða Sogsvirkjun, fyrirtæki, sem eru þjónustufyrirtæki í landinu, fyrirtæki, sem mundu, ef svona skattur er lagður á þau, bara velta honum yfir á almenning lögum samkvæmt. Allt, sem heitir söluskattur á áburðarverksmiðjuna, þýðir dýrari áburð í landinu. Allt, sem heitir söluskattur á Sogsvirkjunina, þýðir bara dýrara rafmagn í landinu, dýrara rafmagn fyrir allan iðnaðinn, fyrir neytendurna. Þetta er ein hringavitleysa. Þó að Sjálfstfl. og Framsfl. hafi á sínum tíma þótt gott að taka þetta upp, þá er það hrein hringavitleysa, og því á að hætta. Það er kannske hægt að reyna að verja þetta með einu einasta atriði, þó að það hafi aldrei verið notað, sem sé því, að Reykjavíkurbær hefur átt helminginn af Sogsvirkjuninni. Þá gat kannske ríkið náð sér ofur lítið niðri á Reykjavíkurbæ með þessu. Og mér hefði fundizt, að hæstv. fjmrh., sem þá var þm. Reykv., eins og hann er enn þá, eins og ég, meira að segja borgarstjóri í Reykjavík, hann hefði átt að standa með mér þá í slagnum á móti þessu, sem hann aldrei því miður hefur gert. Nú aftur á móti veit ég, þegar farið er að hugsa til næstu virkjunar í þessum efnum, — e. t. v. verður það ríkið eitt, sem framkvæmir hana, en jafnvel þó að Reykjavíkurbær taki þar þátt í því, sem ég álít að mörgu leyti heppilegt, — þá fær a. m. k. vitleysan að komast í algleyming, ef ríkið færi eitt að ráðast í stórvirkjun, kannske 100 þús. hestafla virkjun eða 100 þús. kw. virkjun, og það ætti að leggja skatt á allar vélarnar, sem ríkið þyrfti í þetta, og það ætti, ef það væri kannske 100 þús. kw. virkjun, að taka af ríkinu yfir 100 millj. kr. söluskatt af vélunum til slíkrar stórvirkjunar og gera erfiðara fyrir um að afla lánsfjár í sambandi við það og dýrara á eftir. Þá sér hver maður, hvílík hringavitleysa slíkt er orðið. Og ég vildi

nú, af því að ég ætla ekki að fara að lengja neitt umræður um þessi mál hér, vonast til þess, að annaðhvort lesi hæstv. fjmrh. mína löngu og ýtarlegu ræðu frá því um nóttina, sem hann hefði gott af að stúdera dálítið, en hann missti af þá, eða þá hæstv. landbrh. segi honum gullkornin úr henni. Ætla ég ekki að fara að rekja þetta hér frekar, en aðeins að benda honum á þetta til þess að sýna fram á, hve nauðsynlegt það sé fyrir hæstv. ríkisstjórn að hlusta á þá gagnrýni, sem stjórnarandstaðan á hverjum tíma flytur, — þær ábendingar, sem til góðs mega verða. Það var hægt að spara þarna 6—7 millj., og jafnvel minna hefur þótt sparnaður, þannig að þessa hluti hefði sannarlega átt að athuga betur, áður en þetta var lagt fram.

Ég ætla ekki að fara hér inn á að endurtaka það, sem ég sagði viðvíkjandi þeim hættum, sem yfir vofðu í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem verið væri að undirbúa að gera, en vildi aðeins skjóta því enn einu sinni til hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. að athuga sinn hlut alvarlega, ráðgast ekki aðeins við sitt lið, heldur einnig við stjórnarandstöðuna, áður en gripið yrði til þeirra óafturkallanlegu óyndisúrræða að fara að fella gengið, valda þar með stórkostlegri dýrtíð hjá almenningi, eyðileggja traust manna á efnahag ríkisins og landsins, lækka stórkostlega launin hjá almenningi í landinu, valda þannig harðvítugum átökum í þjóðfélaginu og með öllu þessu stofna í hættu því ástandi, sem skapað hefur verið, að menn hefðu sæmilega örugga atvinnu við að búa og gætu lifað við lífskjör, sem meira að segja ráðherrar þessarar ríkisstj. hafa verið stoltir af. Ég vil alvarlega skjóta því til hæstv. ríkisstj., áður en hún grípur til ráða, sem ekki er hægt að bæta úr síðar, að ræða við stjórnarandstöðuna ekki síður en sína eigin þingmenn og ræða við hana áður en hún er búin að taka sínar endanlegu ákvarðanir, því að það veit maður, að jafnvel þó að hún taki vitlausar ákvarðanir, ef hún einu sinni er búin að gera það, þá verður erfitt í þeim deilum, sem fram fara á Alþingi, að koma vitinu fyrir hana á eftir. Þá er það metnaðurinn, sem hindrar hana í því. En meðan hún er ekki búin að móta sína stefnu endanlega, hefur hún möguleika til að gera þarna gott verk í staðinn fyrir illt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. gerði söluskattinn mjög að umtalsefni og minnti þar á söluskattinn af Sogsvirkjuninni, sem við þekkjum báðir mjög vel til.

Ég vil taka það fyrst fram, að ég minntist einmitt á það fyrr í þessum umræðum, við 2. umr. um þetta mál, að ég teldi, að söluskatturinn væri gallaður á marga lund og að hann yrði nú frá grunni endurskoðaður og yrði að sjálfsögðu unnið að því í þinghléinu. Ég nefndi þar dæmi, eins og raunar fleiri gerðu í þeim umr., að söluskatturinn þyrfti vissulega endurskoðunar við. En ef söluskatturinn er svona óskaplega ranglátur — og ekki aðeins ranglátur, heldur vitlaus, ein hringavitleysa, eins og hv. þm. orðaði það, þá kemur mér eitt dálítið undarlega fyrir sjónir. Mig minnir nefnilega, að hér hafi verið ríkisstj. að völdum í tæp þrjú ár, svokölluð vinstri stjórn, og þar hafi stærsti stjórnarflokkurinn verið flokkur, sem þessi hv. þm. er formaður fyrir, og að mesta bjargráð í tíð þeirrar stjórnar hafi verið gert vorið 1958 og þá hafi eitt atriði í þessum bjargráðum ekki verið það að lækka, hvað þá afnema söluskattinn, heldur stórhækka hann. Þess vegna get ég ekki varizt þeirri hugsun, að eitthvað sé einkennilegt við hugsanagang þessa hv. þm., þegar hann annars vegar lýsir söluskattinum sem tómri hringavitleysu, en hins vegar á sinn þátt í því sem formaður stærsta stjórnarflokksins á sínum tíma að stórhækka söluskattinn.

Að öðru leyti skal ég segja hv. þm. það, að vitanlega verður ekkert bundið eða ákveðið um aðgerðir í efnahagsmálum, þegar þingið kemur aftur saman.

Það, sem hér er um að ræða, er eingöngu það, að ríkisstj. mun í samráði við ráðunauta sína undirbúa málin. Vitanlega er það svo undir ákvörðun Alþingis komið, hvað gert verður. Ég skal líka taka það fram, að ég er á gagnstæðri skoðun við hann um það, að hagfræðingar hafi alltaf rangt fyrir sér. Það er meginskoðun hv. 3. þm. Reykv. Ég er á hinn bóginn á þeirri skoðun, að það sé sjálfsagt fyrir okkur að nota sérþekkinguna, hvort sem það eru hagfræðingar, verkfræðingar eða aðrir, sem í hlut eiga, að nota sér sérfræðina og sérþekkinguna út í yztu æsar. Þar með er auðvitað ekki sagt, að við alþm. eigum að samþykkja allt saman óathugað og ómelt, sem frá sérfræðingunum kemur. Vitanlega verðum við, og það á að vera að sjálfsögðu okkar regla, að þegar leitað hefur verið álits sérfræðinga og ráðunauta, þá taka alþm. þessi mál til athugunar og verða auðvitað að beita sinni almennu dómgreind, eftir því sem hún er hverjum einum af guði gefin, til þess að endurskoða þessar tillögur.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að því fer fjarri, að slegið hafi verið föstum nokkrum ákveðnum, endanlegum leiðum í efnahagsmálunum. Þessi mál eru, eins og hefur verið margtekið fram, öll í rannsókn og undirbúningi, og það er Alþingis sjálfs og þess eins að lokum að taka endanlegar ákvarðanir í þeim.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. minntist á efnahagsráðstafanir, sem gerðar hafi verið vorið 1958. Hann fylgdist áreiðanlega svo vel með í þinginu þá, held ég, að hann hafi mætt það sæmilega á fundum, að hann hafi nokkurn veginn vitað, að ég var á móti þeim efnahagsráðstöfunum. En það, sem var einkennilegra, það var, að Sjálfstfl. var á móti þeim líka og sagði, að það væri eiginlega allt of mikið að ætla að fara að leggja slíkt álag á fólkið, þetta væri jafnvel hálfgerð gengislækkun, sem verið væri að gera. Má ég spyrja: Hvað meinti Sjálfstfl. með því að vera á móti þessum efnahagsráðstöfunum? Meinti

hann ekki neitt? Hann er nú að undirbúa sjálfur að gera einmitt þær ráðstafanir, sem við þóttumst, þó að okkur þætti ýmislegt í efnahagsráðstöfununum þá slæmt, hafa afstýrt þá, þeirri gífurlegu gengislækkun, sem Sjálfstfl. er nú að undirbúa. Hvers konar frammistaða er það hjá Sjálfstfl. að vera vorið 1958 á móti þeim aðgerðum, sem þá var verið að gera, en fara nú að undirbúa að gera margfalt, margfalt verri og vitlausari aðgerðir? Er lýðskrumið svona takmarkalaust, ábyrgðartilfinningin svona hverfandi hjá Sjálfstfl., að hann leikur sér að því að vera á móti ráðstöfunum opinberlega, sem hann í hjarta sínu er með, en vildi hafa helmingi verri, þegar hann er kominn í ríkisstj., og sendir Alþingi heim? Hvers konar loddaraleikur er þetta? Ég er hræddur um, að Sjálfstfl. eigi eftir að sjá, að svona loddaraleikur er nokkuð dýr. Ég gæti jafnvel trúað, að hann hefði kennt mörgum verkamönnum, sem fylgt hafa honum, að það beri á móti öllum þess háttar efnahagsráðstöfunum að beita valdi verkalýðssamtakanna, og má vera, að sumir af þeim, sem Sjálfstfl. var að hvetja til baráttu þá, yrðu í baráttu núna á móti þeim ráðstöfunum, sem Sjálfstfl. kann að gera. Þess vegna held ég, að enginn ráðh. Sjálfstfl. og enginn þm. hans ætti nokkurn tíma að minnast á efnahagsráðstafanir, sem þá voru gerðar.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það mundi ekki verða gengið fram hjá Alþingi við þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu. Það er hægt að skilja þetta á tvennan hátt. Má ég í fyrsta lagi skilja þetta þannig, að Alþingi hafi hér með fengið yfirlýsingu um, að það yrðu ekki gefin út nein brbl. á þessu tímabili, sem snerta efnahagsmálin í landinu? Við höfum enn ekki fengið neina yfirlýsingu um slíkt. En í því, sem hæstv. fjmrh. sagði núna, lá óbeint, að það yrði ekkert gert, án þess að Alþingi hefði aðstöðu til þess fyrst að dæma um það, m. ö. o. engin brbl. gefin út, þannig að búið væri að skapa staðreyndirnar, áður en Alþingi kemur saman. Í öðru lagi: má ég skilja þetta þannig, og það felist raunverulega í yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að það verði rætt við Alþingi, ekki aðeins þinglið stjórnarinnar, heldur líka stjórnarandstöðuna, áður en þetta verður endanlega ákveðið, að ríkisstj. mundi vera reiðubúin til þess að taka til greina ábendingar frá stjórnarandstöðunni, að hún mundi ekki móta svo fast sínar till., að hún væri ekki reiðubúin til að endurskoða þær. Reynslan, sem maður hefur venjulega haft, þegar svona till. hafa verið undirbúnar, hefur nefnilega verið sú, að ríkisstjórnin bindi sig svo fast við sínar eigin ákvarðanir í þessu efni, að engin rök, hvað sterk sem þau eru, geti haggað henni neitt. En einmitt niðurlag ræðu hæstv. fjmrh. benti til þess, að hæstv. ríkisstj. mundi vilja fara að athuga sinn gang og jafnvel ekki ákveða sig endanlega, fyrr en hún væri búin að ráðgast við Alþingi, eftir að það væri komið saman.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að ég virtist álíta, að allir hagfræðingar hefðu alltaf vitlausar skoðanir. Nei, það er alls ekki mín meining, — það eru bara sumir hagfræðingar, — en slysið er, að venjulega kýs ríkisstj. einmitt slíka hagfræðinga til þess að ráðleggja sér. Það eru vandræðin í þessu öllu saman.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri engin hætta á, að ríkisstj. gleypti það ómelt, sem hagfræðingarnir kæmu með. Ég sé, að hann hefur kannske fengið eitthvað að vita af því, sem ég sagði hér um kvöldið, þegar hann var ekki við. Það var einmitt það, sem ég var að vara við, að gleypa slíkt ómelt, vegna þess að 1950, þegar sami hæstv. forsrh. var og núna, þegar verið var að undirbúa gengislækkun eins og núna, þegar sérfræðingur var settur af stað eins og núna, það var Ameríkulærður sérfræðingur frá Alþjóðabankanum eins og núna, þá kom gengislækkunarfrv. með langri og ýtarlegri og lærðri grg. fyrir Alþingi og hæstv. forsrh. sagði: Hvað, var það svona mikið? — Og stjórnin gleypti allt saman hrátt. Það gæti verið, að hæstv. ríkisstj. væri að byrja að læra, að hún ætti ekki að gleypa þetta ómelt. En þá væri betra að byrja með því núna undireins að gefa skýrsluna um þessa hluti, segja alþm. frá þessu, láta þá vita, hvað þarna sé verið að hugsa, til þess að það væri ekki hætta á, að ríkisstj. gleypti þetta ómelt.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ráðh. mundu nú reyna að fara að átta sig á þessu og þeir mundu jafnvel beita dómgreind sinni. Það var ákaflega gott að heyra það, að þeir mundu beita henni og ekki gleypa þetta allt saman ómelt. En ég er hræddur um, að til þess að þeir gætu beitt henni að öllu leyti, þyrfti að vera aðstaða til þess að kenna þeim ofur lítið út frá reynslunni um þessa hluti, þannig að það færi nú ekki svo, að á því herrans ári 1960 yrðu endurteknar allar sömu vitleysurnar og gerðar voru 1950. Það er ósköp leiðinlegt að byrja þannig hvern nýjan áratug í sögu þjóðarinnar. Og þó að það sé komið margt af ungum mönnum á Alþingi, síðan þetta var gert, þá ætti nú sérstaklega að forða þeim frá því að endurtaka slíkar vitleysur og gefa þeim tækifæri til þess að læra af því, sem áður hefur gerzt. Ég held þess vegna, ef ég ber saman það, sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir fyrst, að ríkisstj. væri búin að ákveða að taka upp nýtt efnahagskerfi og þetta væri sem sé allt í þessu fína lagi og það þyrfti bara að fá vinnufrið með því að losna við þingið, — ég held, að hæstv. fjmrh. sé farinn að læra, að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að gleypa ekki allt ómelt, sem sumir hagfræðingar koma með, að hún þurfi að reyna að fara að átta sig á hlutunum og þurfi að beita dómgreind sinni, áður en hún fer að gleypa það, sem sérfræðingar hennar, útlendir og innlendir, komandi frá París, London, New York og Washington, hafa verið að reyna að troða í hana undanfarið. Og þó að okkur hafi ekki gefizt nema þessi litli tími hér á Alþingi til þess að ræða við ríkisstj., þá held ég jafnvel, að það sé farið að bera árangur nú þegar og mundi bera meiri árangur, ef hún ekki með sínu offorsi knýr það í gegn, eins og hún nú er að gera, að senda þingið svona fljótt heim.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er aðeins til að fyrirbyggja misskilning, sem ég vil láta nokkrar aths. koma fram. Ég hef ekki sagt eitt orð um það, hvort stjórnin muni gefa út brbl. eða ekki. Ég hef sagt, að efnahagsráðstafanirnar komi til aðgerða Alþingis eftir þinghléið, og það er Alþingis sem löggjafarsamkomu þjóðarinnar að ákveða, hvað verður gert. Hvort í þessu þinghléi nú þarf eins og stundum áður, þegar svo hefur staðið á, að gefa út brbl., ef brýna nauðsyn ber til, eins og í stjórnarskránni segir, það er ómögulegt að segja um á þessari stundu.

Hv. 3. þm. Reykv. segist ekki telja það tóma vitleysu, sem allir hagfræðingar segja, heldur bara sumir. Nú er það svo einkennilegt með þessa hagfræðinga, að þegar svo hefur viljað til, að ungir hagfræðingar hafa stundum fylgt hv. 3. þm. Reykv. og flokki hans að málum, fylgt þeim í skoðunum, þá hefur jafnan farið svo eftir nokkur ár, þegar þeir hafa þroskazt og öðlazt nokkra reynslu til viðbótar, að þá hafa þeir alveg snúizt gegn hv. þm. og öllum hans kenningum, þannig að ég held, að það sé leitun að hagfræðingi á Íslandi, sem aðhyllist skoðanir hv. 3. þm. Reykv. í efnahagseða hagfræðimálum. Ég held, að það sé leitun á þeim. Þeir fáu, sem hann hafði sér við hlið áður, eru orðnir honum mótsnúnir og sumir hverjir orðnir nánustu ráðunautar núv. ríkisstjórnar. Hvernig stendur á þessu, að allir hagfræðingarnir yfirgefa hv. þm. og hans kenningar? Það er bara af þeirri einföldu ástæðu, að hans þjóðfélagskenningar eru úreltar og hann er einn af þeim tiltölulega fáu hér, sem enn halda dauðahaldi í úrelt skipulag. Þetta skipulag, sem hv. 3. þm. Reykv. heldur í, er auðvitað orðið langt á eftir tímanum, ekki í nokkru samræmi við þarfir og þróun tímans. Reynslan hefur í fjölda landa afsannað flest af því, sem hann byggir sínar skoðanir á, enda er þetta ósköp eðlilegt, því að hann notar sem trúarjátningu það, sem gamall síðskeggjaður sérvitringur skrifaði fyrir 100 árum úti í British Museum í London.

Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. heldur, að þeir hagfræðingar, sem ríkisstj. undanfarið hafa haft í sinni þjónustu, hafi orðið þjóðinni sérstaklega til góðs og þeirra kenningar hafi reynzt að einhverju leyti nýtar. Það er alveg rétt hjá honum, að tveir af þeim hagfræðingum, sem nú er mest deilt um í þessu efni, voru fylgjandi okkur. Þeir hafa báðir farið til Ameríku. Þeir hafa báðir komizt þar hátt í virðingastiganum, sem kallað er. Þeir hafa báðir komizt í tæri við Alþjóðabankann og það volduga auðvald þar. Og þeir hafa báðir snúizt. Hvað hafa þeir svo ráðlagt þjóðinni, þegar heim kom? Þeir hafa ráðlagt þjóðinni, að hún mætti ekki búa við þau lífskjör, sem við stjórnmálamennirnir og alþýðuhreyfingin á Íslandi höfum skapað henni. Þeir hafa ráðlagt mönnum, að ríkið ætti ekki að gera ráðstafanir til þess að skapa atvinnutæki í landinu, heldur vera ekki að hugsa um slíkt. Þeir hafa ráðlagt verkamönnunum, að þeir ættu að lækka launin sín og þeir ættu ekki að gera eins miklar kröfur til lífsins og þeir hafa gert. Hvaðan heldur hæstv. fjmrh., að þeir hafi svona kenningar? Skyldu það ekki vera kenningar, sem væru í nánasta samræmi við hagsmuni þeirrar auðmannastéttar, sem þeir álíta sig nú eiga að þjóna. Það er ekki snefill af vísindum í sambandi við þetta. Og hvernig hefur svo farið fyrir þessum hagfræðingum? Jú, einn þeirra, dr. Benjamín Eiríksson, sem reynsla hefur verið af s. l. tíu ár, sem gaf ráðleggingarnar um gengislækkunina 1950, hann hefur verið múraður inni í Framkvæmdabankanum sem bankastjóri þar, sýnt þar sína frámunalegu vizku, þar sem hann hefur þroskazt í Ameríku, eins og hæstv. fjmrh. var svo montinn af, með því að búa til glerfjallið hér heima. Heldur hæstv. fjmrh., að það verði betri minnisvarði fyrir Benjamín Eiríksson og þessa lærðu hagfræðinga, glerfjallið í glerverksmiðjunni, heldur en nýsköpunartogararnir verða um mig og mína ólærðu hagfræði? Ég held, að það sé bezt fyrir hæstv. fjmrh. og aðra menn, sem glæpast á því öðru hvoru að trúa þessum hagfræðingum, að þegja um það.

Svo kom hæstv. fjmrh. inn á marxisma. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er prófessor í lögfræði. En ég er hræddur um, að hann sé furðuilla að sér í hagfræði og þjóðfélagsvísindum yfirleitt. Hann heldur, að marxisminn sé einhver úrelt kenning. Er hæstv. fjmrh. svona gersamlega utan við sig? Þessi kenning hefur verið og er að umskapa þriðja hluta jarðarinnar og koma þjóðum, sem voru á frumstæðu nýlendustigi fyrir nokkrum árum og áratugum, í tölu mestu framfaraþjóða veraldarinnar, vegna þess að þær hafa starfað á grundvelli marxismans, á þeim grundvelli, sem Karl Marx, sá síðskeggjaði Gyðingur, sem hann var að tala um áðan, lagði fyrir 100 árum og hefur verið styrktur af mörgum ágætum mönnum síðar. Kenning þessi er að fara sigurför um heiminn, sterkasta kenning, sem nokkurn tíma hefur verið til í veröldinni, kenning, sem allur auðvaldsheimurinn óttast, þannig að menn halda meira að segja, að það þýði eitthvað fyrir þá að reyna með vopnavaldi að bæla það niður, og eru þó að gefast upp við það núna. Ég held, að það sé betra fyrir hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn að loka ekki augunum fyrir mætti slíkra kenninga. Það væri furðulegt óraunsæi. Og eitt ætla ég að segja honum að lokum. Það, sem breytt hefur Íslandi frá því 1942 og gert íslenzku þjóðina að einni af þeim þjóðum, sem einna bezt lífskjör hafa í heimi, sérstaklega með þeim langa vinnutíma, sem hún leggur á sig, og með þeirri tækni, sem hún hefur skapað sér, og með því skipulagi, þótt ófullkomið sé, sem hún hefur hjá sér — það, sem gert hefur þetta að verkum, er kraftur marxismans á Íslandi, eru áhrif marxismans í íslenzkri verkalýðshreyfingu, þau áhrif, sem verkalýðshreyfingin hefur getað haft á þjóðfélagið, þó að auðvaldsþjóðfélag sé, og áhrif, sem hafa verið hvað blessunarríkust, þegar meira að segja meiri hluti Sjálfstfl. hefur orðið að fara inn á það að búa til meira eða

minna áætlanir í anda sósíalismans til þess að láta Ísland að einhverju leyti verða slíks aðnjótandi. Og nú sem stendur býr Ísland eitt allra auðvaldsríkja við það ástand, að ekkert atvinnuleysi er þar til, vegna þess m. a., að fyrir okkar tilstilli er nú Ísland þannig tengt þeim sósíalíska heimi viðskiptalega, að við þurfum ekki að hafa af neinum kreppum að segja né neinum markaðsvandræðum. M. ö. o.: það, að við búum við betri lífskjör en aðrar auðvaldsþjóðir, er vegna þess, að áhrif marxismans hafa verið svo mikil hér innanlands og tengslin við hin sósíalísku ríki, við þann erlenda hluta, að Ísland hefur getað notið þess til þess að skapa sér betri lífskjör. Ég ætla ekki hér í athugasemdartíma að fara annars að ræða um marxismann við hæstv. fjmrh., en ég er reiðubúinn til þess, hvenær sem er hér á Alþingi, og satt að segja, ef hæstv. fjmrh. hefði verið hér í fyrrakvöld og hlustað á minn hagfræðifyrirlestur út af því, sem hans lærði hagfræðingur var að segja, þá held ég, að jafnvel hæstv. fjmrh. hefði getað lært eitthvað.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 65).

3. Tollafgreiðslustöðvun.

Á 11. fundi í Ed., 29. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu [43. mál] (stjfrv., A. 73).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Næstu daga mun ríkisstj. leggja fyrir Alþingi frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum. Það þykir rétt nú eins og áður, þegar svipað hefur staðið á, að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til frv. þetta hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta og hv. þdm., að þeir fallist á að afgreiða þetta mál við þrjár umr. í hv. deild nú í dag.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það hefur verið leitað samkomulags um það við þingmenn Framsfl. að afgreiða þetta mál án tafar, og það hefur orðið samkomulag um, að það skyldi gert, vegna þess að við teljum eðlilegt, að ekki verði töf á afgreiðslu þessa máls. Við munum því verða við óskum hæstv. fjmrh. um að greiða fyrir því, að málið verði afgreitt hér á stuttum tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.
PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÓlJ, FS) fjarstaddir.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, SÓÓ.
PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓlJ, FS, HermJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.
PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓlJ, FS, HermJ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.
HermJ, KK, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV greiddu ekki atkv.
2 þm. (FS, ÓlJ) fjarstaddir.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK, PÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (FS, HermJ, ÓlJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Næstu daga mun ríkisstj. leggja fyrir Alþingi frv. til laga um aðgerðir í efnahagsmálum. Það þykir rétt nú eins og áður, þegar svipað hefur staðið á, að stöðva tollafgreiðslu á

aðfluttum vörum, þangað til það frv. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

Þetta frv. um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu var afgreitt nú áðan í Ed. við þrjár umræður. Það eru tilmæli mín til hæstv. forseta og hv. þdm., að þeir geti fallizt á þá málsmeðferð að afgreiða frv. hér við þrjár umræður í dag.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur rætt það við stjórnarandstöðuna, að hún vildi fá heimild til þess að stöðva tollafgreiðslur, á meðan efnahagsmálaráðstafanir væru til meðferðar í þinginu, samkv. venju, sem um þetta hefur verið viðhöfð undanfarið, og hefur stjórnarandstaðan fallizt á að setja ekki fótinn fyrir, að hæstv. ríkisstj. geti fengið slíka heimild, og mun því ekki á neinn hátt leggja stein í götu þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 76).

---

4. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1960.

Á 15. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1960** [55. mál] (stjfrv., A. 90).

Á 18. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Með þessu frv., sem hér er til umræðu, er lagt til, að reglulegt Alþ. 1960 komi saman ekki fyrr en mánudaginn 10. okt. n. k., ef hæstv. forseti Íslands tiltekur ekki annan samkomudag fyrr á árinu. Það má segja, að þetta frv. sé gamall kunningi, það hefur komið fram á undanförnum árum, öllum hinum síðari. Aths., sem fylgir frv., gerir grein fyrir ástæðum þess. Reglulegur samkomudagur Alþingis á að vera eigi síðar en 15. febr. Þessu þingi, sem nú situr, verður þá, eins og allir vita, ekki lokið, og er þess vegna lagt til, að Alþ. komi saman ekki síðar en 10. okt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv., vegna þess að öllum er ljóst efni þess og þekkja öll þau fordæmi, sem fyrir því eru. Ég hefði viljað mælast til, að það væri afgr. nefndarlaust, ef enginn mælir því gegn, en ef einhver er mótfallinn, þá þarf það engum að gera neitt mein, því að frv. þarf ekki að verða afgr. fyrr en svo, að fyrir 15. febr. hafi það öðlazt lagagildi. Vil ég þess vegna, herra forseti, leyfa mér að mælast til, að það fengi nú afgreiðslu á 3 fundum í röð, nema ef einhver mælir því gegn, þá fer það væntanlega til allshn. Allur er varinn góður. Ef mönnum fyndist það, þá mætti það fara til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., 12. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umræðu, er öllum þm. gamalkunnugt. Það hefur verið flutt á flestum undanförnum þingum. Efni þess er, að reglulegt Alþingi 1960 skuli ekki koma saman fyrr en 10. okt. n. k., ef forseti Íslands hefur ekki áður ákveðið annan samkomudag fyrr á árinu. Hin örstutta grg., sem fylgir frv., segir allt, sem um það þarf að segja, og ég skal ekki bæta þar neinu við, enda engu við að bæta.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að mælast til, að þetta frv. verði afgreitt nú við þrjár umr. í röð á þremur fundum. Ég held, að það sé rétt með farið, að því hafi aldrei verið vísað til nefndar, og geri ég þá ekki heldur ráð fyrir, að um það komi fram nein ósk hér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 99).

---

5. Almannatryggingar (frestun ákvörðunar framlaga og iðgjalda).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 30. des. 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar** [39. mál] (stjfrv., A. 69).

Á 16. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í 24. og 25. gr. laga um almannatryggingar frá 1956 er ákveðið, hvernig tekna skuli aflað til lífeyristrygginganna og hlutföllin á milli þátttökuaðilanna, hversu mikið hver þeirra skuli greiða. Þá er líka í þessum greinum ákveðið, að iðgjöldin skuli ákveðin við hver áramót eða fyrir hver áramót. Nú lá það í loftinu um s. l. áramót, að veruleg breyting yrði gerð á almannatryggingalögunum, þótt ekki væri þá til fulls ráðið, hvernig sú breyting mundi verða. Þetta leiddi til þess, að ekki var hægt á þeirri stundu að ákveða iðgjaldið, eins og l. gera ráð fyrir. Það varð þess vegna að ráði, að gefin voru út brbl., nokkurn veginn í samræmi við það, sem gert var 1958, um að frestað yrði ákvörðun iðgjaldanna, þangað til betur og skýrar lægi fyrir, hvernig þessi viðbót við almannatryggingalögin, sem í ráði var að framkvæma, yrði. Það voru þess vegna gefin út hinn 23. des. s. l. brbl., sem fólu í sér heimild handa ráðherra til að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, þar til fjárlög fyrir árið 1960 hafa verið sett. Þetta er alveg hliðstætt ákvæði og í lögum frá 30. des. 1958 og af svipuðum rótum runnið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einungis borið fram til staðfestingar á þessum brbl., og vænti ég þess, að hv. þdm. geti á þetta frv. fallizt. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 74).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út þann 23. des. s. l., þar sem ráðh. er heimilað að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, þar til fjárlög fyrir yfirstandandi ár hafa verið sett.

Heilbr.- og félmn. tók mál þetta fyrir á fundi sínum, jafnskjótt og því hafði verið vísað til hennar, og var n. sammála um, að sjálfsagt og nauðsynlegt væri, að frv. næði fram að ganga efnislega óbreytt, þar sem framlög og iðgjöld til almannatrygginganna verða ekki ákveðin að jafnaði fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd hverju sinni. En það hefur orðið að hafa þennan hátt á í hvert skipti, sem slíkur dráttur hefur orðið á afgreiðslu fjárlaga fram yfir áramótin, og var þessi háttur hafður á afgreiðslu málsins árið 1959, en þá hafði verið frestað afgreiðslu fjárlaga fram á árið, eins og kunnugt er. Þá voru sett um þetta lög nr. 74 30. des. 1958. Þessi lög eru hins vegar tímabundin, og eru þau ekki lengur í gildi. Þykir því rétt, að bráðabirgðalagaákvæðinu verði breytt þannig, að það verði við lög nr. 24 29. marz 1956. Eins og kunnugt er, eru þau lög enn í gildi, og lúta þær breytingar, sem lagt hefur verið til að gerðar verði, að því að leiðrétta þetta atriði. N. hefur því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem birtar eru á þskj. 74, að 1. mgr. 1. gr. falli niður og fyrirsögn frv. breytist í samræmi við það.

Væntir n., að hæstv. ráðh. felli sig við þessa afgreiðslu málsins, en um hana hefur n. haft samráð við skrifstofustjóra Alþingis. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr., að 1. málsgr. hennar falli niður.
2. Að fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til laga um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

ATKVGR.
Brtt. 74,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 74,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Á 22. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 80).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í lögum um almannatryggingar, nr. 24 29. marz 1956, 24. og 25. gr., er svo ákveðið, að iðgjöld til almannatrygginganna skuli ákveða fyrir áramót. Nú lá það í loftinu fyrir síðustu áramót, að verulegar breytingar mundu verða gerðar á almannatryggingalögunum og það mundi e. t. v. hafa nokkur áhrif á ákvörðun iðgjaldsins. Það var þess vegna þá gripið til þess ráðs að gefa út brbl. 23. des. s. l., sem heimiluðu að fresta ákvörðun iðgjaldanna, þangað til fjárlög fyrir 1960 hefðu verið sett. Þetta er svipuð aðferð og áður hefur verið höfð, þegar líkt hefur staðið á. T. d. 1958, þegar sama óvissa var ríkjandi um áramótin um þetta efni, þá voru einnig sett brbl., sem gáfu heimild til að fresta ákvörðuninni, þangað til fjárlög yrðu ákveðin.
Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram til staðfestingar á þessum brbl. Málið er svo einfalt, að ég tel, að það þurfi ekki frekari skýringar við, en ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 96).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Við 1. umr. um mál þetta gerði hæstv. félmrh. grein fyrir því, að frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á almannatryggingalögum, sé flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í des. s. l. Efni frv. er það eitt, að ráðh. sé heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960 samkv. 24. og 25. gr. laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1960 hafa verið sett. Brbl. voru sett sökum þess, að þá þótti nokkurn veginn sýnt, að verulegar breyt. yrðu gerðar á almannatryggingalögunum, þótt ekki væri þá til fulls ráðið, með hverjum hætti þær yrðu. Í 24. og 25. gr. þessara l. er ákveðið, að iðgjaldagreiðsla til trygginganna skuli ákveðin fyrir áramót hverju sinni, en vegna þeirra fyrirhuguðu breyt. á l., sem ég gat um, var ekki hægt að þessu sinni að ákveða iðgjöldin fyrir þann tíma, og voru brbl. því gefin út, sem heimiluðu að fresta ákvörðun þessari, þar til fjárlög hefðu verið sett.
Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu einróma, eins og fram kemur í nál. á þskj. 96, að leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 121).

---

6. Efnahagsmál (heildarlög).

Á 11. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um efnahagsmál [48. mál] (stjfrv., A. 82).

Á 23. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Snemma árs 1950 voru samþykkt frá Alþingi lög um gengisfellingu, en með þeim viðurkenndi Alþingi hið mikla verðfall, sem raunverulega var þá þegar orðið á gildi íslenzku krónunnar. Gengi krónunnar lækkaði þá um 42.6%, þ. e. a. s. erlendur gjaldeyrir hækkaði í verði um 74.3%. Það er óhætt að segja, að þessari lagasetningu væri vel tekið af þjóðinni, enda var mönnum þá flestum orðið ljóst, að í óefni var komið og það hafta- og fiskábyrgðakerfi, sem Íslendingar höfðu þá búið við um nokkurra ára skeið, gat ekki lengur staðizt. Hins vegar sætti það talsverðri gagnrýni, þegar gripið var til þess ráðs í ársbyrjun 1951 að koma á hinu svokallaða bátagjaldeyriskerfi til að bæta úr mjög versnandi rekstrarafkomu bátaútvegsins vegna aflaleysis annars vegar og versnandi verzlunarárferðis. Þó tókst að forðast frekari útfærslu uppbótakerfisins

næstu þrjú árin, enda var þá um að ræða vaxandi velmegun og sæmilegt efnahagslegt jafnvægi.

Síðustu fimm árin, eða síðan togarastyrkirnir voru ákveðnir haustið 1954, hefur uppbótakerfið hins vegar verið fært út svo að segja á hverju ári við vaxandi gagnrýni alls almennings í landinu. Um þverbak keyrði þó vorið 1958, þegar síðari lögin um útflutningssjóð voru sett, en þá var svo komið, að erlendur gjaldeyrir hafði verið hækkaður í flestum venjulegum greiðslum um a. m. k. 55%, sem samsvaraði 35% gengislækkun. Enn meiri varð gengislækkunin að því er varðaði greiðslur fyrir útflutninginn, þar sem aðalreglan var 80% uppbætur, sem samsvarar 45% gengislækkun. Sé miðað við þann hluta útflutningsins, sem mestar bætur hefur fengið, nemur gengislækkunin nærri því 50%, þ. e. a. s. hækkun Bandaríkjadollars úr kr. 16.32 í um það bil 32 kr.

Útflutningssjóðslögin frá 1958 voru að því leyti spor í rétta átt, að með þeim var viðurkennt að nokkru það verðfall íslenzku krónunnar, sem þegar var orðið, og einnig var reynt að gera kerfið mun einfaldara en verið hafði samkvæmt útflutningssjóðslögunum, sem vinstri stjórnin setti fyrir jólin 1956. Hins vegar var ljóst, þegar er þessi lög voru sett, að með þeim var hvorki gengið nógu langt í þá átt að viðurkenna það gengisfall, sem raunverulega var orðið, né heldur gerðar þær ráðstafanir aðrar í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar voru, ef einhver líkindi áttu að verða til þess, að þetta kerfi gæti staðið til frambúðar. Engar hliðarráðstafanir voru gerðar, er stuðlað gætu að peningalegu jafnvægi eða tryggt, að þjóðin sætti sig við þessar ráðstafanir án kauphækkana, sem að óbreyttum aðstæðum hlutu að færa allt kerfið úr skorðum von bráðar.

Það fer ekki á milli mála, að margir þeirra, sem að þessari lagasetningu stóðu, gerðu sér ljósa annmarka hennar og sáu, að við hana yrði ekki búið nema skamma hríð án nýrra róttækra aðgerða, enda var svo komið í byrjun desember sama árs, aðeins rúmu hálfu ári eftir að lögin voru samþykkt, að sú ríkisstj., sem að þeim stóð, varð að biðjast lausnar, og forsrh. lýsti því yfir, að ný verðbólgualda væri risin og ríkisstj. væri ekki sammála um nein úrræði til lausnar þeim vanda. Var lausnarbeiðnin skýlaus yfirlýsing um, að þær vonir, sem stjórnin hafði bundið við þessar ráðstafanir, höfðu algerlega brugðizt, og var sú niðurstaða ekki önnur en margir höfðu séð fyrir frá upphafi.

Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, sem mynduð var 23. des. 1958 með óbeinum stuðningi Sjálfstfl., tókst eftir leiðum, sem þessir flokkar urðu sammála um, að stemma stigu við því, að hin nýja verðbólgualda, sem forsrh. vinstri stjórnarinnar hafði svo rækilega tilkynnt, að risin væri, flæddi yfir þjóðfélagið og bakaði efnahagslífi þjóðarinnar óbætanlegt tjón. Öllum var hins vegar ljóst, að hér var aðeins um bráðabirgðalausn vandamálanna að ræða. Má reyndar augljóst vera, að vinstri stjórnin hefði ekki vikið úr sessi, ef hún hefði ekki sjálf gert sér fulla grein fyrir því, að miklu meira átak þurfti til að leysa frambúðarvandamál verðbólgunnar, án þess að lagðar væru of þungar byrðar á allan almenning í landinu.

Fullur skilningur á því mikla verkefni, sem hér beið úrlausnar, lýsti sér í stefnuskrám Sjálfstfl. og Alþfl. við síðustu kosningar og síðan í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj., sem birt var Alþingi og íslenzku þjóðinni, þegar stjórnin tók við völdum 20. nóv. s. l. Hitt er mála sannast, að því fór fjarri, að menn gerðu sér fullkomna grein fyrir því, þegar kosningar fóru fram í lok októbermánaðar s. l., og raunar ekki heldur, þegar stjórnin var mynduð tæpum mánuði síðar, hve ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar var orðið hættulegt. Öllum virtist þó auðsætt, að varla yrði unnt að bæta svo hið gamla kerfi, að viðhlítandi gæti orðið. Hins vegar var það verkefni eftir að gera sér grein fyrir, hvað koma skyldi í stað þess, hvenær og hvernig.

Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir því, að hér var fárra góðra kosta völ og í rauninni um ekkert val að ræða. Aðeins ein leið getur talizt fær: sú að játa með nýrri breytingu á gengisskráningunni, hvert sé sannvirði íslenzku krónunnar, og leitast síðan við með hliðarráðstöfunum að létta þær byrðar, sem þessi breyting leggur á almenning, og tryggja á annan hátt, að gengisbreyt. geti náð tilætluðum árangri.

Þessi er niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafa framkvæmt, síðan stjórnin fékk viðunandi starfsfrið, er þingi var frestað 7. des. s. l., og er nú lögð fyrir þing og þjóð með lagafrv. því, sem hér liggur fyrir. Skal ég nú, um leið og ég vísa til hinnar ýtarlegu grg., sem frv. fylgir, leitast við með sem fæstum orðum að gera grein fyrir því, hvers vegna ekki var lengur auðið að búa að uppbótakerfinu svonefnda og hverjar eru í aðaldráttum till. ríkisstj. og hvaða áhrif sé líklegt, að þær hafi á efnahagsafkomu landsmanna.

Það er óhætt að segja, að meginvandamálið, sem leysa þarf í efnahagsmálum Íslendinga nú, og um leið það, sem sízt verður umflúið, sé greiðsluhallinn gagnvart útlöndum. Þetta vandamál hefur fylgt okkur svo að segja óslitið frá styrjaldarlokum. Fyrstu árin eftir stríðið var hallinn afleiðing þeirrar uppbyggingar atvinnulífs þjóðarinnar, sem þá var framkvæmd og greidd var með notkun þeirra gjaldeyriseigna, sem myndazt höfðu á stríðsárunum. En að þeim þrotnum var hann á árunum 1948—53 jafnaður að miklu leyti með aðstoð Bandaríkjanna á vegum Marshall-áætlunarinnar. Með þeirri aðstoð og þeirri leiðréttingu á genginu, sem átti sér stað árið 1950, tókst að skapa jafnvægi gagnvart útlöndum, og árið 1954 var um lítinn eða engan halla að ræða.

Þetta jafnvægi stóð þó skemur en skyldi, og síðan verðlagið innanlands komst algerlega úr skorðum eftir verkfallið mikla vorið 1955, hefur greiðsluhallinn verið mikill ár frá ári, og

þannig var hann á árunum 1955—58 tæpar 200 millj. kr. á ári. Hafa verið nokkrar sveiflur í þessum efnum frá ári til árs, einkum vegna breytinga á birgðum og aflabrögðum. Upplýsingar liggja enn ekki fyrir um það, hver hallinn hefur verið árið 1959, en varla hefur hann numið minni upphæð en 350 millj. kr., enda átti sér stað óvenjuleg birgðaaukning á árinu, en hún nam samtals 84 millj. króna. Hallinn er þá samanlagt á þessum fimm árum a. m. k. 1100 millj. kr.

Þessi þráláti greiðsluhalli hefur verið jafnaður með tvennu móti: erlendum lántökum og rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Hvort tveggja hefur nú gengið svo langt, að út í algert óefni er komið. Aukning erlendra skulda hlýtur að leiða til þess, að greiðsla vaxta og afborgana til útlanda fari vaxandi ár frá ári, enda hafa útgjöld landsins af þessum orsökum aukizt óðfluga. Á árunum 1951—55 nam greiðslubyrðin ekki nema 30 millj. kr. á ári, þ. e. a. s. það fé, sem Íslendingar þurftu að nota til þess að greiða vexti og afborganir af lánunum, en það var um 3% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar. Árið 1958 er greiðslubyrðin orðin 87 millj. kr., árið 1959 138 millj., og ef reiknað er aðeins með þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin eða um samið, verður hún 163 millj. kr. árið 1960 og nær hámarki, 183 millj. kr., árið 1961. Miðað við þessar tölur má áætla, að greiðslubyrðin nemi um 10% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar á árunum 1959—61.

Þetta eru því ískyggilegar horfur, og þó mundi greiðslubyrðin þyngjast enn stórkostlega á næstu árum, ef ekki tekst að bæta úr greiðsluhallanum. Á þetta vandamál var mjög rækilega bent í hagfræðingaáliti, sem unnið var fyrir vinstri stjórnina snemma árs 1958, en þar var komizt að þeirri niðurstöðu, „að á næstu árum megi ekki bæta á þá greiðslubyrði, sem þegar hefur myndazt eða nú er að myndast". Þegar þetta var ritað, voru erlendu skuldirnar þó mun lægri en þær eru nú orðnar.

Hin afleiðing greiðsluhallans hefur verið lækkun gjaldeyriseigna og aukning gjaldeyrisskulda bankanna við útlönd. Í árslok 1954 voru hreinar gjaldeyriseignir bankanna í frjálsum gjaldeyri 220 millj. kr., en í árslok 1959 var í stað þessara eigna komin hrein skuld að upphæð 65 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan í frjálsum gjaldeyri hafði með öðrum orðum versnað um 285 millj. kr. á þessum 5 árum. Rýrnun gjaldeyrisstöðunnar í jafnkeypisgjaldeyri var 15 millj. kr. M. ö. o.: gjaldeyrisstaðan hafði versnað á þessum fáu árum um 300 millj. kr. Svo var líka komið um síðustu áramót, að allir yfirdráttarmöguleikar íslenzkra banka voru nýttir til hins ýtrasta, enda var um að ræða hreint neyðarástand í gjaldeyrismálum. Úr þessu verður að bæta svo fljótt sem unnt er, því að gjaldeyrisforði, er nægi fyrir nokkurra mánaða innflutningi, er hverri þjóð nauðsynlegur til þess að jafna tímabundnar sveiflur í gjaldeyristekjum og gjaldeyriseftirspurn. Það er óhjákvæmilegt, að af því leiði alvarlegar truflanir á innflutningi og stórtjón fyrir framleiðslu þjóðarbúsins, ef ekki tekst að bæta gjaldeyrisstöðuna á einn eða annan hátt verulega frá því, sem nú er. Stöðugt vofir yfir, að Íslendingar geti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar erlendis og innflutning nauðsynlegustu rekstrar- og nauðsynjavara.

Þetta ástand í gjaldeyrismálunum og hin þunga greiðslubyrði hefur þegar skapað ástand, sem hlýtur von bráðar að leiða til stórfellds atvinnuleysis og rýra framleiðslu og lífskjör landsmanna vegna skorts á rekstrar- og neyzluvörum. Það er því óhjákvæmileg nauðsyn að binda endi á greiðsluhallann við útlönd. En það mun ekki takast, nema menn geri sér ljóst, eins og segir í grg. frv., að „orsök greiðsluhallans er ekki sú, að útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur séu ekki miklar. Þær hafa aldrei verið meiri í sögu þjóðarinnar. Orsökin er röng gengisskráning og of mikil útlán bankanna. Meðan sú orsök er ekki brott numin, hlýtur greiðsluhallinn að haldast, hversu mikið sem útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur aukast." Þetta er sá mikli vandi, sem blasir við okkur í dag: Þjóð, sem aldrei hefur framleitt meira eða búið við blómlegra atvinnulíf, en hefur þó á örfáum árum komizt í svo botnlausar skuldir, að við borð liggur, að hún glati því trausti, sem hún hafði áður áunnið sér meðal annarra þjóða, og tefli efnahagslegu sjálfstæði sínu í voða.

Því verður ekki trúað, að íslenzka þjóðin, sem brotizt hefur úr fátækt til bjargálna á tveimur mannsöldrum með dugnaði og hagsýni, sé ekki reiðubúin til að leggja nokkuð á sig nú til að forðast þennan voða. Ég hef líka sannfærzt um það, að umframeyðsla Íslendinga á undanförnum árum er á engan hátt að kenna eyðslusemi eða sérhlífni almennings, heldur er hún bein afleiðing uppbótakerfisins og stefnunnar í efnahagsmálum. Hér er það forustan, — við hér á Alþingi, — sem hefur brugðizt, en hún hefur ekki hingað til vísað á neina færa leið út úr ógöngunum.

En hvers vegna er ekki hægt að leysa þennan vanda með því að halda uppbótakerfinu með einhverjum breytingum eða úfærslu?

Uppbótakerfið er í tveimur meginatriðum frábrugðið venjulegri gengislækkun. Í fyrsta lagi hafa þær álögur, sem lagðar hafa verið á innflutninginn, verið að meðaltali miklu lægri en þær bætur, sem útflutningsatvinnuvegunum hafa verið greiddar. Og í öðru lagi hafa verið mismunandi bætur til einstakra greina útflutningsatvinnuveganna — og þó sérstaklega misháar álögur á hina ýmsu þætti innflutningsins. Hvort þessara atriða um sig felur í sér veikleika, er nægja til þess, að ekki er hægt að leysa með uppbótakerfinu vandamál þau, sem við er að stríða í íslenzkum efnahagsmálum. Skal ég nú ræða þetta nokkru nánar:

Það er áætlað, að á árinu 1959 hafi meðalgengi á útflutningi verið 87% af skráðu gengi, þ. e. a. s. um það bil 30.50 kr. á hvern dollar. Meðalgengi á innflutningi var hins vegar aðeins um 68.5% af skráðu gengi, þ. e. a. s. um

27.50 kr. á hvern dollar. Af þessum mikla mismun í meðalálögum á innflutning og útflutning hlaut að leiða, að mjög erfitt var að ná jöfnuði milli tekna og gjalda hjá útflutningssjóði. Sannleikurinn er sá, að slíku jafnvægi var í rauninni aðeins hægt að ná með einu móti, þ. e. a. s. með miklum greiðsluhalla við útlönd, er jafnaður var með erlendum lántökum og þó sérstaklega með notkun gjaldeyrisforða bankanna og söfnun gjaldeyrisskulda. Stafaði þetta af því, að ekki voru greiddar nema 55% yfirfærslubætur á erlend lán, en hins vegar engar yfirfærslubætur á söfnun gjaldeyrisskulda bankanna. Sá gjaldeyrir, sem þannig fékkst, var svo seldur innflytjendum við mun hærra verði en hann var keyptur á. Af þessu er ljóst, hve samtvinnaður greiðsluhallinn við útlönd er því fyrirkomulagi á gengismálum, sem verið hefur undanfarin ár.

Greiðsluhallinn er annars vegar afleiðing uppbótakerfisins, vegna þess að hið óeðlilega lága verð á meginhluta innflutningsins hlaut að ýta stórlega undir eftirspurn eftir erlendum vörum og þar af leiðandi stuðla að greiðsluhalla. Hins vegar var greiðsluhallinn og sú skuldasöfnun erlendis, sem honum fylgdi, beinlínis nauðsynleg, til þess að hægt væri að ná greiðslujöfnuði hjá útflutningssjóði.

Fyrir því má að sjálfsögðu færa veigamikil rök, að Íslendingar þurfi á erlendu lánsfé að halda til uppbyggingar atvinnuveganna. Hitt er stórkostlega hættulegt fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, ef skuldasöfnun við útlönd er beinlínis gerð að ómissandi þætti í fjárhagskerfi landsins til þess eins að skjóta sér undan því að horfast í augu við veruleikann. Eins og segir í grg., þá er þessi galli uppbótakerfisins „svo veigamikill, að hann einn gerir það að verkum, að kerfið getur ekki staðið til frambúðar, þar sem því eru ákveðin takmörk sett, hversu mikill hallinn getur verið og hversu lengi hann getur staðið". En lítum þá á hitt megineinkenni uppbótakerfisins, hinar mismunandi álögur og bætur á hina ýmsu þætti inn- og útflutnings. Ýmsir hafa talið þetta uppbótakerfinu til gildis og haldið því fram, að með því væri komið í veg fyrir óeðlilegar álögur á almenning. Reynsla Íslendinga af uppbótakerfinu með öllum þeim tilbrigðum, sem reynd hafa verið á undanförnum árum, ætti að hafa sýnt mönnum fram á, að einnig þetta er sjálfsblekking ein. Hér kemur tvennt til. Annars vegar er það, að óeðlilegt misræmi í álögum á innflutning getur aldrei tryggt jafnvægi til lengdar. Ástæðan er sú, að þeir tekjustofnar, sem mest er lagt á hverju sinni, hafa alltaf tilhneigingu til að bregðast, þegar til lengdar lætur. Vegna hins gífurlega verðmismunar beinist þungi eftirspurnarinnar sífellt meir frá þessum vöruflokkum yfir á aðra, sem haldið er í lágum gjaldaflokkum, unz svo er komið, að ekki er hægt að afla nægra tekna nema með því að finna enn nýja flokka til þess að leggja hin háu gjöld á.

Það þarf því að umskapa kerfið meira og minna frá ári til árs, ef endarnir eiga að ná saman, en það þekkja Íslendingar vel af reynslu undanfarinna ára. Stríðið, sem háð hefur verið síðustu árin til þess að tryggja nægan innflutning hágjaldavara, er gott dæmi um þetta. Reynt hefur verið að ýta undir innflutning þessara vara með öllum ráðum, en allt hefur komið fyrir ekki. Áætlanirnar hafa alltaf brugðizt að meira eða minna leyti. Þó hefur innflutningur á þessum vörum verið óvenjulega frjáls og eftirspurnin innanlands verið óeðlilega mikil vegna sífelldrar peningaþenslu. En eftirspurnin hlýtur alltaf að hafa tilhneigingu til að flytjast frá þeim vörum, sem dýrastar eru, yfir á aðrar, sem haldið er í lægra verði. Það hefur því orðið að hafa mjög ströng höft á innflutningi margra hinna nauðsynlegustu vöruflokka í því skyni að reyna að beina eftirspurninni yfir á hágjaldavörurnar, sem yfirleitt eru þjóðhagslega miklu þýðingarminni. Með útflutningssjóðslögunum frá 1956 reyndi vinstri stjórnin að komast af með sem minnstar álögur á innflutninginn með því að hafa misræmið sem mest milli álagsflokka. Reynslan sýndi brátt, að slíkt kerfi gat ekki staðizt til lengdar, og þess vegna neyddist hún til þess vorið 1958 að stíga stórt spor í átt til raunverulegrar gengislækkunar. Hins vegar vantaði mikið upp á, að hún treysti sér til þess að stíga skrefið til fulls.

Annar megingalli mismunandi álaga á ýmsa þætti innflutnings og útflutnings felst í áhrifum þeirra á nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þegar greiddar eru mismunandi háar bætur til hinna ýmsu greina útflutningsframleiðslunnar, verður það til þess, að vinnuafl og fjármagn beinist mun meira en ella mundi verða til þeirra framleiðslugreina, sem hæstra bóta njóta, en frá hinum, sem búa við verri kjör. Þegar við þetta bætist, að uppbætur eru alltaf ákveðnar hæstar til þeirra greina, sem borga sig verst, er augljóst, að afleiðingin er sú að örva vöxt þeirra atvinnugreina, sem óhagkvæmastar eru, á kostnað þeirra, sem hafa lægstan framleiðslukostnað.

Áhrif hinna misháu gjalda á innflutningi eru alveg hliðstæð. Þau valda því til dæmis, að óeðlilega mikið er notað af innfluttum rekstrar- og fjárfestingarvörum, sem haldið er í lágu verði, en jafnframt verður framleiðsla slíkra vörutegunda hér innanlands svo að segja ómöguleg, þar sem keppa verður við innfluttar vörur, sem raunverulega er haldið langt fyrir neðan eðlilegt verð. Um þessa og aðra galla þess misræmis, sem felst í uppbótakerfinu, skal ég ekki ræða frekar, en vísa til greinargerðarinnar. Á það hefur verið bent þráfaldlega af hagfræðingum, en jafnframt var þetta sjónarmið í rauninni viðurkennt af vinstri stjórninni, þegar hún lagði fram frv. sitt um útflutningssjóð vorið 1958. Þar var sagt, að frv. miðaði að því „að jafna aðstöðu þeirra atvinnuvega, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris" og „að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis". Þetta er órækt vitni um, að sú hæstv. ríkisstj. skildi,

að hverju bar, hún skildi, út á hvaða feigðarbraut við vorum komnir. Hún hlaut að skilja, að þessi feigðarganga, ef hún var ekki stöðvuð hæfilega í tæka tíð, hlaut að leiða til þess, að við steyptumst fram af glötunarbarminum. En hér fór eins og áður, að vinstri stjórnina skorti einurð til þess að fylgja þessari hugsun eftir til rökréttrar niðurstöðu og framkvæma hana. Þess vegna voru í því kerfi, sem hún kom á fót, fólgnir veikleikar, sem hún sjálf hafði gert sér grein fyrir og hlutu að verða kerfinu öllu til falls, áður en mjög langt um liði.

Ég hef nú rakið meginvandamálin, sem þjóðin á nú við að glíma, og gert grein fyrir helztu einkennum uppbótakerfisins. Sú mynd, sem þannig blasir við okkur, er óneitanlega miklu óhugnanlegri en mig hafði jafnvel fyrir tveimur mánuðum óraði fyrir, en höfuðþættir hennar eru þessir:

Í fyrsta lagi hafa Íslendingar eytt miklu meira en þeir hafa aflað á undanförnum árum og á síðustu 5 árum haft greiðsluhalla við útlönd, sem nemur 1100 millj. kr. Af þessu hefur svo leitt stórfellda skuldasöfnun við útlönd og greiðslubyrði, sem hefur vaxið úr 3% gjaldeyristeknanna á árunum 1951—55 upp í rúm 9% á árinu 1959 og verður samkv. áætlun 11—12% árið 1961. Ég skýt því hér inn í, að það þykir óhóflegt, ef þessi greiðslubyrði fer yfir 5%, og 3% var hún hjá okkur á árunum 1951—55. Er varla finnanleg í heiminum þjóð með svo þunga greiðslubyrði, enda er lánstraust Íslendinga nú þrotið eða á þrotum að óbreyttri stefnu. Jafnframt hefur öllum gjaldeyrisforða þjóðarinnar verið eytt og gjaldeyrisskuldum safnað, unz öll eðlileg gjaldeyrisverzlun er komin í strand. Er jafnvel vafasamt, hvort finnast muni í allri veröldinni ein eða tvær þjóðir, sem eru eins illa staddar í þessum efnum og við. M. ö. o.: greiðslubyrði Íslendinga er verri en nokkurrar annarrar þjóðar, sem við þekkjum, ef til vill með einni undantekningu. Gjaldeyrisstaðan er líka miklu verri en við þekkjum nokkur dæmi til, ef til vill með einni eða tveimur undantekningum. Þetta er óhugnanleg og sorgleg mynd. En það verður að horfast í augu við hana.

Í öðru lagi leiðir könnun uppbótakerfisins það berlega í ljós, að með því að greiða hlutfallslega miklu hærri bætur á útflutning en nemur þeim gjöldum, sem tekin eru af innflutningi, er aðeins hægt að ná jöfnuði með því að hafa stórfelldan greiðsluhalla, sem leyfir miklu meiri innflutning en gjaldeyristekjum þjóðarinnar nemur. Uppbótakerfið nærist m. ö. o. á greiðsluhallanum og fær ekki staðizt án hans.

Í þriðja lagi er nú svo komið, að við getum ekki haldið áfram á þessari braut. Jafnvel þótt við vildum stefna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða með því að greiða halla útflutningssjóðs með stórkostlegri skuldasöfnun erlendis, er sú leið lokuð af þeirri einföldu ástæðu, að lán eru ekki lengur fáanleg, nema við breytum um stefnu í efnahagsmálum.

Í þessu felst í raun og veru alger dauðadómur uppbótakerfisins, og eru þó margir stórgallar þess ótaldir enn. Það væri óðs manns æði að reyna að halda við slíku kerfi, en þegar við það bætist, að þau erlendu lán, sem eru lífsblóð þess, eru alls ekki fáanleg, er niðurstaðan óumflýjanlega sú, að það verði að afnemast og taka verði upp nýja stefnu.

Ég vænti, að menn skilji, að kerfi, sem algerlega byggist á lántökum, er dauðadæmt, þó ekki væri af öðrum ástæðum en þeim, að lán eru ekki fáanleg, og það liggur fyrir. En auk þess ber það krabbameinið í sér af öðrum ástæðum, þótt þessu væri ekki til að dreifa.

Af þessum ástæðum öllum telur ríkisstj., eins og segir í grg., „það ekki álitamál, að nauðsynlegt sé að afnema uppbóta- og gjaldakerfið og leiðrétta gengisskráninguna að fullu. Hitt er ríkisstjórninni vel ljóst, að þetta verður ekki gert nema með víðtækum breytingum á öllu efnahagslífinu. Þessar breytingar eru erfiðar í framkvæmd vegna þess, hve víðtækar þær eru og hversu mjög þær snerta hagsmuni allra stétta þjóðfélagsins". Og síðar segir: „Það er vegna þess, að ríkisstjórnin er sannfærð um, að þjóðarvoði sé fyrir dyrum, ef slíkar ráðstafanir eru ekki gerðar, að hún gerir tillögur um víðtækari ráðstafanir í efnahagsmálum en gerðar hafa verið hér á landi síðasta áratuginn a. m. k."

Ég mun nú, áður en lengra er haldið, gera grein fyrir meginatriðum þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur markað til viðreisnar í efnahagsmálum Íslendinga. Hér er um að ræða heildaráætlun margþættra, en innbyrðis samræmdra aðgerða, enda þótt þær birtist Alþingi í mörgum frv., sem ekki eru öll lögð fram samtímis. Skipta má þessum fyrirætlunum í 6 höfuðþætti:

Í fyrsta lagi er leiðrétting gengisskráningarinnar. Uppbótakerfið verði lagt niður með öllu og útflutningssjóður gerður upp, en í stað þess skráð raunhæft gengi íslenzku krónunnar, er geti annars vegar tryggt, að jafnvægi náist í viðskiptum þjóðarinnar út á við, en hins vegar skapað útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll.

Í öðru lagi verði gerðar róttækar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum verðbreytinga, sem af leiðréttingu gengisskráningarinnar leiðir, á lífskjör almennings. Með þessum og öðrum ráðstöfunum verður leitazt við að dreifa byrðunum sem réttlátast á þegna þjóðfélagsins í því skyni, að hægt sé með sanngirni að ætlast til þess, að almennt kaupgjald haldist óbreytt. Er einkum ætlunin með auknингu fjölskyldubóta og elli- og örorkulífeyri að draga úr áhrifum verðhækkana á lífskjör almennings og um leið að sjá svo um, að þeir, sem við kröppust kjör búa, svo sem barnmargar fjölskyldur, öryrkjar og aldrað fólk, haldi kjörum sínum sem næst óskertum, enda verða niðurgreiðslur innlends vöruverðs einnig hækkaðar nokkuð til að koma í veg fyrir sérstaklega mikla hækkun á nokkrum innfluttum nauðsynjavörum, svo sem kornvörum, sykri og kaffi.

Í þriðja lagi verður reynt að koma í veg

fyrir nýtt kapphlaup kaupgjalds og verðlags. Í því skyni er lagt til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Hins vegar eru engin ákvæði um að lögbinda grunnkaup, enda telur ríkisstj., að það eigi að vera hlutverk samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að kauphækkanir geti á næstunni ekki orðið til neins annars en að raska því efnahagslega jafnvægi, sem reynt er að koma á með þessum ráðstöfunum. Kauphækkanir geta þá fyrst orðið réttlætanlegar og launþegum sjálfum til hagsbóta, þegar sýnt er, að aukin afköst og bætt afkoma atvinnuveganna leyfa þær.

Í fjórða lagi verði gerðar róttækar ráðstafanir gegn verðþenslu. Mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að Seðlabankinn og aðrar lánsstofnanir taki upp nýja stefnu í peningamálum, sem komi í veg fyrir óhóflega útlánaaukningu bankanna, er komið gæti af stað nýrri verðbólguþróun og jafnvægisleysi í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd.

Í fimmta lagi verði stefnt að því að afnema haftakerfið og koma á verulegu viðskiptafrelsi. Er lagt til að afnema innflutningsskrifstofuna og gefa mikinn hluta innflutningsins frjálsan í því skyni að draga úr skriffinnsku og misrétti haftakerfisins, auka vöruval og gæði og skapa samkeppni og heilbrigt aðhald hjá framleiðendum og verzlunarfyrirtækjum.

Í sjötta lagi fari fram víðtæk endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs. Er hér aðallega um tvennt að ræða. Annars vegar eru breytingar, sem leiðir af niðurlagningu útflutningssjóðs, en ríkissjóður tekur við niðurgreiðslum innlends vöruverðs af honum, svo og ýmsum sérstökum tekjustofnum þar á móti. Hins vegar eru ráðgerðar víðtækar breytingar á skattakerfinu, með því að afnuminn verður með öllu almennur tekjuskattur af almennum launatekjum, svo og sá 9% söluskattur, sem nú leggst á ýmsar vörur og þjónustu, en í staðinn verði lagður á nýr söluskattur, en hluti hans renni til sveitarfélaga til þess að gera mögulega nokkra lækkun útsvara.

Um tvo síðustu þættina, sem ég hef nefnt, verður fjallað annars vegar í frv. um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, sem bráðlega verður lagt fyrir Alþingi, en hins vegar fjárlagafrv. og þeim umræðum, sem um það verða eftir nokkra daga. Mun ég því að mestu leiða þessa hlið málanna hjá mér, en vísa til þess, sem um þau er sagt í hinni almennu greinargerð, sem þessu frv. fylgir. Um aðra höfuðþætti þessarar heildarstefnu er fjallað í því frv., sem hér liggur fyrir, að meira eða minna leyti, og mun ég nú ræða þá nokkru nánar, en stikla þó aðeins á stóru og vísa um mörg einstök atriði til greinargerðarinnar fyrir frv. í heild og einstökum greinum þess.

1. gr. frv. fjallar um það, að hið nýja gengi íslenzku krónunnar verði 38 kr. hver Bandaríkjadollar. Gengi þetta hefur verið miðað við það, eins og segir í frv., „að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, bátaútvegurinn á þorskveiðum, beri það sama úr býtum og hann gerir með þeim útflutningsbótum, sem nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum". Þessar bætur eru nú 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisks og samsvara genginu 31.63 kr. á dollar, en hækkunin upp í það gengi, sem fyrirhugað er, er nauðsynleg til þess að bæta útveginum aukinn tilkostnað, sem af gengisbreytingunni leiðir. Þessi hækkun kostnaðar er svona mikil vegna þess, að útvegurinn hefur hingað til fengið rekstrarvörur sínar og framleiðslutæki með 55% yfirfærslugjaldi, þ. e. a. s. á gengi, sem samsvarar rúmlega 25 kr. á dollar. Enn fremur hefur verið tekið tillit til fyrirsjáanlegra breytinga á verðlagi og sölu íslenzkra afurða erlendis, þar á meðal þess verðfalls, sem orðið hefur á fiskmjöli.

Ef meta á, hve mikil þessi gengislækkun er, er eðlilegast að bera saman við það meðalgengi, sem nú gildir um útflutning, en það er 30.36 kr. á dollar. Miðað við það er gengislækkunin um 20%, en minni, ef miðað er við þær greinar útflutningsins, sem beztra kjara njóta. Í innflutningi er gengislækkun hins vegar allmiklu meiri. Sé miðað við hið almenna gengi, sem nú er á innflutningi, þ. e. a. s. 55% yfirfærslugjald, sem samsvarar 25.30 kr. á dollar, þá nemur gengislækkunin 34%. Þessi mismunur stafar af því, að afnema verður nú það misræmi milli meðalgjalda af innflutningi annars vegar og meðalbóta til útflutnings hins vegar, sem er hættulegasti galli uppbótakerfisins. Af honum hefur leitt halla hjá útflutningssjóði, sem aðeins hefur verið auðið að halda innan viðráðanlegra takmarka með sífelldri skuldasöfnun við útlönd.

Um leið og hið nýja gengi kemur til framkvæmda, falla niður allar sérstakar bætur úr útflutningssjóði, og munu þá allar framleiðslugreinar njóta sama verðs á erlendum gjaldeyri. Þetta þýðir, að þær greinar sjávarútvegsins, sem hingað til hafa fengið lægri útflutningsuppbætur, fá með þessu bættan rekstrargrundvöll. Þessi jöfnun á aðstöðu atvinnugreina er ekki aðeins almennt réttlætismál og til lengdar nauðsynleg, ef beina á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins inn á þær brautir, sem hagkvæmastar eru, heldur hefur einnig þróunin undanfarið orðið þess valdandi, að rekstrarafkoma megingreina sjávarútvegsins hefur jafnazt verulega frá því, sem áður var. Kemur þar sérstaklega til, að afli togaraflotans hefur rýrnað stórlega að undanförnu og þá einkum vegna útfærslu landhelginnar, svo að togaraútgerðin þolir ekki lengur að búa við lakara gengi en bátaútvegurinn, sérstaklega ekki, ef hægt á að vera að búa togarasjómönnum sambærileg kjör við það, sem aðrir sjómenn njóta. Enn fremur hefur að undanförnu orðið mikið verðfall á bræðslusíldarafurðum, sem þegar hefur rýrt verulega rekstrargrundvöll síldarútvegsins.

Í sambandi við það, að tekin er upp eðlileg gengisskráning og uppbótakerfið afnumið, koma upp þrjú sérstök vandamál, sem ekki verður komizt hjá að leysa.

Hið fyrsta þessara vandamála er sá halli, sem kemur í ljós, um leið og útflutningssjóður

er lagður niður. Þetta stafar af því, að útflutningssjóður hefur ætíð greitt bætur á útflutning nokkrum tíma eftir að gjaldeyrisskil hafa farið fram. Hefur þetta sumpart stafað af því, að það hlýtur að taka nokkurn tíma að afla þeirra gagna, sem þarf í sambandi við bótagreiðslur, sumpart hefur verið um venjubundinn frest að ræða, og loks hefur stundum staðið á fé hjá útflutningssjóði. Með þessu hefur í rauninni hluta af bótabyrðinni verið velt yfir á framtíðina, og um leið og bótakerfið er lagt niður og tekjustofnar þess hverfa, er ekki lengur um að ræða neitt fé til að greiða þessar skuldbindingar, sem orðnar eru til vegna gjaldeyris, sem skilað hefur verið, en ekki hafa verið greiddar bætur á. Um síðustu áramót áætlaði stjórn útflutningssjóðs þessar skuldbindingar um 270 millj. kr., og hafa þær varla minnkað síðan. Þennan bakreikning uppbótakerfisins verður nú að greiða og það sem fyrst, því að þetta er raunar fjármagn, sem bundið er fyrir útflutningsatvinnuvegunum og þeir mega illa án vera. Hefur því ríkisstj. gert till. um tvo tekjustofna í því skyni að greiða þennan halla.

Í fyrsta lagi verður sú regla látin gilda, sbr. bráðabirgðaákvæði frv., b- og d-lið, að útflutningsafurðir, sem framleiddar hafa verið fram til 15. febr. 1960, verði greiddar útflytjendum á gamla genginu að viðbættum þeim uppbótum, sem í gildi voru, þegar þær voru framleiddar. Er þetta í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefur verið, þegar útflutningsbætur hafa verið hækkaðar á undanförnum árum, en með þeim er komið í veg fyrir, að sá gengishagnaður, sem verður á birgðum útflutningsafurða, falli útflytjendum í skaut, en það er sama regla og gilda mun um allar aðrar vörubirgðir. Sá mismunur, sem þannig skapast milli nýja gengisins á þeim útflutningsvörubirgðum, sem í landinu verða 15. febr. n. k., og þess gengis ásamt bótum, sem þær verða gerðar upp með, mun samkv. áætlun nema um 150 millj. kr. Er gert ráð fyrir, að þessi upphæð gangi upp á móti þeim 270 millj. kr. halla hjá útflutningssjóði, sem ég áður nefndi. Mun þá enn vanta um það bil 120 millj., til þess að útflutningssjóðshallinn verði að fullu greiddur.

Ríkisstj. leggur til í 8. gr. frv., að fjár verði aflað með því að leggja 5% skatt á allan útflutning, en áætlað er, að slíkur skattur muni á þessu ári gefa um 120 millj. kr., enda verði hann úr gildi felldur, þegar eftir að skuldbindingar útflutningssjóðs eru að fullu greiddar, nema því aðeins að aðstæður hafi þá breytzt mjög verulega frá því, sem nú er.

Eins og ég skýrði frá áðan, er hið nýja gengi við það miðað, að hagur bátaútvegsins á þorskveiðum verði hinn sami og hann er með núgildandi bótum. Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. telur engu að síður, að útflutningsatvinnuvegirnir geti borið þennan skatt, felst einkum í því, að þeir munu um nokkurt skeið, eftir að hið nýja gengi tekur gildi, búa að rekstrarvörum, sem keyptar voru á gamla genginu. En meira máli skiptir hitt, að útreikningar um afkomu bátaútvegsins á nýja genginu eru við það miðaðir, að hægt sé að fyrna hæfilega framleiðslutæki útflutningsatvinnuveganna, er keypt verða á nýja genginu.

Þegar til lengdar lætur, er þetta að sjálfsögðu skilyrði heilbrigðs rekstrar. En fyrst í stað ætti það þó ekki að vera nauðsynlegt, þar sem fá framleiðslutæki, sem keypt eru á nýja genginu, verða í notkun. Ríkisstj. gerir hins vegar ráð fyrir, að þegar að því kemur, að útflutningsskatturinn verði niður felldur, þurfi útflutningsatvinnuvegirnir á honum að halda, ef tryggja á heilbrigðan rekstur að óbreyttum aðstæðum. Afnám hans mun því ekki skapa möguleika til launahækkana í útflutningsframleiðslunni, nema verulegar aðrar breytingar, svo sem aukning framleiðsluafkasta, hafi þá átt sér stað.

Annað vandamálið er fólgið í áhrifum þeim, sem gengisbreyting mun hafa á tekjur Íslendinga af varnarliðinu. Orsakir þessa vandamáls eru þær, að með útflutningssjóðsl. frá 1958 var svo frá gengið, að varnarliðið varð að selja gjaldeyri á skráðu gengi eða fyrir rúmar 16 kr. dollarann, en svo að segja allir aðrir aðilar fengu a. m. k. 55% yfirfærslubætur, sem samsvarar rúmum 25 kr. á dollar. Þetta fyrirkomulag hafði tvær meginafleiðingar: Annars vegar, að tekjur Íslendinga í dollurum af varnarliðinu urðu meiri en ella hefði orðið við sömu útgjöld í íslenzkum krónum. Hins vegar hafði það í för með sér mikla tekjuaukningu fyrir útflutningssjóð, að inn kom svo mikill gjaldeyrir, sem ekki þurfti að greiða bætur á, en aftur var seldur með yfirfærslugjaldi og öðrum álögum í útflutningssjóð.

Það var flestum auðvitað frá upphafi ljóst, að þetta fyrirkomulag gæti ekki staðið nema skamma hríð, þar sem það var ekki í samræmi við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Ísland er aðili að, enda andstætt öllum venjum um jafnrétti í alþjóðaviðskiptum. Fyrir Íslendinga hlaut það þar að auki að vera mjög hættulegt, ef slíkt fyrirkomulag stæði til langframa, þar sem með því var verið að gera efnahagskerfi Íslendinga óeðlilega háð tekjum frá varnarliðinu, ekki aðeins gjaldeyrislega, heldur líka fjárhagslega. Ég tel því afnám þessa misræmis, sem þarna hefur átt sér stað, ekki galla, heldur raunverulega kost á þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera. Efnahagskerfi, sem þarf annars vegar á stórfelldum erlendum lántökum og hins vegar á algerlega óeðlilegri tekjuöflun frá erlendu varnarliði að halda til að geta starfað, er bæði hættulegt og ósamboðið þjóð, sem vill vera öðrum óháð og frjáls gerða sinna.

Á hinn bóginn er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að sú breyting, sem á sér stað með þessu, er erfið fyrir Íslendinga, a. m. k. fyrst í stað. Varðandi þessar greiðslur er í rauninni verið að framkvæma tvær gengislækkanir í einu stökki, og afleiðingin hlýtur að koma í ljós í minni dollaratekjum af varnarliðinu. Það er að sjálfsögðu þeim mun tilfinnanlegra að taka á sig þessa byrði nú, að hún kemur samtímis þeim víðtæku aðgerðum í efnahagsmálum, sem nú eru fyrirhugaðar.

Ríkisstj. þótti þess vegna rétt, að fram færu viðræður við fulltrúa stjórnar Bandaríkjanna um þessi mál, og var þar farið fram á sérstaka fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum til þess að koma í veg fyrir þá gjaldeyrisörðugleika, sem ella kynni að leiða af þessum tekjumissi og hættulegir gætu orðið framkvæmd efnahagsaðgerðanna.

Ríkisstj. telur sig hafa fengið í þessum viðræðum nægileg fyrirheit varðandi slíka aðstoð til þess að telja tryggt, að viðunandi lausn fáist á þessu vandamáli.

Þriðja vandamálið, sem ég ætla að drepa á, er það, að fyrirsjáanlegt er stórfellt gengistap á reikningum bankanna vegna gengisbreytingarinnar. Er það sérstaklega mikið vegna þess, að allir gjaldeyrisliðir eru þar færðir á skráðu gengi, en mikill hluti þessa gengistaps er við Greiðslubandalag Evrópu og því á nafni ríkissjóðs sjálfs. Í 5. gr. frv. er lagt til, að allur gengismunur, er myndast hjá bönkunum, svo og gengistap ríkissjóðs vegna Greiðslubandalagsins verði fært á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þetta er að sjálfsögðu fyrst og fremst bókfærsluatriði, þar sem ekki er um að ræða tap í venjulegum skilningi. Hins vegar er heppilegra að komast hjá því að þurfa að lækka verulega bókfært fé bankanna og rýra þannig um leið traust þeirra út á við og útlánagetu inn á við. Þetta fyrirkomulag er einnig eðlilegt vegna þess, að árið 1950 var gengiságóðinn af bönkunum tekinn, og þar að auki er orsök gengistaps nú fyrst og fremst sú, að söfnun gjaldeyrisskulda bankanna út á við hefur beinlínis stuðlað að því að auka tekjur útflutningssjóðs.

Sný ég mér þá að öðrum þætti þessara mála, en það eru áhrif gengisbreytingarinnar á verðlag og lífskjör og hvað hægt sé að gera til að draga úr þeim áhrifum. Það er óumflýjanlegt, að breyting gengisskráningarinnar hafi áhrif til verulegrar hækkunar á verðlagi, en haldið verður ströngu verðlagseftirliti til þess að koma í veg fyrir, að verðhækkanir verði nokkru sinni meiri en réttlætanlegt getur talizt vegna aukins kostnaðar.

Þær vörur, sem fluttar hafa verið inn með 30% yfirfærslugjaldi, mundu hækka tiltölulega meira en aðrar vörur, en þar sem hér er um að ræða ýmsar brýnar nauðsynjar, telur ríkisstj. óhjákvæmilegt í bili að draga úr hinni miklu stökkbreytingu verðlags, sem þarna mundi eiga sér stað, með því að greiða nokkrar þessara vara niður, en segja má, að mismunur 30% og 55% yfirfærslugjaldsins hafi í raun og veru jafngilt venjulegri niðurgreiðslu.

Samkvæmt áætlun hagstofunnar er sennilegt, að meðalhækkun innfluttra vara, sem koma inn í vísitölu framfærslukostnaðar, verði um 25%. Innlendar landbúnaðarafurðir munu væntanlega hækka um 12% og byggingarkostnaður um 10—11%. Reiknað er með því, að heildaráhrif gengisbreytingarinnar á vísitölu framfærslukostnaðar verði til hækkunar um 13%.

Þessi 13% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar sýnir raunverulega þau áhrif, sem gengisbreytingin mundi hafa á lífskjör almennings, svo framarlega sem engar ráðstafanir yrðu gerðar samhliða. Svo mikil hækkun framfærslukostnaðar yrði öllum almenningi að sjálfsögðu mjög þungbær, og telur ríkisstj. því óhjákvæmilegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til að vega upp á móti slíkri skerðingu lífskjara og þá sérstaklega að því er varðar lífskjör barnmargra fjölskyldna, öryrkja og aldraðs fólks. Leggur ríkisstj. til, að þetta sé gert fyrst og fremst með því að stórauka fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri og aðrar svipaðar greiðslur almannatrygginga, auk þess sem greitt verði niður verð nokkurra innfluttra vörutegunda, svo sem kornvara, sykurs og kaffis, eins og ég hef áður getið. Verður sérstakt frv. um aukningu bóta samkv. lögum um almannatryggingar lagt fyrir Alþingi innan fárra daga. Er þar m. a. lagt til, að greiddar verði 2600 kr. með hverju barni. Samkvæmt útreikningum munu þessar fjölskyldubætur jafna að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér fyrir fjölskyldu með 60 þús. kr. árstekjur, þar sem börnin eru 3 eða fleiri. Jafnframt mun heildarhækkun ellilífeyris nema um 44%, og er hún við það miðuð að bæta ellilífeyrisþegum að fullu þá kjaraskerðingu, sem verðhækkunin ella mundi valda þeim. Aukning fjölskyldubóta og niðurgreiðsla á innfluttum neyzluvörum, svo og fyrirhuguð niðurfelling námsbókagjalds, mun hafa áhrif til lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar um um það bil 10%, svo að hækkun hennar verður aðeins 3% í stað 13%. Með þessum ráðstöfunum telur ríkisstj. vera gengið eins langt til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjör almennings — og þá sérstaklega á það fólk, sem við erfiðust kjör býr — og frekast er kostur. Jafnframt eru í þessum ráðstöfunum fólgnar raunverulegar breytingar á tekjuskiptingu þjóðarinnar, þar sem þær koma fyrst og fremst barnafjölskyldum, öldruðu fólki og öryrkjum til góðs, en fjár til þess að standa straum af þeim er aflað með sköttum og tollum, sem einkum eru bornir af öðrum. Það mun einnig vega verulega á móti hækkun verðlags og bæta kjör launafólks, að fyrirhugað er að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum og lækka útsvör. Mun fjölskylda með 3 börn og allt að 100 þús. kr. tekjur verða með því algerlega undanþegin tekjuskatti. — Ég tek það fram, að til þessarar staðreyndar hefur ekki verið tekið tillit í þeim útreikningum, sem ég hef nefnt um hækkun vísitölunnar og niðurgreiðslu.

Með þeim ráðstöfunum, sem ég nú hef lýst og hafa það markmið að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á hag almennings og þá sérstaklega þeirra, sem við erfiðust kjör búa, vill ríkisstj. leitast við að leggja sem réttlátastan grundvöll í launamálum, í því skyni að almenningur geti sætt sig við þær verðhækkanir, sem gengisbreytingunni fylgja, án sérstakra launahækkana. Ríkisstj. vill umfram allt koma í veg fyrir, að á ný hefjist kapp-

hlaup milli kaupgjalds og verðlags, enda sýnir reynsla undanfarinna ára ótvírætt, að slíkt ástand er ekki aðeins hættulegt fyrir efnahagslegt jafnvægi, heldur ekki síður fjandsamlegt hagsmunum launþega. Kaupbreytingar, sem óðar en varir eru étnar upp af nýjum verðhækkunum, skapa sífellt verðbólguástand, sem hefur í för með sér margs konar misrétti og afkastarýrnun.

Raunverulegar kjarabætur handa launþegum geta aðeins átt sér stað með tvennu móti: aukningu framleiðsluafkastanna og breyttri skiptingu þjóðarteknanna. Það þýðir það, að ekki er nóg að auka smálestatölu þess fisks, sem á land berst, heldur verður líka að hafa fulla hliðsjón af, hver tilkostnaðurinn er við það. Annars væri gátan mjög auðleyst.

Með ráðstöfunum sínum, einkum til aukningar á bótum almannatrygginga, telur ríkisstjórnin sig hafa gengið eins langt og unnt er til að breyta skiptingu þjóðarteknanna efnaminnsta fólkinu í hag. Jafnframt hefur gengisbreytingin sjálf verið höfð eins lítil og unnt var til þess að koma í veg fyrir meiri kjararýrnun en mögulegt var að komast af með. Það er þess vegna meginstefna ríkisstj. að beita sér fyrir því, að almennt kaupgjald verði óbreytt, þangað til aukin framleiðsla og bætt afkoma atvinnuveganna gerir það kleift að hækka laun, án þess að því fylgi verðhækkanir, sem geri launahækkunina að engu. Aðeins með slíkri afkastaaukningu er til lengdar hægt að bæta raunverulega afkomu launþega.

Í samræmi við þessi sjónarmið hefur ríkisstj. lagt til í 23. gr. frv., að allar vísitöluuppbætur á laun leggist niður. Varðandi grunnlaun eru hins vegar engin ákvæði í frv., enda er það skoðun ríkisstj., að samningar um grunnkaup og kjör eigi að fara fram milli atvinnurekenda og samtaka launþeganna án aðildar ríkisvaldsins.

Það er nauðsynlegt að hverfa frá því ástandi, sem ríkt hefur hér um mörg undanfarin ár, að atvinnurekendur væru reiðubúnir til þess að veita kauphækkanir á þeim grundvelli einum, að þeir mundu fá aukinn kostnað bættan með hækkuðum útflutningsuppbótum eða hærra vöruverði. Með afnámi uppbótakerfisins er slíkt ekki lengur mögulegt, þar sem útvegurinn getur ekki lengur fengið kauphækkanir bættar með aukningu uppbóta. Sama regla verður látin gilda um innlenda framleiðslu. Iðnrekendur og aðrir geta því aðeins fallizt á hærra kaup, að þeir hafi bolmagn til að greiða það án þess að hækka vöruverð.

Ég sný mér þá að þeim aðgerðum, sem fyrirhugaðar eru í peningamálum. Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga, sem ríkisstj. hefur ráðgazt við, og raunar almennt viðurkennt lögmál allra sérfræðinga, að hin óhóflega útlánaaukning bankanna sé næst uppbótakerfinu meginorsök hins þráláta jafnvægisleysis, sem verið hefur í íslenzkum efnahagsmálum undanfarin ár og gleggst lýsir sér í greiðsluhallanum við útlönd. Það er að sjálfsögðu tilgangslítið að reyna að ná jafnvægi í efnahagsmálunum með því að skapa framleiðsluatvinnuvegunum hæfilegan rekstrargrundvöll og að fara fram á það við almenning, að hann sætti sig við óbreytt kaup, ef útlán bankanna aukast stöðugt og dælt er inn í hagkerfið nýrri eftirspurn í formi látlausrar peningaþenslu. Afleiðingin hlýtur annars vegar að vera greiðsluhalli og hins vegar umframeftirspurn innanlands, sem fyrr eða síðar hrindir af stað verð- og kauphækkunaröldu. Þróunin, síðan útflutningssjóðsl. 1958 voru sett, er gott dæmi um þetta, enda var þá engin tilraun gerð til þess að móta heilbrigða stefnu í peningamálum. Það fór líka svo, að útlánin jukust um 20% árið 1958 og um það bil 17% árið 1959, enda þótt þá væri stöðugt verðlag. Þessi útlánaaukning átti að verulegu leyti rót sína að rekja til reglubundinna endurkaupa Seðlabankans á afurðalánum, sem jukust um hvorki meira né minna en 90% á árunum 1958 og 1959. Þetta er geigvænleg þróun.

Ríkisstj. telur þess vegna óumflýjanlegt, að í sambandi við framkvæmd þessara aðgerða verði gripið til ráðstafana í peningamálum, sem tryggi, að áframhaldandi peningaþensla eigi sér ekki stað og eftirspurnin innanlands aukist ekki umfram það, sem aukin framleiðsla gerir þjóðarbúinu kleift að standa undir. Í þessu skyni mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að Seðlabankinn og aðrar lánastofnanir framfylgi samræmdri stefnu í peningamálum, er tryggi, að þessum markmiðum verði náð. Hér er í raun og veru um tvenns konar aðgerðir að ræða.

Í fyrsta lagi verður reynt að búa svo um hnútana með beinni takmörkun útlána, að útlánaaukningin verði ekki umfram þá eðlilegu sparifjáraukningu, sem á sér stað í bankakerfinu. Það, sem fyrst og fremst þarf að eiga sér stað til þess að tryggja þetta, er, að útlánaaukning sú, sem átt hefur sér stað frá Seðlabankanum og jöfnuð hefur verið með skuldasöfnun erlendis og aukinni seðlaveltu, verði stöðvuð. Í því skyni er óhjákvæmilegt, að svo verði búið um hnútana, að endurkaup afurðavíxla aukist ekki umfram það stig, sem þau eru nú komin á, og jafnframt verði svo frá gengið, að önnur útlánaaukning til bankakerfisins eða ríkissjóðs komi þar ekki í staðinn. Jafnframt mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að útlánaaukning viðskiptabanka og sparisjóða verði takmörkuð á árinu 1960 við 200 millj. kr., enda verði ekki ófyrirséðar breytingar á aflabrögðum eða útflutningsvörubirgðum. Meiri afli og meiri birgðir útflutningsvöru raska auðvitað þeirri ákvörðun, en aðeins í eðlilegu samræmi við þær breytingar.

Til þess er ætlazt, að bankar og sparisjóðir geti einir staðið undir þeirri aukningu rekstrarfjárþarfa atvinnuveganna, sem sigla mun í kjölfar þeirrar hækkunar á framleiðslukostnaði, sem gengisbreytingin hefur í för með sér, enda verður meginsjónarmiðið í stefnu þessara stofnana að vera að láta lán til rekstrar atvinnuveganna sitja fyrir lánum til fjárfestingar. Það mun verulega létta undir með viðskiptabönkunum að sjá fyrir þörfum útvegsins, að halli útflutningssjóðs verði fljótlega

greiddur upp með bráðabirgðaláni úr Seðlabankanum, en þar með losnar lánsfé hjá viðskiptabönkunum, sem þeir geta endurlánað útflutningsframleiðslunni. Þar að auki mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóðum, þar með taldar innlánsdeildir kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum, en það er ekki gert í því skyni, að þetta fé verði dregið úr umferð, heldur til þess að gera Seðlabankanum með þessu móti kleift að beina nokkrum hluta fjármagnsmyndunarinnar til þeirra lánsstofnana, sem mest þurfa á því að halda til þess að leysa úr aðkallandi þörf atvinnuveganna.

Annar meginþáttur stefnu ríkisstj. í peningamálum er svo að hækka vexti verulega til þess að koma á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðnum og að örva aukningu sparifjár.

Þegar verðlag fer hækkandi ár frá ári, eins og átt hefur sér stað hér á landi um langt skeið, getur svo farið, að vextir nægi ekki einu sinni til að bæta eigendum sparifjár þá rýrnun verðgildis þess, sem verðbólgan hefur í för með sér. Þegar gerðar eru slíkar ráðstafanir sem nú eru fyrirhugaðar, hljóta að fylgja þeim verðhækkanir, sem rýra enn verðgildi sparifjár, en hækka jafnframt í verði eignir þeirra, sem skulda, svo að þeir græða, samtímis því sem eigendur sparifjár tapa. Þegar á þetta er litið, er ekki nema sanngjarnt, að reynt sé að bæta úr þessu misrétti með hærri vöxtum til sparifjáreigenda, sem skuldararnir verða að sjálfsögðu að greiða. Ef slíkar ráðstafanir eru ekki gerðar, mundi gengisbreytingin óhjákvæmilega hafa í för með sér enn meiri ótta við að eiga sparifé og að sama skapi vaxandi ásókn í lán. Þess vegna er nauðsynlegt og raunar óhjákvæmilegt til þess að gera bönkunum kleift að halda útlánunum í skefjum og um leið að auka sparifjármyndunina, að vextir séu verulega hækkaðir.

Á það er rétt að benda, að undanfarin ár hafa fjöldamargar þjóðir beitt vaxtabreytingu með miklum árangri til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, enda hafa vextirnir þann mikla kost, að það er auðvelt að breyta þeim fyrirvaralítið til hækkunar og lækkunar, ef á þarf að halda, svo og að lækka þá strax aftur, þegar vaxtahækkunin hefur gegnt hlutverki sínu.

Í sambandi við þessa fyrirhuguðu vaxtabreytingu þótti óhjákvæmilegt að taka af tvímæli um túlkun þeirra lagaákvæða, sem nú eru í gildi um vexti, og fela ákvörðunarvald í þeim efnum ótvírætt Seðlabankanum, svo sem vafalaust var tilætlunin, þegar lögin um Seðlabankann voru sett árið 1957. Er þetta gert með ákvæðum 31. gr. Jafnframt er í 33. gr. frv. till. um það, að ákvörðunarvald Seðlabankans um bundnar innstæður og vexti banka og sparisjóða nái á sama hátt til annarra stofnana, sem reka hliðstæða starfsemi, þ. e. a. s. innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands. Að lokum er ríkisstj. í 32. gr. gefin heimild til að breyta vöxtum og lánstíma ýmissa fjárfestingarlánastofnana, ef ástæða þykir til vegna almennra vaxtabreytinga.

Síðasta atriðið í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ég mun minnast á sérstaklega, eru heimildir þær, sem farið er fram á í 29. og 30. gr., varðandi lántökur hjá Evrópusjóðnum og hækkun kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Til samans munu þessar heimildir gera ríkisstj. kleift að bæta við gjaldeyrissjóð Seðlabankans upphæð, er nemi samtals um 20 millj. dollara.

Það er nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að hér er ekki um að ræða lán, sem ætlazt er til að notuð séu til að jafna almennan greiðsluhalla við útlönd eða til framkvæmda. Þetta eru lán til skamms tíma og til þess eins ætluð að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum og jafna árstíðasveiflur í gjaldeyristekjum og gegna þannig í raun og veru sama tilgangi og gjaldeyrisvarasjóður. Þær tvær stofnanir, sem þessa lánsmöguleika veita, eru báðar alþjóðastofnanir, sem Íslendingar hafa lengi átt aðild að. Er það eitt meginhlutverk þeirra að styrkja þátttökuríkin, sem komast í greiðsluerfiðleika, með því að skapa þeim þannig gjaldeyrisvarasjóð, sem veiti þeim svigrúm til að koma í framkvæmd efnahagsaðgerðum, er leyst geti þau vandamál, sem við er að glíma. Hafa margar þjóðir leitað til þeirra á undanförnum árum í því skyni og stuðningur þessara stofnana átt þátt í að efla traust manna innanlands og ekki sízt erlendis á getu viðkomandi ríkis til að koma efnahagsmálum sínum á réttan kjöl.

Fyrir okkur Íslendinga, sem nú erum komnir í það óefni að eiga ekki aðeins engan gjaldeyrisvarasjóð, heldur vera búnir að nota til hins ýtrasta alla yfirdráttarmöguleika erlendis, er slík aðstoð algerlega ómissandi.

T. d. má nefna, að óumflýjanlegt er, ef taka á aftur upp eðlilega gjaldeyrisverzlun, að fé sé fyrir hendi til þess að mæta árstíðasveiflum í gjaldeyristekjum og gjöldum, en til þess getur þurft verulegar upphæðir í erlendum gjaldeyri, annaðhvort í formi gjaldeyrisvarasjóða eða slíkra lánsmöguleika. Auk þess eru atvinnuvegir okkar og markaðir háðir sveiflum, sem þurfa ekki að valda neinum vandræðum, ef gjaldeyrissjóður er fyrir hendi til að brúa bilið, en mundi við núverandi aðstæður skapa algert öngþveiti og allt að því stöðvun á yfirfærslum, eins og átti sér stað síðastliðinn desember, þegar Ísland var nærri komið í greiðsluþrot. En þær truflanir, sem það veldur á innflutningi, hljóta að valda alvarlegum framleiðslustöðvunum og atvinnuleysi.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um greiðslujöfnuð þessa árs, er alls ekki gert ráð fyrir, að þessir lánsmöguleikar verði notaðir á annan hátt en þann, sem ég hef lýst. Ríkisstjórnin stefnir þvert á móti að því, að enginn halli verði á greiðslujöfnuðinum fyrir utan lán til langs tíma, en að þau lán, sem hér um ræðir, verða aðeins notuð til að grípa til í skamman tíma eða sem gjaldeyrisvarasjóður.

En þótt þannig sé ekki ætlunin að nota þetta

fé sem eyðslueyri, telur ríkisstj. engu að síður það skipta höfuðmáli að hafa öðlazt það öryggi í gjaldeyrismálum, sem þetta veitir. Vegna þess telur hún vera framkvæmanlegt að losa mjög um innflutningshöft og létta þannig að miklu leyti hinni dauðu hönd hafta og skriffinnsku af atvinnulífi þjóðarinnar.

Ráðgert er, að innflutningsskrifstofan verði lögð niður og um 60% innflutningsins gefin algerlega frjáls. Þau höft, sem þá verða eftir, verða aðallega vegna nauðsynlegra framkvæmda jafnkeypissamninga. Raunveruleg takmörkun mun þess vegna varla ná til meira en 10—15% innflutningsmagnsins.

Ég hef nú gert grein fyrir nokkrum helztu atriðum þess frv., sem hér er til umræðu, og þeirrar nýju stefnu í efnahagsmálum, sem með því er mörkuð. Sú mynd, sem ég hef þannig leitazt við að draga upp, mun verða fyllri, eftir því sem fleiri frv. varðandi þessar ráðstafanir allar koma fram og betri tími hefur gefizt til að skýra þær og skoða frá öllum hliðum.

En stefnan er ljós. Hið dauðadæmda uppbótakerfi verður að gera upp, og koma verður á réttari skráningu íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri. Svo róttæk stefnubreyting getur aldrei orðið auðveld né sársaukalaus. Þjóðin verður að taka á sig þær byrðar, sem leiðir af leiðréttingu gengishallans gagnvart útlöndum. Jafnframt komumst við ekki hjá því að taka á herðar okkar arf uppbótakerfisins, annars vegar greiðslubyrðina af hinum þungu, erlendu skuldum og hins vegar hinar ógreiddu skuldbindingar útflutningssjóðs hér innanlands.

Vegna þess, hve þungar þessar byrðar eru, hefur ríkisstj. tekið þann kost að hafa gengislækkunina eins litla og hún framast taldi verjanlegt og í rauninni minni en ýmsar greinar útflutningsframleiðslunnar töldu nauðsynlegt. En þegar framkvæma þarf svona erfiðar aðgerðir, verður að skammta öllum naumt, og það er ekki hægt að láta fáa græða á því, sem er fjöldanum byrði.

Ríkisstj. mun því leitast við að draga sem mest úr kjararýrnun almennings og einkum þess fólks, sem lakast er sett í lífsbaráttunni, með sérstökum ráðstöfunum, svo sem fjölskyldubótum og skattlækkunum. Með því að dreifa byrðunum sem réttlátast vitum við, að lagður er traustasti grundvöllurinn fyrir skilningi almennings, sem ómetanlegur er, ef leiða á þessa stefnu fram til sigurs.

Um leið og afnumin er vísitölubinding launa, leggur ríkisstj. ábyrgðina á því að semja um kaup og kjör á samtök atvinnurekenda og launþega. Í þeim efnum mun ríkisstj. ráðleggja og leiðbeina, en hún mun hvorki kaupa menn né kúga til fylgis við þá stefnu kaupstöðvunar, sem hún telur óumflýjanlega nú um sinn. Hún væntir þess, að launþegar skilji nauðsynina, og það er engum hættulegra en þeim sjálfum, ef þær ráðstafanir, sem nú verða framkvæmdar, eru gerðar að engu með nýrri kaup- og verðhækkunaröldu. Jafnframt hefur verið reynt að skapa atvinnuvegunum viðunandi starfsskilyrði og meira athafnafrelsi en áður, en á móti kemur hitt, að atvinnurekendurnir verða sjálfir að taka ábyrgðina á rekstri fyrirtækja sinna, og telji þeir sig geta fallizt á kauphækkun, verða þeir sjálfir að geta greitt hana af afrakstri fyrirtækja sinna án hækkunar verðlags.

Gengislækkun er örlagarík skref, sem ríkisstj. stígur ekki með léttum hug. Hins vegar er nú svo komið, að hún er eina lausnin, og þá er líka nauðsynlegt, að hún verði framkvæmd af festu og gerðar allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til að tryggja, að hún nái tilgangi sínum. Ég vona, að allur almenningur skilji nauðsyn þess að slá skjaldborg um verðgildi íslenzku krónunnar og koma í veg fyrir, að sú saga endurtaki sig, sem gerzt hefur hér á landi undanfarið, þegar á hverju einasta ári var bitinn nýr biti úr verðgildi gjaldmiðilsins, án þess að nokkuð væri gert til að koma í veg fyrir áframhald þeirrar þróunar. Gengislækkun kann að virðast einkennileg leið til að vekja traust manna á gjaldmiðlinum, en sannleikurinn er sá, að þá fyrst er von til þess, að íslenzka krónan verði metin til jafns við annan gjaldeyri, þegar menn vita og skilja, að hún er skráð á sannvirði.

Ef sú mikla viðreisnaráætlun, sem ríkisstj. nú leggur fyrir Alþingi, nær þeim tilgangi, sem vonir standa til, og hann getur náðst á skömmum tíma, ef þjóðin sýnir aðgerðum stjórnarinnar skilning, þá er með því lagður grundvöllur að nýrri uppbyggingu atvinnuveganna á traustari grundvelli en við höfum þekkt um áratuga skeið. Íslendingar geta þá slegizt í fylgd með þeim fjölmörgu þjóðum hins frjálsa heims, sem á undanförnum árum hafa bætt lífskjör sín meir og örar en nokkru sinni fyrr. Það hlýtur að vera okkur öllum, sem beina og óbeina ábyrgð berum á því, að Ísland riðar nú á glötunarbarmi, svo að engu má muna, að fjárhagslegt og pólitískt frelsi þjóðarinnar glatist, meira gleðiefni en orð fá lýst.

Háttvirtir alþingismenn. Örlagastund er upp runnin í lífi þjóðarinnar, sem nú stendur á vegamótum. Okkar er að vísa veginn, marka stefnuna. Önnur leiðin liggur fram af glötunarbarminum, hin til aukins öryggis og bættra lífskjara.

Ég bið þing og þjóð að kynna sér málið til hlítar. Ríkisstj. og þinglið hennar telja valið vandalítið. Hinar framúrskarandi greinargóðu upplýsingar, sem sérfræðingar okkar hafa viðað að, sanna, svo að ekki verður um villzt:

1) Uppbótakerfið hlýtur fyrr en varir að færa yfir þjóðina geigvænlegt atvinnuleysi.

2) Til úrbóta er um ekkert val að ræða. Aðeins eitt kemur til greina: rétt skráning krónunnar.

3) Uni þjóðin aðgerðunum, bíða hennar góð og batnandi kjör.

Það er því höfuðtilgangur allra þessara aðgerða:

1) Að forða þjóðinni frá óhugnanlegu atvinnuleysi.

2) Að leitast við að krefjast þeirra einna

fórna af þjóðinni, sem með öllu eru óumflýjanlegar til að sporna gegn atvinnuleysinu, og gæta þess jafnframt gaumgæfilega, að þeim verði alls ekki íþyngt, sem minnst hafa burðarþolið.

3) Að opna þjóðinni leið til batnandi lífskjara.

Ríkisstjórnin biður þing og þjóð um aðstoð til að bjarga þjóðinni frá voðanum. Og jafnvel þá, sem líta úrræðin öðrum augum en við gerum, sem að þeim stöndum, biðjum við um að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm.

Mitt mat er, að þessi úrræði komi að haldi, ef þjóðin tekur þeim vel, annars ekki. Mistakist þau, blasa við miklir örðugleikar og langvarandi. Enginn ætti að sækjast eftir að bera ábyrgð á þeim.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í tíð fyrrv. ríkisstj. s. l. haust, eftir kosningarnar, þegar auðséð var, að þeir, sem völdin höfðu, töldu, að það þyrfti að gera nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum, og látið var að því liggja, að þær væru stórfelldar, fór ég fram á það við háv. hæstv. forsrh., að ég fengi f. h. Framsfl. aðgang að þeim upplýsingum, sem verið var þá strax að safna saman til afnota við ákvarðanir í þessum málum. Mér var kunnugt um, að efnahagsráðunautur ríkisstj. hafði þá þegar gert skýrslur til hennar. En mér var af fyrrv. forsrh. neitað um aðgang að þessum upplýsingum.

Þegar núv. ríkisstj. tók við og það sama var látið í veðri vaka, að mikils þyrfti við, og mér var kunnugt um, að nýjar skýrslur voru gerðar eða var verið að gera og jafnvel höfðu að sumu leyti verið notaðar af ríkisstj. til þess að gefa — að vísu mjög ófullkomnar upplýsingar —, fór ég fram á það sama við núv. ríkisstj. og með sama árangri. Ég hef ekki getað fengið neinar upplýsingar frá henni um þau efni, sem hagfræðilegir ráðunautar ríkisstj. hafa dregið saman, enda þótt þeir að sjálfsögðu vinni þau störf ekki sem neinir einkaþjónar hæstv. ráðherra, heldur sem launaðir starfsmenn ríkisins.

Niðurstaðan af þessu öllu saman hefur þess vegna orðið sú, að það er ekki fyrr en í fyrradag kl. 1,30, þegar fundur byrjaði hér á hv. Alþingi, að ég fæ af hendi ríkisstj. nokkrar upplýsingar um þessi efni og þá aðeins þetta frv. sjálft, sem hér liggur fyrir, með þeirri grg., sem með því var þá þegar prentuð.

Ég hef notað allan tímann, sem ég hef haft ráð á, síðan ég fékk þetta í hendur, til þess að reyna að átta mig á því, hvað í þessu felst, og höfuðdrættina er auðvitað hægt að sjá eftir þennan tíma af því, sem hér liggur fyrir. En því fer fjarri, að einstök atriði hafi verið hægt að skoða á þeim tíma, því að svo mikill tími hefur farið í að átta sig á höfuðdráttunum í málinu. En hvað sem því líður, mun smátt og smátt koma betur í ljós, hvað verið er að gera og hverjar afleiðingar af því verða. Hægt er að sjá í þessu nú þegar meginlínurnar, þótt upplýsingum hafi verið haldið leyndum. Mun ég á grundvelli þess, sem nú þegar liggur fyrir, byggja þær hugleiðingar, sem ég mun flytja hér við 1. umr. almennt um þessi mál, um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og um efnahagsmálastefnu ríkisstj. í heild, því að vitaskuld verður þetta frv. ekki slitið úr sambandi við fjárlagafrv. né önnur frv., sem hafa verið boðuð, en ekki eru enn þá komin fram og menn vita því ekki enn nema að nokkru leyti, hvað í felst.

Ég skal ekki tefja tímann með því að hafa langan sögulegan inngang að því, sem ég segi. En þó vil ég minnast á það, af því að ég tel það nauðsynlegt og viðeigandi og ég tel það þannig vaxið, að það eigi ekki að gleymast, að sú valdasamsteypa, sem stendur að þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem ráðgerðar eru í þessu frv., gekk til kosninga í landinu fyrir örfáum mánuðum undir kjörorðinu: Stöðvun dýrtíðarinnar án nýrra skatta. — Og þetta kjörorð og þessi málflutningur var rökstutt þannig, að hér væri ekki verið að fara með fleipur eitt, var rökstutt með dómi reynslunnar, að því er þeir sögðu, sem fyrir þessum málum stóðu: Reynslan væri augljós. Valdasamsteypan hefði þegar starfað nærri því heilt ár og framkvæmt þetta, stöðvun dýrtíðar án skatta. Útflutningssjóður stæði betur en nokkru sinni fyrr, — nú er okkur raunar sagt, að það vanti í hann 180 millj. fyrir s. l. ár, af þessum sömu mönnum, — og ríkisbúskapurinn væri í bezta horfi. Síðan var því bætt við af einum þeirra, sem mest stóð hér fyrir málum, að það yrði að styðja þessa samsteypu til valda, því að eftir kosningarnar ætti að vinna í þessum anda og á sama hátt og gert hefði verið á þessu ári að lausn vandamálanna. Úr annarri deild þeirrar valdasamsteypu, sem nú er orðin og þá var orðin, heyrðust heróp eins og t. d. þessi: Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. — Það var ekkert minnzt á það þá, að menn lifðu um efni fram eða hefðu lifað um efni fram.

Framsóknarmenn leyfðu sér að benda á blekkingarnar og rangfærslurnar í þessum málflutningi og sögðu þjóðinni það, sem þeir vissu sannast, að verðbólgan hefði því miður ekki verið stöðvuð, heldur hefði henni verið leynt í bili. En jafnframt sýndu framsóknarmenn fram á, að það hefði verið hægt að gera fullnægjandi ráðstafanir í efnahagsmálunum, halda áfram uppbyggingarstefnunni, án þess að minnka þyrfti kaupmátt tímakaupsins frá því, sem hann var í október 1958.

Framsóknarmenn sögðu einnig þá nokkuð um það, hvað hinir hefðu í hyggju, eins og augljóst var af málflutningi þeirra að öðru leyti, þegar frá voru skilin kjörorðin, sem mest var látið bera á. Við sögðum, að það, sem þessir aðilar hefðu í hyggju, væri samdráttarstefna í íslenzkum þjóðarbúskap. Það væri að koma uppbyggingar- eða byggðastefnunni, sem fylgt hefði verið í íslenzku efnahagslífi, fyrir kattarnef, og að þeir mundu nota þær aðferð-

ir til þess að koma á nýrri stefnu að magna dýrtíðina í landinu til þess að draga saman framkvæmdirnar.

Í þessu sambandi er líka nauðsynlegt að minnast á það, að ekki höfðu Sjálfstæðisflokksmenn og Alþýðuflokksmenn fyrr lokið kosningabaráttunni undir vígorðunum: Stöðvun dýrtíðarinnar án nýrra skatta — og: Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstæðisflokkinn, — en blaðinu var algerlega snúið við og byrjað af jafnmiklum ákafa að prédika það fyrir mönnum, að þeir lifðu um efni fram, þjóðin lifði um efni fram. Og síðan var því bætt við af fullkominni óskammfeilni, að það væri stórkostlegur halli á ríkisbúskapnum og á útflutningssjóðnum, en yfir tæki þó með öllu hinn gífurlegi greiðsluhalli við útlönd, sem hefði orðið hvorki meira né minna en 1000 milljónir eða rúmlega það á síðustu 5 árum, og var hæstv. forsrh. að enda við að endurflytja þennan boðskap hér á hv. Alþ., sem er þó kunnur orðinn utan þings.

Þetta var og er þá það, sem þjóðinni hefur verið sagt um þessi efni eftir kosningarnar. Erlendar skuldir væru orðnar gersamlega óviðráðanlegar og ekkert væri þó eins hættulegt og lántökur til stutts tíma. Menn yrðu að þrengja stórkostlega að sér til þess að bjarga frá þjóðargjaldþroti, ekki sízt vegna skuldanna við útlönd og þessa gífurlega greiðsluhalla. Hér var sem sé upp tekinn þessi áróður til að reyna að hræða þjóðina til að beygja sig undir þá samdráttarstefnu, sem stjórnin hugðist beita sér fyrir.

En hvað er þá til í því, sem mönnum er nú sagt um þessi efni, t. d. að innleiða þurfi stórfelldari álögur en nokkru sinni fyrr til þess að bjarga við atvinnurekstrinum í landinu og forða þjóðargjaldþroti út á við? Þetta er sams konar uppspuni og tröllasögurnar fyrir kosningarnar um stöðvun dýrtíðarinnar án skatta og sú fjarstæða, að leiðin til bættra lífskjara væri sú að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Við skulum íhuga þetta ofur lítið nánar, vegna þess að hér liggur kjarni málsins. Skoðum afstöðuna út á við og kenninguna um hinn gífurlega greiðsluhalla, sem sé að sliga þjóðina, þúsund millj. eða meira á 5 síðustu árum. Þessar tölur eru býsna einkennilega fundnar, og þessi kenning er harla undarleg. Þessi greiðsluhalli er búinn til þannig, að það eru taldar til halla afborganir af föstum lánum út úr landinu, sem sé skuldalækkanir við útlönd. En aðalatriðið er þó að búa til þennan greiðsluhalla með því að telja Sogsvirkjunina, raforkuáætlunina að verulegu leyti, sementsverksmiðjuna, heilan flota af kaupskipum og fiskiskipum, mikinn hluta ræktunarinnar í landinu og útihúsabygginganna og hafnargerða í landinu og hvers konar framfarir, sem framkvæmdar hafa verið fyrir erlent lánsfé, að nefna þetta allt greiðsluhalla við útlönd. Með þessu móti er fengin þessi niðurstaða, sem á að vera til þess að hræða þjóðina til að veita fylgi ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar.

Þetta er álíka speki og að útgerðarmaður, sem hefði keypt fiskibát, eða bóndi, sem hefði komið sér upp fjárhúsi, teldi andvirði þessara framkvæmda til tekjuhalla eða taps á árinu, þó að hann hefði tekið lán til þeirra að einhverju verulegu leyti. Þetta eru með öðrum orðum ótíndar blekkingar. Eða máske eigi í þessari kenningu að felast sú hugmynd eða það sé hugsjón þeirrar samsteypu, sem nú hefur tekið við völdunum, að Íslendingar eigi aldrei að taka framar nein erlend lán til framkvæmda í landinu, því að vitaskuld hlýtur að koma fram greiðsluhalli á þeim reikningi, sem svona er settur upp, á meðan slíkt er gert. Er þetta máske yfirlýsing um, að það eigi aldrei framar að taka lán erlendis til uppbyggingar atvinnurekstrar í landinu?

Síðan er því bætt við þessar upplýsingar, ef upplýsingar skyldi kalla, að Ísland geti alls ekki fengið framar lán til uppbyggingar, til framkvæmda, nema þær ráðstafanir séu gerðar, sem núv. hæstv. ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir. Það væri fróðlegt að vita frá hæstv. ríkisstj., hver þetta hefur sagt, hvaðan hún hefur þessar upplýsingar og yfirlýsingar, eða hefur hún bara búið þetta til. Er þetta bara tilbúningur hæstv. ríkisstj., eða hvaðan hefur hún þetta? Hver hefur sagt henni þetta? Ekki kannast ég við, að þetta sjónarmið hafi verið ríkjandi, og ekki var þetta sjónarmið ríkjandi um þær mundir, sem verið var að undirbúa þá 6 millj. dollara lántöku, sem á að vera til framkvæmda í landinu, sem fyrrv. ríkisstjórn hafði undirbúið að verulegu leyti, áður en hún fór frá völdum.

Ég er ekki í neinum vafa um, að þetta er tilbúningur hæstv. ríkisstj. til þess að finna tylliástæður fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún er nú að beita sér fyrir í efnahagsmálum. Og ég vil segja í þessu sambandi, án þess að fara lengra út í það, að áreiðanlega verður aldrei með tölum talið til fulls það tjón, sem ríkisstj. er búin að gera út á við með óhróðri sínum um efnahagsmálaástandið á Íslandi, með röngum frásögnum um það, hvernig Ísland stendur út á við og hvað það er, sem raunverulega hefur gerzt hér í landinu á undanförnum árum, t. d. með því að leyfa sér að túlka það greiðsluhalla og vott þess, að þjóðin lifi um efni fram, að hún tekur lán til stærstu framkvæmda í landinu, á sama hátt og fjöldamargar aðrar þjóðir heimsins gera, þar sem svipað er ástatt. Og hvernig hugsa þessir menn sér, að hægt sé að notfæra sér möguleika Íslands í framtíðinni til þess að byggja upp, ef á ekki að taka lán til framkvæmda erlendis? Hvað ætla þeir að gera? Halda þeir, að Íslendingar geti byggt upp allt það fjármagn með því að leggja það til hliðar sjálfir, sem þarf til þess að byggja eðlilega upp hér í landinu? Er það kannske það, sem þeir halda? Eða hvað hugsa þeir sér?

Vitaskuld er með öllu óhugsandi, að slíkt geti átt sér stað. Það er fullkomlega eðlilegt, og ég fullyrði, að skilningur er á því hjá þeim mönnum, sem hafa ráð yfir fjármagni í heiminum, að land eins og Ísland þarf á lánum að halda til stórframkvæmda í landinu. Hitt er annað mál, að það er oft nokkuð erfitt að

sannfæra erlenda fjármálamenn um það, hversu þarfir Íslands í þessu tilliti vegna uppbyggingarinnar eru miklar, samanborið við fólksfjölda. Og það þarf oft að leggja mikla vinnu í að skýra, að það sé eðlilegt að lána Íslendingum jafnmikið og gert hefur verið og gera þarf til þess að byggja upp, þótt þeir séu svo fáir. En slíkt hefur tekizt fram að þessu. Að sýna fram á, að það þarf óvenjulega mikið fé til þess að byggja upp þjóðarbúskapinn á Íslandi, þótt við séum ekki fleiri en íbúar lítilla borga í stórum þjóðlöndum. Það hefur tekizt fram að þessu að sannfæra þá, sem fyrir fjármagni hafa ráðið, um það, að þessi nauðsyn sé fyrir hendi og Íslendingar muni geta staðið í skilum vegna þess, hversu framleiðslan hér á Íslandi er tiltölulega miklu meiri en svo að segja í nokkru öðru landi jarðarinnar, miðað við íbúatölu. En hitt skal svo segjast, að núv. ríkisstj. hefur áreiðanlega ekki gert það léttara á næstu árum að flytja málstað Íslendinga fyrir þeim mönnum, sem fyrir fjármagni ráða, með þeim — ég vil leyfa mér að segja, með þeim tilhæfulausa óhróðri, sem hún hefur borið út um efnahag sinnar eigin þjóðar, — tilhæfulausa óhróðri, sem hún hefur borið út um efnahag sinnar eigin þjóðar, því að það er ekki hægt að kalla það öðru nafni að útbreiða það, að Ísland hafi búið við 1000—1100 millj. kr. greiðsluhalla á síðari árum, þegar mestur hluti þeirrar fjárhæðar eru lán til langs tíma, sem gengið hafa til þess að byggja upp mannvirki eins og þau, sem ég hef greint.

Ég hef ekki aðstöðu til þess í dag að gagnrýna í einstökum atriðum þær tölur, sem hæstv. forsrh. nefndi í þessu sambandi, t. d. áætlun þeirra um það, hvernig farið hefði íslenzkur þjóðarbúskapur 1959. Hann nefndi þar gífurlega fjárhæð, sem hann taldi greiðsluhalla, og var það ekki sérlega ánægjulegur vitnisburður um þetta fyrsta ár valdasamsteypunnar, ef það væri rétt. En það var auðvitað allt villandi, vegna þess að þar eru innifaldar mjög miklar lántökur til stórframkvæmda til langs tíma. En ég vil leyfa mér núna að taka þrjú ár af þessu tímabili og segja mönnum nánar, hvernig því er varið um þau, til að sýna fram á, hversu þokkalegur þessi málflutningur er. Ég tek árin 1956—58. Í því sambandi er í grg. talað um 637 millj. kr. greiðsluhalla. Á móti þessum 637 millj. koma svo 135 millj. kr. afborganir af erlendum lánum, lækkanir á öðrum lánum, sem ekki eru dregnar frá, þannig að nettóhækkun skulda er 502 millj. En erlend lán opinberra aðila og einkaaðila á þessum árum eru 551 millj., og langsamlega mestur hluti þess eru þessi framkvæmdalán, sem ég hef verið að greina frá. En síðar er sagt: Það var greiðsluhalli á þessu tímabili við útlönd, sem nam svona gífurlegum fjárhæðum, og það verður að leggja á íslenzku þjóðina mörg hundruð milljón króna álögur til þess að koma í veg fyrir slíkan greiðsluhalla framvegis.

Nú skyldu menn halda, að ríkisstjórn, sem í málflutningi sínum fordæmir á þennan hátt lántökur til nauðsynlegustu framkvæmda í landinu, lífsnauðsynlegustu framkvæmda í landinu, og segir, að það þurfi að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það, að greiðsluhalli þeirrar tegundar, eins og ég var hér að lýsa, eigi sér stað framvegis, — nú skyldum við halda, að sú stjórn, sem þannig ræðir um þetta atriði, og sú stjórn, sem líka hefur þráfaldlega lýst því yfir, að ekkert sé jafnhættulegt í þessu sambandi og erlendar lántökur til stutts tíma, ráðgerði ekki miklar lántökur sjálf. En ef við lítum í þá efnahagsáætlun, sem nú hefur verið lögð fyrir af hæstv. ríkisstj., þá sjáum við, að hún vill fá heimild til þess að taka 20 millj. dollara gjaldeyrislán og kallar þetta sjóð. 20 millj. dollara gjaldeyrislán eða 780 millj. kr. lán vill hún hafa heimild til að taka og til stutts tíma.

Nú skyldu menn álíta, að ríkisstj. hefði meira en litlar áhyggjur af því, hvernig hægt væri að endurgreiða slíka gífurlega fjármuni til viðbótar þeim lánum, sem fyrir eru og hún hefur sagt þjóðinni að hún muni tæpast einu sinni megnug að standa undir. En ef við lítum í athugasemdirnar, sem áætluninni fylgja, og skoðum þetta atriði sérstaklega, þá sjáum við, að um þetta hefur ríkisstj. það að segja, að endurgreiðsla þessara stuttu lána eða yfirdráttarlána ætti ekki að verða örðugleikum bundin. Svo bætir hún að vísu við: Svo framarlega sem þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, bera tilætlaðan árangur.

M. ö. o.: ríkisstjórnin, sem fordæmir framkvæmdalántökur og kallar þær greiðsluhalla við önnur lönd, hefur í hyggju, eftir því er hún segir sjálf, að taka stórfellt gjaldeyrislán til skamms tíma og lýsir því þar næst yfir, að hún telji, að engir örðugleikar muni verða á því að standa skil á þeim peningum aftur á fáum árum, að viðbættu öllu því, sem þarf að greiða af þeim lánum, sem þegar er búið að taka til framkvæmda í landinu. Allt í einu horfir dæmið þannig við, að það á að vera þjóðinni mögulegt að standa undir því á næstu árum að endurgreiða stórfellt gjaldeyrislán, sem tekið væri til stutts tíma, til viðbótar við greiðslurnar af þeim framkvæmdalánum, sem þegar hafa verið tekin, en stjórnin hefur áður sagt að væru svo stórkostlegar, að það mundi vart verða undir þeim einum risið, hvað þá meira, og til þess að ráða við það vandamál yrði að leggja gífurlegar álögur á þjóðina og þrengja að henni með öllu hugsanlegu móti.

Hver sér nokkra heila brú í þessum hugsunargangi eða þessari áætlun hæstv. ríkisstj.? Það er skilningur hæstv. ríkisstj., að það sé hættulegt að taka framkvæmdalán, og það er kallaður greiðsluhalli á viðskiptunum við útlönd, þjóðhættulegur greiðsluhalli, sem verði að koma í veg fyrir. En það er óhætt að taka eyðslulán. Það er óhætt að taka kramvörulán, ef þannig mætti að orði komast, eins og sagt var hér í gamla daga. Og endurgreiðsla slíks láns, jafnvel á stuttum tíma, er ekki líkleg til þess að valda neinum sérstökum erfiðleikum. Og hvernig halda menn svo, ef þessi stefna yrði raunverulega framkvæmd, —

hvernig halda menn svo, að mundi ganga á næstu árum að fá nauðsynleg framkvæmdalán fyrir Ísland, þegar búið væri að bæta við þessum gífurlegu kramvörulánum ofan á það, sem nú er fyrir? Búast menn þá við því, að þeir geti fengið stórfelld framkvæmdalán, sem þarf að fá, þar enn til viðbótar? Eða á, eins og ég hef margsinnis spurt, á að hætta því að taka lán til framkvæmda á Íslandi? Hverjum dettur í hug, ef þessi stórfelldu gjaldeyrislán verða raunverulega tekin, að þeim verði skilað aftur á örstuttum tíma, eins og hæstv. ríkisstj. bollaleggur í sinni áætlun. Við höfum ofur litla reynslu af þessu hér hjá okkur. Við höfum gert tilraunir til þess á undanförnum árum að tryggja okkur aðstoð hjá EPU, Greiðslubandalagi Evrópu, til þess að auka hér frelsi í viðskiptum, og við höfum tekið lán í þeirri stofnun til þess að hjálpa til við þá framkvæmd og kaupa almennar vörur inn í landið og auka vörubirgðir í landinu. En hvernig fór með þau lán, sem þannig voru tekin? Hafa þau verið greidd til baka? Voru þau greidd til baka? Reyndist mögulegt að greiða þau til baka á stuttum tíma, eða hafa þau verið greidd? Nei, þau hafa ekki verið greidd, og þau eru enn í dag hluti af skuldum Íslands. En það voru ekki framkvæmdalán. Það voru lán ákaflega hliðstæð þeim gífurlegu lántökum, sem núverandi hæstv. ríkisstj. talar um af svo mikilli léttúð í þeirri áætlun, sem hún hefur nú lagt fram. Nei, vitanlega er stórhættulegt að taka stórfelld gjaldeyrislán til stutts tíma, því að hættan er sú, að það verði ekki viðráðanlegt að greiða þau lán til baka á stuttum tíma ásamt greiðslum af föstum lánum, sem fyrir eru, og að þetta allt saman færi efnahagsmál landsins út á við í háskalegri hnút en þau hafa nokkru sinni áður verið, sem gæti þá orðið til þess að koma í veg fyrir, að nauðsynleg framkvæmdalán gætu fengizt.

Hér eru í raun og veru höfð algerlega, að mínu viti, endaskipti á hlutunum á þann hátt, sem ekki má gera, þar sem sú stefna er með þessu í raun og veru lögð á hilluna að taka framkvæmdalánin, en í þess stað hugsunin að fara inn á þá braut að taka gífurleg gjaldeyrislán eða vörukaupalán til stutts tíma. Það er í raun og veru, þó að það sé stórfurðulegt að heyra, skilningur hæstv. ríkisstj., að það sé stórháskalegt fyrir Ísland að auka lántökur sínar til þess að kaupa skip og reisa aflstöðvar og til framkvæmda yfir höfuð í landinu, en hitt sé ekki aðeins forsvaranlegt, heldur hið mesta bjargráð að taka lán til stutts tíma til almennra vörukaupa.

En hvernig stendur á því, að þessi stefna skuli hafa orðið ofan á hjá hæstv. ríkisstjórn, eins og þessi mál standa? Þar kemur að sjálfsögðu margt til greina, sem ég hef ekki tök á að rekja í dag. En eitt er alveg augljóst. Þessi stefnubreyting í lánamálunum er sem sé nauðsynleg undirstaða þess að koma samdráttarstefnunni í framkvæmd á Íslandi. Það er vitanlega ekki hægt að framkvæma stefnu, sem er byggð á því að koma á samdrætti í framkvæmdum og atvinnu, með því að taka framkvæmdalán erlendis og verja þeim til framkvæmda í landinu sjálfu. Til þess að hægt sé að koma slíkri stefnu á og í framkvæmd, verður að hætta að taka framkvæmdalánin eða draga stórkostlega saman seglin í því efni.

Þetta er ein ástæðan til þess, að núv. hæstv. ríkisstj. söðlar hér algerlega um og tekur upp nýja stefnu í þessu, sem er einn liður í þeim samdrætti í þjóðarbúskapnum, sem hún vill koma á.

Þessi stefnubreyting í lánamálunum er einnig lífsnauðsynleg undirstaða þess, að hæstv. ríkisstj. geti komið því höggi á uppbyggingarstefnuna eða nánar tiltekið byggðastefnuna í atvinnumálum landsins, sem kjördæmabreytingin, sem síðast var sett, var miðuð við. Það er ekki hægt að koma því við að fella niður framkvæmd byggðastefnunnar með því að taka lán erlendis og verja þeim lánum til uppbyggingar víðs vegar um landið. Það verður að hætta því. Þetta er einn alveg óhjákvæmilegur liður í þeirri stefnubreytingu, sem þá var hugsuð. En nú kemur þetta fyrst nakið fram á yfirborðið.

Ekki vil ég neita því, að við vanda sé að fást í efnahagsmálum okkar, eins og þeim er háttað. Og ég sé glöggt, að það er nokkur halli í efnahagskerfinu, eins og afkoma útflutningssjóðs og ríkissjóðs sýnir. En hættulegt ósamræmi í efnahagskerfinu minnkaði þó stórkostlega við efnahagslöggjöfina frá 1958, þegar 55% yfirfærslugjaldið var lögfest. Og það er nauðsynlegt fyrir menn að hafa það í huga. En það, sem mér sýnist nú vera að ske, það er blátt áfram það, að þennan vanda, sem er fyrir hendi, en áreiðanlega er minni nú en oft áður, þennan vanda ætlar peningavaldið í landinu með Alþýðuflokkinn sem hjálpartæki að notfæra sér til þess að taka upp alveg nýja efnahagsmálastefnu, sem á að efla þetta vald í öllum greinum. Það á að notfæra sér þann vanda, sem fyrir hendi er, til þess að taka upp þvílíka stefnu. Og þetta er framhaldið af kjördæmabreytingunni, af afnámi gömlu kjördæmanna, og einn angi af þeirri áætlun, sem þá var lögð.

Þeim vanda, sem fyrir liggur, er hægt að mæta með tvennu móti, alveg eins og einstaklingur velur um leiðir, ef hann þarf að gera ráðstafanir til þess að brúa bil í sínum búskap. Önnur leiðin er áframhaldandi uppbygging, sem miðar að fullri atvinnu allra og fyllstu notkun allra möguleika, djarfri stefnu, eins og óneitanlega hefur verið framkvæmd hér á síðari árum, en þeir skakkar, sem þá eru fyrir hendi eða koma fram í efnahagskerfinu, séu jafnaðir með því að draga úr þeirri fjárfestingu eftir vali, sem helzt má missa sig eða helzt má bíða, miðað við almannahag, og með því að skattleggja þá eyðslu, sem er umfram nauðsyn, og þá, sem mest mega sín. Þetta er önnur leiðin og sú rétta leið og vel fær, eins og þessi mál standa. Það sýndi athugun þessara mála haustið 1958, þegar það var óvefengd niðurstaða, að hægt væri að koma þessum málum þannig fyrir, að kaupmáttur tímakaups rýrnaði ekki frá því, sem hann var í

október það haust. Og það samrýmist líka slíkri leið að komast út úr uppbótakerfinu í áföngum, eins og byrjað var á 1958.

En hin leiðin — **(Forseti:** Ég vildi spyrja hv. þm., hvort hann teldi, að hann gæti lokið sínu máli á skömmum tíma, 5—10 mín. eða svo, því að ef svo er ekki, þá væri eðlilegra að gera nú eitthvert hlé á fundinum.**)** Það er ekki hugsanlegt, að það geti tekizt. **(Forseti:** Ef þingmaður telur sig ekki geta lokið máli sínu á svo skömmum tíma, þá verður umr. nú frestað í bili og fundi frestað til kl. 5.**)** — [Fundarhlé.]

Hin leiðin, þegar svo stendur á, að brúa þarf bil í búskap, er aftur á móti sú, sem stjórnarliðið hefur valið. Það er samdráttarleiðin, sú leið að draga saman. Og hún er fólgin í því, sú aðferð, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að nota, að magna dýrtíðina svo stórkostlega í landinu með öllu í senn: gengislækkun, nýjum álögum og vaxtahækkun, að menn hafi ekki ráð á að leggja í framkvæmdir né kaupa áhöld, tæki og neyzluvörur í neitt svipuðum mæli og verið hefur, — koma þannig á meira jafnvægi, eins og það er kallað, skulum við segja, með því að draga stórkostlega úr neyzlu, framkvæmdum og atvinnu. Og þessi leið, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa valið, miðar að minni þjóðartekjum en þyrfti að vera og rýrari lífskjörum.

En höfuðástæðan til þess, að einmitt þessi leið er valin, er sú, eins og ég sagði áðan, að hún færir peningavaldinu í landinu, sem stjórnar Sjálfstfl., völdin í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar í vaxandi mæli. Þetta er undirrótin í öllu málinu. Og einmitt af því, að þetta var meiningin, þá þurfti að hafa fleira með í förinni en rétta og slétta gengislækkun. Það varð að fylgja alger stefnubreyting í þá átt, sem ég hef verið að lýsa.

En skýrum þó fyrir okkur myndina ofur lítið. Í hverju hefur þessi uppbyggingarstefna, sem ég hef verið að tala um, verið fólgin? Við getum sagt, að byggðastefnan hefur verið einn mikilsverður þáttur í uppbyggingarstefnunni. Einn meginþáttur í uppbyggingarstefnunni hefur verið sá að beina fjármagni þjóðarinnar með opinberri íhlutun í þýðingarmestu atvinnugreinar landsins og styðja sjálfstæðan atvinnurekstur og búskap sem flestra landsmanna um leið. Ég leyfi mér að taka nokkur dæmi um uppbyggingarstefnuna, eins og hún hefur verið í framkvæmdinni á síðustu áratugum.

Ég nefni fyrst erlendar framkvæmdalántökur. Því fé, sem tekið hefur verið að láni erlendis, hefur yfir höfuð verið varið til uppbyggingar atvinnulífinu í landinu víðs vegar. Ég nefni Sogsvirkjanirnar sem dæmi, sem eru undirstaða bæði aukinna þæginda og atvinnurekstrar á miklum hluta landsins. Ég nefni aðrar virkjanir. Ég nefni skipakaup og bátakaup. Ég nefni það fé, sem gengið hefur til þess að auka ræktun í landinu og framleiðslu í landbúnaðinum. Og þannig mætti halda áfram að telja, hvernig framkvæmdalánin hafa verið liður í uppbyggingarstefnunni.

Ég nefni vaxtapólitíkina, sem rekin hefur verið í landinu og hefur einnig miðað í þessa sömu átt. Hér hafa verið hafðir lágir vextir á stofnlánum til uppbyggingar í sjávarútvegi og landbúnaði og lágir vextir til stuðnings fólki, sem hefur verið að koma sér upp húsnæði til eigin afnota, svo að ég nefni aðeins þessa höfuðþætti. Þessir vextir hafa verið hafðir lágir með stuðningi ríkisvaldsins með margvíslegu móti og fyrir íhlutun frá Alþingi og þeim ríkisstjórnum, sem setið hafa. En þessi vaxtapólitík, sem hefur verið rekin, er snar þáttur í því að styðja sem almennasta uppbyggingu í landinu og koma í veg fyrir, að peningavaldið í landinu verði einrátt um hana og um það, í hvaða átt uppbyggingin beinist. Þessi vaxtapólitík hefur verið liður í því að gera sem flestum landsmönnum kleift að standa undir þeim stofnkostnaði, sem því er samfara að verða sjálfstæður atvinnurekandi eða lifa sjálfstæðu lífi í sinni eigin íbúð. Þetta er meginhugsunin, sem hefur legið á bak við þá vaxtapólitík, sem í landinu hefur verið rekin áratugum saman, og sannast að segja hafa þeir, sem á annað borð hafa verið félagslega hugsandi, ekki fundið aðrar leiðir heppilegri til þess að styðja að skynsamlegri þróun í þessa átt en einmitt þá, að hið opinbera ætti hlut að því, að vextir af stofnlánum yrðu ekki hærri en svo, að menn gætu ráðið við þá. Einmitt þannig væri stuðlað að því, að hinir mörgu efnaminni gætu lagt í talsvert dýrar framkvæmdir, en ekki aðeins auðmennirnir í landinu. Þessi vaxtapólitík hefur blátt áfram verið undirstaða þess, hversu almenn uppbyggingin hefur orðið hér og hversu mikið er hér um fólk, sem er efnalega sjálfstætt.

Ég nefni fjárlagastefnuna, eins og hún hefur verið oft og tíðum. Það hefur verið reynt að miða hana við að hafa fremur afgang en hitt. Og þeim greiðsluafgangi hefur stundum verið varið til þess að styðja uppbygginguna, til viðbótar lánsfé og öðrum framlögum, sem hið opinbera hefur lagt fram í þessu skyni. Mætti nefna um það mörg dæmi. Ég nefni atvinnuaukningarféð, sem tekið hefur verið upp á síðari árum og notað hefur verið til þess að veita fjármagni inn í þau byggðarlög við sjávarsíðuna, þar sem lítið fjármagn hefur verið fyrir hendi, en þörfin fyrir uppbygginguna mikil, og þýðingarmikið talið fyrir þjóðarbúskapinn, að þessi byggðarlög gætu ekki aðeins staðizt, heldur þróazt eðlilega og tekið vaxandi þátt í framleiðslulífinu, auk þess sem slík uppbygging, einmitt í þessum plássum, hefur orðið til þess að draga úr þeim óheppilega fólksstraumi, sem orðið hefur á einn stað í landinu.

Ég nefni ríkisábyrgðapólitíkina, sem rekin hefur verið og hefur verið miðuð blátt áfram við það, að ríkið hefur tekið ábyrgðir fyrir byggðarlög sérstaklega og félagslegar framkvæmdir úti um land og í landinu raunar yfirleitt. Og þessar ábyrgðir hafa verið teknar, þótt menn hafi séð greinilega, að það hlaut að verða tjón af því í bili fyrir ríkissjóðinn sjálfan, að í þessar ábyrgðir væri gengið. En

þær hafa verið teknar samt. Það mætti nefna hafnargerðir, sem aldrei hefðu komizt af stað, ef þessari ríkisábyrgðastefnu hefði ekki verið fylgt. Og þannig mætti halda áfram að telja endalaust. Það mætti nefna eitt dæmi, sem er áreiðanlega ofarlega í hugum manna, og það er Þorlákshöfn. Halda menn kannske, að það hefði átt sér stað sú framkvæmdaþróun í Þorlákshöfn, sem orðin er, ef þeirri ríkisábyrgðastefnu hefði verið fylgt, sem núv. ríkisstj. er að byrja að boða, sem sé þeirri, að aldrei verði tekin ríkisábyrgð á neinu láni, nema öruggt sé fyrir fram, að það verði staðið við greiðslur á því upp í topp. Þá hefði aldrei verið farið af stað með neinar framkvæmdir í Þorlákshöfn. Og þannig mætti nefna mýmörg dæmi víðs vegar að af landinu, bæði um hafnargerðir, sem eru undirstöðuframkvæmdir í framleiðslulífinu, og fjöldamargar aðrar framkvæmdir.

Þetta eru aðeins örfá atriði til þess að skýra, hvað það er, sem átt er við, þegar talað er um uppbyggingarstefnu, og til þess að skýra þá stefnubreytingu, sem nú á að verða með tilkomu þeirrar valdasamsteypu, sem nú beitir sér hér fyrir algerri stefnubreytingu. Og lítum svo á stefnubreytinguna, í hverju hún er fólgin, varðandi þessi fáu dæmi, sem ég hef nefnt.

Fyrst er að fæla þjóðina frá því að halda áfram framkvæmdalántökum. Það er sem sé alveg nauðsynlegur fyrsti liður í þessari nýju samdráttarstefnu, sem hér er boðuð, af þeim ástæðum, sem ég hef rakið. Engum manni dylst, að það er ekki hægt að breyta hér um stefnu nema draga saman lántökur erlendis til framkvæmda. En í staðinn á svo að setja eyðslulán eða gjaldeyrislán, eins og hér hefur verið lýst. Lítum á vaxtapólitíkina, sem er ein undirrót og undirstöðuatriði í þessu máli. Ríkisstj. leggur hér fram lagabálk, og þar er ein lítil grein, — ætli hún sé ekki 6 línur, — en um hvað er þessi grein? Hún er um það, að ríkisstj. fái valdið í sínar hendur til að ákveða vexti og lánstíma á öllum lánum, sem héðan af verða veitt úr stofnlánadeildum framleiðsluatvinnuveganna, úr íbúðalánasjóðnum og úr verkamannabústaðasjóðnum. Þetta er ein lítil lagagrein, sem ætlazt er til að stjórnarliðið hér á þinginu samþykki og á að færa ríkisstjórn Íslands það vald að ákveða þessa vexti og þennan lánstíma án íhlutunar Alþingis. Hér er sem sé stefnt að því að afnema með einni lítilli lagagrein fjöldamarga lagabálka, sem settir hafa verið á Alþingi á undanförnum áratugum með langri þróun og eru einn undirstöðuþáttur í okkar þjóðarbúskap, löggjöfina um stofnlánasjóðina og að Alþingi ákveði, hverjir vextir og lánstímar þar skuli vera, m. ö. o.: að Alþingi ákveði, hver skuli vera stuðningur þjóðfélagsins til þeirra, sem ætla að byggja upp atvinnurekstur og heimili. Og ríkisstj. er meira að segja svo óskammfeilin, að hún lýsir því yfir, að hún ætli að fá þetta vald til þess að hækka vextina og stytta lánstímann, til þess að breyta um stefnu einmitt í þessu efni. Ríkisstj. ætlar að fá vald til þess að umturna þannig því fyrirkomulagi, sem hér hefur verið ákveðið með lagasetningu á Alþ. með áratugalangri þróun. Það á allt að fella í rúst með 5 eða 6 línum í þessu frv. Það er einn liðurinn í þessari stefnubreytingu, sem hæstv. ráðherrar og þeirra lið eru að boða nú þessa dagana.

Ég nefndi fjárlögin og stuðning við framkvæmdir í sambandi við þau, og það er alveg sama sagan. Það er sem sagt sama, hvar gripið er niður. Það er allt í samræmi hvað við annað, eins og eðlilegt er, vegna þess að hér er verið að valda straumhvörfum — hreinlega straumhvörfum — í þessa átt, að efla aðstöðu peningavaldsins í landinu, en draga úr hinni þjóðfélagslegu íhlutun um uppbygginguna og hinum þjóðfélagslega stuðningi við fólkið í landinu.

Við skulum athuga þetta með fjárlögin, hvernig það horfir við. Þar á að skera niður og þrengja að verklegum framkvæmdum. Og það er einkennandi fyrir þessa samsteypu, að fyrsta árið, sem hún hefur setið að völdum, er enginn greiðsluafgangur í ríkisbúskapnum til þess að verja til uppbyggingarinnar. Það er öðru nær en svo sé, heldur mun vera hreinn greiðsluhalli, og þar að auki er étinn upp greiðsluafgangurinn frá í fyrra á þessu fyrsta ári samsteypunnar. Það er nokkuð táknrænt að bera þetta saman við það, hvernig greiðsluafgangur á undanförnum árum hefur yfirleitt verið notaður mjög til þess að styðja uppbygginguna. Nú er því hætt. Það er einn liðurinn í þessari nýju stefnu.

Ef við skoðum svo einn lið eins og atvinnuaukningarfé, sem ég minntist á áðan, þá verður nákvæmlega það sama upp á teningnum. Þetta fjármagn, þótt ekki sé stórfellt, hefur víða ráðið alveg baggamuninn í því, að það hefur verið hægt að leggja í stórkostlegar framkvæmdir fyrir ýmis af þessum byggðarlögum, sem annars hefði alls ekki verið hægt að sinna. Menn hafa reytt inn í framkvæmdir allt, sem þeir gátu við sig losað heima fyrir, og það, sem hægt hefur verið að fá af lánum með aðstoð hins opinbera og á annan hátt, en svo hefur oft verið bil, sem ómögulegt hefur verið að brúa. En þá hefur verið reynt að brúa það einmitt með atvinnuaukningarfénu. Þannig hafa komið ný glæsileg skip í fjöldamörg af sjávarplássum landsins. Þannig hafa verið byggðar upp myndarlegar iðnaðarstöðvar í þessum sömu plássum. Og til þessa hefur verið varið mest á ári 15 millj. kr., en þar næst 13.5 millj. En hvað ætlast þessi nýja samsteypa fyrir í þessu efni? Auðvitað í nákvæmu samræmi við þá stefnu, sem höfð er. Hún ætlar að láta það nægja, að í þetta séu hafðar á fjárlögunum 10 millj. kr. Þegar tekið er tillit til þeirrar stórfelldu verðhækkunar, sem verður í landinu á öllum byggingarvörum og öðru slíku, þá mun ekki fjarri lagi, að atvinnuaukningarframlagið sé raunverulega skorið niður um helming frá því, sem það var, á meðan það var t. d. 13.5 millj. kr.

Og minnumst svo loks á ríkisábyrgðaþáttinn, sem ég minntist á hér áðan og hefur ver-

ið stórfelldur liður í uppbyggingunni, einmitt það, hvernig ríkisábyrgðastefnan hefur verið framkvæmd. Nú keppast hæstv. ráðherrar við að lýsa því yfir, að hér eigi að verða stefnubreyting, og munu nú þegar vera farnir að framkvæma þessa stefnu. En ef þeir standa við það að framkvæma þá stefnu, eins og gefið hefur verið í skyn, þá verður afleiðingin af því stórkostlegt högg í garð þeirrar uppbyggingar, sem framkvæmd hefur verið víðs vegar um landið.

Þetta eru bara dæmi, sem ég hef nefnt um nokkur atriði varðandi uppbyggingarstefnuna annars vegar og samdráttinn hins vegar. En það er miklu fleira í þessu máli en hægt er að rekja í einni ræðu við 1. umr. þess.

Ég vil þó nefna hér eitt dæmi enn. Nú er sett inn í þetta frv. ein lítil grein, og hún er um það, að framvegis skuli vera hægt að krefjast þess, að einhver hluti af fjármagni innlánsdeilda kaupfélaganna í landinu verði dreginn inn í bankakerfi landsins. Þegar við nú íhugum, að samvinnufélögin og kaupfélögin eru ásamt verkalýðsfélögunum alveg tvímælalaust langþýðingarmestu almannasamtökin í landinu og þau samtök, sem ásamt verkalýðsfélögunum hafa komið alþýðu þessa lands að langmestu gagni í lífsbaráttunni, og þegar við íhugum, að kaupfélögin eru í mörgum byggðarlögum þær stofnanir, sem fólkið hefur helzt á að treysta til þess að standa fyrir uppbyggingunni og til þess að koma í veg fyrir, að allt fjármagn sé hreinlega dregið í burtu úr plássunum, og þau eru í raun og veru í sumum plássum nær einu stofnanirnar, sem fjármagn hefur stöðvazt í, þá sjáum við svona hér um bil, að hverju er stefnt með þessu ákvæði. Þessar stofnanir almennings í landinu skulu ekki fá að vera í friði. Loppan á líka að koma þar við og taka þaðan peningana, til þess að sjá um, að þangað verði ekki flúið til að fá fjármagn til framkvæmdanna, þegar búið er að loka öðrum leiðum. Það væri synd að segja, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, væru ekki sjálfum sér samkvæmir í því, hvernig þeir byggja upp þetta nýja kerfi. Vitanlega er þetta ákvæði hrein óhæfa og árás á þessi almannasamtök, sem ég hika ekki við að fullyrða, að séu þau þýðingarmestu í landinu fyrir almenning ásamt verkalýðsfélögunum.

Þá vil ég nefna eitt dæmi enn um það, hvert þessi stefna leiðir, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér nú að taka til framkvæmda. Það voru lagðir 50 aurar á benzínlítra til útflutningsuppbóta. Nú er gert ráð fyrir því, að þessu gjaldi á benzíni verði haldið, en nú skuli það renna í ríkissjóð nema 6 aurar. Það á ekki að fella það niður, þó að útflutningsuppbæturnar falli niður, og það er þannig yfirleitt með allar álögurnar, að þær eiga að haldast, þó að útflutningsuppbæturnar falli niður, og er það, sem er einkennandi fyrir úrlausnir ríkisstjórnarinnar. Þessir 50 aurar eiga sem sagt að haldast, en þeir eiga bara að renna inn í ríkissjóðinn. En síðan á að bæta 34 aura gjaldi á hvern benzínlítra við, þannig að þetta verða 84 aurar, sem eiga að renna inn í ríkissjóðinn, umfram það, sem verið hefur, og einir 6 aurar af öllu þessu gífurlega fjármagni eiga að renna til aukinna framkvæmda í vegagerðum og brúargerðum. En það mun ekki einu sinni duga, ekki neitt nándar nærri duga til þess að jafna þann stórkostlega kostnaðarauka, sem verður á þessum framkvæmdum. Niðurstaðan er því sú, að á sama tíma sem stórfelldar nýjar álögur eru settar á benzínið í landinu, verða minnkaðar framkvæmdir í samgöngumálum.

Nú vita allir hér um bil, hvernig raunverulega er ástatt í okkar samgöngumálum. Það hefur verið okkur erfitt að byggja upp samgöngukerfið, enda eru vegirnir þannig, að það er alls ekki hægt að nota á þeim hagkvæm flutningatæki vegna þess, hve þeir eru fátæklegir. En það er nú síður en svo, að það sé stefnt í þessu sambandi að því að bæta úr þessu, heldur er með þessum tillögum haugað nýjum gjöldum á benzínið, en vegamálin eiga að verða í enn verra ástandi en þau hafa nokkru sinni áður verið. Það á að minnka heildarframlög til vegamála raunverulega, þegar miðað er við kostnaðinn. Það hefði þó ekki mátt minna vera, þegar svo var haugað nýjum gjöldum á benzínið, sem í öðrum löndum yfir höfuð er notað sem gjaldstofn til þess að koma áfram stórframkvæmdum í samgöngumálum, — þá hefði ekki mátt minna vera en það hefði verið stóraukið það framlag, sem ríkið lætur til vegagerða í landinu. En það samrýmist auðvitað alls ekki samdráttarstefnunni, að slíkt geti komið til greina. Það eitt samrýmist samdráttarstefnunni að hauga nýjum álögum á benzínið, en láta þær renna til almennrar eyðslu.

Það er svo kapituli út af fyrir sig, að í framhaldi af þessu er svo boðaður stórfelldur samdráttur lána, og er það vitanlega í stíl við aðrar uppástungur, sem fram koma hjá hæstv. ríkisstjórn.

Af þessum dæmum, sem ég hef nú nefnt, er það augljóst, að stjórnin beitir geiri sínum gegn allri þeirri uppbyggingu í landinu, sem hefur verið studd af þjóðfélaginu, sem hefur verið studd með félagslegum aðgerðum af þjóðfélagsins hendi. Það er það, sem í kjördæmabaráttunni síðastliðin ár var kölluð hin pólitíska fjárfesting. Það er stuðningurinn við uppbyggingu landbúnaðarins, það er stuðningurinn við uppbyggingu sjávarútvegsins víðs vegar um landið, sem felst í vaxtapólitíkinni, ríkisábyrgðapólitíkinni, framkvæmdalánunum og ríflegum fjárveitingum á fjárlögum til slíkrar uppbyggingar. Þetta er hin pólitíska fjárfesting, sem núverandi valdasamsteypa sagði stríð á hendur í sambandi við kjördæmabreytinguna, og nú er að koma í ljós, hvernig þetta er útfært. Það á sem sé að þrengja að öllu þessu. En það er hin efnahagslega fjárfesting, sem þá var kölluð, sem á að standa, sem sé sú fjárfesting, sem hinir ríku hafa efni á að ráðast í og þeir vilja láta verða. Þetta er það, sem á að ske.

Þessar tillögur hæstv. ríkisstj. hafa nú þegar stöðvað fjölda þýðingarmikilla framkvæmda víðs vegar um landið. Menn hafa orðið að

hætta við undirbúning þessara framkvæmda, þegar þeim varð ljóst, að ríkisstj. vann að því að leggja stein í götu þeirra, í stað þess að á undanförnum árum hafa menn, sem hér hafa setið að völdum, gert allt, sem þeir gátu, til þess að greiða fyrir því, að slíkar uppbyggingarframkvæmdir gætu átt sér stað. Það er sem sé hvorki meira né minna en algerlega snúið við blaðinu. Og þetta hefur nú þegar orðið til þess, að fjöldamargar áætlanir um framkvæmdir hafa menn orðið að leggja til hliðar síðustu vikurnar. Og það á að verða framhald á þessu, ef þessir aðilar fá að ráða.

Ég sakna þess mjög, að í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan var engin tilraun gerð til þess, svo að ég yrði var við, að útlista það, hvað hér er í raun og veru að gerast. Hvað er stjórnin að leggja miklar álögur á þjóðina? Og hvernig er þeim ætlað að koma niður? Hverjir eiga að bera þessar álögur? Og hverjar eiga að verða afleiðingarnar af þeim? Ég hélt, að hæstv. forsrh. mundi leggja fram áætlun um þetta efni fyrir hv. Alþingi, og þykir raunar einkennilegt, að í grg. frv. skyldi ekki vera gerð grein fyrir þessu. Hæstv. forsrh. var að endurtaka hér eða lesa hér upp þann fróðleik, sem er í grg. um það, hvað vísitalan mundi hækka mikið og hversu stjórnin hefði fundið ágætt ráð til þess að koma í veg fyrir, að nokkur fyndi í raun og veru til þess, sem ætti að gera, með því að borga niður vísitöluna með fjölskyldubótum og einhverjum niðurgreiðslum á kaffi og sykri. Þetta endurtók hæstv. forsrh. En ég varð alls ekkert var við, að hann gerði hina minnstu tilraun til þess að gera hæstv. Alþ. grein fyrir því, hversu mikill fjármunatilflutningur raunverulega á sér stað í þjóðfélaginu með þessum ráðstöfunum, ef þær ná því, sem mætti kalla tilgangi sínum, og hvað þess vegna er í raun og veru að gerast. Um þetta var ekki eitt einasta orð í ræðu hæstv. forsrh. Ef háttvirtir efnahagsráðunautar ríkisstj. hafa gert ríkisstj. grein fyrir þessu, þá hefur því verið stungið undan í þeirri greinargerð, sem fyrir þessu frv. hefur verið lögð fram. En hvers vegna? Hvers vegna á ekki að koma fram mynd af þessu? Og er hugsanlegt að átta sig á því, hvað hér er að gerast, nema reynt sé að draga upp slíka mynd?

Ég hef nú haft, eins og ég sagði, takmarkaðan tíma þetta mál til meðferðar og ekki haft aðgang að öllu því, máske, sem þarf til þess að draga upp slíka heildarmynd, svo að hún verði nákvæm í einstökum atriðum. En ég vil samt gera tilraun til þess að draga fram nokkrar þýðingarmiklar staðreyndir og að sumu leyti áætlanir um þetta efni.

Ég sé ekki betur en nýjar álögur til ríkisins samkv. fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram, miðað við fjárlögin 1959, eins og stjórnin gerir í grg., og þegar búið er að draga frá lækkun tekjuskattsins, líka miðað við árið 1959, — þá fæ ég ekki betur séð en nýjar álögur til ríkisins séu ekki undir 370 millj. En ég skal taka það fram, að ég byggi þessar tölur algerlega á þeim áætlunum, sem ríkisstj. hefur látið gera t. d. um væntanlegan innflutning og ég hef alls ekki séð enn þá sundurliðaðar. Ég hef aðeins séð heildarniðurstöðutöluna, sem ríkisstj. áætlar innflutninginn á næsta ári og byggir tekjuáætlun fjárlaganna á og annað í þessu sambandi. Og það get ég sagt, að sú heildaráætlun er um það, að innflutningurinn verði verulegum mun minni á þessu ári, sem nú er að líða, en hann var a. m. k. áætlaður fyrir s. l. ár og minni en hann varð 1958. M. ö. o.: að stjórnin áætlar verulega lækkun á innflutningnum, og má segja, að það sé í samræmi við það, að hún ætlar sér að minnka neyzluna í landinu og framkvæmdirnar. Og þessi innflutningsáætlun ríkisstj., þegar hún kemur fram, sem hlýtur auðvitað að verða síðar í málinu, þá sýnir hún, að ríkisstj. ætlar auðvitað að innleiða samdrátt framkvæmda og kjaraskerðingu, sem á að koma fram í lækkuðum innflutningi. Nú skal ég ekkert segja, hvernig þetta verður í reyndinni, um það er lýkur. Ég veit ekkert um það. En ég vil taka fram, að það er á þessari lágu innflutningsáætlun ríkisstj., sem ég byggi þær tölur, sem ég hef hér, en alls ekki á þeim innflutningi, sem áður hefur verið. Og þess vegna gæti vel svo farið, að allar þessar tölur, sem ég hér nefni, ættu að vera miklu hærri. En mér sýnist það gera málið flóknara að fara að gera nokkrar aukaáætlanir í því og hef þess vegna byggt þessar hugleiðingar á heildarniðurstöðu innflutningsáætlunarinnar, sem ríkisstj. hefur látið gera eða gert. Og samkv. þeim plöggum virðast nýjar álögur eftir fjárlögunum vera a. m. k. 370 millj. Ég vil enn bæta því við í því sambandi, að þá er verðtollshækkunin vegna gengislækkunarinnar ekki áætluð nema lítill hluti af því, sem raunverulega yrði, ef innflutningurinn yrði jafnhár á þessu ári og hann var í fyrra. Þetta er sem sagt byggt á þessari lágu áætlun ríkisstj.

Ég hef beðið hagstofuna að skoða fyrir mig, hver heildarverðhækkun á innflutningi til landsins, miðað við þessa áætlun ríkisstj., sem hagstofan hefur hjá sér, yrði af völdum gengislækkunarinnar, og beðið um, að ekki væri þá tekin með sú hækkun, sem verður á rekstrarvörum útflutningsins, því að sá liður gengur út og inn í dæminu og að mínu viti því bezt að draga hann strax frá, þannig að þar komi bara fram sú hækkun, sem á að verða á öðrum innflutningi en þeim, sem gengur út og inn hjá útflutningsatvinnuvegunum. Enn fremur hef ég beðið um, að þarna væri engin tollahækkun talin með, af því að hún er talin með í álögunum. Hagstofan áætlar þessa hækkun um 575 millj. kr. Þá áætlar hagstofan, það er lausleg áætlun, segir hagstofan, gerð í flýti, hækkun á duldum greiðslum og dreifingarkostnaði innanlands vegna gengislækkunarinnar um 152 millj. Þetta eru samtals 1117 millj. Frá þessu þarf síðan að draga, að mínu viti, hækkun á fjárlögunum vegna gengisbreytingarinnar, sem er komin inn í álögurnar og má ekki tvítelja, og niðurfellingu á innanlandssöluskatti, sem runnið hefur til útflutningssjóðs og mér er sagt eftir plöggunum, að líka

eigi að falla niður, eða um 119 millj. Þannig skilst mér, að nettóálögurnar séu um 1000 millj., miðað við þessa lágu innflutningsáætlun ríkisstjórnarinnar.

En þá er eftir að reikna áhrif vaxtahækkunarinnar, og þau hefur mér ekki tekizt að fá áætluð á þessum stutta tíma, sem til umráða hefur verið. En það dylst mér ekki, að stórfelld vaxtahækkun bætir hundruðum milljóna við þessar álögur. Enn fremur er mér ljóst, að nýju álögurnar verða í reyndinni meiri en í fjárlögunum er áætlað og sömuleiðis verðhækkanir vegna gengisbreytingar af ástæðum, sem ég hef þegar drepið á, sem sé vegna þess, hvað innflutningsáætlunin er lág. Svo eru það vextirnir, eins og ég hef tekið fram. Lægstu tölur, að mínu viti, eftir því sem ég hef getað skoðað á þessum stutta tíma, — lægstu tölur, sem hægt er að nefna í sambandi við álögurnar í heild, eftir því, hve vaxtahækkunin verður mikil, eru 1200—1300 millj., en sennilega miklu meira eða a. m. k. verulegum mun meira.

Síðan segir hæstv. ríkisstj., að á móti þessu eigi að koma 152 millj. í fjölskyldubótum og 37 millj. í auknum niðurgreiðslum, og það er það, sem þjóðin á að fá í staðinn, almenningur í landinu á að fá í staðinn.

Nú ráðgerir ríkisstj., að kaupgjald í landinu standi óbreytt og að verð það, sem bændur fá sjálfir fyrir afurðir sínar, verði óbreytt, væntanlega þó með þeirri breytingu, sem úrskurðuð verður af þeirri 6 manna nefnd eða hagstofustjóra, sem nú rannsakar verðgrundvöllinn sjálfan, en að öðru leyti verði það óbreytt. Kaup fiskimanna á að verða óbreytt yfirleitt. M. ö. o.: það á að halda óbreyttum tekjum almennings í landinu, en menn eiga að fá 152 millj. í fjölskyldubætur og 37 millj. í auknar niðurgreiðslur. Ég fæ ekki betur séð en það séu þess vegna fyrirætlanir ríkisstj. að minnka neyzlu og fjárfestingu í landinu á einu ári um a. m. k. 1000 millj. kr. eða yfir 1000 millj. kr. Og spyr ég nú hæstv. ríkisstj.: Hefur hún ekki látið reikna þetta dæmi, og hvað mikið af þessu á að koma niður á fjárfestingunni að hennar áliti, og hvað mikið á að koma fram sem hrein kjararýrnun, minnkun á neyzlunni? En það er að gera grín að fólki að flytja mál sitt þannig, að þessum álögum eigi að mæta með 152 millj. í fjölskyldubótum og 37 millj. í niðurgreiðslum, þannig að enginn eigi í raun og veru að missa nokkurs í. Það er að hæða sjálfan sig að viðhafa slíkan málflutning. Og það er enn fremur ókurteisi við fólk að láta þar við sitja. Því spyr ég: Hefur hæstv. ríkisstj. ekki látið reikna þetta dæmi? Hvar á þetta að koma niður? Hvað hugsar hún sér, að fjárfestingin minnki mikið af þessum yfir 1000 millj., og hvað á að verða bein og hrein kjaraskerðing strax? Það eru þessi meginatriði, sem þarf að gera grein fyrir í þessu sambandi. En ekkert sýnir betur en þessar tölur, þótt ófullkomnar kunni að vera og standa til endurskoðunar, hvílík fásinna það er, sem hæstv. ríkisstj. er að leggja út í.

Svona heljarstökk er ekki hægt að gera og koma standandi niður, það er alveg víst. Og ef menn svo í þessu sambandi athuga, að eftir því sem hagfræðingur sagði mér í dag, munu allar þjóðartekjur Íslendinga hafa verið áætlaðar tæpir 5 milljarðar, þá sjá menn enn betur, hvílík fásinna það er, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að kokka þessar vikur, sem hún hafði til afnota, eftir að hún hafði sent Alþingi heim.

Svona ráðstafanir er blátt áfram ekki hægt að gera. Þetta eru hreinar panik-ráðstafanir. Það er með öllu gersamlega óskiljanlegt, hvernig nokkrum manni dettur í hug að koma fram með svona áætlanir eða svona fyrirætlanir. Hefur þetta alls ekki verið athugað — eða hvað? Hafa þessir hæstv. ráðherrar ekki gert sér neina grein fyrir því, hvað þeir voru raunverulega að fara? Hvernig halda menn, að áhrifin af þessu verði í þjóðarbúskapnum? Og dettur mönnum í hug, að svona lagað sé framkvæmanlegt?

Ég vil í fullri alvöru biðja hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessar fyrirætlanir og endurskoða þessar áætlanir, því að vitanlega er ekkert til hættulegra í efnahagsmálum landsins en það að gera einhverjar panik-ráðstafanir, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum og enga möguleika hafa til að heppnast. Menn hafa ekki leyfi til þess að gera slíkar ráðstafanir, vegna þess að slíkt hlýtur að stórauka vandann frá því, sem hann er eða hefur verið. Það væri hægt að ræða miklu nánar en ég hef tíma til eða tel rétt að fara út í, hvaða áhrif þetta hefur í einstökum atriðum.

En hugsið ykkur bara viðhorf t. d. unga fólksins í landinu, eftir að þessum ráðstöfunum hefur verið hellt yfir þjóðina. Hugsið ykkur annað eins, — fólk, sem kannske hefur alveg nýlega sökkt sér á kaf í skuldir til þess að eignast þak yfir höfuðið eða á það alveg eftir og hefur hugsað sér að reyna slíkt. Það kemur stórkostleg hækkun á allan byggingarkostnað í landinu, og þar að auki er meiningin að innleiða, eftir því sem hæstv. ríkisstjórn hefur lýst yfir, vaxtahækkun, að því er manni skilst bæði á lausalánum, sem þetta fólk hefur orðið að taka í stórum stíl og þarf að taka, ef það á að geta komið áfram sínum áhugamálum, og einnig á föstum lánum, þeim sem veitt verða framvegis. Það verða margir illa fyrir barðinu á þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að reyna að gera, en engir eru þó eins hörmulega leiknir og unga fólkið í landinu, og væri hægt að færa fyrir því miklu greinilegri ástæður. En þetta er bara eitt dæmið um það, hvernig þetta verkar fyrir ungu kynslóðina.

Þá eru það útreikningarnir um það, hvað dýrtíðin muni vaxa vegna þessara ráðstafana. Við fáum ofur litla hugmynd um það af þessum tölum, sem ég var að nefna, um það, hverjar álögurnar raunverulega eru og hverjar þjóðartekjurnar hafa verið, hvernig þetta muni vera. En það er sagt eða einhverjir reiknimeistarar hafa reiknað út, að það verði 14% dýrtíðaraukning. Það er nú held ég þrisvar sinnum orðið „líklega“ í sambandi við

þennan útreikning, þannig að það er á þessu hafður góður fyrirvari, enda sennilega vissara, því að sannleikurinn er sá, og af því höfum við bitra reynslu, að allir slíkir reikningar hafa reynzt þannig, að það hefur vaxið meira dýrtíðin í landinu en gert hefur verið ráð fyrir. Ég hef ekki séð útreikningana sjálfa, en það er greinilega tekið fram í grg., að hér sé aðeins miðað við fyrstu áhrif af sjálfri gengislækkuninni, en ekkert tekið til íhugunar, hver áhrifin verða af vaxtahækkuninni og ekki heldur af nýja söluskattinum, sem manni skilst að eigi að innleiða á allar vörur. Og fleira og fleira er það vitaskuld, sem er ekki tekið til greina, eins og augljóst verður, ef menn bara reyna að setja upp fyrir sér heildarmynd af því, sem raunverulega er að gerast, og setja inn í þessar skýrslur það, sem hæstv. ríkisstj., sennilega af ásettu ráði, hefur látið vanta.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér, hvernig þetta verkar fyrir einstakar atvinnugreinar í landinu, og verð að láta það að mestu liggja milli hluta við þessa umr., því að starfið hefur farið í annað, en það hlýtur að verða skoðað og rætt í sambandi við þetta mál. En ég vil þó strax láta í ljós þá skoðun, sem er raunar ekki skoðun, heldur augljóst og þess vegna staðreynd, að þessar ráðstafanir munu þrengja mjög hag smábátaútgerðarinnar frá því, sem verið hefur, því að það hafa sérstakar ráðstafanir verið gerðar vegna hennar, sem eru algerlega felldar niður í sambandi við þetta mál, og er þar ekki um eins þýðingarlítið mál að ræða og ég býst við að sumir af feðrum þessa frv. geri ráð fyrir, því að satt að segja býst ég við, að þeir muni heldur lítið inni í þeim málum og að sjónarmið þeirra muni ekki ná mikið út fyrir þeirra heimabyggðir, og við vitum allir, hvar þeir eru búsettir. Ég óttast, að þeirra sjónarmið nái ekki langt út fyrir þeirra heimabyggðir.

Þá er það mjög athyglisvert í þessu sambandi, að gert er ráð fyrir því, að útflutningurinn verði skattlagður með 5% skatti, og það er sagt þarna einhvers staðar nægilega greinilega, til þess að það skiljist, að það á að ganga til að greiða hallann á útflutningssjóði. Það er einkennilegt. Okkur var sagt, að á honum væri enginn halli og hann stæði betur en nokkru sinni fyrr. Nú er það allt í einu komið í ljós, að það þarf að skattleggja alla framleiðsluna í landinu, til þess að greiða þennan halla á útflutningssjóði, sem átti ekki að vera til, — innleiða alveg nýtt kerfi til þess að greiða þetta. En síðan er ekkert um það getið í þessu máli, hvernig þessum fjármunum skuli varið, en skatturinn á að halda áfram, þangað til hann er þá numinn úr gildi með sérstökum lögum. Hann er ekki tímabundinn, skatturinn. Og þá virðist það vera ætlunin, eða maður verður að líta svo á, að það sé ætlunin, að ríkisstj. geti ráðstafað þessum skatti eða þessum sjóði, og kem ég að því ofur lítið síðar. En rökstuðningurinn fyrir þessu er ákaflega einkennilegur, því að hann er sá, að útvegsmenn geti ákaflega vel borgað þennan skatt, því að gengisbreytingin sé það ríflega til tekin, að hún sé miðuð við það, að útvegsmenn geti afskrifað nýju skipin sín og bátana með nýja verðinu, sem þeir verði að kaupa þau á. Og það er rökstutt með þessu, að þeir geti vel séð af þessum 5%. M. ö. o.: manni virðist eftir þessu, að ríkisstj. líti svo á, að útvegurinn þurfi alls ekki að búa við þau kjör, að hann geti afskrifað skipin með nýja verðinu, sem á þeim verður eftir gengisbreytinguna, þess þurfi ekki, það megi draga þar frá 5% og setja til þess að greiða þennan makalausa halla á útflutningssjóðnum, sem allt í einu fannst eftir kosningarnar.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um þetta mál og þær ástæður, sem hæstv. ríkisstj. hefur fært fyrir því. Þeir hafa sagt í fyrsta lagi, að það yrði að grípa til þessara örþrifaráða, — það er varla hægt að kalla þetta annað en örþrifaráð, — til þess að forða þjóðinni frá því að sökkva í skuldir og vanskil út á við. Ég hef nú gert því, að því er mér finnst, allrækileg skil, að þetta er hrein tylliástæða, því að það er svo fjarri því, að þessi ríkisstj. ætli að forðast það að taka lán, ef þau eru bara ekki til framkvæmda. Þá ætlar hún að taka meiri lán en nokkru sinni hafa áður þekkzt á Íslandi. Bara að þau séu ekki til framkvæmda, það er það, sem þarf að forðast.

Þá hefur verið sagt, að þetta heljarstökk yrði að taka til þess að komast alla leið út úr uppbótakerfinu. Það er ein ástæðan, sem færð er fram, og hæstv. forsrh. gerði mikið úr þessu. Það yrði að taka í sig karlmennsku og sveifla sér hringinn heilan og koma standandi niður út úr uppbótakerfinu. Ég var búinn að segja það hér áðan, að ég trúi því ekki, að menn komi úr þessu standandi niður, — hvernig þeir koma niður, hvað það verður, sem kemur niður, annað en fæturnir, skal ég ekki fullyrða neitt um að svo vöxnu. En það er sagt, að það þurfi að taka þetta heljarstökk til þess að komast alla leið út úr uppbótakerfinu. Þetta áfangatal og öll varasemi í þessu sambandi sé af illri rót runnið og eiginlega til komið frá þeim, sem hafi ekki skilning á efnahagsmálum landsins. Þetta verði allt að gera í einu stökki.

En við skulum íhuga þetta svolítið nánar. Og þá verður það fyrst fyrir, að ríkisstj. kemst alls ekki út úr uppbótakerfinu, jafnvel þó að hún kæmi standandi niður úr þessu heljarstökki. Uppbótakerfið er ekki bara útflutningsuppbæturnar, það eru niðurgreiðslurnar engu síður. Niðurgreiðslurnar og útflutningsuppbæturnar eru eins og tveir endar á sama prikinu. Útflutningsuppbæturnar eru notaðar til þess að auka tekjur framleiðslunnar, þegar vantar, en niðurgreiðslurnar til þess að lækka kostnaðinn við framleiðsluna. Þá er farið í þann endann. M. ö. o.: Stjórnin kemst ekkert nærri því út úr uppbótakerfinu. Hún eykur það meira að segja í vissum greinum með því að auka niðurgreiðslurnar og taka upp alveg nýja siði í því sambandi, sem eru fjölskyldubæturnar, sem má ýmislegt gott um segja. En við getum bara séð, hvort fjölskyldubæturnar, sem hæstv. ríkisstjórn er nú að leggja í, eru

venjuleg félagsmálaleg ráðstöfun eða ekki, með því að íhuga, að menn eiga að fá uppbætur með fyrsta barni, hversu háar tekjur sem þeir hafa og hversu ríkir sem þeir eru. Þetta eru ekki venjulegar félagslegar ráðstafanir. Þetta er aðeins einn liður í uppbótakerfinu, nýr liður, sem settur er inn í uppbótakerfið, þ. e. að greiða niður vísitöluna á þennan hátt, og vitum við vel, af hverju það er gert. Það er gert vegna þess, að með því að gera þetta svona, þá er hægt að reikna þetta laglega út. Menn fá uppbornar, að því er manni skilst, þúsund milljónir í álögum með 152 millj. Það er dálítið freistandi að viðhafa svoleiðis skömmtunarlag.

Menn komast því ekki út úr uppbótakerfinu, þó að gripið sé til svona örþrifaráða, eins og hæstv. ríkisstj. hefur nú flanað út í. Útflutningssjóðurinn sjálfur á að lifa áfram, og það stendur í lagagrein einni fremur en í grg., að útflutningssjóður skuli standa, þangað til meginhlutverki hans sé lokið að dómi ríkisstjórnarinnar. *Hann er hafður opinn.* Það er allt opið upp á gátt og meira að segja 5% þarna, sem á að vera einhver hulinn varasjóður. Þessar tvær meginástæður, sem færðar eru fyrir málinu, eru því markleysa. Önnur sú, að þetta sé allt gert vegna þessa gífurlega greiðsluhalla við útlönd, sem stafi af framkvæmdalánunum, og svo hin, að þetta þurfi að gera og einmitt þetta, því að væri minna að gert, væri það kák og bara áfangi. En þetta væri öll leiðin á enda og þess vegna yrðu menn að sætta sig við það, þó að á þessu væru ýmsir erfiðleikar, og setja kraft í stökkið. Þessar ástæður eru alveg dottnar.

Nú er sagt í þessu sambandi, að það verði meira frelsi en verið hefur. Ég skal ekki fella neinn fullnaðardóm um þetta, en æði miklir skuggar eru á því. Því er sem sé lýst yfir, að 40% af innflutningnum eigi að vera undir innflutningsleyfum áfram, og einhver góður maður sagði mér, að 1958 hefðu 68% af gjaldeyrissölunni í landinu verið frjáls. Þetta þarf allt saman mikilla skýringa við, ef það er að innleiða nú allt í einu meira frelsi og eitthvað alveg sérstakt, sem aldrei hafi skeð áður í seinni tíð, að 40% eigi að vera undir leyfum áfram. Þá á að innleiða stórfelldan nýjan söluskatt. Og það er kapítuli út af fyrir sig, að það á að fara að breyta mjög tekjuskattinum, vegna þess að menn dragi undan í tekjuskattsframtölum, — og ekki skal ég gera lítið úr því, — *og taka upp almennan söluskatt í staðinn.* Það er sennilega fyrir það, að menn muni alls ekki draga undan söluskattinum — eða hitt þó heldur, sem var einmitt numinn úr lögum vegna þess, hversu vitað var, að hann var dreginn undan. En það er atriði, sem verður rætt í öðru sambandi. En einhver ofur lítil skerðing er það nú á frelsinu að fá slíkt yfir sig á nýjan leik fyrir þá fjölmarga, sem áður voru þar ekki undir.

Síðan á frelsið að vera fólgið í því, að innleiða á stórkostlegri lánsfjárhöft og lánsfjárskömmtun en nokkru sinni áður hefur þekkzt í þessu landi. Það er einn liður í frelsismálinu að innleiða stórkostlegri lánsfjárskömmtun og lánsfjárhöft en nokkru sinni hafa áður átt sér stað. Svo er verið að tala um, að það þurfi að endavenda öllu á þennan hátt, taka hér upp stórfellda kjaraskerðingu og stórfelldan samdrátt í framkvæmdum til þess að ná þessu glæsilega marki, að innleiða aukið frelsi. Þetta frelsistal er markleysa. Þar er þriðja meginástæðan fallin, sem borin er fram fyrir þessu máli.

Það er áreiðanlegt, að þjóðin stendur agndofa út af þessum áætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram. Þessi valdasamsteypa, eins og ég minntist á í upphafi máls míns, sem gekk í haust til kosninga undir kjörorðinu: „Stöðvun dýrtíðarinnar án skatta og bætt lífskjör", beitir sér nú hreinlega fyrir því að magna dýrtíðina með öllum ráðum til þess að koma á samdrætti og kjaraskerðingu. Einn meginþáttur stefnunnar er svo sá að draga úr stuðningi þess opinbera við uppbygginguna í landinu, en efla um leið aðstöðu þeirra, sem *fjármagninu ráða. En það vitum við að eru* hvorki framleiðendur í landinu almennt né almenningur, sem yfir mestu fjármagninu ráða, og þeir vita líka í stóra stjórnarflokknum, hverjir það eru. Þeir vita það vel. Og þarna er að finna ráðninguna á þeirri gátu, að ráðizt er með svo mikilli frekju gegn uppbyggingarstefnunni og gripið til þessara örþrifaráða, sem hér eru á ferðinni. Það var ekki nauðsynlegt til þess að jafna greiðsluhallann við útlönd, ekki heldur til þess að komast út úr uppbótakerfinu, því að það komast menn ekki með þessari ráðstöfun heldur, ekki heldur til þess að auka yfirleitt almennt frelsi, því að ýmsar ástæður má færa fram fyrir því, að það er stefnt til meira ófrelsis og meiri þvingunar á allan hátt en nokkru sinni hefur áður þekkzt.

En ástæðan er þessi, að þá erfiðleika, sem þjóðin á í og eru nokkrir, en þó minni en oft áður, á að nota nú til þess að koma fram alveg nýrri stefnu í efnahagsmálum, sem er byggð á þessu, sem ég hef verið að skýra. Það á að gersnúa öllu við, minnka öll þjóðfélagsleg afskipti af uppbyggingunni í landinu og færa völdin í vaxandi mæli yfir til þeirra, sem yfir fjármagninu ráða. Hverjum getur dulizt það, sem íhugar þessi efni, að þetta er stefnan?

Framsfl. mun beita sér eindregið gegn lögfestingu þeirrar meginstefnu, sem ríkisstj. hefur ákvarðað, og berjast af öllu afli fyrir uppbyggingarstefnunni í *málefnum landsins,* eins og hann hefur gert frá fyrstu tíð.

Að lokum vil ég minnast þess, hve ógiftusamlega hefur að mínum dómi og sorglega tekizt um undirbúning þessa máls og meðferð þess, síðan hin nýja valdasamsteypa tók við þessum málum. Menn skyldu ætla, að þeir, sem litu svona á málefni landsins, eins og þeir hafa verið að lýsa, mundu hafa haft áhuga fyrir því að fylkja sem flestum saman til átaka í þessum málum. En það gerðu þeir ekki og hafa aldrei gert. Þvert á móti munu þeir hafa hugsað, þegar þeir voru að undirbúa þessi mál, að þeir þyrftu engan stuðning neins staðar frá,

þeir kynnu þetta allt og gætu allt, sem þyrfti að gera. Þegar stjórnin var komin á laggirnar og var veik og vanburða til þess að ráða við þessi mál, því að það getur engum dulizt og gat engum dulizt frá byrjun, þá hefði það átt að vera ásetningur hennar að reyna að styrkja sig með viturlegum starfsaðferðum, reyna að laða sem flesta í landinu til samstarfs við sig um það, sem átti að gera, og til skilnings á þeim vanda, sem stjórnin taldi vera fyrir hendi. En hvað hefur ríkisstjórnin gert í því?

Hún byrjaði með því að neita andstæðingunum um allar upplýsingar um þessi mál. Næsta skref var að neita Alþingi sjálfu um allar skýringar og upplýsingar um það, hvernig efnahagsmálin stóðu, en senda það þess í stað heim, á meðan hún, ríkisstjórnin, skoðaði þetta og tæki ákvarðanir um, hvað ætti að gera. Og hún sendi ekki aðeins andstæðinga sína heim, hún sendi líka stuðningslið sitt heim og sagði, að þeir og aðrir alþm. gætu fengið að vita um, hvernig þessi mál stæðu, þegar þeir kæmu til baka. Þá yrði þetta allt skýrara og lægi gleggra fyrir. En þeir bættu því ekki við, sem þó var auðvitað staðreynd, að þá ætluðu þeir líka sjálfir að vera búnir að ákvarða það, hvað ætti að gera, meira að segja án samráðs við sína eigin stuðningsmenn á Alþingi. Þeir áttu að vera heima á meðan — og hafa verið heima og ekki kvaddir til neins í þessu sambandi. Síðan eiga þeir að standa frammi fyrir því sem gerðum hlut, sem ákvarðað hefur verið, og þannig á að þvinga þetta fram, ekki aðeins aðra stefnu en stjórnarandstæðingar í Framsfl. vilja, heldur stefnu, sem áreiðanlega er í raun og veru í mótsögn við það, sem sumir af eigin stuðningsmönnum stj. vilja, ef þeir þá hafa skilið, hvað verið er að fara, vegna þess að upplýsingarnar hafa þeir ekki fengið og þeir hafa ekki fengið að fylgjast með þessum málum stig af stigi, eins og verður að vera, ef menn eiga að taka þátt í að móta úrræðin. Það er ekki hægt að vera heima hjá sér og eiga um leið þátt í því að móta úrræðin í svona málum, eins og sú stórfellda benda af nýjum ráðstöfunum, sem nú er lögð fram, gefur gleggsta hugmynd um. Það er ekki hægt. Þeir, sem eru þannig settir út í horn, geta ekki átt þátt í að móta svona mál. Það eru aðrir, sem móta þetta, og síðan er þeim sagt að samþykkja.

Þessar vinnuaðferðir allar saman hjá hæstv. ríkisstj., að neita samvinnu ekki aðeins við andstæðinga sína og reyna ekkert að skjóta breiðari grundvelli undir það mál, sem þeir eru með, en þeir hafa gert, og loka meira að segja sitt eigið stuðningslið frá því að hafa áhrif á málið, jafnóðum og það mótast, — þessar vinnuaðferðir eru stórámælisverðar. Það er ástæða til þess að harma þessi vinnubrögð, þau eru óviturleg og óheppileg og líkleg til þess að verða til tjóns og allt öðruvísi en þjóðin vill láta starfa að þessum málum.

Og að lokum þetta: Það er mikil sekt þeirra manna, sem fara gálauslega með þýðingarmestu málefni landsins, því að ekkert er verra en að efna til glæfra með þessi mál án þess að hugsa nokkuð um það, hvað framkvæmanlegt er, því að þá verður allt verra en nokkru sinni fyrr og verra en ekki. Það er þetta, sem ég tel að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi gert sig seka um, og það er hættulegt að þvinga fram úrlausnir í þessum málum, sem engan hljómgrunn eiga með þjóðinni og hafa alls ekki nauðsynlegan stuðning. Slíkar aðfarir geta og hljóta að verða til þess, að ástandið verði verra en nokkru sinni fyrr.

Ég skal svo láta þessum aths. mínum við 1. umr. málsins lokið, en tek það fram, að ýmsa þætti þess, eins og t. d. hvernig þetta kemur við sjávarútveg og landbúnað og ýmsar aðrar greinar, hefur ekki verið hægt að skoða enn þá, vegna þess að enn hafa ekki komið fram þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess. En þetta er um megindrættina í málinu, sem nú þegar liggja sæmilega ljóst fyrir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Austf., sem hann var nú að ljúka, voru þrjú aðalatriði. Í fyrsta lagi sagði hann, að Alþ. ætti nú eins og fyrr að velja milli tveggja meginleiða í efnahagsmálum þjóðarinnar, og kallaði hann þær uppbyggingarstefnu og samdráttarstefnu. Það, sem hann nefnir uppbyggingarstefnu, er stefna undanfarinna ára, sem byggist á greiðsluhalla gagnvart útlöndum, söfnun erlendra lausaskulda, styrkjum og ívilnunum til óarðbærra framkvæmda og uppbóta- og gjaldakerfi, sem lamar heilbrigða framleiðslu, en ýtir undir atvinnurekstur með lélegum afköstum. Þessa stefnu á ekki að kenna við uppbyggingu. Hún er rétt nefnd halla- og styrkjastefna, sem einnig mætti kenna við sukk og sérréttindi.

Hin stefnan, sem hann nefndi samdráttarstefnu, er sú, sem nú á að taka upp. En hún grundvallast á því að láta allar greinar útflutningsins sitja við sama borð, þannig að sú framleiðsla búi við bezt skilyrði, sem er þjóðhagslega hagkvæmust. Hún byggist á því að eyða halla í viðskiptum þjóðarinnar gagnvart útlöndum og lifa af eigin aflafé. Þetta er viðreisnarstefna, eina stefnan, sem er samboðin þjóð, sem vill vera sjálfstæð.

Í öðru lagi sagði hv. þm., að álögur á þjóðina vegna þessara ráðstafana, sem nú eru hér til umræðu, næmu 1000 millj. kr. á ári. Þjóðviljinn hafði það í morgun eftir Lúðvík Jósefssyni, að álögurnar næmu 2000 millj. kr. á þjóðina á ári. Báðar þessar tölur eru algerlega villandi og út í hött. Það, sem þessir menn kalla álögur, er flutningur tekna milli framleiðslugreina, endurskipting á þjóðartekjunum, sem með engu móti verður talin álögur í venjulegri merkingu þess orðs. Ef sú gengisbreyting, sem nú er lögð til, hefur í för með sér 1000 eða 2000 millj. kr. álögur, hverjar voru þá álögur ríkisstj. Hermanns Jónassonar, sem ég mun sýna fram á hér á eftir? Hann lækkaði gengið meira á valdaárum sínum en nú er lagt til. Og ef gengisbreyting almennt hefur

svona miklar álögur í för með sér, hvers vegna lagði þá hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, til hliðstæða gengislækkun vorið 1958 í vinstri stjórninni, eins og ég mun skýra nánar frá hér á eftir. Hann svarar því væntanlega síðar í umræðunum.

Í þriðja lagi kvað hann það fyrirætlun ríkisstj. að taka stórfellt eyðslulán erlendis, krambúðarlán, held ég að hann hafi kallað það, og átti þá víst við yfirdráttarheimildirnar hjá Efnahagssamvinnustofnuninni eða í Evrópusjóðnum og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í því sambandi minnti hann á, að Ísland hefði áður tekið slíkt lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni eða Greiðslubandalagi Evrópu og það hefði orðið fast lán og væri núna. Þetta er rétt að skýra svolítið nánar, áður en lengra er haldið.

Samkv. samningnum um Greiðslubandalag Evrópu var svo ráð fyrir gert, að ¼ hluti þeirrar yfirdráttarskuldar, er myndaðist á mánuði hverjum, yrði að föstu láni, sem þyrfti ekki að greiðast, á meðan Greiðslubandalagið stæði. Enda þótt ekki væri ákvæði um það í bandalagssamningnum, var alltaf búizt við því, að þegar Greiðslubandalagið hætti störfum, mundi sérstaklega samið um greiðslu þessarar skuldar. Sú varð líka reyndin, að þegar Greiðslubandalagið hætti störfum í ársbyrjun 1959, fóru fram samningar á milli þeirra ríkja, sem skulduðu Greiðslubandalaginu, og þeirra, sem áttu inneign hjá því, og var samið um greiðslu skuldanna á nokkrum árum, sjö árum að því er Ísland snerti.

Samkv. Greiðslusamningi Evrópu, sem nú er í gildi, er hins vegar ekki um nein slík yfirdráttarlán að ræða. Öll viðskipti verða að gerast upp mánaðarlega. Aftur á móti var samkv. Greiðslusamningnum stofnaður sérstakur sjóður, Evrópusjóðurinn, sem getur veitt meðlimum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu yfirdráttarlán til allt að tveggja ára til þess að komast yfir tímabundna gjaldeyrisörðugleika. Þessi lán eru því aðeins veitt, að stjórn Evrópusjóðsins telji gilda ástæðu til þess að ætla, að landið komist úr gjaldeyrisörðugleikum sínum á skemmri tíma en tvöfalt árum og því ekki hætta á, að lánið festist.

Ísland hefur um margra ára skeið rekið þjóðarbúskapinn með halla út á við og ekki gert viðhlítandi ráðstafanir til að binda endi á hallann. Til þess að greiða hallann varð stöðugt að fá erlend lán, eins og ICA-lánin. Fasta yfirdráttarskuldin við Greiðslubandalag Evrópu var sama eðlis. Íslenzk yfirvöld létu þá skuld myndast einmitt vegna þess, að þau vissu, að hér var um fast lán að ræða, sem gengið gat upp í greiðsluhallann um skeið. Þörfin á þessum lántökum var stöðug, meðan greiðsluhallinn hélzt. Nú horfir málið þannig við, að greiðsluhallinn mun hverfa vegna þeirra ráðstafana, sem verið er að gera. Það verður því ekki þörf neinna lána til að jafna greiðsluhallann. Aftur á móti er þörf gjaldeyrisvarasjóðs til þess að mæta árstíðabundnum sveiflum í gjaldeyrisviðskiptum og sveiflum á millli ára, sem stafa t. d. af aflabresti eins og 1957 eða töfum á útflutningi eins og 1959. Án slíks varasjóðs er ekki hægt að halda uppi jöfnum innflutningi og yfirfærslum og þar með ekki heldur eðlilegum rekstri í atvinnulífinu. Yfirdráttarlánið hjá Evrópusjóðnum og heimildin til gjaldeyriskaupa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum koma í stað slíks varasjóðs og eru því allt annars eðlis en venjuleg lán til framkvæmda eða vörukaupa. Það er ekkert náttúrulögmál, að menn hljóti að eyða sparifé, sem menn eiga. Þess vegna er það ekkert náttúrulögmál heldur, að þjóð hljóti að eyða gjaldeyrisvarasjóði, þótt hún noti af honum um sinn. En ef þjóð á engan gjaldeyrisvarasjóð, kemur það í sama stað niður að hafa yfirdráttarheimild. Hún þarf ekki að verða að föstu láni, frekar en nauðsynlegt sé að eyða varasjóðnum endanlega. Þetta er ég viss um, að hv. 1. þm. Austf. skilur vel. Allt það, sem hann sagði um þetta mál, krambúðarlánið, sem hann kallaði svo, held ég þess vegna að hljóti að vera sagt gegn betri vitund.

Allar götur síðan 1951 hafa Íslendingar búið við efnahagskerfi, sem er óþekkt í nálægum löndum, hvort sem þeim er stjórnað af vinstri sinnuðum eða hægri sinnuðum flokkum. Með bátagjaldeyriskerfinu, sem tekið var upp 1951, var farið inn á þá braut í efnahagsmálum, sem síðan hefur verið kennd við bætur eða styrki. En réttara er þó í raun og veru að kenna hana við margfalda gengisskráningu. Megineinkenni þessa kerfis er það, að þeir, sem afla þjóðarbúinu erlends gjaldeyris, fá ekki eitt og hið sama verð fyrir gjaldeyrinn. Vissum greinum útflutningsframleiðslunnar er greitt meira fyrir þann gjaldeyri, sem þær skapa, en öðrum í formi einhvers konar bóta eða styrkja. Fjár til þess að standa undir greiðslu bótanna eða styrkjanna er síðan aflað með einhvers konar gjöldum á þeim vörum, sem fluttar eru til landsins frá útlöndum. Það var að mínu viti óheillaspor, þegar bátagjaldeyriskerfið var tekið upp á sínum tíma. Kerfi, er tvöfaldar eða margfaldar gengisskráningu, má ekki standa til langs tíma. Ef yfir mjög stuttan tíma er litið, má segja, að það sé ekki mjög varhugavert, en þegar fram í sækir, koma mjög alvarlegir ágallar í ljós. Framleiðslan beinist þá eðlilega að þeim þáttum útflutningsins, sem hagkvæmasts gengis eða hæstra bóta og styrkja njóta, alveg án tillits til þess, hvort sú framleiðsla er hagkvæmust frá þjóðhagslegu sjónarmiði eða ekki. Ef verðbreytingar verða erlendis eða aðrar breytingar á markaðsskilyrðum, er mjög líklegt, að snúizt yrði gegn þeim með hækkun eða lækkun bóta og styrkja til þess að vega á móti hagstæðum eða óhagstæðum áhrifum verðbreytinganna á afkomu hlutaðeigandi aðila hér innanlands, en með slíkum breytingum væri komið í veg fyrir áhrif verðbreytinganna erlendis eða hinna breyttu markaðsskilyrða þar á útflutningsframleiðsluna. Eðlileg tengsl milli framleiðslunnar í landinu og hinna erlendu markaða þjóðarinnar væru í raun og

veru rofin og önnur atriði en þau, hvaða vörur seljast fyrir hæst eða hagkvæmast verð á erlendum markaði, látin ráða því, hvað framleitt yrði í landinu til útflutnings. Með því móti er verðmæti þjóðarframleiðslunnar í raun og veru gert minna en ella. Þá er komið í veg fyrir, að útflutningsframleiðslan beinist inn á þær brautir, sem skila þjóðarbúinu mestum afrakstri, en atvinnugreinar, sem hafa minnkandi þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, eru óbeint studdar með bótum eða styrkjum, þ. e. a. s. með því að láta þær njóta hagkvæmara gengis við framleiðslu sína en aðrar greinar útflutningsframleiðslunnar njóta. Ef fjár til greiðslu slíkra bóta og styrkja er aflað með álagi á innflutning eða gjaldeyrissölu til kaupa á innfluttum vörum, svo sem að langmestu leyti hefur verið gert hér undanfarin ár, er mjög hætt við því, að slík gjöld hafi alveg hliðstæð áhrif á framleiðsluna í landinu, bæði útflutningsframleiðsluna og framleiðsluna fyrir innanlandsmarkað. Sumar erlendar vörur verða óeðlilega dýrar, og veitir það ýmiss konar innlendri framleiðslu mikla verndun, þannig að almenningur verður að kaupa ýmsa innlenda framleiðslu, *sem hvorki stenzt samkeppni* við erlenda vöru hvað snertir verð né gæði, en getur hins vegar verið mjög ábatasamt að framleiða í landinu vegna hinna miklu innflutningsgjalda á erlendum vörum sams konar. Þær vörur, sem lítil eða jafnvel engin gjöld eru lögð á, *reynast* hins vegar mjög ódýrar og eru í raun og veru greiddar niður. Þetta veldur því, að um mjög mikla notkun þeirra verður að ræða, oft og einatt svo mikla, að það er beinlínis skaðlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Þjóðarheildin er þá í raun og veru farin að styrkja notkun ýmissar erlendrar vöru, sem af þeim sökum er notuð í óhófi, þótt notkun innlendra framleiðsluþátta eða vinnuafls væri í raun réttri miklu hagkvæmari frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Þetta er í grundvallaratriðum meginhættan, sem uppbóta- eða styrkjakerfi eins og það, sem hér hefur verið allar götur síðan 1951, hefur í för með sér. Þessir gallar hafa komið í ljós í sívaxandi mæli, eftir því sem árin hafa liðið. Í útflutningsframleiðslunni hafa þeir sérstaklega bitnað á togaraútgerðinni og síldarútveginum. Á því er enginn vafi, að í bótakerfinu og framkvæmd þess er að leita meginskýringarinnar á því, að togaraflotinn hefur ekki verið endurnýjaður sem skyldi s. l. áratug. *Það er búið að reynast þjóðinni dýrt og* á þó eftir að reynast henni enn þá dýrara. Að því er aðra þætti framleiðslu landsmanna *snertir hafa gallar bóta- og styrkjakerfisins* fyrst og fremst komið fram í því, að þeir hafa stuðlað að óeðlilega mikilli fjárfestingu innanlands og óeðlilega mikilli notkun erlends gjaldeyris, en þó ekki hvað sízt í því, að fjárfestingin innanlands hefur beinzt inn á rangar brautir. Allt of mikill hluti fjárfestingarinnar hefur gengið til ýmiss konar óarðbærra framkvæmda, sem standa ekki í sambandi við bætt skilyrði til þess að auka þjóðarframleiðsluna og bæta lífskjörin, heldur til eflingar á framleiðslu, sem verður ekki talin eiga að hafa forgangsrétt, til fjárfestingar eða þá til neyzluaukningar.

Þegar alþingiskosningarnar fóru fram sumarið 1956, var í raun og veru komið alveg skýrt fram, að uppbótakerfið, sem tekið hafði verið upp 5 árum áður, var meingallað og að bráðnauðsynlegt var að gera hér breytingu á. Þegar eftir að ríkisstjórn Hermanns Jónassonar hafði verið mynduð, skömmu eftir þær kosningar, lét hún gera ýmsar athuganir á efnahagsmálum þjóðarinnar. M. a. fékk ríkisstj. tvo mjög reynda sérfræðinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington til þess að gera heildarathugun á ástandi efnahagsmálanna þá. Var það í september 1956. Niðurstaða þeirra var í rauninni mjög svipuð og innlendra sérfræðinga, sem gert höfðu athugun á efnahagsmálunum fyrir ríkisstj. Ólafs Thors á árinu 1955.

Mikilvægustu staðreyndirnar, sem við blöstu sumarið 1956, þegar ríkisstj. Hermanns Jónassonar *tók* við völdum, voru, að þrátt fyrir góðar aðstæður í útflutningnum, erlenda fjárhagsaðstoð og sérstakar tekjur vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli hafði greiðsluhalli Íslands gagnvart öðrum löndum numið um 20 millj. dollara, eða um 320 millj. kr., miðað við skráð gengi, á 6 ára tímabilinu 1950—55. Mikill ofvöxtur útlána átti sér stað í bankakerfinu. Verðlag fór mjög hækkandi. Frá því í marz 1950 hafði verðlag hækkað um 85%. Tilsvarandi hækkun hafði orðið á kaupgjaldi. Hækkun verðlags og kaupgjalds hér var orðin miklu meiri en í viðskiptalöndum okkar. Þar sem gengisskráningunni hafði að formi til verið haldið óbreyttri, hefði fyrir löngu verið komið til algerrar stöðvunar útflutningsframleiðslunnar, ef henni hefðu ekki verið greiddar sívaxandi bætur og styrkir. Krónan var því í raun og veru orðin mjög ofmetin í gengisskráningu bankanna, sem var þannig orðin algerlega óraunhæf.

Þeir erlendu sérfræðingar, sem hér störfuðu á vegum ríkisstj. Hermanns Jónassonar í september 1956, töldu greiðsluhallann 1955 hafa verið einhvers staðar á milli 100 og 150 millj. ísl. kr., eða um 3—5% þjóðarteknanna, og þeir áætluðu greiðsluhallann á árinu 1956 svipaðan. Þeir lögðu megináherzlu á, að endir yrði bundinn á greiðsluhallann, verðlag erlendrar vöru samræmt verðlaginu innanlands, þ. e. a. s. hækkað, jafnvægi komið á peningamálin í *landinu með því* að takmarka útlánaaukningu við sparifjármyndun og með því að hækka vexti. Þeir töldu þurfa að flytja kaupmátt til útflutningsframleiðslunnar frá öðrum greinum þjóðarbúskaparins og nauðsynlegt að draga nokkuð úr fjárfestingu. Til þess að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl töldu þeir þjóðina þurfa í bráð að sætta sig við 2—3% kjaraskerðingu.

Þessar staðreyndir lágu ljóst fyrir ríkisstj. Hermanns Jónassonar þegar haustið 1956. Þær voru þrautræddar í ríkisstj. á þessum haustmánuðum. Á undanförnum árum hefur það hvað eftir annað verið sagt í Þjóðviljanum,

að ráðherrar Framsfl. og Alþfl. hafi viljað gengisbreytingu þegar haustið 1956. Ég sé nú enga ástæðu til þess að þegja um það, að þetta er rétt. Ráðherrar Framsfl. lýstu því margsinnis yfir, að breyting á skráðu gengi krónunnar væri langréttasta leiðin út úr efnahagsvandamálunum. Við ráðh. Alþfl. lýstum því líka yfir, að við værum reiðubúnir til þess að taka till. um gengislækkun upp í flokki okkar, ef ríkisstj. yrði sammála um að fara þá leið. Ráðh. Alþb. reyndust hins vegar ekki vilja á það fallast, að skráðu gengi krónunnar væri breytt.

Niðurstaða margra mánaða samningaumleitana urðu síðan ráðstafanir þær, sem gerðar voru í desember 1956. Var þar um eins konar milliveg að ræða. Öðrum þræði var haldið áfram á braut uppbóta- og styrkjakerfisins með hækkun bóta og aukningu innflutningsgjalda. En hinum þræðinum var farið inn á braut gengisbreytingar, með því að lögtekið var 16% yfirfærslugjald á svo að segja allar gjaldeyrisyfirfærslur. Þetta 16% yfirfærslugjald var í raun og veru hrein gengisbreyting. En þegar öllu var á botninn hvolft, var gengisbreytingin þó meiri, sem svaraði meðalhækkun útflutningsbótanna og meðalhækkun innflutningsgjaldanna.

Þótt Alþb. hafi ekki viljað fallast á opinbera gengisbreytingu, þ. e. a. s. gengisbreytingu, sem kölluð væri réttu nafni, féllst það á dulbúna gengisbreytingu, sem skýrð var sem yfirfærslugjald. Alþb. virtist það vera einhver huggun, að gengisbreytingin væri ekki nefnd sínu rétta nafni, og var þá ekki um annað að gera en láta þá fá þeim vilja sínum framgengt. En ég held, að óhætt sé að segja, að bæði ráðherrar Alþfl. og Framsfl. og þingflokkar þeirra hefðu kosið að ganga hreinna til verks en gert var og þá umfram allt að hafa ráðstafanirnar myndarlegri og gagngerari.

Það verður að segjast af fullri hreinskilni, að vandamálið, sem við blasti við valdatöku stjórnar Hermanns Jónassonar sumarið 1956, var alls ekki leyst með ráðstöfununum í desember 1956. Ég vissi ekki þá og veit ekki enn, hvort ráðh. Alþb. var það ljóst eða ekki, en hitt vissi ég þá þegar, að ráðh. Framsfl. var það vel ljóst. Ráðstafanirnar í desember 1956 voru vissulega spor í rétta átt, að því er yfirfærslugjaldið snerti, en það var stigið með of miklu hiki og ekki nógu stórt. Grundvallarvandinn var óleystur. Ekki hafði verið tekið fyrir halla gagnvart útlöndum. Ekki var gripið í taumana í peningamálunum innanlands. Öflin, sem snúið höfðu verðbólguhjólinu, voru enn að verki. Gallar uppbótakerfisins hlutu áfram að segja til sín. Við þetta allt saman bættist svo, að árið 1957 var vegna lélegra aflabragða og lækkunar tekna af Keflavíkurflugvelli að ýmsu leyti mjög erfitt. Þess vegna var ráðherrum allra þeirra þriggja flokka, sem að ríkisstj. stóðu, orðið það ljóst haustið 1957, að grípa þurfti til allróttækra ráðstafana til þess að ráða fram úr vandanum.

Hófust umræður um efnahagsmálin þegar haustið 1957, og sýndist enn sem fyrr sitt hverjum, þegar efnahagsmálin bar á góma. Þessar samningaviðræður stóðu í marga mánuði. Þeim lauk ekki fyrr en um vorið 1958, þegar samkomulag náðist um flutning efnahagsmálafrv. í maí það ár. Vandinn var af ýmsum sökum orðinn meiri vorið 1958 en hann hafði verið í desember 1956, ekki aðeins vegna þess, að árið 1957 hafði verið þjóðarbúskapnum óhagstætt, eins og ég gat um áðan, heldur einnig af ýmsum öðrum orsökum. Kaupgjald og verðlag hafði að vísu haldizt óbreytt að mestu, en annað hafði þó gerzt, sem aukið hafði mjög stærð vandamálsins. Ber þó fyrst og fremst að nefna það, að í þeim samningum, sem Lúðvík Jósefsson sjútvmrh. gerði við útgerðina fyrir hönd ríkisstj. um áramótin 1956—57 og aftur 1957—58, voru bætur og styrkir til sjávarútvegsins auknir mjög verulega og gengisskráningin gagnvart sjávarútvegi og landbúnaði þannig hækkuð mjög verulega, eða m. ö. o. krónan lækkuð í útflutningsverzluninni.

Við samráðherrar sjútvmrh. úr hinum stjórnarflokkunum voru honum sammála um, að hag sjávarútvegsins þyrfti að bæta um bæði áramótin, en við gerðum okkur hins vegar ljóst, að fjár þyrfti að afla til greiðslu bótaaukningarinnar. Við gerðum okkur m. ö. o. ljóst, að ef gengi krónunnar væri fellt í útflutningsverzluninni, væri að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að fella það líka í innflutningsverzluninni.

En hér reyndust ráðh. Alþb. á öðru máli. Þeir voru jafntregir til þess að afla tekna til greiðslu bóta- og styrkjaaukningarinnar og þeir voru fúsir til að samþykkja þá aukningu. Þeir voru m. ö. o. jafntregir til gengislækkunar í innflutningsverzluninni og þeir voru fúsir til hennar í útflutningsverzluninni.

Meginorsakir þess, hve samningaumleitanirnar um efnahagsmálin drógust á langinn árin 1957—58, voru í raun og veru þær, að ráðh. Alþb. höfðu mjög mikinn áhuga á því að bæta kjör sjávarútvegsins með auknum bótum og styrkjum, en alls engan áhuga á því að afla tekna til að standa undir greiðslu bótaaukningarinnar. Það var og önnur ástæða til þess, að vandinn var orðinn stærri vorið 1958 en hann hafði verið í árslok 1956. Reynslan af þeirri aukningu bóta- og gjaldakerfisins, sem gerð var í desember 1956, var engan veginn góð. Það nýja misræmi, sem skapazt hafði í verðlagi ýmissa erlendra vörutegunda, hafði mörgu leyti óheilbrigð áhrif, og áætlanir, sem gerðar höfðu verið um afkomu útflutningssjóðs, stóðust ekki, bæði af þessum sökum og vegna aflabrestsins 1957.

Þegar samningaviðræðurnar um efnahagsmálin stóðu sem hæst í ríkisstjórninni vorið 1958, lögðu ráðh. hvers stjórnarflokks um sig fram skriflegar till. sínar um það, hvernig ráða skyldi fram úr vandanum. Enginn ágreiningur var um það, að vandinn væri orðinn mjög mikill, þótt menn greindi hins vegar á um það, um hversu miklar fjárhæðir væri að ræða. Ég álít, að nú, þegar umræður hefjast hér á hinu háa Alþ. um frumvarp það um efnahagsmál, sem ríkisstj. hefur lagt fram, sé nauðsynlegt,

að það komi fram, hvað flokkar þeir, sem að ríkisstj. Hermanns Jónassonar stóðu, lögðu til, að gert yrði í efnahagsmálunum vorið 1958. Segi ég þetta með sérstakri hliðsjón af því, sem málgögn samstarfsflokka Alþfl. í þeirri ríkisstj. hafa sagt um þær efnahagsráðstafanir, sem nú eru á döfinni, undanfarna daga og vikur. Allir stjórnarflokkarnir lögðu till. sínar fram skriflega í ríkisstj., og fengu allir ráðh. afrit af þeim. Ég minnist þess ekki, að opinberlega hafi verið frá þeim skýrt áður, en ég fæ ekki séð, að þær geti verið nokkurt leyndarmál nú. Þær varpa hins vegar mjög glöggu ljósi á afstöðu flokkanna þá og eru mjög fróðlegar til rétts skilnings á afstöðu flokkanna nú.

Till. Framsfl. hófust á greinargerð um uppbótakerfið og galla þess. Þar eð sú grg. er mjög vel samin og ber þess ljósan vott, að ráðherrum Framsfl. voru þá a. m. k. mjög ljósir gallar uppbótakerfisins, les ég grg. einnig og þannig skjal það í heild, sem ráðherrar Framsfl. lögðu fram í ríkisstjórninni í marz 1958. Það hljóðar þannig:

„Núverandi uppbótakerfi hefur eftirfarandi höfuðgalla, einkum vegna þess, hve uppbætur eru orðnar háar:

Þær atvinnugreinar, sem ekki hafa uppbætur, hljóta að dragast saman og að lokum að hverfa úr þjóðarbúskapnum.

Sá iðnaður og sú framleiðsla, sem keppir við þær aðfluttar vörur og þá erlenda þjónustu, sem nýtur sérstakra hlunninda í kerfinu, hlýtur að dragast saman.

Nýjar atvinnugreinar eða aukning annarra atvinnugreina en þeirra, sem hæstar fá uppbæturnar, koma tæplega til mála.

Þeir þættir sjávarútvegsins, sem búa við óhagstæðar uppbætur, svo sem togaraútgerð og síldveiðar fyrir Norðurlandi, hljóta að komast í þrot eða a. m. k. njóta sín miður en efni standa til.

Vegna þess, hve mikið er byggt á að afla tekna með háum aðflutningsgjöldum á óþarfavörur, hlýtur annaðhvort að draga til stórfelldrar aukningar á innflutningi óþarfavara og að sama skapi minnkandi innflutnings á nauðsynjum, sem leiðir til vöruskorts, eða þá að skorta hlýtur stórlega fjármagn til greiðslu uppbótanna og niðurgreiðslu á vörum innanlands, en á hvoru tveggja þessu ber nú mjög.

Þetta fyrirkomulag ber því með sér þá hættu, að framleiðslan dragist saman frá því, sem hún ella gæti orðið, og þjóðartekjurnar og þannig lífskjör almennings verði mun rýrari en verið gæti og rýrnandi. Enda þótt vissar ráðstafanir til þess að styðja einstakar atvinnugreinar eigi rétt á sér, þá er augljóst, að hið mikla misræmi í þjóðarbúskapnum, sem svo stórfellt uppbótakerfi veldur, er mjög hættulegt fyrir afkomu almennings. Brýna nauðsyn ber því til að gera nýjar ráðstafanir, sem geti orðið grundvöllur að nýjum framförum í þjóðarbúskapnum, aukinni framleiðslu í sem flestum greinum og aukinni fjölbreytni í framleiðsluháttum og þannig verði komið í veg fyrir rýrnun lífskjara og atvinnuleysi, sem að óbreyttu búskaparlagi sýnist óhjákvæmilegt. Fyrir því leggjum við til eftirfarandi:

Í stað uppbótakerfis þess, sem nú gildir, verði lögleitt almennt yfirfærslugjald á keyptan og seldan gjaldeyri, sem komi í staðinn fyrir núverandi útflutningsbætur annars vegar og 16% yfirfærslugjald svo og innflutningsgjald í uppbótakerfið hins vegar. Þetta gjald verði við það miðað, að bátaútvegurinn við þorskveiðar búi við eigi lakari kjör en nú. Jafnframt þessu séu aðflutningsgjöld hækkuð eins og fært þykir á þeim neyzluvörum, sem ekki teljast til brýnna nauðsynja, og það fé, sem þannig innheimtist, sé notað til þess að draga úr verðhækkunum á brýnustu nauðsynjum, einkum innlendum vörum, og til annarra ráðstafana, er miða til hagsbóta fyrir almenning. Séu þessar ráðstafanir gerðar í samráði við stéttasamtökin. Leitað verði samkomulags við launþegasamtökin og bændasamtökin um, að þau falli að einhverju leyti frá að taka kaupgjalds- og afurðahækkun samkv. framfærsluvísitölunni, til þess að komizt verði hjá óheppilegri víxlverkun til hækkunar á kaupgjaldi og afurðaverði, sem þó kæmi hvorugum aðilanum að gagni, sbr. samkomulagið um vísitölustigin 6 sumarið 1956 og í sambandi við löggjöfina um útflutningssjóð o. fl. Samráð verði haft við þessi samtök um megindrætti þessarar nýju stefnu í efnahags- og framleiðslumálum, verðlagspólitík og ráðstafanir til þess að halda uppi nægilegri atvinnu o. fl., o. fl. Leitað verði enn fremur samkomulags við launþegasamtökin um að taka upp nýjan grundvöll að kaupgjaldsvísitölu, sem að verulegu leyti væri miðuð við aukningu þjóðartekna, þjóðarframleiðslunnar. Gerðar séu ráðstafanir til þess, að samið verði um kjör fiskimanna við þessa nýju skipan. Áfram sé haldið ráðstöfunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Gerðar séu ráðstafanir til þess að vísitölutryggja sparifé framvegis í ríkara mæli en nú er gert og þá innleidd um leið að sama skapi vísitölubinding lána."

Svo mörg eru þau orð.

Þetta var afstaða Framsfl. í marz 1958. Í grg. fyrir till. kemur það eins ljóst fram og verða má, að ráðherrum flokksins voru þá fullljósir allir gallar uppbótakerfisins. Þeim er í grg. fyrir till. í meginatriðum lýst á alveg sama hátt og í grg. fyrir þessu frv., sem nú er hér til 1. umr. Hitt er þó enn þá athyglisverðara, hvert er aðalatriði tillagna þeirra, sem Framsfl. lagði þarna fram í ríkisstjórn Hermanns Jónassonar.

Fyrsta atriði till. og aðalatriði þeirra var, að lögleitt yrði almennt jafnhátt yfirfærslugjald á bæði keyptan og seldan gjaldeyri, og skyldi það koma í staðinn fyrir 16% yfirfærslugjaldið, sem í gildi var, og sömuleiðis allar útflutningsbæturnar og innflutningsgjöldin, sem lögð hefðu verið á vegna útflutningsbótanna. Gjald þetta skyldi vera miðað við það, að bátaútvegurinn byggi á þorskveiðum við ekki lakari kjör en hann hafði.

Framsfl. lagði m. ö. o. til, að jafnhátt yfir-

færslugjald skyldi tekið af öllum keyptum og seldum gjaldeyri. Innheimta slíks yfirfærslugjalds á bæði keyptan og seldan gjaldeyri jafngildir að sjálfsögðu algerlega hreinni gengisbreytingu. Till. Framsfl. vorið 1958 var því um hreina gengisbreytingu, þótt það orð væri að vísu ekki notað, en það var auðvitað ekki gert vegna þess, að vitað var, að Alþb. hafði fengið mikinn ímugust á opinberri gengisbreytingu eða orðinu gengislækkun. Hins vegar voru ráðherrar Alþb. auðvitað svo veraldarvanir, að þeir voru fljótir að svara því til, að hér væri um alveg hreina og ómengaða gengislækkun að ræða, eins og auðvitað var alveg rétt hjá þeim. Fyrir lágu útreikningar sérfræðinga ríkisstj. um það, hve slíkt almennt yfirfærslugjald þyrfti að vera hátt, til þess að bátaútvegurinn á þorskveiðum byggi við eigi lakari kjör en hann hafði, og niðurstaða þeirra útreikninga var sú, að gjaldið þyrfti að vera 90%. Almenna 16% yfirfærslugjaldið þurfti a. m. k. að hækka upp í 90%, og svaraði það því til 64% hækkunar á verði erlends gjaldeyris miðað við 16% gjaldið eða til 39% lækkunar á gengi íslenzku krónunnar.

Vorið 1958 var því skoðun ráðh. Framsfl. sú, að 39% lækkun á gengi krónunnar væri nauðsynleg, þótt þeir settu till. um gengisbreytinguna að vísu fram í því formi, að komizt yrði hjá orðinu „gengisbreyting", ef það mætti verða til þess, að Alþb. féllist frekar á breyt. Þegar það er haft í huga, að ráðh. Framsfl. voru allan tímann, sem ríkisstjórn Hermanns Jónassonar sat, eindregið fylgjandi gengisbreytingu og lögðu meira að segja fram skriflega till. í ríkisstjórninni í marz 1958, þar sem gert var ráð fyrir 39% lækkun á gengi krónunnar, þá hlýtur andstaða þess flokks gegn þessu frv. nú að fá á sig nokkuð sérstakan blæ.

Þá ætla ég að lofa þingheimi að heyra þær till., sem ráðh. Alþb. lögðu fram í ríkisstjórninni í marzlok 1958. Þær voru í 7 liðum og hljóða þannig:

1) Lánveitingar fjárfestingarsjóða, svo sem ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, séu stranglega miðaðar við tekjur og eignir sjóðanna og beinar erlendar lántökur.

2) Endurkaupalán í Seðlabankanum hækki alls ekki miðað við 1. jan. 1958, nema í samræmi við auknar útflutningsbirgðir af seljanlegri vöru.

3) Viðskiptabankarnir auki ekki skuldir sínar við Seðlabankann á árinu 1958.

4) Lán það, sem nú er verið að semja um í Sovétríkjunum, verði 100 milljónir króna, þar af 33—50 milljónir króna í frjálsum gjaldeyri. Láninu verði eingöngu varið til greiðslu á fiskiskipum, — 58 millj. kr. gengju til greiðslu á þegar keyptum skipum, 17 að tölu. Kæmu þá þær fjárhæðir, sem þegar hafa verið greiddar vegna þeirra skipa, sem laus gjaldeyrir. Það, sem eftir er af láninu, gangi til báta- og togarakaupa 1958, og ætti þá ekki að þurfa að taka neitt af gjaldeyristekjum ársins til fiskiskipakaupa.

5) Gerð verði áætlun um skiptingu gjaldeyrissölunnar á árinu og tryggilega gengið frá því, að eftir henni verði farið. Í áætluninni sé miðað við: 1) Gjaldeyrissala verði svipuð og árið 1957, og sé ekki miðað við, að gjaldeyrisstaðan geti batnað á árinu, nema gjaldeyristekjur fari vaxandi. 2) Gjaldeyrissala til hátollavöru sé 10% meiri en 1957. 3) Gjaldeyrissala til fjárfestingar sé 20% minni en 1957. 4) Dregið sé úr gjaldeyrissölu til véla- og tækjakaupa og takmörk sett á gjaldeyrissölu til nokkurra vöruflokka.

6) Dregið verði úr fjárfestingu á árinu, m. a. með því að veita 20—30% minni fjárfestingarleyfi en gert var 1957.

7) Útgjöld ríkissjóðs vegna framkvæmda verði lækkuð frá fjárlögum um ca. 20 millj. kr. og þannig dregið úr fjárfestingu af hálfu ríkisins.

Og hér lýkur tillögunum.

Það, sem fyrst og fremst er athyglisvert við þessar till., er, að þar vottar ekki fyrir neinum skilningi á göllum uppbóta- og styrkjakerfisins. Hins vegar kemur í fyrstu 3 liðunum fram ákveðinn skilningur á nauðsyn þess, að bankarnir dragi mjög verulega úr útlánum sínum. Er þetta í áberandi ósamræmi við málflutning Alþb. á opinberum vettvangi bæði fyrr og síðar. Að öðru leyti eru aðalatriði tillagnanna þrjú:

1) 100 millj. kr. lántaka í Sovétríkjunum, sem meira að segja að þriðjungi til helmingi átti að vera í frjálsum gjaldeyri.

2) Innflutningur á hátollavörum eða óhófsvöru skyldi aukinn til þess að færa útflutningssjóði auknar tekjur.

3) Dregið skyldi mjög verulega úr fjárfestingu eða framkvæmdum, bæði einkaaðila og opinberra aðila, og úr innflutningi véla og tækja.

Það er í fyrsta lagi mjög einkennandi fyrir afstöðu Alþb. fyrr og síðar að vilja leysa efnahagsvandamál með lántökum. Og það er í öðru lagi mjög einkennandi fyrir afstöðu þess flokks, að hann vill, að lánin, sem tekin séu, séu tekin í Sovétríkjunum. Þó má segja um þennan lið tillagnanna, að hann sé í samræmi við opinberan málflutning Alþb., því að ekki hefur verið dregin dul á það, að Alþb. telji stóra lántöku í Sovétríkjunum eðlilega og jafnvel sjálfsagða. Annað atriði tillagnanna er hins vegar í ósamræmi við það, sem Alþb. hefur viljað kannast við sem stefnu sína, þ. e. a. s. till. um að auka innflutning á hátollavöru eða óhófsvöru. En sú till. stendur þarna svört á hvítu. Það, sem er allra athyglisverðast við till. ráðherra Alþb. í marzlok 1958, er þó sá þáttur þeirra að leysa vandamálið með því að draga mjög verulega úr framkvæmdum í landinu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hver áhrif það hefði haft á framkvæmdir í landinu, ef á árinu 1958 hefði verið seldur fimmtungi minni gjaldeyrir til þess að flytja inn fjárfestingarvörur en gert hafði verið á árinu 1957 og ef mjög verulega hefði verið dregið úr gjaldeyrissölu til véla- og tækjakaupa. En Alþb.-ráðherrarnir voru sjálfum sér alveg samkvæmir þá, því að þeir lögðu einnig til að draga svo stórkostlega úr veitingu

fjárfestingarleyfa, að leyfisveitingarnar yrðu 20—30% minni 1958 en þær höfðu verið 1957 og að útgjöld ríkisins á fjárlögum vegna framkvæmda lækkuðu einnig. Þetta meginatriði tillagna þeirra frá því í marz 1958 er sannarlega í ekki litlu ósamræmi við málflutning Alþb. gagnvart almenningi bæði þá og ekki síður nú.

Í heild má segja um þessar till. Framsfl. og Alþb. vorið 1958, að á þeim báðum voru bæði kostir og gallar. Till. Framsfl. báru þess ljósan vott, að hann skildi þá stórgalla uppbótakerfisins og vildi gengisbreytingu. Hins vegar báru þær líka vott um, að flokkurinn hafði engan skilning á nauðsyn jafnhliða ráðstafana í peningamálum og fjárfestingarmálum. Till. Alþb. báru hins vegar vott um, að ráðh. þess skildu nauðsyn breytinga í peningamálum og fjárfestingarmálum, en skorti hins vegar allan skilning á göllum uppbótakerfisins og nauðsyn hreinnar stefnu í gengismálinu.

Ég skal nú að síðustu lofa þingheimi að heyra till. þær, sem ráðherrar Alþfl. lögðu fram í ríkisstj. vorið 1958, en þær hljóða þannig:

1) Í stað núverandi útflutningsbóta komi eitt gjald, er sé ákveðinn hundraðshluti af fobverðmæti og greiðist útflytjendum í bönkum, er þeir afhenda gjaldeyri. Sé gjald þetta miðað við það að veita bátaútveginum sömu rekstrarafkomu og hann býr nú við. Um leið og þetta gjald væri ákveðið, væru kjarasamningar sjómanna endurskoðaðir, sama gjald greitt á allar tegundir útflutnings og duldar gjaldeyristekjur vegna skipa og flugvéla.

2) Í stað núverandi 16% yfirfærslugjalds og innflutningsgjalda komi þrjú mismunandi yfirfærslugjöld. Í fyrsta lagi lággjald, gjald á nauðsynlegustu neyzluvörur, er væri svipað eða lítið eitt hærra en núverandi 16% yfirfærslugjald. Þetta gjald væri greitt af þeim neyzluvörum fyrst og fremst, sem nú eru með yfirfærslugjaldi, en án innflutningsgjalda. Þetta gjald væri enn fremur á yfirfærslum vegna náms- og sjúkrakostnaðar. Gert er ráð fyrir, að innlendar landbúnaðarvörur hækki ekki meir en erlendar neyzluvörur. Í öðru lagi almennt gjald. Þetta gjald væri sama og greitt væri á útflutning. Greiddist það af öllum almennum innflutningi, þar með taldar rekstrar- og fjárfestingarvörur, enn fremur af öllum duldum greiðslum, að yfirfærslum vegna náms- og sjúkrakostnaðar undanskildum. Í þriðja lagi hágjald. Þetta gjald væri miklu hærra en hið almenna gjald til þess að vega upp á móti lággjaldinu. Greiðist það fyrst og fremst af þeim vörum, sem nú eru í 55, 70 og 80% innflutningsgjaldaflokknum.

3) Greiðsla gjaldsins fari fram í bönkum, þegar gjaldeyririnn er yfirfærður. Þó færi endanleg flokkun vara eftir yfirfærslugjöldum fram við tollafgreiðslu, og væru þá hinar upphaflegu greiðslur yfirfærslugjalda í bönkunum leiðréttar, ef flokkunin þar reynist röng.

4) Verðtollur og söluskattur á innflutningi væri reiknaður af fob-verði að viðbættu lággjaldi eftir 1. flokki og hinu almenna gjaldi í 2. og 3. flokki. Athugaðir væru möguleikar á því að hækka almenna tolla á nokkrum þeim vörum, sem nú bera lægst innflutningsgjöld. Væru tekjur af tollhækkuninni m. a. notaðar til þess að auka fjölskyldubætur og ellilífeyri, lækka tekjuskatta eða á annan hátt til að rétta hlut launafólks.

5) Leitað sé samkomulags við samtök launþega og bænda um, að samið verði samtímis til eins árs í senn um kaupgjald og verð landbúnaðarafurða.

Og lýkur þar till. Alþfl.

Við í Alþfl. gerðum okkur að sjálfsögðu alveg ljóst, að algerlega vonlaust væri að fá Alþb. til þess að fallast á þá umbúðalausu gengisfellingu, sem Framsfl. lagði til, auk þess sem Framsfl. lagði ekki til neinar þær hliðarráðstafanir, sem Alþfl. taldi þá og telur enn að verði að gera samhliða gengisbreytingu. Í 4. lið till. Alþfl. var einmitt gert ráð fyrir því að afla með sérstökum hætti tekna, til þess að unnt væri að auka fjölskyldubætur og ellilífeyri og lækka tekjuskatta.

Framsfl. sýndi engan áhuga á þessum þáttum í till. Alþfl. og Alþb. raunar ekki heldur. Í núverandi ríkisstj. hefur það hins vegar verið talið sjálfsagt af báðum stjórnarflokkunum, að samhliða því, sem breyting yrði gerð á genginu, verði gerð stórkostleg aukning á bótum almannatrygginganna og felldur niður tekjuskattur af almennum launatekjum.

Þegar menn bera þessar till. saman við efni efnahagsmálafrv. frá því í maí 1958, er augljóst, að í aðalatriðum svipar því mest til þeirra till., sem ráðh. Alþfl. lögðu fram. Þar var ekki um að ræða hreina gengisbreytingu, eins og ráðh. Framsfl. lögðu til. Þar var ekki heldur um að ræða ráðstafanir til almenns niðurskurðar á framkvæmdum, aukningu á hátollavöruinnflutningi, sem greiddur yrði með lántöku í Sovétríkjunum, án þess að nokkrar breytingar yrðu á aðstöðu útflutnings og innflutnings, þ. e. á raunverulegri gengisskráningu í útflutningi og innflutningi, eins og ráðherrar Alþb. lögðu til.

Eins og menn muna, var bótakerfið allt með lagasetningunni gert mun einfaldara en áður var og þrjár bótaupphæðir eða þrjú gengi lögtekin í útflutningnum, 55%, 70% og 80% bætur, og enn fremur ákveðnir þrír aðalgjaldaflokkar í innflutningnum, 30% lággjaldaflokkur, 55% almennur yfirfærslugjaldaflokkur og síðan hágjaldaflokkur með 3 tegundum gjalda á vörur, sem telja mátti til óhófsvarnings.

Þótt enginn vafi geti leikið á því, að löggjöfin frá því í maí 1958 var mjög stórt spor fram á við til leiðréttingar á því misræmi, sem ríkjandi var í efnahagskerfinu, og til stuðnings heilbrigðum útflutningi og heilbrigðri framleiðslustarfsemi fyrir innanlandsmarkað, þá er því ekki að neita, að sporið var ekki stigið til fulls. Útflutningsbótakerfinu var enn haldið, og þar með héldust allir þeir ágallar, sem á slíku kerfi eru. Hitt var þó ekki síður mikilvægt, að ekki var samræmi milli þeirra heildarútflutningsbóta, sem greiddar voru, og þeirrar heildaryfirfærslu- og innflutningsgjalda, sem

innheimt voru. Útflutningsbæturnar voru í heild hærri en yfirfærslu- og innflutningsgjöldin, svo að halli var í kerfinu, — halli, sem ekki var hægt að jafna nema með því að halda áfram að taka erlend lán, auka lausaskuldir bankanna erlendis og hagnast á viðskiptum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Þetta var ljóst frá upphafi. Á þessu er ógerningur að ráða bót nema með því að innheimta jafnhá gjöld af öllum innflutningi og annarri gjaldeyrisnotkun og greidd eru með útflutningi og annarri gjaldeyrisöflun, eins og Framsfl. lagði til vorið 1958 og í raun og veru er gengislækkun, þótt formlegri skráningu gengis í bönkunum sé ekki breytt, eða þá með því að breyta skráningu gengis í bönkunum, eins og gert er ráð fyrir í frv., sem hér er nú til umræðu, og er auðvitað hreinni og í alla staði heilbrigðari aðferð.

Það er mjög athyglisvert að bera nokkuð saman ráðstafanirnar frá vorinu 1958, sem þeir þrír flokkar, er stóðu að ríkisstj. Hermanns Jónassonar, urðu sammála um, og ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og þeim öðrum, sem því eru tengd og bráðlega verða lögð fyrir Alþingi.

Þegar ráðstafanirnar vorið 1958 voru gerðar, var gert ráð fyrir því, að af þeim mundi hljótast 19 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni, eða milli 11 og 12% hækkun framfærslukostnaðar. Á móti þeirri hækkun skyldi koma aðeins 5% hækkun grunnkaups. Það var því ekki gert ráð fyrir, að launþegar fengju bættan nema tæplega helming þeirrar verðhækkunar, sem áætlað var að mundi eiga sér stað. Um þetta urðu Framsfl. og Alþb. sammála í maí 1958. Þá samþ. þeir m. ö. o. löggjöf, sem gerði beinlínis ráð fyrir 5—6% kjaraskerðingu. En þá voru þeir báðir aðilar að ríkisstj., og það sem meira var, þeir ætluðu sér báðir að vera aðilar að ríkisstj. áfram. Með hliðsjón af þessu hlýtur að vekja furðu hin hatramma andstaða þeirra gegn þeim ráðstöfunum, sem nú er gert ráð fyrir og hafa munu í för með sér 13% verðlagshækkun, sem þó verður bætt að meira en ¾, þannig að um aðeins 3% kjaraskerðingu verður að ræða fyrir þá fjölskyldu, sem framfærslukostnaður vísitölunnar er miðaður við, en hins vegar alls enga kjaraskerðingu fyrir stærri fjölskyldur og nokkra aðra hópa í þjóðfélaginu.

Með sérstakri hliðsjón af því, að Alþb. og Framsfl. telja þá gengisbreytingu, sem ríkisstjórnin nú leggur til, óhæfilega og jafnframt gífurlega kjaraskerðingu, er mjög fróðlegt að athuga, hverjar breytingar urðu á útflutningsbótum og gjöldum á innflutning á valdatíma stjórnar Hermanns Jónassonar, því að öllum hv. þm. er áreiðanlega ljóst, að hækkun á meðalbótum og meðalgjöldum á innflutningi jafngildir gengislækkun.

Ríkisstj. Hermanns Jónassonar gerði fyrstu ráðstafanir sínar ekki fyrr en í árslok 1956, og þær höfðu því ekki áhrif fyrr en á árinu 1957. Á árinu 1956 voru meðalbætur á útflutning 24.8%, og svarar það til kr. 20.40 gengis á dollar. Eftir að ríkisstjórn Hermanns Jónassonar hafði gert síðustu ráðstafanir sínar í maí 1958, voru meðalútflutningsbætur orðnar 76.6%, en það svarar til kr. 28.90 gengis á dollar.

Hækkun þess meðalgengis, sem útflutningurinn fékk, nam þannig 43% á valdatíma stjórnar Hermanns Jónassonar, en það svarar til 30% lækkunar á gengi krónunnar.

Meðalgjöld á innflutningi voru 1956 18%, en það svarar til kr. 19.20 gengis á dollar. Eftir ráðstafanirnar í maí 1958 voru meðalgjöldin á innflutningi orðin 68.5%, en það svarar til kr. 27.50 gengis á dollar. Þetta er um það bil sama hækkun á meðalgjöldum og bótunum, eða um 43%, og er þar með 30% lækkun á gengi krónunnar í innflutningnum eins og í útflutningnum.

Sú gengisbreyting, sem ríkisstj. nú leggur til, er 20% lækkun á gengi krónunnar í útflutningi og 34% lækkun í innflutningi. Þessi gengislækkun er m. ö. o. minni en sú gengislækkun á krónunni, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar lögleiddi í nokkrum áföngum á 2½ árs valdatíma sínum, þar eð hún nam 30% bæði í útflutningi og innflutningi.

Er hægt að taka alvarlega hina hörðu fordæmingu Framsfl. og Alþb. á gengisbreytingunni nú, þegar þetta er haft í huga?

Svo að ég víki aftur að þróuninni á árinu 1958, þá er öllum enn í fersku minni, að öðruvísi fór þá en ætlað var. Launahækkanirnar urðu miklu meiri en þau 5%, sem lögin höfðu gert ráð fyrir. Í október 1958 var samið um 16.2% launahækkun hjá verkamönnum eða um 10.7% umfram það, sem ráðstafanirnar í maí voru miðaðar við. Hjá flestum öðrum stéttum höfðu hækkanirnar orðið 12.5%, eða 7% umfram það, sem lögin gerðu ráð fyrir. Við þá hækkun var verð landbúnaðarafurða miðað í september 1958. Um haustið áætlaði hagstofan, að vísitala framfærslukostnaðar mundi alls hækka um 31 stig vegna ráðstafananna í maí, þeirra kauphækkana, sem síðar höfðu átt sér stað, og þeirrar hækkunar álagningar, sem um haustið var leyfð með samþykki bæði fulltrúa Framsfl. og Alþb. í innflutningsskrifstofunni. 1. des. var vísitalan síðan komin upp í 202 stig, og þýddi það, að almennt verkamannakaup var orðið 21% hærra en það kaup, sem útflutningsbætur voru miðaðar við 1. maí 1958, og annað kaup 17% hærra.

Ef þessi þróun hefði verið látin halda áfram, var talið, að haustið 1959 hefði vísitalan verið komin í 270 stig eða hefði hækkað um um það bil fjórðung á einu ári.

Þessir erfiðleikar urðu stjórn Hermanns Jónassonar, eins og kunnugt er, að falli fyrir áramótin 1958 og 1959.

Það var augljóst mál, að kauphækkanirnar á síðari hluta ársins 1958 voru algerlega óraunhæfar. Það var í raun og veru viðurkennt af öllum 3 stjórnarflokkunum og kom fram í því, að Framsfl. lagði til í síðustu tilraunum, sem gerðar voru til þess að halda stjórnarsamstarfinu áfram, að launþegar gæfu eftir bótalaust sem svaraði 15 vísitölustigum. Fulltrúar Alþb. játuðu líka, að kauphækkunin

hafi verið óraunhæf, með því að telja sig reiðubúna til þess að taka til athugunar eftirgjöf, sem svaraði 6 vísitölustigum.

Alþfl. taldi hins vegar, að eftirgjöf 10 vísitölustiga mundi nægileg til þess að halda jafnvægi á árinu 1959, miðað við óbreyttar aðstæður að því er snerti útflutningsbætur, innflutningsgjöld og notkun lánsfjár til þess að halda uppi innflutningi.

Þetta varð og sú stefna, sem framkvæmd var af stjórn Emils Jónssonar, sem mynduð var með hlutleysi Sjálfstfl. í desember 1958. Verðlag var greitt niður sem svaraði 17 stigum og kaup síðan lækkað sem svaraði 10 vísitölustigum, eða um 5.4%. Nam sú kauplækkun ekki jafnmiklu og kauphækkunin hafði numið seinni hluta ársins 1958, þannig að tekjur launþega urðu í krónum hærri árið 1959 en þær höfðu verið 1958.

Það verður að taka skýrt fram, að ráðstöfunum stjórnar Emils Jónssonar í efnahagsmálum var aldrei ætlað að vera varanleg lausn á þeim vanda, sem við blasti, þegar ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tók við sumarið 1956, en tókst ekki að leysa nema að takmörkuðu leyti. Takmark ráðstafananna var fyrst og fremst að stöðva þá geysilega öru verðbólguþróun, sem átti sér stað síðari hluta árs 1958 og hefði leitt til enn örari verðbólguþróunar á árinu 1959 og 1960, ef ekkert hefði verið að gert. Það má fullyrða, að ef hinn sívaxandi snúningur verðbólguhjólsins hefði ekki verið stöðvaður, væri gamla vísitalan nú ekki undir 270 stigum. Hefði, miðað við þær aðstæður, átt að skapa útflutningsatvinnuvegunum hliðstæð kjör og nú er gert, hefði gengið á Bandaríkjadollar þurft að vera um það bil 60 kr. í stað þeirra 38 kr., sem nú eru nægjanlegar til að tryggja þeim óbreytt kjör frá því, sem nú er. Það er slík þróun, sem ríkisstj. Emils Jónssonar setti sér að koma í veg fyrir, og það tókst.

Á árinu 1959 var stöðugt verðlag og kaupgjald, útflutningsframleiðslan gekk með eðlilegum hætti, og innflutningur var einnig með eðlilegu móti fram á síðustu mánuði ársins. Stefnan, sem stjórn Emils Jónssonar markaði í upphafi, var við það miðuð, að notað væri það erlent lánsfé, sem gert var ráð fyrir að fáanlegt yrði og var svipað og notað hafði verið árlega árin áður. Þótt ekki væri í raun og veru notaður nema nokkur hluti þessa lánsfjár, tókst samt að halda jafnvægi mestan hluta ársins, og það var ekki fyrr en á síðustu mánuðum ársins, sem mjög alvarlegir gjaldeyriserfiðleikar gerðu vart við sig, vegna þess að dráttur varð á útflutningi birgða. Þá hófst sú mikla gjaldeyriskreppa, sem nú stendur yfir og án efa mundi leiða til alvarlegrar stöðvunar í útflutningsframleiðslu, iðnaði og innflutningsverzlun, ef ekki væri nú gripið gagngert í taumana, eins og ríkisstjórnin leggur til að gert sé. Á þetta verður að leggja sérstaka áherzlu, að ríkisstj. Emils Jónssonar skoðaði það aldrei verkefni sitt að ráða varanlega bót á þeim göllum efnahagskerfisins, sem leiðir af því, að það er bóta- og styrkjakerfi, sem haldið hefur verið gangandi með erlendum lántökum.

Stefna ríkisstj. var við það miðuð að halda jafnvægi í efnahagslífinu á árinu 1959, meðan bráðnauðsynlegar breytingar yrðu gerðar á kjördæmaskipun landsmanna, og búa þannig í haginn fyrir meirihlutastjórn, sem vitað var að hlyti að taka við völdum eftir síðari kosningarnar, sem kjördæmabreytingin gerði nauðsynlegar.

Þetta tókst með ráðstöfununum í marz 1959. Þær tryggðu jafnvægi á því ári og komu í veg fyrir, að vandinn, sem við yrði að glíma fyrir nýja meirihlutastjórn, yrði enn miklu stærri og óviðráðanlegri en hann hefur nú reynzt.

Ég skal að síðustu fara fáum orðum um það, sem ég tel vera kjarna þeirra ráðstafana, er ríkisstj. leggur nú til að gerðar verði. Í raun og veru hvíla þessar ráðstafanir á fjórum hornsteinum.

Hinn fyrsti er, að skráð sé rétt gengi og að allar greinar útflutningsframleiðslunnar njóti sama gengis. Með réttu gengi á ég við gengisskráningu, sem veitir heilbrigðri útflutningsframleiðslu skilyrði til þess að greiða nauðsynlegan framleiðslukostnað innanlands.

Annar hornsteinninn er sá, að stjórn peningamála sé heilbrigð, þ. e. bankarnir láni ekki meira fé en þeir fá til umráða með heilbrigðum sparnaði þjóðarinnar, að fjárlög séu hallalaus og að vextir séu þannig, að hægt sé að fullnægja eðlilegri eftirspurn án strangrar skömmtunar.

Þriðji hornsteinninn er afnám þeirra hafta, sem enn hvíla á innflutningsverzluninni hér á landi, þótt allar nágrannaþjóðir, hvort sem þeim er stjórnað af vinstri sinnuðum eða hægri sinnuðum flokkum, hafi afnumið slík höft hjá sér, enda hafa þau lamandi áhrif á viðskipti, draga úr afköstum þjóðarbúsins, takmarka vöruúrval og viðskiptaþjónustu og geta jafnvel orðið undirrót spillingar í viðskiptalífinu.

Fjórði hornsteinninn, sem brýna nauðsyn ber til, að ekki sé síður traustur en hinir, er stóraukning eða meiri en tvöföldun á bótum almannatryggínganna og afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þ. e. ráðstafanir til þess að draga úr þeirri byrði, sem viðreisn efnahagslífsins hlýtur að hafa í för með sér í bráð fyrir þjóðarheildina.

Alþfl. telur, að með því að stuðla að framkvæmd þessara ráðstafana sé hann að gera rétt. Það væri bæði óhyggilegt og óheiðarlegt að reyna að leyna sjálfan sig eða aðra því, að sú viðreisn atvinnu- og viðskiptalífsins, sem nú er nauðsynleg, kostar þjóðarheildina nokkra fórn í bráð. En Alþfl. hefur ávallt talið það höfuðmarkmið stefnu sinnar að tryggja öllum stöðuga atvinnu við sem hæstu kaupi. Ef ekki væri nú snúið við á þeirri braut, sem gengin hefur verið undanfarin ár, er öldungis víst, að atvinnuvegirnir hefðu vegna gjaldeyrisskorts lent í þvílíkum erfiðleikum alveg á næstunni, að atvinnuleysi hefði verið á næsta leiti og skollið yfir innan skamms. Það eru brýnir hagsmunir þjóðarheildarinnar, að komið sé í veg fyrir slíkt. Nokkur fórn í bráð

er vel þess virði, ef þetta mætti takast. Þess vegna telur Alþfl. sig vera að gera rétt með því að stuðla að framkvæmd þessara ráðstafana. Auk þessa er þess að geta, að samhliða þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru atvinnu- og viðskiptalífinu til viðreisnar, eru gerðar víðtækar ráðstafanir öllum almenningi til hagsbóta.

Þegar Alþfl. lagði til í vinstri stjórninni, að almannatryggingarnar yrðu auknar og tekjuskattar lækkaðir, hlaut það engar undirtektir hjá Framsfl. eða Alþb., eins og ég gat um áðan. Þeim mun ánægjulegra er það, að báðir núverandi stjórnarfl. skuli hafa talið jafnstórkostlega aukningu á bótum almannatryggingganna og jafnalgert afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og raun ber vitni sjálfsagða.

Meginefni heildartillagna ríkisstj. er því annars vegar að leggja traustan grundvöll að heilbrigðu atvinnu- og viðskiptalífi og hins vegar að endurskipta þjóðartekjunum þannig, að byrðarnar, sem bera verður í bráð vegna endurskipulagningar efnahagskerfisins, dreifist af fyllsta réttlæti á þjóðfélagsþegnana. Þetta er sumpart alger þjóðarnauðsyn og sumpart fyllsta réttlætismál.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það hefur þegar verið að því fundið hér í þessum umræðum, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa gert sér nokkra grein fyrir því, hvaða meginárif sú mikla gengislækkun, sem hér er lagt til að samþykkja í þessu frv., muni hafa á þjóðarbúskap okkar sem heild. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) gerði hér nokkra grein fyrir því í ræðu sinni, hvað hann teldi, að telja mætti alveg öruggt, að hinar nýju álögur, sem lagðar yrðu á landsmenn, næmu mikilli fjárhæð á ári, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að hinar nýju álögur gætu ekki verið undir 1200—1300 millj. kr. Í sambandi við þessi ummæli hv. þm. kom hér næstur á eftir honum í ræðustólinn hæstv. viðskmrh. og taldi, að hér væri um blekkingar að ræða, því að hér væri fyrst og fremst um það að gera, að ákveðnar fjárhæðir væru færðar á milli aðila í þjóðfélaginu. Og hann gat þess einnig í leiðinni, að honum hefði verið sagt, — ég tók svo eftir, að eftir mér hefði verið haft í Þjóðviljanum í dag, — að þessar álögur væru 2000 millj. kr. Það er auðvitað með öllu rangt, að Þjóðviljinn hafi haft þetta eftir mér, enda hef ég aldrei sagt neitt í þessa átt. En það var annað, sem ég reyndi að gera grein fyrir og ég skal einmitt endurtaka hér. Ég reyndi að gera mér nokkra grein fyrir því, hvers konar áhrif þessi gengisbreyting hefði á okkar fjármálakerfi sem heild, og miðaði þá við það, sem áður hefði verið gert í þessum efnum, og við það, sem nokkuð augljóslega er hægt að festa hendur á.

Mínar forsendur voru þær, að heildargjaldeyrissala þjóðarinnar eða gjaldeyrisnotkunin hefur verið á undanförnum árum í kringum 1600 millj. kr. Þessi gjaldeyrir hefur verið seldur út, nokkur hluti af honum með 30% álagi, mikill meiri hlutinn hefur verið seldur með 55% álagi, en svo hafa verið sérstakir aukatollar og skattar á nokkrum hluta innheimtir í formi innflutningsgjalda, en það hefur verið á hátollavörunum. Nú á hins vegar að breyta þessu svo, að það á að selja allan þennan gjaldeyri, — og þar miða ég aðeins við sömu fjárhæð og verið hefur, — nú á að selja þennan gjaldeyri með álagi, sem nemur 135%. Þegar þessar staðreyndir um sölu gjaldeyrisins áður og um sölu gjaldeyrisins nú eftir þessu frv. eru bornar saman, þá sjá allir, að út úr því dæmi kemur, að gjaldeyrissalan hækkar í verði fyllilega um 1200 millj. kr. Þetta er auðreiknað dæmi. Hækkunin nemur þarna á gjaldeyrissöluverðinu í kringum 1200 millj. kr., vegna þess að í hvorugu dæminu þarf raunverulega að taka tillit til hins sérstaka hátollavöruálags, því að hátollavöruálagið á að vera í báðum tilfellunum hið sama í krónutali. Við þessa hækkun, 1200 millj. kr., sem gjaldeyririnn á að hækka í verði um, er svo óhætt að bæta þeim ca. 400 millj., sem alveg óumdeilt á að leggja á í nýjum tollum og sköttum og fjárlagafrv. ber með sér. Þá er heildarverðhækkunin sýnilega þegar komin upp í 1600 millj., þ. e. hækkunin á verðlaginu. Við þetta á svo auðvitað einnig að bæta þeirri hækkun, sem verður á smásöluálagningu í krónutali, þeirri hækkun, sem verður í krónutali á heildsöluálagningu, og þeirri hækkun, sem óhjákvæmilega verður í sambandi við innlenda þjónustu og af þessu mun einnig leiða. Ég hef sagt, að það eru engar líkur til þess, að þessi hækkun verði í krónutali minni en 400 millj., og geri ég þá ráð fyrir miklum mun minni álagningu í prósentu en hingað til hefur gilt bæði í heildsölu og smásölu. Ég tel því alveg ótvírætt, að sú mynd sé rétt sem lágmark, að breytingin á gjaldeyrisskráningunni þýði það, að gjaldeyrissalan og það verðlag í landinu, sem tengt er beint við hinn erlenda gjaldeyri, hlýtur að hækka í krónutali um lágmark 2000 millj. kr. Ég hef hins vegar tekið fram, að þetta þýðir ekki sama og álögur á landsmenn, og að því leyti til hafði hæstv. viðskmrh. rangt eftir mér, enda bar hann við sögusögnum.

Mér var það alveg ljóst, að vissir aðilar í þjóðfélaginu, sem eiga að borga nokkurn hluta af þessari miklu hækkun, eiga að fá hækkaðar útflutningsuppbætur. Það eru t. d. þeir allir, sem verða að borga hækkaðar rekstrarvörur, en eiga að fá hækkað fiskverð til að standa á móti þeim. Þá fjárhæð vitanlega verður að draga frá þessari upphæð, þegar á að finna, hvað eru hinar raunverulegu álögur eða það, sem landsmenn verða að rísa undir, t. d. með óbreyttu kaupgjaldi í krónutali. Þannig er vitanlega hægt að finna þá upphæð. Og ég er alveg sannfærður um það, að sú upphæð, sem hv. 1. þm. Austf. gerði hér grein fyrir í ræðu sinni, er sízt of há, að telja sem beinar álögur 1200—1300 millj. kr.

Annars væri í þessu efni fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. vildi útskýra það, hvað hún telur þá fjárhæð vera mikla, sem nú eigi að flytja yfir til útgerðarinnar í landinu í sambandi við

rekstrarvörur. Þar getur ekki heldur mikið farið á milli mála. Nú á að greiða á allan útflutning í kringum 135% til hækkunar, en talið er, að áður hafi verið greitt í kringum 95%. Það er því greinilegt, að hér mun ekki fara fjarri því að vera um 40% hækkun að ræða til útgerðarinnar í heild, miðað við gjaldeyrisverð, en gjaldeyrisverð útfluttra sjávarafurða hefur verið í kringum 1000—1100 millj. kr. Hér getur því ekki skakkað mjög miklu. 400—500 millj. geta færzt yfir til útgerðarinnar í þessu tilfelli. En auðvitað hefði verið eðlilegt, að hæstv. ríkisstjórn hefði einmitt gert ráð fyrir þessu og birt þjóðinni þetta dæmi, af því að *ég efast ekkert um það, að hagfræðingarnir* hafa reiknað þetta dæmi út. Og ég segi það af nokkurri reynslu af viðskiptum mínum við *þessa hagfræðinga, að svona dæmi eins og* þetta, þetta er eitt af þeim fáu dæmum, sem þeir kunna að reikna rétt. Þeir geta reiknað svona dæmi, sem byggist á hreinni talnameðferð. En um leið og útreikningur þeirra, eins og ég mun víkja að nánar síðar, snertir að einhverju leyti kunnugleika og þekkingu á atvinnulífi landsins og aðstæðum í framleiðslulífinu, þá fer allt um koll hjá þeim, því að þar þekkja þeir varla mun á framstafni og afturstafni á skipi. Og þá er vitanlega ekki von á góðu í þeim efnum. Þannig er líka alveg greinilegt, að þeirra till. falla algerlega um koll, þegar þær eru bornar saman við staðreyndirnar.

Í sambandi við þessi atriði verður að fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún birti útreikning sinn um hin almennu áhrif, sem af gengislækkuninni muni verða í sambandi við verðlagsmálin í landinu. Það hefði líka verið ástæða til þess, að ríkisstj. hefði gert grein fyrir því, hvaða áhrif verða í sambandi við þá miklu eignatilfærslu, sem hlýtur að eiga sér stað og hæstv. forsrh. minntist á að mundi eiga sér stað á milli sparifjáreigenda annars vegar og svo þeirra, sem skulda, hins vegar. Samkv. opinberum skýrslum kemur í ljós, að *sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum* og innlánsdeildum er rúmlega 2400 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir því, að hið almenna verðlag í landinu hækki sem afleiðing af þessum ráðstöfunum um 25%, en það ætla ég að flestir játi að sé algert lágmark, þá er greinilegt, að sparifé rýrnar í verði um ¼, eða m. ö. o.: verðgildi sparifjárins í landinu í heild minnkar þá um 600 millj. kr., en á sama tíma flyzt sams konar fjárhæð á óbeinan hátt sem eignaauki yfir til þeirra, sem skulda. Ég efast ekkert um það, að hagfræðingarnir hefðu getað reiknað út þetta dæmi, og þeir hefðu átt að birta það, og það hefði verið ástæða til þess að láta það fylgja með í grg. þessa frv. til þess að gera landsmönnum grein fyrir því, hvaða meginbreytingar það eru í fjárhagskerfi landsins, sem gera á með þessu frv.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum sérstaklega að hæstv. viðskmrh. í sambandi við ræðu þá, sem hann flutti hér, áður en ég sný mér að málinu að öðru leyti, nema að því leyti til, sem hægt er að ræða um þetta mál í beinu samhengi við það, sem hann sagði.

Hæstv. viðskmrh. ræddi nokkuð um galla þess uppbótakerfis, sem við höfum búið við, — það gerði hæstv. forsrh. reyndar líka, — og svo komu rökin. Jú, hann minntist, eins og maður hefur þekkt frá upplýsingum hans stundum í Alþýðublaðinu, á hið margfalda gengi. En það er einmitt háttur málgagns hæstv. viðskmrh. að leika sér að því að telja upp hið margfalda gengi krónunnar, og þá er leikurinn í því fólginn að telja upp, hvað margs konar álögur séu í gangi á hinum ýmsu vörutegundum, sem eru fluttar til landsins, og þetta margs konar gengi er síðan talið upp í Alþýðublaðinu, og fyrir stuttu var talað um, að áður hefðu verið hér 13 gengi á krónunni. En þessi sami hæstv. viðskmrh. er auðvitað ekki að geta þess núna, að það á að halda öllum þeim stigum, sem áður voru í gildi í sambandi við mismunandi álag á innflutning. Hann getur því haldið áfram að reikna út, hvað sé margs konar gengi á innfluttum vörum til landsins, ef hann heldur sér við það áfram að kalla það gengi á krónunni, verðið, sem kemur út, þegar varan er flutt til landsins og komin hér í smásölu með mismunandi tollum og mismunandi sköttum frá hálfu ríkisins. Ríkisstj. hefur tilkynnt, að hún ætli að borga niður verð frá hinu skráða gengi á sykri, kaffi og einhverjum fleiri vörum. Hvaða gengi verður þar á krónunni? Hún getur þess einnig, að áfram eigi að vera allir sömu gjaldaflokkarnir og áður voru í gildi á hátollavörunum. Sumir eiga að bera 40% gjald, aðrir 30%, enn aðrir 22% og ég held sá fjórði 15%. Allir sömu gjaldaflokkarnir eiga að vera áfram. Mismunastigin eiga að vera áfram. En hæstv. ráðherra gæti haldið þessum leik enn þá lengur áfram með sitt mismunagengi, með því að taka alla tollskrána og taka alla þá mismunandi tolla, sem eru á hinum ýmsa innflutningi til landsins, og fengið þannig út enn þá fleiri gengi á krónunni í innflutningi. Auðvitað er slíkt sem þetta hreinn skollaleikur og á ekkert skylt við gengisskráningu og hefur aldrei átt. Hér hefur aðeins verið um það að ræða, að ríkisvaldið hefur á hinum ýmsu tímum ákveðið, *að ýmsar vörur, sem eru fluttar inn* til landsins, skuli af hálfu hins opinbera skattleggjast á mismunandi hátt, og sá síður hefur verið *hafður hér sem í mörgum öðrum lönd*um, að skattlagningin hefur verið allmiklu vægari á brýnustu nauðsynjavörum, en allmiklu hærri á ýmsum þeim vörum, sem kallaðar hafa verið lúxusvörur, og í þessu frv. er í þeim efnum engin meginbreyting gerð. En af málflutningi þeirra Alþfl.-manna mætti halda, að næsta skrefið hjá Alþfl. verði það til þjónkunar við Sjálfstfl. að afnema öll svona mismunagjöld líka og segja: Það verður vitanlega að leggja eitt og sama innflutningsgjald á allar vörur, hvaða nafni sem nefnast.

Það eru ekki mörg ár síðan hæstv. viðskmrh. stóð hér í þessum ræðustóli og lýsti því þá yfir, að hann teldi söluskattinn sérstaklega ósanngjarnan og óeðlilegan, af því einmitt að hann væri þess eðlis, að hann legðist með jöfnum þunga á allar vörur, nauðsynlegar vörur

og ónauðsynlegar. Af því var Alþfl. þá á móti söluskatti. En nú er byrjað að toga hann inn á þá braut að vera með því að auka slíkan skatt, og kannske verður hann togaður í næsta skrefi inn á þá braut að gera alla skattinnheimtuna í landinu að einum allsherjarsöluskatti, sem á að hvíla með jöfnum þunga á brýnustu nauðsynjum og mesta lúxus.

Nei, hið margfalda gengi í sambandi við innflutninginn hefur ekki verið neitt sérstakt í sambandi við uppbótakerfið, sem menn tala um. Það, sem var sérstakt í sambandi við það fyrirkomulag, sem í gildi hefur verið í þessum efnum, var það, að útflutningurinn naut ekki sömu uppbóta frá þessu uppbótakerfi í öllum greinum. Það er rétt. Sá háttur var hafður á að auka við útflutningsuppbæturnar til þeirra starfsgreina, sem sannanlega gátu ekki borið sig með hinum almennu uppbótum. En þá koma hagfræðingarnir og þar í hópi hæstv. viðskmrh. með sína speki og segja: Ja, þetta er einn aðalgallinn einmitt á uppbótakerfinu. Þetta veldur öllu misræminu í framleiðslu þjóðarinnar. Menn sækjast til þess að framleiða meira og meira af þeirri vöru, sem þeir fá meiri uppbætur út á, en framleiða minna af hinni vörunni, sem þeir fá minni uppbætur út á. — Og auðvitað má vel hugsa sér það, að menn, sem ekkert þekkja til staðhátta, en aðeins horfa á þessi atriði: meiri styrk úr kerfinu til þessarar greinar heldur en hinnar, haldi, að þetta muni leiða til þess, að allir sæki í hinn aukna styrk. En þeir, sem eitthvað þekkja til, vita, að þetta er á allt annan veg. Ég skal taka dæmi af þessu, sem sýnir mjög glögglega, hvernig þetta er í framkvæmd.

Í okkar framleiðslulífi háttar þannig til, að við söltum allmikið af síld, sem við veiðum að sumarlagi fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi. Þannig háttar líka til, að við söltum síld, sem er veidd hér að haustlagi suðvestanlands. Það kemur í ljós, að síldin, sem við veiðum fyrir Norðurlandi, er miklu feitari og jafnstærri síld og miklu betri vara á erlendum markaði en síldin, sem veiðist hér að vetrarlagi. Sú síld er miklu magrari og lakari á hinum almenna markaði. Fullsöltuð tunna af Norðurlandssíld er seld út úr landinu fyrir 400 kr. tunnan og jafnvel þar yfir, en fullsötluð sams konar tunna af Suðurlandssíld, af vetrarsíldinni hérna, hefur verið seld fyrir 298 kr. tunnan, eða við skulum segja 300 kr. á móti 400 kr. Nú er það svo í framleiðslulífinu, að það kostar jafnmikið að fá fólk til þess að salta Suðurlandssíldina og Norðurlandssíldina, og meira að segja hefur það verið þannig, að það hefur kostað meira að salta Suðurlandssíldina heldur en Norðurlandssíldina, vegna þess að hún var jafnsmærri og hún var söltuð á köldum tíma og úti, og það þurfti jafnvel að borga meira fyrir að láta síldina í tunnuna þar en fyrir norðan. Og það kom líka í ljós, að það var ekki hægt að fá sjómennina eða útgerðarmennina til þess að afla síldarinnar hér fyrir sunnan í reknet í aðalskammdeginu fyrir sama verð á kg og þeir fengust til þess að veiða sumarsíldina á björtum sumardegi í herpinót fyrir Norðurlandi. Það þurfti einnig að borga þeim hærra verð. Framleiðslukostnaðurinn á hverja tunnu hér var því á allan hátt mun meiri en framleiðslukostnaðurinn á hverja tunnu fyrir norðan. Þegar þessi hlutföll stóðu svona, var spurningin um það: Átti ríkið í báðum tilfellum að koma og segja: Við látum jafnháar uppbætur á Norðurlandssíldina hlutfallslega á 400 kr. og við ætlum að láta hlutfallslega á 300 kr. fyrir sunnan eða raunverulega meiri uppbætur í krónutali? — Þær uppbætur, sem hafa verið veittar, hafa allan tímann verið þannig, að þær hafa verið færri í krónum á hverja tunnu af Suðurlandssíld en af Norðurlandssíld, og allan tímann hefur afkoman raunverulega verið miklu lakari við að framleiða þá síld heldur en hina.

En svo koma menn, sem þekkja ekki nokkurn skapaðan hlut til framleiðslunnar, og segja: Þetta skapar hættulegt misræmi. Það er mjög mikil hætta á því, að allt vinnuafl þjóðarinnar streymi í aukna styrkinn og framleiði ekki Norðurlandssíld, heldur hlaupi suður og framleiði bara Suðurlandssíld á haustin. — Hvílíkir skynskiptingar, segi ég, í sambandi við þær aðstæður, sem búið er við, að láta sér koma þetta til hugar! Þetta segja vitanlega engir og hugsa engir út frá þessu nema þeir, sem hér þekkja ekkert til. Þjóðfélaginu hefur aldrei stafað nein hætta af þessu, að hér skekktist neitt í framleiðslulífi landsins. En hættan var sú, sem við stóðum frammi fyrir á vissu tímabili, að með þeim almennu útflutningsuppbótum, sem greiddar voru, fékkst enginn maður til þess að framleiða Suðurlandssíld, það fór enginn bátur hér á sjó, það fékkst enginn til þess að salta síldina hérna, og við töpuðum mörgum tugum og hundruðum millj. kr. á því, að veiðin var ekki dregin á land, þó að við ættum bátana og fólkið til þess. Og á meðan hæstv. núv. forsrh. var enn ekki kominn undir algert áhrifavald þeirra manna, sem hagfræðingar nefnast og þekkja ekkert til hins lifandi gangs í framleiðslulífi landsins, þá sá hann það af eigin hyggjuviti, að það þurfti að bæta Suðurlandssíldinni upp þennan mismun, og þá var það hann, sem stofnaði til þess að veita sérstakar aukabætur, til þess að hægt væri að framleiða Suðurlandssíld, og svo jók hann þær, þegar þess þurfti með, af því að hann sagði: Framleiðslan verður að vera í gangi. — En nú er hann auðvitað slitinn úr sambandi líka, ef hann hefur trúað þessum dátum, sem þekkja ekkert til í framleiðslulífi landsins, og hefur haldið, að þeir færu hér með rétt mál. En það mætti kannske nota eitthvað af þeirra tillögum, þessara manna, ef þeir væru dæmdir til þess fyrst að fara í framleiðslulífið eins og eitt ár, áður en þeir færu að kenna stjórnarvöldum landsins, hvernig eigi að gera ráðstafanir í sambandi við atvinnulíf þjóðarinnar.

Önnur kenningin er sú, að þessar mismunauppbætur séu stórhættulegar í sambandi t. d. við veiði á smáfiski og stórum fiski.

Það er búið að haga þannig til hjá okkur í

nokkuð mörg ár, að við borgum nokkru hærri bætur úr uppbótakerfinu út á smáfiskskíló en út á stórfiskskíló, og kenning hagfræðinganna er þessi: Framleiðsla þjóðarinnar beinist í auknum mæli í þá átt að veiða smáfisk. — Það er eins og þeir haldi, að menn renni færinu niður og panti smáfisk, en sá stóri megi ekki koma á, af því að menn vilji fá fisk, sem gefur styrk, en ekki hinn, sem gefur minni styrk. Það eru alveg furðulegar kenningar, sem geta komið upp hjá þessum mönnum.

Nei, það hefur ekkert sótt í það horfið hjá okkur á undanförnum árum, að menn hafi lagt sig sérstaklega fram um það að afla smáfisks, þó að þessar uppbætur hafi verið nokkru hærri. Staðreyndin er nefnilega sú, að það er svo margfalt dýrara að vinna þennan fisk, að sá mismunur, sem hefur þarna verið lagður fram úr uppbótakerfinu, gerir hvergi nærri að bæta upp þann aukna vinnslukostnað, sem er á þessum smáa fiski, borið saman við að vinna þann stóra. Og af því hefur líka reynslan verið sú, og það þekkja allir þeir, sem hafa eitthvað komið nærri framleiðslunni, að þrátt fyrir alla styrkina á smáfiskinum koma þeir, sem eiga að kaupa fiskinn, og bjóða yfirverð á stóra fiskinn og borga hann alltaf hærra verði en hinn. Þeir vita, hvað þeir eru að gera.

Það hefur því sannarlega ekki sótt neitt í það horfið, að þessar mismunabætur leiddu til einhvers skakka í framleiðslulífi landsins, sem væri heildarhagkerfi þjóðarinnar hættulegur. Allt slíkt er eintómur þvættingur. Hins vegar er sú hætta, þegar þannig er komið um útflutningsuppbæturnar, — því að það er vitanlega alveg eins hægt að kalla það útflutningsuppbætur, þegar útgerðin í landinu á að fá 135% uppbætur á hið skráða gengi, eins og á meðan hún hefur 94.5%, — þegar þessar uppbætur eru orðnar jafnar yfir alla línuna, greiða á jafnar uppbætur á hina dýrari Norðurlandssíld eins og hina ódýrari Suðurlandssíld og eins á aðrar greinar, og þegar uppbæturnar eru nú líka miðaðar við það, eins og sagt er í þessu frv., að bátur á vetrarvertíð geti borið sig, þá er vitanlega hætta á því um þá báta, sem gerðir eru út á þeim tíma, sem er lakari til rekstrar en sjálf vetrarvertíðin, þegar mest aflast, að þá treysti menn sér ekki til að gera út á hinum tímum ársins. Og þá er líka hætta á því, ef uppbæturnar hafa verið ákveðnar nú eðlilega t. d. fyrir Norðurlandssíld, að þá leggi enginn í að framleiða Suðurlandssíld, og þá geti orðið skarð fyrir skildi í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það er þessi hætta, sem alltaf er á ferðum, ef menn gæta ekki að því, að vitanlega er hið hagstæða fyrir þjóðina að nota skipin til hins ýtrasta og veiða það, sem við getum mögulega að landi dregið með beztu móti hverju sinni. En sjónarmið peninganna hefur stundum verið þannig, og það er mjög hætt við því, að það verði þannig áfram, að sjónarmið peninganna verði þau að segja: Nú eru komin góð skilyrði til rekstrar þá 2—3 mánuði, sem mest aflast, þá græðum við og leggjum það til hliðar. Hinn tímann er vafasamt um gróða og sennilega tap, þá leggjum við skipunum. Við geymum bara gróðann, förum ekki að róa út á vafasaman sjó á hinum tímunum. — En við það mundi auðvitað heildarframleiðsla þjóðarinnar minnka, gjaldeyristekjurnar mundu minnka, þjóðartekjurnar mundu minnka. Svo segja þessir háu herrar, að óarðbærar framleiðslugreinar séu sérstaklega styrktar. Hvaða óarðbærar framleiðslugreinar eru það, sem hafa verið sérstaklega styrktar? Er það kannske veiðin á Suðurlandssíldinni, sem ég nefndi. Er það óarðbært fyrir þjóðina að draga þann afla á land og vinna hann til útflutnings? Hvaða greinar eru það, sem eru svona óarðbærar, sem hér hafa verið styrktar í gegnum þetta styrkjakerfi? Það væri gaman að fá það upplýst.

Í þessu sambandi sagði hæstv. viðskmrh., að þetta uppbótakerfi, sem nú þarf vitanlega að mála út með þeim ósköpum, að það hafi hér allt ætlað vitlaust að gera, hafi t. d. leikið togaraútgerðina þannig, sagði hæstv. viðskmrh., að þar væri að leita orsakanna til þess, að ekki hefði verið hægt að endurnýja togaraflota landsmanna á undanförnum árum. Ég tel, að hæstv. viðskmrh. ætti að vera heldur betur að sér í þessum efnum en ýmsir aðrir hagfræðingar, sem um þessi mál fjalla. En veit hann kannske ekki, að það hefur verið búið þannig að togaraútgerðinni á undanförnum árum, að það hefur enginn stofnlánasjóður verið til, svo að menn gætu fengið úr honum lánaða eina einustu krónu til þess að kaupa nýja togara? Það hefur verið meginástæðan til þess, að enginn togari hefur verið keyptur. Menn hafa getað nokkuð auðveldlega keypt sér fiskibát með þeim kjörum, að menn hafa átt alveg víst á borðinu að fá úr stofnlánasjóði fiskveiðasjóðs 67% af kostnaðarverði bátsins. En hvað hafa menn getað fengið, sem hafa ætlað að kaupa togara? Ekki eina einustu krónu. Þar hefur enginn stofnlánasjóður verið til.

Ég fullyrði það: Hefðu togaraútgerðarmenn getað fengið sams konar kjör og bátaútgerðarmenn hafa getað fengið á undanförnum árum til stofnlána, þá hefðu þeir verið búnir að kaupa togara, hefði þeim þá ekki verið bannað að kaupa þá. En svo langt hefur það einmitt gengið nú síðustu árin og gekk m. a. í tíð Alþýðuflokksstjórnarinnar, að þá voru útgerðarmenn, sem vildu fá að taka erlend lán til þess að kaupa togara og fengu ekki til þess leyfi.

Nei, það er mikill misskilningur og sýnir líka aðeins þekkingarleysi í þessum efnum að halda því fram, að uppbótakerfið hafi orsakað það, að togaraflotinn hafi ekki endurnýjazt nú síðustu árin.

Það er t. d. enginn vafi á því, að árið 1958 var að meðaltali til hagstæðara í rekstri hjá togaraflotanum heldur en hjá bátaflotanum. Hagnaður að meðaltali í rekstri hjá togurum landsins var þá meiri en hjá bátunum. Á því ári var stofnað til allmikilla kaupa á bátum, en lítilla í sambandi við togarana. Það var því vitanlega ekki þessu uppbótakerfi um að kenna, heldur því, að það hafði ekki verið byggður upp neinn stofnlánasjóður fyrir tog-

arana og ríkið hefur ekki fengizt til þess að taka erlend lán þess í stað til þess að gera það kleift, að togararnir væru keyptir með þeim hætti.

Þá vék hæstv. viðskmrh. í ræðu sinni að tillögum þeim, sem fram hefðu komið í vinstri stjórninni á sínum tíma, þegar þar var deilt um leiðir í efnahagsmálunum. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hann sæi nú enga ástæðu til þess að þegja lengur en hann væri búinn að gera um afstöðu Alþfl. í sambandi við gengislækkun. Þegar hann er búinn að þegja um það, sem rétt var í þeim málum, á fjórða ár, þá ætlar hann að leysa frá skjóðunni og segja mönnum: Það var alveg rétt, sem þið hafið verið að bera á okkur allan tímann. Við höfum alltaf viljað gengislækkun. — Þegar hann hefur sloppið í gegnum tvennar kosningar, haldandi allt öðru fram og allir hans frambjóðendur og margsinnis er þrætt fyrir það, hvað var hið sanna í þessu, — þegar hann er sloppinn í gegnum þær, þá má koma fram á Alþingi og segja: Ég sé enga ástæðu til þess að þegja lengur. Nú er bezt að segja hið sanna. — En yfir hverju ætlar hann að þegja núna? Hvað er það núna, sem á að þegja um af því, sem nú er að gerast? Hvað er það nú, sem á að dylja fyrir mönnum? Það er alveg greinilegt, að það kemur ekki allt út úr pokanum. Nú á að taka einhverja nýja þögn fram yfir næstu kosningar í sambandi við það, sem nú er verið að gera. En um leið og hæstv. ráðh. viðurkenndi það, að strax haustið 1956 hefði Alþfl. viljað framkvæma almenna gengislækkun, en við Alþýðubandalagsmenn hefðum ekki viljað samþykkja það, þá tók hann sér síðan fyrir hendur að reyna að sanna það, að margsinnis eftir þennan tíma hafi verið samþykkt gengislækkun og við Alþb.-menn m. a. verið þátttakendur í því.

Auðvitað var frásögnin álíka sönn og frásögnin hefur verið af hinu atriðinu þessi þrjú árin, sem eru liðin. Fyrst sagði hann, að í desembermánuði 1956 hafi verið lagt á sérstakt yfirfærslugjald, sem raunverulega hafi þýtt nýja gengislækkun. En hann skaut því undan, að þetta 16% yfirfærslugjald var látið koma í staðinn fyrir annað gjald, sem var fyrir, framleiðslusjóðsgjaldið, sem var innheimt á nákvæmlega sama hátt, en bara í gegnum tollinn, en þetta átti að innheimta í gegnum banka, af því að haldið var fram, að þetta væri einfaldari aðferð. Hér var því engin efnisbreyting og orsakaði enga vöruverðshækkun í landinu, en hæstv. viðskmrh. sá ekki ástæðu til þess að skýra á þennan hátt frá þessu.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að í marzmánuði 1958, þegar allmiklar deilur voru með þeim stjórnarflokkum, sem þá voru í landinu, um þær leiðir, sem fara ætti í efnahagsmálunum, þá hefðu verið lagðar fram ýmsar tillögur, og hann gat um þær till. eða þær ábendingar, sem við gerðum á því frumstigi málsins, sem umræður stóðu þá á. Þær hafa í einu og öllu staðfest það, að við höfum verið samkvæmir sjálfum okkur í þeim efnum. Við höfum verið á móti gengislækkun, og þær tillögur, sem við gerðum þá, voru á allan hátt þannig, að þær eru í fullu samræmi við okkar málstúlkun í þessum efnum allan tímann síðan. En hann reyndi sérstaklega í þeim efnum að leggja áherzlu á það, að í till. okkar hefðum við bent á, að á árinu 1958 mætti auka hátollavöruinnflutninginn um 10% frá því, sem hafði verið á árinu 1957, og svo það, að við hefðum bent á, að draga mætti úr fjárfestingu með því að áætla í fjárfestingaráætlun ársins, að útgefin fjárfestingarleyfi væru í kringum 20% minni en þau voru árið áður. En hvernig lá þetta fyrir á þessum tíma? Jú, allir vissu, að tekjur útflutningssjóðs höfðu verið byggðar upp á því, að hann átti sérstaklega að njóta tekna í sambandi við háan toll á hinum svonefndu hátollavörum. En sú breyting varð á árinu 1957, að þá var stórkostlega dregið úr innflutningi á þessum hátollavörum. Árið 1956 var varið til innkaupa á hátollavörum 265 millj. kr. En hvað var varið miklu árið 1957, fyrsta starfsár okkar? Þá var ekki varið 265 millj., heldur 170 millj. Svo mjög féll niður innflutningurinn á hátollavörum þetta ár. Þetta vitanlega varð til þess, að tekjur útflutningssjóðs af þessum lið urðu allmiklu lægri en áætlað hafði verið. Og þá var það, sem við lögðum til, að það væri eðlilegt að auka þennan innflutning mjög hóflega eða um 10%, þannig að hann gæti orðið kringum 187 millj. kr.

Hvernig hefur svo verið háttað innflutningi á þessum vörum, eftir að núv. hæstv. viðskmrh. hafði með innflutning á þeim að gera? Taldi hann það óguðlegt að flytja inn fyrir 187 millj. kr. þessar hátollavörur? Nei, hann gerði áætlun upp á 219 millj. kr., og árið 1958 var innflutningurinn 190 millj. og árið 1959 er hann sagður í þessu frv. hafa verið í kringum 190 milljónir.

Það var því alveg greinilegt, að okkar till. í þessum efnum voru byggðar á því, að það var vitanlega með öllu óhugsandi að gera fyrst ráð fyrir því, að útflutningssjóður ætti að fá tekjur af innfluttum hátollavörum, en svíkjast svo með öllu um að flytja þær inn, enda var sannleikurinn sá, að sérstaklega var kvartað undan því, að þessar vörur vantaði á markaðnum, og margar þessar hátollavörur eru vörur, sem eru óhjákvæmilegar í almennum rekstri landsmanna og eru engar lúxusvörur. Eða hvaða manni kemur til hugar að halda því fram, að allir varahlutar til allra bifreiða í landinu séu eintóm lúxusvara? Þarna er um stærsta innflutningsliðinn að ræða í sambandi við hátollavörurnar. Og mjög mikið af byggingarvörum er þarna líka.

Þegar við gerðum það að okkar tillögu í marzmánuði 1958, að draga mætti nokkuð úr fjárfestingunni, veita eilítið minna af fjárfestingarleyfum en áður hafði verið veitt, undir hvaða kringumstæðum voru þessar tillögur settar fram? Jú, samstarfsflokkar okkar í ríkisstjórn voru að leggja til, að byggingarvöruinnflutningurinn til landsins, timbur, járn og sement, yrði hækkaður úr 16% yfirfærslugjaldi upp í 90%. Það átti að draga úr fjár-

festingu í landinu með því að gera allar byggingarvörur og fjárfestingarvörur margfalt dýrari en þær höfðu áður verið. Þá var það, sem við bentum á: Ef menn vilja draga úr fjárfestingunni, þá er miklu eðlilegra, að við áætlum heildarfjárfestinguna nokkru minni en hún hafði verið áætluð, og draga þá vitanlega úr þeim liðum fjárfestingarinnar, sem helzt mega bíða og saka minnst þjóðarframleiðsluna sem heild. Við þetta voru okkar tillögur miðaðar. Fjárfestingin 1957 hafði náð hámarki sínu og hefur aldrei orðið hærri síðan, og hún fór heldur minnkandi 1958 og 1959, og það var aðeins eðlilegt, að við hefðum stjórn á því, hvernig þessi fjárfesting drægist saman með hóflegum hætti, eins og við lögðum til.

Eitt atriði enn minntist hæstv. viðskmrh. á í sambandi við þessar tillögur, en það var sú tillaga okkar, að það lán, sem ríkisstj. þá var búin að ákveða að taka í Rússlandi í sambandi við skipakaup, yrði ekki 50 millj. kr., eins og það var, heldur skyldi lánið verða 100 millj. kr., og greinilega tekið fram, að öllu láninu skyldi varið til skipakaupa, og sérstaklega tekið fram, að nokkrum hluta þess ætti að verja til þess að kaupa togara. Það var hið óguðlega í þessum efnum.

Þá sagði hæstv. viðskmrh. í ræðu sinni, að með efnahagsráðstöfununum frá tíð vinstri stjórnarinnar í maímánuði 1958 hafi verið gert ráð fyrir því, með þeim breytingum, að vísitalan mundi hækka um 19 stig, en launþegar hafi ekki fengið bætt í lögunum nema sem samsvaraði 9 stigum, eða 5% kauphækkun, og á þennan hátt höfum við Alþb.-menn m. a. samþykkt 5—6% kjaraskerðingu. Þetta heitir nú að halla sannleikanum svolítið á hliðina. Hið rétta var það, að Alþfl. og samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. báðir lögðu til, að þessi kjaraskerðing færi fram. Við neituðum því algerlega og kröfðumst þess, að það, sem væri ekki bætt launþegum með 5% launahækkuninni, sem jafngilti 9 vísitölustigum, yrði þeim bætt í gegnum vísitölukerfið, og samningar stóðu þannig í fullu gildi, að launþegar áttu að fá þessa vísitöluhækkun 1. des. En það var ekki fyrr en í stjórn Alþfl., að þessum stigum var rænt af launþegunum í landinu og kaupið lækkað. Það var því stjórn Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl., sem samþykkti þessa kauplækkun, en við Alþb.-menn aldrei.

Við sögðum það, Alþb.-menn, að við teldum það hið mesta óráð, sem gert var með efnahagsráðstöfununum í maí 1958, að fara þá inn á hækkunarleiðina. Við vorum áður margsinnis búnir að benda á, að það var vel hægt að halda áfram þeirri stöðvunarstefnu, sem reynt hafði verið að halda þá um skeið. Það var hættulegt að fara inn á hækkunarleiðina. Við bentum á það, að afleiðingar hækkunarleiðarinnar mundu verða almennar kauphækkanir í landinu, sem hlytu að fylgja á eftir hækkun hins almenna verðlags. En samstarfsmenn okkar vildu ekki trúa þessu. Og það var líka greinilegt, hvað þeir höfðu í huga. Þeir ætluðu fyrst að skella á verðhækkununum, en strika svo út úr vísitölunni ákveðin stig á móti, þannig að komið yrði fram kauplækkuninni.

En hvað er það, sem raunverulega er nýtt í því kerfi, sem lagt er til að lögleiða með þessu frv.? Það er ekki, eins og ég hef verið að benda á, að afnám uppbótakerfisins sé í sjálfu sér aðalatriðið. Það á áfram, bara með eilítið öðrum hætti, að láta útflutninginn hafa tilteknar útflutningsuppbætur. Það eiga allir að fá jafnt, bæði þeir, sem ekki þurfa á uppbótum að halda, og hinir, sem þurfa á þeim að halda. Eftir þessu frv. á áfram að halda þeim hluta uppbótakerfisins, sem byggist á öllum niðurgreiðslunum, áfram á að greiða niður verðlagið í landinu, ekki aðeins um 265 millj. á ári, eins og áður var, heldur er nú gert ráð fyrir að greiða niður verðlagið í landinu um rösklega 300 millj. kr. á ári. Og nú á að stíga það skrefið, að það á ekki lengur að binda sig við að borga niður verðlag á innlendum framleiðsluvörum, á landbúnaðarvörum. Nú á einnig að fara að borga niður verð á innfluttum vörum. Og ég minnist þó þess að hafa lesið það eftir hina vísu hagfræðinga, að ekkert væri eins hættulegt fyrir rétta verðmyndunarpólitík í landinu eins og það að fara að borga niður hið erlenda innflutningsverð á vörum. En nú á að taka upp þann sið. Og áfram á að halda öllum þeim tekjustofnum, sem eldra uppbótakerfið gerði ráð fyrir. Og áfram á að halda því ákvæði, að það eiga að vera mismunandi gjöld á innfluttum vörum til landsins. En það, sem er nýtt í því kerfi, sem nú á að taka upp, er þetta, að jafnhliða hinni miklu gengislækkun á nú að setja í lögin það ákvæði að afnema vísitöluuppbót á laun. Nú á að velta öllum verðhækkununum yfir á launþega, án þess að þeir geti fengið nokkrar bætur í staðinn. Nú á að koma í veg fyrir það, að laun hækki í landinu sem afleiðing af hækkuðu verðlagi. Þetta er nýtt, og þetta er líka eitt aðalatriðið í hinni nýju stefnu. Raunverulega á að binda nú bæði kaup sjómanna og verkamanna og annarra launþega og láta þá taka á sig dýrtíðaraukninguna. Og svo er hitt einnig nýtt í þessu kerfi, að nú er sérstaklega boðuð ný stefna í sambandi við peningamál þjóðarinnar. Það er boðað, að það megi t. d. alls ekki auka lán út á aukna framleiðslu hjá þjóðinni. Það á að takmarka endurkaupalán bankanna við það, sem endurkaupalánin eru nú, svo vitlegt sem það er. Hvernig mundi það t. d. fara í framkvæmdinni, ef menn ætluðu að halda sér við það, ef svo vel vildi til hjá okkur, að við settum í verulega aflahrotu? Við skulum t. d. hugsa okkur, að það hlypi síld í Hvalfjörð, eins og gerzt hefur áður, eða þá að mikið veiddist af sumarsíld, eins og jafnvel bezt hefur gerzt áður. Auðvitað mundi það þá gerast eftir okkar efnahagskerfi, að við tökum þá til og notum öll okkar fiskiskip, við notum öll þau veiðarfæri, sem við eigum, við notum þann mannafla, sem við höfum, og við drögum á land mikinn afla. Við fyllum alla lýsisgeyma, við fyllum mjölskemmurnar af mjöli, við eignumst mikið af útflutningsvörum. En samkvæmt því, sem nú er lýst yfir í sam-

bandi við hina nýju stefnu í peningamálum, má alls ekki lána eina krónu til viðbótar við þau lán, sem komin eru nú þegar, út á þessar nýju afurðir. Hvernig fer t. d. fyrir síldarverksmiðjunum í landinu? Hvernig ætla þær að borga allt hráefnið til bátanna? Og hvernig eiga bátarnir þá, ef eitthvað stendur á að borga bátunum hráefni, að borga sjómönnum sinn aflahlut? Og hvernig á að borga allan rekstrarkostnað, bæði verksmiðjanna og bátanna, ef ekki má lána eina einustu krónu út á hin auknu verðmæti, sem safnazt hafa upp? Þetta er boðað í frv., að það megi alls ekki auka í krónutali lánin, ekki einu sinni endurkaupalánin út á aukna framleiðslu. Það er jafnvel boðað í frv., að gallinn við aukna framleiðslu sé sá, að þá fari út meira kaup til þeirra, sem afla, þeir fái meiri peningatekjur í umferð og þeir geti farið að eyða þessum peningatekjum í aukna neyzlu eða í auknar framkvæmdir og skapað þannig verðþenslu í þjóðfélaginu.

Auðvitað vitum við, að þetta er með öllu óframkvæmanlegt. Þetta er hrein fjarstæða, sem engri peningastofnun í landinu, hversu dauð og tilfinningalaus sem hún er, mundi líðast í framkvæmd. Og ég er alveg sannfærður um það, að þó að t. d. núverandi hæstv. forsrh. leggi fram frv., þar sem þetta stendur í, að það megi alls ekki auka endurkaupalánin meira en orðið er, þó að hann leggi fram frv., þar sem þetta stendur í grg., samið af einhverjum hagfræðingum, sem þekkja ekkert til framleiðslunnar, þá mundi hann aldrei sitja í ríkisstj. upp á það að ætla að framkvæma þessa stefnu og horfa á það, að veiðin færi fram hjá. Hann mundi bara stíga yfir regluna og segja: Nú á hún ekki að gilda. — Hann veit nefnilega miklu betur, að þetta er óframkvæmanleg vitleysa. En það er miklu meira en þetta, sem er vitlaust í þessum tillögum. Og hann og aðrir, sem nokkur afskipti hafa hér haft af framleiðslu, ættu að vita betur en þeir misvitru hagfræðingar, sem gert hafa þessar tillögur. Og þeir þyrftu að átta sig betur á þeim afleiðingum, sem koma til með að verða af framkvæmd þessara tillagna.

Sú útlánaaukning, sem orðið hefur í bönkum landsins að undanförnu, hefur að vísu verið mikil, og ég efast ekkert um það, að í sumum tilfellum getur hún verið of mikil. Það hefur ekki verið ástæða til þess, að bankarnir lánuðu út eins mikið fé til einstakra hluta og þeir kunna að hafa gert. En ég er alveg sannfærður um það, að miðað við þá aðstöðu, sem er t. d. í okkar sjávarútvegi, þá þýðir ekkert að reyna fyrir neinn að neita þeirri staðreynd, að það sé þörf á því að lána sem nemur ⅔ af heildarverðmæti framleiddrar vöru úr bankakerfinu, á meðan framleiðsluvaran liggur framleidd og bíður eftir afskipun. Það er engin leið til þess, að þeir menn, sem stjórna framleiðslutækjunum á Íslandi, geti raunverulega frá sinni hálfu, eins og nú háttar, greitt stærri hluta en þennan ⅓, sem þeir eiga að greiða í sambandi við framleiðslu á þessum vörum. Það er engin von til þess. Og verði reynt að draga úr þessum lánum, þá getur það ekki leitt til annars en þess að draga úr framleiðslu á útflutningsvörum landsmanna.

En það eru hér ýmis atriði fleiri í sambandi við afkomu útgerðarinnar í landinu, sem fróðlegt væri að ræða um og fá upplýsingar um frá hæstv. ríkisstj. varðandi þetta mál. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þessi gengisbreyting kemur til með að breyta í mjög veigamiklum atriðum rekstraraðstöðu útgerðarinnar í landinu og hér verður breytt um form á ýmsan hátt. Við fundum þessa breytingu mjög greinilega árið 1950, þegar þá var stigið alveg hliðstætt skref við það, sem nú á að stíga, þegar gengislækkunin var gerð þá. Þá háttaði t. d. þannig til, að þá var talið, í marzmánuði 1950, að fiskverð til bátaflotans væri 75 aurar á kg. Nú var augljóst með gengisbreytingunni þá, að allur rekstrarkostnaður útgerðarinnar í landinu hlaut vitanlega að hækka, hækka stórlega. Og hinir vísu menn, sem þá stóðu fyrir gengislækkuninni, þeir sem þá lögðu fram í nafni hagfræðinnar langt skjal til rökstuðnings í málinu, lögðu fram útreikninga, sem sögðu: Fiskverðið getur líka hækkað úr 75 aurum á kg upp í 93 aura á kg, og ætti þá bátaflotinn að geta haldið sömu afkomu og hann bjó við áður.

En hvernig fór þetta? Hvernig breyttist fiskverðið? Það hækkaði ekki um einn einasta eyri. En útgjöldin skullu á útgerðinni. Olían hækkaði, veiðarfærin hækkuðu, vélarnar hækkuðu, skipin hækkuðu sem afleiðing af gengisbreytingunni, en fiskverðið hækkaði ekki um einn einasta eyri. Þannig fór með þá útreikninga í það skiptið.

Nú hafa menn eflaust ætlað að verða vísari, — þeir segja á einum stað í grg., að þeir hafi lært nokkuð af reynslunni í þessum efnum, og nú notfæri þeir sér þessa reynslu og þennan lærdóm. Nú er ekkert minnzt á það, hvað bátarnir eiga að fá fyrir fiskinn. Það getur þá enginn komið upp í þessa pontu eftir nokkur ár og sagt, að þeir hafi ekki fengið einn einasta eyri meira en þeir höfðu áður, eða ekki þá hækkun, sem þeim var lofað. Nú vildi ég spyrja: Hvert á fiskverðið til bátanna að vera eftir þessa breytingu? Hvert á það að vera? Hefur kannske enginn hugsað neitt fyrir því? Nú er gerð sú mikilvæga breyting að þessu leyti, að allar hinar miklu útflutningsuppbætur, hinir miklu styrkir til útgerðarinnar, sem oft hefur verið talað um, nú á að láta alla summuna ekki til bátanna, heldur til frystihúsanna og annarra þeirra, sem kaupa fiskinn af bátunum, verka hann og flytja hann út. Þeir fá alla upphæðina. Einar Sigurðsson, einn stærsti útgerðarmaður landsins og frystihúseigandi, fær nú alla þá upphæð, sem áður hefur gengið til allra þeirra báta, sem skiptu við hann, og vel það. En útgerðarmenn bátanna, sem leggja upp í fiskiðjuverin hans og önnur slík fiskiðjuver, segja: Við eigum að borga olíuhækkunina, við eigum að borga veiðarfærahækkunina, við eigum að borga hækkuð tryggingagjöld og allt það, sem leiðir af gengisbreytingunni, við verðum líka að fá að

hækka okkar fiskverð. — Í þessu frv. er ekki eitt einasta orð um það að tryggja bátunum, að þeir fái eitthvað af þessari hækkun, sem hér kemur fram, — ekki eitt einasta orð. Og hvernig hefur verið gengið frá því, að hinir stóru útflytjendur, sem eru búnir að eignast fiskinn í formi útflutningsvöru, skili bátunum þeim hluta, sem bátarnir eiga að fá, að maður tali nú ekki um það, að bátarnir þá skili sjómönnunum sínum hluta af hinu hækkaða verði? Það virðist nú vera stefna stjórnarinnar samkvæmt þessu frv. að búa þannig um hnútana, að sjómennirnir skuli ekki fá neitt af hækkuninni. En maður skyldi nú halda, að bátarnir ættu að fá eitthvað.

Það er alveg augljóst, að áhrif þessa frv. verða þau gagnvart útgerðinni í landinu, að í ýmsum tilfellum mun fiskverðið beinlínis lækka til mikilla muna. Það er t. d. enginn vafi á því, að verð á einum aðalaflanum hjá vélbátaútgerðinni á Vestfjörðum, á steinbít, hlýtur að stórlækka. Þar verða menn að taka við allri hækkuninni af hækkuðum rekstrarútgjöldum, en tekjurnar eiga að lækka beinlínis í krónum. Það hafa nefnilega verið greiddar nokkrar séruppbætur út á steinbít, og nokkrar séruppbætur út á ýsu og annan þann fisk, sem veiðist á þeim tíma árs, þegar erfiðast er að gera út í sambandi við aflamagn. Þetta fiskverð hlýtur beinlínis í krónutali að lækka á kg núna, það er ómögulegt annað. Þessi lækkun kemur til með að bitna alveg sérstaklega á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem smábátaútgerð er, þar sem sumarúthald er, en þar veiðist tiltölulega mest af smáfiski og ýsu og steinbít og öðrum slíkum fiski. Þar hlýtur að verða um stórkostlega kjaraskerðingu að ræða, einkum hjá hinum smærri framleiðendum. Á því getur enginn vafi leikið.

Í sambandi við þetta mál er ekki óeðlilegt, að nokkuð sé vikið að þeirri reynslu, sem við fengum af gengislækkunarlögunum frá 1950. Ég hef nú aðeins minnzt á afleiðinguna, sem varð í sambandi við fiskverðið til bátanna, hvernig þar fór um alla útreikninga og spádóma og hvernig þar fór um alla afkomu bátanna. En hvernig var þetta í öðrum greinum? Eins og ég sagði, sendu hagfræðingarnir frá sér þykka bók, og það vildi svo til, að einmitt núv. hæstv. forsrh. var sami maðurinn sem lagði fram það frv., og þá gat hann þess líka mjög hátíðlega eins og nú, að frv. væri afskaplega vel undirbúið og vel athugað af hinum færustu mönnum. Þess er getið sérstaklega í grg. frv., hvað það sé vel undirbúið. En í grg. segir, að hinir vísu menn hafi komizt að því, að afleiðingarnar af gengislækkuninni þá muni verða þær á verðlagið í landinu, að verðlagið muni hækka um 10—11%. Og þeir geta þess þó, að þeir álíti, að þetta sé ríflega reiknað og meira að segja standi nokkrar vonir til þess, eins og það er orðað, að verðhækkunin verði minni. En hvernig fór þetta með þessa útreikninga? Ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. hafi ekki lært í þessum efnum af reynslunni frá 1950, þegar hann lét þessa hagspekinga hafa sig út í það að segja, að verðhækkunin mundi verða 10—11%. Og enn lætur hann þá hafa sig út í að segja, að nú muni verðhækkunin verða í kringum 13%. En hvernig fóru þeir með hann þá? Hvernig reyndust þeirra útreikningar þá? Gengislækkunin var samþykkt 20. marz, en í árslokin á sama ári sagði vísitalan, að verðlagið hefði hækkað um 27%. Þetta var útkoman hjá hinum vísu mönnum þá. Ef hæstv. forsrh. hefði lært af reynslunni í þessum efnum, þá hefði hann núna átt að tvöfalda rösklega spádóma þessara manna og segja ekki, að verðlagið mundi hækka um 14%, heldur segja, að það mundi hækka eitthvað yfir 30%.

En það er ekki aðeins í þessum efnum, sem við höfðum mjög áþreifanlega reynslu af því, sem var að gerast með gengislækkunarlögunum í marz 1950. Það var ekki aðeins það, að verðlagið hækkaði miklu meira en sagt var. Það var ekki aðeins það, að fiskverðshækkun varð engin, þó að henni væri lofað. En svo átti að færast fjörkippur í framleiðslu. Það fór allt á annan veg. Framleiðslan dróst beinlínis saman, og tekjur þjóðarinnar af útfluttum vörum urðu þá minnstar, 1951 og 1952. Og almennur samdráttur varð þá yfirleitt á öllum sviðum. Opinberar skýrslur sýna, að byggingar, t. d. íbúðarhúsa, drógust svo saman í landinu, að þær hafa aldrei orðið minni um margra ára skeið heldur en árin 1951 og 1952. Og síðan þá höfum við einmitt þurft að ráðast í miklu meiri framkvæmdir vegna þess samdráttar, sem þarna varð upp úr gengislækkuninni 1950. Eða hvernig fór t. d. með skipastól landsmanna, með fiskiskipaflotann á tímabilinu 1950, að gengislækkunin var gerð, og fram til 1955? Þá eignuðumst við nýja fiskibáta, sem voru samtals að stærð 3200 tonn. En þó að við tökum lægsta viðhald á flotanum, lægsta hugsanlegt viðhald, þá hefðum við þurft að kaupa á þessu tímabili 7700 tonn. M. ö. o.: við keyptum ekki á þessum árum einu sinni nýja fiskibáta, sem nam viðhaldi flotans. Á þessu tímabili bjuggum við svo grannt í þessum efnum, að við þurftum raunverulega að éta upp bátaflota landsins. Það var sannleikurinn. Og það var þessi samdráttur, sem varð t. d. í húsbyggingum og í uppbyggingu fiskiskipaflotans, sem varð eftir gengislækkunina 1950, sem hefur einmitt kallað á það núna síðustu árin, t. d. 1957, 1958 og 1959, að þá höfum við þurft að taka af árlegum tekjum okkar miklu hærri fjárhæð en raunverulega tilheyrði þeim árum til þess að byggja í skarðið, sem myndaðist á árunum eftir 1950, eftir gengislækkunina þá. Nú höfum við þurft að fjárfesta í íbúðarhúsabyggingum margfalda upphæð á við það, sem eðlilegt hefði verið, miðað við eins árs útgjöld. Nú höfum við þurft að endurnýja fiskiskipaflotann langt fram yfir það, sem tilheyrir viðhaldi þessara ára. Nú höfum við þurft að efla fiskiskipaflotann vegna vanrækslunnar, sem varð á þessu tímabili. En einmitt þegar svona stendur á, að nú á síðustu árum er snúizt til þess að bæta fyrir syndirnar, sem urðu sem afleiðing af gengislækkuninni, þegar við þurfum nú að fjárfesta í

meira lagi í íbúðarhúsabyggingum, í fiskiskipakaupum og öðrum framkvæmdum, þá segja menn: Nú eyðir þjóðin allt of miklu. — Ef hún leyfir sér að taka einhver lán nú til þessara miklu framkvæmda, þannig að nokkur halli verður á þessum árum í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, þá er sagt, að þetta stefni þjóðarafkomunni í voða. En sannleikurinn er sá, að einmitt sú stefna að taka nokkur erlend lán til þess að endurnýja fiskiskipaflotann og til þess að byggja upp aðrar framkvæmdir í landinu hefur hjálpað okkur til þess stórlega, frá því sem áður var, að ná einmitt greiðslujöfnuði við útlönd, ef rétt er talið fram, en ekki á jafnstórblekkjandi hátt og gert er í grg. þessa frv. og ég skal nú víkja nokkru nánar að.

Það er aðeins stutt síðan Hagstofa Íslands birti í Hagtíðindum yfirlit um greiðsluviðskiptin við útlönd á árinu 1958. Í þessu yfirliti hagstofunnar segir, að öll gjaldeyrisútgjöld þjóðarinnar á þessu ári hafi verið 1626 millj. kr., en að allar gjaldeyristekjur á þessu ári hafi verið 1536 millj. kr., eða eins og segir í Hagtíðindum: Greiðsluhalli varð sem nam 90 millj. kr.

Nú er ríkisstj. búin að fá hér upp í tölum sínum, að greiðsluhallinn á þessu ári hafi numið 208 millj. kr., sem er auðvitað alger blekking. En því er svo einnig skotið undan, að þetta ár, þegar greiðsluhallinn samkv. skýrslu hagstofunnar var 90 millj. kr., á því sama ári jukust útflutningsbirgðir í landinu, birgðir af útflutningsvörum, um 90 millj. kr. líka. Og vitanlega er það gjaldeyrisöflun, því að það er jafngóður gjaldeyrir, þó að við eigum hann í auknum birgðum, sem aðeins skiptir nokkrum mánuðum að koma úr landi. Ef tillit er tekið til birgðaaukningarinnar af útflutningsvörum, þá kemur greinilega í ljós, að árið 1958 stóð fullkomlega undir sér. Við öfluðum á þessu ári jafnmikils gjaldeyris og öllum útgjöldum nam á því ári. Um árið 1959 er sagt í grg. þessa frv., að það liggi ekki nákvæmlega fyrir útreikningar á því, og það er rétt. Ekki hef ég getað fengið þá útreikninga enn. En eitt liggur alveg ótvírætt fyrir. Það liggur fyrir, að aflaaukning á árinu 1959 frá árinu 1958 nemur um 11%. En af sérstökum ástæðum hafa líka á árinu 1959 safnazt fyrir útflutningsafurðir, sem hafa ekki verið fluttar úr landi, og gjaldeyrir fyrir framleiddar vörur á árinu var því ekki að öllu leyti kominn inn í gjaldeyrissjóðinn. En auðvitað er í þessum töflum algerlega stokkið yfir þessi sannindi. Nú sjá menn, hvert þetta mundi leiða. Ef svo vildi til, að við á einhverju ári hefðum aukið okkar útflutningsvörur í landinu um 200—300 millj. kr., við hefðum framleitt mikið, það hefði aðeins beðið fram yfir áramótin að flytja þetta út, eigum við þá að telja, að gjaldeyrishallinn sé raunverulega svona mikill, eins og bara sjóðurinn einn segir til um? Slíkt er vitanlega hin mesta skekkja.

Nei, hið rétta er það, að vegna þess að afli okkar fór vaxandi á árinu 1958 um 20.9% og hann fór enn vaxandi á árinu 1959 um 11%, þá var það svo, að við náðum raunverulega að afla eins mikils gjaldeyris á þessum árum báðum eins og við eyddum.

En ef við lítum svolitið nánar á eyðsluna á gjaldeyri á þessum árum, í hvað hún fór, þá kemur líka í ljós, að einmitt á þessum árum erum við að eyða meira en oftast áður og langt fram yfir það, sem tilheyrir eyðslu þessara ára út af fyrir sig, til þess að flytja inn í landið varanleg verðmæti í formi fiskiskipa, verksmiðja og annarra stórframkvæmda, sem unnið var að í landinu. Í gjaldeyrisútgjöldum landsins eru þarna margir tugir milljóna króna í vélum til Sogsins. Í þessum gjaldeyrisútgjöldum þjóðarinnar þá voru líka tugir millj. kr. til sementsverksmiðjubyggingarinnar. Í þessum gjaldeyrisútgjöldum eru líka margir tugir millj. kr. til fiskiskipakaupa fram yfir það, sem er venjulegt viðhald flotans. Auðvitað er um hina herfilegustu blekkingu að ræða að reyna að halda því að mönnum, að það hafi raunverulega orðið gjaldeyrishalli í viðskiptunum við útlönd, þegar svona stendur á.

Í grg. frv. segir á einum stað, og það á að sanna mönnum, hvernig ástatt sé í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að í árslok 1954 höfum við átt gjaldeyri, sem nam 220 millj. kr., en í árslok 1959 áttum við orðið minna en ekkert eða skulduðum 65 millj. kr. Þetta er auðvitað lagt saman og sagt, að þarna sé orðinn mismunur upp á 285 millj., og einnig hafi skakkað til viðbótar 15 millj. í vöruskiptagjaldeyri, og þannig sé staðan í árslok 1959 um 300 millj. lakari en hún var í árslok 1954.

Nú segi ég bara: Getur það verið, að þeir, sem hafa stillt upp þessum tölum fyrir hæstv. ríkisstj., hafi ekki vakið athygli hennar á því, hvaða aukaskýring hér á að fylgja með í sambandi við afurðabirgðirnar í landinu? Eða hafa þeir skotið því undan, þegar þeir skýrðu málið fyrir ríkisstj., og hún ekki gætt að sér? Hún veit þó, að á árinu 1959 varð um stórkostlega birgðaaukningu á útflutningsafurðum að ræða og einnig 1958. Og útflutningsvörur okkar, sem taldar eru í birgðum okkar nú um áramótin, voru metnar á 370 millj. kr. og höfðu að langmestu leyti safnazt fyrir á árunum 1958 og 1959. Ef við berum saman birgðirnar í árslok 1954 og birgðirnar í árslok 1959, þá kemur í ljós, að hinn raunverulegi gjaldeyrishalli á þessu tímabili er nálega enginn. Hann er sáralítill. En svona er líka hægt að skrökva í tölum að mönnum, þegar menn varast slíkt ekki. En ég segi það, ég geri engan mun á því, það er bókhaldsatriði, hvort við eigum hundrað milljónum meira í öruggri útflutningsvöru, liggjandi hér í landinu, eða við eigum hundrað millj. meira í gjaldeyri í Seðlabankanum. Það er aðeins tímaspursmál. Það getur oltið á því um einn eða tvo mánuði, hvenær varan er flutt út, ef þetta er örugglega seljanleg vara eða jafnvel fyrir fram seld.

En það er ekki nóg með það, að svona sé reynt að skrökva að mönnum, þegar verið er að tala um hinn gífurlega halla í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd og reynt að villa um fyrir mönnum bæði í sambandi við birgða-

aukninguna í landinu og eins í sambandi við þann sérstaka innflutning til landsins og gjaldeyriseyðslu, sem stafar af stórfelldum framkvæmdum í landinu, heldur er á nákvæmlega sama hátt reynt að skrökva að mönnum í tölum í sambandi við þá óhemjulegu byrði, sem á þjóðina á að vera komin í sambandi við árlega vexti og afborganir af hinum erlendu skuldum. Í töflu þeirri, sem hér fylgir með í frv. og á að skýra út þessa byrði, er mönnum sagt, að byrðin hafi litið þannig út, vaxtabyrði og afborgunarbyrði í prósentum, miðað við heildargjaldeyristekjur þjóðarinnar um nokkurt skeið: Árið 1951 var þessi byrði 3.2%, árið 1952 3.5%, árið 1953 3.4%, árið 1954 2%, árið 1955 3%, árið 1956 3.2%, árið 1957 5.1%, árið 1958 5.7%, en þá lýkur töflunni, og þá segja menn: Nú liggur ekki fyrir endanlegt uppgjör lengra. — Þá tekur við áætlunin. Og þá er líka sagt greinilega hér fyrir ofan: áætlanir. Þá fara menn að gizka á úr því. Og það er dálítið gaman að sjá, hvernig menn gera það. Það er þá fyrst að taka, að þá allt í einu leyfa menn sér að bæta við hinar erlendu skuldir, sem við eigum að borga afborganir og vexti af, rúmlega 130 millj., sem aldrei hafði verið talið til skuldanna áður, öll hin árin, og að langmestu leyti hafði verið yfirdráttarskuld eða sérstök skuld við EPU, gjaldeyrisskuld. En til að reyna að fá byrðina sem svakalegasta taka menn sig til og færa þarna yfir á skuldirnar hinar erlendu skuldir, nærri 130 millj. kr., sem aldrei höfðu verið taldar með skuldunum áður.

En það er ekki aðeins þetta. Þá er eftir hinn endinn, því að það er oft hentugt, þegar menn þurfa að villa um fyrir mönnum, að villa um á báðum endum. Og þá er það: Hvað voru gjaldeyristekjurnar miklar í spánni, gjaldeyristekjurnar 1959? Gjaldeyristekjurnar 1958 voru voru taldar 1521 millj., en árið 1959 1466 millj. Þá lækka gjaldeyristekjurnar um 70 millj., þó að framleiðsla þjóðarinnar á árinu hafi aukizt um 11%. Og þau 11% ættu raunverulega að gera í reiknaðar gjaldeyristekjur á því ári í kringum 130—150 millj. kr. En menn afsaka þetta með því, að auðvitað eru gjaldeyristekjurnar ekki 1466 millj. á árinu 1959, heldur segja menn: Við áætluðum þetta, þegar taflan var samin í nóvembermánuði. Þá áætluðum við þetta. En þær eru orðnar miklu meiri. Og þar að auki stela menn undan allri birgðaaukningunni, sem varð í gegnum aukna framleiðslu. M. ö. o.: menn segja: Gjaldeyristekjurnar voru lægri 1959 en þær voru 1958. Og svo er búið að hækka skuldirnar líka, bara með bókhaldsfærslu, og þannig geta menn fengið út að segja: Byrðin eykst úr 5.7% — og upp í hvað? Upp í 9.4%. Og þar með er byrðin orðin svo gífurlega mikil, að nú verðum við að taka heljarstökkið.

Þetta heitir hreinlega að ljúga í tölum. Hér getur ekki farið á milli mála. Það er útilokað, að menn segi þetta í fullri alvöru. Þeir vita það, að hér er raunverulega verið að hagræða tölum og láta þær segja rangt til. Og þó verður þetta enn þá verra, þegar menn komast svo aftur á árið 1960, því að þeir halda áfram að spá. Hvað verða gjaldeyristekjurnar 1960? Og 1961? 1960 á það auðvitað að verða þannig, að þær ná rétt í að vera það, sem þær voru 1958, þó að þær hafi raunverulega vaxið um 11% 1959. Og svo á auðvitað engin aukning að koma 1960, þó að til landsins streymi tugir nýrra báta og skipa og framleiðsluaðstaða okkar öll saman stórbætist. En það er vitanlega hægt að spá því, að gjaldeyristekjurnar verði litlar, og hækka í sífellu lánin og afborganirnar og segja: Svona verður byrðin gífurlega mikil. Nú verður eitthvað óvænt að taka til bragðs.

Nei, það er hrein blekking, að í þessum efnum hafi gerzt nokkuð það, sem boðar okkur nokkur ósköp eða nokkra hættu í okkar fjármálakerfi. Þvert á móti stöndum við frammi fyrir því, að sú stefna, sem tekin var upp á tímum vinstri stjórnarinnar, að endurnýja skipaflotann og stórauka hann og stórbæta aðstöðu útflutningsins í heild, hún hefur miðað í þá átt, að við aukum framleiðsluna jafnt og þétt. Þær tölur sýna, að heildarframleiðsla okkar í tonnum talið, — þar getur þó ekkert leikið á milli, þegar við tökum tonnin, þar er þó ekki hægt að tala um mismunandi verðlag áranna eða annað þess háttar, — 1957 framleiddum við 436 þús. tonn, 1958 framleiddum við 505 þús. tonn og 1959 framleiddum við 555 þús. tonn. Þannig hefur framleiðslan farið vaxandi, og það eru allar ástæður til þess, að hún muni halda áfram að vaxa, ef ekki verða gerðar slíkar óhapparáðstafanir í fjármálum landsins, sem raunverulega hefta eðlilega framleiðslu landsmanna.

Það er alveg rétt, okkur hefur skort gjaldeyri. Við hefðum þurft að eiga meiri handbæran gjaldeyri, um það er ekkert að villast. Gjaldeyriserfiðleikar þeir, sem t. d. urðu í lok síðasta árs, eru að mínum dómi að mjög verulegu leyti sjálfskaparvíti. Og það skyldi nú ekki vera, þó að það sé nokkuð stórt sagt, að þeir gjaldeyriserfiðleikar hafi verið framkallaðir að yfirlögðu ráði af vissum aðilum. Það var auðvitað alveg gefið mál, eins og okkar aðstæður voru í gjaldeyrismálunum, að þegar við erum að safna útflutningsvörum í stórum stíl árið 1958 og við söfnum enn til viðbótar á árinu 1959 útflutningsvörum og áttum þar allmikil gjaldeyrisverðmæti fram yfir það, sem við áttum áður, þá þurftum við vitanlega að útvega okkur í tæka tíð gjaldeyrisyfirdrátt erlendis, svo að við gætum haldið áfram eðlilegri gjaldeyrissölu með þjóðinni og eðlilegri starfsemi. Þetta var hægt að gera. Það þarf ekki að segja mér um það, að þegar við getum sýnt og sannað, að við eigum seljanlega eða jafnvel þegar selda vöru liggjandi í landinu, þá getum við fengið lán út á hana erlendis í gjaldeyri, enda kemur það í ljós í þessu frv. Það er beinlínis upplýst, að þetta hefðum við getað og aldrei þurft að láta koma til þess, að þessi gjaldeyriskreppa hefði hér skapazt. En það var bara svikizt um það, þó að menn sæju, að við flyttum seinna út okkar útflutningsvöru en við hefðum þó þurft að gera, — þá er bara svikizt um það að taka

gjaldeyrislán út á þessa framleiðslu erlendis, svo að hægt væri að mæta hér eðlilegri gjaldeyrissölu. Af því var það ástand skapað hér síðasta mánuðinn eða svo, sem hér var skapað. En í krafti þess á svo vitanlega að telja fólki í landinu trú um það: Svona er ástandið í gjaldeyrismálum. Við getum ekki flutt inn brýnustu nauðsynjar. Allt er að fara á hausinn. Hér verðum við að taka þetta mikla heljarstökk til að reyna að komast út úr þessu. — En það var engin ástæða til þess, á meðan við vorum að auka okkar gjaldeyrisvörubirgðir í landinu, — þá var engin ástæða til að láta þetta koma fyrir.

Og svo er auðvitað hitt atriðið, sem við höfum margsinnis bent á, að á þeim tímum, sem við teljum rétt að ráðast í óvenjumiklar framkvæmdir í fjárfestingu, á þeim tímum, sem íslenzka þjóðin eyðir í fjárfestingu um 34% af þjóðarframleiðslunni, — hærra hlutfalli en nokkur nágrannaþjóð okkar gerir, — á meðan við stöndum í svona mikilli uppbyggingu í landinu sjálfu, þá er vitanlega eðlilegt, að við tökum eitthvað af erlendum lánum. Og ef við viljum ekki taka erlendu lánin, þá eigum við vitanlega að horfast í augu við veruleikann og segja: Þá bara minnkum við fjárfestinguna eitthvað dálítið frá því, sem hún hefur verið. — Og það á ekki að minnka fjárfestinguna með því að láta peningana eina ráða. Það á ekki að minnka fjárfestinguna með því að gera allar fjárfestingarframkvæmdir svo óhóflega dýrar, að hinir fátækari geti ekki ráðizt í sína fjárfestingu, en hinir ríku standi einir eftir og geti fjárfest það, sem þjóðin fjárfestir. Það hefur reynslan sýnt okkur, að það er ekkert öryggi í því, að þeir, sem ráða yfir peningum, geri það í fjárfestingarmálum, sem er þjóðarheildinni að mestu gagni. Það er miklu eðlilegra, að ríkisstjórn landsins og Alþingi ákveði það, ef við eigum að draga úr fjárfestingunni, t. d. minnka fjárfestinguna frá 1600 millj. á ári niður í — við skulum segja 1400 millj., að þá sé það ríkisstjórn landsins og Alþingi, sem ákveði það að láta bíða eitthvað af fjárfestingunni og tiltaki, hvað það er.

Við eigum að þora að láta hyggjuvitið ráða í þessum efnum, en ekki duttlunga peninganna, sem vitanlega geta verið þeir, sem þjóðinni eru hvað óhagstæðastir. Til þess þurfum við, eins og margar aðrar þjóðir, að setja á fót hér yfirstjórn á okkar fjárfestingarmálum og þjóðarbúskapnum í heild. Um þetta höfum við lagt fram frv. hér á Alþingi og margsinnis bent á, að við þurfum að gera þetta alveg á sama hátt t. d. og Norðmenn gera, en láta okkur ekki detta í hug að fara eftir svo gamalli og úreltri leið að segja, að peningarnir skuli ráða, hvað verði fjárfest hverju sinni í landinu.

Við skulum t. d. taka eitt dæmi í þeim efnum, sem ég ætla að hæstv. forsrh. þekki allvel, sem dæmi um það, hvort muni vera affarasælla og betra að láta t. d. ríkisstjórn landsins og Alþ. taka ákvarðanirnar í þessum efnum eða þá, sem peningana eiga. Ég minni á ástandið á nýsköpunarárunum, 1944—45. Þá vildu þeir, sem áttu peningana, þeir, sem áttu raunverulega þær 500 millj. kr. í gjaldeyri, sem þjóðin átti þá úti, þeir vildu ekki kaupa skip á þeim tímum, þeir ætluðu sér að bíða. En þá var það, sem ríkisstjórn landsins undir forsæti núverandi forsrh. tók ákvörðunina og sagði: Þjóðin þarf að fá sinn togaraflota endurnýjaðan. Við getum ekki beðið lengur. Þeir skulu keyptir. — Og það var gert. Þá trúði hann enn á það, að það væri affarasælla, að vit hans og annarra þeirra, sem stjórnuðu landinu, réði heldur en að láta vit peninganna ráða fyrir okkur.

Eins og ég hef nú vikið hér nokkuð að, þá er það alger blekking, að það hafi verið þörf á því að ráðast í þá gífurlegu gengislækkun, sem þetta frv. stefnir að, vegna greiðsluhallans við útlönd. Síðustu árin hafa einmitt bent til þess, að við værum að komast út úr þeim vanda með aukinni framleiðslu, og við áttum að halda þá leið áfram. Og þegar við vorum um leið komnir yfir þann vanda að þurfa að eyða svona miklu af okkar árlegu tekjum eins og við höfum eytt í fjárfestingu, í að kaupa skip og annað þess háttar, þegar þetta fór minnkandi, sem það hefði að sjálfsögðu gert aftur á næstu árum hér á eftir, þá var vandinn leystur. Það er líka rangt, að það þurfi að grípa til þessa ráðs vegna greiðslubyrðarinnar, vegna þeirra byrða, sem búið er að leggja á þjóðina, vegna nauðsynlegra afborgana og vaxta af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin. Það er argasta blekking, og enginn afsannar raunverulega þessa kenningu eins vel og hæstv. ríkisstjórn sjálf, þegar hún leggur nú til að taka nýtt 800 millj. kr. lán erlendis. Einmitt þessi tilkynning stjórnarinnar, að ætla að taka svona hátt lán, sem á að vera eyðslulán, sannar það bezt, að henni blöskra ekki vextirnir og afborganirnar af erlendum lánum. Hún þolir vel að bæta við vexti og afborganir. Hún er ekki hrædd við það. Það er ekki það, sem hefur rekið hana út í þessa ráðstöfun.

Nei, það var hægt að ná samkomulagi, mjög viðtæku samkomulagi í landinu um það að reyna að komast út úr þeim vanda, sem of litlir handbærir gjaldeyrissjóðir hafa verið í rekstri ríkisins, og það voru miklar líkur til þess, að við gætum komizt tiltölulega auðveldlega út úr því með eðlilegum hætti og fljótlega.

En hvað er það þá, sem raunverulega hefur rekið hæstv. ríkisstj. út í þessa gífurlegu gengislækkun? Hún getur ekki fært það fram, að útgerðarmenn í landinu almennt eða útflytjendur hafi gert kröfu um þetta. Það liggja engar samþykktir fyrir um það frá hálfu útgerðarmanna nú, að þeir hafi heimtað skipt um þetta kerfi og heimtað þessa miklu gengislækkun. Ég veit, að þvert á móti munu útvegsmenn almennt vera mjög uggandi um áhrifin af þessari nýju stefnu, sem boðuð er með þessu frv., enda mega þeir líka vera það. Ekki þykir mér ólíklegt, að útkoman verði sú, að þeir muni einnig finna til þess margir hverjir, að það verði allþröngt fyrir dyrum hjá þeim í

sambandi við reksturinn á eftir. Nú var sem sagt ekki hægt að bera því við, að það þyrfti að grípa til þessara ráðstafana vegna þess, að útflutningurinn þyrfti meiri bætur en áður eða einhver ný framlög. Aðstaðan við rekstur útgerðarinnar var yfirleitt mjög sæmileg, t. d. hjá bátaflotanum. Það er rétt, að það hallaði nokkuð á hjá togurunum, og þurfti eflaust að gera eitthvað í sambandi við þann lið útgerðarinnar. En til þess þurfti ekkert slíkt, sem felst í þessu frv.

Það er líka vitanlega hin mesta blekking að reyna nú að halda því fram, að það hafi þurft að grípa til þessara ráðstafana vegna hags útflutningssjóðs. Allar kenningar um það, að svo sé gengið frá tekjum útflutningssjóðs, að hann geti raunverulega ekki staðið undir sér, vegna þess að hann borgi að meðaltali 87% bætur til útflutningsins, en fái ekki í tekjur nema rúmlega 68% af öllum innflutningi, — þessi rök eru vitanlega með öllu fánýt og furðulegt, að þau skuli vera sett fram. Það er vitanlegt mál, að útflutningssjóður hefur tekjur af mörgu öðru en innflutningi. Þannig hefur einmitt hans tekjuhlið verið uppbyggð. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að hann hefði tekjur af ýmsum öðrum liðum en innflutningi, og þær áætlanir, sem hingað til hafa verið gerðar og af sömu sérfræðingum og ríkisstj. byggir sínar áætlanir á nú, hafa verið gerðar þannig og er auðvelt að sanna það, að þeir hafa stillt upp jöfnum, sem sýndu það, að útflutningssjóður átti að hafa tekjur samkvæmt þessum tekjustofnum, sem áttu að jafngilda þeim útgjöldum, sem hann hafði samninga um við útveginn. Þessar jöfnur liggja fyrir, settar upp af þessum sömu sérfræðingum, og það sýndi sig þar, að þarna gat verið jöfnuður á og útflutningssjóður átti að hafa tekjur á móti útgjöldum. Svo er það alveg furðulegt, að menn skuli setja fram þessar tölur, 87%, sem á að greiða út úr útflutningssjóði, á móti 68%, sem hann fær inn af tekjum, vegna þess að sagan er vitanlega ekki nema hálfsögð í sambandi við þessar prósentur. Ef framleiðslan í landinu vex, þarf útflutningssjóður að vísu að borga auknar útflutningsuppbætur, og það getur vel farið svo, að þeim gjaldeyristekjum, sem þá koma í staðinn, sé varið svo einhliða, að tekjur sjóðsins kunni að raskast eitthvað. En auknar tekjur af auknum innflutningi koma ekki aðeins útflutningssjóði við. Auknar tekjur af auknum innflutningi koma líka ríkissjóði við. Tekjur ríkissjóðs stórvaxa við aukinn innflutning. Og ef menn hugsuðu sér aukninguna þannig, að aukningin færi að skapa einhvern halla hjá útflutningssjóði, þá gerist það af sjálfu sér, að þá kemur tekjuafgangur hjá ríkissjóði, því að hans tekjur stórvaxa með aukinni framleiðslu og aukinni gjaldeyrissölu. Það er því vitanlega hrein blekking að ætla að taka þarna aðeins aðra hliðina, því að dæmið hefur alltaf verið sett þannig upp, að útflutningssjóður og ríkissjóður hafa sameiginlegan hluta af þessum tekjum, og það hefur vitanlega engin verðbólgumyndandi áhrif í landinu, jafnvel þó að það gæti komið nokkur halli hjá útflutningssjóði, ef það kemur á sama hátt tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Þetta hefur líka verið margsýnt fram á af þeim mönnum, sem sett hafa upp þetta kerfi.

Það er líka alrangt, að erlendu lánin hafi sérstaklega verið til þess að standa undir tekjum útflutningssjóðs. Það er alveg rangt, vegna þess að erlendu lánunum hefur að yfirgnæfandi meiri hluta verið varið til þess að flytja inn skip og annan varning, sem hefur verið í lægsta flokki, með 55% bótum, þá hafa þessi lán síður en svo á nokkurn hátt gert það að verkum, að þau hafi bætt hag útflutningssjóðs. Þetta er líka rangt.

Af þessu öllu saman er það vitanlega algerlega röng rökfærsla að halda því fram, að aukin útflutningsframleiðsla og auknar gjaldeyristekjur mundu auka á hallann hjá útflutningssjóði. Það er einmitt þvert á móti. Aukin gjaldeyrisframleiðsla mundi verða til þess, að það yrði einmitt flutt tiltölulega meira inn af þeim vöruflokkum, sem álagið er tiltölulega mest á, en þar er alltaf mest haldið í, og það er einmitt sá liðurinn, sem hefur verið mest skorinn niður miðað við eftirspurn. Það er ekki 30% vöruflokkurinn, sem hefur verið skorinn niður. Það hefur verið flutt inn alveg ótakmarkað, eins og óskað hefur verið eftir, af þessum brýnustu nauðsynjum. Það mundi ekki aukast gjaldeyrissala í þeim flokki. Það mundi aukast bæði í 55% flokknum, sem áður var, og þá einkum og sérstaklega í hátollavöruflokknum. Þar mundi aukast, því að þar var niðurskurðurinn mestur. Þessi rök eru því algerlega röng.

Nei, hagur útflutningssjóðs var ekki í sjálfu sér slæmur, enda stóð hann mjög örugglega í skilum með sínar greiðslur. Og það er algerlega rangt, þegar því er haldið fram, að útflutningssjóður sé raunverulega búinn að fá tekjur vegna þeirra gjaldeyrisbirgða, sem enn þá liggja í landinu, vegna gjaldeyrislána, sem bankarnir hafa tekið erlendis. Þeir hafa sáralítil lán tekið erlendis í þessu efni fram yfir það, sem áður var, og ekki svarað á neinn hátt til þeirra birgða, sem aukizt hafa í landinu. Auðvitað á útflutningssjóðskerfið, miðað við þær áætlanir, sem settar voru upp, eftir að fá mjög miklar tekjur af þeim útflutningsvörum, sem hafa safnazt upp í landinu, og þegar menn nú leika sér að því að gera upp útflutningssjóð og halda því fram, að á því kerfi hafi verið stórkostlegur halli, þá byggist það einfaldlega á því, að aðrir aðilar ætla að taka þær tekjur, sem koma inn fyrir þær útflutningsbirgðir, sem nú liggja í landinu, eða 370 millj. kr. Bankarnir vilja fá verulegan hluta af þeim gengishagnaði, sem þarna kemur, en útflutningssjóðurinn á ekki að fá þetta. Af því vitanlega myndast halli, þegar útflutningssjóðskerfið er nú strikað út.

Það var hægt að halda áfram óbreyttu kerfi vegna þess, að það þurfti ekki að auka við tekjur útflutningssjóðs. Það var ekki ástæðan.

Eitt var það, sem hæstv. forsrh. vék hér nokkuð að í sambandi við hinar fyrirhuguðu

ráðstafanir í peningamálum landsins, en það var, að fyrirhugað væri að stórhækka alla vexti í landinu, og einnig hitt, að fyrirhugað væri að binda í Seðlabankanum einhvern hluta af því sparifé, sem safnast í sparisjóðum landsins og innlánsdeildum kaupfélaganna.

Ég er hræddur um, að afleiðingar af þessu muni segja illilega til sín einmitt í sambandi við framleiðslu landsins. Ég á erfitt með að skilja það, að stórhækkaðir vextir verði ekki til þess að stórdraga úr því, að menn ráðist í það að koma upp framleiðslutækjum, og að á þann hátt verði stöðvuð sú þróun, sem verið hefur að bæta aðstöðu okkar við framleiðsluna. Ég álít, að veruleg vaxtahækkun hljóti, sérstaklega ef hún á að framkvæmast þannig, eins og sagt er, að hún eigi að fullu og jöfnu að hvíla á stofnlánum til framleiðslunnar og nauðsynlegustu rekstrarlánum til framleiðslunnar eins og öllum öðrum lánum, að slík breyting mundi draga stórkostlega úr því, að menn réðust í þær framkvæmdir í sambandi við kaup á framleiðslutækjum, sem þeir hafa haft í huga.

Sú stefna að ætla að áskilja Seðlabankanum vald til þess að binda allverulegan hluta af sparifé sparisjóðanna í landinu og innlánsdeilda kaupfélaganna, — það er auðvitað gefið mál, hvað þetta þýðir. Það þýðir, að það á að reyna að binda algerlega hendur þeirra manna, sem þessum stofnunum stjórna, og koma í veg fyrir það, að þessar stofnanir láni einum eða neinum til framkvæmda. Þetta mundi jafngilda því að skrúfa algerlega fyrir hin nauðsynlegustu lán úr sparisjóðum landsins til íbúðabygginga. Þetta hlyti að stöðva allar íbúðabyggingar. Ég álít, eins og ég sagði hér í upphafi, að það mætti vel taka til athugunar nokkra þætti í útlánum bankanna, og mér hefur fundizt, að það mætti vel minnka þar nokkuð útlánin í einstaka tilfellum og til vissra starfsgreina í þjóðfélaginu. Ég dreg það t. d. alveg í efa, að það hafi verið þörf á því að auka jafnmikið lánin til verzlunarinnar síðustu árin og gert hefur verið, því að lánin til hennar, föst lán til verzlunarinnar, hafa aukizt sum árin meira en föst lán til sjávarútvegsins, og öll þessi ár hefur lánaaukningin í verzlunina numið allverulegum upphæðum. Og þannig er um fleiri þætti að ræða, sem ég álít að hefði vel mátt taka til athugunar að draga nokkuð úr, en ekki ætla að fela Seðlabankanum, með þeirri reynslu, sem maður hefur af þeirri stofnun, alger yfirráð í því, hvaða reglur verða settar í sambandi við takmörkun á útlánum, þegar þess er þá getið strax í upphafi, að eitt af því þýðingarmesta í sambandi við minnkuð útlán sé að minnka lán á framleidda vöru til útflutnings. Það er eitt það þýðingarmesta. Það er talinn einn aðalbölvaldurinn að undanförnu, að lánin hafa hækkað út á hækkaðar birgðir á útflutningsvörum. Það kemur greinilega fram í grg. frv.

Ég segi það, að slíkar tilkynningar í upphafi boða ekkert gott að mínum dómi, og ég óttast það, að þær leiði beinlínis til framleiðslustöðvunar í vissum greinum eða minnkandi framleiðslu.

Í sambandi við þetta atriði, sem ég var að ljúka við að nefna, segir m. a. í grg. fyrir frv., einmitt í sambandi við hina breyttu stefnu í peningamálum, sem eigi að taka upp:

„Alls jukust endurkaup Seðlabankans um 187 millj. kr. árið 1958 og 213 millj. kr. 1959."

Þannig var það þessi 2 ár, þegar útflutningsbirgðirnar hrúguðust upp í landinu. Þessi eini þáttur lánanna hefur því aukizt á þessu tímabili um nærri 90% og tvímælalaust verið ein meginorsök hinnar miklu peningaþenslu, sem þá átti sér stað. En áður var búið að þusa mikið um það, hvað þessi peningaþensla væri stórhættuleg efnahagskerfi landsins, og ein meginorsökin fyrir peningaþenslunni í landinu var, að menn leyfðu sér að halda þeirri reglu áfram að lána út á framleidda vöru, lána mönnum til þess að framleiða fisk til útflutnings og aðrar útflutningsvörur, svo að hægt væri að reka þau skip og borga það kaup, sem þarf til aukinnar framleiðslu. Ein meginorsök ógæfunnar var, að það var haldið áfram að lána til þessarar framleiðslu!

Ég hef gaman af því í þessum efnum að fá að vita það hjá hæstv. ríkisstjórn: Hefur hún haft samráð við framleiðendurna, útflutningsframleiðendurna í landinu, í sambandi við þessa stefnu? Er þetta gert í samráði við þá? Telja þeir, að þetta sé nauðsynlegt? Ætli þeir treysti sér til þess að una við þetta? Þeir hafa haldið öðru fram hingað til.

Þessi nýja lánastefna felur í sér miklar hættur fyrir afkomu þjóðfélagsins í heild, og því verður varla trúað, að hæstv. ríkisstj. meini það, þó að hagfræðingar, sem ekkert þekkja til framleiðslunnar í landinu, lesi þetta út úr útlánatölunum hjá bönkunum, að þessi útlán séu hættuleg. En það er svona, ég þekki þetta, því að ég hef rætt við þessa hagfræðinga nokkrum sinnum áður. Reglan er þessi: Aukin útlán hjá bönkunum eru hættuleg, ef þau eru of mikil að þeirra dómi. En síðan er engin grein gerð fyrir því, til hvers þessi útlánaaukning hefur farið. Það er auðvitað gefið mál, ef bankarnir setja út aukið fjármagn — við skulum segja til verzlunarinnar hér í landinu eða til húsbygginga eða einhvers annars þess háttar, langt fram yfir það, sem sparifé landsmanna segir til um, þá vitanlega hefur það í för með sér verðbólgu í landinu. En þó að bankarnir auki útlán sín til stutts tíma út á útflutningsvörur, sem bíða tilbúnar til útflutnings, þá er fjarri öllu lagi að halda því fram, að það sé efnahagskerfi landsins hættulegt.

Með þessu frv. er tvímælalaust verið að stíga það skref að gera þá ríku í þjóðfélaginu ríkari og þá fátæku fátækari. Um það er ekkert að villast. Það er sama, hvar á það er litið.

Nú á að borga þeim topp-útflutningsuppbætur, sem jafnvel sýndu það á reikningum, að þeir þurftu ekki að fá auknar útflutningsuppbætur. Nú á að láta þá fá jafnmikið og þá, sem höfðu lakasta aðstöðu til framleiðslu. Og

þetta á að framkvæma þannig, að hinir lægst launuðu í þjóðfélaginu eiga að standa undir meginbyrðunum. Láglaunamenn í landinu, verkamenn og sjómenn, eiga að taka á sig aðalbyrðina. Það á raunverulega að binda kaupið, það á að slíta það úr sambandi við verðlagsvísitöluna, og þannig á að koma fram gífurlegri kauplækkun, og það á að reyna að halda sjómönnum áfram á kaupi miðað við óbreytt fiskverð, en eftir þessa gengislækkun er raunverulega búið að færa kaup sjómanna okkar niður fyrir það, sem sjómenn hafa í nálægum löndum, og er Færeyjadæmið, síðasta dæmið, augljóst um þetta efni.

Færeyingarnir, sem hér voru í borginni fyrir stuttu, gerðust svo ósvífnir, að þeir fóru fram á það, að togarasjómenn þeirra, sem hér áttu að vinna á flotanum, fengju 1500 kr. danskar á mánuði. Af hverju? Af því að norskir útgerðarmenn borga þeim 1500 kr. danskar á mánuði fyrir að vera á norskum togurum og norskum fiskiskipum. Vegna þess, að þýzkir útgerðarmenn borga þeim 1500 kr. danskar á mánuði og frítt uppihald fyrir að vera á þýzkum togurum. Og enskir útgerðarmenn borga þeim líka 1500 kr. danskar á mánuði fyrir að vera á enskum togurum. En 1500 kr. danskar á mánuði mundu verða eftir þessu gengi, sem nú á að lögleiða hér, 8300 kr. á mánuði. Og þá er komið að því, að okkar menn segja: Svona mikið borgum við ekki íslenzkum sjómönnum. Þetta er miklu meira en þeir eiga að fá eftir hinu rétta gengi. — Við verðum að standa frammi fyrir því, að þeir sjómenn hér á Norður-Atlantshafi, sem verða að sækja við óbliðust kjör á hafið, eru orðnir lægst launaðir allra þeirra, sem stunda sjó á togurum hér við land, eftir hinu nýja rétta gengi. Svona er það. En það er ekki aðeins í þessum samanburði. Við þurfum ekki annað en taka t. d. almennt kaup hjá íslenzkum járniðnaðarmanni og dönskum járniðnaðarmanni. Kaup íslenzka járniðnaðarmannsins nú er 25 kr. á tímann eða rétt þar um bil, en kaup danska járniðnaðarmannsins mundi verða eftir þessu gengi 35 kr. um tímann.

Það er sem sé ætlazt til þess með því skipulagi, sem hér á að lögleiða, að borga íslenzka vinnuaflið, jafnt sjómanna, verkamanna og annarra, mun lægra en slíkt vinnuafl er borgað í löndunum í kringum okkur. Það á að reyna að halda því fram, það á að reyna að sanna mönnum það, að framleiðslukerfi okkar sé þannig og efnahagur íslenzku þjóðarinnar sé þannig og skuldasöfnunin við útlönd sé orðin þannig, að við þurfum nú að lifa við knappari kjör en allir þeir, sem eru í löndunum í kringum okkur. Auðvitað verður það okkur til minnkunar, þegar menn átta sig á því, að kaupkjör t. d. íslenzkra togarasjómanna eru orðin lakari, miðað við sambærilegt gengi, heldur en kaupkjör annarra sjómanna á togaraflotanum. Og ég hygg, að reynslan og veruleikinn, þó að ekkert annað geri það, eigi eftir að kenna núv. hæstv. ríkisstj. það og öllum ráðh., að þeir geti ekki komizt upp með það, það getur ekki staðizt, að þeir komi fram slíkri fásinnu, að þeir komi launakjörum íslenzkra verkamanna og sjómanna niður á þetta svið. Til þess er engin þörf miðað við þjóðarframleiðsluna, engin þörf miðað við efnahagsástæður landsins. Það hefur verið villt um fyrir ríkisstj. af þeim mönnum, sem ekki þekktu til, hvernig aðstæður voru í okkar þjóðlífi, og þeir ættu að sjá að sér, þeir sem nú eru í ríkisstjórn Íslands, og snúa til baka, áður en almenningsálitið á Íslandi rekur þá til baka með þessar ráðstafanir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. „Það er alveg vonlaust verk að meta rétt tillögur í efnahagsmálum nema hafa það fast í huga, að skrásetning íslenzku krónunnar er algerlega röng."

„Sannleikurinn er sá, að það er ekki hugsanlegt að koma nokkru viti í efnahags- eða framleiðslumálin — og það vita engir betur en framleiðendur bæði til lands og sjávar og vinnandi fólk yfirleitt, nema fjárfestingunni verði stillt meira í hóf en verið hefur um sinn.

Hugmyndir þær, sem ýmsir gera sér um, að hægt sé að framkvæma ótakmarkaða fjárfestingu fyrir erlent lánsfé, án þess að þjóðarbúið sporðreisist gersamlega, fá ekki staðizt. Það er hvorki mögulegt vegna þess takmarkaða vinnuafls, sem Íslendingar geta lagt fram, né heldur hugsanlegt að hafa nokkurs staðar ótakmarkaðan aðgang að erlendum lánum."

„Enginn skyldi halda, að hægt sé að útvega lán erlendis takmarkalaust og til hvers sem er, þótt nauðsynlegar framkvæmdir séu. Um það hafa Íslendingar glögga reynslu."

„Sú fjárhæð fer ört vaxandi á næstunni, sem greiða þarf í vexti og afborganir erlendra skulda, svo ört, að tvímælalaust þarf að gæta fyllstu varúðar í sambandi við lántökur erlendis á næstu árum, enda raunar fyrirsjáanlegt, að erlendar lántökur til venjulegra framkvæmda geta alls ekki orðið jafnmiklar í náinni framtíð og þær hafa verið nú um sinn. Við verðum einnig framleiðslunnar vegna að stilla fjárfestingunni eðlilega í hóf.

Einnig þarf að hafa það fast í huga, að það er ekki fær leið að taka stórlán erlendis til stutts tíma til framkvæmda. Ef slíkt er gert, þá hlýtur af því að leiða gjaldeyriskreppu og aðra ófyrirsjáanlega fjárhagslega erfiðleika.

Þetta vil ég leggja sérstaka áherzlu á vegna þess, hve mikið verður vart við, að menn hafi áhuga fyrir slíkum lántökum til góðra og glæsilegra framkvæmda — sem ekki er hægt þjóðarafkomunnar vegna að byggja á stuttum erlendum lánum, hversu mjög sem okkur langar til að hrinda þeim í framkvæmd.

Framkvæmdir okkar og möguleikar til stofnlánaveitinga í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og öðrum greinum hljóta á næstunni að velta enn meira en verið hefur á því, hvort það tekst að efla lánsfjármyndun (þ. e. sparnað) í landinu sjálfu eða ekki. Erum við þar komin að kjarna málanna og þar með þeim vanda, sem við er að fást í efnahagsmálum okkar."

Það, sem ég hef nú sagt, hygg ég að sé óhagganlega rétt, og hér er komið að kjarna málsins.

En þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, hlýtur mér einnig að koma í hug það, sem hæstv. þáv. fjmrh. sagði á Alþingi í júní 1958:

„Er hægt að æra fólk svo með neikvæðum áróðri, að enginn þori að gera neitt af ótta við róginn?"

Þetta hlýtur manni að koma í huga, þegar það er athugað, að allt það, sem ég las upp hér áðan og hef sagt fram að þessu í ræðu minni, er orðrétt haft eftir þessum sama hv. þm. En þá var hann ráðherra, en nú er hann í stjórnarandstöðu, — og beri menn svo saman það, sem hann sagði í þessum orðum, sem hér eru orðrétt lesin upp eftir honum, og þá ræðu, sem hann leyfði sér að halda hér í dag, þegar hann vildi halda því fram, að það væri síður en svo, að við hefðum tekið of mikil lán eða værum yfirleitt í nokkrum vanda með að fá lán. Hann sagði: Hver hefur sagt, að við getum ekki fengið lán? — Hér heyrum við, að Eysteinn Jónsson hefur sagt það hvað eftir annað. Við fáum ekki meiri lán. **(EystJ:** Hvenær hefur hann sagt það? Varstu að lesa það?**)** Ef hv. þm. vill ekki heyra sín eigin orð, þá er ekki von, að hann taki mikið mark á því, sem aðrir segja (Gripið fram í.), sérstaklega vegna þess, að hann vill helzt aldrei, eins og við heyrum nú af framiköllum hans, unna neinum að tala nema sjálfum sér eða að neinn ráði neinu í þessu landi, almenningur hafi nein völd yfir sínum málum, — hann vill sitja yfir allra manna hlut. **(EystJ:** Hvar var það í þessu, að við gætum ekki fengið meiri lán? Því ekki að lesa það?**)** Við skulum lesa það honum til ánægju: „Enginn skyldi halda, að hægt sé að útvega lán erlendis takmarkalaust og til hvers sem er, þótt nauðsynlegar framkvæmdir séu. Um það hafa Íslendingar glögga reynslu."

Þetta er haft eftir hv. þm. í Tímanum hinn 7. febr. 1957, fyrir þremur árum. Þá þegar var orðið fullerfitt um að fá lán, og hafði hann þó þá eftir töluvert af sínum ferli í þessum efnum. *Og Tíminn hefur eftir honum hinn* 13. apríl 1958, svo að ég lesi það aftur: „... enda raunar fyrirsjáanlegt, að erlendar lántökur til venjulegra framkvæmda geta alls ekki orðið jafnmiklar í náinni framtíð og þær hafa verið nú um sinn."

Og við skulum athuga, hversu mikil lán með venjulegum hætti voru tekin af þessum hv. þm. í hans ráðherratíð. Ég hygg, að meginhlutinn af þeim lánum, sem tekinn var, meðan sú ríkisstj. sat, sem hann var síðast fjmrh. í, hafi verið tekinn til mjög skamms tíma, þar frá hafi nær einu undantekningarnar verið lán, sem aflað var hjá Bandaríkjastjórn og stjórn Vestur-Þýzkalands, — og um það, hvernig þau lán voru fengin, hefur Tíminn eftir hv. þm. hinn 13. apríl 1958:

„Út af umræðum, sem hér hafa orðið undanfarið varðandi þessa lántöku og aðrar lántökur og starfsemi Atlantshafsbandalagsins, er þörf á því að taka það eitt fram, sem án efa er þó öllum ljóst orðið fyrir löngu, að vitaskuld njóta Íslendingar við þessar lántökur sínar og hafa notið undanfarið góðs af aukinni samvinnu þjóðanna í Atlantshafsbandalaginu í efnahagsmálum."

Þarna er það staðfest, sem raunar var vitað af öllum, að þessi lán til langs tíma, þau einu, sem fengust fyrir milligöngu þessa hæstv. ráðh., voru tekin hjá stjórn Vestur-Þýzkalands og stjórn Bandaríkjanna, vegna þess að engir venjulegir lánveitendur fengust til þess að veita slík lán til langs tíma, og þó að sagt sé, að hér sé notið góðs af samvinnu Atlantshafsþjóðanna í efnahagsmálum, þá er sannast bezt um það að segja, að Ísland var ekki aðeins fyrsta, heldur eina landið, sem hefur fengið lán fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins, — aleina landið. Og við vitum öll, sem í þessum þingsal erum, af hverju Atlantshafsbandalagið beitti sér fyrir veitingu þessara lána. Það var vegna þess, að hv. þm. gekk á bak orða sinna um að reka burt Bandaríkjaher frá Íslandi. Þetta er sannleikur málsins.

Það má ýmislegt fleira segja um fjárhagsástandið á þessum árum. Það er vafalaust rétt, að „um gjaldeyrisforða er í raun og veru ekki lengur að ræða ... Í öðrum löndum er talað með ugg og ótta, ef gjaldeyrisforðinn fer niður fyrir meðalþarfir vissan hluta árs. ... Hjá okkur eru öll slík mörk löngu farin. Hér er enginn gjaldeyrisforði til í þessari merkingu. Hér er aðeins um skuldir að ræða, um það að ræða, hvað forsvaranlegt er og hvað hægt er að skulda miklar bráðabirgðagjaldeyrisskuldir. ... Í þessum efnum dugir engin sjálfsblekking, það verður að horfast í augu við veruleikann, eins og hann er, og reyna að gera úr honum allt hið bezta ...

Í lok ágúst 1958," — þegar hv. samþm. fyrrverandi hæstv. fjmrh. var að dásama ástandið sem mest nú áðan, — „var heildargjaldeyrisskuldin að meðtöldum öllum skuldbindingum 238 millj. kr., og hafði hún vaxið ... um 119 millj. frá ársbyrjun 1956. Hér þarf svo að hafa í huga, að auk þessa hafa verið tekin stórlán, bæði 1956, 1957 og 1958. Er því um að ræða *ógnarlegan gjaldeyrishalla á þessum tíma.*"

Um ástandið 1958 má enn fremur segja þetta, og þá er litið á árið í heild:

„Greiðsluhallinn var jafnaður fyrst og fremst með erlendum lántökum, er námu alls 174 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, en jafnframt rýrnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 28 millj. kr., þegar ekki eru meðtaldar ábyrgðir og greiðsluskuldbindingar. Stöðug skuldasöfnun hefur óhjákvæmilega í för með sér sívaxandi byrði vaxta og afborgana af erlendum lánum. Á árinu 1958 námu slíkar greiðslur 89 millj. kr., en útlit er fyrir, að á þessu ári" — þ. e. 1959 — „nemi vextir og afborganir 129 millj. kr., og eru þar þó ekki meðtaldar afborganir af EPU-skuld, sem enn er ekki samið um. Þær greiðslur geta numið 10—15 millj. kr. á árinu. Heildarskuldir landsins eru um síðustu áramót 861 millj. kr. Augljóst virðist vera, að ekki er æskilegt að

auka þær fram úr þessu nema til mjög gjaldeyrissparandi framkvæmda.

Samkvæmt áætlunum, sem gerðar hafa verið um greiðslujöfnuðinn á þessu ári, virðist enn útlit fyrir mjög mikinn greiðsluhalla, sem jafna verður með erlendum lánum, ef fást. Búast má við, að þessi halli verði raunverulega meiri en á síðasta ári.

Engin von er því til þess, að hægt verði að fullnægja eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri neitt nærri því til fulls að óbreyttum aðstæðum innanlands."

Þetta var sagt snemma á árinu 1959, og það var enginn andstæðingur vinstra samstarfsins sæla, sem þetta sagði, þessar tvær síðustu tilvitnanir, sem ég hef lesið upp. Nei, það var sjálfur aðalbankastjóri Seðlabankans, Vilhjálmur Þór, sem var gerður að æðsta yfirmanni bankamála þjóðarinnar af vinstri stjórninni og hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, mælti með til þeirrar stöðu í bankaráði Landsbankans og Framsfl. beitti sér fyrir að fá bankalöggjöfinni breytt til þess að koma í þessa trúnaðarstöðu, — sá maður, sem fulltrúi Alþb. í stjórn Seðlabankans skrifaði um grein í Þjóðviljann snemma í janúar og sagði: Ef við þrír, framsóknarmennirnir tveir, Vilhjálmur Þór, Ólafur Jóhannesson, og ég stöndum saman, þá höfum við meiri hlutann og getum farið okkar fram, hvað sem stjórninni sýnist. Það var þetta sameiningartákn samvinnu Framsfl. og kommúnista, sem gaf þessa lýsingu á gjaldeyrisástandinu 1958, sem óneitanlega er töluvert öðruvísi en stuðningsmaður hans, hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, var að lýsa nú áðan.

Það var svo eftirtektarvert, af hverju hv. 1. þm. Austf. var allt í einu farinn að biðla svo mjög til verkalýðsfélaganna, sem hann taldi ein vera merkari en samvinnufélögin í landinu. Skyldi það vera svo, að samvinnufélögin í landinu væru undir stjórn núverandi herra þeirra komin í þá aðstöðu, að þau þyrftu að leita ásjár til „Moskvukommúnista" sér til bjargar og viðréttingar í þessu þjóðfélagi? Harðari dómur yfir eigin frammistöðu heldur en þessi Canossaganga hv. 1. þm. Austf. hefur sjaldan heyrzt í sölum Alþingis.

Ætlar hv. þm. nú ekki að gjamma eitthvað fram í? — Nei, hann þegir enn.

En það lýsti nokkuð fjármálastjórninni og fyrirhyggjunni og af hverju Ísland er nú komið eins og það er komið, af hverju við stöndum á barmi greiðsluþrots út á við og gjaldþrots inn á við, — það kom glögglega fram, þegar hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði, að það hefðu oft verið veittar ábyrgðir til hins og þessa, sem engum hefði dottið í hug að ætti að greiða. Ef veita á fé til uppbyggingar, hvar sem er á landinu, hvort sem er í Reykjavík eða úti í sveitum landsins, þá hygg ég, að fyrsta boðorð, ekki aðeins hygginnar fjárstjórnar, heldur hvers góðs húsföðurs og bónda, mundi verða það, að hann reyndi að gera sér fyrir fram grein fyrir, hvaða skuldbindingar hann væri að taka á sig, á hverju hann hefði efni hverju sinni, og miðaði fjárútlátin við það, en gengi ekki um og skrifaði upp á víxla fyrir hvern og einn og vissi svo ekkert um, hvernig sínum fjárreiðum væri varið, hefði ekki hugmynd um, hvað það væri í raun og veru, sem hann ætti að standa undir.

Sá maður, sem lýsir sinni eigin fjárstjórn þannig, hann segir: Ja, það þarf kannske að draga úr fjárfestingunni, en það á að draga úr fjárfestingunni „eftir vali". Það er ekki eftir vali fólksins í landinu, heldur eftir vali hans sjálfs. Það á að vera eftir vali fjármálaspekingsins, sem hefur haldið á málefnum þjóðarinnar út frá þessu sjónarmiði, eins og ábyrgðarlaus glanni, að skrifa upp á, bara skrifa upp á, og segir: Eitthvað verð ég að borga af því, kannske allt, — en ég þarf ekki að gera það í dag, kannske verður einhver annar að borga það fyrir mig. — Enda er nú svo komið, að þjóðin verður að gera upp þetta þrotabú, sem þessi hv. þm. og hans flokksmenn bera ábyrgð á öllum öðrum fremur.

Hv. 1. þm. Austf. kvartaði undan því, að það hefðu verið höfð harkaleg viðbrögð við sig, hann hefði ekki fengið skýrslur sérfræðinga ríkisstj. fyrr en í fyrradag, þó að hann hefði talað um það við hæstv. fyrrv. forsrh. einhvern tíma í haust, að hann vildi gjarnan fylgjast með, hvað væri verið að semja, og eins hefði hann endurnýjað það við núv. ríkisstj., — ég veit ekki, hvort hann hefur komið til núv. hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) En hitt hef ég heyrt, — ég veit ekki, við hverja hann hefur talað í núverandi hæstv. ríkisstj., en hitt veit ég og vita allir, að hv. þm. hefur verið snapandi um skrifstofur stjórnarráðsins til þess að reyna að fá þar hjá undirmönnum þessi plögg, áður en hann bað ríkisstj. um að fá þau. Hann var þá ekki frekar en þegar hann settist í stólinn búinn að átta sig á því, að hans valdatími var úti um sinn.

En við skulum athuga muninn á vinnubrögðum hjá þessari ríkisstj. og vinstri stjórninni sálugu. Það er raunar óþarfi að fara um það mörgum orðum eftir þá skýrslu, sem hæstv. menntmrh. gaf hér í kvöld. En þó er það lærdómsríkt, að ríkisstj., sem settist að völdum í júlí 1956, hafði tillögur sínar í efnahagsmálum, sem hæstv. menntmrh. og viðskmrh. sagði réttilega að voru allsendis ófullnægjandi, — hún hafði þær ekki til fyrr en um 20. des. 1956, og þá voru þær keyrðar í gegnum þingið á einum eða tveimur sólarhringum. Vinnubrögðin voru þá slík, — það kom fram í umr., — að þm. stjórnarflokkanna höfðu ekki fengið að fylgjast með undirbúningnum. Og það er lærdómsríkt að hafa það í huga, þegar menn hlusta á bægslagang hv. 1. þm. Austf. yfir því hér í dag, að þm. hafi nú farið heim um nær tveggja mánaða skeið, í rúman 1½ mánuð, að þá var þeim haldið hér á þingi, án þess að þeir fengju nokkuð að vita um, hvað væri að gerast. Nú fengu þm. að vera heima hjá sér, en vitanlega var haft stöðugt samráð við þá alla, og í meginatriðum vissu þeir gjörla, hvað var að gerast.

Þó var þetta, sem gerðist haustið 1956, hátíð miðað við það, sem gerðist 1957. Þá var til-

kynnt í fjárlagafrv., sem lagt var fram, strax og þing kom saman, að í raun og veru væri ekki hægt að ganga frá hinum nauðsynlegu undirstöðum fjárlagafrv., fyrr en þm. kæmu saman og haft væri samráð við þá. Þeir komu saman snemma í október. Síðan var setið látlaust fram í maí, og þá fyrst voru samþykkt bjargráðin botnlausu, þær till., sem að vissu leyti, eins og fram hefur komið, hefðu getað gert gagn, ef botninn hefði bara ekki gleymzt suður í Borgarfirði, ef allt hefði ekki verið gagnslaust, vegna þess að hinar góðu hugsanir, sem þarna kunnu að vera innan um, flæddu jafnóðum út um botnleysið.

Og ekki er allt upp talið með þessu, vegna þess að þó að til væru kallaðir strax haustið 1956 erlendir sérfræðingar og því væri lofað hátíðlega, að fram skyldi fara úttekt á þjóðarbúinu fyrir opnum tjöldum, þá var okkur í stjórnarandstöðunni neitað ekki aðeins um úttekt útlendinganna, heldur um allar skýrslur sérfræðinganna, allar skýrslur, sem gerðar voru, frá árinu 1956, þangað til í desember 1958, þegar við fyrst fyrir milligöngu forseta Íslands fengum þessi plögg í hendur, eftir að þáv. hæstv. forsrh. hafði hlaupið af skútunni fyrstur, þegar hann sá holskefluna rísa. Þannig var þá virðingin fyrir stjórnarandstöðunni, þannig var þá viljinn til þess að láta allan þingheim fylgjast með skýrslum sérfræðinganna.

Nú kemur ríkisstj. til valda 20. nóv. Hún hefur látlaust unnið síðan, og nú liggja fyrir strax um mánaðamótin janúar—febrúar heillegar tillögur um lausn þess mikla vandamáls, sem þjóðin hefur verið að glíma við undanfarin ár. Menn getur greint á um það, hvort þessar tillögur séu að öllu leyti fullkomnar, — og sjálfsagt eru þær það ekki frekar en önnur mannanna verk, — en því verður ekki neitað, að það er heilleg, samfelld áætlun, sem eins og hér hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni stefnir að gerbreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, þeirri gerbreytingu að hverfa frá því ólánskerfi, sem þjakað hefur þjóðina undanfarið og við öll meira og minna berum ábyrgð á að vissu leyti, þó að ábyrgðin sé mjög misþung. Hér eru heillegar, markvissar till. um að hefja sig úr þessu ófremdarástandi, — ófremdarástandi, sem e. t. v. er verst og hættulegast vegna þess, að það er óvefengjanlegt, að núverandi fjárhagskerfi er haldið uppi og verður einungis haldið uppi með því að flytja inn sem allra mest af þeirri vöru, sem þjóðin þarf sízt á að halda, og taka sem allra mest erlend lán til þess að afla fjár til þessarar óþarfa- og umframeyðslu. Þess vegna hlýtur þetta að enda með efnahagslegu ósjálfstæði þjóðarinnar, með því, að skuldafjötur reyrist um hana fastar og fastar.

Það er rétt, að þetta verður ekki lagað erfiðleikalaust. Hv. 1. þm. Austf. sagði, að þetta lenti harðast á æsku landsins. Það má vel vera, að það sé rétt, að það lendi að sumu leyti hart á æsku landsins, en hún á líka til mests að vinna. Hvort er betra að gefa æskumönnum nú færi á að létta af sér skuldafjötrunum, að gera Ísland aftur efnahagslega frjálst, þannig að þeir geti lifað í frjálsu landi, óháðu, sem þurfi ekki í dag að koma með betlilúkuna í vestur, á morgun með betlilúkuna í austur, — og það upplýstist í umr. hér í kvöld, að sumir vildu fyrir einu og hálfu ári strax rétta lúkuna lengra til austurs heldur en hinir vildu þá sættast á, — hvort er betra að láta æskuna hljóta þau örlög að taka við þessu Íslandi af okkur eða að æskan, meðan hún hefur burðarþolið, manndóminn, þrekið og bjartsýnina, leggi af sinni hálfu fram það, sem þarf og vissulega er þungur baggi, en þó ekki óviðráðanlegur, til þess ekki aðeins að endurreisa fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar? Og nú er ekki fjárhagslegu sjálfstæði einu ógnað, heldur og stjórnarfarslegu frjálsræði, ef svo verður fram haldið, jafnframt því sem misboðið er sjálfsvirðingu hvers góðs Íslendings með því að halda áfram þá feigðarbraut, sem haldin hefur verið. Hvort vilja æskumenn, að þeim verði eftirlátið land, sem komist úr þessum fjárhagslegu viðjum, og einnig það fyrirkomulag, að æskan megi treysta sínum eigin mætti, að það sé komið undir hennar getu og manndómi, hverju hún fær áorkað í þessu landi fyrir sjálfa sig og fyrir þjóðarheildina, eða þeir sitji yfir hennar hlut og skammti, — ég vil segja skít úr hnefa, — menn eins og þessir tveir þm. Austf., Eysteinn Jónsson eða Lúðvík Jósefsson, sem hér í kvöld hafa verið að tala um það sem sjálfsagðan hlut, að ríkisskipaðar nefndir og allsherjar forsjá ættu að ráða yfir málum allra manna í þessu landi?

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því máli sérstaklega eða almennt, sem hér liggur fyrir, vildi ég beina einni fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar vegna atriðis, sem er hér í grg., en kemur hins vegar ekki nægilega ljóst fram, hvað er átt við, en þetta atriði er um það, að samkv. lögum um útflutningssjóð frá 1958 sé ákveðið að kaupa gjaldeyri af varnarliðinu á 16 kr. og selja hann aftur á 25 kr. og þaðan af hærra verði, en svo er sagt, að með hinni ráðgerðu gengisbreytingu sé ætlunin að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og að því er manni virðist að borga þá varnarliðinu fyrir dollarann samkvæmt gengisbreytingunni. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að hafa það í för með sér, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar frá varnarliðinu hér hljóta að verða miklu minni en þær hafa verið að undanförnu. Svo segir að vísu síðar í grg., að það standi yfir sérstakir samningar milli ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar um að haga þessu nokkuð á annan veg, þannig að tjón Íslendinga af þessu verði fyrst í stað ekki eins mikið og gengisbreytingin gefur til kynna. Mig langar til að fá upplýst, ef hæstv. ríkisstj. væri við því búin, hvernig hún hefur hugsað sér framkvæmdina á þessu atriði og hvort lokið sé samningum milli hennar og Bandaríkjastjórnar um þetta atriði, en það skiptir talsverðu fyrir málið að vita, hvernig framkvæmdinni í þessu efni verður háttað.

Ég verð nú að játa það, þó að mér þyki leið-

inlegt að gera það, vegna þess að ég hef talið hæstv. ráðh. Gylfa Þ. Gíslason allgóðan viðskmrh., að hann hefur gert frekar fátt í seinni tíð, sem mér finnst ástæða til þess að þakka honum fyrir. Þess vegna gleður það mig, að mér finnst, að ég hafi sérstaka ástæðu til að þakka honum fyrir það að upplýsa hér í ræðu sinni áðan um þær tillögur, sem ráðherrar Framsfl. lögðu fram í vinstri stjórninni á sínum tíma og hafa ekki verið birtar fyrr en nú. Ástæðan til þess, að ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þessar upplýsingar, er sú, að þessar tillögur, sem ráðherrar Framsfl. lögðu fram í vinstri stjórninni, sýna það glögglega, að Framsfl. hefur sömu stefnu í ríkisstj. og í stjórnarandstöðu. Meginatriði þeirra till. ráðherra Framsfl., sem viðskmrh. las hér upp, hnigu í þá átt, að uppbyggingarstefnunni skyldi haldið áfram af fullum krafti og staðið gegn samdráttarstefnunni af frekasta megni. Þetta var höfuðatriðið í þeim till., sem hann las upp. Þetta var stefna Framsfl., meðan hann var í ríkisstj., og þetta er líka stefna hans nú, í stjórnarandstöðunni, sem á einn meginþátt í því, að hann beitir sér gegn því, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera með því frv., sem hér liggur fyrir.

Þá kom það fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að hann taldi gæta nokkurs ósamræmis í því hjá Framsfl. að vera á móti þessu frv., vegna þess að hann hefði áður staðið að gengislækkunum, bæði beinum og óbeinum. Í sambandi við það finnst mér rétt að láta það koma fram, að það er meginmisskilningur, að Framsfl. sé fyrst og fremst á móti þessu frv. vegna þess, að í því felist gengisbreyting. Það er alveg rétt, að Framsfl. hefur oft áður verið með ráðstöfunum, sem hafa falið í sér ýmist beina eða óbeina gengisbreytingu, og þær aðstæður geta vel legið fyrir hendi og geta jafnvel legið fyrir hendi nú, að þurfi að gera einhverjar slíkar ráðstafanir, einhverjar þær ráðstafanir, sem fela í sér beina eða óbeina breytingu á genginu. En það, sem um er deilt í sambandi við þetta mál, er ekki þetta. Það, sem um er deilt hér, er það, hve mikil sú gengisbreyting eigi að vera, sem hér þarf að gera, hvernig sem hún verður gerð, og hvernig hún verði framkvæmd og hvaða ráðstafanir gerðar verði í sambandi við hana. Það er í þessu tvennu, sem meginástæðan liggur fyrir því, að Framsfl. er á móti þessum ráðstöfunum. Í fyrsta lagi er það vegna þess, að við teljum gengislækkunina eða gengisbreytinguna, sem hér er gerð, vera óhæfilega mikla, fela í sér miklu meiri kjaraskerðingu en nokkur ástæða sé til, eins og ég mun koma að síðar. Hin ástæðan, sem er jafnvel enn stærri, er sú, hvernig á að framkvæma þessa gengisbreytingu og hvaða ráðstafanir á að gera í sambandi við hana. Það sýndi sig ljósast í þeim till. ráðh. Framsfl. í vinstri stjórninni, sem hæstv. viðskmrh. las hér áðan, að það er alveg útilokað, að Framsfl. geti undir neinum kringumstæðum, ef hann á að fylgja þeirri stefnu, sem hann hefur haft og hefur enn, fylgt þeim meginráðstöfunum, sem gert er ráð fyrir í sambandi við gengislækkunina. Það hefur aldrei getað komið fyrir og getur ekki komið fyrir, að Framsfl. fylgi jafnmikilli vaxtahækkun og hér er ráðgerð. Það er gersamlega útilokað vegna þeirrar uppbyggingarstefnu, sem flokkurinn fylgir. Það hefur líka verið útilokað og verður útilokað vegna þeirrar stefnu, sem Framsfl. hefur, að hann geti fylgt jafnmiklum samdrætti í útlánum bankanna og hér er ráðgerður, og þeirri skerðingu á framkvæmdum, sem af því hlýtur að leiða. Það er jafnframt alveg útilokað vegna þeirrar stefnu, sem Framsfl. hefur fylgt á undanförnum árum og fylgir enn, að hann geti sætt sig við þá skerðingu á framlögum til verklegra framkvæmda, sem felst í fjárlagafrv. Vegna þeirrar uppbyggingarstefnu og framfarastefnu, sem flokkurinn fylgir, er það fullkomlega útilokað, að hann geti stutt ráðstafanir eins og þessar. Margt fleira mætti nefna, sem hnígur í þessa átt, sem veldur því, að Framsfl. hlýtur að beita sér gegn þeim ráðstöfunum, sem hér eru ráðgerðar, vegna þeirrar stefnu, sem hann hefur fylgt á undanförnum árum og hann mun fylgja í framtíðinni.

Ég held það sé rétt að víkja þá nokkrum orðum að því, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. var ákaflega kampakátur og státinn yfir því, að með því frv., sem hér lægi fyrir, væri nú Sjálfstfl. í raun og veru að framkvæma þá stefnu, sem hann hefði lofað hæstv. kjósendum í seinustu kosningum. Mér finnst rétt að athuga þetta nokkru nánar, og vegna þess, hvernig sjálfstæðismenn settu upp sína kosningastefnuskrá fyrir seinustu kosningar, er tiltölulega auðvelt að gera þetta. Sjálfstfl. útbjó sína kosningastefnuskrá með þeim hætti, að hann dró hana saman í sex aðalatriði, og með því að minnast á þessi aðalatriði og bera svo frv. saman við þau má mjög glögglega sjá og í tiltölulega stuttu máli, hvernig Sjálfstfl. fer að því að framkvæma þau loforð, sem hann gaf hv. kjósendum fyrir seinustu kosningar.

Fyrsta atriðið í stefnuskránni, sem Sjálfstfl. birti fyrir kosningarnar, er stöðvun verðbólgunnar. Fyrsta atriðið, það sem var nr. 1 í hans stefnuskrá og hann reyndi að telja kjósendum alveg sérstaklega trú um að hann mundi gera, ef hann fengi völdin eftir kosningarnar, var að stöðva verðbólguna. Hvaða sjálfstæðismaður er það hér í þessari deild eða annars staðar, sem treystir sér til að halda því fram, að í því frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að stöðva verðbólguna? Nei, hér er verið að vanefna þetta loforð, sem Sjálfstfl. gaf fyrir seinustu kosningar, eins fullkomlega og framast er mögulegt, því að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sú stærsta ráðstöfun, sem nokkru sinni hefur verið gerð á Íslandi og gengur í þá átt að auka verðbólguna. Aldrei fyrr hefur hér á þingi verið lagt fram frv., sem felur í sér jafnstórfelldar verðhækkanir, vaxtahækkanir og aðrar hækkanir, sem auka verðbólguna, og einmitt þetta frv. hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna fullkomlega satt, þegar það er sagt, að það sé ekki hægt að svíkja loforð sitt

fullkomlegar en þegar Sjálfstfl. lofar því fyrir seinustu kosningar að stöðva verðbólguna og flytur svo strax á eftir, á næsta þingi, mesta verðbólgufrv., sem nokkru sinni hefur verið flutt í þingsögunni.

Annað atriðið í stefnuskrá Sjálfstfl. hljóðar um það að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Því er raunar svarað í þessu frv. sjálfu, hvernig það er tryggt að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum með þessum tillögum, vegna þess að það er eitt aðalatriðið í þeim, að það er gert ráð fyrir svo stórfelldu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum, að ríkisstj. óskar eftir að fá heimild til þess að taka nær 800 millj. kr. lán til að bæta upp það ójafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem hún telur vera fram undan eftir þeim ráðstöfunum, sem hún er að gera. Þannig er nú Sjálfstfl. að efna þetta loforð sitt um jafnvægi í þjóðarbúskap.

Þá skal ég koma að þriðja atriðinu í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir kosningarnar í haust. Það atriði er ekki nema eitt orð, en það er ákaflega fallegt orð, stéttafriður. Hver treystir sér til að halda því fram, að með því frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að vinna að samkomulagi og bættri sambúð milli stéttanna í þjóðfélaginu? Þetta frv. hefur verið undirbúið með þeim hætti, að hæstv. ríkisstj. hefur haft samráð við atvinnurekendasamtökin og kaupmannasamtökin í landinu, en hún hefur gersamlega vanrækt að tala nokkuð við fulltrúa hinna vinnandi stétta í landinu, bænda og launamanna, eða millistétta. Hún hefur eingöngu samið þetta frv. í samráði við atvinnurekendurna og kaupmennina í landinu, en gersamlega vanrækt að hafa nokkurt samráð við hinar stéttirnar, enda er efnið í þessu frv. þannig, að það er eins og hnefahögg í andlit hins vinnandi manns, hins vinnandi fólks í landinu. Það allt miðar að því að skerða kjör þessa fólks meira og minna. Hver treystir sér til að halda því fram, að með slíku máli, að með slíkum tillögum sé verið að stuðla að stéttafriði í landinu? Nei, hér er ekki verið að stuðla að stéttafriði, eins og líka mun því miður sjást, heldur er hér í raun og veru stefnt að meiri stéttaófriði í landinu en nokkru sinni hefur áður verið efnt til. Og það sést bezt á þeim vinnubrögðum, sem Sjálfstfl. hefur hér viðhaft, hve mikið er að marka það, þegar hann er að auglýsa sig sem flokk allra stétta í landinu, allra stétta flokkinn. Það sést af því, að þegar hann er að undirbúa tillögur eins og þessar, þá snýr hann sér til stóratvinnurekenda, þá snýr hann sér til kaupmanna og ber sig saman við þá. En hann vanrækir að tala við verkamenn, vanrækir að tala við bændur, vanrækir að tala við millistéttirnar. Það sést bezt af þessu, hverra stétta flokkur Sjálfstfl. er í raun og veru. Það sést á undirbúningi hans í sambandi við þetta frv.

Þá kem ég að fjórða atriðinu í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., sem hljóðaði á þessa leið: Uppbygging atvinnuveganna. — Hver treystir sér til að halda því fram, að með því frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að stuðla að uppbyggingu atvinnuveganna í landinu? Undantekningarlaust allt í þessu frv. stuðlar að því að vinna gegn uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. Með því að gera allar framkvæmdir dýrari, eins og stefnt er að með gengisbreytingunni, er unnið gegn uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. Með vaxtahækkuninni, sem er ráðgerð, er líka torveldað að byggja upp atvinnuvegina í landinu. Með því að draga stórkostlega úr útlánum bankanna, eins og gert er ráð fyrir í frv., er líka verið að vinna gegn uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. Og þannig mætti halda áfram að rekja þetta. Ég held í sannleika sagt, að ekki sé hægt að leggja fram frv., sem gengur öllu meira gegn þeirri stefnu að byggja upp atvinnuvegina í landinu en einmitt þetta frv., sem hér liggur fyrir og Sjálfstfl. hefur haft aðalforustu um.

Ég kem þá að fimmta atriðinu í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir seinustu kosningar, sem hljóðar á þessa leið: Hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi. Það verður að vísu ekki sagt, að þetta frv. fjalli svo mjög mikið um þetta atriði, nema það, að gengislækkunin, hvað hún er mikil, er m. a. rökstutt með því, að til þess að geta dregið úr síldarsölu til jafnvirðiskaupalandanna og auka síldarsöluna vestantjalds þurfi að hafa gengislækkunina svona mikla. En ég held satt að segja, að þegar almenningur hefur verið að hugsa um það, hvernig okkar hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi ætti að vera háttað, og hefur verið að hugleiða þetta loforð Sjálfstfl. fyrir kosningarnar, þá hafi almenningur ekki beinlínis hugsað sér, að það yrði á þá leið, að við þyrftum að hafa gengislækkun m. a. óeðlilega mikla til þess að geta öðlazt hlutdeild í þessum svonefnda frjálsa viðskiptaheimi.

Þá kem ég að síðasta meginatriðinu, sjötta meginatriðinu í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir seinustu kosningar, og það hljóðar þannig: Aukin framleiðsla og bætt lífskjör. Þær ráðstafanir, sem ráðgert er að gera í þessu frv., miða flestar, ef ekki allar, gegn þessu fyrirheiti, því að með því að draga úr uppbyggingu atvinnuveganna, eins og ég hef hér lýst að frv. muni stuðla að, þá er að sjálfsögðu verið óbeint að stuðla að því að draga úr framleiðslunni og minnka hana, eða a. m. k. gera framleiðsluaukninguna miklu minni en hún gæti annars orðið. Og hvað snertir bætt lífskjör, þá held ég, að öllum komi saman um það, og það játa líka forsvarsmenn stjórnarflokkanna öðru hverju, að þrátt fyrir þá blekkingu, sem verið er að tala um, að þessu fylgi ekki nema 3 vísitölustiga kjaraskerðing, þá játa þeir samt, að þessum ráðstöfunum fylgi verulegar fórnir, veruleg kjaraskerðing, og þá sjá menn, hverjar eru efndirnar á þessu fyrirheiti Sjálfstfl. að stuðla að bættum lífskjörum.

Það væri ástæða til að rekja þetta atriði nokkru nánar, hvernig Sjálfstfl. í þessu frv. efnir þau fyrirheit, sem hann gaf kjósendunum fyrir seinustu kosningar. En ég held, að það, sem ég hef hér sagt, nægi alveg til þess að sýna, að það er vafalaust ekki hægt að

komast lengra í svikum en Sjálfstfl. gerir með því frv., sem hann stendur hér að og liggur fyrir þinginu til umræðu.

Ég get líka aðeins til viðbótar minnzt á eitt atriði enn, og þá kemur að því, þegar Sjálfstfl. fer í stefnuskrá sinni að útfæra þau 6 meginatriði, sem ég hef rifjað hér upp.

Fyrsta útskýringaratriðið á framangreindum punktum í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Náð verði samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana milli kaupgjalds og verðlags.“

Það, sem hér er lofað, er í raun og veru það, að leitað skuli eftir samningum við fulltrúa framleiðenda og launþega um að draga úr þeim vixlhækkunum, sem fylgja vísitöluuppbótunum. Hefur Sjálfstfl. samkv. þessu fyrirheiti sínu snúið sér til launþegasamtakanna og samtaka framleiðenda með þá málaleitun, að þessir aðilar reyni nú að koma sér saman um að draga úr þeim vixlhækkunum, sem leiðir af vísitöluákvæðinu við kaupgjaldssamninga? Ég hef verið að grennslast eftir því, hvort Sjálfstfl. hefur gert þetta, og fengið þær upplýsingar, að hann hafi alls ekki snúið sér til stéttasamtakanna hvað þetta snertir. En Sjálfstfl. gerir annað í því frv., sem hér liggur fyrir. Hann gerir það hér að tillögu sinni, að það skuli lögbundið að banna vísitöluhækkanir. Og ég hygg, að ef ýmsir kjósendur, sérstaklega meðal launamanna, sem hafa fylgt Sjálfstfl., hefðu álitið, að hann mundi fylgja fram þessu loforði sínu á þann hátt að koma fram með tillögu um lögbindingu í stað þess að leita eftir samningum, eins og hann lofaði, þá hefði kannske afstaða þeirra verið talsvert á annan hátt.

Þetta er aðeins eitt dæmi þess til viðbótar öllu hinu, hvernig Sjálfstfl. efnir þau fyrirheit, sem hann gaf kjósendum fyrir seinustu kosningar. En fyrst ég er farinn að minnast á þessi atriði, þá held ég sé rétt að koma örlítið nánar að kaupgjaldsmálunum og vísitölumálunum.

Ég held, að það sé orðið nokkuð viðurkennt, að það muni vera hin heppilegasta stefna í kaupgjaldsmálum, ef tekst að gera heildarsamninga um kaupgjald til langs tíma. Þetta hefur verið gert í nokkrum nágrannalöndum okkar með góðum árangri, og það eru ýmsir flokkar, — ég held m. a. bæði Framsfl. og Sjálfstfl. og jafnvel fleiri, — sem hafa það á sinni stefnuskrá, að reynt skuli að vinna að því að taka upp heildarsamninga um kaupgjaldsmál til langs tíma. En þar sem slíkir samningar hafa verið gerðir í öðrum löndum, heildarsamningar um kaupgjald til langs tíma, hafa þeir yfirleitt byggzt á því, að í þessum samningum hafi verið ákveðið annaðhvort um vissar vísitölubætur eða þá um það, að þegar vísitala hefur náð ákveðnu marki, þá skuli samningar vera lausir. Með því að setja það í lög að banna algerlega allar vísitöluhækkanir sé ég ekki annað en sé verið að leggja stein í götu þeirrar stefnu, að það takist að koma því á hér að gera heildarsamninga til langs tíma. Getur hver og einn séð það, að launþegasamtökin verða mjög treg til þess að fallast á slíka samninga til langs tíma, nema þau hafi í samningunum einhverjar vissar tryggingar fyrir bótum eða þá samningarnir séu lausir, ef óeðlilega miklar verðhækkanir eiga sér stað, og þess vegna finnst mér, að með þessu ákvæði, burt séð frá öðru, sé verið að leggja stein í götu mjög mikils nauðsynjamáls, sem sé að reyna að koma á samningum um kaupgjaldsmálin, heildarsamningum til langs tíma. Hitt er að vísu alveg rétt, að eins og vísitölumálin hafa verið framkvæmd hjá okkur, hefur framkvæmdin að ýmsu leyti verið óheppileg. Aðrar þjóðir hafa hins vegar aðra reynslu í þessum efnum, og þar hefur jafnvel þetta vísitöluákvæði, um hækkun kaupgjalds samkv. vísitölu að vissu marki, haft þau áhrif, að bæði ríkisvald og atvinnurekendur hafa lagt kapp á að halda verðlagi í skefjum til þess að koma í veg fyrir, að kaup hækkaði vegna vísitöluákvæðisins. En ég skal ekki ræða öllu nánar um þetta atriði að þessu sinni, því að við 2. umr. eða 3. getur gefizt tækifæri til þess að fara nánar út í það.

Ég hef nú vikið nokkrum orðum að því, hvernig Sjálfstfl. efnir kosningaloforð sín með því frv., sem hér liggur fyrir. En ég held það sé ekki rétt að gleyma alveg garminum honum Katli, eins og þar er sagt, og minnast ekki örlítið á það, hvernig Alþfl. eða hinn stjórnarflokkurinn hefur efnt sín kosningafyrirheit, og það get ég gert í mjög stuttu máli.

Alþýðublaðið segir frá því 21. sept. s. l., að það hafi verið haldinn fundur hjá Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur og þar hafi mætt þáverandi forsrh., núverandi hæstv. sjútvmrh., og flutt þar að sjálfsögðu mikla og snjalla ræðu um efnahagsmálin. Og Alþýðubl. segist svo frá þessari ræðu eftir að hafa rakið nokkur atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Emil sagði í lok ræðu sinnar, að Alþfl. vildi halda niðri verðlagi og kaupgjaldi til að hindra dýrtíðarskrúfu, afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta og afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra byrða á almenning.“

Þetta var það í stuttu máli, sem Alþfl. lofaði kjósendum fyrir seinustu kosningar. Alþfl. lofaði kjósendum, að hann skyldi halda niðri verðlagi og kaupgjaldi til að forðast nýja dýrtíðarskrúfu.

Það er alveg rétt, að í þessu frv. efnir Alþfl. það fyrirheit sitt að halda niðri kaupgjaldi, því að í þessu frv. er lagt til að afnema allar vísitölubætur og stefnt að því að halda kaupgjaldinu alveg óbreyttu. En því fer hins vegar æði mikið fjarri, að Alþfl. efni það með þessu frv. að halda niðri verðlagi, því að eins og ég hef hér áður lýst, þá hafa ekki áður verið fluttar till. eða frv. á Alþingi, sem hafa haft í för með sér meiri verðhækkanir en það frv., sem hér liggur fyrir.

Svo lofaði Alþfl. að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta. Fjárlagafrv. hefur nú verið lagt fram af núverandi hæstv. ríkisstj., og hvernig er þar efnt þetta fyrirheit Alþfl. um greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra

skatta? Það er efnt þannig, að skattar og tollar í frv. eru hækkaðir um 350—400 millj. kr. frá því, sem nú er, eftir að búið er að draga frá tekjuskattslækkunina. Það er með þessum hætti, sem Alþfl. efnir kosningaloforð sitt um greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta, — það er með því að hækka skattana til ríkisins um 350—400 millj. kr.

Þá er komið að síðasta atriðinu í loforðum Alþfl. Það er að afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra byrða á almenning. Þetta er efnt með þeim hætti, að stefnt er að því að vísu að leggja útflutningssjóðinn niður, en í staðinn fyrir að afla útflutningssjóði tekna, nægra tekna án nýrra byrða á almenning, þá er komið með gengislækkun, sem felur í sér hundruð millj. kr. kjaraskerðingu.

Ég held, að þetta stutta yfirlit, sem ég hef hér gefið, sýni, að jafnvel þó að Sjálfstfl. hafi gengið langt í því að svíkja þau loforð, sem hann gaf fyrir seinustu kosningar, þá sé það Alþfl., sem eigi metið í þeim efnum.

Mér finnst rétt eftir það, sem ég nú hef sagt, að víkja nokkuð að því, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og fjallaði um frjálsræðið, að með því frv., sem hér lægi fyrir, væri verið að auka frjálsræði, glæða framtak einstaklinganna og afnema höft. Ég held satt að segja, ef menn íhuga þetta frv. til nokkurrar hlítar, að þá sé ekki hægt að segja öllu meiri öfugmæli en hæstv. forsrh. hefur sagt með þessum orðum sínum, því að þetta frv. er tvímælalaust eitthvert mesta eða mesta haftafrv. og frv. til skerðingar á einkaframtaki, sem nokkru sinni hefur verið lagt fram á Alþ. Hvað er það annað en höft, hvað er það annað en skerðing á framtaki einstaklinganna, þegar framkvæmdir eru gerðar eins stórkostlega dýrari og stefnt er að með þessu frv.? Hvað er það annað en höft, hvað er það annað en skerðing á framtaki einstaklinganna, þegar vextir eru hækkaðir eins gífurlega og ríkisstj. ráðgerir? Og hvað er það annað en höft, hvað er það annað en skerðing á einkaframtaki og sérstaklega framtaki hinna efnaminni einstaklinga og efnaminni fyrirtækja, þegar dregið er eins stórkostlega úr útlánum bankanna og hér er ráðgert? Nei, það er vissulega rétt, að það er ekki hægt að hugsa sér öllu meira haftafrv., öllu víðtækari ráðstafanir til að draga úr framtaki einstaklinganna en gert er með því frv., sem hér liggur fyrir.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er eins og miðað við það að draga úr framtaki efnaminni einstaklinga og fyrirtækja í landinu, en að sjálfsögðu verkar þetta öðruvísi fyrir hina svokölluðu stóru og ríku einstaklinga og fyrirtæki í landinu, vegna þess að með þessu frv. er að ýmsu leyti og flestu leyti stefnt að því að auka svigrúm þeirra og bæta þeirra aðstöðu. Og þá kemur hér líka greinilega fram, hvernig viðhorf Sjálfstfl. til einkaframtaksins í raun og veru er. Sjálfstfl. er ekki með einkaframtakinu á þann veg, að hann vilji auka almennt einkaframtak, framtak hinna mörgu einstaklinga í landinu, hinna máttarminni og efnaminni einstaklinga í landinu. Hann vill aðeins auka framtak hinna stóru, svokölluðu stóru og sterku einstaklinga í landinu, á kostnað allra hinna. Og það er einmitt hér, sem kemur greinilega fram munurinn á afstöðu aðalflokkanna í landinu, Sjálfstfl. og Framsfl., til einkaframtaksins og aðstöðu einstaklinganna. Framsfl. vill miða stjórnarstefnuna og ráðstafanir hins opinbera við það, að sem allra flestir einstaklingar hafi aðstöðu til að njóta krafta sinna og sýna framtak sitt í verki, þó að það verði hins vegar til þess í mörgum tilfellum, að það verði með þeim hætti að skerða framtak hinna svokölluðu stóru, sterku og ríku einstaklinga í landinu. Sjálfstfl. vill hins vegar fyrst og fremst hlúa að þessum fáu stóru og sterku einstaklingum, þó að það verði til þess að ganga út yfir alla hina.

Ég get aðeins nefnt eitt dæmi til að útskýra betur þann meginmun, sem er í þessum efnum á afstöðu Framsfl. og Sjálfstfl. Framsfl. hefur með sínum aðgerðum í húsnæðismálunum stuðlað að því, að sem allra flestir einstaklingar geti eignazt eigin íbúðir. Sjálfstfl. hefur hins vegar sýnt stefnu sína í verki á þann hátt, og það hefur varaformaður flokksins gert, núverandi hæstv. dómsmrh., að í lánastofnun, sem hann ræður yfir, voru fyrir nokkru einum einstaklingi veitt 24 íbúðarlán. Honum var þannig sköpuð aðstaða til þess að eiga 24 íbúðir til þess að leigja út, í staðinn fyrir það, ef hér hefði verið fylgt stefnu Framsfl., að þá hefði þessum lánum verið skipt á milli 24 manna. Stefna Sjálfstfl. í húsnæðismálunum er sú, ef hann fengi að ráða, að sem flestar íbúðir séu í eign örfárra manna og leigðar út. Stefna Framsfl. er hins vegar sú, að sem allra flestir einstaklingar eigi sjálfir eigin íbúðir. Þetta dæmi skýrir ákaflega vel þann mun, sem er á afstöðu okkar framsóknarmanna og Sjálfstfl. til einkaframtaksins í landinu.

Það, sem ég vildi segja í framhaldi af þessu, er þetta: Í eins konar pésa eða bók um kjördæmamálið, sem Sjálfstfl. gaf út fyrir seinustu kosningar, sagði hann, að lokið skyldi vera því tímabili, sem hefði einkennzt af störfum og baráttu Framsfl. á undanförnum 40 árum, og nú skyldi hefjast nýtt tímabil. Framsfl. má vera ánægður af mörgu því, sem hann hefur komið fram á þessu tímabili og sérstaklega má þakka honum, vegna þess að hann er sá flokkur í landinu, sem mest hefur mótað þá stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum 40 árum. Það má benda á margar glæsilegar og stórar framkvæmdir í atvinnumálum og öðru slíku til sönnunar um það, hve miklu hefur hér verið áorkað. En það, sem ég tel þó langsamlega þýðingarmest og langsamlega glæsilegasta minnismerkið um þá stefnu Framsfl., sem Sjálfstfl. talaði um í sinni kjördæmabók að afnema, er það, að eftir þetta 40 ára tímabil, sem hefur einkennzt af forustu Framsfl. meira en nokkurs annars flokks, eru á Íslandi tiltölulega fleiri efnalega sjálfstæðir einstaklingar, bjargálnamenn, heldur en sennilega í nokkru landi öðru. Ég held það sé leitun á því í öðrum löndum, að þar sé hægt að

finna tiltölulega eins marga einstaklinga, sem eru efnalega sjálfstæðir, sem eru það sem kallað er bjargálnamenn. Og það, sem kannske er eitt hið hættulegasta við það frv., sem hér liggur fyrir, og það, sem boðar þá nýju stefnu, sem Sjálfstfl. ætlar að láta koma, eftir að búið væri að brjóta gömlu kjördæmin og Framsfl. á bak aftur, er einmitt það, að með þessu frv. er stuðlað að því, að flestir menn í landinu verði fátækari en nú er, en aftur á móti safnist auðurinn og eignirnar meira á fárra manna hendur. Það er kannske hið allra hættulegasta við þá þróun, sem mundi verða, ef þetta frv. næði fram að ganga.

Ég skal þessu næst víkja nokkuð að því frv., sem hér liggur fyrir, og þeim ástæðum, sem valda því, að ég er því andvígur.

Hið fyrsta, sem þá kemur til athugunar, finnst mér vera það, hvort það sé nauðsynlegt að ganga eins langt í kjaraskerðingu og gert er með því frv., sem hér liggur fyrir, hvort það sé nokkur þjóðarnauðsyn, sem rekur til þess, að það sé gert. Þeirri spurningu svara ég hiklaust neitandi. Og ég skal rökstyðja þetta nokkru nánar.

Í grg. stjfrv. virðist mér, að einkum séu færðar þær ástæður fyrir því, að það sé nauðsynlegt að ganga eins langt í kjaraskerðingu og hér eru gerðar till. um, að það sé í fyrsta lagi nauðsynlegt vegna þess, hvað þjóðin hafi tekið mikið af erlendum lánum á undanförnum árum, þess vegna verði hún nú að þrengja að sér og skerða kjör sín. Ég held, að hver sanngjarn maður, sem kynnir sér þær lántökur, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, geri sér það fullkomlega ljóst, að þetta eru falsrök ein, vegna þess að undantekningarlaust öll þau lán, sem hafa verið tekin á undanförnum árum, hafa ýmist stuðlað að því að koma upp framkvæmdum, sem hafa sparað gjaldeyri, eða framkvæmdum, sem afla gjaldeyris. Þessar framkvæmdir standa því fullkomlega undir sér á þann hátt, að þær gefa af sér miklu meiri gjaldeyri en svarar vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem þær eru gerðar fyrir. Og þegar þessi staðreynd er athuguð, þá nægir það alveg til að sýna, að það eru alger falsrök, að þjóðinni hafi verið stofnað í einhverja hættu með þeim lántökum, sem áttu sér stað á undanförnum árum, eða við séum komnir of langt á þeirri braut, vegna þess að í staðinn fyrir lánin höfum við ýmist fengið stóraukinn gjaldeyri eða sparað gjaldeyriseyðslu. Þannig gera lánin miklu meira en standa undir sér, enda kemur það líka fram í sjálfu frv. og grg. þess, að stjórnin ógildir fullkomlega þessa röksemd sína, að það þurfi að gera einhverjar sérstakar neyðarráðstafanir vegna þess, að erlendu lánin séu orðin of mikil. Það er einmitt eitt aðalatriðið í stjórnarfrv. að auka lántökurnar alveg stórkostlega, — ég held næstum því að tvöfalda þau lán, sem við höfum núna. Stjórnin fer fram á heimild til að taka nær 800 millj. kr. erlent lán. Dettur nokkrum í hug, að ríkisstj. væri að fara fram á þessa heimild, ef hún teldi okkur stafa hættu af þeirri skuldasöfnun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum? Hvers vegna væri hún þá að koma fram með till. um að tvöfalda þessar skuldir? Nei, það er alveg þýðingarlaust fyrir stj. að ætla að bera fram röksemdir eins og þessar, að við þurfum að gera einhverjar sérstakar neyðarráðstafanir vegna þess, að skuldir okkar séu orðnar allt of miklar, á sama tíma sem stj. flytur svo till. um að stórauka lánin.

Ég vil segja það hins vegar í þessu sambandi, að sú skuldastefna, sem stj. beitir sér fyrir, er allt annars eðlis en sú skuldasöfnun, sem átti sér stað á undanförnum árum. Sú skuldasöfnun, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, hefur farið svo að segja öll til þess að byggja upp gagnlegar framkvæmdir í landinu. Sú skuldasöfnun, sem ríkisstj. ætlar hins vegar að beita sér fyrir, stefnir í þá átt að auka eyðsluna í landinu. Hún á eingöngu að fara til vörukaupa og vera stutt lán. Þar er raunverulega um þá hættulegu skuldasöfnun að ræða.

Og ég verð að segja það, get ekki komizt hjá að segja það, vegna þess að ég tel mig fylgjandi vestrænni samvinnu, að eftir þær upplýsingar og eftir þær till., sem hér hafa komið fram og felast í þessu frv., er ekki alveg laust við það, að ég sé að sumu leyti orðinn hálfsmeykur við vestræna samvinnu. Ég satt að segja skil ekki þá vestrænu samvinnu, sem beinist að því, eftir því sem hér kemur fram, að bjóða okkur upp á stórkostleg eyðslulán, 800 millj. ísl. kr. samkv. hinu nýja gengi. En svo virðist það jafnframt koma fram, að þessar þjóðir séu orðnar ákaflega tregar að veita okkur lán til framkvæmda. Hvernig á maður að skilja þetta, ef vestrænar þjóðir eru orðnar þess sinnis, að þær vilja ekki veita okkur lán til framkvæmda, en vilja veita okkur lán til eyðslu? Hver er tilgangurinn með þessu? Er það fyrirrætlunin að setja á okkur eitthvert sérstakt skuldahnappeldi? Ég held, að við verðum mjög að stinga við fótum í þessum efnum, og það gildir stundum það ráð, að menn skuli vara sig á vinum sínum. Ég a. m. k. er þeirrar skoðunar, að við eigum mjög að forðast, ef við ætlum ekki að stefna okkar sjálfstæði í einhverja sérstaka hættu, þau eyðslulán, sem hér er boðið upp á, og eigum alls ekki að þiggja þau, ekki undir nokkrum kringumstæðum að þiggja þau, vegna þess að í þeim getur orðið fólgin hætta fyrir sjálfstæði okkar. Við skulum segja, að við tökum þessi eyðslulán, notum okkur það alveg til fulls, 800 millj., og svo getur farið svo af einhverjum ástæðum, að við getum ekki staðið fullkomlega skil á þessu láni. Hvað verður þá? Til hvers verður þá sú aðstaða notuð? Ég held, að ef þjóðin ætlar að gæta þess að vera nægilega sjálfstæð út á við, þá sé nauðsynlegt fyrir hana að forðast lántökur eins og þessar og að hún eigi alls ekki undir neinum kringumstæðum að taka slík eyðslulán eins og þau, sem hér er boðið upp á. Ef vestrænar þjóðir aftur á móti bjóða okkur upp á lán til framkvæmda, sem skapa okkur gjaldeyri eða spara gjaldeyri, þá eigum við að þiggja þau, því að það er auðséð, að það býr vinátta á bak við slíka fyrirgreiðslu.

En ég get ekki séð með minum bezta vilja, að það búi nein vinátta á bak við það að bjóða okkur upp á eyðslulán.

Það, sem ég hef hér rakið, sannfærir mig um það, að ekki sé nokkur nauðsyn að grípa til þeirra ráðstafana, sem hér eru fyrirhugaðar, vegna skuldasöfnunarinnar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, eins og hæstv. ríkisstj. heldur fram.

En þá er komið að þessu: Er nauðsyn að gera þessar ráðstafanir vegna þess, hvernig ástatt er með atvinnuvegina í landinu og þá sérstaklega með útflutningssjóðinn? Ég held, að það sé hægt að færa ákaflega skýr rök að því, að af þeim ástæðum er engin þörf fyrir jafnróttæka gengislækkun og þá, sem hér á sér stað. Það vill svo vel til, að frá þeim tíma, þegar vinstri stj. lét af völdum, liggur fyrir alveg glögg úttekt á því, hvernig ástandið var þá og hvað þá þurfti að gera. Sú úttekt var ekki gerð af vinstri stjórninni sjálfri eða hennar fylgismönnum eða hennar sérfræðingum, sú úttekt var gerð af þáverandi stjórnarandstöðu og hennar sérfræðingum, af Sjálfstfl. og hagfræðingum hans. Og því verður ekki haldið fram með neinum rétti, að þeir aðilar hafi átt að vera vinstri stj. eitthvað sérstaklega vilhallir. Úttekt Sjálfstfl. og sérfræðinga hans var á þann veg, að það þyrfti 6% kauplækkun — eða taka aftur þá kauphækkun, sem Sjálfstfl. og fylgifiskar hans höfðu knúið fram sumarið 1958, og ef þessi kauplækkun ætti sér stað, þá ætti ekki að vera þörf frekari ráðstafana, a. m. k. ekki í þessa átt, — „ekki frekari þörf", eins og stendur í grg., „nýrra skatta og tolla".

Nú gerðist það á s. l. þingi, eins og kunnugt er, að þessi 6% kauplækkun var lögbundin og þar með átti að vera tryggt, að atvinnuvegirnir gætu gengið áfram, ef ekki væri neitt gert til að íþyngja þeim frá því, sem átti sér stað í tíð vinstri stjórnarinnar. Og ef engar nýjar ráðstafanir til aukinna útgjalda hefðu verið gerðar, þá hefði ekki átt að vera þörf neinna nýrra ráðstafana. Það gerðist hins vegar í millitíðinni, og það skal glöggt tekið fram, að sú stjórn, sem Sjálfstfl. lét Alþfl. mynda á s. l. ári, jók nokkuð uppbætur og niðurgreiðslur, og það hlaut að vísu að orsaka nokkurn halla. Og það er alveg rétt að viðurkenna það, og það sögðum við framsóknarmenn líka alveg greinilega í seinustu kosningum, að hér hefði myndazt nokkur halli, sem yrði að vinna upp eftir kosningarnar, — það mundi koma eftir kosningarnar bakreikningur fyrir þann halla, sem stjórn Emils Jónssonar hefði stofnað til. Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, upplýsti það, nokkru eftir að hann varð forsrh., að sá halli, sem hér væri um að ræða, mundi vera eitthvað um 250 millj. kr. En ég held, að það sé ákaflega ríflega reiknað, því þó að stjórn Emils Jónssonar héldi að mörgu leyti heldur illa á þessum málum, þá held ég, að það sé ekki hægt að færa rök að því, að hennar ráðstafanir hafi samt verið það óhagstæðar, að hún hafi látið eftir sig svona mikinn halla, heldur hafi hér verið ofreiknað. En jafnvel þó að við föllumst á þessa útreikninga, sem hæstv. núv. forsrh. var með í nóvembermánuði s. l., og við gerðum allríflegar ráðstafanir, þá ætti samt ekki að þurfa að afla nýrra tekna til að standa undir atvinnuvegunum nema sem svaraði 250 millj. kr. Það ætti að vera hámark þess, sem þyrfti að gera.

En hvað er svo lagt til í þessu frv.? Er það í nokkru samræmi við þær upplýsingar, sem hæstv. núv. forsrh. gaf á Varðarfundi í nóvembermánuði s. l.? Er ekki farið fram á neitt meira í þessu frv. en að afla þeirra 250 millj. kr., sem þá var talið nauðsynlegt?

Jú, hér er farið fram á það með gengislækkuninni og öðrum ráðstöfunum í tengslum við hana, eins og vaxtalækkuninni, að leggja á byrðar eða stofna til kjaraskerðingar, sem nemur mörgum sinnum þessari upphæð og hlýtur að vera fullkomlega óþörf samkvæmt þeim upplýsingum, sem hæstv. forsrh. gaf fyrir 2 mánuðum.

Ég held, að það, sem hér hefur verið rakið, sýni alveg fullkomlega, að það er engin þörf jafngífurlegrar kjaraskerðingar og hér er farið fram á og er mörgum sinnum meiri en sú kjaraskerðing, sem hæstv. forsrh. taldi nauðsynlega fyrir 2 mánuðum. Að vísu eru sérfræðingar ríkisstj. núna með allt aðra útreikninga en þá. En um þessa útreikninga sérfræðinga ríkisstj. vildi ég segja það, að öll reynslan af þeim er slík, að það ber að taka þeim með fyllstu varúð. Og ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi um það, hve nauðsynlegt það er að taka útreikningum sérfræðinga hæstv. ríkisstj. með fyllstu varkárni.

Á seinasta þingi lá hér fyrir frv. um útflutningssjóð, sem var undirbúið af þáverandi ríkisstj., og það stóð að henni raunverulega sama flokkasamsteypan og stendur að núverandi ríkisstj., og þetta frv. var undirbúið af sérfræðingum hennar. Í grg. þessa frv. segir, að eftir að búið sé að afla þeirra tekna, sem um ræðir í því frv., þá skorti á 150 millj. kr. til þess, að afkoma útflutningssjóðs sé sæmilega tryggð á árinu 1959. Þegar fjárlögin voru svo afgreidd fyrir þetta ár, var útflutningssjóður látinn fá þessar 150 millj. kr. Samkv. þeim útreikningum og áætlunum, sem sérfræðingar ríkisstj. Emils Jónssonar gerðu í marzmánuði s. l., átti að vera alveg fullkomlega nægilega séð fyrir öllum tekjum handa útflutningssjóði og hann átti að verða rekinn hallalaus á árinu 1959. Á þessu var svo alltaf tönnlazt síðan og vitnað í sérfræðingana af fyrrverandi ríkisstj. og báðum stjórnarflokkunum, og seinast í útvarpsumræðunum fyrir kosningarnar 25. okt. sagði hæstv. sjútvmrh., að afkoma útflutningssjóðs hefði aldrei verið betri og stæðust alveg þeir útreikningar, sem sérfræðingar stj. hefðu gert á s. l. vetri, það væru tryggðar nægar tekjur handa útflutningssjóði og rekstur hans mundi verða hallalaus. Hvað kemur svo á daginn, þegar þetta frv., sem hér er til umræðu, er lagt fram í þinginu? Er það upplýst, að útreikningar sérfræðinga ríkisstj. á s. l. ári hafi reynzt réttir? Er það upplýst, að það hafi orðið, eins og þar var sagt, enginn halli á

rekstri útflutningssjóðs? Ekki aldeilis. Þar er bara upplýst, að hallinn á útflutningssjóði muni verða sennilega um 180 millj. kr., hvorki meira né minna, að útreikningarnir, sem sérfræðingarnir gerðu á s. l. vetri, hafi verið svo kolvitlausir, að útkoman verði 180 millj. kr. lakari en þar hafi verið sagt. Nú held ég, að sannleikurinn í þessum efnum sé sá, að útreikningarnir, sem sérfræðingarnir gerðu á s. l. vetri, hafi verið mjög óvarlegir, og ég held, að þeir hafi verið gerðir óvarlegir vegna þess, að þáverandi ríkisstj. þurfti á því að halda, að þeir væru óvarlegir, til þess að hún þyrfti ekki að leggja á aukna skatta fyrir kosningarnar, — og af sömu ástæðum held ég, að því hafi verið haldið fram í samráði við sérfræðingana, að það væri allt í lagi með útflutningssjóðinn fyrir seinustu kosningar. Nú aftur á móti er ástandið orðið þannig, að ríkisstj. þarf á því að halda til að koma þessu máli í gegn, að afkoma útflutningssjóðs sé máluð sem allra dekkstum litum. Og þá er þetta fundið upp, að hallinn sé 180 millj. kr., án þess að hallinn sé raunverulega svo mikill, enda er nú skýrlega tekið fram, að þetta sé bara áætlunartala og geti breytzt.

Mér sýnist, að það verk, sem þessir sérfræðingar ríkisstj. séu að vinna, sé aðallega fólgið í því að láta ríkisstj. fá útreikninga eftir pöntun, eftir því, hvort hún heldur þarf á að halda hagstæðum eða óhagstæðum útreikningum. Ég get ekki dregið aðra ályktun af því dæmi, sem ég hef nefnt, og þannig mætti nefna fjöldamörg önnur dæmi. Þess vegna get ég látið það koma fram, að að því leyti er ég á nokkuð öðru máli en hv. 1. þm. Austf., að ég legg enga sérstaka áherzlu á að fá þessa útreikninga, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa verið að gera, vegna þess að ég tek ekki nokkurt mark á þeim vegna þeirrar reynslu, sem fengin af þessum útreikningum á undanförnum árum. Ég álít, að þeir séu meira og minna settir upp til að þóknast valdhöfunum og gera það trúlegt, sem þeir vilja koma fram. Og þetta, sem ég hef sagt, styður fullkomlega þá skoðun mína, sem ég hélt fram fyrir nokkrum dögum hér á Alþingi, að við ættum að losa okkur við þetta blessaða efnahagsmálaráðuneyti sem fyrst, vegna þess að útreikningar þess eru ekki svo merkilegir.

Það, sem ég hef hér rakið, sýnir fullkomlega að mínum dómi, að það er langt frá því, að það sé þörf slíkrar gengislækkunar sem hér er farið fram á, heldur mætti komast af með miklu minni aðgerðir en hér er stefnt að og það sé allt annað, sem valdi því, að gengið sé svona langt til verks, en að það sé þörf á því vegna atvinnuveganna í landinu, það séu aðrar ástæður, sem valdi því, eins og ég mun koma að.

En þá vík ég að annarri ástæðu, sem veldur því, að ég er andstæður því frv., sem hér liggur fyrir. Og það stafar af því, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, koma mjög misjafnlega og ranglátlega niður. Ef þarf að gera ráðstafanir til kjaraskerðingar, á að stefna að því, að þær komi sem jafnast niður og þó þyngst á þá, sem hafa breiðust bökin. Hér er ekki neitt skeytt um þetta sjónarmið, heldur í mörgum tilfellum hið gagnstæða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja og þarf ekki að færa rök fyrir því, vegna þess að það er viðurkennd staðreynd, að gengislækkun verður yfirleitt til þess að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. En það er margt fleira í þessu frv., sem er til þess að gera aðstöðu manna ójafna og gera misjafnt á milli manna. Vaxtahækkunin er t. d. ein af slíkum ráðstöfunum. Hún kemur ákaflega óréttlátlega niður. Hún kemur mjög þungt niður á efnalitlu fólki, sem hefur ráðizt í íbúðabyggingar og skuldar þá meira og minna. Hún er mjög ranglát gagnvart því fólki, sérstaklega ef það er ekki búið að útvega sér föst lán. Aftur á móti gagnvart þeim, sem eru vel á veg komnir með að greiða sínar íbúðir og hafa föst lán með föstum vöxtum, er allt annað upp á teningnum. Og þannig mætti halda áfram að nefna fleiri dæmi um það, hvað þessar ráðstafanir koma óréttlátlega niður. Sama gildir um þær svokölluðu mótráðstafanir gegn kjaraskerðingunni, sem ríkisstj. gumar nú mest af. Þær koma ákaflega misjafnlega niður. Þessar mótráðstafanir eru auknar almannatryggingar og tekjuskattslækkun. Ég skal aðeins nefna eitt eða tvö dæmi um þetta, vegna þess að mér er það nokkuð kunnugt. Það er af tveimur mönnum, sem búa í nágrenni við mig í bænum.

Annar þessara manna er iðjuverkamaður. Það mætti segja mér, að kaup hans á síðasta ári hafi verið eitthvað í kringum 60 þús. kr. eða jafnvel innan við það, þó kannske það með þeirri eftirvinnu, sem hann hefur haft. Þessi maður hefur fjögurra manna fjölskyldu, konu og tvær dætur, 16 og 17 ára gamlar. Hann hefur nýlega keypt sér íbúð, á um þriðjunginn af henni, en skuldar hitt, og að verulegu leyti hvíla á íbúðinni lán, sem fylgja bankavöxtum og hljóta þess vegna að hækka. Hvað fær svo þessi maður af þessum mótráðstöfunum ríkisstj.? Tekjuskattslækkunin, sem hann fær, er sáralítil upphæð. Hann fær ekki fjölskyldubætur, þó að hann hafi allþunga fjögurra manna fjölskyldu. Eina uppbótin, sem hann fær hjá ríkisstj., er niðurgreiðslan á kaffi og kornvörum. Móti niðurgreiðslunni á kaffi og kornvörum fær hann á sig stórfellda kjaraskerðingu vegna gengislækkunarinnar, vegna söluskattsins og vegna vaxtahækkunarinnar. Og hann fær ekkert á móti þessu. Kjör þessa manns hljóta alveg stórkostlega að versna við þessar ráðstafanir.

Hinn maðurinn, sem ég nefni, er heildsali, og eftir þeim tekjum, sem hann virtist hafa á s. l. ári, eða samkv. hans útsvari og skattgreiðslum, hafa laun hans verið alltaf 160 þús. samkvæmt framtalinu. Hann hefur fjögurra manna fjölskyldu eins og hinn. Hann hefur tveggja ára og fjögurra ára gamalt barn. Þessi maður á sína íbúð skuldlausa, stóra og mikla íbúð, og hann sleppur þess vegna við vaxtahækkunina hvað íbúðina snertir. Þessi maður fær mjög verulega kjarabót vegna lækkunar

á tekjuskattinum. En þessi maður fær líka fjölskyldubætur eða ómagabætur fyrir tvö börn. Hann kemur sennilega til með að fá svona 10, 15, 20 eða 30 þús. kr. vegna tekjuskattslækkunarinnar og fjölskyldubóta og fær þess vegna fullkomlega uppbætta og sennilega alveg uppbætta þá kjaraskerðingu, sem verður af gengislækkuninni.

Þarna sjá menn, hvernig þessar ráðstafanir ríkisstj. verka. Heildsalinn með fjögurra manna fjölskylduna, sem á sína íbúð sjálfur, með sín háu laun, hann fær stórkostlegar uppbætur, sem sennilega vega að verulegu leyti á móti þeirri kjaraskerðingu, sem hann verður fyrir. Iðjuverkamaðurinn, sem hefur miklu meira en helmingi lægri laun, hann fær engar bætur og hann fær á sig alla kjaraskerðinguna. Finnst mönnum, að það sé nokkurt réttlæti í slíkum ráðstöfunum eins og þessum? Halda menn, að það sé nokkur réttlætishugsun, sem stjórnar slíkum ráðstöfunum? Og þannig er þetta í fjöldamörgum tilfellum og sýnir það, að þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. koma ákaflega misjafnlega og ranglátlega niður, og þó að það væri ekki nema það eitt, þá er það ærin ástæða til þess, að menn væru á móti þessum ráðstöfunum.

Svo hefur verið vikið að því hér áður, og skal ég þess vegna ekki fara öllu nánar út í það, að þessar ráðstafanir bitna alveg sérstaklega ranglátlega á öllu ungu fólki í landinu. Það verður alveg sérstaklega fyrir barðinu á þessum ráðstöfunum. Og ég held, að það sé ekki rétt gert að vera að þyngja sérstaklega aðstöðu hinnar uppvaxandi kynslóðar í landinu og möguleika hennar til þess að mennta sig, eins og tvímælalaust er gert með þeim ráðstöfunum, sem hér er ætlazt til að gera.

Ég kem þá að þeirri ástæðu, sem kannske ræður mestu um það, að ég er á móti frv. og þeim ráðstöfunum, sem þar eru fyrirhugaðar. Þar er um það að ræða, að þessar ráðstafanir hljóta óhjákvæmilega að leiða til þess að draga úr uppbyggingu, að draga úr framförum og draga úr atvinnu í landinu. Þegar allt kemur til alls, er það sennilega þó það hættulegasta og skaðlegasta, sem felst í þessu frv. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef þessar ráðstafanir yrðu framkvæmdar eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá mundi ekki líða nema örstuttur tími, þangað til það væri komið af þeim stórfellt atvinnuleysi í landinu, og stórkostlegur samdráttur á framkvæmdum og framförum. Og það má aðeins hafa það í huga í því sambandi, að þegar Bandaríkjastjórn fyrir nokkrum árum gerði ráðstafanir til samdráttar, sem voru ekki nærri eins víðtækar og þessar, þá var tala atvinnuleysingja þar í landi orðin 5 millj., áður en hagfræðingar ríkisstj. vissu af. Það var alls ekki meining þeirra með samdráttarráðstöfununum í Bandaríkjunum að stuðla að atvinnuleysi, en þessar ráðstafanir, sem þeir létu gera, höfðu bara þessar verkanir, áður en þeir gerðu sér grein fyrir því. 5 millj. atvinnuleysingja í Bandaríkjunum er svipað og það væru 5 þús. atvinnuleysingjar á Íslandi. Og það er alveg víst, að ef þessar ráðstafanir væru framkvæmdar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá hlytu þær óhjákvæmilega að hafa í för með sér verulegt atvinnuleysi, mikinn samdrátt á framkvæmdum og framförum innan mjög lítils tíma. Og gagnvart mjög mörgu fólki, sérstaklega launafólki í bæjunum, væri kannske allra mesta kjaraskerðingin einmitt fólgin í samdrætti á atvinnunni, vegna þess að menn misstu þá sína eftirvinnu og aukavinnu, sem þeir hafa og gerir það að verkum, að t. d. margt verkafólk núna getur þrátt fyrir allt lifað mannsæmandi lífi, eins og t. d. Dagsbrúnarverkamenn og Iðjuverkamenn, sem þeir gætu alls ekki, ef þeir hefðu ekki eftirvinnu. En hér virðist alveg stefnt markvisst að því að ná henni af mönnum.

Til viðbótar þessu mundi svo verða stórkostleg skerðing á framförum og framkvæmdum í landinu. En af öllu nauðsynlegu í þessu landi er það tvímælalaust nauðsynlegast að halda áfram uppbyggingu atvinnuveganna og framförunum með eins miklum hraða og framast er unnt. Við þurfum að einbeita okkar fjármagni og vinnuafli að því að byggja sem mest upp í landinu. Aðrar þjóðir leggja nú kapp á að taka upp nýja tækni og breyta sínum atvinnuvegum, og það er alveg óhjákvæmilegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með í þeirri þróun og dragast ekki aftur úr. Við verðum að reikna með því, að við verðum að umskapa okkar atvinnuvegi meira og minna á næsta áratug, og við getum ekki gert það, nema við höfum fjárfestinguna í landinu sem allra mesta og beitum henni að réttum verkefnum.

Hér er stefnt að því að skerða stórkostlega fjárfestinguna og þar með uppbygginguna og framfarirnar. Það er stefnt að því að skapa atvinnuleysi, stefnt að því, að þjóðin dragist stórkostlega aftur úr öðrum þjóðum. Og þrátt fyrir það, þó að margt hættulegt og margt rangt og vitlaust felist í þessu frv., þá er það þó langhættulegast og vitlausast í frv., sem beinist að því að draga saman atvinnuna og draga saman framfarirnar og draga saman framkvæmdirnar, að stöðva að meira eða minna leyti þá nauðsynlegu uppbyggingu í landinu.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa það öllu lengra, sem ég segi nú. Að seinustu vildi ég aðeins segja þetta: Ég skora á hæstv. ríkisstj. að endurskoða vel þær till., sem hún hefur lagt hér fram, taka þeim ráðleggingum og ábendingum, sem hér hafa komið fram, og draga úr þeim ráðstöfunum, sem hún hefur ætlað sér að framkvæma. En ef ríkisstj. gerir þetta ekki, ef hún vill ekki taka heilbrigðum ráðleggingum, þá hlýtur hún að sjálfsögðu sjálf að taka ábyrgðina og afleiðingarnar af sínum gerðum, og þá hlýtur það að leiða til þess, að allt frjálshuga fólk í landinu, allt framfarasinnað fólk í landinu, allt fólk í landinu, sem vill ekki óeðlilega og ranga kjaraskerðingu, verður að taka höndum saman, hvar í flokki sem það hefur áður staðið, hvort sem

það hefur verið í stjórnarandstöðuflokkunum eða stjórnarflokkunum, — það verður að taka höndum saman, hvar í stétt og hvar í byggðarlagi sem það hefur áður verið, það verður að taka upp harða og einbeitta baráttu gegn þeirri samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu, sem hér er á döfinni, og það má ekki linna þeirri baráttu og verður að beita öllum lýðræðislegum ráðum í þeirri baráttu, unz það er búið að brjóta þessa stefnu á bak aftur. Og það verður því betra fyrir okkar land, fyrir uppbyggingu og framfarir og sjálfstæði okkar lands, að þessi stefna verði sem fyrst brotin á bak aftur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þætti vænt um, ef hæstv. forsrh. væri við. (**Gripið fram í:** Hann er nú hérna.) Jæja, það er gott, að hann heyrir til mín, og vona ég, að hann heyri til mín. Ég sá hann ekki, en saknaði hans.

Það var rétt áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við, að hæstv. viðskmrh. lagði leið sína suður á Keflavíkurflugvöll, og Morgunblaðið birti af honum mjög fallega mynd, þar sem hann er að heilsa upp á Mikojan, rússneska varaforsrh., og hæstv. viðskmrh. er mjög stoltur í viðtalinu. Frásögn Morgunblaðsins hljóðar svo:

„Þá skýrði Gylfi Þ. Gíslason Mikojan frá því, að lífskjör á Íslandi væru með því bezta, sem gerðist í Evrópu."

Ég býst við, að hæstv. viðskmrh. hafi verið dálítið stoltur, þegar hann sagði þetta.

Mikojan fór hér um í gær, eftir því sem Morgunblaðið segir mér í morgun. Hæstv. viðskmrh. fór ekki suður eftir. En skyldi hann nú hitta Mikojan einhvern tíma aftur, og komi hann þessu frv. í gegn, ætli hann mundi þá þora að segja við hann: Nú tókst mér að koma lífskjörum Íslendinga niður á eitt það lægsta, sem er í Evrópu, — OEEC og International Bank hjálpuðu mér til þess.

Það er það, sem er að gerast hér í dag. Við höfum margir verið stoltir af því, að Íslendingar hafi búið við góð lífskjör. Meira að segja þessi hæstv. ráðh. hefur líka fundið til þess. En það er bezt fyrir þá menn, sem nú leggja hönd að verkinu, sem hér er að gerast, að þeir geri sér ljóst, hvernig afleiðingarnar verða af þeirra verkum, ef þeir ráða nokkuð við þær afleiðingar.

Hér er nú framin sú ósvífnasta árás á lífskjör og samningsrétt íslenskrar alþýðu, sem nokkurn tíma hefur verið gerð í einu vetfangi. Árásin á samningsréttinn var að vísu verri, þegar gerðardómurinn var settur, og það er rétt fyrir þessa hæstv. ríkisstj. að fara að rifja upp, hvernig gerðardómnum var hrundið og að það þýðir lítið að setja í lög það, sem allur almenningur veit að er á móti hans frelsi og móti hans mannréttindum. Það verður brotið. Þessi árás, sem hér er gerð, er aftur á móti harðvítugasta árásin, sem gerð er á hvort tveggja í senn: samningsrétt og samningsfrelsi og lífskjör. Það er lagt til með lögum að afnema vísitöluna, — vísitöluna, sem annars er í flestöllum okkar nágrannalöndum — vísitöluna, sem er réttindi, sem verkalýðssamtökin á öllum Norðurlöndum hafa, — vísitöluna, sem er réttindi, sem verkalýðurinn á Íslandi er búinn að hafa í 18 ár og hann vann sér, eftir að brjóta á bak aftur kúgunarlög, sem vitlaus stjórn setti. Og það er gott fyrir þá, sem ætla að standa að þessum kúgunarlögum nú, að fara að rifja upp, hvað gerðist þá. Það eru því miður ekki svo margir enn þá, sem sitja á þingi, af þeim, sem þá voru, að þeim yngri er bezt að fara að kynna sér, hvað gerðist.

Nú á að svipta verkamenn samningsrétti, þeim eina samningsrétti, sem hefur tryggt þá á móti gerræði valdhafanna, á móti því gerræði að leiða verðbólgu og dýrtíð yfir alþýðuna í landinu, en því hafa valdhafarnir ráðið og ráðið allan tímann. Þessi vísitala hefur verið eina vörn hins snauða manns á móti þessu svínarii. Nú á að afnema þetta. Það á að standa fast, sem er í samningum, ef það eru bankar og aðrir slíkir, sem gera það. En ef það eru fátækir verkamenn, sem gera það í sjálfsvörn, þá á að nema það úr lögum. Þetta er það, sem kallað er kúgun, — kúgun, sem þessir aumingjar þora ekki að beita við peningavaldið, af því að þeir eru að þjóna því, en halda, að það sé óhætt fyrir sig að beita við verkalýðinn í landinu. Þeir eiga bara eftir að komast að raun um annað, þegar þeir fara að finna fyrir því. Með þessu á að framkvæma þá árás á lífskjör, sem setur íslenzku þjóðina niður á nýlendustig, hrindir henni úr þeim sess, sem hún hefur skipað, þar sem hún hefur verið með fremstu þjóðum heims í tæp 20 ár. Og hvernig á að hrinda henni svona niður? Það á að gerast með þrennu móti. Í fyrsta lagi með því, að það kaup, sem hefur verið sæmilegt hér, — ég skal taka til dagkaup, — er minnkað með lögum, þannig að sú vísitala, sem á að koma á það, fær ekki að koma á það lengur, og allar vörur eru hækkaðar um leið. Í öðru lagi með því, að sú mikla vinna og sú eftirvinna, sem menn hafa haft, kemur til með að hverfa. Það eru beinlínis ráðstafanir gerðar til þess með þessu frv. og þessari stefnu, sem þar er tekin upp, án þess að um leið sé gert leyfilegt nema með stórkostlegum verkföllum að hækka kaupið til þess að vinna upp það, sem vinnutíminn þannig mundi styttast. Það er vitanlegt, að lífskjörin á Íslandi hjá launþegum hafa byggzt á því, hve dugleg okkar þjóð er, hve lengi hún hefur unnið, — og þetta verður eyðilagt. Þegar privatkapitalískir hættir verða teknir upp hér á Íslandi, þá kaupir atvinnurekandi ekki vinnuafl á 50% eða 100% hærra verði en hann getur fengið það. Það er eitt af lögmálum þess viðskiptalífs, sem nú á að innleiða. Það verður aðeins kostur á dagvinnu, þegar þannig er komið. Í þriðja lagi á að brjóta sjálfan grundvöll atvinnulífsins, þá öruggu atvinnu, sem hér hefur verið að meira eða minna leyti í 20 ár, nema þann tíma, sem gengislækkunarstjórninni frá 1950 tókst að koma atvinnuleysi á hér í Reykjavík. Úti um land hefur það verið lengur. Með þeirri stefnu, sem er tekin upp með þessu frv., er þessi atvinnugrundvöllur Íslands eyðilagður.

Í þessu frv. felast ráðstafanir til þess að brjóta niður það viðskiptaöryggi, sem Ísland hefur skapað sér, og leiða yfir Ísland kreppur, verðlækkanir og markaðsstöðvanir. Það er verið að brjóta allar þær stoðir, sem hafa verið undir þeim lífskjörum almennings á Íslandi, sem meira að segja hæstv. viðskmrh. fyrir aðeins tæpum ársfjórðungi var að hæla sér af og hæla okkur af og var stoltur af. Og þetta á allt saman að gerast undir þeirri forsendu, að nú eigi að taka upp rétt gengi. Alþjóðabankinn, OEEC og aðrar stofnanir vestan hafs og austan eru búnar að reikna út og reikna, og hæstv. viðskmrh. er búinn að fara til Parísar til þess að meðtaka fyrirskipanir og niðurstöðurnar af reikningunum. Og hver er niðurstaðan af reikningunum, hvað álítur hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. að sé rétt skráð gengi á vinnu íslenzks verkamanns? Já, loksins á að skrá gengið rétt, þegar það á að gilda sama um íslenzka krónu, íslenzka kaupgetu og íslenzkt kaup eins og væri vestur í Ameríku, — ef þeir þá kunna að reikna rétt, sem margir bera brigður á og e. t. v. hæstv. viðskmrh. verður fyrstur til að neita. Við skulum bera það saman. 1947 hafði íslenzkur verkamaður, íslenzkur hafnarverkamaður, sama tímakaup í dollurum og ameríska hafnarverkamaður, $ 1.40. Hvað verður kaupið hjá íslenzkum verkamanni, ef hæstv. ríkisstj. fengi að ráða, samanborið við ameríska verkamenn, eftir þessari réttu gengisskráningu, sem á að vera útreiknuð af vísindamönnum og vera rétt og vera samkvæmt fyllsta réttlæti? Eigum við að fara að reikna? Það getur verið, ef einhverjir ætla að leiða yfir okkur ameríska viðskiptahætti, að það verði sumir hér, sem komi til með að heimta ameríska kaup. Hvað er kaupið, — við skulum taka hjá stáliðnaðarmönnum, sem stóðu í þriggja mánaða verkfalli nýlega, — hvað er kaupið hjá þeim? Ætli það sé ekki hjá þeim lægst launuðu 2 dollarar um tímann og hjá þeim hæst launuðu 4 dollarar um tímann. Það þýðir með nýja genginu, réttláta genginu, Alþýðuflokksgenginu á vinnu verkamanna svona frá 80 upp í 160 kr. á tímann. Hafnarverkamenn í New York hafa nú um 3 dollara um tímann, upp undir 120 kr., með því gengi, sem nú á að skrá. Það eru máske til einhverjir, sem hafa lægra kaup í Ameríku. Jú, það er til, það er rétt. Ameríkumenn prédika frelsi yfir öðrum og segja að kaupgjald og slíkt eigi að vera án þess að ríkið skipti sér af því, en það er til kaupgjald í Ameríku, í Bandaríkjunum, sem ríkisvaldið ákveður. Gagnvart varnarlausustu og fátækustu svörtu og hvítu verkamönnunum í Suðurríkjunum þykir rétt að setja lágmarkskaup, — „minimum wage bill" eru lögin um það kölluð. Hvað er lágmarkskaupið, sem sett er af löggjafarþingi Bandaríkjanna til þess að vernda þá umkomulausu? Það er einn dollar um tímann. Eisenhower forseti sagði nýlega, að sér fyndist það of lágt og það þyrfti að hækka upp í $ 1.25. Og hvað á kaup íslenzks Dagsbrúnarverkamanns að vera með réttri Alþýðuflokks-gengisskráningu að áliti hæstv. viðskmrh. eftir útreikningi í París? Það á að vera um 50 cent. Það á að vera um helmingi lægra en fátækustu og samtakalausustu verkamennirnir í Bandaríkjunum hafa, helmingi lægra en Eisenhower forseti álítur vera of lágt. Dettur einhverjum hæstv. ráðh. í hug, að íslenzkir verkamenn láti skammta sér þetta? Þekkja þeir þá ekki betur en það? Ef það er einhver slíkur til, þá er bezt, að hann komi fram og segi, að þetta sé það, sem hann álíti að íslenzkir verkamenn eigi að una við.

Það er bezt fyrir þá, sem taka mikið upp í sig viðvíkjandi þeim alþjóðlegu viðskiptakjörum og öðru slíku og ætla að fara að lofsyngja það fyrir Íslendingum, hve dásamlegt það sé að vera í samfélagi þeirra frjálsu þjóða, með frjálsa markaði og allt annað slíkt, að gera sér það ljóst um leið, að þeir binda þó ekki það afl, sem verkalýðssamtökin eru. Það hefur verið reynt á Íslandi áður, og það hefur mistekizt. En það hefur aldrei verið reynt að binda það við svona lága hluti eins og þarna á að skammta. Þess vegna er þeim mönnum, sem nú eru að „traktera" okkur á vestrænu frelsi í þessu sambandi, bezt að gera sér ljósa ábyrgðina, sem þeir taka á sig. Við höfum hér á Íslandi verið að vinna merkilega hluti á síðustu 20 árum, og það hefur verið skrifað nokkuð mikið um það, hvað gert hafi verið hérna. En þeir hlutir hafa ekki verið gerðir með þeim aðförum, sem nú er ætlunin að taka upp. Þeir hafa ekki verið gerðir með því að leiða kaupkúgun og atvinnuleysi yfir þetta land, eins og er inntakið í því frv., sem hér liggur fyrir. Það hafa verið gerð stórvirki hér á Íslandi, gert kraftaverk, vegna þess að íslenzka þjóðin hefur þorað að horfast í augu við það að stjórna sínu landi án þess að spyrja um það í París eða annars staðar, hvernig ætti að gera það, — vegna þess að hún hefur þorað að fara sínar eigin leiðir. Og slagurinn, sem núna stendur og getur orðið einn sá harðasti, sem hér hefur verið háður, er um það, hvort við eigum að hugsa um íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæða heild, sem fylgi sínum eigin lögmálum, sem við ráðum inn á við, sem hefur sína eigin verðmyndun inn á við, en beitir þjóðarbúskapnum sem samtökum út á við til þess að láta þjóðinni líða sem bezt.

Spurningin er, hvort við eigum að hugsa þannig um íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæðan þjóðarbúskap eða hvort við eigum að hugsa um íslenzkan þjóðarbúskap sem part úr stærri heild, þar sem lögmál gilda fyrir þá heild alla, — lögmál, sem við ráðum ekkert við, — þar sem við verðum eins og leiksoppur í öldugangi, sem leiðir til holskeflna og kreppu. Þessi stefna, sem hér er lagt til að taka upp, er innlimunarstefna í auðvaldskerfi Vestur-Evrópu og Ameríku. Það er það, sem dylst í öllu kjaftæðinu um frjálst viðskiptakerfi, það er að leggja niður íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæða heild, þora ekki að reyna að stjórna þessu landi þannig, að fólkinu í þessu landi líði vel, og hugsa út frá þjóðinni sem heild, heldur ætla að láta einhverja aðra menn úti í heimi, volduga auðhringa og meira að

segja lögmál, sem þeir varla ráða við, ráða okkar örlögum. Það er um þessar tvær stefnur, sem verður barizt.

Við höfum síðustu 20 árin verið að reyna að skapa sjálfstætt íslenzkt efnahagslíf. Það er nú verið að reyna að brjóta niður þá viðleitni, — þá viðleitni, sem hefur hafið þessa þjóð upp úr eymd kreppunnar og í einhver beztu lífskjör, svo að ég noti orð hæstv. viðskmrh., sem nokkur þjóð í Evrópu býr við. Það er þessi viðleitni, að hafa íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæða heild og nota sér þá aðstöðu, sem við höfum út á við, hvern hlut, sem við getum, til þess að láta þjóðinni líða sem bezt. Það hefur ekki markazt af neinni sérstakri ákveðinni stefnu inn á við, það sem við höfum gert. Við höfum beitt þar öllum formum í okkar atvinnurekstri: ríkisrekstri, bæjarrekstri, einstaklingsrekstri. Það hefur verið reynt að hafa samstarf um þetta svo að segja milli allra flokka á Íslandi á víxl, og það hefur gengið þá bezt, þegar verkalýðshreyfingin hefur reynzt það sterk og það samhent, að hún hefur getað haft áhrif á, hvernig þetta væri gert. En eitt hefur einkennt þetta allan tímann. Það er íslenzka ríkið, íslenzka ríkisvaldið, sem hefur verið beitt í atvinnulífinu allan þennan tíma, ríkisbankarnir, ríkissjóður, ríkisábyrgðirnar, — það er með afskiptum íslenzka ríkisins, sem þetta hefur allt saman verið byggt upp, og öðruvísi hefði það verið óhugsandi og það enn í dag.

Þessi afskipti hafa verið misjöfn. Þau hafa oft verið ósköp leiðinleg, eins og alltaf er í formi haftanna. Það hefur á öðrum tímum tekizt að gera þau jákvæð og skapandi. Þau hafa, eins og alltaf er í auðvaldsskipulagi, skapað misrétti og spillingu oft og tíðum. En þau hafa megnað þrátt fyrir alla gallana, sem verið hafa í þessi 20 ár, að forða þessari þjóð út úr fátækt, út úr neyð og í það að búa við góð lífskjör. Lítið þið svo til landa, sem fóru á hausinn, á sama tíma sem við stóðum í kreppunni seinustu, — eins og Nýfundnalands, — og sjáið, hvar þau standa, — eða Portúgals, sem hefði getað notað sína aðstöðu í stríðinu seinasta eins og við, ef þar hefði verið verkalýðshreyfing, sem hefði fengið að starfa. Það er þetta, sem við verðum að muna, ef við ætlum nú að fara að yfirgefa þessa stefnu. Við höfum skapað stórfelldar framfarir í okkar landi með því að skoða íslenzkan þjóðarbúskap sem eina sjálfstæða heild og beita öllum áhrifum ríkisvaldsins til þess að efla framfarir í landinu og búa að fólkinu. Við hefðum þurft að skipuleggja þetta betur. Við þurftum að gera þessi ríkisafskipti meiri og skynsamlegri. Við þurftum að koma á skipulögðum þjóðarbúskap. Það var það, sem vantaði. Nú hins vegar er lagt til að taka hér upp privatkapítalistíska stefnu. Og það er bezt, að menn geri sér ljóst, áður en ég fer út í, hvaðan sú nýja stefna sé upprunnin, hvernig aðstæðurnar eru hér á Íslandi fyrir hana.

Einn af hæstv. ráðh., sem var að tala hér áðan, var að tala um, að hér hefði ríkt eitthvert ófremdarástand. Það hefur náttúrlega margt farið aflaga hér á Íslandi. En fólk hefur ekki svelt, fólk hefur átt sparifé, fólk hefur jafnvel dreymt um að búa í 3 og 4 herbergja íbúðum. En það er máske meiningin héðan af að skammta því eitt herbergi og aðgang að eldhúsi, eins og menn búa við, jafnvel helmingur verkalýðsins, í hinum ríku löndum, eins og Svíþjóð? Það hefur ekki ríkt ófremdarástand hér á Íslandi hvað snertir afkomu almennings. En það er meiningin að leiða það ófremdarástand yfir. Og máske hefur ekki öllum á Íslandi verið nægilega ljóst, hvað hefur þurft til þess að skapa það ástand, sem nú hefur verið.

Við skulum svo athuga ofur lítið út frá þeim staðhæfingum, sem hér hafa komið fram, að nú eigi atvinnurekendurnir á Íslandi að standa á eigin fótum, hvernig það hefur yfirleitt verið hjá okkur undanfarið og hvernig reynslan er af slíku.

Það er talað um það í sambandi við þetta frv., að nú eigi raunverulega að koma á privatkapítalismanum, einkaauðvaldinu, á Íslandi á ný, nú eigi íslenskir atvinnurekendur að standa á eigin fótum. Það er nú eitthvað nýtt, ef þeir eiga að standa á eigin fótum. Það hafa þeir aldrei gert fram að þessu. Og ég hélt satt að segja ekki, að nokkrum manni dytti það í hug, ekki einu sinni úr ríkisstj., að þeir eigi að fara að standa á eigin fótum eftir þetta, nema kannske það sé meiningin hjá hæstv. bankamálarh. að láta bankana fara að innkalla, ef hann hefði slíkt vald yfir þeim, öll þau lán, sem ríkisbankarnir á Íslandi hafa lánað atvinnurekendum á Íslandi. Þegar menn tala um einkaatvinnurekstur hér á Íslandi, þá gera menn sér ekki ljóst, að grundvöllurinn fyrir privatkapítalisma hefur aldrei verið til hér á Íslandi á sama hátt og hann er í nágrannalöndunum. Í Englandi eða Bandaríkjunum hafa voldugir auðmenn getað safnað í sína eigu svo og svo miklum auði. Þeir geyma slíkan auð m. a. í bönkum, sem þeir eiga sjálfir. Þeir eiga hann í fyrirtækjum, sem þeir eiga sjálfir. Auðurinn í bönkunum og fyrirtækjunum er eign þessara auðmanna sjálfra. Ef lánað er út úr þessum bönkum, þá er það þeirra fé, sem er lánað, og svo dálítið af sparifé almennings, en fyrst og fremst er þó þeirra eigið fé í þessum bönkum. Privatkapítalisminn byggist á því, að svo og svo mikill auður er í eigu auðmannastéttarinnar. Það hefur aldrei verið til auðmannastétt á Íslandi, sem hefur átt allt það rekstrarfé, sem hún hefur notað. Frá upphafi vega höfum við orðið að reyna að byggja upp okkar land, sem við tókum við sem fátækri og arðrændri nýlendu, með því að beita öllum þeim aðferðum, sem þessi þjóð hefur getað átt, allri þeirri samhjálp, sem hún hefur getað beitt innbyrðis, og nota allt það vald, sem í okkar ríkisvaldi hefur falizt, og allt það traust, sem okkar ríkisvald hefur getað fengið, m. a. handa sínum bönkum. Þannig höfum við orðið að hjálpast að við að skapa þetta. Og hvernig fór á þessum eina stutta tíma, sem við reyndum að lofa þessu einkaauðmagni að standa á fótum ríkisbankanna, ríkislánanna, lánanna úr

ríkisbönkum, á tímabili einkaauðvaldsins, 1920—30? Hvernig fór? Það fór á hausinn. Ekki vegna þess, að það væru ekki jafngóðir eða duglegir menn í þessu hér á Íslandi og annars staðar, heldur vegna hins, að við erum lítið land, tiltölulega fátækt land og fámennt á stórum heimsmarkaði, þar sem kreppur, verðsveiflur og annað slíkt er ægilegt, og jafnvel okkar stærstu auðhringar og það, sem mest og bezt er skipulagt af einstökum atvinnurekendum, það stenzt aldrei slíkum viðskiptakreppum snúning.

Það hefur verið kvartað undan því stundum nú undanfarið, að það sé enginn, sem fari á hausinn. Þá ættu menn að líta til baka til 1930. Þá þurfti ekki að kvarta yfir, að menn færu ekki á hausinn. 1934 voru bændur og smáútvegsmenn á Íslandi gerðir upp með skuldaskilasjóðum. En þeir stærstu voru ekki gerðir upp. Af hverju? Af því að þá hefði landsfólkið og þjóðfélagið farið á hausinn líka. Við Íslendingar höfum því fengið alveg nóg af því að sjá menn fara á hausinn. Þeir, sem muna þann tíma, þá langar ekkert til þess að fara að lifa það upp aftur. Það er miklu skemmtilegra að lifa þá tímana, sem þarf ekki að ganga að íbúðum fólksins hérna í Reykjavík og bjóða þær upp og reka það út á gaddinn. En það er sá tími, sem vissa menn virðist langa í núna á ný.

1920—30 var rétt gengisskráning. Þá voru engar uppbætur, engin höft, — og það var atvinnuleysi og fátækt á Íslandi. Íslenzkir atvinnurekendur gátu ekki þá staðið á eigin fótum, og sá maður, sem skildi þetta einna bezt og var fyrstur til að segja við íslenzka ríkið: Nú verður ríkið að grípa inn í og bjarga þessu, — það var sjálfur hæstv. núv. forsrh., í fyrsta skipti sem hann var ráðherra, í desember 1932. Þegar ríkiseinokunin var tekin á fiski á Íslandi, þá var byrjað á því að láta íslenzka ríkið skipta sér af íslenzkum sjávarútvegi, vegna þess að íslenzk þjóð gat ekki staðizt í þeim öldugangi heimsmarkaðsins, sem skapar heimskreppurnar og annað slíkt, nema reyna að beita öllu því valdi, sem Íslendingar gátu átt til, þar með þessu ríkisvaldi, til þess að reyna að bjarga henni. Og þetta er reynsla, sem þeir menn, sem eitthvað þekkja til og eitthvað hafa reynt á Íslandi, gleyma ekki. Það er reynsla, sem Íslendingar eiga ekki að gleyma í dag.

Það er sagt við okkur núna: Það á að afnema uppbæturnar. Nú eiga atvinnurekendur að standa á eigin fótum. — Þetta er blekking. Hver ætlar að halda því fram, að atvinnurekendur eigi að standa á eigin fótum? Dettur einhverjum það í hug, að það eigi að fara að ganga að þeim núna, heimta af þeim lánin, sem þeir hafa fengið hjá ríkinu? Ekki skil ég í því, að það sé meining ríkisstj. Ætli það sé ekki nokkuð sama, hvort þeir standa á fótum ríkisbankanna eða á fótum ríkissjóðs? Ætli það sé mikill munur á því?

Nei, það, sem er verið að reyna að gera við okkur nú, er að neyða upp á okkur privatkapítalistísku gróðakerfi, — segja við okkur: Nú á ekki að reka hlutina út frá öðru sjónarmiði en gróðamyndun. — Ég skal viðurkenna, að þetta er það lögmál, sem gildir um hinn kapítalistíska heim. En við Íslendingar höfum ekki hlýtt þessu lögmáli fram að þessu. Við höfum skapað okkur annað lögmál, af því að við höfum haft hærri hugmyndir um mannlegt líf, um manngildi, heldur en það, að það ætti að vera tilgangurinn í atvinnulífinu að skapa gróða. Við höfum litið á það sem tilganginn með atvinnulífinu að láta mönnum líða vel, — og við ætlum að beygja þetta þjóðfélag undir það lögmál, en ekki lögmál gróðans.

Það hefðu ekki verið beztu lífskjör í heimi hér á Íslandi, svo framarlega sem þetta land og þessi þjóð hefði verið beygð undir lögmál gróðans. En skyldu hæstv. ráðh. treysta sér til þess að beygja vægðarlaust undir þetta lögmál gróðans, sem þeir tala nú um, með þessu frv.? Í slíku kapítalistísku þjóðfélagi ríkir venjulega eitt jafnrétti, eitt svívirðilegt jafnrétti, jafnrétti peninganna. Ætlar hæstv. ríkisstj. að láta það jafnrétti, svo svívirðilegt sem það er, drottna hér á Íslandi? Nei, hún ætlar það áreiðanlega ekki. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að bankastjórar ríkisbankanna eigi að fá valdið til að ráðstafa lánum úr bönkunum til atvinnurekendanna á Íslandi. Það eru ekki peningarnir og þeirra svívirðilega jafnrétti, sem á að ráða. Það er sambandið milli einstakra bankastjóra og einstakra firma. Við, sem erum búnir að vera alllengi í Reykjavík, gætum talið upp firmun, sem fengu milljónir að láni, — sum stærstu heildsölufirmun í Reykjavík enn þá, — á tímabilinu 1930—40 og voru gerð stór í gegnum slík lán, — og hafa þau kannske sum enn þá eftir alla verðbólguna, sem síðan er búin að vera. Það er auðvelt að skapa misrétti og beita gerræði í þjóðfélaginu með lánum, og það er ekki meiningin hjá ríkisstj. með þessu að ætla að fara að segja nú við alla peningamenn í landinu: Nú skuluð þið einir reka ykkar fyrirtæki, sem eigið sjálfir peninga til þess, sem eigið sjálfir rekstrarfé til þess, eigið sjálfir stofnfé til þess. Borgið það, sem þið skuldið í bönkunum, og nú verður lánað út þannig, að það sé jafnrétti milli allra. — Það er ekki neitt slíkt, sem á að innleiða hér. Það á að innleiða gerræðisfulla stjórn nokkurra embættismanna í félagi við nokkra auðmenn. Og við erum búnir að fá að sjá nóg af því á undanförnum 20—30 árum, hvernig slíku valdi er beitt. M. ö. o.: með þessu á að gera gróða fárra auðmanna að eina markmiði við rekstur atvinnuveganna á Íslandi, og það á að láta nokkra bankastjóra ráða því, hvaða auðmenn séu valdir út úr, og ríkisstj. segist ætla að þvo hendur sínar og koma hvergi nærri. Meira að segja sjóðum kaupfélaganna á að ræna undir vald þessara bankastjóra, til þess að alþýða manna hafi enga möguleika til þess að geta meira að segja sjálf safnað í sjóði og lagt það einhvers staðar inn, þar sem hún gæti ef til vill rekið útgerð sjálf eða annað slíkt. Þetta leggja sömu mennirnir til, sem hafa lifað það, hvernig einstaklingarnir á Íslandi hafa farið á hausinn og

bláfátæk bæjarfélög orðið að byggja upp bæjarútgerðir, eins og í Hafnarfirði og á Ísafirði, til þess að bjarga sér út úr neyð einkaframtaksins.

Nei, það þýðir ekki fyrir hæstv. ríkisstj. að koma til okkar og ætla að prédika það sem einhvern fagnaðarboðskap, að nú eigi að mynda digra sjóði hjá einkaframtakinu í landinu á kostnað launa verkamanna. Ég veit ósköp vel, að það er eitt boðorð hjá OEEC, hjá Efnahagssamvinnustofnuninni og hjá Alþjóðabankanum, að auðmenn eigi að hafa digra sjóði, af því að þeir hafa það í Frakklandi og í Bandaríkjunum. En það hefur ekki verið það boðorð, sem Íslendingum hefur verið kennt í allri þeirra sögu.

Ef þetta frv. verður að lögum og farið verður að praktísera þetta, eins og frv. virðist gera ráð fyrir og grg. þess og hugmyndirnar, sem á bak við það eru, þá er auðsjáanlega það, sem fyrir liggur þar, að misnota fé íslenzka ríkisins, íslenzku ríkisbankanna, sparifé almennings, til þess að skapa hér einkaauðvald á Íslandi. Og ef það eru einhverjir, sem halda, að verkalýðurinn í landinu ætli að horfa upp á það aðgerðarlaus, þá reikna þeir skakkt.

Ef á að taka af verkamönnum, af þeirra kaupi, til þess að leggja það í sjóði, þá er bezt að fá að leggja það í sjóði verkamannanna sjálfra og láta þá sjálfa eiga fyrirtækin. Við skulum taka að okkur að reka þau og sýna ykkur, að það getur gengið og með hærra kaupi en þessu.

Nei, það, sem hér er verið að gera, er að leggja grundvöll að því ægilegasta misrétti, sem til er í nokkru þjóðfélagi, því misrétti, þar sem fáir auðmenn drottna yfir fjöldanum.

Hæstv. viðskmrh. talaði um það áðan, að uppbótakerfið hafi verið undirrót spillingar. Heldur hann kannske, að þjóðfélag Bandaríkjanna sé ekki spillt? Heldur hann kannske, að eitthvað af þeim auði, sem þar er til, hvort sem er hjá Morgan, Vanderbilt, Astor eða öðrum, sé skapað öðruvísi en í gegnum blóð og tár, í gegnum þjófnað og mútur og morð? Nei, við skulum ekki fara að líta á það fyrirkomulag sem neina fyrirmynd. Það er meiri fyrirmynd, það gallaða og vitlausa uppbótakerfi okkar á Íslandi, heldur en það fyrirkomulag, sem franska auðvaldið hefur reist á blóði alþýðu manna eða ameríska auðvaldið með því að sjúga hálfan heiminn.

Það, sem hér er lagt til að skapa nú, er þjóðfélag, sem yrði undirrót spillingar, með því að fara að reyna að skapa hér einkaauðvald og hagnýta vald einstakra bankastjóra yfir bönkunum til þess. Það minntist einhver ráðherranna á það hér áðan, að það væri verið að skammta skít úr hnefa, — ég held hann hafi átt við uppbæturnar eða eitthvað slíkt. En hvað skyldu þeir þá kalla launin, sem þeir ætla sér að láta einkaauðvaldið sitt skammta? Ég var að reikna þau út áðan. Ætlið þið yfirleitt, mínir herrar, hæstv. ráðherrar, — ætlið þið að fara að útrýma spillingunni á Íslandi? Viljið þið þá ekki byrja á olíuhringunum? Ætli það væri ekki bezt fyrir ykkur þá að byrja a. m. k. á því að taka einkasölu á olíunni hérna? Ég held það sé bezt að nefna ekki snöru í hengds manns húsi. Ég held það sé svo viðkvæmt fyrir núv. ríkisstj. að tala um spillingu, að tala um gjaldeyrisskort og annað slíkt, á meðan verið er að uppgötva meira og meira af gjaldeyrinum, sem voldugustu menn landsins flytja til Ameríku, að ég held, að þið ættuð ekki að tala um fórn við alþýðuna í þessu landi, á meðan þið hafið ekki einu sinni sjálfir hugmynd um það eða reynið að grafast fyrir um það, hvað mikið af því, sem íslenzk alþýða og togarasjómenn draga að með framleiðslu gjaldeyris, sé falið í erlendum bönkum. Það er það, sem hefur verið deilt um í sambandi við þessi mál undanfarin ár, þegar uppbæturnar og annað slíkt hefur verið rætt og gagnrýnt, að verkalýðurinn hefur ekki fengið það í gegn að fá það fé tekið, sem þurfti til þess að fullnægja uppbótunum og öðru slíku, á þeim stöðum, þar sem það var til, af gróða olíuhringanna, gróða bankanna og öðru þess háttar.

Það skipulag, sem þið nú viljið innleiða, þýðir að koma spillingunni í algleyming og heimta fórnir af fólkinu, til þess að hún beri auðmönnunum betri ávöxt.

Hitt er gefið, að það verður ekki almennilega stjórnað íslenzkum þjóðarbúskap, fyrr en utanríkisverzlunin á Íslandi verður þjóðnýtt, og það er það, sem hefur vantað, að verkalýðurinn hafi haft vald til þess síðustu 25 ár. Þegar ein bezta þjóðarúttekt hefur verið gerð á okkar þjóðarbúskap, sem gerð hefur verið af bönkum, 1934, þá var ástandið þannig, að kapítalið á Íslandi í verzluninni var 100 millj. kr., en 22 millj. í sjávarútveginum. Enn er það meinið í þjóðlífi Íslands, að það er allt of mikið fjármagn í verzluninni á Íslandi, og það fer ekki úr henni, fyrr en utanríkisverzlunin verður þjóðnýtt, heildverzlunin í innflutningnum og útflutningsverzlunin. Þá fyrst verður því einkafjármagni, sem til er á Íslandi, beint þangað, sem það fyrst og fremst á að fara, í iðnaðinn og sjávarútveginn. Um þetta hefur baráttan staðið í heilan mannsaldur, á meðan við höfum tvístigið í þessu uppbótakerfi, og þrátt fyrir þennan ófullkomleika hefur þó tekizt að gera þá hluti, sem við erum stoltir af, þegar við tölum við útlendinga, en nú á að fara að svipta okkur.

En hvernig stendur þá á því, að ríkisstj. kemur fram með þessar tillögur, sem hér liggja fyrir og mundu leiða yfir þjóðina þær hörmungar, sem ég að nokkru leyti hef gert að umtalsefni og mun gera betur?

Ég veit ósköp vel, að hugmyndirnar um þetta eru ekki upprunnar í heilum íslenzkra manna, og ég ætla engum af hæstv. ráðherrum það, að þeir hafi úthugsað þessar tillögur. En það, sem ég óttast, er, að það sé ýmist verið að blekkja þá eða neyða þá inn á þær. Einkaauðmagn Vestur-Evrópu hefur um alllangan tíma litið það hornauga, að íslenzk þjóð hefur bundið bagga sína öðruvísi en ýmsar nágrannaþjóðir okkar, að við höfum farið aðrar leiðir í okkar þjóðarbúskaparmálum en þær. Einka-

auðmagn Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna kann einhvern veginn ekki við það, að hér séu ekki hafðir sömu hættir á og í þeirra löndum. Ef til vill kunna þeir ekki við það, af því að hér er amerísk herstöð, að hér skuli ríkja öðruvísi þjóðarbúskapur en annars staðar. Ef til vill er það hitt, eins og kardínálinn sagði forðum daga, að það ætti ekki við, að Ísland hefði ekki kóng eins og önnur ríki.

Þess vegna er nú af hálfu þeirra voldugu samtaka auðhringanna, sem hafa gengið undir því fallega nafni OEEC eða Efnahagssamvinna og Alþjóðabanki, — þess vegna er nú af hálfu þessara stofnana lagt að því fast við Ísland að taka upp nýtt efnahagskerfi, kúgunarkerfi peningavaldsins. Ég álít, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé fyrirskipun, sem sé verið að neyða íslenzka þjóð til þess að fallast á, með afleiðingum, sem ríkisstj. er ekki farin að gera sér ljósar. Það að fara inn á það kerfi, sem hér er verið að leggja til að taka upp, þýðir að innlima Ísland í nýlendukerfi auðvaldsins í Vestur-Evrópu og Ameríku.

Þetta hefur lengi verið áhugamál, ekki aðeins þeirra pólitísku valdamanna í þessum auðvaldslöndum, heldur ekki síður og komið jafnvel oft greinilegar fram hjá ýmsum þeirra fræðimönnum. Rene Sergent, forstjóri OEEC, þegar hann var hér á ferð nýlega og hélt fyrirlestur, þá sagði hann í þeim fyrirlestri, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil fyrst af öllu taka fram, að við hörmum það mjög, hversu utanríkisviðskipti Íslands hafa í sjauknum mæli beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar."

Hann var að harma það, þessi herra, að viðskipti Íslands hefðu beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Ekki höfðu þau beinzt þaðan vegna þess, að Íslendingar hefðu ekki allan þennan tíma reynt að selja eins mikið og þeim var með nokkru móti mögulegt að selja á mörkuðum Vestur-Evrópu. Nei, það hefur verið af öðrum ástæðum. Viðskiptin höfðu beinzt annað vegna þess, að Íslendingum hafði verið úthýst í Vestur-Evrópu, meira að segja með beinum stjórnaraðgerðum, skipulögðum stjórnaraðgerðum af hálfu voldugra ríkja þar. Þessi hv. herra var ekki að harma það. Hann var að harma það, að við hefðum fengið viðskipti annars staðar. Hann var ekki að lýsa ánægju sinni yfir því, að Íslendingar hefðu getað selt allt, sem þeir gátu framleitt.

Í öllum þeim skrifum, sem fram koma á íslenzku og öðrum málum um þessi efni, kemur hvergi nokkurs staðar fram, að þeir menn, sem um þetta skrifa, prófessorar í Virginíu í Bandaríkjunum eða útsendarar OEEC, hafi einhvern áhuga fyrir því, að íslenzkur þjóðarbúskapur geti starfað af fullum krafti, að íslenzk þjóð geti útrýmt hjá sér atvinnuleysi, að íslenzk þjóð geti aukið sína framleiðslu. Nei, sá áhugi er ekki til í neinu af þessum plöggum og í engum af þeim rökum, sem liggja fyrir í þessu frv. og þess greinargerð. Það er aðeins einn hlutur, sem þar kemur fram, og ein stefna, sem ræður, og það er: Ísland skal innlimað í hið svokallaða frjálsa hagkerfi, hvað sem það kostar.

Það, sem hér liggur á bak við, er pólitískt áhugamál alþjóðaauðvaldsins, að koma Íslandi í klærnar á sér, af því að þeir virðast vera hræddir um, að við séum að reka það sjálfstæða efnahagspólitík, að við séum ekki upp á þá komnir.

Ég veit, að Bretum þótti það bölvað 1952 að geta ekki með banninu á fisksölunni knúið okkur og látið okkur krjúpa á kné fyrir sér. Sú ríkisstj., sem þá sat hér að völdum, var ósmeyk við að nota aðstöðu Íslands til að taka upp viðskipti við Sovétríkin og sýna Bretum það svart á hvítu, að við létum þá ekki kúga okkur. Vestur-Evrópu-auðvaldinu hefur verið illa við það alla tíð síðan, að við höfum haft þessi viðskipti við Austur-Evrópu. Þeir vilja eyðileggja þessi viðskipti, og þeir fara ekki dult með það, þeirra lærðu menn, að það þurfi að eyðileggja þau. Það ætti að prenta bækur, eins og þá, sem dr. Benjamín Eiríksson sendi mér og kannske fleiri þingmönnum nú, til þess að menn sæju, hvað vakir fyrir þeim fræðimönnum, sem í lærðum tímaritum eru óhræddir við að setja fram það, sem hæstv. viðskmrh. mundi helzt ekki vilja segja.

Nei, við skulum gera okkur ljóst, hvað þarna er um að ræða. Það er um það að ræða, að auðhringar Vestur-Evrópu og Ameríku hafa pólitískan áhuga á því að slíta Ísland úr þeim viðskiptasamböndum, sem það hefur skapað sér austur á bóginn, af því að þau viðskiptasambönd hafa gert Íslandi mögulegt að standa upp í hárinu jafnvel á þjóð eins og Englendingum, sem kúguðu okkur þó um áratugi.

Hvaða ráðstafanir eru gerðar í þessu frv. til þess að slíta okkur úr þessum viðskiptasamböndum? Eitt höfuðatriðið í þessu frv. er það, sem kallað er að gefa um 60% af innflutningnum til Íslands frjálsan, og með þessu móti og því 800 millj. kr. láni, sem á að taka um leið, á að fylla íslenzkan markað með þessum vörum. Hvað þýðir það? Það þýðir að grafa undan því, að við getum selt vörur til Austur-Evrópu, með því að láta skipuleggja, að hér sé nægilegt til af þeim vörum, sem við ella hefðum keypt þaðan. Og hvað verður gert, þegar búið verður að taka lán, svo að skiptir hundruðum millj. kr., til þess að fylla íslenzkan markað af vörum, sem að vísu eru hér, en við höfum engan möguleika um leið til að borga í vestrænum gjaldeyri, — því að okkar markaður þar eykst ekki nokkurn skapaðan hlut, — en erum búnir að eyðileggja aftur á móti svo og svo mikla möguleika, sem við höfðum austur á bóginn? Hvað gerist þá, þegar við eigum svo að fara að borga þessi yfirdráttarlán? Þá gerist það, að birgðum, sem liggja hér á Íslandi og við gætum selt á hærra verði austur eftir, verður slengt út fyrir lágt verð í Vestur-Evrópu til þess að fá frjálsan gjaldeyri svokallaðan, til þess að hafa upp í þau lán, sem við erum búnir að taka. Þetta lán til þess að hleypa hér inn vörum á þennan hátt, sem við höfum enga tryggingu

fyrir að geta borgað í okkar eigin vörum, það þýðir að setja hengingaról ina um hálsinn á okkur, og hinir þurfa ekki annað en herða að til þess að fyrirskipa okkur að selja á fallandi markaði með lækkandi og lágu verði vörur, sem við hefðum getað selt á hærra verði annars staðar. Og það má mikið vera, ef ekki er byrjað að undirbúa þetta nú þegar.

Þegar verið er að skapa frjáls viðskiptasvæði, er ekki verið að gera það af einskærri umönnun, einskærri umhyggju fyrir smáþjóðum eins og okkur. Þvert á móti, aðferð auðhringanna í hinum stóra heimi er að velta af sér boðum kreppnanna yfir á þá, sem smærri eru. Það gildir aðeins eitt lögmál á þessum frjálsa heimsmarkaði svokallaða, og það er lögmál þess sterka. Þeir, sem voldugastir eru, troða hina niður. Ef við Íslendingar gerum okkar þjóðarbúskap að hluta af öllum þjóðarbúskap allrar Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, þá þýðir það, að þeir voldugustu á þessu stóra svæði troða niður þá, sem eru veikari, og það eru um leið rökin frá hálfu allra sérfræðinga þessara þjóða fyrir því að skapa þá stóru markaði, vegna þess að þessir stóru markaðir geri mögulegar miklu stærri samsteypur. Það er þetta, sem hefur um leið gert það að verkum, að *við Íslendingar höfum reynt* að halda okkar efnahagslega sjálfstæði, af því að við vissum, jafnvel þótt það væri einn einasti auðhringur, sem réði Íslandi, þá var hann svo smár í hlutfalli við þessa stóru jötna, að hann hefði líka verið troðinn niður og ekkert íslenzkt efnahagslíf hefði verið til, ekkert sjálfstætt íslenzkt efnahagslíf. Þess vegna þýðir það að reyna á þennan hátt og innlima okkur í þessi stóru svæði, það þýðir að leiða yfir okkur atvinnuleysi, gera okkur ómögulegt að selja vörurnar, sem við framleiðum. Við getum selt þær núna, ef við höfum sjálfir stjórnina á okkar utanríkisverzlun, ef við þaulhugsum það út, hvernig við getum komið þeim inn á markaði heimsins, ef við notum okkur á öllum þessum mismunandi mörkuðum alla þá aðstöðu, sem til er. En það þýðir, að þá verðum við að vera sjálfstæðir, megum ekki vera hluti úr neinni stærri heild.

Atvinnuleysi er eitt af því, sem tilheyrir þessu kúgunarkerfi, sem við erum að fara inn í, þessu svokallaða frjálsa efnahagskerfi. Það frjálsa efnahagskerfi þrífst ekki án þess, það er fylgifiskur þess, svo sjálfsagður, að meira að segja í Bandaríkjunum eru 4½ millj. manna atvinnulausir. Og ef þessari stefnu, sem hér er lagt til að taka upp, verður framfylgt, þá er atvinnuleysi strax komið á Íslandi. Það má mikið vera, ef siglingar togaranna verða ekki reglan, eftir að svona hlutir væru komnir upp, í staðinn fyrir að láta vinna úr fiskinum hér heima.

Hæstv. viðskmrh. leggur bókstaflega til með því, sem hann hefur verið að tala, að opna allt fyrir verðsveiflum og algeru öryggisleysi um markaðina. Hann var að ráðast á það hér áðan, að við værum að reyna að bjarga einstökum atvinnugreinum. Heldur hann, að nokkur *íslenzk ríkisstj. geti horft upp á það*, að einstakar atvinnugreinar á Íslandi séu lagðar í eyði af einni kreppu? Það hefur engin ríkisstjórn getað það hingað til, ekki nokkur. Það getur engin ríkisstj. horft upp á landauðn. Það skoðar hver einasta ríkisstj. og ekki sízt hér á Íslandi, þar sem menn eru vanir við það í heilan mannsaldur, að stjórnmálamennirnir séu kosnir á þing til þess að stjórna þjóðarbúskapnum, — það skoðar hver einasta íslenzk ríkisstj. það sem sitt verkefni að reyna að sjá um, að atvinnuvegirnir í landinu fari ekki á höfuðið. Það var hugsanlegt fyrir 100 árum að prédika það í Bretlandi, að ríkisstj. ætti að vera eins og næturvörður, sem skipti sér ekki af atvinnulífinu. En það er sízt af öllu til nokkurs að prédika það í dag. Það er að vísu hvergi hægt í heiminum, en sízt af öllu hér. Það er verið að reyna að telja okkur trú um, að það sé einhver regla að afnema einhverjar uppbætur og annað slíkt. Menn ættu að athuga, hvað Bandaríkjastjórn sjálf er að gera viðvíkjandi landbúnaðinum, hvað mikið hún kaupir upp af landbúnaðarvörunum, hvort hún liggur með 2 ára birgðir af landbúnaðarframleiðslu Bandaríkjanna, og vera ekki að skamma okkur út af neinu uppbóta- og styrkjakerfi. Stærstu og voldugustu og ríkustu auðvaldsþjóðirnar halda því. En við ættum ekki að mega halda því, því að það kemur ekki heim við fræðin þeirra suður í París.

Með því að opna Ísland fyrir öllum verðsveiflunum úti í heimi, eru þeir að leiða yfir okkur hræðilegustu ógæfuna, sem yfir okkur getur komið. Það yrði eins og holskefla, sem eyddi landinu. Við höfum lifað það áður, og það langar engan okkar til þess að lifa það aftur. Þeir, sem eru svo ungir, að þeir muna það varla, ættu að læra það, þegar þeir heyra um það og fara að stúdera, hvernig ástandið var.

Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi sagt, að við hefðum ekki endurnýjað togaraflotann eins og uppbótakerfið. Hvernig var það, þegar gengislækkunin var framkvæmd og það allt saman og enginn togari keyptur eftir 1949? Var það uppbótakerfið, sem eyðilagði það þá, að við keyptum togara? Hvernig var það 1928—38, þegar togurunum á Íslandi fækkaði um 10? Var það uppbótakerfið, sem eyðilagði það? Nei.

Þegar ráðizt hefur verið í að endurnýja togaraflotann á Íslandi af einhverjum myndarskap, þá hefur það verið gert af ríkinu, af því að ríkisstjórn Íslands hefur álitið það skyldu sína að hugsa fyrir þjóðina.

Það er greinilegt, hvert stefnt er með því frv., sem hér liggur fyrir. Það, sem verst er í sambandi við það, er, að mennirnir, sem að þessu frv. standa, hæstv. ráðh., gera sér sjálfir ekki ljóst, hverjar afleiðingarnar af því eru. Ég gæti flett upp í lærðum bæklingi, sömdum með gögnum frá OEEC fyrir hæstv. viðskmrh., til að sýna honum fram á, hvaða aðferðir OEEC kemur til með að nota til þess að eyðileggja viðskiptin austur á bóginn. Það er m. a. sagt þar, að Sovétríkin séu ekki of góð til þess *að borga íslenzka fiskinn í gulli. Um það leyti*,

sem 800 millj. í Vestur-Evrópu fara að standa sem skuld, sem ríkisstj. á bágt með að borga, þá verður kannske sagt af þeim lærðu mönnum í París: Látið þið bara Rússana borga ykkur fiskinn í gulli og látið okkur fá gullið. — Þetta er það, sem þessum lærðu mönnum dettur í hug. Það er ekki farið að prenta þetta í grg. enn þá og ekki farið að segja, að það séu óskaplega lærðir menn og miklir sérfræðingar, prófessorar og ég veit ekki hvað og hvað, en þetta er það, sem þeir menn stefna að, sem þarna eiga hlut að máli. Lánin, sem við tökum, 800 milljónirnar, verða tæki, sem verður notað til þess að kúga okkur til að gera það, sem okkur dettur ekki í hug að gera í dag. **(Gripið fram í:** Var það ekki eitt af því, sem Alþýðubandalagið lagði til 1958, að eitthvað yrði borgað í gulli, sem fengist að austan?) Það getur vel verið, að eitthvað af því, sem fer til gullsmiðanna hér til þess að vinna úr, hafi verið fengið frá Sovétríkjunum, það getur vel verið. En að borga í gulli til þess að borga til Parísar — **(Dómsmrh.:** Var það ekki í till. Ég spyr.) Lánið var upp á 100 millj.? Þriðjungurinn af því var lagt til að væri í vestrænni mynt. En það, sem ég var að tala um, var það, sem þessi prófessor í Virginíu hefur lýst hér yfir í sínum bæklingi. (Gripið fram í.) Hugmyndin er allt önnur. Það, sem þar var átt við, var að reyna að sæta góðum lánskjörum til langs tíma, taka lán til 12 ára með 2½% vöxtum, sem hægt væri að borga í íslenzkum vörum. Það, sem lagt er til núna af hæstv. ríkisstj., er að taka 800 millj. kr. lán, sem engin líkindi væru til að hægt væri að borga með íslenzkum vörum, en þessir herrar gætu heimtað borgað í gulli. Það er munurinn. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt að tala svona um ráðherra.

Þá vil ég vekja athygli á því, að í sambandi við þessi spursmál, sem hér hafa verið rædd, kemur oft fram alveg tilfinnanlegur skortur á raunsæi, sérstaklega hjá hæstv. viðskmrh. Ég efast ekki um hans góða vilja, t. d. til þess að viðhalda viðskiptum austur á bóginn. En það, sem hann gerir sér ekki ljóst, er, að með þessari aðferð, sem hér er tekin upp með þessu frv., er grafið undan þessum viðskiptum. Ég veit, að hann verður hissa, þegar hann uppgötvar það, en það er nú það, sem hann ætti að athuga strax í dag.

Með því, sem nú er verið að gera, er verið að gera Ísland arðránshæft fyrir útlent auðvald. Útlent auðmagn hefur helzt ekki viljað setjast að á Íslandi, vegna þess að því hafa þótt launin á Íslandi hjá verkamönnunum of há, kröfurnar hjá þjóðinni til skatta og annars slíks of miklar, og við höfum fengið að búa einir að okkar auðlindum. Ef kaup íslenzks Dagsbrúnarmanns yrði helmingur af lágmarkslaunum — lögboðnum lágmarkslaunum í Bandaríkjunum, þá er máske möguleiki til þess, að alúmíníumhringurinn vilji fara að hirða fossana af okkur og þyki íslenzk þjóð orðin mátulega ódýr til þess að þræla fyrir sig og skapa auð fyrir sig. Það er það, sem stefnt er að með þessum hlutum, að hleypa útlendu auðmagni inn á Ísland, og sumir hafa alls ekki farið neitt dult með það. Og það á að halda launanum niðri og því jafnvel hótað, að ríkisstj. beiti sínum áhrifum til þess að hindra, að launadeilur leysist, til þess að halda launum íslenzkra verkamanna svo langt niðri, að erlendum auðkýfingum þyki sér hentugt að safna digrum sjóðum á kostnað íslenzkrar alþýðu.

Það er þetta, sem verið er að vinna að með þessu frv., máske óvitandi hjá flestum, nema þeim herrum í París, sem hugsa það og fyrirskipa, og fyrir þetta á svo íslenzk alþýða að fórna, fyrir þetta er verið að hvetja hana til að sýna skilning. Hér er um það að ræða að innlima Ísland í kúgunarkerfi peningavaldsins, skapa möguleika fyrir erlent auðvald til að arðræna íslenzkan verkalýð og gera íslenzkan þjóðarbúskap að ósjálfstæðum hluta úr stórri efnahagsheild, þar sem nokkrir auðhringar ríkja.

Ég hlustaði á framsöguræðu hæstv. forsrh. í fyrradag. Hæstv. forsrh. er líklega búinn að upplifa heilmikið síðan, hann hefur máske lært eitthvað af því, sem við höfum sagt, fyrst honum finnst tíminn svona langur. Og ég hafði dálítið gaman af að bera saman það, sem hann sagði, við tóninn í ræðu hæstv. viðskmrh. Það, sem ég fékk út úr ræðu hæstv. forsrh., var, að með þessu frv. væri um skilyrðislausa uppgjöf að ræða, uppgjöf íslenzkrar ríkisstjórnar gagnvart erlendu valdi. Öll áherzlan, sem hæstv. ráðh. lagði í sína ræðu, var á þessa leið, — hann sagði: „Það er um ekkert val að ræða.“ Nei, bara skilyrðislausa uppgjöf. Hann sagði: „Það hafa allir möguleikar til lána verið hagnýttir til hins ýtrasta.“ Hann veit, að þetta er ekki rétt. Hann sagði: „Lán eru ekki lengur fáanleg nema breyta um kerfi.“ Kerfið, sem nú er verið að taka upp, er tekið upp af því, að lánið, 800 millj., var ekki fáanlegt. **(Forsrh.:** Er ég líklegur til að guggna fyrir útlendingum?) Það er nefnilega það, sem ég var mest hissa á.

Hæstv. forsrh. sagði, að það mætti engu auka við lánin frá 1958, og svo leggur hann til með þessu frv. að taka 800 millj. kr. lán, sem hann hefur enga tryggingu fyrir að geta borgað, og ekkert af þeim lánum fer til þess að geta staðið betur undir því að borga af láninu, engu má verja til þess að kaupa togara eða slíks. Það er skiljanlegt. Það var ekki meiningin hjá auðvaldinu í Vestur-Evrópu að gera okkur sjálfstæðari, heldur að gera okkur háða sér.

Hæstv. forsrh. sagði líka, að traustið á meðal okkar vinveittu þjóða væri alveg farið. Það er svo sem auðséð, að okkar vinir, Bretarnir okkar elskulegu, fara alveg að missa traust á okkur fyrir það, að við erum alltaf að fara eigin götur og spyrjum þá ekki frekar en gert var 1952. Gerir það nokkuð til, þó að þeir treysti okkur ekki? Ætli við stöndum ekki jafnréttir fyrir því? Og nú leggur hæstv. forsrh. til, eftir að vera búinn að lýsa því yfir, að þetta kerfi, sem hafi verið undanfarið á Íslandi, hafi verið byggt á svo miklum lánum,

að það sé alveg dauðadæmt, að taka upp nýtt kerfi, sem byggt er á stórláni, sem við höfum enga tryggingu og engin líkindi til þess að geta borgað. Ég er hræddur um, að slíkt kerfi, sem þannig eigi að taka upp, sé meira en dauðadæmt. Nei, það er greinilegt, að hér er verið að gefast upp, gefast upp við stefnu, sem hefur flutt Íslandi efnahagslegt sjálfstæði og flutt íslenzkri alþýðu og íslenzkri þjóð betri kjör en flestum öðrum þjóðum, — stefnu, sem hefur getað með öllum hennar skakkaföllum og öllum hennar ófullkomleika á 20 árum skapað þessari þjóð góð lífskjör. Það er verið að gefast upp við hana, leiða aftur yfir okkur kreppu- og atvinnuleysisstefnuna, sem við þekktum frá því fyrir stríð.

En munurinn er sá, að hæstv. forsrh. segir, þegar hann lýsir þessu: Það er ekki um neitt val að ræða, — biður um skilning hjá þjóðinni. Við eigum einskis annars úrkosta. En hæstv. viðskmrh. segir: Þetta er fyllsta réttlæti, sem við erum að innleiða. — Mér heyrðist á ræðu hæstv. viðskmrh. eins og hann væri að boða fagnaðarboðskap, á ræðu hæstv. forsrh. eins og hann væri að segja: Það er víst ekki um annað að gera. **(Forsrh.:** Nei, hún var líkræða yfir kenningum ykkar.) Nei, hún var líkræða yfir nýsköpuninni, allri nýsköpuninni á Íslandi síðustu 20 árin, en það er ekki víst, að nýsköpunin sé dauð þess vegna. **(Forsrh.:** Heyr.) Það er ef til vill dálítið táknrænt, að einmitt á þessum tímamótum skuli þessir tveir hæstv. ráðherrar meta þetta svona ólíkt. Hæstv. forsrh. talaði eins og raunsær foringi auðmannastéttar, sem vill ekki missa traust sinna góðu vina erlendis, ekki bregðast þeim í raun, þegar þeir eru alveg að gefast upp á sjálfstæði Íslendinga. En hæstv. viðskmrh. talaði næstum því eins og rómantískur unglingur, sem væri svo hrifinn af þeim suður í París og þætti svo gaman að komast í fínan selskap með þessum frjálsu þjóðum, að hann sæi ekkert nema gyllinguna á þessu öllu saman.

Mér datt satt að segja í hug smáhlutur, sem ég lifði fyrir nokkrum árum, sem eiginlega táknrænn fyrir, hvernig tveir aðilar meta stundum ólíkt hlutina, sem eru að gerast. Það var, þegar Bandaríkjamenn yfirtóku Ísland og Churchill hélt ræðuna í brezka þinginu. Það mun hafa verið 9. júlí 1941. Þeir, sem muna þann tíma, muna, hvað gerzt hafði. Brezki sendiherrann hafði verið látinn skrifa íslenzku ríkisstj., að Bretarnir yrðu að fara burt með herinn sinn af Íslandi, þeir vildu ekki vera hérna lengur, og þess vegna ráðlegði brezka ríkisstj. íslenzku ríkisstj. að biðja Bandaríkjastjórn um að vernda sig, og vondar tungur segja jafnvel, að íslenzku ríkisstj. hafi verið settir 24 klukkutíma úrslitakostir að ganga að því að biðja af frjálsum vilja um vernd Bandaríkjanna, af því að Bretar ætluðu að fara, og landið mætti náttúrlega ekki vera varnarlaust. Hvernig sem það var, var a. m. k. látið líta svo út hér heima, að Bretarnir væru að fara í burtu. Það var hins vegar annar hlutur, sem var að gerast á bak við tjöldin. Á bak við tjöldin var að gerast það, að Bandaríkin voru að setja Bretum kosti, einn af þeim mörgu kostum, sem settir voru í sambandi við afhendingu ensku herstöðvanna í Ameríku til 99 ára, þá settu Bandaríkin Bretum þá kosti að afhenda Ísland úr brezku áhrifasvæði yfir í ameríska áhrifasvæði. 7. júlí komu Bandaríkjamenn hér á land, og 9. júlí skýrði Churchill frá þessu í brezka þinginu. Og þegar hann skýrði frá þessu í brezka þinginu, þá var hann ekki að segja frá því, að brezka ríkisstj. hefði látið skrifa ríkisstj. hér og sagzt fara burtu. Nei, hann sagði: Hernámið er framkvæmt af Bandaríkjunum til að framfylgja hrein-amerískri stefnu. — Og hann segir: Þessi ráðstöfun amerískrar stjórnarstefnu er því í fullu samræmi við brezka hagsmuni, og við höfum ekki séð ástæðu til þess að hafa á móti henni. Satt að segja sé ég ekki, að við hefðum aðstöðu til þess með tilliti til heimboðs þess, sem íslenzka ríkisstj. hefur sent Bandaríkjunum. Við ættum hins vegar enn sem komið er að halda her okkar á Íslandi. — Churchill var að tala við sína íhaldsþingmenn. Hann segir við þá: Íslenzka ríkisstj. hefur beðið Bandaríkin um að koma hingað með sinn her. Ég sé því miður ekki, að við getum haft neitt á móti því. — Honum var ljóst, að imperíalistarnir brezku vissu ósköp vel, að það var verið að kúga þá til þess að láta Ísland af hendi við Bandaríkin. Hann vissi, við hverja hann var að tala. Hann var raunsær, en beygði sig eins og hæstv. forsrh. Ég hitti brezkan þingmann þá í tugthúsinu, sem ég var í þessa daga, — það var þingmaður Kommúnistaflokksins, Galagher, — og ég spurði hann, hvernig þingmönnum Labour party hefði verið við, þegar Churchill gaf þessa yfirlýsingu. Og hann sagði: Þeir voru brosandi út undir eyru. Þeir héldu, að Ameríkumenn væru að hjálpa okkur. En brezku íhaldsþingmennirnir voru þannig útlítandi, að Churchill varð að segja: Ég var neyddur til þess að láta þetta af hendi, en ég ætla að reyna að hafa herinn áfram á Íslandi samt. — Það var raunsæ afstaða hjá foringja brezku borgarastéttarinnar, en brezki verkamannaflokkurinn var fullur tálvona og hugmynda um, hvað var að gerast. Hann hélt, að þetta væri hjálp.

Mér finnst það vera það sama, sem kemur fram í dag hjá þessum tveim hæstv. ráðherrum. Hæstv. forsrh. vill sem foringi íslenzku borgarastéttarinnar beygja sig fyrir því, sem peningavaldið úti í heimi álítur óhjákvæmilegt, ef Ísland eigi ekki að halda enn þá lengra til austurs, en hæstv. viðskmrh. heldur með öllum sínum rómantísku tálvonum, að þessir herrar í París séu að hjálpa okkur. Nei, þeir eru að kúga okkur, og þetta er fyrsta kúgunarkerfið, sem þeir eru að þvinga upp á okkur, brjóta niður okkar eigin sjálfstæðu efnahagsstefnu, setja 800 millj. kr. sem hengingaról um hálsinn á okkur til þess að brjóta niður þau viðskipti austur á bóginn, sem við erum að byggja upp. Og hann heldur, að þetta séu vinir okkar, vestrænir vinir, sem séu að hjálpa okkur, — hjálpa okkur til að fá at-

vinnuleysi yfir okkur aftur, hjálpa okkur til, að fiskimjölið geti fallið í verði, hjálpa okkur til, að við hendum út síldarmjölinu, síldarolíunni og öðru slíku fyrir það verð, sem þeim þóknast, hjálpa okkur til að láta Unilever einu sinni enn spenna sínar helgreipar um okkur.

Nei, við skulum ekki vera að nota orð eins og fyllsta réttlæti í sambandi við þessa hluti. Það er um allt aðra og harðvítugri hluti hér að ræða, og það þurfa þeir menn að gera sér ljóst, sem mæla með því við íslenzku þjóðina, að hún taki þetta kerfi upp. Það er engin þörf á því að gefast upp, engin þörf á því að gefast upp nú frekar en var 1944, — ekki nokkur þörf. Það eru alveg sömu möguleikarnir fyrir Ísland að reka sína sjálfstæðu efnahagsstefnu og halda uppi og bæta þau lífskjör, sem við höfum í landinu. Og Ísland mun ekki gefast upp. Alþýðan á Íslandi mun ekki gefast upp. Hún mun berjast. Hún mun berjast á móti því kúgunarkerfi, sem á að innleiða. Hún hefur gert það áður, og hún getur gert það enn.

Vill hæstv. ríkisstj. í raun og veru heldur halda fast við og reyna að þvinga upp á þjóðina þessu kúgunarkerfi og bíða þangað til allt logar í verkföllum og vinnudeilum og stöðvunum heldur en taka sönsum í tíma og skilja, að þetta er ekki hægt að bjóða íslenzkri þjóð? Ég er ekki með þessu að segja, að það séu einvörðungu þær voldugu auðvaldsstofnanir í París og New York og ICU og Alþjóðabankinn, sem standa að þessu. Ég veit ósköp vel, að það eru nokkrir, örfáir menn hér heima, sem líka langar í þetta. Einn þeirra, ríkasti maðurinn á Íslandi, sem mest hefur grætt á verðbólgunni, gat meira að segja ekki dulið sína tilhlökkun. Slíkir menn hlakka til. Þeir vilja með þessu frv., ef að lögum yrði, láta afhenda sér íslenzkt atvinnulíf undir sitt yfirræði til gróðamyndunar fyrir sig án tillits til nauðsynjar þjóðarinnar. Þeir vilja fá yfirleitt aftur það ástand, að þeir geti gert togarana út t. d. 100 daga á ári og séu ekki skuldbundnir af neinum uppbótum og neinum samningum við neina ríkisstjórn um að gera út árið um kring.

Hæstv. ríkisstj. lætur í það skína í umr. og í grg. þessa frv., að hún ætli ekki að skipta sér af, þó að það verði vinnustöðvanir. Hún álítur sér það óviðkomandi, það sé mál atvinnurekendanna og verkamannanna að gera út um sín á milli. Í fyrsta lagi, mundi nokkur ríkisstj. sitja hér aðgerðalaus, ef hér logaði allt í verkföllum eða verkbönnum eða vinnustöðvunum? Nei, það er ekki til neins að gefa neinar yfirlýsingar um það. Það er ekki til neins. Svo ábyrgðarlaus ríkisstj. hefur aldrei setzt að völdum á Íslandi.

En í öðru lagi, er það meiningin hjá hæstv. ríkisstj. að láta það afskiptalaust, hvað atvinnurekendur og verkamenn gera? Má ég þá spyrja hana: Geta ekki verkamenn á Íslandi þá fengið lánað allt það fé, sem lánað er úr bönkum Íslands til þess að reka fyrirtæki á Íslandi? Af hverju á að lána einstökum atvinnurekendum það, sem ekki eiga einu sinni þessi fyrirtæki þannig, að þeir eigi allt það stofnfé, sem í þeim er, hvað þá að þeir hafi rekstrarfé til þeirra? Er þá máske einhver skuldbindingin í sambandi við OEEC-lánið, að það séu einkaatvinnurekendur, sem eigi að reka þetta? Því má ekki láta alla einkaatvinnurekendur á Íslandi borga allar skuldir hjá ríkisbönkunum og lána bæjarfélögum og verkalýðsfélögum Íslands þetta fé til að reka fyrirtækin? Á að innleiða með þessu kerfi einræði braskaranna á Íslandi, einræði nokkurra sérréttindamanna, þeirra sérréttindamanna, sem hafa það góð sambönd í bönkunum, eru það vel tengdir þeim, sem hafa völdin, að þeir sitji fyrir lánunum? Eiga ríkisuppbæturnar, sem hingað til hafa verið, að koma fram í formi ríkislána, lána ríkisbankanna, og er þá ekki sama ábyrgðin fyrir ríkið og ríkisstj. og áður? Hver er reynslan, þegar lánin hafa verið veitt þannig til einkaatvinnurekendanna? Það er ekki til neins að vera að tala um hér á Íslandi einkaatvinnurekstur sem eitthvert ríkjandi skipulag. Það er ekki til neins að ætla að neyða upp á okkur því fyrirkomulagi, sem er orðið meira en aldargamalt úti í Bretlandi eða Frakklandi. Það gerir ekkert annað en það að vera að gera tilraun til þess heldur en að skapa ófrið hjá þjóðinni, taka eina kollveltu í verðbólgunni enn þá.

Hvaða maður í landinu haldið þið í dag að hafi trú á því, að þessi gengisbreyting sé sú síðasta á Íslandi? Fyrir tíu árum var gengið lækkað. Við höfum sagt hvað eftir annað, að það væri stefnt að því af ákveðnum mönnum að lækka það, og nú er verið að gera það, — og hvað er látið í veðri vaka? Við, sem munum eftir gengislækkuninni 1950, munum svo sem, hvaða klásúla fylgdi henni upphaflega frá Alþjóðabankanum. Í 2. gr. frv., sem var lagt fyrir þá, stóð, að í hvert skipti, sem kaupgjald hækkaði á Íslandi, skyldi bankinn, Seðlabankinn, lækka gengi krónunnar, og þessi hótun fylgdi með frá Alþjóðabankanum, að það átti að nota gengisskráninguna sem kaupkúgunartæki, — og það skyldi þó aldrei vera meiningin í dag líka, þó að það sé ekki sagt?

Hæstv. forsrh. talaði um, að það hefði verið óskapleg fyrirhöfn í sambandi við okkar efnahagsmál á undanförnum árum. Mér finnst þetta vera umskapað efnahagskerfi frá ári til árs. Það skyldi þó aldrei þurfa að breyta genginu? Hvernig er með gengi í því frjálsa hagkerfi? Af hverju skapaðist það gengi? Ég hef satt að segja aldrei nokkurn tíma séð í neinum vísindalegum bókum borgaralegum um hagfræði haldið fram þeim grundvelli, sem hér er reiknaður út fyrir gengið, að það sé reiknað út eftir þörfum bátaútvegsins í einu ákveðnu landi, hvað gengið eigi að vera. Í því frjálsa hagkerfi hélt ég, að það færi fyrst og fremst eftir framboði og eftirspurn. Það þykir hið almenna lögmál þar. En við skulum ekki fara út í það. Það stendur allt jafnsótvitlaust í þessari hagfræði. Það er von, að hæstv. forsrh. vitni stundum í orðatiltækið „haugalygi er hagfræði“. **(Forsrh.:** Ég breyti því: Hauga-

lygi er kommúnismi.) Nei, það gerir hann nefnilega ekki. Það færist alltaf nær og nær honum, þegar hann fer eitthvað að hugsa um hann, en hann gefur sér of sjaldan tíma til að hugsa.

Það væri gaman að vita, hvernig væri með gengið. Skyldi þetta gengi eiga að vera fast fyrir næstu 10 ár? Skyldi vera meiningin að endurskoða það frá ári til árs? Skyldi vera meiningin að láta framboð og eftirspurn ráða því, eða er meiningin að láta rekstur báta-útvegsins ráða því? Hvaða lögmál eiga að gilda þarna? Það er að vísu mjög mikil fyrirhöfn frá ári til árs hér á Íslandi að ræða um efnahagsmál og finna út ný efnahagskerfi. En satt að segja tel ég það ekki eftir hvorki hæstv. ráðh. né alþm. að leggja það á sig einu sinni á ári að finna út, hvaða kerfi getur passað bezt, til þess að þjóðinni geti liðið vel. Til þess eru þeir kosnir á þing. Ég held, að það geri ekkert til, þótt þurfi að endurskoða það frá ári til árs og breyta því, svo að það passi sem bezt fyrir þarfir þjóðarinnar. Til þess eru þeir kosnir að stjórna þessum þjóðarbúskap og læra af því, sem gert er.

Hæstv. forsrh. sagði, að það ætti að leitast við að dreifa byrðunum, svo að launþegarnir gætu unað við það. Þýðir það, að Einar Sigurðsson eigi að borga allar þær skuldir, sem hann er nú í við bankana, og það eigi að lána verkalýðssamtökunum það, til þess að þau geti kannske keypt einhver hraðfrystihús og rekið? Eða á máske að láta þá, sem hafa komizt nógu langt inn í bankana núna, eins og ríkasta mann landsins, fá að bæta þar meira við, af því að hann er voldugri, — það er ósköp gott að lána þeim, sem ríkir eru, frá fjárhagslegu sjónarmiði, venjulega það öruggasta, — og svo eigi hann að fá það í viðbót, að það eigi að halda launum niðri í helmingnum af því, sem fátækustu verkamennirnir í Ameríku hafa? Er það þetta, sem á að heita að dreifa byrðunum jafnt? Eiga hraðfrystihúsin að fá að ákveða verðið til bátanna? Það er ekki eitt einasta orð um, hvað bátarnir eigi að fá. Á það að vera einræði hraðfrystihúsanna, hringanna, sem nú eru að skapast á Íslandi, gagnvart sjómönnum og smáútvegsmönnunum, sem þarna á að ráða? Er það lýðræðið í þessu, sem á að koma? Hingað til hefur verið reynt að skapa þarna öryggi, afkomuöryggi, ákveðið verð. Meira að segja eftir að nýsköpunarstjórnin var drepin, tókst þeim þó að koma því á og fá raunar allt Alþ. nema einn mann til þess 1946 að taka ábyrgð á því, hvað íslenzkir sjómenn fengju fyrir sinn fisk. Og þar með var stórt spor stigið til þess að tryggja afkomu manna á Íslandi og tryggja afkomu íslenzks sjávarútvegs. Nú á að afnema þetta. Nú á að vera alræði Einars Sigurðssonar og annarra verðbólgubraskara, þeirra sem hafa sölsað undir sig hraðfrystihúsin, hvað sjómennirnir og útvegsmennirnir fái fyrir sinn fisk. Verður ekki eitt það fyrsta, sem við fáum upp úr þessu, verkfall hjá sjómönnunum, útvegsmönnunum og verkamönnunum?

Þá er grundvöllur útreikningsins. Ég minntist á það hér áðan, að það væri tekið hér fram, að gengið á íslenzkri krónu væri miðað við það, að báturinn, rekstur hans, gæti hugsanlega fengið sama út og hann fengi núna með uppbótunum, — ég segi: gæti hugsanlega, vegna þess að hann fær enga tryggingu fyrir því. Það er reiknað með því, hvað báturinn mundi núna fá með tryggingunum, og gengið síðan reiknað eftir því, en bátnum er engin trygging gefin fyrir því, að hann fái þetta. En má ég spyrja og þá helzt hagfræðiprófessorinn, hæstv. viðskmrh.: Hvenær hefur það tíðkazt að fara að skrá gengi, ef menn ætla að fara inn í frjálst hagkerfi, út frá þessu sjónarmiði? Hver segir, að rekstur bátaútvegs á Íslandi í dag með allri þeirri yfirbyggingu, sem er í íslenzkri veltu, í íslenzku þjóðarbúi, sé það hagrænasta til þess að miða við upp á að skapa rétt verð á íslenzkum gjaldeyri? Ef gjaldeyrir hefði farið eftir framboði og eftirspurn hér á Íslandi um langan tíma, hefðu verið allt aðrir rekstrarhættir en nú eru í útveginum. Það hefði leitt af því harðvítuga hringamyndun, ef þetta hefði verið í alveg frjálsu kapítalísku hagkerfi, það hefði leitt af því auðhring, þar sem fisksalan, olíukaupin, veiðarfærakaupin, eignir hraðfrystihúsanna og annað slíkt væri sameinað í einum hring, sem að vísu mundi reka þessar eignir mjög praktískt, því að það væru fáir, sem þarna réðu, og þrauthugsað skipulag á frá sjónarmiði þeirra kapítalista, sem ættu þetta. Og það, sem þá mundi koma út með gengið, mundi náttúrlega vera allt annað en þarna er talað um. Það, sem hefur vantað á Íslandi undanfarið, þessa áratugi, sem allt þetta haftakerfi hefur verið, það er, að unnið væri skipulega að því í þjóðarbúinu að gera allan reksturinn hagkvæmari, án þess að það yrði einræði auðhringa í því þjóðfélagi, og það var ekki hægt með öðru en þjóðnýtingu á stórum sviðum, fyrst og fremst í innflutnings- og útflutningsverzluninni. Þess vegna er allur sá grundvöllur, sem talað er um í gengisskráningunni hérna, ekkert annað en hagsmunakrafa voldugustu auðmannanna innanlands, en þó alveg sérstaklega voldugustu auðhringanna erlendis.

Það var talað hér áðan af hálfu hæstv. forsrh. um misrétti haftakerfisins. Vissulega, ekki skal ég mæla því bót. En dettur hæstv. ríkisstj. í hug, að bankakerfið og lánakerfið hafi ekkert misrétti í sér, og það er það, sem kemur til með að eiga að stjórna eftir þetta? Að svo miklu leyti sem það ekki stjórnaði, halda menn þá, að vald hinna einstöku atvinnurekenda sé ekki neitt misrétti heldur? Nei, við skulum ekki vera með neinar tálvonir um neitt slíkt.

Þá sagði hæstv. forsrh., að nú væri verið að leggja traustari grundvöll að okkar efnahagslífi og við mundum í framtíðinni geta búið við góð kjör. Hvar eru rökin fyrir því, að með því að fara yfir í þetta frjálsa efnahagskerfi svokallaða, þetta kúgunarkerfi, sem ég mundi kalla það, þetta kúgunarkerfi peningavaldsins, — hvar eru rökin fyrir því, að við eigum í vændum traustari efnahagslegan

grundvöll? 1944, þegar við gerðum okkar ráðstafanir viðvíkjandi togarakaupunum, gátum við sagt við þjóðina: Þetta hérna er fram undan. Það eru fram undan 32 togarar, sem sigla inn og verða grundvöllur fyrir þjóðina, af því að þeir afla fisks. — Við gátum sagt þann dag, sem nýbyggingaráð afhenti Eimskipafélagi Íslands 7 millj. dollara til þess að kaupa skip fyrir: Hér er flutningaskipafloti, sem getur flutt okkar fisk. — Hvað getur hæstv. ríkisstjórn sagt í dag? Hvar eru rökin fyrir því, að við eigum von á einhverju til þess að vera undirstaða fyrir okkar atvinnulíf? Við höfum reynsluna af því, þar sem einkaatvinnurekendurnir hér á Íslandi byggja ekki atvinnulífið upp. Það var líka sagt 1950, þegar gengið var lækkað, að allt ætti að verða frjálst og nú mundi allt saman blómgast, nú væri verið að bjarga þjóðinni frá atvinnuleysi og hörmungum. Og hvað varð? Þeir höfðu peninga og lögðu þá í sína frægu 5000 bíla, en enga togara.

Hæstv. ríkisstj. getur ekki sýnt neitt annað fram undan heldur en minnkun á öllum framkvæmdum. Af hverju? Af því að það, sem hún er að byggja á í þessum hlutum, eru vonir, vonir um, að íslenzkt eða útlent auðvald fari að leggja í einhverja ákveðna hluti. Reynsluna af íslenzka auðvaldinu höfum við. Hvað gerir það? Það var nógu erfitt að fá þá ríku til þess að leggja í togarana hérna á árunum, þó að maður lánaði þeim frá ríkinu 75%. En ef þeir eiga nú að leggja alla peningana sína í það og fá ekki neitt að láni, — mér er sem ég sjái þá. Nei, þeir gera það ekki. Og þeir útlendu. Er það máske allt, sem byggt er á í þessu, að útlendu auðvaldi finnist Ísland svo girnilegt, eftir að þetta kúgunarkerfi væri komið, að þeir vildu koma hingað? Það væri viðkunnanlegra, að menn segðu það, ef menn búast við því. Það hafa einstaka menn komið fram með hugmyndir um það hérna. Ég held satt að segja ekki, að þær hugmyndir eigi mikið fylgi hjá þjóðinni, og því síður, að það yrði henni til gæfu, ef slíkt væri gert. Við höfum enga von um sérstakan efnahagsgrundvöll, sem skapaðist með þessu, engan. Við höfum aðeins von um atvinnuleysi, um kreppu, um öryggisleysi, ef við hættum við þá stefnu að stjórna okkar eigin þjóðarbúskap sem einni sjálfstæðri heild.

Hæstv. forsrh. sagði: Við getum þá slegizt í fylgd með fjölmörgum þjóðum. — Já, það er nú það. Það er nú svo girnlegt. Þessar þjóðir, sem hafa haft síaukið atvinnuleysi hjá sér undanfarið, látið sinn verkalýð, eins og í Frakklandi, búa við lélegri kjör en hann hafði fyrir stríð, það eru þjóðirnar, sem við eigum að slást í fylgd með.

Nei, við skulum heldur reyna að halda hópinn hérna, Íslendingar, og stjórna sjálfir okkar landi og ekki láta okkar land verða efnahagslegan hluta úr neinu öðru. Við höfum getað stjórnað okkar landi betur en aðrar þjóðir hafa stjórnað sínu. Það að verða í smávandræðum með reikningsfærslu um hver áramót, það er ekki hið hættulegasta. Meðan enginn þarf að svelta, meðan enginn þarf að ganga atvinnulaus, þá eigið þið að geta klárað þetta bókhald, og hagfræðingar eru ekki of góðir til þess. Það, sem gildir hjá einni þjóð, er að sjá um, að hún geti lifað og lifað vel í sínu landi. Ef hún verður að endurskoða bókhaldið frá ári til árs, þá er það engin voðaleg fyrirhöfn. Ef hún ætlar að sleppa þeirri endurskoðun til þess að láta svo og svo marga svelta, til þess að svipta svo og svo marga íbúðum sínum, til þess að reka svo og svo marga út á gaddinn, til þess að láta ungu mennina fá að kynnast atvinnuleysinu, eins og það var hér 1930—40, ef það er meiningin að leiða það yfir okkur, þá er betra að una við vitlausa bókhaldið og endurskoða það frá ári til árs, meðan við höfum ekki þrek í okkur og skilning til þess að stiga spor áfram.

Hæstv. forsrh. bað um skilning þjóðarinnar. Dettur honum í hug, að þjóðin skilji, — mér liggur við að segja: skilji nokkurn skapaðan hlut í því, sem hann skilur ekki sjálfur? Hér er búið að hringsnúa tölum, eins og ég veit ekki hvað, og ef við hér innan þessara þingsala getum ekki einu sinni komið okkur niður á neinar tölur, eftir hverju haldið þið þá að fólkið dæmi? Haldið þið, að það dæmi eftir þessum tölum, sem verið er að hringsnúa? Nei, það dæmir þetta kerfi af afleiðingunum og dauðadæmir það strax af afleiðingunum, — það dæmir það af afleiðingunum, af atvinnuleysinu og kaupkúguninni, sem í því felst.

Hæstv. forsrh. sagði, að valið væri vandalítið, þetta væru svo greinargóðar upplýsingar. 1950 var ég í fjhn. þessarar hv. deildar, og þá yfirheyrðum við Benjamín, og við spurðum hann út af fiskverðinu, og hann var svo mikill klaufi, að hann lét það meira að segja koma fram. Ég býst við, að við yfirheyrum Jónas Haralz núna og kannske viðskmrh. hæstv., og ég veit ekki, hvort okkur tekst að pína fiskverðið upp úr þeim núna. En eitt tekst okkur áreiðanlega að pína upp, og það eru yfirlýsingarnar um, að það verði ekki atvinnuleysi. En hvernig var það eftir 1950? Það voru komnir 2000 atvinnulausir verkamenn hér eftir eitt ár. Hvað var þá gert hér í þingsölunum? Þá barði hæstv. þáv. viðskmrh., Björn Ólafsson, bara höfðinu við steininn og sagði: Það er ekkert atvinnuleysi. — Og verkamenn urðu að fara frá höfninni upp í Arnarhvol til þess að sýna honum atvinnuleysið í Reykjavík. Ég held, að það sé betra fyrir hæstv. ríkisstj. að stanza í tíma, áður en það verður að fara að sanna henni á sama hátt. Eða er það kannske vonin, að atvinnuleysi eigi að verða og verða svo mikið, að takist í krafti þess að halda kaupkúguninni við? Þeim í OEEC og Alþjóðabankanum er áreiðanlega ljóst, að kaupkúgun verður ekki við haldið í þjóðfélagi, þar sem ekkert atvinnuleysi er til. Atvinnuleysið er skilyrðið til þess að geta kúgað kaup.

Atvinnuleysissvipan er nauðsynlegt tæki fyrir harðstjórn peningavaldsins, þar sem á að koma því á. Og spurningin, sem liggur í dag fyrir Alþingi Íslendinga, er, hvort það eigi að koma þeirri harðstjórn peningavaldsins á, og

það er bezt að gera sér það ljóst, áður en lagt er út í aðgerðir, því að ég gæti trúað, að meira að segja hæstv. núv. ráðherrum sjálfum mundi ógna, þegar þeir sæju framan í þær afleiðingar, sem þetta kerfi mundi hafa, ef það væri sett á. En þá er búið að vinna það tjón að brjóta enn einu sinni niður gengi íslenzku krónunnar, taka enn eina kollveltu verðbólgunnar á Íslandi. Hitt er ljóst, að það, sem gerist, ef þetta frv. verður samþykkt, það er, að á grundvelli loginna skýrslna og erlendra fyrirskipana verður fátækt leidd yfir stóran hluta þjóðarinnar, og það er gegn því verki, sem íslenzk alþýða mun rísa upp.

Þetta kerfi, ef það verður samþykkt, mun brotna, og það er aðeins til bölvunar að reyna að setja það á. Það er ósvífið að ætla að stela af fátækum verkamönnum til þess að afhenda bröskurum þjóðfélagsins og beita jafnvel ríkisvaldinu og bankavaldinu til þess að geta gert slíkt. Það er illt verk gagnvart afkomu íslenzkrar alþýðu og gagnvart efnahagslegu sjálfstæði íslenzks þjóðarbúskapar að taka upp þetta kúgunarkerfi hér á Íslandi.

Það er talað um það sem vandamálið í skýrslum hagfræðinganna og þeirra lærðu manna, sem fjalla um okkar mál úti í heimi, að lífsafkoman á Íslandi hafi ekki verið í samræmi við framleiðslugrundvöllinn. Það er oft nokkuð rétt í því. En spurningin, þegar samræmi er ekki þar á milli, er, hvað eigi að gera.

Það er hægt að gera tvennt. Það er hægt að minnka eða lækka lífsstandardinn, rýra lífsafkomuna, og það er hægt að auka framleiðslugrundvöllinn.

Sú leið, sem hæstv. ríkisstj. er að fara inn á með þessu kúgunarkerfi, er að rýra lífsafkomuna, lækka lífsstandardinn, ekki að auka framleiðslugrundvöllinn. Hún vill láta það ráðast af okkur framandi öflum, af viðskiptalögmálum stórrar efnahagsheildar, sem hún vill innlima okkur í, hvort framleiðslugrundvöllur á Íslandi eykst eða ekki. Hún vill láta það verða komið undir lögmálum, gróðalögmálunum, gróðavonum þessa alþjóðlega peningavalds, hvort framleiðslugrundvöllur á Íslandi vex eða ekki. Það þýðir, að ríkisstj. er að fara þá leið að reyna að skapa jafnvægi fátæktarinnar, lækka lífsstandardinn. Ráð okkar, ráð verkalýðshreyfingarinnar hafa alltaf verið þau, þegar misræmi er á milli lífsstandards og framleiðslugrundvallar, að bæta framleiðslugrundvöllinn, að stórauka framleiðslugrundvöllinn. Það var ráðið, sem við gripum til 1944. Það var ráðið, sem vinstri stjórnin reyndi líka. Það er ráðið, sem alltaf hefur verið reynt, þegar verkalýðshreyfingin hefur haft einhver áhrif á ríkisstjórnina á Íslandi. Þegar Sjálfstfl. og Framsfl. voru hins vegar saman í stjórn í sjö ár, þá prófuðu þeir hitt, með þeim afleiðingum, að okkar fiskiskipaflota var varla haldið við.

Íslenzkur þjóðarbúskapur verður að fara þá leið, ef hann ætlar að halda uppi lífsstandardi þjóðarinnar og bæta hann, að auka framleiðslugrundvöllinn. Við megum aldrei láta undan því að rýra þennan framleiðslugrundvöll. Við verðum að pína okkur undir drep til þess að auka hann, og við getum það. Þegar við verjum á einu ári 1600 millj. í fjárfestingu, þá er eina spurningin, hvað mikið af þessum 1600 millj. við setjum í það, sem eykur framleiðslugrundvöllinn.

Vitleysan í okkar þjóðarbúskap á undanförnum árum hefur verið sú, að við höfum ekki tekið ákveðið hlutfall af þessu og sagt t. d.: 500 millj. af 1600 milljónum setjum við í sjávarútveginn, sem veitir gjaldeyri, og annað, sem sparar gjaldeyri, stórvirk framleiðslutæki á þessum sviðum. Slíkt hefðum við ekki getað gert nema með skipulögðum þjóðarbúskap. En hefðum við sett 500 millj. kr. eða sem samsvaraði því, — ég miða þetta við árið 1957, — í slík stórvirk tæki, þá hefði íslenzkur þjóðarbúskapur staðið undir miklu hærri lífsstandard en við höfum í dag. Það, sem okkur hefur skort allan þennan tíma, er að stjórna þessari fjárfestingu af viti og framsýni, og eins og gefur að skilja, það getur því aðeins gerzt, að ríkið hafi tökin á þessu.

Þegar talað hefur verið um verðbólgu á undanförnum árum, hefur stundum eins og verið látið í það skína, að það væri að einhverju leyti vísitölunni eða verkalýðshreyfingunni að kenna. Það er ósatt, algerlega ósatt. Kaupgeta verkalýðsins er í dag jafnvel minni en hún var fyrir 12 árum. En sú stétt, sem hefur haft öll völd hér á Íslandi, sem hefur haft ríkisvaldið, hún hefur notað aðstöðuna til þess að hækka vöruverð, ef kaupið hefur hækkað, í staðinn fyrir að knýja atvinnurekendurna í þjóðfélaginu til þess að gera sífellt endurbætur á sínum rekstri og skipulagningu sinna fyrirtækja til þess að standa sem mest undir hækkandi kaupi hjá fólkinu. Atvinnurekendastéttinni hefur verið leyft að velta þessu af sér yfir á almenning. Þannig hefur verðbólgan myndazt.

Hæstv. viðskmrh. var að tala um kjaraskerðingu 1958 og nú og vildi jafnvel bera saman, að sú skerðing, sem þá varð um vorið, væri jafnvel meiri en sú, sem nú væri lagt til. Er hæstv. viðskmrh. ekki ljóst, að samkv. útreikningum ríkisstj. og hennar hagfræðinga verður raunverulega 14% launalækkun t. d. hjá öllum einhleypum iðnverkakonum og öllum þeim, sem svipað eru settir, að hjá hjónum með kannske 50 þús. kr. tekjur verður líka svona lækkun, 14% launalækkun? Það er gífurleg launalækkun, sem í þessu felst. En af hverju er hæstv. viðskmrh. að minna á þetta? Þessi litla launalækkun, sem hann var að tala um vorið 1958, hvernig fór um hana, hvernig svaraði verkalýðurinn því, hvað stóð það lengi? Hvað heldur hann, að þessi standi lengi, miklu stærri, miklu óréttlátari, miklu hættulegri? Er hann búinn að gleyma því, að sú kjaraskerðing var þurrkuð burt af verkalýðnum? Hann vildi ekki una því að bera einn fórnirnar. Heldur hann, að hann uni því frekar núna að bera stærri fórnir, sem fela í sér hættuna á atvinnuleysi? Ég er hræddur um, að hæstv. viðskmrh. ætti að gera sér ljóst, að það þýðir lítið að bera saman við þá kjara-

skerðingu. Hún var þurrkuð út, og þessi verður þurrkuð út líka, ef henni verður skellt á.

Hæstv. viðskmrh. sagði líka, að launahækkanirnar 1958 hefðu verið óraunhæfar. Hver segir, að þær hefðu verið óraunhæfar, ef það hefðu verið gerðar slíkar skipulagsbreytingar í þjóðfélaginu, að þjóðarbúið hefði verið gert fært um að bera þær? Eins og þurfi nokkur maður að segja mér, að það hafi ekki verið hægt að bæta kaupgetu tímakaups verkafólks á Íslandi um 10% á 12 árum undanfarið? Jú, en til þess þurfti að gera ákveðnar breytingar á þjóðfélaginu, og það er á móti þeim breytingum, sem hefur verið staðið, þeim skipulagsbreytingum, sem voru nauðsynlegar. En heldur hæstv. viðskmrh., að verkalýðurinn sætti sig við það, þó að hann hafi ekki haft pólitískt afl til þess að koma fram þeim skipulagsbreytingum, sem væru skynsamlegar og réttlættar af þjóðfélaginu, að láta afleiðingarnar af allri vitleysu og óréttlæti auðvaldsskipulagsins bitna á sér í lækkuðu kaupi, meðan hann hefur frelsi til þess að berjast fyrir að hækka það? Eins og allur gróði og öll eyðsla yfirstéttarinnar hér eigi að lenda á verkamannastéttinni? Heldur hæstv. viðskmrh., að það sé svo sérstaklega girnilegt, t. d. með olíuhneykslið núna að fara út til verkamanna hérna og segja: Blessaðir fórnið, fórnið þið, það dugir ekki að fara að þjóðnýta olíuhringa, það dugir ekki annað en olíuhringar fái að græða 40—50 millj. kr. á ári, það dugir ekki annað en bankarnir komi út með sínar 60—70 millj. kr., en verkamaðurinn eða verkakonan, sem hefur 3000 kr. laun, á að lækka, lækka um 14%? Og er hæstv. viðskmrh. ljóst, hvað konurnar, svertingjakonurnar í Suður-Afríku, eru að berjast fyrir að fá í laun í dag? 1 pund á dag. Það er sama kaupið og hann ætlar iðnverkakonunum hérna, þeim sem hafa 3000 kr. laun núna, að bera. Niður á þetta stig er verið að setja íslenzkan verkalýð.

Það er vitanlegt, að engin varanleg lausn fæst á íslenzkum þjóðarbúskap, fyrr en stigin verða þau spor að þjóðnýta í fyrsta lagi innflutnings- og útflutningsverzlunina. Það er búið að vera meinið í íslenzkum þjóðarbúskap nú í meira en 25 ár, hvernig fjármagnið hefur streymt til verzlunarinnar og ekki til útgerðarinnar. Það eru stórar pólitískar breytingar, sem þarf til slíkra hluta. En meðan þær eru ekki gerðar, þá er ekkert réttlæti í því að ætlast til þess af íslenzkum verkamönnum, að þeir beri afleiðingarnar af því, að íslenzk auðmannastétt vill hamstra til sín svo gífurlegan gróða og halda uppi svo miklu verzlunarbákni, að það sligar þjóðina.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að með afnámi vísitölunnar væri verið að afnema byrði, skildist mér. Vísitalan hefur ekki verið byrði fyrir bú hins íslenzka launþega. Ég er hræddur um, að prófessorinn hafi komið upp í honum og hann hafi hugsað full-teoretískt um efnahagskerfi sitt, þegar hann fór að tala um, að það væri byrði. Vísitalan hefur verið eina trygging þess fátæka manns á móti gerræði yfirvalda, á móti því gerræði að hækka vörur, jafnvel oft að tilefnislausu. En var það rétt, sem mér heyrðist hæstv. viðskmrh. segja, að það væri stefna Alþfl. að hafa stöðuga atvinnu á sem hæstu kaupi, — var það rétt? Heyrði ég það rétt? Ef það er stefna Alþfl., hvaða stefnu er þá hæstv. viðskmrh. að framkvæma með þessu frv.? Hann er að lækka kaupið niður fyrir nokkuð, sem þekkist í okkar nágrannalöndum, og koma á atvinnuleysi um leið, sem tekizt hefur að halda frá þjóðinni með öllu því voðalega uppbótakerfi, sem á að fara að kasta.

Og þá var minnzt á það hérna áðan um æskuna. Ef til vill gerði það ekkert til, sagði einn ráðh., þó að hún ætti eftir að lifa það að færast í fang ýmiss konar erfiðleika í sambandi við að koma þessu efnahagskerfi á. — Jæja, er hæstv. ráðh. meira að segja farið að skiljast, að það muni verða nokkuð miklir erfiðleikar, sem verða leiddir yfir einstaka borgara þjóðfélagsins með þessum ráðstöfunum? En halda þeir, að það sé nokkur tilhlökkun fyrir þá æsku, sem nú er að skapa sér heimili, hefur undanfarið verið að reyna að byggja sér sæmileg híbýli, jafnvel 3—4 herbergja, að eiga nú að fara að búa í kannske einu herbergi með aðgangi að eldhúsi eða eitthvað annað slíkt, að eiga að snapa eftir vinnu niðri á hafnarbakka og snúa stundum atvinnulaus heim, eins og gert var forðum daga? Höfum við ekki verið að berjast í 20 ár, til þess að okkar börn, sem eru að vaxa upp, þyrftu aldrei að horfast í augu við það, sem við þekktum? Á nú að fara að gera það að gamni sínu til þess að þjóna einhverju skurðgoði að leiða þessi vandræði, sem við höfum verið að reyna að berjast við að útrýma allan þennan tíma, yfir unga fólkið, sem nú er að vaxa upp? Og finnst mönnum það viðeigandi á þeim tímum, þegar mannkynið ræður það vel yfir náttúruöflunum og búið að finna upp tæki, sem geta skapað allsnægtir handa öllum, að það sé verið að innleiða kerfi, sem mundi þýða atvinnuleysi og skort handa þeim, sem ættu að geta búið við allsnægtir? Þetta er ekki neitt spursmál um uppeldi. Það er hægt að finna aðrar aðferðir til þess að ala upp heldur en þær að leiða að óþörfu fátækt og atvinnuleysi yfir menn.

Ég held, að þá hafi mikið af okkar starfi á þessum áratugum verið unnið fyrir gýg, ef það á nú að verða fagnaðarboðskapur, að unga kynslóðin sé ekkert of góð til þess að ganga í gegnum það, sem við þurftum að ganga í gegnum, þegar við vorum ung. En það er það, atvinnuleysið og fátækt, sem verður afleiðing þessara ráðstafana, ef þær verða samþ.

Ég get ekki betur en aðvarað þá hæstv. ríkisstj., sem nú stendur að þessum till. Ég hef reynt áður að aðvara, þegar ég hef álitið menn vera að fara inn á rangar brautir og stíga röng spor í stað þess að horfast í augu við erfiðleikana og skipuleggja íslenzka þjóðarbúið betur.

Við eigum að halda okkar sjálfstæði og halda okkar sjálfstæða þjóðarbúskap og þora að stjórna honum einir í okkar eigin þágu. Það fer margt forgörðum hjá okkur, og við

gerum það kannske oft illa, en við eigum að reyna að bisa við að gera það áfram og gera það betur og læra af vitleysunum. Við eigum ekki að gefast upp. Við eigum ekki að láta innlima okkar land, okkar þjóðarbúskap í annað hagkerfi. Þá sláum við úr höndunum á okkur öll þau vopn, sem við höfum getað notað á síðustu áratugum til þess að skapa velmegun í þessu landi.

Hitt er mér ljóst, að Ísland getur ekki tekið stórfelldum framförum frá því, sem það hefur náð nú sem efnahagslega sjálfstætt ríki, nema með viturlega skipulögðum þjóðarbúskap í alþjóðar þágu og þá fyrst og fremst með heildarhagsmuni þjóðarinnar fyrir augum og einkum í sambandi við uppbyggingu atvinnuveganna. Það er slík heildarstjórn í þágu þjóðarinnar, sem hingað til hefur skort. Það er hún, sem þarf að koma á. Það væri spor fram á við, það væri spor, sem tryggði okkur gegn öllu atvinnuleysi, tryggði uppbyggingu atvinnulífsins, tryggði, að við réðum þeirri uppbyggingu sjálfir og hún væri í okkar eigin þágu, og tryggði um leið, að við gætum hagnýtt okkur alla þá viðskiptamöguleika, sem okkur standa yfirleitt til boða í heiminum. En þetta spor, sem nú er ætlað að stíga, það er spor aftur á bak, spor til að eyðileggja það, sem við höfum verið að gera á undanförnum árum, spor til að innlima Ísland í framandi hagkerfi, þar sem við erum háðir harðstjórn peningavalds og lögmálum kreppuþjóðfélags, sem við ráðum ekkert við.

Forseti (JóhH): Það er nokkur vandi á höndum um meðferð þessa máls. Það er augljós hin brýna nauðsyn á því, að það geti farið í gegnum þingið með sem mestum hraða. Hins vegar er skiljanlegt, að þm. telji sig þurfa að hafa hæfilegan tíma til þess að fjalla um það. Það eru nú á mælendaskránni tveir, en ég hef hins vegar hugboð um, að fleiri mundu vilja kveðja sér hljóðs. Ég vil nú til þess að freista þess að ná nokkru samkomulagi um þessi tvö sjónarmið, sem ég nefndi áðan, gera örstutt hlé á þessum fundi, í 5—10 mín.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að minnast hér nokkrum orðum á eitt atriði úr ræðu hæstv. viðskmrh. í gær. Hann sagði, að leiðin, sem við framsóknarmenn vildum fara nú, væri sú leið, sem hér hefði ríkt síðustu áratugina, leið uppbóta og alls konar vandræða. Ég vil minna þennan hæstv. ráðh. á það, að einmitt nú tvo síðustu áratugina og sérstaklega þann, sem var að líða, er mesta uppbyggingartímabil í sögu þessarar þjóðar, og það er rétt hjá ráðh., að það er stefna Framsfl., að framhald skuli verða á þeirri braut. Það hefur aldrei í sögu íslenzku þjóðarinnar verið meiri velfarnaður, aldrei meiri uppbygging, og þjóðin hafði sannarlega þörf fyrir það. Það er sú stefna, sem við viljum að ríki áfram, en ekki kyrrstöðustefna.

Eins og venja er til, flutti hæstv. forsrh. nýársboðskap á gamlárskvöld. Í ávarpinu komst hann að þeirri niðurstöðu, að þjóðin hefði lifað um efni fram og þyrfti nú að breyta um síði. Þetta var nýtt frá hendi þessa hæstv. ráðh., og þótti mörgum kynlegt að heyra. Hann talaði í þessari ræðu um, að þjóðin yrði að sætta sig við 5—6% kjaraskerðingu. Á nýársdag var ég á gangi í minni heimabyggð og hitti þar að máli nokkra verkamenn og bílstjóra í kauptúninu. Talið barst að þessari ræðu hæstv. forsrh. Þar varð einum gömlum manni að orði, þegar við vorum að ræða um ræðuna: „Mér sýndist ráðh. hafa villzt af brautinni til betri lífskjara.“ Þessi kjósandi hafði fengið bæklinginn frá þeim sjálfstæðismönnum fyrir kosningar, um leiðina til bættra lífskjara. Ég held, að ef hann hefði hlustað á hæstv. ráðh. í gær, þá hefði hann séð, að hann sá rétt, að ráðh. hafi ekki tekizt að finna leiðina til bættra lífskjara til handa almenningi í landinu.

Þegar að því er komið, að við stöndum frammi fyrir þeim staðreyndum, að hér er komið frv. til laga um efnahagsmál, eins og það er kallað, og hefur inni að halda nýja stefnu í efnahagsmálum, ber okkur fyrst að gera okkur grein fyrir því, hvers vegna nú er svo stórra aðgerða þörf. Ég get ekki stillt mig um það að líta aðeins aftur í tímann, því að það er enn þá í fullu gildi, sem einn merkur stjórnmálaforingi hafði orðtaki, þegar hann sagði, að sagan endurtæki sig. Það er nauðsynlegt að fá samhengi í þá sögu, sem hér er nú að gerast. En ég ætla að fara mjög skammt aftur í tímann, svo að ég lengi ekki mál mitt um of.

Þar kem ég að, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum. Hv. sjálfstæðismenn fóru þá að athuga efnahagsmálin í landinu og gera sér grein fyrir því, hvað þyrfti til, svo að þeir gætu tekið við völdunum og farið með mál þjóðarinnar, eins og þeim líkaði. Þá komust þeir að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til, að almennt kaupgjald í landinu lækkaði um 6%, þegar því væri lokið, væri hægt að stýra málefnum þjóðarinnar án frekari aðgerða. Þær aðgerðir, sem gera þurfti um leið, væri hægt að gera innan þess ramma, sem þá væri til orðinn. Viðskilnaður vinstri stjórnarinnar var ekki verri en þetta að dómi höfuðandstæðinganna. Ofan á það bættist, að síðar meir kom í ljós, að vinstri stjórnin hafði skilið eftir handa eftirmönnum sínum tekjuafgang, sem nam nokkrum tugum millj. kr. Hún hafði skilið eftir líka tugi millj. kr., sem voru Sogstollarnir, sem líka var afgangur handa þeim, sem á eftir komu. Gjaldeyrisbirgðir voru miklar í landinu. Þessi þáttur í viðskilnaði vinstri stjórnarinnar var ekki tekinn með í dæmið, þegar þeir sjálfstæðismenn gerðu það upp og álitu samt, að ekki þyrfti frekari aðgerðir en 6% kauplækkun.

Hvað hefur svo gerzt, síðan þessi yfirlýsing var gefin í Morgunblaðinu 19. des. 1958? Þeir,

sem hafa farið með völdin í landinu síðan, eru Alþýðuflokksmenn og sjálfstæðismenn. Þegar á að rekja orsakirnar til þess, sem nú á að gera, verður að leita þeirra þar. Þegar Alþfl.-stjórnin kom til valda á jólum 1958, hverju lýsti hún yfir sem sínu höfuðhlutverki? Það var stöðvunarstefnan, sem hún ætlaði að beita sér fyrir. Hún ætlaði að koma hér á stöðvun dýrtíðar og verðbólgu í landinu. Það var hennar höfuðtakmark, og það ætlaði hún að gera án þess að leggja á nokkra almenna skatta. Þessu var margyfirlýst, og í hvert sinn, sem við á þinginu í fyrravetur gerðum tilraun til þess að koma hér áfram einhverju máli, sem kostaði fjárveitingu, þá var alltaf þessu borið við, að nú skyldi verða stöðvun og við yrðum þá að sjá fyrir tekjunum vegna útgjaldanna.

Hvernig hefur svo stöðvunarstefnan reynzt í framkvæmd hjá Alþfl.- og íhaldsstjórninni? Það, sem gert var af þeirra hendi, var að lækka kaupgjaldið í landinu álíka og íhaldið sagði fyrir. Bein kauplækkun var 5,4%, en kjararýrnunin varð auðvitað meiri vegna óbeinna aðgerða. Þó að sjálfstæðismönnum sýndist svo, að útgerðin eða útvegsmennirnir gætu búið við þann starfsgrundvöll, sem ríkti um áramótin 1958, þá varð önnur raunin á hjá þeim Alþfl.-mönnum. Þeir hækkuðu verulega framlag til útgerðarinnar í landinu. Það hefur verið deilt um það, hvort þetta hefur verið af nauðsyn gert, en vafalaust hefur það að einhverju leyti verið. Og þeir hækkuðu niðurgreiðslurnar stórkostlega, svo sem kunnugt er. Og hvernig fóru þeir að því, Alþfl.- og íhaldsstjórnin, að mæta þessum útgjöldum? Þeir gerðu það með því að skera niður verklegar framkvæmdir og með því að eyða sjóðunum, *sem ég nefndi hér áðan. Þeir gerðu það með* því að áætla tekjur og gjöld að okkar dómi ekki raunhæft. Þeir gerðu það með því að reikna með miklum hátollavörum. Þegar þessi mál voru hér til umræðu á hv. Alþ., þá var það að dómi okkar framsóknarmanna, að afgreiðsla fjárlaga væri ekki raunhæf, hún væri glannaleg. Hverju var þá haldið fram? Því var haldið fram þá, að þetta væri óskhyggja af okkar hendi, og þessu var haldið fram í kosningabaráttunni, bæði í vor og s. l. haust. Það var ekki verið að halda því fram þá, að það væru nein vandræði með fjárhag ríkissjóðs. Nei, það var óskhyggja framsóknarmanna, sem vildu, að svo væri, en raunin væri allt önnur. Nú er víst komið annað hljóð í strokkinn. Nú heyrist mér, að afkoma ríkissjóðs hafi ekki reynzt eins vel og vonazt var til. Það skyldi þó ekki vera, að ýmislegt af því, sem framsóknarmenn bentu á, hafi verið rétt?

Annar þáttur efnahagsmálanna og hann ekki síðri er útflutningssjóður. Því var líka haldið fram, að þar væri byggt á því, sem mundi reynast rétt. Það var kveðið mjög fast að orði í kosningabaráttunni í haust, að enginn þyrfti að kvíða vandræðum útflutningssjóðs, því að fyrir honum væri séð. Þegar ég leyfði mér að halda því fram, að það mundi verða verulegur halli á útflutningssjóði, í kosningabaráttunni í haust, þá er því bara svarað til: Þú veizt þetta ekki, góði. Ég veit þetta betur, sagði frambjóðandi Alþfl. Ég á nefnilega innangengt í stjórnarráðið. — En hvað er nú upp á teningnum? Eru borðin hrein, sem voru kölluð hrein í kosningabaráttunni í haust? Nei, þau eru það ekki.

Því var líka haldið fram af okkur framsóknarmönnum í fyrravetur, að það væri gert of mikið að því að byggja á innflutningi á hátollavöru. Við töldum, að þetta væri glannaskapur og það ætti að mæta þessu á annan veg en gert var. Það var ekki talið rétt sjónarmið þá. Stöðvunarstefnan þoldi nefnilega ekki það sjónarmið, að útgjöldum væri mætt á annan veg en þeir Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn ályktuðu þá. Hverju er haldið fram nú? Því er haldið fram nú, að það séu hreinir glæfrar að byggja á slíkri stefnu, og það er meira að segja sýnt fram á það núna, að það var ekki hægt að halda við þá innflutningsáætlun, sem gerð var í fyrra og hæstv. viðskmrh. lýsti yfir hér á hv. Alþ að skyldi vera fylgt. Nú hefur það sýnt sig, að þeir gátu ekki fylgt innflutningsáætluninni, sem þeir sögðust fylgja fast eftir, en við töldum þá, að hér væri spilað of djarft og það yrði að taka á málunum á annan veg.

Nei, það var alger stöðvunarstefna í landinu og ekkert mátti hækka. Þess vegna mátti ekki hlusta á okkar rök. Til þess að sýna, að svo væri, var ekki hikað við að ganga á rétt bændastéttarinnar með útgáfu brbl. Þau áttu að vera sönnun þess, að ríkisstj., sem þá sæti í landinu, vildi ekki una neinum hækkunum og mundi ekki una. Eftir að þau lög voru gefin út, hvað var þá gert? Það var tekinn hver á fætur öðrum af foringjum Alþfl. og látinn vitna í Alþýðublaðinu. Ég man eftir því, að hv. þm. Eggert Þorsteinsson var einn af þessum vitnum, og ég man ekki betur en hv. þm. Sigurður Ingimundarson væri líka einn af þeim, sem vitnuðu um gildi stöðvunarstefnunnar, sem mætti ekki hverfa frá. Það var á allra vitorði, að Alþfl. hélt því fram, að honum hefði tekizt að stöðva verðlagið í landinu og nú væru engin vandræði.

Er þetta nú samhljóða því, sem við heyrum í dag? Er þetta það, sem þetta frv. boðar? Er þetta það, sem kemur fram í ræðum hæstv. ríkisstj.? Nei, það er allt annað. Því var lýst yfir frá hendi stjórnarsinna, eins og ég tók fram hér áðan, að borðin yrðu hrein, sem hæstv. ríkisstj. Alþfl. skilaði, það þyrfti enginn að kvíða neinum óreiðuvíxlum. Hvað segja nú þessir hæstv. ráðherrar sjálfir? Eru engir óreiðuvíxlar? Er ekkert, sem þarf að taka á sig núna frá fyrri tíma? Jú. Það skýtur nokkuð skökku við það, sem haldið var fram í kosningabaráttunni í haust, enda á nú ekki að fara að kjósa.

Hæstv. menntmrh. sagði hér í gær, að það hefði aldrei verið álit þeirra Alþfl.-manna, að verðbólgan væri stöðvuð nema í bili, þetta hefðu aðeins verið bráðabirgðaaðgerðir, sem ríkisstj. hæstv. fyrrv. forsrh., Emils Jónssonar, hefði gert. Ég vil leiða fram í þessu máli eitt

vitni, og þetta vitni er hæstv. núv. og fyrrv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason. Í aprílmánuði s. l. seint héldu þeir Alþfl.-menn fund í félögum sínum hér í Reykjavík. Þessi hæstv. ráðh. mætti á þeim fundi og hélt þar ræðu. Hans blað sagði svo frá þessum fundi. Frásögnin af þessum fundi þótti svo merkileg, að vinablaðið, Morgunblaðið, tók upp frásögnina og birti 1. maí s. l., en þar komst hæstv. ráðh. svo að orði, samkv. frásögn blaðsins, með leyfi hæstv. *forseta:*

„Drap hann," segir blaðið, „á meginverkefnin þrjú, sem núverandi ríkisstjórn tókst á hendur að leysa, efnahagsmálið, kjördæmamálið og fjárlögin. Kvað ráðh. þetta engin smáverkefni á 4—5 mánaða tímabili og alls ekki ofmælt, að engin ríkisstj. hefði leyst jafnmörg stórmál á jafnskömmum tíma. Sagði hann, að í dag væri ánægjulegt til þess að vita, að séð væri fyrir endann á þeim öllum."

Þegar Morgunblaðið hafði endurprentað þetta, þá sögðu þeir: Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn.

Ég segi: þetta er yfirlýsing um það, að verðbólguvandamálið hafi verið leyst, ekki til bráðabirgða, heldur að verðbólguvandamálið hafi verið leyst, og það voru ekki litlir karlar, sem leystu þessi þrjú mál á 4—5 mánuðum. Það var ekki ofmælt, að engin ríkisstj. hefði klárað sig betur.

En hvað svo? Var verið að segja það í gær, að þessi verkefni væru leyst? Nei, það var verið að segja, að þau væru óleyst og þau væru erfiðari viðfangs nú en nokkru sinni fyrr? Er þetta að vera sjálfum sér samkvæmur? Nei, þetta er að tala fyrir og eftir kosningar. Ef vandamálin eru svo mikil sem þeir í hæstv. ríkisstj. lýsa nú, þá er það ekki vegna þess, að vinstri stjórnin hafi haldið illa á málum. Sjálfstæðismenn gáfu henni sitt vottorð, og það verður ekki vefengt, að það hefur verið dregið vinstri stjórninni í vil.

Það, sem hefur skeð á þessu tímabili, er það, að verðbólgan hefur ekki verið stöðvuð. Alþfl. hefur ekki tekizt að leysa það verkefni, sem hann taldi sig hafa leyst. Það hefur og skeð, að þær aðvaranir, sem við framsóknarmenn komum hér fram með í fyrravetur, reyndust réttar. Og meira en það: fullyrðingar hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða í Alþfl. og Sjálfstfl. hafa ekki staðizt. Þetta er deginum ljósara og þýðir ekki á móti að mæla, og get ég þar vitnað í þeirra eigin orð.

Í framhaldi af þessu er rétt að minna á það, að núv. forsrh. sagði, þegar hann tók við völdunum, að verkefnið, sem hans biði, væri að leysa hnút, sem væri upp á 250 millj. kr. En hvað kemur svo hér fram? Eru það 250 millj.? Nei, það eru álögur á annan milljarð. Er þetta ávöxturinn af stöðvunarstefnu Alþfl. og Sjálfstfl.? Hvernig haldið þið þá, hv. þm., að verði ástatt, þegar stjórnarliðar viðurkenna, að nú sé ekki um stöðvun að ræða, fyrst þetta er ávöxtur stöðvunarstefnunnar?

Þegar þessir sömu flokkar sameinuðust um það að breyta kjördæmaskipuninni á s. l. þingi, héldu þeir því fram, að það væri réttlætið, sem þeim væri fyrir mestu. Því var hins vegar haldið fram af okkur framsóknarmönnum, að það væri ekki það, sem verið væri að sækjast eftir, þessum mönnum væri réttlæti ekki svo mikils virði, nema það væri þeim í hag. Það voru leidd rök að því þá, hvenær þeir hefðu fengið fjörkipp til þess að breyta kjördæmaskipun landsins. Það var þegar stóð illa í bælið þeirra. En við bentum hins vegar á, að það væri höfuðatriði í kjördæmamálinu, að stefnt væri að því að draga úr uppbyggingunni í þjóðfélaginu, það væri stefnt að samdráttarstefnu, og sérstaklega væri stefnt að því að draga úr uppbyggingunni úti um landsbyggðina. Þetta voru ekki talin góð rök frá þeirra hendi. Og ég man ekki betur en ég yrði var við það, að því væri haldið fram í kosningunum í haust, að nú fyrst yrði hægt að hefja uppbyggingarstefnu. Við héldum öðru fram. Við héldum því líka fram, að það, sem nú ætti að gera í sambandi við efnahagsmálin, væri að leggja byrðarnar á hinn almenna borgara í þessu landi. Á bök þeirra ætti að leggja byrðarnar, þegar farið væri að fást við efnahagsmálin, þess vegna þyrfti að vera búið að draga úr valdi kjósandans, sem hann hafði, eins og kjördæmaskipunin áður var. Það þurfti að fjarlægja þm. frá kjósendunum. Og hvað hefur svo skeð? Hver er stefnan, sem síðasta ríkisstj. fór, og hver er stefnan, sem þessi hæstv. ríkisstj. ætlar að fara? Strax í fyrravetur var dregið úr framlögum til verklegra framkvæmda, eins og ég nefndi hér áðan. Og hvert stefna svo aðgerðir ríkisstj. nú? Þær stefna fyrst og fremst að því að stöðva uppbygginguna í landinu. Fjárlögin eru stórkostlega hækkuð, þau verða um hálfan annan milljarð, þegar þau fara út úr þinginu. En framlögum til verklegra framkvæmda er ætlað að standa óbreyttum.

Það hefði einhvern tíma þótt góð latína hjá þeim *sjálfstæðismönnum að geta núið Framsfl.* um nasir, ef slíkt hefði skeð hjá honum. Þetta er ávöxturinn af kjördæmabreytingunni, og að þessu var stefnt, þegar breytt var. Það á að taka erlend lán núna, þrátt fyrir þær aðvaranir og þær yfirlýsingar, sem þeir hafa gefið. En nú á ekki að taka þau til þess að byggja upp í landinu. Það á að taka þau til þess að geta eytt þeim til þess að kaupa vörur fyrir, en ekki til að byggja upp. Þetta er líka nýr og veigamikill þáttur. Menn segja nú kannske sem svo: Það er ekki þörf á meiri uppbyggingu. — Ég minnist þess að hafa heyrt hér á hv. Alþingi, að því hefur verið haldið fram, að það væri orðin offramleiðsla í landbúnaðinum og það þyrfti að draga þar úr uppbyggingu. Hvað er að ske nú? Er það offramleiðsla, að það er að verða smjörlaust í landinu og við ætlum að fara að flytja inn smjör? Og mjólkin er af skornum skammti. Það er alltaf hörgull á vöru, ef aldrei kemur það tímabil, að eitthvað sé um of. Þannig gerðist það líka, að það var of mikil mjólkurframleiðsla, þegar sérstakt góðæri var. En staðreyndirnar eru,

að nú er þetta öfugt. Það er því fullkomin ástæða til að halda áfram við uppbygginguna í landinu og um landið allt, en hætta ekki.

Og stefna stjórnarinnar í efnahagsmálum, eins og hún birtist í þessu frv., hver er hún? Hún er að skipta þjóðinni í tvo hópa, þá, sem eiga, og þá, sem eiga ekki. Hér er um tvö meginatriði í þessu frv. að ræða. Þeir, sem eru búnir að byggja upp, eiga atvinnutæki og eru búnir að koma sér vel fyrir í lífinu, það eru þeir, sem njóta ávaxtanna af þessu frv. En það eru hinir, sem eru í miðjum klíðum við uppbygginguna, þeir sem eru að mynda sér heimili og eru að hefja lífsbaráttuna, það eru þeir, sem eiga hér að bera byrðarnar. Þetta er einmitt það, sem við sögðum, að það ætti að dreifa byrðunum á hina almennu borgara í landinu og það yrði betri aðstaða til þess eftir kjördæmabreytinguna. Ávöxturinn segir til sín.

Svo koma hv. stjórnarliðar og segja: Ég ætla nú að bæta ykkur þetta allt upp aftur. Ég ætla nefnilega að láta ykkur hafa 150 millj. í tryggingum, og það nægir til þess að bæta upp álögur á annan milljarð.

En hvað sagði hæstv. núv. forsrh. í fyrra? Það kom frásögn í Vísi, þar sem stóð með stórum stöfum og blaðsölustrákar kölluðu á götunum: „Ólafur Thors segir þjóðinni satt.“ Það þótti mikil frétt. Hvað sagði hann þá? Þá sagði hann: Niðurgreiðslurnar — **(Forsrh.:** Þarna fór hann alveg fram úr Hermanni Jónassyni.) Hæstv. forsrh. hefur aldrei farið fram úr Hermanni Jónassyni, nema í því að segja ekki satt. En það, sem þessi hæstv. forsrh. sagði þá, var þetta: Niðurgreiðslurnar, sem nú er verið að gylla fyrir ykkur, þær verðið þið að borga aftur í auknum sköttum eða í stöðvuðum framkvæmdum. — Haldið þið, hv. alþingismenn, að þjóðin verði ekki líka að greiða aftur framlagið, sem tryggingarnar veita til þess að reyna að gera hæstv. ríkisstj. góða? Þjóðin verður að borga þetta framlag með nýjum sköttum eða draga úr framkvæmdum. Það er nákvæmlega jafnsatt þetta og var hjá hæstv. forsrh. á Sjálfstæðisfundinum í fyrra. Og niðurgreiðslurnar, sem nú eru orðnar yfir 300 millj., það er sama um þær að segja. Svo á að koma og segja þjóðinni, að hér sé ekki verið að fara illa að, það sé aðeins 3% kjaraskerðing, og það geti allir þolað. Það, sem við sögðum í fyrravetur, er nú þegar komið fram. Það hefði þó enginn búizt við því, að það mundi ekki taka eitthvað lengri tíma, að það rættist.

Þá komum við að því: var ekki nauðsynin svo mikil að breyta um efnahagskerfi, að þess vegna áttum við, eins og hæstv. forsrh. sagði, ekki nema eins kostar völ? Gott og vel. Það er nú svo með uppbótakerfið, sem nú er bölsungið mikið, að þar hafa fleiri komið við sögu en þeir, sem nú eiga að valda því. Ég man ekki betur en hæstv. núv. forsrh. sæti í þessum sama stól, að vísu var stjórn hans þá búin að biðjast lausnar, ef ég man rétt, þegar ríkið tók ábyrgð á útvegi landsmanna 1946. Ég man ekki betur en það væri atvmrh. þáv., Áki Jakobsson, í ráðuneyti hæstv. ráðh. Ólafs Thors, sem beitti sér fyrir því. Það var upphafið að þessu kerfi. Og ég man ekki betur en þeir sjálfstæðismenn sætu í ríkisstj., og þá mun hæstv. núv. forsrh. hafa verið atvmrh., þegar bátauppbótakerfið var upp tekið 1951. Nei, ég held, að þeir hafi komið þar við sögu, sjálfstæðismenn, svo að þeir þurfa ekki mikið að blása þess vegna. Þetta kerfi hefur sína kosti og sína galla. Kostir þess liggja m. a. í því, að það er hægt að jafna hlut þeirra, sem verr eru settir, með því, sem gert var í stórum stíl með sérbótum, og ég er ekki búinn að sjá það, að hæstv. ríkisstj. komist alveg fram hjá því máli, þó að nú eigi að vera fyrir öllu séð. Þessi þáttur í uppbótakerfinu var m. a. sterkur þáttur í því að byggja upp atvinnulíf víða um landið, þar sem menn máttu sín miður. Þetta er stór og veigamikill þáttur í uppbótakerfinu. Með því er hægt að byggja upp landið allt. Það er hægt að dreifa fjármagninu betur með þessu kerfi en í gegnum það fjárhagskerfi, sem nú á að fara að taka upp. Það þýðir nefnilega það, að þeir, sem betur mega sín, njóta sín ekki eins vel í gegnum uppbótakerfið, en hinum er aftur rétt hjálparhönd. Hins vegar skal það fúslega viðurkennt og hefur alltaf verið viðurkennt af okkur framsóknarmönnum, að kerfið er ekki gallalaust. Það er síður en svo, og m. a. eru höfuðgallar þess, þegar það fer að verða stórt og umfangsmikið, að þá fer að myndast mikið ósamræmi milli einstakra vörutegunda innanlands og erlendra, og það getur skapað mörg vandræði. Þess vegna getur þetta kerfi aldrei verið nema takmarkað og svo er um fleiri. Ef byggt er of mikið á hátollavöruinnflutningi, eins og gert var hjá hæstv. síðustu ríkisstj., þá er fjárhagur þessa kerfis í mikilli hættu. Við höfum líka, framsóknarmenn, bent á þessa galla. Það kom skýrt fram í því, sem hæstv. viðskmrh. las hér, þegar hann las till. okkar, sem við lögðum fram í vinstri stjórninni.

Ég vil þakka þessum hæstv. ráðh. fyrir að lesa þessar tillögur og vil segja honum það, að við höfum engu gleymt í þeim, enda hefur það sýnt sig. Við bentum á það þá, að það væru gallar á þessu uppbótakerfi, sem þyrfti að laga, þess vegna yrði að leggja almennt gjald á vöru flutta til landsins, og við það höfum við staðið. Við sögðum, að það væri nauðsyn að leita eftir meira jafnvægi í efnahagsmálum og það væri eðlilegt að ná því í áföngum. Við vildum halda áfram uppbyggingunni í landinu. Við vildum ekki ganga inn á þá leið, sem gerði ráð fyrir kyrrstöðu og samdrætti í uppbyggingunni. Þess vegna var það okkar meginatriði, að uppbyggingarstefnunni yrði fylgt, en ekki frá henni horfið, og við vildum hafa samráð við stéttarfélögin í landinu um aðgerðir í efnahagsmálum. Þetta var það, sem fólst í till. þeim, sem ráðherrann las hér í gær, og hann hefði sannarlega mátt lesa þær fyrr, því að þær voru ekki okkur í óhag, heldur var það meginið af þessum till., sem fólst í bjargráðunum 1958. Við höfum alltaf kannazt við þau mál sem okkar mál og

viljað standa með þeim. Við sýndum það í þeirri ríkisstj., að við fylgdum því eftir og stóðum með því, sem átti að gera þá, og ríkisstj., sem Framsfl. hafði forsæti fyrir, fór frá völdum vegna þess, að málinu var ekki fylgt eftir.

Þetta segi ég, að sé að vinna heiðarlega í pólitík. Ef það er ekki, þá þarf ég að læra meira, og ég veit ekki, hvort ég kæri mig um þann lærdóm.

En hæstv. ráðh. hafði gleymt einu. Ég veit, að hv. þm. hafa tekið eftir því, þegar hann byrjaði að lesa tillögur Alþýðuflokksins, þá byrjuðu þær mjög svipað og okkar. Ég man, að tillögur okkar voru lánaðar þeim Alþfl.-þingmönnunum. Eftir það sagði Alþýðubl. frá því, að þeir hefðu fundið þriðju leiðina. En hæstv. ráðh. var ekki að hæla þriðju leiðinni í gær. Hún kom fram, eftir að þeir höfðu séð okkar tillögur.

Það er áreiðanlegt, að það er gott að muna það, sem skeð hefur, og það er stundum nauðsynlegt að lesa það upp, og ég labbaði að gamni mínu eftir þessa ræðu í gær og fékk mér Alþingistíðindi frá 1950. Það vildi svo til, að bókin opnaðist á ræðu, sem hæstv. núverandi viðskmrh. flutti um gengisfallið þá. Og þar lenti ég á því, að hann var að vefengja sérfræðinga og tala um, að ríkisstj. væri að skjóta sér bak við þá. Ég veit ekki nema þessi hæstv. ráðh. hefði nú gott af því að lesa eitthvað upp af þessu, og mér hefur stundum fundizt, að minni hans væri ekki eins gott og ég hafði ætlað. En það er ekkert við því að segja, þó að menn sjái nýja fleti á máli, það getur verið eðlilegt. Ég er ekkert að segja, að það sé neitt óeðlilegt við það, þó að hæstv. viðskmrh. líti öðrum augum á gengisfall núna en 1950, og er heldur ekki að segja það, að gengisfall út af fyrir sig sé neitt voðalegur atburður, og kem betur að því síðar.

En hvert var höfuðatriðið í bjargráðunum 1958? Það var yfirfærslugjaldið. En hverjir hafa verið andstæðingar bjargráðanna 1958? Hverjir hafa talað mest gegn þeim og einmitt þeim þættinum, yfirfærslugjaldinu? Það hafa verið sjálfstæðismenn. Og ég man ekki betur en þau bæri nokkrum sinnum á góma í kosningabaráttunni í haust, og það var einmitt yfirfærslugjaldið, og mig minnir, að hv. núv. samþingismaður minn, 2. þm. Vestf., hafi haldið því fram þá, að það sé einmitt yfirfærslugjaldið, sem hafi verið megingallinn á bjargráðunum 1958, að þau legðust þyngra á landbúnaðinn en nokkurn annan atvinnuveg. Hvað ætli sé nú uppi um þá hluti? Og svo lenti ég á því að lesa útvarpsræðu, sem hæstv. núv. landbrh. flutti 1958. Hvað sagði hann um bjargráðin, sá hæstv. ráðh.? Með leyfi hæstv. forseta, þá komst hann svo að orði:

„Landbúnaðurinn, sem engan málsvara virðist hafa átt, þegar verðbólgufrv. var samið, verður fyrir hvað mestum skakkaföllum vegna þessara ráðstafana. Allar rekstrarvörur landbúnaðarins eru stórhækkaðar og 55% yfirfærslugjaldið lagt á brýnustu nauðsynjavörur landbúnaðarins. Landbrh., Hermann Jónasson, sagði í gær, að 55% yfirfærslugjaldið væri ekki lagt á brýnustu nauðsynjavörur. Eftir því telur ráðherrann fóðurbæti, áburð, benzín, byggingarefni, vélar og varahluti, sem þarf til rekstrar landbúnaðarins, ekki nauðsynjavörur. Hygg ég, að bændur hafi ekki búizt við slíku skilningsleysi hjá ráðherranum.“

Svo mörg eru þau orð. Ætli núna verði ekki hækkun á rekstrarvörum landbúnaðarins? Hvað ætli dráttarvélarnar komi til með að hækka? Mér sýnist að lauslega athuguðu máli, að það geti orðið upp undir 50%. Það væri gaman, ef ráðherrann vildi gera svo vel að upplýsa það. Varahlutir hækka eitthvað álíka. Mér sýnist, að hjólbarðar á bifreiðar gætu hækkað um 44% eða eitthvað þar um kring. Og fóðurbætirinn, hann skyldi nú ekki hækka núna? Mér er nú sagt, að maísinn geti hækkað um 43% eða eitthvað þar um og áburðurinn 50—60%, erlendur áburður. En um leið vil ég nota tækifærið til að spyrja hæstv. ráðherra: Er meiningin að halda því áfram að greiða hann niður, eins og gert var í fyrra? Þá var hann greiddur niður, svo að hann hækkaði ekki meira en innlendur áburður. Er það meining núv. hæstv. ríkisstj. að fylgja þeirri stefnu áfram? Ef það er, þá skýrist þetta nokkuð. Mér sýnist, að byggingarefni gæti hækkað eitthvað yfir 40% og rúgmjölið yfir 60%. Gaman væri að fá upplýsingar um þetta, því að þetta mál er svo óljóst enn þá, að það er allt á reiki um það. Og nú vil ég spyrja: Átti landbúnaður engan málsvara í hæstv. ríkisstjórn, þegar var verið að kokka þessi mál? Þegar var verið að reyna að koma okkur heim fyrir jólin í vetur og hæstv. ríkisstj. kvartaði undan því, að hún hefði ekki frið, þá bar það til a. m. k. seinni hluta dags, að þá var hæstv. landbrh. látinn sitja hér einn niðri í Alþingi. Þá vorum við að stinga saman nefjum um það, hvort nú væri verið að ráða málum, sem hann mætti ekki fylgjast með. Kannske þetta atriði hafi þá verið afgert? Og ég spyr áfram: Skorti þennan hæstv. landbrh. skilning á hag og nauðsyn bændastéttarinnar? Ég nota bara hans eigin orð. Og ég held áfram að nota hans eigin orð og segi: Eða keypti hann valdastólinn svo dýrt, að hann fórnaði hagsmunum bændastéttarinnar? Nei, ég sé ekki, að bændastéttin sé hér sett á sérstakan bekk, annan og betri en aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi. Það hafa ekki verið talin nein rök af hendi okkar framsóknarmanna hingað til í sambandi við bjargráðin, þó að við höfum bent á það, að Stéttarsamband bænda hafi lýst því yfir, að það væri séð eins fyrir hag bændastéttarinnar og annarra stétta í landinu. Það hafa ekki verið talin gild rök af hendi þeirra sjálfstæðismanna. Mér er ekki ljóst, að í þessu frv. sé gert ráð fyrir, að bændastéttin búi við neitt annað gengi en almenningur í þessu landi. Þess vegna endurtek ég spurningarnar, sem þessi hæstv. núv. ráðh. bar fram 1958.

Það var annar þáttur í sambandi við yfirfærslugjaldið og þá leið, sem farin var 1958, sem ég vildi gera hér dálítið að umræðuefni.

Þegar uppbótakerfi er orðið jafnstórt og

það er orðið hjá okkur, er einn hlutur nauðsynlegur, og hann er sá, að það sé ekki breytt um kerfi nema í áföngum. Það er enginn vafi á því, að það, sem er þjóðinni hættulegast í þessu efni, eru þær eilífu sveiflur, sem hér hafa á orðið. Og ef menn skoða 20 ára tímabilið frá 1940, þá verður það ljóst. Við höfum annan daginn gefið frjálst, hinn daginn skömmtun, og þar fram eftir götunum. Þessi leið, áfangaleiðin, er þeim mun nauðsynlegri vegna þeirrar uppbyggingar, sem átt hefur sér stað í landinu síðustu árin. Ég man nú ekki betur en þeir sjálfstæðismenn hafi viljað eigna sér sinn hlut af þeirri uppbyggingu, sem átt hefur sér stað í íbúðum manna síðan 1953. Þá var talið, að þar hefði verið gefið frjálst, og það var mikið í kringum það. En hafa menn gert sér grein fyrir því, hvernig það fólk er á vegi statt, sem hefur verið að byggja síðan 1953? Hefur hæstv. ríkisstj. gert sér grein fyrir því, hvernig hún kemur við það, sú vaxtahækkun, sem nú er boðuð? Hæstv. ríkisstjórn mun kannske halda því fram, að vaxtahækkunin komi ekki við það, vegna þess að lánin séu þegar afgreidd. En heldur hæstv. ríkisstj., að þetta fólk sé búið að koma öllum sínum peningalánum í föst lán? Og það er líka annar þáttur í þessu sambandi. Ég þekki vel til þess, að í mínu byggðarlagi er stofnun, sem heitir Sparisjóður Mýrasýslu. Þessi stofnun hefur gert mjög að því að reyna að hjálpa héraðsbúum til að byggja upp. Hvernig fer nú fyrir þessari stofnun, ef innlánsvextir verða hærri en útlánsvextir? Það kemur ekki við neina aðra en fólkið í þessu héraði. Þetta er líka mál út af fyrir sig. Hæstv. ríkisstj. leyfir sér að halda því fram, að það sé auðvelt að fást við vextina, vegna þess að þeir séu svo hreyfanlegir. En hvað gerist í peningamálum þjóðarinnar, ef vextir verða svo óstöðugir, að það sé búizt við, að þeim sé stórkostlega breytt frá ári til árs? Það, sem gerist, er ekkert annað en það, að það verða ekki önnur viðskipti í bönkum landsins en víxilviðskipti. Það eru þau viðskipti, sem almenningur kærir sig ekki um. Og ég segi það af fullum rökum og fullri þekkingu, að með þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. er nú að taka upp í sambandi við þetta fólk. er heilum byggðarlögum jafnvel stefnt í voða. Atvinnu- og uppbyggingarstefnan er þannig á veg komin í ýmsu, að hér er um nýgræðing að ræða, sem hefur ekki fest þær rætur, að það væri ástæða til að beita þeim fautaskap, sem hér á að beita. Þeir menn, sem halda því fram, að þeir hafi verið einhverjir sérstakir boðberar stefnu frá 1953 um, að almenningur í landinu gæti byggt yfir sig, þeir koma nú svona aftan að fólkinu, þegar það er í miðjum klíðum með sínar framkvæmdir. Og ég segi ykkur það satt, að það eru mörg kauptún á þessu landi, sem hafa verið að byggjast upp á þessum síðasta áratug, sem eru, sem ég vil segja, í stórkostlegri hættu vegna þeirra aðgerða, sem nú á að gera.

Eins og ég drap á áðan, þá er það um gengisfall að segja út af fyrir sig, að undir vissum kringumstæðum getur það átt rétt á sér. Og með þeirri leið, sem farin var með yfirfærslugjaldinu 1958, ef sú leið hefði fengið að þróast, hefði gengisfall ekki orðið neitt átak fyrir þjóðina, vegna þess að þá var hægt að umskrá þann mun, sem á var lagður. Það hefði ekki verið neitt átak fyrir þjóðina, þó að genginu hefði verið breytt þar. Ég vil líka í þessu sambandi minna á baráttu þeirra sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksmanna fyrir kauphækkuninni í sambandi við lögin 1958. Mennirnir, sem nú koma til þjóðarinnar og segja: Þið eigið að taka þessu með skilningi, þið eigið að gefa þessu tíma til þess að sýna sig, — það voru þeir, sem gengu út vorið 1958, það voru þeir, sem voru að auglýsa verðhækkanirnar til þess að fá kauphækkunarkröfuna fram. Og svo koma þeir nú til þjóðarinnar og segja: Þið eigið að sýna skilning og velvilja og lofa þessu að þróast, því að þá getur það orðið þjóðinni til gagns. — Var þetta stefnan 1958? Og ég vil segja hæstv. viðskmrh. það, að ef þið Alþýðuflokksmenn hefðuð staðið að því máli eins og við framsóknarmenn gerðum, þá væri betur komið hag þjóðarinnar en nú er og þá þyrftu þessir hæstv. ráðh. ekki ár eftir ár að vera að rýra kjör fólksins í landinu, eins og þeir gera nú.

Nei, mergur málsins í sambandi við gengisfallið er, hvernig það er gert og að hverju það stefnir, hvort það er stefnt að því að auka framleiðsluna í landinu, auka atvinnulífið og uppbyggingarstefnuna. Þetta er meginmálið, því að með því móti er hægt að bæta fólkinu upp þá kjaraskerðingu, sem kynni að verða, og ef þetta á sér stað eins og eðlileg þróun, þá þarf þetta ekki að vera tilfinnanlegt. Það er þetta, sem er þverbrotið nú, því að jafnhliða því, að gerð er stórkostleg gengislækkun, eru lagðar á gífurlegar nýjar álögur. Hver skyldi hafa trúað því, þegar útflutningssjóður væri lagður niður og gengisfallið látið mæta útflutningsuppbótunum, að þá væru tekjurnar, sem útflutningssjóður hafði, teknar í ríkissjóð og nýjum álögum bætt þar ofan á? Nei, ég skal segja ykkur það, að ef ég hefði sagt það í haust í kosningabaráttunni á Miðvesturlandi, hvað haldið þið, að þið, góðir andstæðingar mínir, hefðuð þá sagt? Hvílíkar öfgar, þvílík óforskömmugheit að halda slíku fram. — Ég skal segja ykkur það, að mér hefði ekki dottið slíkt í hug, mér hefði aldrei komið það til hugar, að jafnhliða stórkostlegu gengisfalli yrði öllum álögum til útflutningssjóðs haldið og bætt við nýjum. Þess vegna á það sama ekki nema að nafninu til við um gengisfall. Aðalatriðið er, að hverju það stefnir.

Það, sem líka er nauðsynlegt í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum og var gerð heiðarleg tilraun til hjá vinstri stjórninni, það var að reyna að fá samstöðu og skilning fólksins í landinu á því, sem þörf var að gera og gera átti. Það getur engum manni dulizt, að til þess að slíkar aðgerðir megi heppnast, þarf það að gerast. Því miður tókst það ekki. En það var vegna þess, að það var haldið uppi látlausum áróðri frá hendi stjórnarandstöðunnar og þeirra manna, er hún náði til fylgis við sig.

Hvað er gert nú? Það er ekki verið að leita eftir samstöðu. Alþingi var hafið hér í haust með þvílíkum fautaskap, að stjórnarandstöðunni var næstum því vísað út úr dyrunum strax og þm. voru komnir inn fyrir. Það var sagt frá því í blöðum stjórnarliða, að það ætti að senda Alþ. heim, áður en till. væru sýndar hér á hv. Alþ. Svona var farið með þá, sem voru kosnir samkvæmt vilja þjóðarinnar að dómi þessarar hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða. Og svo segir hæstv. ríkisstj. í sambandi við sína eigin menn: Það var reynt að hafa samráð við þá, sem náðist til. — Ég sýndi fram á það hér í haust, að með því að senda Alþ. heim væri verið að mismuna þeim, sem hér búa, og okkur, sem búum úti á landsbyggðinni. Það var verið að gefa þeim, sem hér eru í bænum *búsettir, tækifæri til þess að fylgjast með og* hafa áhrif á aðgerðir í efnahagsmálum, sem hinir gátu ekki haft. Það þarf enginn mér að segja, að hvorki túlkar maður sína skoðun né hefur áhrif á gang mála, þó að hringt sé til hans og sagt, hvernig þau standi.

Nei, hér var nefnilega enn einn þátturinn til þess að láta landsbyggðina hafa sem minnst áhrif á landsmálin. Það, sem hér er nú að gerast, er það, að hér er farið á yztu nöf. Hér er svo mikil spenna, að ef þetta brestur, þá er ekki huggulegt fram undan. Það er ekki reynt að ná neinu samkomulagi, og þar er mælirinn tekinn eins fullur og frekast er hægt að hugsa sér.

Ég hef sýnt fram á það hér að framan, að heilum byggðarlögum er stefnt í voða með þessum aðgerðum og þjóðinni allri um leið. Og ég vil svo í framhaldi af þessu segja það: Er þetta ávöxturinn af eins árs stjórn Alþfl. og sjálfstæðismanna? Er þetta annar áfanginn af stöðvunarstefnunni? Já, það er mikill árangur. Og svo koma þeir og segja: Ef ekki hefði verið hér stöðvunarstefna, þá væri nú erfitt. — Við héldum því fram t. d. í fyrra, framsóknarmenn, að það hefði verið eðlilegra að gera einhverja breytingu þá á yfirfærslugjaldinu heldur en að fara þá leið, sem þeir fóru. Ég hélt því t. d. fram í ræðu í sambandi við húsnæðismálin, að það væri óeðlilegt fyrir ríkisvaldið að eyða tekjuafganginum, það yrði til þess, að álögurnar yrðu enn þá meiri næsta ár. Þetta mátti ekki heyrast á þeim bæ þá. En kemur það vel út fyrir þjóðina núna, þegar hún hefur trúað því, að það væri komin á stöðvun, þegar hún hefur kosið þessa menn, vegna þess að hún hélt, að þeir væru búnir að stöðva dýrtíðina í landinu, að fá nú á sig meiri álögur en nokkru sinni fyrr, að nú skuli þessir herrar standa fyrir óðaverðbólgu?

Ég vil nú með nokkrum orðum ræða einstaka þætti þessa frv., þó að það verði lítið eitt tímans vegna. Það, sem er meginmálið í öllu þessu, er að draga úr uppbyggingu, fyrst og fremst úti um landið. Þar um vitnar svo margt, eins og það að taka fjármagn innlánsdeilda kaupfélaganna og draga hingað til Reykjavíkur. Hún þarf ekki að halda það, þessi hæstv. ríkisstj., þó að hún hafi gaman af því, eins og t. d. annað stjórnarblaðið auglýsti beinlínis, að Samband ísl. samvinnufélaga mundi tapa 3—4 millj. kr. í vöxtum vegna vaxtahækkunarinnar, þegar það auglýsti það á forsíðu, — þeir þurfa ekki að halda það, að þeir eigi ekki eftir að finna fyrir því, að þessum samtökum fólksins í landinu verður ekki boðið allt og það verður ekki gert án þess, að fólkið rísi upp til varnar og viti, að það er verið að ráðast á það sjálft. Þetta er í beinu framhaldi af því að leggja byggðastefnuna niður.

Þá eru hér tvær greinar frv., sem ég vildi fá frekari skýringar á, og svo auðvitað um verðlagið, sem ég spurði um áðan. Það er 16. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar og bifhjóls.“

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. viðskmrh.: Er hér átt við allan bifreiðainnflutning til landsins? Er hér átt við vörubifreiðar auk fólksbifreiða? Þessu þarf ég að fá skýringar á og vona, að hæstv. ráðh. gefi þær. Það er talað um það í grg. frv., að ríkisstj. geti ákveðið, hvað skuli verða mikið af þessu, sem falli á bifreiðar, er atvinnubifreiðastjórar *flytja inn. Í lögum er þetta ákveðið nú.* Af hverju er þessi breyt.? Er það eðlilegt, að ríkisstj. á hverjum tíma meti það, eða auglýsir hún þær reglur, sem farið verður eftir um það? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst.

Svo er hér ein lítil grein, sem er 32. gr. Það fer mjög lítið fyrir henni. En hún er ekki eins meinlaus og maður skyldi ætla eftir fyrirferðinni. Hæstv. ríkisstj. tók upp það óskaráð í *haust eða fann þá leið, sem henni fannst heppileg* til þess að komast fram hjá þinginu, að taka nokkur lagafrv., skella þeim saman, búa til bandorm og setja þau í eitt. Með því móti tókst henni að komast fram hjá nokkrum umr. í þinginu, sem hún gjarnan vildi losna við. Hún virðist álíta, að þessi leið sé mjög farsæl og sé að hennar skapi. Hér er t. d. ætlazt til, að með einni lagagrein í þessu frv. sé breytt lögum um fiskveiðasjóð, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóð sveitanna, ræktunarsjóð, byggingarsjóð ríkisins, byggingarsjóð verkamanna, raforkusjóð. Og hvað er það svo, sem hér á að gera? Ríkisstj. á að ákveða á hverjum tíma, hverjir skuli vera vextir og hver skuli vera lánstími þessara stofnana. Og hver er grundvöllur þessara stofnana? Hver er grundvöllurinn fyrir ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitanna? Hann er sá, að þar eru vaxtakjör betri en annars staðar og lengri lánstími. Þetta er meginþátturinn í þessum stofnunum. Hæstv. ríkisstj. fær vald, ekki einungis þessi, heldur allar ríkisstj., sem koma á eftir, meðan þetta er í gildi, til þess bókstaflega að afnema þessi lög um þessar stofnanir. Á því tímabili, sem ræktunarsjóður er búinn að starfa, er hann búinn að lána 10750 lán, eða upp á 280 millj. rúmar. Þetta hefur verið meginþátturinn í uppbyggingunni um allar sveitir landsins. Og svo kemur hæstv. ríkisstj. og óskar eftir því, að lagabálkur, sem er búinn að vera í gildi hér á landi yfir 30 ár, skuli af-

numinn í raun og veru í einum litlum þætti í öðrum lagabálki.

Þessar stofnanir eru búnar að þróast í þrjá áratugi og vel það, og það á með einni lítilli lagagrein í þessu frv. í raun og veru að afnema þær. Og þetta ætlar ríkisstj. sér að fá samþykkt hér á hv. Alþ. Ég segi: Það er skrýtinn vilji hv. alþm., ef þeir ganga inn á þetta. Og svo koma menn og segja: Það er ekki víst, að ríkisstj. noti þetta. — En eru menn búnir að gleyma því, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. lagði í raun og veru niður um tíma veigamesta þáttinn í framleiðsluráðslögunum, af því að það var henni í hag að hafa ástandið þannig um kosningarnar? Getur nokkur trúað því, að það hafi verið svo voðalegt í september í haust, þó að verðlag landbúnaðarafurða hækkaði um 3,18%, þegar menn horfa á það, sem nú á að gerast? Nei, því trúa menn ekki, ef þeir hugsa málið nokkurn veg. Hér er nefnilega ekki neinn smáhlutur að gerast. Og ég vil minna á annað í þessu sambandi, og það er það, að byggingarsjóður sveitanna er ekki farinn að lána sín venjulegu lán á þessu ári. Það eru fyrst og fremst viðbótarlán, sem hann hefur lánað, og eitthvað fyrri hluta ársins. Sjá menn nú, hvernig fer, ef breyting verður gerð á þessum þætti. Mörg lán eru óafgreidd í ræktunarsjóði. Ég vil líka minna á það, að við framsóknarmenn lögðum til að láta fiskveiðasjóð fá aukið fjármagn í sambandi við lánið, sem tekið var á þessu ári. Stjórnarliðið þáv. og núv. felldi það. Nú á svo að breyta lánstíma og vöxtum hjá þessum sjóðum. Það kemur við þá útgerðarmenn, sem hafa orðið að bíða eftir lánum, vegna þess að stjórnarliðið vildi ekki, að sjóðurinn fengi fjármagn. Byggingarsjóður verkamanna er búinn að lána 100 millj kr., og hann er búinn að veita í á annað þúsund íbúðir. Á annað þúsund íbúðir hafa verið byggðar upp eða eru í byggingu á hans vegum. Þetta er einn sjóðurinn, sem á nú að fara undir hæl ríkisstj. Hún ein á að ákvarða um lánskjör og lánstíma þessa sjóðs. Þó er meginmálið í lögunum vaxtakjör og lánstími. Og ég verð að segja það, að ef Héðinn Valdimarsson væri hér og mætti mæla, þá held ég, að honum mundi finnast, að til lítils hefði verið barizt, þegar hans flokksmenn, sem eitt sinn voru, ætla raunverulega að afnema þessi lög með lítilli lagagrein í öðrum lögum.

Og ég skal segja ykkur það, þó að ég kunni ekki þau skil á lagasetningu, sem prófessorarnir, sem nú sitja í ríkisstj., kunna, að þá verður lagasetning í þessu landi ekki til fyrirmyndar, ef á að fara að taka inn í önnur lög veigamikla þætti úr sjálfstæðum lögum, og ég er sannfærður um það, að þannig hljóðar ekki kennsla þeirra vísu manna, þegar verið er að kenna þeim um meðferð laga og smíði þeirra. Og til hvers værum við þá að vera að þessu brölti að setja sérstök lög? Ætti þá ekki bara að setja upp ein lög á Alþingi um öll mál? Þetta þykir nú kannske öfgakennt, en við skulum bara gera okkur grein fyrir því, að það er meginatriði í þessum lögum, sem hér á að afnema með þessari litlu lagagrein.

Hvernig er það svo gagnvart þeim, sem hafa verið að byggja í þessu landi? Við gerðum aftur og aftur tilraun til þess, framsóknarmenn, að fá aukið fé til húsnæðismálanna í fyrra. Nei, það fékk ekki hljómgrunn. Því máli hefur nú verið bjargað í bili með smáupphæð, sem er aðeins út á það, sem á að koma, út á tekjur sjóðsins. Hvernig er nú farið gagnvart þessu fólki, sem er með sitt hús hálfbyggt? Það á að taka á sig allar þær hækkanir, sem verða af þessum lögum, og vaxtahækkun ofan á það. Nei, hér er gengið lengra en góðu hófi gegnir. Hér er gengið lengra en má ganga.

Allt er þetta miðað við það eitt, að nú skuli ríkja kyrrstaða í landinu, og almennur borgari í þessu landi á ekki að hafa rétt til þess eða möguleika til þess að byggja yfir sig, hann á ekki að vera að vasast í því að fara til bankastjóra og biðja um lán. Að því er stefnt. Það eru þeir fáu og stóru, sem það eiga að gera, en ekki hinn almenni borgari.

Þetta mál mitt er víst orðið lengra en ég ætlaði í upphafi. En að lokum vil ég segja þetta: Það er ekki þörf aðgerða nú vegna vinstri stjórnarinnar. Að því hef ég leitt rök, sem verða ekki hrakin. Ég hef líka leitt rök að því, að stjórnarstefna fyrrv. ríkisstj. mistókst. Það er deginum ljósara, þó að hér sé hún notuð á svo herfilegan hátt. En það er saga út af fyrir sig. Verða þeir að una við það, fyrst þeir eru þar sjálfir að verki, því að þessi mistök og þessa meðferð á þeirri ríkisstj. á að nota til þess að koma á þeim gífurlegustu álögum, er á þjóðina hafa verið lagðar. Og stefnan, sem nú er tekin upp, þessi nýja stefna, það er stefnan gegn uppbyggingu í landinu, það er stefnan, sem á að skapa kyrrstöðu og samdrátt. Það á að draga fjármagnið frá landsbyggðinni til höfuðstaðarins. Heilum byggðarlögum er stefnt í voða með þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera, og hef ég leitt rök að því. Lofað var stöðvun fyrir kosningar og jafnvægi, en nú er sköpuð óðaverðbólga. Þjóðinni er nú verið að skipta í tvær andstæður. Það eru þeir, sem eiga, og þeir, sem ekki eiga. Og þetta mál allt, það er engin tilraun gerð til þess að ná samstarfi eða samstöðu um málið. Málið er sótt með offorsi og frekju, og það er ekkert tillit tekið til hins almenna borgara í landinu. Afkomu þjóðarheildarinnar er stefnt í voða með þeim glæfrum, sem hér eru á ferð. Það er vonandi, að gifta þjóðarinnar verði svo mikil, að betur fari en á horfist. En það er ekki þeim að þakka, sem fyrir málinu standa.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar hafa nú flutt hér alllangar ræður. Þeir eru búnir að tala eina 9 eða 10 klukkutíma. Það virðist vera mikil samkeppni þeirra í milli, kannske ekki beint um það, hver leggur fram þyngstu rökin, heldur fremur um það, hver getur talað flesta stundarfjórðungana eða klukkutímana.

Ég mun ekki gera neina tilraun til að svara hverjum fyrir sig, enda mundi það taka mjög langan tíma, og ég mun ekki heldur gera tilraun til þess að rekja hér öll hin einstöku

atriði, sem þeir hafa vikið að. Það yrði líka allt of langt mál, og það mundi auk þess engu valda öðru en því, að hv. stjórnarandstæðingar mundu endurtaka sömu firrurnar og þeir hafa hér látið sér sæma að viðhafa.

Ég mun þess vegna láta nægja að víkja að örfáum atriðum, án þess beint að benda á höfund ummælanna. Það er bræðrafélagið Framsókn og kommar, samvinnufélag með takmarkaðri ábyrgð, sem ég ætla að svara. Þeir hafa stofnsjóðinn í lagi, það er þolið og hávaðinn, eins og heyra mátti á ræðu hv. síðasta þingmanns. Ég verð að játa það, að ég dáði hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sem er um 10 árum eldri en ég, — ég man nú ekki, annaðhvort eldri eða yngri, en það skiptir ekki öllu máli, — og talaði hér á þriðju klukkustund í gær. Og ég hélt, að hann væri Her Majesty's gunboat, sem væri alltaf að skjóta. Alltaf var hávaðinn jafn og krafturinn jafn. En þegar allir fara að tala eins, þeir, sem eru skapaðir með þessum ósköpum, og hinir, sem eru að reyna að verða eins, — þá leiðist mér. Ég segi eins og er. Ef það er ekki óvirðulegt að nefna jórturdýr, — ég tek það fram, að mér dettur ekki í hug að líkja hv. alþm. við jórturdýr, enda er sannleikurinn sá, að þau dýr jórtra það, sem þau éta sjálf, en alþingismennirnir jórtra það, sem aðrir hafa étið og étið upp. Ég líki þeim alls ekki saman.

Ég skal svo víkja að nokkrum, örfáum atriðum.

Það hefur mjög komið fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, að nýir skattar, sem væru lagðir á þjóðina, næmu 370 eða 400 millj. kr. ríkissjóði til framdráttar, og þetta hét á máli hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, að það væru ótíndar blekkingar, eins og hann orðaði það, það sem við hefðum um þetta sagt. Þegar sömu tolla- og skattstigum er haldið í hundraðstölu, þá hefur það ekki verið kallað tolla- og skattahækkun hingað til, a. m. k. ekki af hv. 1. þm. Austf., þótt tekjustofninn vaxi, hvort heldur er að verði eða magni, svo að heildartekjur ríkissjóðs verði meiri. Verðtollur og önnur aðflutningsgjöld hækka ekki að hundraðstölu, en gefa samt 92,1 millj. kr. meira en áður vegna hærra heildarverðs á innflutningsvörunum. Og ein tegund þessara aðflutningsgjalda lækkar verulega. Það eru innflutningsgjöldin, þau lækka frá 62% niður í 40% og frá 40% niður í 30%, og 22% innflutningsgjaldið lækkar ofan í 15%, auk þess sem innflutningsgjaldið er alveg fellt niður á sumum vörum, eins og nýjum og þurrkuðum ávöxtum. Já, ég sagði: Innflutningsgjaldið er alveg fellt niður á sumum vörum, eins og nýjum og þurrkuðum ávöxtum, og af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá.

En skattarnir innanlands, hækka þeir þá svo geigvænlega sem stjórnarandstæðingar halda fram? Almennur söluskattur er áætlaður um 280 millj. Ég veit nú ekki, hvort sú áætlun stenzt, ég dreg það mjög í efa, en hann er áætlaður þetta. En á móti koma þrír skattar, sem ýmist lækka verulega eða eru afnumdir með öllu. Lækkun tekjuskattsins er áætluð 107 millj. kr., afnám hins afar óvinsæla og óréttláta söluskatts á iðnaði og þjónustu nemur 114 millj. kr., og framlag til sveitarfélaga til að lækka útsvörin nemur 56 millj. kr. Samtals eru þetta 277 millj. kr. eða svo til sama upphæðin og almenna söluskattinum nemur.

Ég þarf ekki meira að greina en þetta til þess að sýna, að allt tal stjórnarandstæðinga um 400 millj. kr. nýja skatta er algerlega staðlausir stafir. Og mér er satt að segja algert undrunarefni, hvernig jafnskýrir menn og þessi ummæli hafa viðhaft hafa flaskað svo í þessum efnum.

Þá er það mér líka alveg óskiljanlegt, allt tal stjórnarandstæðinga um, að stjórn, sem vill ekki taka lán, af því að hún telur, að greiðslubyrðin sé orðin hættuleg, skuli ætla að leyfa sér að taka 700 eða 800 millj. kr. lán.

Nú er það að sönnu svo, að þessi stjórn, ef hún á sér einhvern valdaferil fram undan, sem hvorki ég né aðrir vita um, þá mundi hún að sjálfsögðu vilja taka lán til langs tíma og með góðum skilmálum til nytsamlegra hluta á sviði fjárfestingar. Það, sem við höfum áhyggjur af, er, hvað miklar lántökur hafa verið teknar til skamms tíma með óhagstæðum kjörum og til óskynsamlegra hluta, eins og ég skal koma að síðar.

Ég veit, að þeir menn, sem hér hafa verið að tala, gera sér fulla grein fyrir því, að hér er aðeins um yfirdráttarheimild að ræða, eins konar gjaldeyrisvarasjóð, eins og við margoft höfum sagt. Við vitum ekkert í dag, hvort eða að hve miklu leyti við þurfum á þessum sjóðum að halda. En það er ákaflega óskynsamlegt að ráðast í þessar miklu ráðstafanir án þess að hafa eitthvað til að mæta því, sem á veginum kann að verða. Við skulum hugsa okkur t. d., að einhver sölutregða haldi áfram á útflutningsvörum okkar. Við erum í dag þannig, að það er hending, eins og ég sagði áður og margir aðrir hafa sagt, að við lendum ekki í algerum greiðsluþrotum. Það er alveg hending, að við vorum ekki auglýstir sem vanskilamenn land úr landi, beinlínis af því að við gátum ekki staðið við þær skuldbindingar, sem æra okkar lá við að borga, ef við áttum eyri til þess. Við vitum ekkert nema slíkt kunni að koma aftur fyrir, og reyndar getur það komið fyrir í enn ríkara mæli en að þessu sinni. Þær birgðir, sem við eigum núna, eru ekkert óeðlilegar eða óvenjulegar. Í árslok 1954 eru birgðirnar taldar litlar. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson lýsti því hér yfir í gær, að þær hafi alls engar verið í landinu. Andvirði þeirra nam þó 170 millj. kr. og þá var krónan talsvert önnur en hún er í dag. Í árslok 1958 nam andvirði birgðanna 229 millj., og ég segi: það er alveg hending, hvort það er 100 millj. meira eða minna, sem þarna liggur. En það er auðvitað ekkert vit í því að geta ekki tekið því áfalli, ef menn vilja kalla það svo, ef það ber að höndum, án þess að lenda í opinberum vanskilum. Og það er í þessu skyni, sem þessar yfirdráttarheimildir eru fengnar, og einnig til þess að mæta væntanlegri vaxandi eftirspurn eftir gjaldeyri, þegar verzlunarfrelsið verður

aukið, og yfirleitt að öðru leyti þeim árstíðasveiflum, sem Íslendingar verða alltaf að gera ráð fyrir í þjóðarbúskap sínum. Þetta er tilgangurinn með þessum bráðabirgðalánum. Svo belgja menn sig hér eins og þetta væru börn eða vísvitandi ósannindamenn, yfir því, að ríkisstj. sé að taka 700—800 millj. kr. eyðslulán. Mundi nokkrum manni þykja það óhyggilegt af sparisjóðsstjóra, ef hann reyndi að eiga vissan aðgang að yfirdrætti í Seðlabankanum eða öðrum bönkum, til þess að mæta því, sem alltaf getur orðið á vegi hvers sparisjóðs, að á hann sé leitað fastara í einn tíma en annan? Auðvitað væru það talin mikil hyggindi af sparisjóðsstjórans hendi að afla sér slíkrar heimildar og öryggi fyrir sparisjóðinn og hans viðskiptavini, jafnt innistæðueigendur sem skuldara. Þetta er ekki alveg hliðstætt, en það sýnir bara myndina, sem ég er að tala um. Þetta er okkur nauðsynlegt, og það væri dæmalaust fyrirhyggjuleysi, ef við leituðumst ekki við að nota þá heimild og þá kröfu, sem Íslendingar eiga á slíkum yfirdráttarheimildum, ef þeir aðeins fullnægja þeim skilyrðum, sem öll lönd, sem slíkar heimildir vilja nota, verða að ganga undir og við Íslendingar erum svo heppnir að þurfa ekkert að sveigja frá okkar skoðun, a. m. k. ekki okkar, sem stöndum að þessu frv., til þess að fella okkur við. Við teljum sjálfir, að okkur sé algerlega nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir vegna okkar sjálfra og öryggis okkar og að undirbyggja réttmætar vonir um, að þessar aðgerðir heppnist.

Um þetta skal ég ekki segja meira, og ég veit, að ég þarf ekki að segja meira, bæði af því, að þetta er nógu skýrt, til þess að menn af því megi skilja efni málsins, en líka af því, að flestir af þeim, sem hér hafa talað, vissu þetta áður, hvað sem þeir segja.

Hér talaði einn hv. ræðumanna og ekki sá ómerkasti, hv. 1. þm. Austf., með óskaplegri tilfinningu um, að ríkisábyrgðir ættu nú eitthvað að takmarkast, og hann taldi, að þær hefðu verið hið mikla vopn í baráttunni fyrir eðlilegri þróun atvinnulífsins í dreifbýlinu og farsæld þess fólks, sem þar býr.

Ég vil segja það frá mínu sjónarmiði, að ég viðurkenni, að ýmislegt, sem þarna hefur gerzt, hefur kannske verið nauðsynlegt og óumflýjanlegt. En það er auðvitað mikið áhyggjuefni, að ábyrgðir ríkissjóðs skuli vera komnar um eða yfir 1000 millj. kr., og mikið af þessu eru vanskilaskuldir. Og þeir, sem um fjárlögin fjalla, vita það, að frá ári til árs verður að ætla æ vaxandi upphæðir á fjárlögum til að standa skil á þessum ábyrgðum, sem við erum í. Hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði líka: Það hefur oft verið gengið í þessar ábyrgðir, enda þótt maður vissi, að þær mundu ekki verða greiddar. — Er þetta heilbrigð fjármálapólitík? Ef menn hafa vitneskju um, að skuldirnar verði ekki greiddar, hví í ósköpunum á þá ekki að gera ráðstafanir á fjárl. til þess strax að setja undir þennan leka? Er það eðlilegt vald í hendi ríkisstj., að hún taki ábyrgð fyrir Pétur eða Pál, sérstaklega fyrir Pétur, af því að hann er vinur? Þeir spyrja: Er það þinn eða minn sjóhattur, sem biður um ábyrgðina? Það er minn sjóhattur, og hann fær hana. En þinn, hann fær hana ekki. Ábyrgðina fær hann, og svo á að segja á eftir, það var til framdráttar mönnum á Hornströndum eða Hornafirði eða einhvers staðar annars staðar, að þessi ábyrgð var veitt, og þá gerir það ekkert til, þó að við töpum einhverju.

Þetta gengur ekki. Við vitum allir, að þetta getur ekki gengið. Þetta er ein aðalbrotalömin í okkar fjármálalífi. Þetta er líka spilling, sem þarna er á ferðinni, eða a. m. k. opinn möguleiki til spillingar. Auðvitað væri eðli málsins samkvæmt rétt að hafa alveg ákveðnar reglur um það, undir hvaða kringumstæðum má veita ríkisábyrgðir og hverjir eiga að veita þær. Ég mundi telja mjög skynsamlegt, að það sæti stöðug nefnd frá öllum flokkum, sem dæmdi um það, hvort óskin um þessa eða hina ríkisábyrgð er eðlileg og hvort það er óhjákvæmilegt að fullnægja henni og hvað mikið gagn hún gerir. Ég mundi skoða alveg sanngjarnt, að þessi ábyrgð kostaði — við skulum segja hálfan af hundraði á ári. Af hverju á þessi að fá ríkisábyrgð fría, en ekki hinn? Einhver smágjöld á ríkisábyrgðunum, annaðhvort í eitt skipti fyrir öll eða árlega, sem svo gætu runnið í sjóð til þess að bera þá áhættu, sem óhjákvæmilega yrði á ríkisábyrgðum, eru sanngjörn og nauðsynleg. Það er mér algert undrunarefni, að maður, sem hefur verið fjármálaráðherra jafnlengi og hv. 1. þm. Austf., skuli miklast af því, að ríkisábyrgðirnar hafi verið teknar af hendingu fyrir Pétur, en ekki fyrir Pál. Enda þótt þær hafi gert gott, og áreiðanlega hafa þær gert það víða, þá er ekki hægt að komast fram hjá að játa, að skipan þessara mála er með öllu óviðunandi. Þetta er eitt af því, sem við verðum að breyta.

Lánin, sem vinstri stjórnin samdi um, eru veitt með vissum skilyrðum. Ég hef ekki alla lánalistana. Ég skal taka t. d. lán, sem var tekið í desember 1956, notað á árunum 1957 og 1958, eða lán, sem var tekið í desember 1957, notað 1958 og 1959. Annað er að upphæð 4 millj. dollara og þetta er tekið frá ICA, og hitt er 5 millj. Ég þarf ekki að fara langt út í það, en þessi lán eru veitt með því skilyrði, að keyptar séu fyrir þau ákveðnar vörur. Við skulum taka 4 millj. dollara lánið eða þó heldur 5 milljónirnar, það er styttri listi, sem ég þarf að lesa upp, heldur en 4 millj. dollara lánið. Það er veitt með þeim skilyrðum, að keypt sé almennt talað sú vara, sem Bandaríkin hafa umfram sínar notaþarfir og geta ekki selt, þó að þar kunni að vera frávik. Þessi listi lítur svona út um 5 millj. dollara lánið: Tilbúinn áburður fyrir 500 þús. dollara, efnivörur fyrir 350 þús., timbur 300 þús., bifreiðar, vélar og varahlutir 500 þús., dráttarvélar 300 þús., járn- og stálvörur 800 þús., smurningsolíur 300 þús., gúmmívörur 200 þús., vefnaðarvörur 650 þús., vélar og túrbínur 500 þús., varahlutir í landbúnaðarvélar 200 þús., landbúnaðarvélar og tæki 200 þús. og iðnaðarvélar 200 þúsund. Alls 5 millj. dollarar.

Svona er hvert einasta lán, sem tekið er. En kannske eru svo skipin, sem hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, hefur verið að smíða, smíðuð úr gúmmí? Ég læt nægja, þegar ég byggi skip, að hafa gúmmíbát með þeim. Ekki falla þau heldur undir vefnaðarvörur o. s. frv. En það er hins vegar rétt, að margt af þessu hefði verið keypt annars staðar og orðið að brúka til þess gjaldeyri, sem við kannske með þessum hætti höfum getað sparað og notað þá til nýsköpunar í einu eða öðru formi. Við skulum hafa það alveg ljóst, svo að ég geri engum rangt til. Þessar nauðsynjavörur okkar kaupum við annars staðar líka. Og þegar þessar nauðsynjavörur og rekstrarvörur okkar eru keyptar og greiddar, þá spyrjum við: Hvað höfum við afgangs af gjaldeyri? Það, sem við höfum afgangs, vilja allir góðir menn helzt mega nota til fjárfestingar að verulegu leyti. Þjóð eins og við á að hafa opin augun fyrir þeirri nauðsyn, og í þeim efnum fellst ég á allt, sem þeir hafa um það sagt, sem hér hafa fegurst um það talað. Það játa ég. En við skulum játa, að þarna byrjar togstreitan. Hvað á ég, þegar ég er búinn að borga rekstrarvörurnar og matinn, þá að nota í fjárfestingu og hvað á ég að nota í lúxus? Það er um það, sem deilan hefur staðið.

Ég veit vel, hvert hugur manna stefndi. Ég veit vel t. d., að hv. 4. þm. Austf. hefur haft tilhneigingu til þess að fjárfesta sem mest. Ég veit það. Hann hefur hins vegar líka orðið að berjast fyrir því innan vinstri stjórnarinnar að taka sem mestan hluta af þeim peningum, sem afgangs voru, frá fjárfestingunni og yfir í það, sem kallað er lúxus. Hvers vegna? Vegna þess að honum var ljóst, að einasta ráðið til að halda uppi því kerfi, sem hann vill halda dauðahaldi í, var að flytja inn þessar hátollavörur. Í því og því einu liggur skýringin á því, að hann brýtur á móti sínu ríka eðli til þess að auka fjárfestinguna með öllum mætti og lætur féð í stað þess renna yfir í lúxusvörukaupin. Þannig réð hann því áreiðanlega, að 1958 var ákveðið innan stjórnarinnar að verja 226 millj. kr. af okkar litla gjaldeyrisforða til þess að kaupa þessar dýru vörur, sem margir aðrir vildu hafa miklu minna af. Reyndin tók svo í taumana, og það urðu ekki nema 190 millj. kr., vegna þess, eins og ég sagði í gær, að ef maður hefur ekki peninga bæði til þess að punta sig og éta, þá étur sá svangi, þó að hann þurfi að gera það á nærbuxunum, — það er sannleikurinn. Og þjóð, sem hefur ekki nóg til sinna brýnustu þarfa, gerir engan leik að því að kaupa hátollavörur, a. m. k. ekki í þann hlutann, sem í eiginlegum skilningi er lúxus.

Ef við athugum nú, að greiðsluhallinn undanfarin fimm ár er að meðaltali 200—220 millj. kr. á ári, og lítum svo hins vegar á, að til innkaupa á þessari svokölluðu lúxusvöru var á árinu 1958 ætlað 226 millj. og 1959 212 millj., sést, að lúxuskaupin jafngilda einmitt greiðsluhallanum. Ég viðurkenni, að það voru ekki notaðar nema 190 millj. hvort árið. En þegar maður lítur á þessar tölur annars vegar, að það eru hátollavörur keyptar fyrir 190 millj., hins vegar greiðsluhallinn 200 millj., er þá nokkuð óeðlilegt, að maður setji þá greiðsluhallann í beint samband við þessi kaup á hátollavörunni? M. ö. o.: kerfið, sem við bjuggum við, herrar mínir, það kallaði á innkaup, sem neyddu vinstri stjórnina til að fella niður aukningu framleiðslutækja, en kaupa í staðinn vörur, sem þið sjálfir kallið lúxus, að sumu leyti a. m. k. Þetta er bölvun kerfisins, og það er þetta, sem gerir, að við getum ekki unað kerfinu.

Þá vík ég aðeins að því, sem einn hv. þm. var að tala um sem hroðalega árás á samvinnustefnuna á Íslandi, að nú skyldi eiga að leggja einhverjar svipaðar kvaðir á innlánasjóði kaupfélaganna, láta gilda um þá sömu reglu og sparisjóði í landinu. Menn þurfa að vera ótrúlega blindir til að hneykslast á þessu. Þeir, sem eru í samvinnufélögum, vilja ekki aðeins njóta þeirra skattfríðinda, sem fátækir bændur urðu að fá, þegar þeir í öndverðu voru að berjast við kaupmannavaldið í landinu og reyna að byggja upp samtök sín, komast undan hæli kúgarans og reyna að fá frið til þess að mega kaupa sínar nauðþurftir og þurfa ekki að vera skattlagðir fyrir þann rekstur. Þetta var eðlilegt þá, en það er auðvitað orðið algerlega óeðlilegt núna. Þetta er orðið stærsti rekstur landsins á öllum sviðum. En þetta er mönnum ekki nóg. Menn segja: Ef við megum ekki hafa okkar sparifé í friði, hvað sem öðru líður, þá er verið að ráðast á okkur. — Hvað er hér á ferðinni? Hér er það á ferðinni, að þessir þegnar þjóðfélagsins segja: Við tökum okkar sparifé, það liggur hér. Að því á enginn aðgang nema samvinnumaðurinn. Svo kem ég til sparifjár hinna, sem eru ekki samvinnumenn, og af því heimta ég mörg hundruð millj. fyrir mig. — Það hljóta allir að sjá, að annaðhvort verða samvinnufélögin að nota sama lögmál og aðrir eða ef þau ætla að hafa þessa sjóði alveg fyrir sig, þá verður lokað fyrir sjóði annarra. Það væri eðli málsins. Ég held, að þetta sé ekki hægt. Ég held, að samvinnuhreyfingin þyldi það ekki. Ég held, að það yrði svo gífurlegt áfall, af því að hún hafi svo mörg hundruð millj. að láni af sparifé annarra þegna í landinu, að það mundi ríða henni að fullu, svo að ég tel þetta ekki úrræði í dag. En menn verða að skilja það, að eitt verður yfir alla að ganga.

Ég hef alltaf verið að búast við því, að eins og Einar á Eyrarlandi bar fram hér í mína ungu daga á þingi tillögur, sem jöfnuðu að nokkru milli samvinnufélaga og einkarekstrar, mundu nú einhverjir viti bornir samvinnumenn sjálfir bera fram till., sem bætti úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir, að þeir segðu: Við erum ekkert upp á ykkur komnir, við þurfum engin sérréttindi, enga vernd, látum eitt yfir alla ganga. — Nei, það er ekki þessi tónn, heldur hinn, að ef nokkur maður leyfir sér að segja: Eigum við ekki allir að vera jafnréttháir, þá er það árás á stærstu hreyfingu þjóðarinnar. Þetta er hugsunarháttur, sem ég held að sé ákaflega hættulegur fyrir

samvinnuhreyfinguna og beri þess vegna að venja sig af honum.

Hér var talað um, að það ætti að þrengja mjög hag bátaútvegsins. Það er mikill misskilningur. Ég held einmitt, að bátaútvegurinn sé kannske sá þáttur framleiðslunnar, sem einna hæstan hlut ber frá borði. Það, sem gerir mig vongóðan um, að þeir reikningar standi vel, er, að reiknað er með fyrningu bátsins miðað við núverandi kaupverð. Það er ekki þörf á þessu í dag, vegna þess að heildin af flotanum er keypt við miklu lægra verði. Þetta er þörf framtíðarinnar. Auðvitað verður framtíðin að miðast við það, að þegar hinn nýi bátur með hinu nýja verði er orðinn ónýtur, þá sé einhver sjóður til til að kaupa annan nýjan bát með því verði, sem þá er. Ég er þess vegna að vona, að bátaútvegurinn geti borið þennan 5% söluskatt, sem ætlað er að gilda í eitt ár, — ekki að eilífu, eins og menn voru að tala um, heldur í eitt ár, eins og kemur fram í grg. Það er ætlað með honum að greiða upp þann 270 millj. kr. halla, sem útflutningssjóðurinn nú ber. Ætlað er, að birgðirnar í landinu skili af því 150 millj. og útflutningsskatturinn, sem á að nema 5%, og miðað við 2400 millj. kr. útflutning, eins og við vonum að verði samkv. nýja genginu, skilar hann 120 millj. Þessir tveir gjaldstofnar ættu þá að borga á einu ári hala útflutningssjóðsins, sem er ekki hægt að borga með neinu öðru móti.

Ég hjó í það, að einn hv. ræðumaður sagði, að uppbætur ættu ekki að hætta, alls ekki, þær mundu meira að segja vaxa. Ég fer ekki langt út í það. Ég man ekki betur en útflutningssjóðurinn væri 1400 millj. kr. Af þeim gjöldum, sem hann stóð undir, tekur gengið og ríkissjóður við öllu nema 265 millj. til niðurgreiðslu á bændavörum og 37 millj. til niðurgreiðslu á kaffi, sykri og kornvöru. Og þetta er ekki gert að gamni sínu, að greiða niður bændavörurnar. Annars vegar er vísitalan, sem annars mundi rjúka upp úr öllu valdi. Hins vegar efast ég um, að bændur væru nokkuð þakklátir þeim mönnum, sem væru hér að ráðast á þá, sem vilja halda áfram að greiða þessar vörur núna niður. Mér er sem ég sæi framan í bændur, ef þeim væri sagt í dag: Nú megið þið verðleggja mjólkina ykkar alveg eins og þið viljið, en við greiðum ekki einn eyri úr ríkissjóði. — Hvað ætli þeir segðu? Þá hefðu þeir ástæðu til þess að ráðast á okkur. Það verður auðvitað smátt og smátt að reyna að koma á þeirri skipan, að þessar niðurgreiðslur minnki og hætti, en væri það gert núna, þá mundi það bæði drepa bændur og börn, — ég meina ekki þau börn, sem hér eru að halda fram þessari vitleysu, þau mættu missa sig. Það yrði þá að neita börnunum um mjólkina og bændunum um peningana, sem þeir eiga að fá fyrir mjólkina. Það yrði þess vegna ógurlegt reiðarslag annars vegar á almenning í landinu og hins vegar á bændurna, ef þessar niðurgreiðslur hættu í dag.

Þá hefur verið mikið ráðizt á okkur hér eða spurt um það: Hvaða vinnubrögð eru þetta hjá ykkur, að þið skuluð færast í fang svona mikið án þess að gera nokkrar tilraunir til þess að hafa samband við nokkra í stjórnarandstöðunni? Það er nú aðallega Framsfl. eða hv. 1. þm. Austf., sem hefur verið að tala um þetta. Það getur vel verið, að það væri betra að reyna að skapa frið um þetta með samstarfi allra. En mér er sem ég sjái fyrir mér eftir þær árásir, sem hér er búið að gera á þetta kerfi, hvernig samkomulag hefði orðið eða hversu auðveld leiðin var að samkomulagi við þessa menn. Mér er sem ég sjái það. En auk þess minni ég Framsfl. á það, að hann lýsti því yfir, þegar hann stofnaði sína stjórn 1956, að það yrði að útiloka sjálfstæðismenn, því að þeir væru ekki samstarfshæfir. Og ég man ekki betur en það sé ekki lengra síðan en sumarið 1958, að Hermann Jónasson norður á Hólmavík taldi sér þó það til ágætis þrátt fyrir mörg brostin loforð, að hann væri búinn að koma Sjálfstfl. út í yztu myrkur áhrifaleysis í íslenzkum stjórnmálum. En núna er það aðalbjörg fyrir þjóðfélagið að fá að koma upp í til okkar. Mitt hjarta er heitt, og minn faðmur er breiður, en það er í bili ekkert pláss fyrir framsóknarmenn þar, alls ekki.

Hitt er nú meira hlátursefni en það sé hægt að taka það alvarlega, þegar framsóknarmenn eru að ráðast á okkur fyrir, að við höfum ekki haft neitt samráð við þingið, jafnvel ekki við okkar eigin menn, um þessi mál. Svo fróður maður sem hv. 3. þm. Vesturl. er ætti að vita betur.

Það undrar mig, ef þessir menn eru búnir að gleyma öllu. Eða eru þeir bara að — ja, ég vil ekki viðhafa það óþinglega orðbragð, en ég var nærri búinn að segja, eru þeir bara að gamni sínu að hneppa ofan um sig, svo að við getum flengt þá? Þessir menn hljóta þó að muna, þegar þingið kom saman 1957 og vinstri stjórnin lýsti yfir: Við verðum að hafa samráð við okkar menn. — Þeir töluðu svo ekki við þá frekar en þetta væru einhverjir útilegurefir. Við þessa menn var ekki talað eitt einasta orð, þegar þeir komu. Ég veit vel, hvernig ástandið var. Þá voru þingfundir að meðaltali 7 mínútur á dag, og það var komið að jólum, og ég man eftir, að skemmtiskáld framsóknarmanna, 1. þm. Norðurl. e., var búinn að segja mér, að hann ætlaði að skreppa heim og kveikja á jólatrénu. Allt í einu komu boð ofan úr stjórnarráði, þau fyrstu: Heyrið þið, klárið þið snöggvast fjárlögin, drengir mínir, svo megið þið sleppa. — Þeir gerðu þetta, eins og þeir voru beðnir, í skyndi. Það er eðlilegt, að vitibornir og skarpskyggnir menn, eins og þessir framsóknarmenn voru, væru sárgramir yfir meðferðinni. Þeir kláruðu fjárlögin, og það er náttúrlega undarlegasta fjárlagaafgreiðsla, sem ég man eftir, — við skulum ekki fara út í það, þá er ég farinn að tala eins og þeir, sem hér eru að tala, framsóknarmennirnir, að rifja upp alla mannkynssöguna. Undarleg voru þau. En það, sem þeir muna, og það, sem allir muna, er það, að svo komu þeir heim. Þeir komu aftur hingað á þingið eftir sitt frí,

og þeir sátu og þeir römbuðu og reru og vissu ekkert, hvað var að ske. En í stjórnarráðinu var verið að nuddast og níðast, og þeir vissu sem sagt jafnmikið um það, sem þar var verið að tala, eins og þeirra kjósendur heima í héraði. Þeir vissu ekkert um það, — ekkert. Og ég veit núna, af hverju þeir fengu ekki að vita það. Það var af því, að í stjórnarráðinu var hver höndin upp á móti annarri. Hæstv. menntmrh. gaf okkur svo dæmalaust skýra og greinilega skýrslu um þetta. Það var verið að rífast, og þeir rifust svo mikið, að þeir sögðu: Ja, nú verðum við að hætta, við skulum bara láta skrifa það upp og segja bara: Bókstafurinn blífur. — Og þegar það var komið, þá fengu loks þm. að vita um þetta. Við fylgdumst vel með. Þetta eru indælismenn, margir framsóknarmenn, og hafa fyrir utan það að vera prýðismenn fleiri kosti, þeir eru líka kjöftugir, þ. e. a. s. þeir segja manni svolítið. Við vissum alveg, hvað var að ske, og þeir vissu sem sagt minna en við eða nærri minna en við, hvað var að ske.

Og svo koma þessir menn núna og eru að gera gabb að okkur fyrir það að hafa ekki skroppið öðru hverju upp í Borgarnes og sagt við hinn ágæta 3. þm. Vesturl.: Nú er ég búinn að hugsa þetta, og hvað segir þú um það? — Og svo á næsta bæ og tala við þá. Enginn þessara manna getur meint neitt af því, sem þeir segja, og þetta er ekki til annars í raun og veru en gera þá sjálfa hlægilega.

Og það er ráðizt á okkur fyrir, að við höfum ekki viljað gefa upplýsingar. Ég segi nú bara það, að í fyrsta lagi höfum við gefið upplýsingarnar, að svo miklu leyti sem við sjálfir vorum komnir til botns í málinu, en að öðru leyti spyrjum við: Hvað gerði vinstri stjórnin við okkur? Ég held, að við höfum fengið tveggja eða þriggja daga fyrirvara, áður en frv. 1958 um 790 millj. álögurnar var lagt hér fram, — tveggja eða þriggja daga fyrirvara. Og við fengum ekki að tala við stjórnina. Þeir leyfðu okkur að tala við sína sérfræðinga, Jónas H. Haralz og Klemenz Tryggvason, og ég man ekki, að við fengjum að tala við þá lengur en í tvo tíma. Og svo var okkur ætlað að ræða málið hér í deildinni. Ég segi bara: Öðrum ferst, en þeim ekki.

Ég vil þá aðeins leiðrétta þann mjög þýðingarmikla misskilning, sem kom fram hjá einum hv. þm., að takmörkun á upphæð lánaaukningarinnar, sem greinir frá í frv., sé bundin, alveg án hliðsjónar af því, hvort aflinn er mikill eða lítill. Það er misskilningur. Ég segi mönnum það til hugarléttis, ef þeir hafa haldið þetta, að það er mikill misskilningur, vegna þess að auðvitað og að eðlilegum hætti hækkar þessi upphæð, ef aflamagnið vex.

Þá vil ég einnig næst drepa á það, að það er líka ákaflega mikill misskilningur, ef menn halda, að frystihúsin græði eitthvað alveg sérstaklega á þessum ráðstöfunum, bátaútvegurinn aftur á móti of lítið, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði. Hann er nú orðinn, þessi maður, svo vanur að ráða þarna fyrir alla, segja: Frystihúsin skulu fá þetta, báturinn fær þetta og sjómaðurinn þetta. — Og ég er ekkert að lasta það frá hans sjónarmiði. Hann gerir þetta með mesta dugnaði, og sannast sagna, ef maður má tala mjög vont mál, sló mig alveg út hjá útgerðarmönnunum. Hann var svo góður við þá, og það er honum að sumu leyti til lofs, því að ég er alveg viss um, að útgerðin þurfti meiri styrk en ég hefði viljað ganga inn á að veita henni. En það er ekki af því, að ég vildi ekki gjarnan búa vel að útgerðinni, heldur af því, að ég átti ekki að borga þetta sjálfur, það varð að takast úr vösum almennings í landinu.

En þetta um tapið og gróðann er auðvitað mikill misskilningur. Frystihúsin kaupa vörur og selja upp á sína áhættu, alveg eins og maðurinn gerir út bátinn upp á sína áhættu. Það er hætt að skammta smátt og stórt. Gengisbreytingin veldur hins vegar því, að útgerðarmaðurinn getur borgað hærra verð í krónum en ella. Þessi hv. þm., Lúðvík Jósefsson, veit betur en allir aðrir hér inni, hugsa ég, að samkvæmt eðli málsins eru miklu meiri líkur til, að það verði einmitt báturinn, sem á þessu græðir í hlutfalli við skömmtun hans sjálfs. Ég hygg, að hann hafi viljað skammta það eðlilega, þannig að báturinn fengi það, sem hann þyrfti, og húsið a. m. k. að verulegu leyti það, sem hann taldi það þurfa.

Ég býst við því, að nú verði reyndin þessi, að skortur á hráefni valdi því, að frystihúsin fari á fremsta hlunn um verðið til bátanna. Mikil eftirspurn, lítið framboð hækkar alltaf verðlag, og enginn veit betur hér inni heldur en þessi hv. þm., að víðast er það þannig, að hráefnið er allt of lítið. Þess vegna er það, að frystihús, sem hafa nægt hráefni, standa sig vel, hin illa. En í þessari staðreynd liggur, að það er báturinn og þar af leiðandi sjómaðurinn á bátnum, sem á að hafa bætta aðstöðu gagnvart frystihúsinu við það, sem var.

Hér er mikið talað um, að verðhækkanir 1950 hafi verið meiri en gert var ráð fyrir. Það er rétt, og ég vil aðeins, án þess að fara að tala um það, bara minna á, að Kóreustyrjöldin, sem skall þá á rétt á eftir, hafði þau áhrif, að útlend vara, okkar notaþarfir hækkuðu mjög í verði og því miður miklu meira en okkar framleiðsla. Auk þess var hér hallæri til lands og sjávar. Það var illæri til landsins og aflabrestur til sjávar, og auk þess, þegar þar við bættist, að verzlunarástandið var mjög óhagstætt, þá auðvitað fór allt úr böndum og miklu verr en til var stofnað.

Hér var því haldið fram, að ríkissjóður græddi því meira á kerfinu, þó að útflutningssjóðurinn tapaði, og það ætti að taka það sem heild. En ég segi: Ef þetta er svona, hvernig stendur þá á greiðsluhallanum?

Hér hefur mikið verið um það spurt, hvort við höfum ráðfært okkur við Pétur og Pál. Hefur þetta eða hitt verið borið undir þennan eða hinn, segja menn, og hefur þessi eða hinn samþykkt þetta? Ég segi fyrir mig, að ég hef haft mikla tilhneigingu til að tala við þá, sem ég hef haft aðstöðu til að ná til. En það er ekki svo vel hægt að tala við fólkið, fyrr en

maður er búinn að komast að endanlegri niðurstöðu um það, hvað maður ætlar að leggja til sjálfur. Við höfum haft þá ánægju að horfa framan í bæði framleiðendur og ýmsa umboðsmenn launastéttarinnar. Þeir bera enga ábyrgð á því, sem við höfum gert hér, við berum sjálfir ábyrgðina, og þeir hafa sjálfsagt tekið því misjafnlega, enda hygg ég, að það væri örðugt að finna nokkra þá leið í svona vandasömu máli, sem allir þessir aðilar vildu sætta sig við með glöðu geði.

Hér hefur því líka verið haldið fram og það einmitt af hv. 4. þm. Austf., að nú — einmitt nú — eigi að taka upp á því að borga þeim, sem lítils þarf með, jafnmikið og hinum, sem þurfa mikils. Sennilega hefur hann meint annað með þessu en orðin gáfu tilefni til. En ég held, að kerfi hans hafi að verulegu leyti byggzt á því, að sá, sem einskis þurfti, fékk jafnt og sá, sem mikils þurfti. Aldrei hefur þessum hv. þm. dottið í hug t. d., að eigendur Fylkis og Asks og Júpíters og Marz þyrftu sömu bætur og þeir, sem áttu Vött og Austfirðing, en þeir fengu þær, — ja, ekki þær sömu, heldur miklu meiri bætur, af því að þeir höfðu miklu meira aflað. Bæturnar voru miðaðar við einingu, sá, sem bezt stóð að vígi, fékk mest. Það er hans kerfi.

Ég skal ekki ræða hér sérstaklega ræðu hv. 7. þm. Reykv., af því að mér fannst öll hans ræða byggjast á grundvallarmisskilningi á öllum tilgangi og eðli þessa lagafrv., sem hér er borið fram. Ég vil aðeins segja, að það, sem fyrir okkur vakir með þessu frv., er að reyna að koma atvinnulífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll. Takist það, þá er þar með fullnægt þessum 6 töluliðum, sem hann taldi upp úr stefnuskrá Sjálfstfl. En ekki bara Sjálfstfl. Þetta er það, sem allir velviljaðir menn í landinu hljóta að vilja leitast við að koma í framkvæmd. Þetta er það sama, sem Alþfl. hefur haldið fram, a. m. k. á seinni árum, og ég held, að ég gæti meira að segja fundið óræk vitni þess, að ýmsir framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn vilja þetta sama, þótt eftir mismunandi leiðum sé. En ég varð dálítið undrandi yfir því, að mér fannst þessi ræða bera vott um algeran grundvallarmisskilning þessa manns, sem þó er bæði alþm. og ritstjóri, á þessu mikla máli. Það, sem honum sveið sárast, var þó, að af gengisbreytingunni leiddi, að hinir fátækari yrðu fátækari og hinir ríku ríkari, þetta væri eðli gengisbreytingarinnar. Út af þessu var hans harða ádeila. En ég vil segja honum það, af því að hann er minnugur, ef ég veit rétt, sérstaklega á allt, sem ég geri illt og mínir flokksbræður, að varðandi gengisfall var *fyrsti glæpurinn minn drýgður* með Framsfl. 1939. Annar glæpur minn í þessum efnum var með Framsfl. 1950, gengisfall þá líka. Ég tók ekki þátt í þriðja glæpnum, af því að ég var ekki í stjórn 1958, þ. e. a. s., Framsókn hefur einn umfram mig í skömminni. Þeir hafa gert þrjá fátækari og þrjá ríkari, meðan ég gerði aðeins tvo.

Ég skal svo ekki segja neitt um hina ágætu og snjöllu ræðu hv. 3. þm. Reykv. Þeir mæltu hér mjög vel fyrir sínu máli, bæði hv. 4. þm. Austf. og hv. 3. þm. Reykv., *hvor frá sínu* sjónarmiði og hvor með sínum hætti. Ég skal ekkert vera að hæla þeim fyrir þessi ræðuhöld, þau voru röskleg, og mátti sannast sagna vel sjá mun á þeim og sumum öðrum ræðum, *sem hér voru fluttar. Ég skil vel hitann í ræðu* hv. 3. þm. Reykv. Hann var nefnilega af sannfæringarkrafti og með mikilli mælsku að færa vörn fyrir kommúnistískt þjóðskipulag. Það er alveg ámælislaust af mér. Ég met manninn, *og mér fannst gaman að heyra ræðuna*, að sínu leyti eins og ég hafði gaman af að heyra rök hv. 4. þm. Austf., þó að þau væru á allt öðru sviði. Hann vissi nefnilega margt betur en hann sagði. Hinn meinti allt, sem hann sagði, það veit ég. En það raskaði ekki því, að flest það, sem hann sagði, var ekki í samræmi við sannleikann, þ. e. a. s. við raunveruleikann. Mér fannst vörn hans fyrir kommúnismann og kommúnistískt þjóðskipulag mjög sterk. En málstaður, sem er veikur, verður aldrei sterkur, þó að hann sé vel varinn. Veikleikinn stendur eftir. Við höldum okkar dómgreind. Við höfum heyrt ýmis þessi rök áður, lesið og heyrt og heyrt og lesið. Maður hefur alltaf gaman af að heyra málstað vel varinn. En ég endurtek: Veikur málstaður verður ekki sterkur þrátt fyrir góða vörn, og fyrir mig og hann þýðir ekkert að vera að tala saman. Ef hann ætlar á Suðurpólinn, þá er ég á Norðurpólnum, og fari hann norður og niður, þá fer ég suður og austur. Okkur þýðir ekki að eyða tíma í að reyna að sannfæra hvor annan. Ég sá vel þungamiðjuna í hans ræðu. Hann segir: Í þessu nýja viðskiptakerfi, sem er verið að taka upp, felst möguleiki, sagði hann, til að brjóta niður viðskipti, sem Íslendingar hafa skapað sér. — Hvað sá hann þarna fyrir framan sig? Hvað var það hræðilega? Hann hélt, að maður væri kominn með tukthúslykilinn og ætlaði að loka járntjaldshurðinni og alls ekki að senda þeim einn einasta þorsk. En þetta er misskilningur. Ég skal lýsa því yfir, að ég tel mjög óhyggilegt fyrir Íslendinga, ef þeir halda, að það sé einhver náluhjálp fyrir þá að hætta að selja járntjaldsþjóðunum afurðir sínar. Rúblan hefur gildi, og þó að við fáum hana ekki út í hönd, þá fáum við olíuna og margar aðrar nauðsynjar. Ég játa, að ég vil miklu heldur, að hönd selji hendi, fá borgun, og það getur líka vel verið, að hin mikla hugsjón Alþb. frá 1957 um að fá borgað — voru það ekki 30 millj. — í frjálsum gjaldeyri, að hún rætist. Þá get ég fengið allt frjálst, sem ég læt Krústjoff hafa, og gull fyrir þorsk. Mín skoðun er sú, að Íslendingar séu þá bezt staðir, þegar atvinnulíf þeirra stendur föstum fótum og viðskiptamöguleikarnir eru sem dreifðastir, og rúblan er ekkert verri á lyktina en pundið, a. m. k. meðan þetta er landhelgispund. Þjóðarþörf okkar er að hafa sem víðast viðskipti, og ég segi þess vegna frá mínu sjónarmiði: Þessi ótti hv. þm. er með öllu ástæðulaus. En hann sýndi, hvað hann var að verja.

Ég vil svo þakka honum fyrir það, sem hann

sagði óviljandi seinast í ræðu sinni og ég hygg að hann meini, þó að hann látist meina annað. Þá skauzt upp úr honum þessi setning: Þjóðin dæmir kerfið af afleiðingunum. — Ég tek því. Ég bið ykkur, líka manninn við hliðina á honum, formann Dagsbrúnar, og aðra mikla og volduga menn í verkalýðshreyfingunni, að lifa eftir þessu. Látið þið þjóðina dæma. Viðurkennið þið sannleikann, að það er ekki bjart fram undan, ef við brjótum þetta niður. Ef það brotnar niður af sjálfu sér, þá verðum við að segja: Guð hjálpi mér, amen, hér stend ég, get ekki meira, — og viðurkenna það. En gefið okkur möguleika, látið reyndina skera úr um þetta, og við megum hlíta dómi reynslunnar.

Ég er ekkert hissa, þó að menn tali mikið um þetta mál. En ég er mjög hissa á, hvernig menn tala um það. Hér tala hv. stjórnarandstæðingar rétt eins og þetta sé í fyrsta skipti á ævi þeirra, sem íslenzk króna hefur verið felld, eða svo að ég orði það rétt, sem fall íslenzku krónunnar hefur verið játað á Íslandi. Menn tala hér um þetta eins og einhvern hroðalegan nýjan viðburð í þjóðlífinu, að fall krónunnar er játað á Alþingi Og þetta segja mennirnir, sem sjálfir eiga þessa fortíð í málunum.

Hvað er það, sem við ætlum nú að gera? Við ætlum ekki að gera annað en það að breyta annars vegar 55% gjaldinu, sem er orðið 68.5%, á innflutningnum og 86.7% gjaldinu á útflutningnum, við ætlum að breyta þessu með nýrri skráningu. Ef þetta er reiknað um, þá yrði dollarinn 31.63 kr., ef ég man rétt. En vegna þess, að afleiðingin af þessu er, að útvegurinn getur ekki lengur keypt sínar þarfir fyrir 25 kr. og ekki heldur fyrir 31.63, verður hann að fá það bætt með nýjum uppbótum. Það er þetta, sem neyðir okkur til að viðurkenna þá staðreynd, að fall vinstri stjórnarinnar á krónunni annars vegar og hins vegar arfurinn, sem hún eða við allir höfum búið nútíðinni, þýðir það, að það er ekki hægt að ákveða gengisfallið minna en þetta, ef á að vera von til að reka atvinnuvegina hallalaust á Íslandi að óbreyttum kringumstæðum. Við erum þess vegna ekkert að gera annað en að viðurkenna það, sem er, og sýna fram á með tölum, hvaða arfi þessi stjórn tekur við. Og hvað er þá, eins og ég segi, sú lækkun mikil, sem við erum að viðurkenna? Lækkunin er í útflutningnum 20% og í innflutningnum allt upp í 34%. 1950 viðurkenndi Framsfl. ásamt með Sjálfstfl. þá lækkun krónunnar, sem þá var orðin, en það voru 42.6%, og nægði þó ekki. 1958 viðurkenndi Framsfl. ásamt með báðum hinum vinstri stjórnarflokkunum, Alþfl. og Alþb., gengisfall, sem nam á milli 35% í innflutningsverzluninni og 46% í útflutningsverzluninni, m. ö. o.: gengisfallið, sem þessir flokkar viðurkenndu, var helmingi meira í útflutningnum en það, sem hér er um að ræða, og heldur meira þó. Allar ádeilurnar á núverandi ríkisstjórn eru þess vegna ádeilur á þá sjálfa. Við erum kallaðir fyrir það óbótamenn, böðlar alþýðunnar og allt, sem menn kunna verst af orðum, en meina sízt, — ég veit það, — fyrir það að viðurkenna lækkun á krónunni, sem þó er ekki nema helmingurinn af því, sem þeir viðurkenndu sjálfir og þar með Alþb., því að það er nú upplýst hér, að þeir voru reiðubúnir til alls, hvers sem var, annars en að kalla það gengisfellingu. Og þegar þeir menn, sem að þessu stóðu, eins og báðir þeir þm. Austf., sem hér hafa verið að tala, Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, eru ýmist að spyrja eða víta eða deila á okkur, af hverju spyrja þeir ekki sjálfa sig? Þeir hljóta að þekkja þetta, þeir eru svo oft búnir að gera þetta. Og ádeilan á okkur, auðvitað hlýtur hún að bitna á mönnunum sjálfum. Ég þurfti ekki að læra þetta, að fella krónuna, því að það var ég búinn að læra af þeim vinum mínum, Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni, 1939, þegar ég fyrst var í stjórn með þeim, og hefði kannske getað kennt þeim það, ef þeir hefðu ekki kunnað það. Það var úrræðið þá og oft síðar. En svo er látið eins og hér sé verið að fara með allt þjóðfélagið beint til helvítis í nafni mannvonzkunnar, voðalegrar illsku. Ægilegir glæpamenn, alveg hroðalegir, erum við sagðir vera. Sá var dómur hv. 3. þm. Reykv. um verknað, sem flokkur hans stóð að 1958.

Ég skal svo ekki, af því að ég vildi heldur tala skemur en lengur og er sjálfsagt búinn að vera allt of lengi, — ég skal svo ekki fara út í það núna að endurtaka rökin fyrir því, að við eigum engra kosta völ. Þau tók ég fram í gær, og þau hafa þeir hæstv. ráðherrar, sem hér hafa talað, áréttað. Ég mundi þess vegna ekki gera annað en tefja störf þingsins, ef ég færi að endurtaka það. Allir menn vita í sannleika, að það er ekki hægt að búa við gamla kerfið af þeirri einföldu ástæðu, að kerfi, sem lifir á lánum, er dautt, þegar lán fást ekki nema með breyttu kerfi. Þetta sker úr. En rökin eru margföld og margþætt, en ég vil ekki þreyta menn á að endurtaka þau.

Ég lýk þessu máli mínu á því að segja, að mér þykir, eins og ég segi, eðlilegt, að menn ræði mikið um svona mál. Mér voru nokkur vonbrigði, hvað menn hafa byggt miklu meira á fullyrðingum heldur en staðreyndum og að vitibornir menn, sem gerþekkja alla aðstöðuna, skuli ekki meta sjálfa sig meir en það að fórna að forminu til dómgreind sinni og skynsemi til þess að ala á illu. Ég skil hins vegar miklu betur afstöðu Alþýðubandalagsmanna í þessu máli, vegna þess að þeir telja sig vera að berjast gegn því, að hér komist á kerfi í fjármálunum, í efnahagsmálum landsins, sem gefur einstaklingnum frelsi, og frelsið í þessum efnum er pest í þeirra beinum. Hér er verið að berjast fyrir frelsi hinna ríku, ekki hinna fátæku, segja menn. Staðreyndin er náttúrlega sú, að því meira frelsi sem verður í atvinnulífinu, því meiri möguleiki er fyrir unga og duglega menn til þess að bjarga sér. Ég hef oft sagt það, að jafnvel þó að mig langaði að vera orðinn ungur aftur, þá vildi ég það ekki, ef ég ætti að búa í því þjóðfélagi, sem við búum í núna, — alls ekki, — vegna

þess að þeir menn, sem muna frelsið, geta illa án þess verið. Það er kannske ekkert, þegar maður er orðinn gamall og latur og óduglegur, en sá, sem er ungur og starfsglaður og hlakkar til að berjast, þegar hann vaknar á morgnana, grípur í tómt á Íslandi í dag. Það er andstyggð fyrir mann, sem er fæddur í þjóðfélagi, þar sem hver króna gat gefið möguleika til að ná í aðra og tíkallinn eða tuttugukallinn gat gefið möguleika til að eignast örlitinn part í örlitlum báti og engan þurfti að spyrja, að geta ekkert gert án leyfis. Áður var spurt: Geturðu passað hesta eða tínt ánamaðk? Þú skalt fá 10 aura fyrir eða jafnvel 25 aura. — Og ef maður hafði vit á að spara, — ég hafði það kannske ekki, ég veit ekki um það, — en ef maður hafði vit á því, þá gat maður eitthvað og þurfti engan að spyrja. Maður setti á guð og gaddinn og reri á guð og gæfuna. Nú aftur á móti skiptist þjóðin kannske í tvennt. Annar helmingurinn stendur bugtandi og beygjandi sig fyrir valdhöfunum til þess að reyna að fá innflutningsleyfi, og hinn helmingurinn stendur og gáir, eins og ég sagði áðan, hvort það er minn sjóhattur eða þinn sjóhattur, sem vill þetta, og ef það er minn, þá fær hann það, en ef það er þinn, þá fær hann það ekki. Menn verða að gera sér grein fyrir, hversu óskapleg eyðsla þetta er á starfskröftum þjóðarinnar, hvað margir mætir og ágætir menn eyða verulegum hluta af sínum degi í það að spyrja: Má ég, má ég ekki, mamma, má ég? — Og hinn segir: Ja, við getum nú athugað það. — Þetta eru hæfileikamenn á báða bóga. Þessir menn eiga að vera að vinna. Þarna á að skipuleggja þjóðfélagið, herra Einar Olgeirsson. Þessir menn eiga að vera að vinna að framleiðslunni, en ekki að vinna að því að segja já og nei og bugta og beygja sig. Það er orðið svo, heyri ég sagt, í mörgum helztu félögum hérna í bænum og annars staðar, að aðalmaður félagsins er notaður til þess að tala við innflutningsskrifstofuna og bankana og alla þessa valdhafa, sem ráða, hvort menn hafa að éta. Áður þurftu menn að ná í þorsk til að hafa að éta, nú þarf maður að ná í innflutningsleyfi. Haldið þið, að það sé gaman? Það er gaman fyrir ykkur, sem þekkið ekki neitt annað, þið eruð orðnir samdauna þessu. En við, sem erum aldir upp við annað, við getum ekki andað. Það er þess vegna, sem maður eldist svona fljótt.

Ég lýk svo þessu máli mínu á því að segja, að auðvitað er það höfuðtilgangur okkar að reyna með þessari skipulagsbreytingu að skapa nýja möguleika fyrir þjóð okkar í framtíðinni og afstýra því geigvænlega atvinnuleysi, sem hlýtur að okkar dómi að bíða okkar, ef við eigum áfram að búa við sama kerfi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er dálítið erfitt að tala á eftir jafnskemmtilegum ræðumanni og hæstv. forsrh. er, en atvikin hafa hagað því þannig, að ég er næstur í röðinni, svo að ekki er um það að fást.

Frv. það til laga um efnahagsmál, sem hér er til umræðu, var lagt fram í þessari hv. d. fyrir tveimur dögum. Það hefur verið naumur tími til að athuga jafnþýðingarmikið mál og hér er um að ræða. Ég vil þó ekki láta hjá líða að tala um nokkur atriði í þessu frv. nú þegar. Mun ég ræða þau án allrar ádeilu á einstaka menn og flokka. Við höfum gert of mikið að því í þessu landi að líta á málin einhliða frá flokkslegum sjónstað og sýna ábyrgðarlitla afstöðu til mála í stjórnarandstöðu. Ég álít, að ekkert land hafi efni á slíku og allra sízt Ísland. Lýðræði getur því aðeins þrifizt, að stjórnarandstaðan taki ábyrga afstöðu til mála á hverjum tíma og þeir, sem að ríkisstj. standa, taki sanngjarnt tillit til minni hlutans. Þessa hefur því miður ekki ávallt verið gætt og ýmsir hlutir því gengið á annan hátt í þessu landi en æskilegt hefði verið.

Þegar þarf að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, ber okkur að athuga í byrjun, hvað ber að forðast að gera og hvað óhjákvæmilegt er að gera. Það, sem ekki má gera, er að mínu áliti:

1) Það má ekki gera kjör verkamanna, sem vinna algenga verkamannavinnu, lakari en þau eru nú og allra sízt hér í Reykjavík.

2) Það þarf að hjálpa bændum, sem eiga eftir eða eru að gera nauðsynlegar og óhjákvæmilegar umbætur á jörðum sínum, en ekki leggja á þá þyngri byrðar. Þeir hafa orðið svo seinir fyrir í flestum tilfellum, af því að aðstaða þeirra hefur á einhvern hátt verið óhagstæðari en þeirra, sem búnir eru að framkvæma hlutina.

3) Það má ekki gera ungu fólki, sem er að stofna heimili, erfiðara fyrir en nú er, ef hægt er hjá því að komast.

Það, sem þarf að gera, er í fyrsta lagi að koma meira jafnvægi á efnahagsmál þjóðarinnar, bæta gjaldeyrisaðstöðuna út á við og hætta að taka lán, sem eytt er í óarðbæra hluti. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekki hægt nema með réttlátri gengisskráningu og með því að skapa traust á verðgildi íslenzks gjaldmiðils. Ríkisstj. hyggst ná þessu markmiði með því að láta Alþingi samþykkja frv. það, sem hér liggur fyrir. Ég er sannfærður um, að frv. nær ekki tilgangi sínum, þó að samþykkt verði, af því að það er óréttlátt og að nokkru leyti óraunhæft. Það er óréttlátt á þann hátt, að það leggur þungar byrðar á herðar þeirra, sem erfiðasta aðstöðu hafa í okkar þjóðfélagi, en hlífir þeim aðilum, sem bezta hafa aðstöðuna og helzt geta eitthvað lagt af mörkum.

Það hefur verið venja hjá ríkisstjórnum hér á landi í meira en tug ára að fá bóklærða menn, sem kalla sig hagfræðinga, til að reikna út fyrir sig alla mögulega hluti viðvíkjandi atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Þegar mikið hefur verið haft við, hafa þessir menn verið fengnir frá öðrum löndum. Þeir hafa reiknað og reiknað, og viðkomandi ríkisstjórnir hafa verið drjúgar yfir þessum spekingum sínum. Satt að segja hef ég furðað mig á því, hvers vegna þessir lærðu og vitru menn eru ekki látnir setjast í ráðherrastólana, svo að þeir gætu framkvæmt þessa vizku sína, því að

ávallt hefur það reynzt þannig, að útreikningar þeirra hafa ekki staðizt.

Eitthvað er því við þetta allt að athuga, hvort sem um er að kenna klaufaskap viðkomandi stjórnar, röngum útreikningi eða hinir lærðu menn taka of lítið tillit til veðráttunnar. Það er auðvelt fyrir vel upplýstan mann að reikna út, hve mörg tonn bátur aflar yfir vertíðina, með því að margfalda þann tonnafjölda, sem venjulega veiðist á dag, með dagafjölda vertíðartímabilsins. Hitt er erfiðara, að segja til um, hve margir landlegudagar kunna að verða. En gleymist alveg að taka tillit til þeirra, er hætt við, að útkoman geti orðið röng. Það er þetta, sem ég held að hafi átt nokkurn þátt í því, að útkoman hefur aldrei orðið rétt hjá okkar ágætu hagfræðingum. Það er þetta, sem veldur því, að við ættum að hætta að trúa einhliða á hagfræðingana, en athuga betur, hvað þeir segja, sem lífsreyndari eru og vanir eru útivist og vosi.

Hafi hagfræðingar nokkurn tíma gleymt að taka tillit til vinda og regns, þá hafa þeir gleymt því, þegar þeir sömdu þetta frv. Í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er margt vel sagt og réttilega. Þar er á það bent, að útflutningsuppbætur á bátafisk hafi verið 94.5%, togarafisk 81%, síld 79.1—81.6%, landbúnaðarafurðir 93.9% o. s. frv. Meðalútflutningsuppbætur voru 86.7%. Annað gengi hefur hins vegar verið á innflutningnum: 30—55% á megnið af vörunum, 112.8, 157.3 og 206% á hátollavörur og vörur, sem kallaðar eru lúxusvörur. Meginhluti innflutningsins hefur verið með 55% yfirfærslugjaldi, en meðaltalið var 68.5%. Þetta veldur óeðlilega mikilli kaupgetu og þess vegna miklum innflutningi á vörum með háu yfirfærslugjaldi og óhagstæðum greiðslujöfnuði.

Með því að hafa sama verð á gjaldeyri, hvort sem bankarnir kaupa hann eða selja, er hægt að ná greiðslujöfnuði við útlönd, öðruvísi ekki. Það ætti því ekki að þurfa að vera ágreiningur um það hjá ábyrgum flokkum, að rétt gengisskráning er undirstaða heilbrigðs efnahagslífs. Hitt er svo aftur skiljanlegur hlutur hjá hæstv. menntmrh. hér í gær, þegar hann birti samning eða útdrátt úr samkomulagsumleitunum flokkanna, að það er ekki nema hól um Framsfl., hann vildi sýna algerlega ábyrga afstöðu. Það var einnig hól um Alþb., vegna þess að vísir menn vissu, hvað þeir voru að gera. Eftir því sem þeir gátu gert bilið meira á milli þess gjaldeyris, sem keyptur var og seldur, eftir því urðu fjárhagsástæðurnar erfiðari, og þess vegna skiljanlegt, að þeir vildu hafa hraðbyri sem mest.

Hitt má svo um deila, hve miklu þurfi að breyta og á hvern hátt eigi að framkvæma þær breytingar, sem gera þarf. Ríkisstj. segist miða væntanlega gengisskráningu við það, að bátaútvegurinn búi við svipuð kjör og verið hefur. Á stjórnartímabili Hermanns Jónassonar var hlutur sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslustöðva gerður mjög góður miðað við það, sem áður var. Taprekstur var á flestum hraðfrystihúsum árið 1953 og 1954. Þetta breyttist mjög árin 1956—59. Þau ár gátu frystihúsin varið ríflegu fé til afskrifta og greitt gömul töp. Vera má, að of langt hafi verið gengið í því að bæta kjör bátasjómanna og fiskvinnslustöðva, því að það átti sinn þátt í því að auka útflutningsuppbætur og þar með að minnka verðgildi íslenzkra peninga. Ég hygg, að á árinu 1959 hafi sjómenn á bátum, sem sæmilega öfluðu, haft ¾ hlutum hærra kaup en menn í almennri verkamannavinnu, vélstjórar og stýrimenn meira en tvöföld verkamannalaun og skipstjórar allt að þreföldum verkamannalaunum. Afkoma hraðfrystihúsa mun einnig hafa verið mjög sæmileg.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er ákveðið, að Bandaríkjadollar jafngildi 38 kr. Ríkisstj. segist miða þessa gengisskráningu við það, að bátaútvegurinn búi við sömu kjör og verið hefur, og tillit sé tekið til þeirra skipa, sem verið er að kaupa. Ég játa fúslega, að sjómenn eigi skilið að búa við góð kjör. En allir þurfa að lifa. Ég vefengi það, að rétt sé að miða gengi íslenzkrar krónu einhliða við það, að þeir menn og þau fyrirtæki, sem bezt kjör hafa í okkar þjóðfélagi, missi einskis, en kjör þeirra, sem lægst laun hafa, séu skert að mun. Vitanlega er það rugl eitt, að kjör launþega í þessu landi verði ekki lakari við fyrirhugaða gengisbreytingu, ef framkvæmd verður, nema launin hækki í íslenzkum krónum. Það eru hrein undur, að ríkisstj. skuli láta hagfræðinga sína halda slíku fram. Meginhluti af þeim vörum, sem fluttar hafa verið til landsins, er greiddur með gengi, sem miðast við, að dollarinn sé 25 kr. Nú á að greiða þær með gengi, sem er 50% lægra. Við það bætist söluskattur, sem hlýtur að koma niður á neytendum, og hækkun vegna væntanlegrar vaxtahækkunar, sem hlýtur einnig að koma niður á neytendum. Innfluttar vörur hljóta því að verða allt að ⅓ hærri en verið hefur Öll þjónusta innanlands hlýtur að hækka og húsaleiga einnig, bæði vegna vaxtahækkunar og aukins byggingarkostnaðar. Niðurgreiðsla á sykri og kornvöru hefur sáralítið að segja nema á pappírnum, vegna þess að það er svo lítilll útgjaldaliður hjá alþýðu manna. Þess ber og að gæta, að það er hættulegur hlutur að fara að borga niður vissar vörutegundir og skapar mikið ósamræmi. Ef farið er að borga kornvöru niður í stórum stíl, þá er stórhætta á því, að bændur fari að nota þær sem fóðurbæti.

Gera má ráð fyrir, að 70—80 tonna bátur eyði í veiðarfæri, varahluti, viðgerðir og línu 500—600 þús. kr. á ári. Með breyttu gengi mundi sú upphæð hækka um allt að 300 þús. kr. Vaxtahækkun mundi nema allt að 50 þús. kr. á það rekstrarfé, sem báturinn þarf. Fiskverðið mundi hækka um ca. 15%, það verður ekki meira, þegar búið er að draga frá þessi 5%, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að draga af söluverði fisksins. Þá hækkar bátafiskurinn ekki meira. Sé gert ráð fyrir, að skipið fiski fyrir 2 millj. kr., mundi gengisbreytingin hafa lítil áhrif á reksturinn frá því, sem nú er. Skip, sem verið er að kaupa nú, hækka aftur á móti í verði um ⅓. Sé tillit tekið til vaxta-

hækkunar, hlýtur rekstur slíkra skipa í flestum tilfellum að verða mjög erfiður. Hlutur togaraútgerðar mun hins vegar batna í bili, vegna þess að það er lægra verð fyrir togarafisk en bátafisk.

Áhrif gengislækkunar eru alls staðar sviputð, og við vitum, að í öllum löndum, sem hafa þroskaða verkamannapólitík, leggja launþegar höfuðáherzlu á, að gengið breytist ekki. Launamaðurinn hefur ekkert annað til að lifa á heldur en vinnu sína. Það er þess vegna höfuðskilyrði fyrir hann, að þeir peningar, sem hann fær fyrir vinnuna, séu ekki verðlausir. Því miður hafa stéttasamtökin hér á landi ekki gert sér þetta nógu ljóst. Þau hafa ekki verið nógu þroskuð til þess að miða kröfur sínar við það að heimta ekki fleiri krónur, nema hægt sé að halda verðgildi þeirra. Það er ekki hægt að álasa neinni sérstakri stjórn, því að sannleikurinn er sá, að í 20 ár hefur gengi íslenzkrar krónu alltaf farið lækkandi, kaupmátturinn hefur alltaf farið síminnkandi. Það er líka erfitt að taka einstaka menn í verkalýðshreyfingunni og halda því fram, að þeir séu ábyrgir fyrir þessu. Hreyfingin hefur verið allt of almenn. Þjóðin er ekki farin að skilja það enn þá fullkomlega, hvað það er þýðingarlaust að heimta fleiri krónur, nema verðgildi þeirra minnki ekki.

Þetta skilja þroskuð verkalýðsfélög í öðrum löndum, og þess vegna hafa þær þjóðir átt auðveldara með að ráða við verðbólguvandamálið. En það er komið sem komið er, og staðreyndum þýðir ekki að neita. Það þýðir ekkert fyrir okkur að neita því, að krónan er fallin í verði. En það má deila um, hvort við þurfum að fella hana miklu meira. Það eru þrjár leiðir til í gengismálinu. Það er að skipta um mynt og hætta bæði útflutningsuppbótum og niðurgreiðslum innanlands, og á þann eina hátt getum við fengið fullkomlega heilbrigt efnahagskerfi. Önnur leiðin er að leiðrétta það misræmi, sem er á gjaldeyrisverzluninni, þ. e. að hafa sama verð á gjaldeyrinum, hvort sem um innflutning eða útflutning er að ræða, á þann hátt getum við náð greiðslujöfnuði við útlönd. Þriðja leiðin er að gera það, sem ríkisstj. leggur til, að lækka gengið allmikið frá því, sem nú er.

Ég held, að við ættum að lækka gengið eins lítið og við getum, gera eins litla byltingu og mögulegt er. Við megum ekki einhliða horfa á sjávarútveginn og miða einhliða við þá, sem bera mest úr býtum nú, sem er, að ég hygg, bátaútvegurinn, þegar frá eru skildir okrarar, sprúttsalar og fáeinir ævintýramenn. Það er óréttlátt, að þeir, sem vinna við bátana, hraðfrystihúsin, og aðrir slíkir aðilar fórni engu, en byrðarnar séu lagðar á launþega og það helzt fátækustu mennina. Meðal bænda kæmu þessar aðgerðir harðast niður á þeim mönnum, sem eru að gera framkvæmdir og erfiðasta hafa aðstöðu. Ég þekki ofur lítið til hjá fólki úti á landi, hef lifað og starfað með því, og ég veit, að þeir menn, sem hafa verið að byggja síðastliðin tvö ár, eru í fullkomnum vandræðum. Það eru lánaðar úr byggingarsjóðnum 75 þús. kr. út á íbúðarhúsið. Flestir þessir menn væru búnir að ráðast í þetta, ef þeir væru ekki fátækir og hefðu slæma aðstöðu. Þeir skulda lausaskuldir, þetta 100—150 þús. kr. Ef á að tvöfalda vaxtabyrðina hjá þessum mönnum og gera þeim þar að auki hér um bil ómögulegt að fá lán, þá hafa þeir engin önnur ráð en yfirgefa býlin. Það er vandaverk að framkvæma gengislækkun.

En ég vil spyrja hæstv. ríkisstjórn að því: Hvaða byrðar ætlar hún að leggja á þá menn, sem bezta aðstöðuna hafa í þessu þjóðfélagi, þ. e. auðmenn, sem lítið skulda, en eiga miklar eignir, og þá, sem eiga atvinnutækin, búnir að kaupa þau fyrir lágt verð, við skulum segja útgerðina í heild? Þær eru hreinlega engar að mínu áliti. Þeir skulda ekki nema smámuni, þurfa þess vegna litla vexti að borga. Það hefur verið vitað mál og öllum ljóst, að undanfarið hefur verið gróði að geta komið peningum sínum í verðmætar eignir. Þessir menn hafa haft aðstöðu til þess. Ég vil á engan hátt deila óréttmætlega á þetta frv. Ég veit, að ríkisstj. vill vel. Ég efast ekki um, að hún vilji gera það bezta, sem hún getur, og ég held, að allar ríkisstj. hafi viljað það. Það er engu síður stjórnarandstaðan fyrr og síðar, sem er ábyrg fyrir því, sem mistekizt hefur, en ríkisstjórnirnar. Ég álít því tilgangslaust að vera að skammast um, hvað sagt hefur verið í kosningum. Svona hlut verður að ræða rólega og leysa heiðarlega. Ég veit, að ríkisstj. getur komið málum fram hér á þinginu. Til þess þarf hún ekki okkar hjálp.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu, sem hann hélt áðan: Gefið okkur möguleikana. — Þetta er rétt hjá honum. Það er ekki nokkur vafi á því, að ef fólkið steinþegir og gerir það, sem stjórnin segir, þá er hægt að framkvæma efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Hitt er annað mál, að þeir fátæku verða fátækari en þeir eru nú og þeir ríku ríkari. Það er enginn vafi, að það er hægt að framkvæma þetta, ef enginn hreyfir hönd eða fót. En það verður bara ekki gert. Þegar á að gera eitthvað, þá verðum við að athuga, hvort það er framkvæmanlegt eða ekki. Það þýðir ekki að leggja í það, sem er óframkvæmanlegt. Við vitum allir, að ríkisstj. hefur fengið leiðbeiningar, henni hefur verið sagt að stefna í þessa átt. En þó að ókunnugur maður, ef til vill útlendur, segi: Þið eigið að stefna ákveðið í þessa átt, — þá er ekki þar með sagt, að ekki geti verið torfæra á leiðinni. Það getur verið sandbleyta, það getur verið árgljúfur, það geta verið alls konar sprungur og torfærur. Það er ekki hægt að ganga beint áfram, það verður að taka tillit til þeirra torfærna, sem maður annaðhvort rekst á eða veit um upphaflega, og það verður að sneiða hjá þeim. Til þess að ná markmiðinu verður þess vegna ávallt að nota fyrirhyggju og lipurð.

Ég skal ekki neita því, að það er margt nýtilegt í þessu frv., t. d. það að kippa vísitölunni frá grunnkaupinu. Ég get ekki neitað því, að það er í nokkuð mikið ráðizt að gera þetta allt í sama frv. án þess að taka tillit til

þess, að vald fólksins er mikið. Ég er sammála ríkisstj. um það, að vísitalan er búin að gera okkur mikinn óleik, og það er í raun og veru hörmulegt, að íslenzk stjórnarvöld skuli ekki vera það þroskuð og hafi ekki lært það af nábúaþjóðunum að taka upp annað vísitölukerfi. Það má deila um, hvort það á algerlega að hætta að taka tillit til vísitölunnar eða hvort á að taka tillit til hennar á þann hátt, sem gert hefur verið hér á landi og hefur átt drýgstan þátt í að skapa verðbólguna hjá okkur. En um það skal ég ekki dæma.

Það er hægt fyrir verkafólk og aðra launþega að ná viðunanlegum samningum, án þess að vísitalan sé með, og ef verðlag er stöðugt, þá eiga kjörin að geta verið í lagi. Hvert einasta ríki, sem hefur fjárhag sinn í lagi, hefur lagt höfuðáherzlu á stöðugt gengi og hefur forðazt að fella það. Við getum t. d. tekið Sviss, og við getum tekið Svíþjóð. Við getum tekið Vestur-Þjóðverja, hvernig þeir hafa unnið sig upp eftir stríðið og allar sínar hörmungar. Þeir gættu þess að hafa stöðugt gengi. Þeir voru búnir að reyna verðleysi marksins eftir fyrri styrjöldina.

Frakkar eru að taka upp þungan franka. Þeir eru að skipta um peninga, fá peninga, sem eitthvert verðgildi er í. Hvers vegna eigum við Íslendingar þá hiklaust að fella okkar gengi eins mikið og mest er hægt að gera kröfu til fyrir þann atvinnuveg, sem beztar ástæður hefur nú?

Ég þarf ekki að deila á þessa ríkisstj. persónulega, það er ekkert farið illa með mig í þessari löggjöf á nokkurn hátt. Ég er þannig gerður, að ég álít ekki sanngjarnt, að ég beri engar byrðar. En þeir, sem fátækastir eru í þjóðfélaginu og versta aðstöðuna hafa, taka á sig miklar byrðar. Það er ekki sanngjarnt að taka sama og ekkert tillit til verkamanna, sem hafa í raun og veru versta aðstöðu við að búa, en miða allt eingöngu við þá, sem bezt kjörin hafa. Ef við miðuðum við, að bátaútvegurinn fengi 60% yfirfærslubætur í staðinn fyrir 94.5%, þá mundi hver bátaútgerð skaðast um sem svarar 300 þús. kr. yfir árið. Má vera, að þetta sé meira en þeir geti risið undir. Þetta mundi að nokkru leyti koma á frystihúsin, að nokkru leyti á útgerðina sjálfa og að nokkru á sjómennina. Við skulum segja, að 100 þús. kæmu á hvern aðila. En ég vil benda á, að bara vaxtahækkunin, sem ríkisstj. er að tala um, mundi skattleggja frystihúsin meira en nemur 100 þús. kr.

En svo er bil á milli að miða dollarann við 26 kr. eða miða hann við 38 kr., og ég hygg, að einhvers staðar þar á milli væri sanngjarnt að skrá gengið.

Hagur togaraútgerðarinnar batnar ekki við þessa gengisfellingu. Ég er ekki þrautkunnugur þeirri útgerð. Ég hygg þó, að veiðarfærakaup til togara séu tiltölulega lítið minni en til bátanna, þannig að hækkun á veiðarfærum kæmi eins illa við þá, og ég veit, að margir, sem reka togara og eiga frystihús, hafa hagnazt á undanförnum árum.

Ég er sammála hæstv. ríkisstj. um, að við verðum að hafa heilbrigt gengi. Það er undirstaðan undir heilbrigðu fjármálalífi að hafa stöðugt og eðlilegt gengi. En við megum bara ekki fella okkar peninga meira en við endilega þurfum, og við megum ekki gera kjör þeirra manna, sem erfiðasta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu, lakari en nauðsyn krefur, m. a. af því, að ef við ætlum að fara þá leið, þá er hún ekki fær.

Ríkisstj. talar mikið um og það kemur óbeint fram í frumvarpinu, þó að það sé ekki beinlínis sagt, að vextir eigi að hækka mjög mikið. Vaxtabyrðin er einhver hættulegasti liður fyrir hvert einasta fyrirtæki, sem rekið er. Ég get sem dæmi nefnt það, að í kaupfélögunum er vaxtahallinn árlega svipaður og launin, sem starfsfólkinu eru greidd. Eigi allt að því að tvöfalda vexti, verður vaxtahalli hraðfrystihúsanna t. d. alveg gífurlega hár. Það verður óbærileg byrði fyrir fyrirtækin. Fyrirtæki, sem hefur verið rekið með hæfilegum afskriftum, getur ekkert afskrifað, eftir að vextirnir hafa verið hækkaðir. Gagnvart því fólki, sem er að koma sér upp heimili eða hefur miklar lausaskuldir, getur þetta algerlega ráðið úrslitum um afkomuna. Það er ekki að efa, að vaxtahækkun veldur hækkun á húsaleigu, og húsaleiga er einhver erfiðasti liðurinn fyrir þá, sem búa í kauptúnum landsins.

Ég tel því fullkomið neyðarúrræði að fara inn á þá leið að hækka vexti, og ég sé enga ástæðu til þess. Þetta á að gera til þess að draga úr fjárfestingu. En ríkisstj. hefur nóg ráð til að draga úr fjárfestinguni, þó að hún fari ekki að fara á slóð okraranna og okra á þeim, sem helzt þurfa hjálpar við í þjóðfélaginu, því að ríku mennirnir þurfa ekki að taka þessi vandræðalán.

Ég gleðst ekkert af því, þó að hæstv. ríkisstj. geri sig óvinsæla, það er fjarri því. Ég á ekkert sökótt við hana. En ég er sannfærður um, að hún getur ekki gert sig óvinsælli með öðru en þessu, því að þetta er svo almennt. Vaxtahækkunin á fyrirtækjunum lendir öll á fólkinu fyrr eða síðar, hún getur ekki annars staðar lent. Í verzlun mundi þetta þýða um 3% hækkun á álagningu.

Mér hefur verið sagt af mönnum, sem styðja þessa ríkisstj., að það eigi að hækka vextina í Seðlabankanum líka. Seðlabankinn hefur lánað með frekar hagstæðum vöxtum. En þetta hefur engan veginn verið gert eins auðvelt í framkvæmd fyrir fyrirtækin og hægt hefði verið, t. d. fyrir okkur, sem búum úti á landi. Ef það dregst um einn eða tvo daga að endurnýja víxil eða borga, eru komnir háir dráttarvextir. Auk þess eru samkvæmt landslögum há stimpilgjöld og þinglestur og annað slíkt. Ég er sannfærður um, að það væri hægt að koma þessum lánum fyrir með miklu minni kostnaði en gert er, ef þetta væri athugað. Ef Seðlabankinn lækkaði vexti út á unnar afurðir, eins og fiskinn, og gerði þetta auðveldara í framkvæmd, þá gætu frystihúsin tekið á sig auknar byrðar, vegna þess að þau hafa haft mjög góða afkomu s. l. þrjú ár og sum þeirra stórgrætt, — byrðar, sem gætu leitt til

þess, að bátaútvegurinn þyrfti ekki jafnmikla gengisfellingu, og það gæti leitt til þess, að við þyrftum ekki að fella gengið jafnmikið og gert er ráð fyrir.

Ég get ekki skilið, að það þurfi endilega að fara að hækka um helming vexti hjá Seðlabankanum. Seðlabankinn lánar yfirleitt ekki út á nema afurðir, sem eru unnar. Þetta eru því trygg verðmæti.

Og svo á að fara að okra á atvinnufyrirtækjunum af ótta við fjárfestingu. Seðlabankanum er það alveg í sjálfsvald sett, hve mikið hann lánar hinum bönkunum til þess að lána svo öðrum aðilum eða hvað yfirdráttarheimildin er mikil. Ríkisstj. hefur þetta í hendi sinni, og það er skyndilega, sem þessi breyting kemur hjá hæstv. ríkisstj., því að á s. l. ári munu hafa verið veitt innflutningsleyfi fyrir eitthvað 70 skipum. Það er ekki einu sinni athugað, hvaða stærð skipa er hentugust í þessu landi, það er bara veitt og veitt og keypt og keypt og samið og samið, án þess að vita um, hvort nokkuð er til að borga með, og án þess að hafa hugmynd um, hvert verðgildi íslenzkra peninga verður, þegar skipin eru flutt inn, og hvort nokkur starfsgrundvöllur er fyrir þau. Ef fyrirhugað frv. á fram að ganga, þá munar þetta þriðjungi á veiðarfærakostnaði og stofnkostnaði skipsins. Þar að auki á að gera mönnum miklu erfiðara fyrir að fá lán. Ég get ekki séð, hvernig þeir geta framkvæmt þessa hluti, sumir, sem hafa verið að semja um skipakaupin, hvernig þeir geta keypt veiðarfærin og borgað það, sem þeir þurfa að borga í skipunum, nema það eigi að ganga einhver önnur lög yfir þá en aðra menn.

Ég er ekki að segja, að vinstri stjórnin sé saklaus um alla hluti. Auðvitað mistókst henni margt. En ég vil segja ykkur hitt, að við, sem úti á landinu bjuggum, fundum það, að þá sneri önnur hlið að landsbyggðinni en áður. Það má vafalaust deila á Eystein Jónsson, hv. 1. þm. Austf., fyrir ýmsa hluti. En hitt vitum við, að hann hafði alltaf skilning á því, sem fólkið þurfti með úti á landinu, og það má fara þorp úr þorpi og spyrja, hver mest hefur greitt fyrir útvegun atvinnutækja og byggingu frystihúsa og öðru slíku, og ég er ekki í vafa um, hvaða maður það verður, sem þar hefur hjálpað landsbyggðinni mest. Hitt er svo satt, sem talað hefur verið um hér af ábyrgum mönnum, að það eru náttúrlega takmörk fyrir, hvað hægt er að ganga í miklar ábyrgðir fyrir fyrirtæki eða einstaklinga, og það er ekki rétt að gera það, nema rannsaka, hvort það er skynsamlegt eða ekki og hvort líklegt er, að maðurinn eða fyrirtækið geti staðið undir því eða ekki. En ég hygg, að það séu fleiri syndugir í því efni en hæstv. fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, og það er ábyggilegt, að það væri minna gert í margri landsbyggðinni þó, ef menn hefðu ekki notið þessarar fyrirgreiðslu.

Ég tel vaxtamálið þýðingarmikið, það ekki síður stóran lið en gengismálið, og ég álít, að ríkisstj. ætti ekki að fara út í að stórhækka vexti og þrengja afkomu fólks og möguleika fólks til að mynda ný heimili, nema í ýtrustu nauðsyn. Mér er sagt, að þetta eigi ekki að standa lengi. En í frv. er farið fram á, að ríkisstj. ráði þessu um óákveðinn tíma. Því er það þá ekki ákveðið strax, og hvers vegna þarf endilega að fara fram á þetta nú? Á þetta að bætast ofan á þann halla, sem hinir efnaminni í þjóðfélaginu verða fyrir af gengislækkuninni, að fá okurvexti.

Ég held nefnilega, að ríkisstj. taki ekki tillit til þeirra erfiðleika, sem verða á vegi hennar, hún taki ekki tillit til andstöðu þeirrar, sem þetta á eftir að mynda hjá fólki. Þess vegna er réttara að fara að öllu með gát. Það eru hindranir í leiðinni að geta framkvæmt þetta. Hæstv. forsrh. sagði áðan: Gefið okkur möguleikana. — Það er bara að fá möguleikana. Það er vafasamt, að það takist.

Það er sagt um Alexander mikla, að hann var á ferðalagi með hermenn sína um eyðimörk, og þeir liðu mikið fyrir þorsta. Þá var komið til hans með ofur litla lögg af vatni. Hann leit í kringum sig og sá, að allra augu mændu á hann. Þá hellti hann vatninu niður og sagði: Einn vil ég ekki drekka.

Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að hún þarf að athuga, að það getur skeð, að einhver verði í peningaskorti, að einhver verði þyrstur á þeirri göngu, sem við eigum nú fram undan. Þá þarf hún að athuga það að geta staðið í sporum Alexanders mikla, að drekka ekki vatnið sjálf, að hennar gæðingar drekki ekki einir vatnið, þó að aðrir séu þyrstir, því að það gaf hermönnum Alexanders mikla þrek gegn þorsta og hita og öðrum erfiðleikum, að þeir fundu, að hann deildi kjörum við þá. Þess vegna þurfa þeir efnasterkari í þessu landi að láta þá veikari finna það, að þeir deili við þá kjörum, þegar um nýjar álögur og erfiðleika er að tala í þjóðfélaginu. Bara lítið dæmi skal ég benda ykkur á, að einhver stærsti bátaútgerðarmaður landsins. sennilega sá stærsti, er búinn að fá netin sín nú með háa genginu, en við hinir, sem erum með minna og verr settir, við þurfum að borga þau með lága genginu. Þá datt mér í hug ævintýrið um Alexander mikla. Hvort sem það er satt eða ekki, þá er það sígilt, að þegar þeir sterku deila kjörum með þeim veikari, þá geta þeir, sem erfiðara eiga, sætt sig við þau. Ef það er ekki gert, þá sætta þeir sig ekki við þau. Þetta vildi ég benda hæstv. ríkisstjórn á.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það þýðingarmikla frv., sem hér liggur fyrir, grípur inn á öll fjármál okkar þjóðar og hefur áhrif á hag allra manna í þessu landi. Það er þess vegna ekki nein furða, þó að um þetta geti orðið nokkuð skiptar skoðanir og miklar umræður hér á hv. Alþingi. En þær umr., sem hér hafa farið fram af hálfu stjórnarandstæðinga, eru með nokkuð undarlegum hætti, því að þær eru byggðar á árásum á núv. ríkisstj. frá þessum fóstbræðrum, hv. framsóknarmönnum og hv. Alþýðubandalagsmönnum, — þessum fóstbræðrum og andlegum frændum eins og síðasti ræðumaður orðaði það á fund-

um í vor. Og þó er það vitað, að þessir menn, a. m. k. sumir af þeim, eru aðalsakaraðilarnir í fjármálum hér á landi.

Í gær hlustaði ég á tvær ræður, sem stóðu samtals nokkuð á fimmta klukkutíma, fluttar af hv. 1. þm. Austf. og hv. 4. þm. Austf., þessum mönnum, sem fyrir 14 mánuðum fóru úr ríkisstj., af því að hún var orðin gjaldþrota, þessum mönnum, sem eiga meiri sök en flestir, ef ekki allir aðrir Íslendingar, á því ástandi, sem nú blasir við augum. Ég ætla ekki að fara að svara öllum þeim rökvillum, sem þarna komu fram, en ég fann, að hjá þessum mönnum virtist sama hugsunin og svo oft áður, þessi: Með hverju getum við helzt blekkt landslýðinn? Með hverju getum við blekkt landslýðinn til fylgis við allar okkar sögur? — En ég vil segja, að báðir þessir menn hefðu getað endað sína ræðu með því að segja: Allt þetta, sem við höfum verið að lýsa, er okkur að kenna meira en öðrum mönnum.

Það, sem hér er verið að gera með því frv., sem hér liggur fyrir, er að gera upp þrotabú vinstri stjórnarinnar, sem sagði af sér 4. des. 1958, með þeirri yfirlýsingu frá þáv. hæstv. forsrh., sem hljóðaði á þá leið: Ný verðbólgualda er risin og engin samstaða í stjórninni til úrbóta. — M. ö. o.: þessi stjórn varð undir holskeflunni, sem hún hafði sjálf látið rísa. Eftir nokkra daga var, eins og kunnugt er, mynduð bráðabirgðastjórn Alþfl., — bráðabirgðastjórn, sem átti að hafa það hlutverk að halda þrotabúi vinstri stjórnarinnar gangandi um nokkurra mánaða skeið á nauðasamningagrundvelli. Þessi stjórn gerði það og gerði það á margan hátt betur en hefði mátt búast við af svo fámennum hóp sem þar var um að ræða. En nauðasamningatíminn varð lengri en til var ætlazt, töluvert lengri en við var búizt. Og það var af því, að í vorkosningunum tókst framsóknarmönnum með öllum sínum æsingi og látum að ná til sín nokkur þúsund atkv. umfram það, sem ella hefði mátt búast við, sem hafði það í för með sér, að þegar sumarþingið kom saman, voru nákvæmlega jöfn atkv. hér á þingi, annars vegar frá hálfu þeirra flokka, sem nú eru stjórnarflokkar, og hins vegar frá fóstbræðrunum, framsóknarmönnum og kommúnistum. Þess vegna var ekki hægt að breyta neitt til, eins og til var ætlazt, enda til þess ætlazt, að þá yrði mynduð sú samstjórn, sem nú hefur tekið við. Þá hefði nauðasamningatíminn orðið nokkrum mánuðum styttri, og þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera og undirbúa, hefðu getað komið í gildi fyrir síðustu áramót.

Nú er það svo, að menn geta spurt: Hver er það, sem er að fella gengið, og hver hefur fellt gengi krónunnar? Það er alger misskilningur hjá þeim mönnum, sem segja: Það er núv. ríkisstj., sem er að fella gengið. — Það eru aðrir menn. Það eru þeir menn, sem hafa stjórnað okkar málum í gáleysi og óreiðu á undanförnum árum. Þeirra verk hefur alltaf verið að rífa niður gengi og gildi okkar krónu, og það, sem núv. ríkisstjórn er að gera með þessu frv., er það eitt að viðurkenna sannleikan, viðurkenna hann í verki, þannig að skrá gengi íslenzkrar krónu í samræmi við það, sem gildi hennar er, eða sem næst því.

Hv. 4. þm. Austf. sagði í ræðu sinni í gær, að s. l. ár mundu útflutningsuppbæturnar hafa verið nálægt 87% að meðaltali. Ég geri ráð fyrir því, að maðurinn viti þetta rétt. En þegar menn leggja það saman, að það var búið að fella gengi um 55%, því að 55% yfirfærslugjaldið var ekkert annað en gengisfall, þó að það væri falsað með því að kalla það allt öðru nafni, og þrátt fyrir það þarf þó 87% meðaltalsútflutningsuppbætur, þá geta allir menn séð, að gildi krónunnar er orðið svo lágt, að það er ekki mjög fjarri því, sem nú er ákveðið með 38 kr. á dollara. Að vísu má ekki leggja þessar tölur alveg saman, vegna þess að þessar prósentur eru ekki byggðar á sömu grunntölu.

En það er svo sem ekki neitt nýtt í okkar sögu að fella gengið, því að það er búið að gera það með ráðstöfunum á Alþingi a. m. k. fjórum sinnum á rúmum 20 árum. Og þó hefur það ekki verið á þann hátt nema þrisvar að breyta skráningu okkar krónu.

Í fyrsta lagi í aprílmánuði 1939, þá var vinstri stjórnin fyrri búin að starfa í 4½ ár og koma okkar málum þannig fyrir, að allt var að fara í strand gersamlega. Og þá var leitað af þeirra hálfu til okkar sjálfstæðismanna til hjálpar, og úrræðið var það að breyta skráningu krónunnar, sem þá var auðsjáanlega stórkostlega fallin. Ef hv. þm. vilja lesa gengislögin frá því í apríl 1939, þá geta þeir séð, að þar voru gerðar margvíslegar og skynsamlegar og veigamiklar ráðstafanir til varnar því, að gengisbreytingin yrði brotin niður. En það fór svo, að þessar ráðstafanir voru allar afnumdar, áður en árið var liðið, enda var þá heimsstyrjöldin komin í algleyming. Í ársbyrjun 1940 var gert annað verra og versta strik, sem gert hefur verið í okkar fjármálum að mínu áliti. Þá var vísitöluskrúfan sett í gang.

Ég ætla ekki hér, vegna þess að það yrði of langt mál, að rekja sögu þessara mála á fimmta áratug þessarar aldar. En þegar komið var fram undir árslokin 1949, var auðséð enn á ný, að gengi íslenzku krónunnar var fallið í stórum stíl, og þá var það, að undirbúið var frv. á mjög svipaðan máta og nú um það að breyta skráningu krónunnar þannig að hækka erlendan gjaldeyri um 74%. Þetta var gert í bæði skiptin til þess að viðurkenna sannleikann, ekki vegna verka þeirra, sem framkvæmdu breytinguna á skráningunni, heldur af þeim mönnum, sem höfðu stjórnað í millibilinu, þeim mönnum, sem höfðu rifið niður þær varnir, sem voru settar gegn því, að verðhækkun, launahækkun og skattahækkun, sem hvað skrúfaði annað upp, yrði til þess að eyðileggja gildi okkar krónu.

Í þeim gengislögum, sem samþykkt voru 1950, voru nokkrar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir það, að áfram þyrfti að halda á þessari feigðargöngu. En það fór um það eins og ráðstafanirnar 1939, að þær voru

rifnar niður, þó ekki allar eins fljótt og þá var, og endirinn er sá, sem nú blasir við augum. Þess vegna er það víst, að gengið, sem nú er verið að ákveða að skrá rétt, er fallið raunverulega, og það, sem verið er að gera, er þá aðeins að viðurkenna sannleikann.

Hv. 1. þm. Austf. sagði í gær, að það væri botnlaus óhróður um vinstri stjórnina að *kenna henni um þetta fall. Ég veit ekki, hvað* maðurinn kallar óhróður. Hvers vegna fór þessi stjórn? Fór hún ekki af því, að það var allt komið í strand? Fór hún ekki af því, að hún var búin að brjóta niður gildi okkar peninga? Ég held, að hún hafi farið af því. Líklega er það þó svo, að jafnvel þeir þrír hv. ráðh. vinstri stjórnarinnar, sem eru í þessari hv. d. og eru í stjórnarandstöðu nú, hafa verið óánægðir við sinn forsrh. fyrir það að segja stopp. Það var hann, sem skar úr, hann stakk *við fótum og sagði: Hingað og ekki lengra* — Hann vildi ekki keyra fram af hömrunum.

Nú hef ég hér í höndum tvo ríkisreikninga. Annar reikningurinn er frá árinu 1955, síðasta árinu, sem samstjórn sjálfstæðismanna og Framsóknar var við völd undir forustu núv. forsrh., Ólafs Thors, sem þá skilaði sínum reikningi. Hinn reikningurinn er frá árinu 1958, þremur árum seinna, þegar vinstri stjórnin er búin að vera við völd að mestu leyti þann tíma og skila reikningum þá. Þannig liggur það ljóst fyrir, hver er hækkun á útgjöldum á þessu tímabili. Ég hef slegið hér upp samanburði, af því að ég hef þessa reikninga í höndunum.

Árið 1955 eru öll gjöld ríkissjóðs á sjóðsyfirliti 655 millj. kr. Árið 1958 eru öll gjöld ríkissjóðs á sjóðsyfirliti 936 millj. kr., en þá er búið að setja á stofn útflutningssjóð, sem allir vita að er líka ríkisstofnun, og hans gjöld voru á árinu 1958 692 millj. kr. Samtals voru því gjöldin á árinu 1958 hvorki meira né minna en 1628 millj. á móti 655 millj. árið 1955. Þau höfðu hækkað á þremur árum um 973 millj. kr. Þó er ekki þarna sögð öll sagan, vegna þess að ráðstafanirnar stóru, 55% yfirfærslugjaldið og allir skattarnir, sem samþ. voru í maímánuði 1958, voru ekki búnar að vera í gildi nema hálft ár. Þess vegna eru útgjöld og tekjur útflutningssjóðs ekki hærri á árinu 1958 en þetta. En á árinu 1959 eru útgjöld útflutningssjóðs, eins og þau voru samkv. rekstrarreikningi, sem ég hef afrit af í mínum höndum, 1135 millj., og samkv. þeim reikningi er ekki neinn halli á útflutningssjóði, sem kominn er í ljós eða kominn er til reiknings í árslok s. l. En allur sá halli, sem talað hefur verið um í sambandi við árið 1959, er sprottinn af birgðum, geysimiklum birgðum af útflutningsvörum, sem ekki var búið að borga uppbætur á og ekki var búið að flytja út.

Nú er það svo, að ef við lítum yfir einstaka liði og greinar ríkisreikninganna á þessum árum, þá er það mjög athyglisverð skýrsla og sýnir áhrifin af starfsemi vinstri stjórnarinnar á þessu þriggja ára tímabili. Ég skal lesa hér upp fyrir hv. þm. skýrslu um það, hvernig þessum hækkunum er varið á öllum helztu útgjaldaliðum ríkisins. Póstmál kostuðu 1955 14.4 millj., 1958 27.4 millj., þau hafa hækkað um 13 millj. Útgjöld símans voru 46.7 millj. 1955, 86.8 millj. 1958, hafa hækkað um 40.1 millj. Rekstrarkostnaður áfengisverzlunar var 11.2 millj. 1955, 18.4 millj. 1958, hækkun 7.2 millj. Rekstrarkostnaður tóbakseinkasölu var 4.8 millj. 1955, 7.9 millj. 1958, hækkun 3.1 millj. Ríkisútvarpið, kostnaður 1955 10.9 millj., 1958 14.8 millj., hækkun 3.9 millj. Ríkisstj. kostaði 1955 10.1 millj., en 1958 14.2 millj., hækkun 4.1 millj. Til utanríkismála var varið 1955 7.7 millj., en 10.9 millj. þremur árum seinna, hækkun 3.2 millj. Dómgæzla og lögreglustjórn kostaði 1955 35.4 millj., 1958 58.3 millj., hækkun 22.9 millj. Opinbert eftirlit 1.4 millj. 1955, 2.7 millj. 1958, hækkun 1.3 millj. Innheimta tolla og skatta 14.2 millj. 1955, 23.8 millj. 1958, hækkun 9.6 millj. Heilbrigðismál 35.9 millj. 1955, 60.5 millj. 1958, hækkun 24.6 millj. Kirkjumál 9.7 millj. 1955, 12.7 millj. 1958, hækkun 3.0 millj. Kennslumál 73.8 millj. 1955, 127 millj. 1958, hækkun 53.2 millj. kr. Söfn og listir, 15. gr., 6.4 millj. 1955, 10 millj. 1958, hækkun 3.6 millj. Rannsóknir í opinbera þágu 7.9 millj. 1955, 12.7 millj. 1958, hækkun 4.8 millj. Félagsmál, 17. gr., 61.4 millj. 1955, 108.1 millj. 1958, hækkun 46.7 millj. Eftirlaun og styrktarfé, 18. gr., 15.1 millj. 1955, 24.3 millj. 1958, hækkun 9.2 millj. Óviss útgjöld, sem eru einn mesti eyðsluliður á fjárl. og í höndum ríkisstj., voru 4.8 millj. 1955, 8.4 millj. 1958, hækkun 3.6 millj. Eignahreyfingar, sem eru útlán og framkvæmdir, sem var að miklum meiri hluta til afgreitt án samþykkis Alþingis, voru 1955 94.3 millj., en 1958 197 millj., hækkun 102.7 millj. Svo kemur það, sem er kannske athyglisverðasti liðurinn í þessu öllu og mjög hefur verið rætt um í þessum umr., og það eru ábyrgðir ríkisins. Þær voru í árslok 1955 579 millj. kr., en í árslok 1958 1269.7 millj. M. ö. o.: Ábyrgðir ríkissjóðs hækkuðu á þessum þremur árum hvorki meira né minna en um 690.7 millj. kr. Ég skal ekkert fara út í það nánar að tilgreina, hvernig þar hefur verið að unnið, en geta þess aðeins, að greiðsla ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarlána var á árinu 1955 aðeins 12.6 millj., en var orðin á árinu 1958 23.8 millj. Og það er augljóst af öllum hlutum, að greiðslur vegna ríkisábyrgðanna munu fara stórkostlega hækkandi á komandi árum.

Hvað sýnir nú þessi samanburður? Hann sýnir það, að eyðsla ríkisins, kostnaður við ríkisstarfsemina og útflutningssjóðinn hefur hækkað á þessu þriggja ára tímabili vinstri stjórnarinnar meira en nokkru sinni áður, og það hefur það í för með sér, að allur kostnaður atvinnuveganna til sjávar og sveita, kostnaður bæjarfélaganna, kostnaðurinn í verzluninni o. s. frv., það hefur allt saman hækkað, ekki kannske alls staðar að sama skapi, en allt í áttina. Og allt hefur þetta miðað að því að brjóta niður gildi okkar krónu. — allt miðað að því, — enda var svo komið á miðju ári 1958, eins og kunnugt er, að ríkisstjórnin sá sér ekki annað fært en lækka gengi krónunnar um 55%, þó að hana skorti hrein-

skilni og drengskap til þess að viðurkenna þetta opinberlega, heldur kallaði þetta yfirfærslugjald, sem í rauninni er hrein fölsun, því að þetta er ekkert annað en gengislækkun á sama hátt og sú, sem nú er verið að framkvæma og þetta er tekið inn í.

Það hefur verið talað um það í þessum umræðum, hvaða ráðstafanir aðrar ætti að gera í sambandi við þessa gengisbreytingu, og satt er það, að það er mikið meginatriði, eins og reynslan hefur sýnt bæði á 5. og 6. áratug þessarar aldar. Það hefur óendanlega mikla þýðingu, hvort þær ráðstafanir, sem í sambandi við gengislækkunina eru gerðar, halda þannig, að hún komi að því gagni að koma upp jöfnuði, koma okkar fjármálum í eðlilegt horf. Þetta brast á 5. áratug aldarinnar, og þetta hefur brostið á 6. áratugnum. Þess vegna stöndum við nú í þeim ömurlegu sporum, sem við stöndum, að við vitum það af þessari 20 ára reynslu, að eftir því sem oftar er brotið niður gildi okkar krónu, eftir því verður stökkið gífurlegra. Og ég óttast það og verð að segja það, ekki sízt við hv. stjórnarandstæðinga, sem virðast hafa allt á hornum sér í sambandi við þetta mál, að ef þeim skyldi takast að brjóta niður þær ráðstafanir, sem nú eru fyrirhugaðar í þessu sambandi, þá veit ég ekki, hvað við tekur. Ég gæti bezt trúað, að við tæki þá það eitt, að við yrðum að hætta alveg við okkar krónu og taka upp einhverja aðra mynt. Þá er búið að sýna sig, að þá er ekki hægt að standa gegn því, að það sé alltaf hamazt á því með óeðlilegum kröfum í launamálum, skattamálum og verðlagsmálum að brjóta niður gildi okkar krónu.

Þeir eru að tala um það hér, hver á fætur öðrum, hv. framsóknarmenn, og þeir hömruðu á því sjálfsagt á hverjum einasta fundi í öllum kosningabardaganum í haust, að það væri samdráttarstefna Sjálfstfl., sem nú ætti að taka við af uppbyggingarstefnu Framsfl. Ég hef aldrei orðið var við það og hef þó töluvert langa reynslu, að það sé hægt að þakka fremur Framsfl. en öðrum flokkum, a. m. k. ekki fremur en Sjálfstfl., það uppbyggingarstarf, ræktun, byggingar og framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á síðustu 20—30 árum. Þar hefur verið samvinna um á margan hátt. En hinu er ekki að leyna, að það hefur kannske borið meira á því og töluvert meira oft og einatt hjá framsóknarmönnum, að þeir hafi verið ógætnari í því að leggja á skatta og tolla og taka lán, hvar sem hægt er að fá lán, og hirða ekki um það, þó að þetta hefði allt það í för með sér að brjóta niður gildi okkar peninga. En þessi samdráttarstefna, sem þessir menn eru að tala um og eigna sérstaklega Sjálfstfl., — ég kannast ekki við hana. Ég þekki hana ekki. Og ég fullyrði það, að ég þekki engan mann, hvorki í þingflokki sjálfstæðismanna né Alþfl., sem hefði vilja til þess að standa gegn nauðsynlegum framkvæmdum. Það er ekki nein stefna, sem þar er að verki, og það er ekki vilji að neinu leyti í þá átt. En það er stundum annað, hvað menn vilja gera og hvað menn verða að gera. Og þess vegna er það, að afleiðingarnar af óstjórn liðinna ára, sem enginn flokkur á meiri sök á, eins og hér var sagt í gær, heldur en Framsfl., — afleiðingarnar af þeirri óstjórn hljóta að verða þær, að það dragast saman í mjög stórum stíl framkvæmdir í landinu.

Þegar óreiðumenn verða gjaldþrota, þá vita það allir menn, að þeir verða að breyta gersamlega um lifnaðarhætti. Þeir verða að hætta við framkvæmdir og dýr fyrirtæki, sem þá langar til að gera. Og þeir verða að spara við sig peninga á allt annan máta en áður var. Nákvæmlega sama lögmál gildir um okkar þjóðfélag. Fyrst við erum komnir út á þessa háskalegu braut og höfum orðið fyrir þeirri ógæfu að fela óreiðumönnum hvað ofan í annað oft og lengi stjórn okkar mála, þá hlýtur afleiðingin að verða sú, og hún er að koma fram mjög greinilega nú, að framkvæmdirnar hljóta að dragast saman, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það er vegna þess, að þær hafa alltaf verið að verða dýrari og dýrari, og það er vegna þess, að það verður örðugra, eftir því sem lengra líður, að fá lánsfé til framkvæmda heldur en áður hefur verið. Það er ekki hægt að halda því áfram að taka alltaf erlend lán til innlendra framkvæmda, og það er ekki hægt að halda því áfram endalaust að leggja á skatta og tolla til þess að verja því fé til framkvæmdanna. Alveg á sama máta er það með lifnaðarhætti fólksins að öðru leyti, það er ekki til neins að leyna því. Það er eins eðlilegt og það, að nótt fylgir degi, að þegar verður að viðurkenna svo stórkostlegt gengisfall sem hér er á ferðinni, þá getur það ekki haft annað í för með sér en það, að lífskjör þjóðarinnar verða eitthvað að verða þrengri en verið hefur, og það verður hún að þola, ef hún á annað borð vill koma sínum fjármálum, sínu atvinnulífi, sínu gengi á nokkurn veginn heilbrigðan grundvöll.

Þegar ég heyrði um ákvæði 23. gr. þessa frv., þá fylltist ég mikilli gleði, því að þar er loks viðurkennt það, sem ég hef haldið fram í 20 ár og hamrað á, oftast móti flestum hér á hv. þingi, einstaka sinnum haft einn eða tvo með mér o. s. frv. Og ákvæði þessarar 23. gr. er það að nema úr lögum, að það megi borga laun og kaupgjald með vísitölu og láta hvað skrúfa annað upp, eins og verið hefur. Eins og ég sagði áðan, þá er það mesta vitleysan í minum augum, sem gerð hefur verið í okkar fjármálum, þegar vísitöluskrúfan var sett í gang 1940, og ég held, að það sé óhætt að segja, að allar ríkisstjórnir, sem síðan hafa fallið, — starfað og fallið, — þær hafi að meira eða minna leyti dáið af baráttunni við vísitölufjandann.

Nú er það svo, að menn hafa oft og einatt sagt við mig: Vísitalan er nauðsynleg, hún er ekkert annað en hitamælir á það, hvernig ástandið er í þjóðfélaginu. — Þetta hefur nokkuð til síns máls, að vísitalan hefur verið hitamælir, en hún er mælir á sótthita þeirrar vitleysu, sem vísitöluskrúfan hefur búið til. Ef við viljum fá réttar upplýsingar um það, hvernig veðrið sé eða hvernig veðrið verði á

næstu klukkutímum eða sólarhringum, þá verðum við að nota venjulega annað tæki, sem er þýðingarmeira en hitamælirinn, og það er loftvogin. Og loftvogin í fjármálum á Íslandi hefur verið, verður og ætti að vera gengi okkar krónu. Ef menn hugsa alltaf svo, að það sé óhætt að gera kröfur um hærri laun, hærra verð, betri lífskjör, meiri þægindi o. s. frv., og láta sig engu varða, þó að alltaf sé verið að brjóta niður gildi okkar krónu, þá er um leið víst, að þessi loftvog okkar fjármála verður sífallandi, eins og hún hefur verið núna í 21 ár.

En ég vil bæta því við, að þó að það gleddi mig mjög að sjá þessa 23. gr. í frv. hæstv. ríkisstj., þá féll þar nokkuð mikilll skuggi á, þegar ég sé það og finn, að hæstv. stjórn vill láta reikna út vísitölu áfram. Ég hefði viljað láta það fylgja að banna, að nokkur opinber stofnun mætti reikna út vísitölu á þeim grundvelli, sem gert hefur verið. En það er nú svona, menn verða að taka sín stökk til góðs í áföngum, og ég treysti því, að núv. hæstv. ríkisstj. afnemi þetta, áður en langt um líður, og hugsi ekkert um að láta reikna út vísitölu ellegar að borga hana niður, heldur hitt að reyna að koma niður gjöldunum, bæði þeim opinberu og öðrum gjöldum, þannig að atvinnuvegirnir geti þolað þau. Og það verð ég að segja, að mér urðu það nokkur vonbrigði, þegar ég heyrði um þessar ráðstafanir, að þar er ekki nein viðleitni til þess að skera niður ríkisbáknið, skera niður gjöldin. En ég hef fengið tvö í sjálfu sér mjög eðlileg svör hjá hæstv. ráðherrum við minni aðfinningu í þessu efni. Í fyrsta lagi það, að ef hyggilega er haldið á fjármálum og sparsamlega á allan máta, þá er hægt að spara stórar upphæðir án þess að það séu lækkuð fjárlögin. Það er hægt að draga úr eyðslunni mjög mikið, og satt að segja verð ég að segja það, að ég treysti núv. hæstv. ríkisstj. til þess að gera það. Í öðru lagi er svo hitt, sem er meira virði, að til þess að skera niður ríkisútgjöldin í stórum stíl þarf margvíslegar skipulagsbreytingar. Það þarf að leggja niður stofnanir, það þarf að afnema óþörf embætti í tuga- eða hundraðatali, en til þess þarf breyt. á lögum og breyt. á skipulagi. Allt þetta tekur sinn tíma og ekki hægt að gera það jafnundirbúningslaust og nú hefur verið um að ræða fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Ég verð því að segja það, að það er eitt af því, sem ég legg ákaflega mikla áherzlu á, að núv. ríkisstj. beiti sér á allan hátt, eftir því sem hún hefur aðstöðu til, til þess að draga úr ríkisútgjöldunum á allan þann máta, sem unnt er, og einkum og sérstaklega þeim óþörfu ríkisútgjöldum, sem eru í stórum stíl hingað og þangað, bæði hér í bænum og víðs vegar úti um land.

Eitt af því, sem hér hefur verið talað mjög mikið um og er stórkostlegt atriði í þessu sambandi, eru vextirnir. Menn hafa staðið hér upp hver á fætur öðrum og barið sér á brjóst og sagt, að það væri ekkert vit að ætla sér að hækka vexti. En ég verð að halda, að þessir menn hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir eru að tala um. Ég held, að vexti hefði átt að hækka fyrir löngu og það mjög verulega, því að það er ekki á neinu viti byggt, að þeir menn, sem fá lán, græði alltaf, en þeir, sem safna peningum og eiga í sparisjóðum og bönkum, séu alltaf að tapa.

Það er upplýst, að öll sparifjáreign landsmanna sé eitthvað rúmar 2000 millj. kr., og þetta fé eiga yfirleitt ekki neinir stórríkir menn. Það er allur almenningur, sá hluti almennings, sem sparar við sig, sem á þetta fé gamalt fólk, börn, launafólk og uppgjafa-atvinnurekendur o. s. frv. En í öllum þessum gengislækkunarherferðum hefur það alltaf verið viss, örugg regla, að það er gengið á þessa menn, það er níðzt á þeim, það er níðzt á þeirra fé.

Nú þegar svo langt er farið, eins og nauðsyn hefur borið til og gert er ráð fyrir með þessu frv., í lækkun á okkar gengi, þá er það augljóst, að það verður að hækka innlánsvextina og það í verulegum mæli, og það er ekki hægt að gera, nema því aðeins að útlánsvextirnir séu líka hækkaðir.

Það eru ýmsir menn, sem þekkja ekki inn á þetta mál og virðast halda, að það sé hægt að halda þessu vaxtafyrirkomulagi eins og það er, og það kom ljóst fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. (HS), að hann hélt, að það væri hægt óendanlega að halda vöxtum byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs og annarra sjóða eins og þeir hafa verið. Þetta er óskaplegur misskilningur. Ég þekki þetta mjög vel, vegna þess að ég er í stjórn þessara sjóða. Og það er ákaflega mikill misskilningur hjá þessum hv. þm., að það, sem hér er lagt til um, að ríkisstj. fái heimild til að breyta vöxtum í þessum sjóðum, sé algerlega að leggja valdið í hennar hendur. Það er ekki, því að það er tiltekið, að það sé gert í samráði við stjórnir þessara sjóða.

Nú skal ég segja ykkur það, hv. alþm., sem mér er kunnugast, og það er ástandið í okkar þýðingarmikla sjóði, ræktunarsjóði. Eftir að 55% yfirfærslugjaldið var sett á, var útkoman sú, að sjóðurinn verður að borga af erlendum lánum, sem veitt eru með 6.5% grunnvöxtum, þá verður hann að borga um 10%. Yfirfærslugjaldið kemur bæði á vexti og afborganir. Svo þegar þetta fé er lánað út fyrir 4%, þá sjá allir menn, að þetta getur ekki þrifizt til lengdar, enda hefur verið reiknað út, að ef þetta á að halda áfram, þá étur ræktunarsjóðurinn sig alveg upp á 12 árum. Og nú versnar enn þá mikið við þá breytingu á genginu, sem nú er verið að gera. Þess vegna er það alveg víst, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, hvort sem það er ógeðfellt eða geðfellt, — það er náttúrlega engum geðfellt, — þá verður það að gerast, að það verður að hækka vexti í þessum sjóðum eins og í bönkum og sparisjóðum. Sú hækkun getur auðvitað ekki komið á þau lán, sem búið er að veita og gera samninga um, það nær ekki til þeirra, heldur aðeins til nýrra lána. En þetta er eitt dæmi af því, hvernig ástandið var, þegar vinstri stjórnin skildi við, því að það hefur ekkert breytzt síðan með ræktunarsjóð og þessa sjóði,

að það var alveg opið gjaldþrot fram undan fyrir þessum nytsamlegu sjóðum okkar bænda.

Ég held jafnvel, að það sé óskynsamlegt, þrátt fyrir það, hve mikil nauðsyn er á að lána út, að hafa útlánsvexti í nokkrum sjóði lægri en almennir innlánsvextir eru á sparifé. Ég held það sé óskynsamlegt.

Nú skal ég ekki fara um þetta fleiri orðum, en víkja hér aðeins að tveimur atriðum öðrum.

Það var einn hv. þm., — ég held það hafi verið hv. 3. þm. Vesturl., sem var að minnast á það, að hækkun fjárlaganna væri nú um hálfan milljarð, og virtist svo sem hann gerði sér ekki grein fyrir, af hverju þessi hækkun stafar eða aðalatriðið í henni. Hún stafar fyrst og fremst af því, að útflutningssjóðurinn er lagður niður. Eins og ég sagði áðan, þá eru útgjöld útflutningssjóðs á árinu sem leið, þau sem voru orðin reikningsfærð á nýári, 1135 millj. kr. Af því voru útflutningsuppbætur 800 millj. Sú upphæð fellur, um leið og gengið er fellt, út úr heiminum. Eftir eru á fjórða hundrað millj., sem eru alla vega niðurgreiðslur innanlands. Þessi gjöld færast yfir á ríkið og þeir tekjustofnar, sem þessi sjóður hafði, aðrar en 55% gjaldið, sem var náttúrlega aðaltekjustofn útflutningssjóðs. Þess vegna er það stærsta orsökin til þess, að fjárl. hækka svona mikið frá því, sem var, að útflutningssjóðurinn er lagður niður. Og þó að fjárlagafrv. sé upp á 1464 millj., eins og það mun vera, þá er breytingin talsverð, því að gjöld útflutningssjóðs og ríkissjóðs á árinu sem leið voru hjá hvorum um sig töluvert mikið á tólfta hundrað millj. Og ég verð að segja það, að það hefur verið eiginlega ákaflega óheilbrigð meðferð á reikningsfærslu, sem haldið hefur verið fast í að undanförnu, að taka ekki útflutningssjóðinn inn á ríkisreikning, því að eins og allir vita, þá er þetta ríkisstofnun, sem átti að vera á ríkisreikningi á svipaðan máta og t. d. Tryggingastofnun ríkisins og fleiri stofnanir.

Varðandi þær miklu fjölskyldubætur, sem nú á að lögleiða, vil ég segja, að það er náttúrlega gott alltaf, ef hægt er að láta fólkið hafa bætur. En allar bætur hafa í för með sér gjöld. Einhvers staðar verður að taka peningana. Og ég fyrir mitt leyti tel það of langt gengið að ætla að fara að gefa með fyrsta barni, eins og nú er gert ráð fyrir. Hitt er eðlilegt og gott, að það sé hægt að hækka bætur við annað og fleiri börn og eins við gamalt fólk og öryrkja og sjúklinga. Það er út af fyrir sig mjög gott. En því miður er ég dálítið smeykur um, að þetta geti ekki lengi haldizt vegna þess, hvernig ástandið var í Tryggingastofnun ríkisins, þegar vinstri stjórnin skildi við, og sjálfsagt hefur það ekki mikið lagazt síðan. Ég skal gera grein fyrir því nánara, ef ég verð eitthvað hér áfram á hv. Alþingi, hvernig ástandið var í Tryggingastofnuninni í árslok 1957 og 1958, en eitt af því, sem mér þótti athyglisvert, er það, að þrátt fyrir allar öfgar, öll lán, alla skatta og allan þann peningastraum, sem ríkisstjórnin hafði, þá skorti á fimmtu milljón á, að hún hefði greitt gjöld ríkisins til Tryggingastofnunarinnar í árslok 1958, og það skorti í árslok 1957 á áttundu milljón, að ríkissjóður hefði staðið við það, sem honum bar að greiða til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Síðasti ræðumaður, sem hér talaði, hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP), sagði ýmislegt skrýtið eins og stundum fyrr. En hann var með eina till., sem mér fannst hann telja vera það, sem ætti að gerast. Hann sagði, að það, sem ætti að gerast, væri að afnema allar útflutningsuppbætur, allar niðurgreiðslur og lækka gengið sem allra minnst. Þetta var það, sem hann taldi vera það, sem koma ætti. Ég skal nú ekki rökræða það mikið, en ég vildi ráðleggja þessum hv. þm. að fara á stéttarsambandsfund bænda eða búnaðarþing og bera þessa till. þar upp, því að ég er hræddur um, að nokkuð illa færi fyrir okkar landbúnaði, þótt ekki sé annað nefnt en það að afnema niðurgreiðslurnar innanlands, og það er bara af þeirri einföldu ástæðu, að niðurgreiðslurnar eru orðnar svo stórkostlegur hluti af verði varanna, að ef það ætti að fara að hækka þær um það, sem niðurgreiðslunum nemur, þá mundi sala vörunnar stórkostlega mikið minnka, og þar að auki kæmi það fram í kjaraskerðingu, sem forstöðumenn launastéttanna mundi hrylla enn meira við en þá virðist nú hrylla við þessu frv., sem þó virðist ekki mikið á bætandi.

Nú skal ég ekki fjölyrða meira um þetta stóra mál. Það er búið að ganga í gegnum marga hreinsunarelda hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá mörgum hagfræðingum, forstöðumönnum stofnana og á margvíslegan hátt, og það á auðvitað eftir að ganga í gegnum þá hreinsunarelda, sem eru fjhn. beggja deilda hér á hv. Alþingi. En eins og gefur að skilja, þá er það svo, að við, sem á annað borð erum stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar, hljótum að fylgja þessu frv., enda þótt við séum ekki ánægðir með öll atriði í því. Og eins og ég hef sagt í þessum orðum, sem ég hef hér talað, þá eru þau atriði, sem ég er einna óánægðastur með, þannig vaxin, að ég treysti þessari hæstv. ríkisstjórn til þess að breyta þar um til bóta, svo fljótt sem hún mögulega sér sér fært, og auðvitað er þetta stóra mál þannig, að það verður að breyta um margt, eftir því sem reynslan kennir þeim mönnum, sem framkvæmdina hafa.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég heyrði það á ræðu þess hv. þm., sem síðast talaði, hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm), að hann hefur nokkrar áhyggjur út af fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Hann virðist í fyrsta lagi hafa nokkrar áhyggjur út af hækkuninni á útgjöldum fjárlaga, sem nemur hátt á 5. hundrað millj. kr., og af því að hann er kunnugur fjárlögum og ríkisreikningum sem yfirskoðunarmaður, hefur hann farið að leita í fjárlögum fyrri ára, hvort hann fyndi þar nokkrar hliðstæður. Þær hefur hann sýnilega ekki fundið, því að hann hefur tekið það ráð að taka til samanburðar hækkun, sem hafði orðið á prem-

ur árum. Gerði hann þetta án frekari útskýringa á því, hvernig á þeim hækkunum stæði. Í öðru lagi hafði hann sýnilega talsvert miklar áhyggjur af því, að hæstv. ríkisstj. hefði á þeim tíma, sem hún hafði til að semja fjárlagafrv. nýja, ekki fundið nein ráð til þess að draga neitt úr ríkisbákninu. Hann mun ekki vera einn um þetta, því að margir munu hafa búizt við því eftir þau ummæli, sem um það hafa fallið frá þeim, sem nú skipa ríkisstjórnina, að auðvelt væri að draga úr ríkisbákninu, að stjórninni tækist á þessum tíma, þótt ekki sé langur, að finna eitthvað. En hún virðist ekki hafa fundið neitt enn þá. Á þessu furðar hv. þm., og á því furðar mig raunar nokkuð líka, að hún skyldi ekki finna neitt, þótt tíminn væri stuttur, miðað við það, sem áður hefur verið um þetta sagt. En kannske er þetta hægara sagt en gert.

Ég skal nú ekki fara mikið út í almennar umræður um það frv., sem hér liggur fyrir um efnahagsmál. Það hefur verið rætt svo rækilega, bæði í gær og í dag. Samkv. frv. og grg. þess á að fella niður allar útflutningsuppbætur nema þær, sem greinir í 9. og 10. gr. laga nr. 68 1959, hækka verð erlends gjaldeyris um nálega 133% frá skráðu gengi eða 50—78% miðað við núverandi yfirfærslugjald, leggja á söluskatt, sem er áætlaður nettó 245 millj. kr., og 5% útflutningsskatt og hækka benzínskattinn um 34 aura. Þá á að afhenda ríkissjóði tekjur útflutningssjóðs af aðflutningsgjöldum o. fl. eða tekjustofnana að vísu ofur lítið breytta, og eru þær tekjur í greinargerð metnar á 226 millj. kr. Enn fremur á að afnema greiðslu vísitöluuppbótar á launatekjur, heimila nýja myndun lausaskulda erlendis, sem nemur 20 millj. dollara, eða samkv. nýju gengi 760 millj. kr., hækka greiðslur almannatrygginganna um rúmlega 150 millj. og afhenda bæjar- og sveitarfélögum 56 millj. af hinum nýja söluskatti. Niðurgreiðslur innanlands á að auka um nál. 40 millj. kr. Ríkisstjórninni er veitt alræðisvald til að ákveða vexti af helztu lánum opinberra stofnana til langs tíma og almenn vaxtahækkun boðuð. Fleira mætti telja, en þetta eru helztu atriði frv., og skal ég láta hér staðar numið.

Hæstv. ríkisstj. hefur sett upp dæmi úr stórum misverkandi tölum. Niðurstaða: Útflutningsframleiðslan ber sig, meðaltalsframfærslukostnaður landsmanna hækkar um 3%, þ. e. a. s. 150 kr. af 5000 kr. mánaðarlega. Með 20 millj. dollara skuldaaukningarheimild í skiptareikningi út á við telur hún í grg. „landinu skapast gjaldeyrisvarasjóður", en auðvitað eiga hinir útlendu aðilar þennan sjóð. Hún telur, að fyrirhuguð löggjöf muni hafa þau áhrif, að ekki þurfi að sækja neitt í þennan sjóð, er stundir líða.

Ég ætlaði, eins og ég sagði áðan, ekki að ræða nema nokkurn hluta af þessari lauslegu efnisskrá frv. En almennt vil ég aðeins segja þetta: Ég held, að það hefði verið viðráðanlegra að setja upp minna dæmi og útkoman öruggari. Ég efast ekki um, að sérfræðingar stjórnarinnar hafi reiknað eins rétt og þeir gátu það dæmi, sem fyrir þá var lagt. Og ég tek ekki undir það, að sú vinna, sem hagfræðingar leggja fram, sé ómerkileg vinna. Allar ríkisstjórnir hafa hagfræðinga sér við hlið nú á tímum og verða að hafa. Og það er raunar ekki ástæða til þess að ræða sérstaklega um þessa hagfræðinga, það er ríkisstj., sem að sjálfsögðu leggur línuna í því, sem gera skal, og ber ábyrgð á því, sem lagt er fyrir Alþingi, en ekki hagfræðingarnir, þó að þeir hafi unnið fyrir hana verk eftir hennar fyrirmælum og á hennar ábyrgð. En hér er í mikið lagt og þó ekki hægt að afnema niðurgreiðslukerfið. Mér finnst miklu hætt, ef svo kynni að fara, að tjalda yrði til skamms tíma. Svona ráðstafanir eru erfiðar í framkvæmd, og þessari þjóð hefur tekizt ýmislegt betur á undanförnum árum en að starfa saman að skipan efnahagsmála. Ég hefði kosið að hafa stífluna lægri, ef svo mætti að orði komast, því að flóðið verður mikið, ef þessi stífla brestur, — allt of mikið.

Á árinu sem leið gerði Alþingi umdeilda breyt., svo að ekki sé meira sagt, á stjórnarskrá lýðveldisins. Sú breyt. var í því fólgin að svipta 27 af 28 kjördæmum landsins sínum sögulega rétti til að eiga sérstaka fulltrúa á löggjafarsamkomunni og þar með því takmarkaða sjálfstæði innan ríkisheildarinnar, sem í þessu var fólgið. Og nú, eftir að búið er að kjósa í fyrsta sinn samkv. hinni nýju kjördæmaskipun, er hafizt handa um að setja eins konar viðbótarstjórnarskrá í efnahagsmálum, sem hefur að vísu í rauninni ótiltekinn gildistíma, en sumt af því, sem hún mælir fyrir um, verður þó ekki aftur tekið, ef úr því verður. Að fyrri stjórnarskránni stóðu þrír þingflokkar, enda gat hún ekki gengið fram á sínum tíma að öðrum kosti. Að þessari efnahagsmálastjórnarskrá, sem ég leyfi mér að nefna svo, standa aðeins tveir af þessum þremur þingflokkum. Þegar búið var að breyta kjördæmaskipuninni, gátu þessir tveir flokkar sem sé haft meiri hluta hér á Alþingi tveir einir, eins og hæstv. forsrh. vakti athygli á fyrir nokkru í grein, sem hann skrifaði í blað sitt, og þá töldu þeir sig ekki þurfa meira lið. Þarna álít ég raunar, að þeim missýnist, því að við lausn efnahagsmála virðist eftir reynslu að dæma helzt ekki veita af, að allir flokkar þingsins standi saman.

Stjórnarskránni var breytt til þess að svipta kjördæmin hinum sérstöku þingfulltrúum sínum, og sumir af forstöðumönnum þessa verks voru ómyrkir í máli. Frá þeirra sjónarmiði var héraðavaldið eða byggðavaldið of mikið á Alþingi. Byggðavaldið á Alþingi og þá fyrst og fremst sá flokkur, sem ég telst til, átti að þeirra dómi sök á því, að fjármagninu væri dreift um of. Of miklar framkvæmdir úti um land, sögðu þeir, og of langt að bíða ávaxtanna, þar sem menn eru að byggja upp frá grunni og bæta landið. Þeim þótti það léleg kaupmennska að halda úti nýjum skipum fyrir Norður-, Austur- eða Vesturlandi til að veiða smáfisk og ýsu eða steinbít, eða að byggja síldarverksmiðjur á Austfjörðum. Ekki er hægt

á þann hátt að láta kapítalið alheimta daglaun að kvöldum. Þetta var alveg málefnaleg afstaða. Þetta var stjórnmálastefna, þó að ég væri henni andvígur — og margir aðrir — og sé enn. En þessi stefna var af brautryðjendum hennar og liðsmönnum ekki mikið rædd við hlutaðeigandi kjósendur í kosningunum. Þeir létu lítið yfir henni, létu jafnvel í veðri vaka, að hún væri ekki til. Hún var enginn sýnisgripur í kosningunum af þeirra hálfu. Ýmsir hrekklausir flokksmenn reyndu að trúa því, að hún væri hugarburður. En það var þó beygur í mörgum. Menn þóttust eygja blikur á lofti. Þeir gátu ekki skilið það, að þingmaðurinn þeirra væri lýðræðinu hættulegur, eins og gefið var í skyn, þó að þeir fengju að kjósa hann út af fyrir sig. Þeir höfðu til skamms tíma ekki heyrt annað en að Ísland væri og hefði eiginlega alltaf verið fyrirmyndar lýðræðisríki, t. d. á borð við Bretland eða Bandaríkin, sem höfðu svona kjördæmaskipun, eins og við höfðum. Þeir skildu, að annað bjó undir, og það sýndu þeir í kosningunum 28. júní að nokkru leyti.

Og glöggt er það nú, hvað þeir vilja, þessir frumkvöðlar stjórnarskrárbreytingarinnar á árinu, sem leið. Það verð ég raunar að segja, að ég hafði varla gert mér í hugarlund, að það segði svo fljótt til sín hér á Alþingi sem raun er á. En fyrstu tilburðirnir í þessa átt sögðu til sín strax í vor. Þegar sýnt þótti, að stjórnarskrárbreyt. næði fram að ganga, var yfir lýst af hálfu þess flokkafélags, sem þá og nú fer með völd, að dregið yrði úr framkvæmdum samkv. 10 ára rafvæðingaráætluninni sem svaraði 100 millj. kr., hætt við vatnsorkuver, sem búið var að kaupa inn vélar til, og strikaðar út nokkrar fyrirhugaðar orkuveitur, m. a. á Norðausturlandi og sunnanverðum Austfjörðum. Þannig var um þetta talað þá hér á Alþingi af valdamönnum, hver sem raunin verður á. Svo komu brbl. í haust, þar sem bændum var gert að afhenda 3—4% af búsafurðum sínum endurgjaldslaust til 15. des. Þeir, sem að því verki stóðu, hlutu andstöðu, sem varð þeim ofjarl, a. m. k. fyrst um sinn, en fljótlega mun verða úr því skorið, hvort látið verður þar við sitja eða stríðið tekið upp á nýjan leik með nýjum aðferðum. Ég vil þó gera ráð fyrir, að hér verði rétt að málum staðið og án undanbragða. Það ber venjulega einhvern árangur að halda vöku sinni.

En hvað er það svo í þessu frv. um efnahagsmál, sem stefnir í sömu átt? Það er fleira en eitt og fleira en tvennt, og nægir, þótt ekki væri annað, til þess að ég mun ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þessu frv., eins og það liggur fyrir. Ýmis ákvæði í þessu frv. og fyrirætlanir, sem getið er um í grg. þess, miða að því beint og óbeint að færa fjármagnið saman í landinu og draga úr dreifingu þess, minnka skynsamlegar og nauðsynlegar framkvæmdir víðs vegar um land, — framkvæmdir, sem bæði kaupstaðir, þorp og sveitir byggja framtíðarvonir sínar á og gera mönnum þar erfiðara fyrir að framleiða verðmæti til uppbyggingar og sér til lífsframfæris.

Þarna er verið að hefja kalt stríð gegn lífsskoðun þeirra, sem vilja byggja landið allt sem víðast, gegn jafnvægi í byggð landsins. Það er sjálfsagt gert í góðri trú, byggt á þeirri skoðun, að þetta sé rétt fyrir þjóðina. En ef einhverjir halda, að þeir, sem í hlut eiga, skilji ekki þetta kalda stríð, þá halda þeir, að menn skilji færra en þeim er þörf á að skilja. Menn gera sér fyllilega grein fyrir því, ekkert síður en bændur flestir gerðu sér grein fyrir nýlendustefnunni, sem átti að reka gegn þeim með brbl. í haust. Það á að draga úr fjárfestingu landsmanna í heild. Það kemur glögglega fram. Það á að gera á ýmsan hátt, en eiginlega með öllum öðrum ráðum fremur en því, sem heilbrigðast er og samboðnast góðri og sterkri stjórn. Stjórnarvöldin virðast ætla að hliðra sér hjá að velja, velja á milli þess, sem þarflegast er og mest aðkallandi, og hins, sem fremur þolir bið. Ég vil ekki vera ósanngjarn við þessa hæstv. ríkisstj., og þess vegna viðurkenni ég það, og mér er það alveg ljóst, að fyrri ríkisstjórnir hafa flestar gengið of skammt í því að taka á sig þennan vanda, að velja á milli þess, sem þjóðin þarf nauðsynlega, og þess, sem getur beðið, því að það er alltaf vandi og þarna eins og annars staðar verða alltaf einhver mistök. En það er þjóðhollt verk, hver sem það gerir, að taka á sig þennan vanda af valinu.

Nú virðist mér eiga að draga úr fjárfestingunni með því aðallega að fækka þeim, sem hafa möguleika á að ráðast í framkvæmdir, fækka þeim nógu mikið. Þetta er fjárfestingartakmörkunin, sem koma skal. En hverjir, hvaða einstaklingar eða hvaða aðilar verða eftir, þegar búið er að framkvæma valið á þennan hátt? Halda menn kannske, að það verði endilega þeir, sem vilja vinna þörfustu verkin? Halda menn, að það verði þeir, sem eru að reyna að vernda byggðina í hinum dreifðu kaupstöðum, þorpum og sveitum? Halda menn, að það verði þeir? Ég held ekki. Og þeir, sem að þessu standa, halda það ekki heldur. Það verða fyrst og fremst þeir, sem verða að bíða betri tíma. Þessir menn, sem gjarnan vilja byggja landið og vinna þörfustu verkin, það verða fyrst og fremst þeir, sem verða að sætta sig við að bíða betri tíma.

Hér á landi hafa með atbeina ríkisins verið byggðir upp ýmsir stofnlánasjóðir, sem veita lán affallalaust til langs tíma, sumir með lágum vöxtum, aðrir með vöxtum, sem eru a. m. k. mun lægri en þeir almennu útlánsvextir, sem nú virðist gert ráð fyrir. Það hafa verið stofnaðir íbúðabyggingasjóðir, bæði til að byggja upp sveitabæi eða reisa nýbýli og til að byggja íbúðir í kaupstöðum og þorpum, t. d. á stöðum, þar sem enginn banki er til og jafnvel enginn sparisjóður, — sjóður til að veita bændum lán til að rækta land, koma upp byggingum vegna framleiðslunnar, sjóður til að veita lán til kaupa á fiskibátum, til að koma upp mannvirkjum og vélum, til að vinna markaðsvöru úr sjávarafla, og sjóður til stuðnings rafvæðingu. Lánskjör í þessum sjóðum eru nú ákveðin í lögum a. m. k. nærri alls staðar, —

ákveðin í lögum, sem Alþingi hefur sett. Það hafa þau alltaf verið. Nú biður hæstv. ríkisstj. um, að Alþingi afhendi henni eða hverri annarri stjórn, sem koma kann, alræðisvald til þess að breyta lánskjörum allra þessara sjóða, eftir því sem henni sýnist. Hún má hækka vextina og stytta lánstímann án þess að spyrja Alþingi. Það má hún gera. Það er það, sem þetta lagaákvæði felur í sér. Auðvitað tekur þetta, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, ekki til lána, sem þegar hafa verið veitt. En það mun t. d. eiga að ná til íbúðalána, sem bændur gerðu ráð fyrir og höfðu ástæður til að vera í góðri trú að þeir mundu fá fyrir árslok 1960, og til þess fjölda af ræktunarsjóðslánum, sem biðu fram yfir áramótin síðustu og bíða enn, þó að verkin væru unnin s. l. sumar og lengi hafi tíðkazt að veita slík lán fyrir áramótin. Sama er að segja um þau lán, sem húsnæðismálastjórn hefði, miðað við fyrri venjur, veitt fyrir áramótin. Svo er ráðgert að flytja hluta af innstæðufé sparisjóða og innlánsdeilda úti um land í Landsbankann í Reykjavík. Ég get nú hugsað mér, að hæstv. landbrh. segi, hver sem hugur hans er í þessu máli, og heyrði það reyndar á hv. þm., sem síðast talaði, að menn ætla að segja um þetta mál, þeir sem að því standa, að byggingarsjóð sveitabæja og ræktunarsjóð skorti fé, þá skorti mjög tilfinnanlega fé og að í viðskiptum þeirra sé svo mikill greiðsluhalli vegna útlendra lána, sem yfirfærslugjald féll á og hin nýja gengisbreytingarhækkun fellur á nú, ef úr henni verður, að þetta skapi slíkan greiðsluhalla, að það eyði með tímanum höfuðstól þeirra. Að þessu vék hv. þm. áðan, sem hér talaði síðast. Og það var eins og hann hugsaði sér, að bændur yrðu látnir greiða þessa gjaldeyrishækkun, eins og hún leggur sig, í hækkuðum vöxtum. Ég á erfitt með að trúa því, að það vaki fyrir mönnum, hvað sem öðru líður. En þetta mun eiga að færa fram sem ástæðu fyrir því, að nú verði að hækka vexti og stytta lánstíma hjá þessum sjóðum. En er það þá meiningin, þegar þessi þjóð er komin í nokkur efni, eins og Íslendingar eru ómótmælanlega nú, að þá hafi hún ekki lengur ráð á að reka þá uppbyggingar- og ræktunarpólitík fyrir landbúnaðinn, sem hún tók upp fyrir 30 árum, þegar hér voru miklu minni möguleikar til alls, og staðið var við á dögum fátæktar og kreppu hér á landi? Er þetta sá stórhugur og sú bjartsýni, sem bættur hagur hefur skapað hér í landi, að þjóðfélagið telji sér ekki lengur mögulegt að sinna svona verkefnum, að veita hagkvæm lán til langs tíma og með lágum vöxtum til þess að rækta upp landið og koma þar upp framkvæmdum, sem er ekki hægt að koma upp öðruvísi en lánstíminn sé langur og vextirnir séu lágir og hvergi í neinu landi er komið upp öðruvísi, a. m. k. ekki í nágrannalöndunum. Þar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að landbúnaðurinn nyti hagkvæmra lána. Ég skil ekki það umkomuleysi í hugsunarhætti, sem í þessu felst, að við getum ekki gert nú á þessu sviði það, sem við gátum gert, þegar við vorum sem þjóðfélag miklu fátækari en við erum nú, og þá uppgjöf, sem í þessu felst, nema með þeirri skýringu, sem ég reyndar veit að er á þessu öllu, en það er hin breytta stefna gagnvart byggðum landsins. Þetta er allt í órofasambandi. Og þó er ég ekki viss um, að allir, sem að því vinna, geri sér það fyllilega ljóst. En það er engin smáræðisbreyting, sem hér er verið að gera, ef nú á allt í einu að sleppa hendinni af þeim, sem dregizt hafa aftur úr og nú þurfa að leggja í meiri kostnað en hinir. Ég held, að til þess að jafna þennan greiðsluhalla, sem talað er um hjá sjóðunum og menn alltaf hafa vitað um og áður hefur verið til staðar og verið ráðin bót á, séu önnur ráð til, að hægt sé að bæta hér úr á annan hátt og það sé ekki neitt gífurlegt vandamál.

Það kann að hljóma vel, og ég veit það, að það hljómar vel í eyrum margra að fella niður með öllu verðbætur á útfluttar vörur. Það er ekki vinsælt þetta uppbótakerfi, og ýmsir gera sér far um að benda á ýmsa galla á því, gera það hlægilegt. Sízt skal ég hafa á móti því, að útflutningsuppbótakerfið verði gert umfangsminna en það er nú. Mér finnst alveg rétt að stefna að því að gera það umfangsminna. Ég skal ekki heldur hafa á móti því, að það kunni að vera eðlilegt eða megi virðast eðlilegt að skrá gengi erlends gjaldeyris meira í samræmi við raunveruleikann en nú er gert. Það sýnist auðvitað hlálegt að halda áfram von úr viti að skrá útlendan gjaldeyri langt undir sannvirði, rétt eins og ýmsum finnst það líka hlálegt að hafa fasteignamatsverðið eins og nú er gert, þegar litið er á gangverð fasteigna. Þar vitum við að er ekki samræmi. Ég skal ekki ræða um það almennt nú, hvort togaraútgerðin eða bátaútgerðin í heild hafi hag af gengisbreytingunni. En hitt liggur í augum uppi, að ef gengisbreytingin er hæfileg, miðað við bátaútveginn í heild, þá verður mjög óhagstætt að veiða þann fisk, sem sérbætur hafa verið greiddar á undanfarið, eins og smáfisk, ýsu og steinbít. Það stendur í grg. frv. á bls. 33, að meðalverðuppbætur, sem hafa verið greiddar á bátafisk, þegar allt er tekið í einni heild, þ. á m. fiskur veiddur á ýmsum tímum árs, stærri og smærri fiskur og hinar einstöku fisktegundir, séu nú 94.5% og að gengisskráningin sé við þetta miðuð, að hún eigi, þegar allt kemur til alls og þegar búið er að gera fyrir því, að rekstrarvörur hækki í verði og stofnkostnaður aukist, að jafngilda því, að 94.5% útflutningsuppbætur séu greiddar. En á vissar fisktegundir hafa verið greiddar miklu hærri útflutningsuppbætur og þó ekki veitt af. Ég hef nýlega fengið í hendur tölur um þetta, sem ég skal ekki þreyta þm. á að lesa upp, en munurinn er mjög verulegur. Útflutningsuppbæturnar, sem hafa verið greiddar á smáan þorsk og ýsu og steinbít og sérstaklega á sumarveiddan fisk, hafa verið miklu hærri en á annan bátafisk og miklu hærri en meðaltalið, sem hér er gerð grein fyrir. Þess vegna er það alveg auðsætt, eins og ég sagði áðan, að ef gengisbreytingin er hæfileg fyrir bátafiskinn í heild, þá er verðið allt of lágt fyrir þær fisktegundir, eða þann hluta aflans,

sem ég nú hef nefnt. Það yrði allt of lágt fyrir smáfiskinn og allt of lágt fyrir ýsuna og steinbítinn og of lágt fyrir sumarveiddan fisk. Nú má segja, að þetta gerði í sjálfu sér minna til, ef hver fiskibátur eða hver verstöð veiddi nokkurn veginn jafnmikið af þessum fiski hlutfallslega, og þá gerði það ekkert til, ef verðið fyrir stærri fiskinn væri nógu ríflegt. Þá gerði ekkert til, þó að verðið á smáfiskinum væri eitthvað neðan við hitt. En þannig er það ekki, það vita allir, sem til þessara mála þekkja, hafa einhverja staðarþekkingu. En hana geta náttúrlega ekki allir haft. Til eru menn, sem vita ekki, að t. d. á Norður- og Austurlandi, þar sem aðallega veiðist á sumrin, vor, sumar og haust, þar er fiskurinn mun smærri en hér syðra. Hlutfallslega mjög stór hluti bátaaflans í þessum landshlutum er það, sem kallað er smáfiskur, og í aflanum er líka mikið af ýsu. Ég hef heyrt dæmi um það, að smáfiskurinn hafi verið á tilteknum tíma í tiltekinni verstöð, sem ég þekki nokkuð til, 85% af öllum aflanum. En sérbæturnar, sem hafa verið greiddar á þennan fisk, byggjast á því, að það fæst hlutfallslega minna af fullunninni vöru úr fiskinum upp úr sjó, þegar hann er smár, og auk þess kostar mun meira að vinna úr smáum fiski. Hins vegar er þessi vara að jafnaði ágæt vara og þar alveg í fremstu röð, en útflutningsverðið er yfirleitt það sama. En út af þessu var á sínum tíma tekin upp barátta fyrir séruppbótunum á þennan fisk, og þær fengust í áföngum, þangað til þær voru orðnar eins og þær eru nú. Ég held, að það sé sameiginlegt álit þeirra, sem hafa kynnt sér þessi mál, að þar sé ekkert óhóf í, að þessar sérbætur séu ekki hærri en þær þurfa að vera, miðað við þann mun, sem er á vörumagninu, sem fæst úr fiskinum, hráefninu og vinnunni, sem í þetta fer. En ýmsum hefur fundizt fátt um þetta. Þeir, sem láta sér finnast fátt um dreifingu fjármagnsins, hafa kallað þennan fisk Framsóknarýsu eða Eysteinsstútung, af því að framsóknarmenn áttu nokkuð mikinn þátt í að koma þessu fram. Ég hef meira að segja séð orðið „Framsóknarýsa“ á prenti í grein fræðilegs efnis eftir kunnan mann hér í bænum, sem virðist hafa þessi sjónarmið. En ef nú á að lækka til mikilla muna verðið á þessum fiski eða þeirri útflutningsvöru, sem unnin er úr þessum fiski, miðað við fisk upp úr sjó, þá eru, eins og ég sagði áðan, mörg sjávarpláss á Norður-, Austur- og Vesturlandi a. m. k. mjög illa stödd, svo að ekki sé meira sagt, ef ekki verður ráðin bót á. Og ég er forviða á því, að hér skuli ekki vera gerð einhver ráðstöfun eða einhver fyrirhyggja koma fram, úr því að uppbóta- og niðurgreiðslukerfið í heild er ekki að fullu afnumið, sem hefur ekki reynzt kleift, — að menn skuli ætla sér að láta þá, sem að þessari framleiðslu standa, sigla sinn sjó, nema skýringin sé þessi, sem ég nefndi í upphafi, að ýmsir, sem nú ráða málum, gráta þurrum tárum og telja ekkert óhagkvæmt, þó að eitthvað drægi úr framleiðslu og eitthvað fækkaði fólki hér og þar á landinu og það flytti á staði, þar sem þeir telja að betur sé búið fyrir þjóðina. En hér er áreiðanlega ekki að uppbyggingu stefnt.

Ég skal svo ekki ræða þessi mál nánar að sinni. Eins og ég sagði í upphafi, þá kemur mér það ekki á óvart í sjálfu sér, þó að þessarar stefnu, sem er andvíg dreifingu fjármagnsins og ekki kærir sig um að leggja mikið í sölurnar til að halda landinu í byggð, gæti nú meira en fyrr, þó að þessi stefna komi fram nú og sjái sér leik á borði. Þetta er afleiðingin af því, sem búið er að gera á s. l. ári. En þess er ekki að vænta, að samkomulag verði hér á Alþingi um aðgerðir af þessu tagi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessar umræður hafa nú staðið alllengi, eins og raunar eðlilegt er, þar sem hér er um mjög þýðingarmikið og stórt mál að ræða, og ekki undarlegt, þó að það sé rætt fram og til baka. En efnislega hefur því nú verið lýst svo vel og rækilega af þeim, sem fyrir því hafa mælt, að ég þarf ekki að hafa um það út af fyrir sig mörg orð. En mér þykir hlýða að segja aðeins nokkur orð um ummæli, sem hér hafa komið fram í garð fyrrv. ríkisstjórnar alveg sérstaklega og þá tilraun, sem gerð hefur verið hér af tveimur hv. framsóknarmönnum alveg sérstaklega í þá átt að reyna að telja hv. alþm. trú um það, að þessi stjórn hafi lýst því yfir, þegar hún tók við völdum og síðar, að hún teldi sig munu geta leyst allan efnahagsvandann, svo að þar þyrfti engu við að bæta. Svo hafa þeir, þessir hv. þm., reynt að sýna fram á það, hvernig þetta hafi allt saman tekizt miður en lofað hafi verið, og það raunar hafi verið þessari stjórn að kenna, að nú er komið sem komið er.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði, að kjörorðið fyrir kosningar hefði verið stöðvun dýrtíðar án skatta og ekkert hefði þá verið minnzt á, að lifað væri um efni fram. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði í sinni ræðu hér eitthvað á þá leið, að Alþfl. hefði haldið því fram, að þessi flokkur hefði leyst öll vandamál efnahagslífsins. Í öðru lagi sagði hann, að stjórnarstefna fyrrv. ríkisstj. hefði mistekizt, og á því er þessi lagasetning byggð. Þetta sagði hv. þm. orðrétt. Og hann spurði í sinni ræðu: Er þetta, sem hér er að gerast, ávöxturinn af eins árs stöðvunarstefnu Alþfl. og Sjálfstfl., sem kemur fram í því að fá nú á sig meiri álögur en nokkru sinni fyrr?

Þessir hv. þm. hafa bæði fyrr og síðar og blað flokksins, Tíminn, reynt æ ofan í æ að gera tortryggilegar þær aðgerðir, sem Alþfl.-stjórnin kom í framkvæmd, vissulega að nokkru leyti með aðstoð Framsfl., í ársbyrjun 1959, og hjásetu framsóknarmanna við afgreiðslu þeirra mála, sem þá voru afgr. í sambandi við lausn þessara mála. Þeir vilja koma því inn, að þessar aðgerðir Alþfl. hafi haft á sér yfirvarp annars en þess, sem þær raunverulega voru, og það, sem flokkurinn hafi lofað að gera, hafi mistekizt.

Við skulum nú athuga þetta ofur lítið nánar og hvernig þessa hluti bar að. Á árinu 1958, undir forustu Hermanns Jónassonar og vinstri

stjórnarinnar, hækkaði vísitalan í landinu um 34 stig, úr 191 stigi 1. jan. 1958 og upp í 225 stig, sem vísitalan hefði orðið 1. jan. 1959, ef ekki hefði þá verið gripið til niðurgreiðslu. Þetta er það, sem mætti kalla, eins og hv. þm. nefndi það, óðaverðbólgu, og þessa óðaverðbólgu réð ekki vinstri stjórnin við. Hún hljóp frá öllu saman án þess að gera tilraun til að leysa vandann, og það sem meira var, hún vildi ekki þiggja stuðning þeirra flokka, sem buðu henni að leysa vandann.

Alþfl. skrifaði forsrh. fyrrv., Hermanni Jónassyni, bréf, eftir að það hafði heyrzt, og hann raunar tjáð það, að hann mundi segja af sér, vegna þess að verðbólguholskeflan væri riðin yfir og engin ráð til úrlausnar, og óskaði þess við hann, að hann bæri málið inn í þingið og reyndi þar að koma á framfæri þeirri lausn, sem Alþfl. og Framsfl. voru að miklu leyti sammála um og raunar Alþb. að nokkru leyti. Þetta vildi hann ekki gera, heldur hljóp og skildi allt eftir í öngþveiti. Þá voru gerðar ýmsar tilraunir til stjórnarmyndunar, sem tókust ekki, og það var ekki önnur lausn finnanleg en sú, að Alþfl. myndaði minnihlutastjórn með óbeinum stuðningi Sjálfstfl., sem hét því að firra stjórnina vantrausti, ef fram yrði borið. Það var ekki eðlilegt, að þessi stjórn og raunar ekki þessir flokkar báðir þá, Alþfl. og Sjálfstfl., sem höfðu ekki samanlagt meirihlutavald á Alþingi til þess að koma málum fram, gætu ráðizt að kjarna málsins. En hvaða verkefni tókst þessi stjórn á hendur? Hún tókst á hendur það verkefni að reyna að koma í veg fyrir þetta, sem hv. þm. kallaði óðaverðbólgu, reyna að hafa hemil á verðbólguaukningunni á árinu 1959, þangað til meirihlutastjórn yrði mynduð, sem gæti tekið að sér lausn vandans.

Vandi efnahagsmálanna er margs konar. Verðbólguaukningin er ekki nema einn þáttur vandans. Það var sá þátturinn, sem ógnaði um áramótin 1958 og 1959, og það var að þeim hluta vandans, sem Alþfl. sneri sér og hét því að freista þess að leysa. Hann tók líka að sér að freista þess að leysa kjördæmamálið, þannig að meira réttlæti fengist í skipan Alþingis í hlutfalli við flokkaskipunina í landinu, og hann gerði sér ljóst, að eftir að hafa lokið því verkefni mundi hann og hans stjórn hætta og meirihlutastjórn taka við, hvernig svo sem hún yrði mynduð. En verkefni hans var fyrst og fremst að reyna að koma í veg fyrir það þann tíma, sem stjórnin sat, að verðbólguaukningin yrði eins óhófleg og hún varð á síðasta stjórnarári vinstri stjórnarinnar. Þá varð hún hvorki meira né minna en 34 stig, eða í kringum 17%. Hér er talað um með þessum aðgerðum öllum hækkun á vísitölu, sem nemur 13%. Það var greinilegt, að ef þessi verðbólguaukning, sem byrjaði svona hastarlega á árinu 1958, hefði fengið að halda áfram óstöðvuð á árinu 1959, þá hefði allt endað með skelfingu þá þegar. Það var sannað, eða a. m. k. voru færðar fyrir því sterkar líkur, að ef ekki yrði að gert, þá mundi vísitalan komast upp í 270 stig, þegar kæmi fram á haustið 1959, og hér var sýnt fram á það í gær, að ef það hefði skeð, þá hefði okkur ekki nægt að lækka gengi íslenzku krónunnar það mikið, að dollarinn yrði 38 kr. virði, heldur hefðum við orðið að borga 60 kr. fyrir dollarann. Hvað er það þá, sem stjórn Alþfl. gerði á árinu 1959? Hún kom í veg fyrir það, að sama óðaverðbólgan sem hér var 1958 héldi áfram 1959 og endaði svo með þeirri skelfingu, að við yrðum að breyta gengisskráningunni á krónunni þannig, að dollarinn yrði 60 kr., í staðinn fyrir að við þurfum þó ekki að fara í nema 38 núna, sem er vissulega ærið.

Þetta er það, sem Framsfl. er sí og æ að reyna að gera okkur tortryggilega fyrir og segja, að við hefðum ætlað að leysa allan vanda efnahagsmálanna. Það er fráleitt, því að minnihlutastjórn Alþfl. hafði í fyrsta lagi engan möguleika til þess að gera það, og henni datt það ekki í hug. Hún réðst aðeins að þessum eina þætti, og hún leysti hann á þann veg, að vísitalan, sem var 100 1. marz 1959, er 100 enn í dag. Og það hefur ekki í annan tíma í þessu þjóðfélagi verið meiri stöðvun á verðbólgunni en einmitt hefur orðið, síðar þessar aðgerðir voru gerðar um áramótin 1958 og 1959. Það er þess vegna algert öfugmæli, eins og hv. þm. sagði, að stjórnarstefna fyrrv. ríkisstjórnar hefði mistekizt og á því væri þessi lagasetning byggð.

Hv. þm. framsóknarmanna sögðu, þegar lögin um niðurfærslu verðlags og launa voru sett í ársbyrjun 1959, að byrðunum af þessum aðgerðum væri velt yfir á framtíðina og að bæði ríkissjóður og útflutningssjóður mundu koma út með stórkostlegu tapi, sem síðan yrði velt yfir á þjóðina. Þegar það kom í ljós samkv. vitnisburði formanns stjórnar útflutningssjóðs og af yfirliti, sem kom fram um afkomu ríkissjóðsins, að líkur væru til, að báðir þessir sjóðir mundu standast þær kröfur, sem til þeirra yrðu gerðar á árinu, hallalítið eða hallalaust, þá var hörfað í aðra víglínu og sagt, að þetta væri fengið með óhóflegum innflutningi hátollavara. Hver er svo niðurstaðan af því? Niðurstaðan af því var, að það var flutt inn á árinu 1959 nákvæmlega jafnmikið af hátollavöru og gert var 1958, eða fyrir 190 millj. kr. Áætlanir okkar voru að vísu lítils háttar lægri en vinstri stjórnarinnar 1958, þ. e. a. s. 212 í staðinn fyrir 226 millj., en eigi að síður var ekki hægt að standa við áætlunina. Við gátum ekki flutt inn meiri hátollavöru en þetta, ef nauðsynjavörur átti ekki að skorta, og skorti þær þó síðasta mánuð ársins nokkuð vegna þeirrar stöðvunar, sem þá varð í bönkunum á yfirfærslu um skeið.

Ég skal ekki hér fara út í það að ræða um afkomu ríkissjóðs á árinu 1959. Það mun hæstv. fjmrh. gera við 1. umr. fjárlaga, sem fer hér fram á mánudaginn. En ég get þó sagt eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um það fengið, að það mun ekki verða greiðsluhalli á árinu 1959.

Um útflutningssjóðinn er það að segja, að þegar tekið er saman, eins og útflutningssjóðurinn hefur alltaf verið gerður upp um áramótin, sjóðseign og óinnheimtar gjaldfallnar

tekjur miðað við 31. des. 1959 annars vegar og óafgreiddar gjaldfallnar kröfur hins vegar, þá er mismunurinn þar á milli um 30 millj. kr., sem skortir á, að útflutningssjóðurinn geti staðið við þessar skuldbindingar sínar að fullu. Þó er þess að geta, að í þessu eru 32 millj. kr., sem er óuppgerð og ógreidd umboðssala frá árinu 1958, þannig að ef sú tala er dregin frá, þá er útflutningssjóðurinn, miðað við áfallnar og ógreiddar kröfur, nokkurn veginn í járnum, þegar tekjurnar eru teknar með, þær sem hann á von í, en ekki er búið að greiða inn. Ríkissjóðsframlagið hefur verið greitt að fullu að undanskildum 11 millj., sem var ekki búið að heimta inn um áramótin, og óinnheimtar tekjur, sem vitað var um að kæmu, voru 18 millj. rúmar og sjóðseign 15 millj. Þetta er til samans 45 millj. kr., en kröfurnar eru í kringum 30 millj. kr. hærri.

Þetta breytir ekki því, að birgðasöfnunin, sem orðið hefur í landinu, gerir það að verkum, að útflutningssjóður á ógreitt út á þær. En á móti því kemur aftur hitt, að það lán, sem ætlað var að taka á árinu og vera undirstaðan undir þeim jöfnuði, sem reiknað var með, 6 millj. Bandaríkjadollara, hefur ekki verið innborgað á árinu nema að örlitlu leyti. Ég ætla, að um áramótin hafi verið yfirfærð af því rúmlega 1 millj. dollara, þannig að þó að nokkurt fé hafi verið tekið til láns út á birgðirnar, þá eru enn ókomnar tekjur handa sjóðnum, sem hefðu numið, ef þær hefðu komið fyrir áramótin, yfirfærslugjaldinu af þeim vörum, sem fyrir þessa dollara hefðu verið keyptar.

En hitt er eftirtakanlegra, að í þessum greiðslum útflutningssjóðs fyrir árið 1959 eru innifaldar mjög stórar greiðslur fyrri ára. Á árinu 1959 hafa verið greiddar útflutningsbætur, sem heyra árinu 1958 til, upp á rúmar 300 millj. kr., og útflutningsbætur fyrir árið 1957 upp á tæpar 15 millj. kr., eða samtals 325 millj. frá tíð vinstri stjórnarinnar, sem var greitt á árinu. Við þetta bætast svo þessar 32 millj., sem ég nefndi að enn væru ógreiddar fyrir óuppgerða umboðssölu frá 1958, þannig að í heild verður greiðslan fyrir árið 1959 347 millj. kr., 315 plús 32.

Þessi gífurlegi hali hefur löngum valdið erfiðleikum, og hann heldur áfram að valda vaxandi erfiðleikum, eftir því sem hann lengist. Ef nú er skorið á þennan hala og þessar útflutningssjóðsgreiðslur 15. febr. n. k., eins og frv. gerir ráð fyrir, þá lítur út fyrir, að til greiðslu komi hjá útflutningssjóði eða ógreitt verði, þegar tekjurnar hætta að koma inn, í kringum 270 millj., eins og grg. frv. segir frá. Þessara 270 millj. kr. er ætlað að afla í fyrsta lagi með mismuninum á söluverði afurðanna eftir hinu nýja gengi og þeirri upphæð, sem eigendunum verður greidd, sem er reiknuð á gamla genginu plús venjulegar uppbætur, — fyrir þetta er talið að fáist 150 millj. kr. eða þar um kring, — og síðan 120 millj. af þeim útflutningsskatti, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég tel þess vegna, að með þeim erfiðleikum, sem þetta kerfi ber í sér, hafi eftir atvikum ekki illa til tekizt um þessa framkvæmd. Það sé ekki byrðum velt yfir á framtíðina óhóflega og það sé ekki heldur óhóflegur innflutningur hátollavara. En endarnir ná ekki til fulls saman, vegna þess að á skortir með það lán, sem reiknað hafði verið með á árinu. M. ö. o.: kerfið, þetta uppbótakerfi, sem við búum við, þrífst ekki, nema við í mjög ríflegum mæli annaðhvort flytjum inn þessa hátollavöru, sem við kannske þurfum ekki nema að litlu leyti á að halda og hefðum miklu betur notað féð til annars, eða þá að við tökum lán, sem keyptar verða vörur fyrir, sem við getum skattlagt og látið sjóðinn njóta í tekjum.

Þetta er, eins og margtekið hefur verið fram í þessum umræðum, ástæðan til þess, að kerfið getur ekki staðizt, og það verður að gera þarna breytingu á. Og breyt., sem er sú eina breyt., sem fær er, er sú að skrá gengið jafnt fyrir innflutninginn og útflutninginn. Að vísu kostar það álögur í bili, því er ekki að neita. Það kostar ekki þær gífurlegu tölur, sem hér hafa verið nefndar, 1000 millj., 1300 millj. og 2000 millj., það kostar ekki það. En það er ómögulegt að neita því, að það kostar byrðar. En kerfið verður ekki heilbrigt, á meðan þetta sjúklega ástand varir, og það er til þess að koma í veg fyrir það, sem þetta frv. er flutt. En úr þunga byrðanna er reynt að draga hjá þeim, sem erfiðasta hafa aðstöðuna. Það er reynt að draga úr þunganum hjá barnmörgum fjölskyldum, og það virðist með þeim ráðstöfunum, sem sagt er frá í grg. frv. og önnur frv. verða borin fram um nú bráðlega, vera hægt að koma því til vegar, að byrðarnar á vísitölufjölskyldunni verði ekki nema í kringum 3% og á fjölskyldu með 3 börn eða fleiri verði þær byrðar, sem af þessu leiðir, með svipaðar tekjur ekki teljandi. Hins vegar er því ekki að leyna, að ýmsar fjölskyldur í þessu landi og einhleypingar og aðrir eru þannig settir, að þeir njóta ekki þessara fríðinda, sem hér eru boðuð, og á þeim lendir byrðin þess vegna þyngra. Þó er á henni þetta ákveðna hámark, sem vísitöluhækkunin skýrir frá, og kannske ekki að fullu og ekki nálægt því að fullu hjá mörgum, þó að þeir njóti ekki fríðindanna. En með frumvörpunum, sem koma, eru gerðar ráðstafanir til þess, að bæði barnmörgu fjölskyldurnar og gamalmenni og öryrkjar fái þessa hækkun fullkomlega upp borna.

Ég skal segja það fyrir mig, að ég er vissulega ekkert glaður yfir því að þurfa að taka þátt í þessum aðgerðum, og það er ekkert fagnaðarerindi, sem við hér erum að boða, og það hefur heldur enginn haldið því fram. En ég tel, að það þýði ekki annað, að það sé bókstaflega talað að stinga höfðinu í sandinn að horfa fram hjá því, að einhverjar aðgerðir svipaðar þessu eru nauðsynlegar. Það er ekki hægt að halda áfram með uppbótakerfið óbreytt, eins og það hefur gengið, og það er ekki hægt að lagfæra það, það höfum við líka kannað, — það er ekki hægt að lagfæra það

nema með tilkostnaði og byrðum, sem sízt verða léttari á almenningi en það, sem hér er að gerast.

Það er stundum rætt um kaupmátt launa, og það er ekki tilviljun, að okkur hefur ekki tekizt þrátt fyrir öfluga verkalýðshreyfingu og blómlegt atvinnulíf, góða markaði og fleira, sem þarna kemur til greina, að þrýsta kaupmætti launanna verulega upp síðasta áratuginn. Þetta stafar af því, bókstaflega talað, að öllum hækkunum á launum, sem fram hafa komið, og þær eru miklar, hefur jafnóðum verið velt yfir á ríkissjóðinn og ríkissjóður veltir þeim svo aftur yfir á almenning. Á meðan þessi vítahringur heldur áfram, þá er ekki að búast við, að lagfæring fáist hér á. Lagfæring verður ekki fyrr en launþeginn getur samið beint við atvinnurekandann um sín laun og það, sem hann fær til viðbótar í hækkuðu kaupi, sé frá honum tekið, en ekki öðrum, og að hann hafi ekki aðstöðu til þess að færa það yfir á aðra.

Gjaldeyrisstaða þjóðarinnar er ákaflega ísjárverð, og hún hefur alltaf verið að versna upp á síðkastið. Og það er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess, að lántökurnar hafa verið nauðsynlegar til þess að halda kerfinu gangandi, og það alveg burtséð frá því, hvort þurfti að nota lánin til einhverrar ákveðinnar fjárfestingar. Það þurfti alveg eins að fá þessi gjaldeyrislán, hvort sem peningarnir voru notaðir til Sogsvirkjunar eða áburðarverksmiðju, eins og hv. 1. þm. Austf. nefndi hér í gær og var að telja upp að væru óánveranlegar framkvæmdir. En gjaldeyrislánin voru alveg jafnnauðsynleg, þó að til þessara framkvæmda hefði ekki komið, vegna kerfisins.

Við áttum hér í stríðslokin digra sjóði. Þeir eru allir uppétnir. Við nutum, þegar þeir voru uppétnir, svokallaðrar Marshallaðstoðar um nokkur ár. En síðan það hvort tveggja er búið, höfum við orðið að lifa á því að safna skuldum. Og nú eru skuldirnar orðnar svo miklar, að líkur eru til þess, að það verði mjög miklum erfiðleikum bundið að fá þessar lántökur áfram og áfram, enda greiðslubyrðin, sem mér heyrist sumir hv. þm. hér jafnvel gera grín að, orðin svo mikil, að við ráðum ekki við hana eins og hún er, hvað þá að hún vaxi. Ef vel ætti að vera, þá ættum við að eiga gjaldeyrissjóð, eins og flestar þjóðir eiga. Við höfum átt hann. Hann er horfinn, og í staðinn fyrir gjaldeyrissjóð er komin nettóskuld. Yfirdrættir, sem bankarnir hafa erlendis, eru notaðir að heita má að fullu, og í desembermánuði s. l. var svo komið, vegna þess að útflutningur gekk ekki eins greiðlega og búizt hafði verið við, að það hélt við, að yfirfærslur bankanna stöðvuðust. Þetta er náttúrlega svo ótryggt ástand, að það er ekki nokkur lifandi leið að búa við það til frambúðar. Gjaldeyrisvarasjóð tekur náttúrlega tíma að byggja upp, og það er rétt, að menn veiti því athygli, að kerfið, þetta uppbótakerfi, gerir það ómögulegt, að nokkurn tíma sé safnað gjaldeyrisvarasjóði, af því að ef við eignumst pening, hvort sem er með láni eða á annan hátt, þá verður að flytjast inn fyrir hann eitthvað, sem útflutningssjóðurinn getur haft tekjur af, svo að gjaldeyrisvarasjóðsmyndun undir núverandi uppbótakerfi er útilokuð. Ef við ætlum að reyna að vinna upp einhvern slíkan sjóð, sem við vissulega verðum að gera, þá verðum við að byrja á því að afnema kerfið. Það er ekki von, að við getum unnið upp gjaldeyrisvarasjóð, sem miklu máli skiptir, á stuttum tíma. En til þess að komast yfir þá erfiðleika, sem óumflýjanlegir eru framvegis, höfum við fengið heimild til yfirdráttar fyrir 20 millj. dollara, eins og segir í grg. frv. En það hefur verið túlkað hér sem algerlega það sama og um lántöku væri að ræða, um eyðslulántöku. En það er alls ekki það. Ég þarf ekki að fara út í að skýra það fyrir þeim mönnum, sem vilja skilja, hver munur er á þessu tvennu, að eiga innhlaup um stuttan tíma til þess að geta notað fjármuni til greiðslu á nauðsynlegum hlutum, og svo hinu, að fá lán, sem notuð eru varanlega í eyðslu, annaðhvort fjárfestingu eða aðra eyðslu, og ekki er gert ráð fyrir að skilað sé svo að segja strax aftur. Muninn á yfirdráttarláni og venjulegu láni þekkja allir hv. þm., svo að það er mjög villandi að rugla því nokkuð saman.

Ég ætlaði mér ekki að hafa hér mörg orð, og ég skal ekki gera það, því að umræður eru orðnar nokkuð langar og málið verður að komast til n. í kvöld, eða ég vil vona það a. m. k., svo að ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. En það, sem ég aðeins vildi undirstrika, voru í fyrsta lagi þau öfugmæli, sem hv. framsóknarmenn hafa hér haft um þær aðgerðir, sem Alþfl.-stjórnin hafði í efnahagsmálunum, — ég vil undirstrika, að þó að mér að sumu leyti þyki erfitt að þurfa að bera fram eða vera með till. eins og hér er gerð um breyt. á genginu, þá verður það ekki umflúið. Og ég vil líka undirstrika þær lagfæringar, sem gerðar verða á aðstöðu þeirra, sem erfiðasta eiga aðstöðuna, svo sem barnafjölskyldna og gamalmenna. Ég held líka, að þegar við erum að bera saman þá kjaraskerðingu, sem af þessu hlýzt, þá sé það ekki samanburður, sem sé einhlítur. Það, sem við raunverulega eigum að bera saman, er þetta frv. og það, sem mundi koma, ef þetta frv. hefði ekki komið fram. Það er það, sem við eigum völ á, sem við þurfum að bera saman, en ekki það, sem útilokað er að við höfum völ á, því að óbreytt ástand er útilokað.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði hér nokkuð áðan. Hann var að kvarta yfir því, að ég hefði hvesst augun fullmikið á hæstv. viðskmrh., meðan ég talaði, og hef ég líklega ekki verið eins vondur við hann og hann mundi telja eðlilegt.

Ég tel mjög eðlilegt það, sem hæstv. forsrh. er að gera. Hann er foringi íslenzkrar auðmannastéttar, formaður þess flokks, sem er tæki íslenzka auðvaldsins, og það er ákaflega eðlilegt út af fyrir sig, að auðmannastéttin vilji troða skóinn ofan af alþýðunni, hún vilji græða á hennar vinnu. Það er nú einu sinni

tilhneiging þeirrar stéttar og þess valds. Og ég undrast heldur ekkert, þó að hann vilji gjarnan koma hér á í okkar þjóðfélagi harðstjórn peningavaldsins. En það, sem ég deili á hann fyrir, er, að hann skuli vera að hjálpa til að koma hér á harðstjórn erlends peningavalds, að íslenzk borgarastétt undir hans forustu og hans flokks skuli vera að gefa upp sjálfstæða tilveru sem borgarastétt og láta innlima sig í auðvald Vestur-Evrópu og Ameríku. Sannarlega hefur þó íslenzk alþýða viljað hjálpa íslenzkri borgarastétt til þess að halda íslenzkum þjóðarbúskap sjálfstæðum.

En það, að ég hvessti augun á hæstv. viðskmrh., var af hinu, að mér fannst það óeðlilegt, að Alþfl. á Íslandi skyldi vera að hjálpa hæstv. forsrh., Sjálfstæðisflokknum, tæki auðmannastéttarinnar á Íslandi, við þetta. Alþfl. hefði átt að geta gert betur en að gefast skilyrðislaust upp fyrir auðmannastéttinni íslenzku. **(Forsrh.:** Fyrir ræningjaforingjanum.) Já, ræningjaforingjanum. Hann átti að geta gert það. Og mér sýnist, að það, sem nú sé að fara fram hér, sé sú endanlega sögulega uppgjöf forustumanna Alþfl. fyrir auðvaldinu á Íslandi, og hef ég þó fyrir mitt leyti gert það, sem ég hef getað, til þess að forða Alþfl. frá því.

Hæstv. forsrh. hélt hér mikla brandararæðu, eins og hann gerir stundum. Ég veit ekki, hvort það er af því, að honum hefur verið svo þungt niðri fyrir, að hann hefur viljað hafa brandarana sem mesta, eða af því, að hann vildi gjarnan komast sem mest hjá alvöru málsins. Hann er vanur þessu, og honum tekst það vel. Eina ágæta sögu hef ég heyrt af honum, þegar hann var einu sinni forsrh. hér áður fyrr og útgerðarmennirnir voru í vanda, eins og þeir voru vanir um hver áramót, og komu upp í stjórnarráð og kvörtuðu, sérstaklega þeir á Suðurnesjum, og reiknuðu og reiknuðu, hvað þá vantaði margar millj., og svo hafði hæstv. forsrh., þegar þetta var allt saman búið, staðið upp, tekið upp veskið og sagt: „O, hver andskotinn, en ég hef ekki nema 50-kall.“ Það var allt, sem þeir fengu. En sannleikurinn er sá, að það er náttúrlega ósköp vel hægt að losa sig við útgerðarmennina á Suðurnesjum með svona nokkru. Þeir svelta ekki samt og missa ekki íbúðirnar og ekki einu sinni bátana og ekki einu sinni hraðfrystihúsin. En þegar kemur að því, að verkamenn og millistéttamenn hér í Reykjavík fara að missa íbúðirnar sínar, mennirnir, sem einu sinni trúðu á það, að Sjálfstfl. vildi, að hver maður ætti sína íbúð, — þegar þeir fara að missa íbúðirnar sínar fyrir þessar aðgerðir, þá dugir ekki að afgreiða þá með svona nokkru. Þá er alvara lífsins komin í þetta.

Það nefndi einn hv. þm. hér dæmi í gær af manni með 60 þús. kr. laun, iðnverkamanni með 2 börn, 16 og 17 ára, hann fengi engar fjölskyldubætur, ætti þriðjunginn í sínu húsnæði, — og við skulum reikna út, hvernig fer með þann mann. Við skulum segja, að íbúðin sé 300 þús. kr. virði og hann skuldi 200 þús. kr. í henni. Vextirnir af því eru nú 16 þús. á ári fyrir utan afborganir. Þeir vextir hækka, ef vextirnir fara upp í 12%, og allt er þetta á víxlum, upp í 24 þús., fyrir utan afborganir. Maður með 60 þús. kr. laun, og dýrtíðin vex um 12 þús. Hvernig á þessi maður að komast af? Það, sem verið er að gera með þessum ráðstöfunum, er að féfletta svo og svo mikið af fólki, og það er þetta, sem er alvaran í þessu. Þegar það bætist svo við, að atvinna verður stopul, að eftirvinnan hverfur, að vinnan sjálf minnkar, hvar standa þessir menn þá? Og það er þessi alvara, sem ég hef verið að reyna að fá bæði hæstv. forsrh. og aðra til þess að íhuga í sambandi við þetta, að sjá fyrir afleiðingarnar af þessu, — því að það er hægt að reikna þetta út, eins og þeir hafa reiknað það í París. Þá duga engir brandarar. Þá bjarga þeir því ekki. Þá er kannske hægt að neita staðreyndum, eins og Björn Ólafsson gerði 1952 um atvinnuleysið í Reykjavík, og þá getur verið, að verkamenn og aðrir hér í Reykjavík verði aftur að fara að heimsækja ráðherrann upp í stjórnarráð. En það er ekki það æskilega í þessu. Það æskilegasta er að reikna þessar afleiðingar út sjálfir og viðurkenna þær og breyta samkv. því, þannig að breyta þessu svoleiðis, að komið sé í veg fyrir þær.

Hæstv. forsrh. sagði, að stjórnin vildi taka lán til langs tíma. Til hvaða fyrirtækja? Af hverju segir hann ekki neitt núna? Af hverju liggur ekkert plan fyrir um það? Af hverju er bara um 800 millj. kr. yfirdráttarlán að ræða? Það er ekkert plan til. Er það kannske vegna þess, að ríkisstj. treysti á, að þegar búið væri að framkvæma þessa hluti, þá mundi Ísland vera komið niður á slíkt nýlendustig, að erlent auðvald vildi gjarnan fá að arðræna það eins og forðum daga? Ef það er meiningin, er þá ekki rétt að segja það, þannig að það komi fram?

Hæstv. forsrh. minntist á í sinni ræðu, ef sölutregðan héldi áfram. Hvernig er með sölutregðuna? Á kannske sölutregðan, sem talað er um, að vera eitthvert nýtt Kóreustríð, ný afsökun fyrir, að allt saman mistakist? Það eru raunverulega blekkingar, þetta með sölutregðuna. Það er ósköp vel vitanlegt, að hér hafa legið birgðir upp á 300—400 millj. kr., sem hægt var að selja og hefði verið hægt að vera búið að selja allt saman. Menn hafa bara ekki viljað selja það nema á vestrænum markaði. Menn hafa neitað góðum tilboðum í haust á fiskimjöli og öðru slíku, ef það var t. d. til Tékkóslóvakíu. Og menn hafa beðið og beðið mánuðum saman, af því að menn hafa heimtað frjálsa valútu svokallaða. Og það er búið að stórskaða Ísland með þessu. Á að halda þessu áfram? Og á verðfallið á kapítalistísku mörkuðunum að vera átyllan á eftir til að segja: Sjáið þið, við reiknuðum út frá, að með því að gera þetta frjálst, gengi það allt saman svona og svona vel, svo kom bara verðlækkun á íslenzkum útflutningsafurðum. — Rétt eins og hæstv. forsrh. var að segja áðan: Það var þetta bannsett Kóreustríð. Og svo bara hækkuðu útlendar vörur. — Þetta er það, sem verið er

að sækjast eftir. Þeir vilja vera háðir mörkuðunum, þar sem verðsveiflurnar ganga svona upp og niður, í staðinn fyrir að reyna að tryggja íslenzkt atvinnulíf með því að gera samninga til langs tíma, tryggja að selja svona og svona mikið, tryggja að geta keypt svona og svona mikið.

Það sem gerir, að ég geri þetta að umtalsefni, er það, að þegar íslenzk burgeisastétt er að gera svona vitleysur í sínum ráðstöfunum á íslenzkum afurðum, þá ætlar íslenzkur verkalýður ekki að taka að sér að borga það. En það er það, sem er verið að heimta af honum með því að heimta, að kaupið hans megi ekki hækka. M. ö. o.: vitlausar ráðstafanir á heimsmörkuðunum, sem valdhafarnir eru sekir um, afleiðingarnar af þeim á alþýðan ekki að bera.

Hæstv. forsrh. sagði, að þetta hefði allt farið úr böndunum 1950. Stefnan hjá ykkur núna er einmitt að láta allt fara úr böndunum. Eru það ekki höftin, sem þið viljið afnema? Er það ekki það að hafa eitthvað öruggt og fast í þessu? Þetta á allt að vera frjálst. Af því fer þetta allt úr böndunum hjá ykkur.

Svo er verið að tala hér um, og hæstv. sjútvmrh. var að tala um hér seinast, hvílík óskapa vitleysa þetta væri, að segja, að þessar 800 millj. kr. gætu orðið eitthvert eyðslulán. Þetta væri yfirdráttarlán, og hvaða maður þekkir ekki muninn á yfirdráttarláni og eyðsluláni? Hvað er svo um yfirdráttarlán, sem frýs fast og maðurinn getur ekki borgað? Hefur það aldrei komið fyrir? Ætli mætti ekki spyrja Útvegsbankann eða Landsbankann, hvort það hefði aldrei komið fyrir á Íslandi, að yfirdráttarlán hefði frosið fast? Hæstv. forsrh. var þetta ljóst. Hann var svo sem ekkert að hæla þessu, þó að það væru yfirdráttarlán. Nei, hann sagði bara: Þetta eru skilyrðin, sem öll þessi lönd verða að ganga undir. — Sem sagt, einu sinni enn þá eigum við einskis annars úrkostar. (Gripið fram í.) Nei, verða að ganga undir, ég skrifaði orðrétt upp. (Gripið fram í.) Já, hann er að hugsa þetta núna kannske, og fallegt að njóta þess. En það er gott að njóta yfirdráttarlána, meðan maður tekur þau, en þegar maður á að fara að borga þau, hvernig stendur það þá? Og hæstv. forsrh., það eina, sem hann gat sagt um, hvernig mundi ganga að borga þau, var sölutregðan og vörurnar væru alltaf að falla á vestrænum mörkuðum. Nú á að taka stórt yfirdráttarlán, en með hverju hann ætlar að borga, — það er ekki víst, að það gangi alltaf með sama góða kunningsskapnum eins og ríkt hefur á Íslandi í 30 ár með að borga. Ég er hræddur um, að þessir herrar í París, þó að þeir hafi verið svona blíðir við hæstv. viðskmrh., eigi til að vera dálítið strangari við okkur, þegar við borgum ekki.

Nei, það er engin forsjálni í sambandi við þessa hluti, það er engin trygging fyrir að fá að selja okkar íslenzku vörur á þessum mörkuðum, þar sem við þurfum að fá peninga til þess að greiða þessi lán. Það er nákvæmlega sama vitleysan og þegar vinstri stjórnin var að taka lánin. Við þurftum á frjálsum gjaldeyri að halda. Við áttum einmitt ekki að taka lán í Bandaríkjunum, til þess að þurfa ekki að eyða okkar peningum í afborganir og vexti af þeim. Það hefði verið skynsamlegra af okkur að taka þá lánin austur frá, sem við gátum borgað með okkar eigin afurðum, og það er jafnskynsamlegt enn þá.

Svo segir hæstv. fjmrh., að það verði að vera heilbrigð fjármálapólitík, — hann var að tala um það í sambandi við ábyrgðirnar. (Gripið fram í.) Hæstv. forsrh., fyrirgefðu. Ég ætlaði alls ekki að fara að líkja honum við fjmrh. Þá segir hæstv. forsrh., að þetta með að ganga í ábyrgð, jafnvel fyrir menn, sem geti ekki borgað, það sé ljóta uppátækið. Já, heilbrigð fjármálapólitík. Hvað þýðir hún? Hún þýðir það, að maður lánar þeim ríku, því að sá ríki getur borgað. Heilbrigð fjármálapólitík, það er að lána ekki þeim fátæka, vegna þess að hann er ekki eins góð ábyrgð. (Gripið fram í.) Nú, á það að vera svoleiðis? En ef sá fátæki á engan ríkan, sem gengur í ábyrgð, eða ef sá ríki setur slík skilyrði til að ganga í ábyrgð, að sá fátæki vill ekki fórna frelsi sínu fyrir það, hvað þá?

Nei, ég er ákaflega hræddur um, að þessi heilbrigða fjármálapólitík, sem hæstv. forsrh. er að tala um, mundi þýða það, að bankarnir ætli með öðrum orðum að gefa þeim ríku sérréttindi í landinu. Bara að þeir færu nú ekki að gefa þeim skulduga það líka, en láta þá fátæku, láta þá, sem eiga erfiðast, láta þá, sem þurfa mest á því að halda, sitja hjá.

Sannleikurinn er, að hér á Íslandi hefur verið brotið í bága við þessa heilbrigðu fjármálapólitík, og það hefur oft verið okkur til heiðurs, — hæstv. forsrh. hefur gert það líka, — vegna þess að okkur hefur þótt þetta of köld pólitík og óréttlát pólitík, vegna þess að við höfum ekki viljað beygja okkur undir alræðisvald peninganna og viljað líta á eitthvað fleira. Og við skulum ekki hverfa frá því.

En fyrst verið er að tala um þessa heilbrigðu fjármálapólitík, þá vildi ég spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er það þá meiningin, ef á að gerbreyta um núna, að þegar menn geti ekki borgað vexti, þá eigi að ganga að mönnum, þó að þeir eigi fyrir skuldunum? Við vitum, að það er fjöldinn allur af þeim, sem nú eiga íbúðir hérna, fjöldinn allur af þeim, sem nú eiga fyrirtæki hérna, þeir eiga svona og svona miklar eignir, en þeir geta máske ekki staðið í skilum með afborganir eða með vexti. Á þá að láta bjóða þessa hluti upp, er það meiningin með þessari heilbrigðu fjármálapólitík, þegar þeir geta ekki borgað? Við vitum ósköp vel, hvað það er, sem vantar þarna. Það vantar veltufé, vegna þess að íslenzka þjóðin hefur ekki verið svo rík, að hún eigi nógu mikið veltufé í einstakra manna vörzlu.

Ég veit, að þetta er hægt. En hvað þýðir þetta, svo að ég taki aftur dæmi af ríkasta manni landsins, Einari Sigurðssyni? Hann er alltaf í vandræðum núna með að borga fé. Við vitum, að hann á miklu meira en fyrir skuldum. En við vitum hitt, að tækjum við eitt hraðfrystihús hans á morgun og gengjum að því

og létum bjóða það upp, hvað eru þá margir menn í landinu, sem gætu borgað út það, sem væri nokkuð líklegt að það hraðfrystihús raunverulega ætti að kosta? Þeir eru svo að segja engir. M. ö. o.: ef við ættum að fara að framkvæma þá pólitík, sem mönnunum í London eða París mundi þykja sjálfsagt í þessum efnum, þá mundum við skapa efnahagslegt hrun á Íslandi. Er það pólitík ríkisstjórnarinnar? Er það pólitíkin, að það eigi að framkvæma þessa heilbrigðu fjármálapólitík með því að láta vægðarlaust bókstafinn gilda, ganga að þeim, sem getur ekki borgað vextina af sinni íbúð, ganga að þeim atvinnurekanda, sem getur ekki borgað vextina af sinni verksmiðju? Er það meiningin?

Ég veit, að það er hægt að „stabilisera" ýmislegt hérna á Íslandi með því að fella öll hús á Íslandi og alla verzlun, alla báta í verði, með því að láta ganga að því og selja það fyrir gjafverð. En er það meiningin? Þá væri bezt að segja það. Og ef það er ekki meiningin, sem ég satt að segja býst ekki við, því að ég þekki ekki neinn íslenzkan ráðherra, sem mundi vilja horfa framan í slíkt og skapa slíkt ástand, — ef það er ekki meiningin, hverjir eiga þá að fá að gera þarna upp á milli? Að hverjum er gengið og að hverjum ekki? (Gripið fram í.) Bankastjórarnir m. a.? (Gripið fram í.) Já, en þeir hafa fengið frá ríkisvaldinu yfirleitt þau fyrirmæli að vera ekki að ganga að mönnum. En ef á nú að fara að reka heilbrigða fjármálapólitík á Íslandi, þá verða hlutirnir öðruvísi. Ef á að taka upp sams konar peningapólitík og rekin er í London og París, þá breytist þetta.

Nei, ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. lítist ekkert á, ef ætti að fara að framkvæma þá pólitík, sem herrarnir í París eru að reyna að leiða hér yfir okkur. Þá kemur nefnilega, ef ekki á að gera þetta að almennri pólitík, aftur að misréttisspursmálinu.

Svo las hæstv. forsrh. upp langan lista, um ICA-lánið, sem vinstri stjórnin hefði tekið í desember 1956. Það væri svo sem ekki verið að kaupa vörur til þess að koma upp Sogsvirkjun eða öðru slíku. Nei, það var alls konar hveiti og allt mögulegt, held ég, sem hann taldi þarna. Það var alveg réttur listi, sem hann var með. Það voru sem sé ýmsar vörur, sem voru keyptar frá Bandaríkjunum. Til hvers? Til þess að útvega íslenzka fjármagnið í Sogsvirkjunina. Þessar vörur voru keyptar til þess, en þvældust nú inn í listann hjá honum, meira að segja einhverjar túrbínur í Sogsvirkjunina líka. Honum fannst þetta ósköp vitlaust. Svona vitlaust hefði vinstri stjórnin getað farið að. Svona vörur hafði hún nú verið að kaupa, þó að þetta væri keypt til þess að fá íslenzka fjármagnið til að byggja Sogsvirkjunina.

Já, þetta var ósköp vitlaust. Þetta lán var tekið, ekki af hæstv. forsrh., en af Sjálfstfl. og hans fulltrúum með fulltrúum Framsóknar. Ég var á móti þessu láni. Ég gat sýnt fram á, að það væri hægt að fá annað lán og betra. En Sjálfstfl. vildi ekki sinna því. Það var fellt í stjórn Sogsvirkjunarinnar. Og hver stóð þar fyrir því að taka vitlausa lánið, sem hann var að tala um og lesa upp listann yfir áðan? Það var hæstv. núv. fjmrh., þáverandi borgarstjóri í Reykjavík. (Gripið fram í.) Það var hæstv. forsrh., sem var að tala um, að það hefði verið vitlaust að taka þetta svona og þessa vitleysu hefði vinstri stjórnin gert, hún hefði ekki látið við það sitja. (Gripið fram í.) Það er nógur tíminn í nótt.

Þá fór hæstv. forsrh. að tala um bölvun uppbótakerfisins, og það hafa fleiri, líka hæstv. sjútvmrh., minnzt á það hérna, að það hlyti að vera eins konar „perpetuum mobile", það hlyti að vera eins konar vítahringur í því, að það væri hægt að komast út úr þessu kerfi, við yrðum alltaf að eyða öllu, sem við öfluðum. Það er rangt. Því aðeins þurfum við að lenda í slíku, að við skirrumst við að nota þá möguleika, sem við höfum innanlands til að taka tekjur til þessa uppbótakerfis. Ef við sleppum því að taka t. d. gróða olíuhringanna eða eitthvað af gróða bankanna í þessa hluti, þá náttúrlega lendum við alltaf í þessum sömu vandræðum. (Gripið fram í.) Já, ég skal upplýsa hæstv. forsrh. um það. Við vitum það báðir, af því að við erum báðir í stjórn Landsbankans, hvernig þetta er. Landsbankinn, seðlabankinn og viðskiptabankinn, og Framkvæmdabankinn græddu á síðasta ári yfir 70 millj. kr. Það er vel falið sumt af því í reikningunum, því þó að þeir eigi ekki að borga skatt í Landsbankanum, þá hugsa ég, að þeir kunni miklu betur við að fela þetta, eins og hægt er. Það er heilmikill gróði þarna. Og hæstv. forsrh. hefur betri aðstöðu en ég til að leita hjá olíuhringunum. En einhverju hafa þeir þurft að svindla undan og ekki bara hér heima, heldur líka vestur í Ameríku, þannig að gróðinn er til. Spurningin hefur bara verið þessi: Hvar átti að taka peningana í uppbótakerfið? Átti að taka þá með tollum á alþýðuna, eða átti að taka eitthvað ofur lítið af tugmilljónum króna yfirstéttarinnar á Íslandi? (Gripið fram í.) Já, það er einmitt spurningin. Það var vegna þess, að það voru dálítil bönd á milli hæstv. forsrh. sem formanns Sjálfstfl. og hans gömlu samverkamanna í Framsfl., að okkur var gert erfitt fyrir að fá í þetta skipti, sem hefði átt að vera tækifæri til, að ganga dálítið rösklega að auðmannastéttinni í Reykjavík.

Hæstv. forsrh. kannast við dálítið, sem heitir helmingaskipti. Hann var í helmingaskiptastjórn í sjö ár. Þessi bönd eru ekki öll slitnuð undireins, það er eitthvað annað. Og okkur tókst ekki að slíta þau, á meðan vinstri stjórnin var. Kannske hjálpar hann okkur til þess að slíta þau núna. Kannske verður það betra næst, þegar róttæk stjórn verður mynduð á Íslandi, að Framsókn verði ekki annar eins dragbítur og hún var. Þó að því hafi verið sleppt í þetta skipti að láta auðvaldið borga, þá er ekki víst þar með, að það sé sloppið að fullu og öllu. Það væri misskilningur hjá hæstv. forsrh. að vona það. (Gripið fram í.) Er þetta aum afsökun? Ef ég hefði haft meiri

hluta og Alþýðubandalagið í vinstri stjórninni og hér á Alþingi, þá væri þetta aum afsökun. En má ég máske spyrja: Með hverjum er hæstv. forsrh. að mynda þessa ríkisstj. núna? Við hvern styðst hann? Með hverjum lækkar hann gengið núna? Með hverjum afnemur hann vísitöluna núna? Er það ekki með Alþfl.? Af hverju heldur hann, að hann geti gert þetta með Alþfl.? Heldur hann, að hann gæti gert það með Alþfl. núna, ef Alþfl. í vinstri stjórninni hefði staðið með okkur um álögurnar á auðvaldið? Nei.

Þá kom hæstv. forsrh. að bátaútveginum. Hann hafði verið spurður að því, hvernig stæði á því, að það væri engin trygging fyrir, hvað bátaútvegurinn fengi, þegar hækkað væri verðið á fiskinum til þeirra, sem fá hann nú afhentan, eins og hraðfrystihúsanna. Hann svaraði því, að þetta væri allt saman ákaflega ríflega áætlað, svo að hraðfrystihúsin hlytu að geta gert eitthvað fyrir bátaútveginn. Jæja, á nú úlfurinn að skammta lambinu? Ég skil vel, að það er reiknað mjög ríflega handa hraðfrystihúsunum, handa Einari Sigurðssyni & Co. En er hæstv. forsrh. allt í einu farinn að gera sér vonir um, að það mundi þýða, að viðkomandi hraðfrystihúsahringur yrði eitthvað mildari þess vegna við bátaútveginn? Nei, ætli honum finnist ekki þvert á móti, að hann hafi öll ráð hans í hendi sér? Það má mikið vera, ef úlfurinn, sem þessum gróða verður hent í, ekki aðeins skammtar smáútveginum, bátaútveginum smátt, heldur gleypir hann á endanum. Ég er hræddur um, að það sé jafnvel núna komið nokkuð langt í þá áttina, þó að smáútvegurinn hafi verið tryggður með ákveðnum aurafjölda á kíló af fiski undanfarið, að hraðfrystihúsin séu að ná tökum á honum. Og eftir að þessari tryggingu er kippt burt, sem við settum sameiginlega ásamt öllum öðrum þingmönnum nema einum 1946, þá er ég hræddur um, að það verði lítið, sem verndar þessa Rauðhettu smáútvegsins á móti úlfi hraðfrystihúsanna, enda sagði hæstv. forsrh., að það væru líkur til þess, að hraðfrystihúsin borguðu. Honum var svo sem alveg ljóst, að það var engin vissa. Hann sagði, að það væru líkur, vegna þess að það mundi verða skortur á hráefni í hraðfrystihúsunum. Er það vegna þess, að hæstv. forsrh. reikni með því, að togararnir sigli út fyrst og fremst og leggi lítið upp í hraðfrystihúsin, þannig að frekar verði skortur á hráefni þess vegna í þeim? Hann veit, hvað það þýðir, ekki bara fyrir afkomu hraðfrystihúsanna, heldur líka fyrir afkomu verkamannanna á Íslandi Það er tiltölulega fljótt verið að koma á atvinnuleysi með þeirri ráðstöfun.

Þá kom hæstv. forsrh. að því að tala um mjólkina. Víða kom hann við. Og þá fyrst fannst honum vera fjarstæða, ef væri farið að tala um það, að menn ættu að fara að spara mjólk eftir þessar ráðstafanir. Veit hæstv. forsrh., hvað gerðist, eftir að hann og Framsókn í helmingaskiptastjórninni 1950 lækkuðu gengið þá? Hvað gerðist viðvíkjandi mjólkursölunni í Reykjavík? Það hélt áfram að bætast við fólkið í Reykjavík á því ári og næstu árum. Mjólkurneyzlan var í marz 1950 1 millj. 471 þús. lítrar, hún hafði farið sívaxandi fram að því. Í marz 1950 lækkaði hæstv. forsrh. gengið með framsóknarmönnum. Síðan minnkar mjólkurneyzlan allt árið 1950. Síðan minnkar hún allt árið 1951. Í engum mánuði ársins 1950, í engum mánuði ársins 1951 kemst mjólkurneyzlan upp í það sama og hún var í marzmánuði 1950. Síðan minnkar hún allt árið 1952, þó að 2000 manns bætist við í Reykjavík. Heldur hæstv. forsrh., að borgarastéttin í Reykjavík hafi ekki getað veitt sér þá mjólk, sem hún þurfti? Hverjir heldur hann að hafi orðið að spara við sig mjólkina á þessum tíma, þannig að það var farið að sjá á börnunum hérna 1952? Það voru verkamennirnir í Rvík, verkamennirnir, sem urðu að labba upp í stjórnarráð til Björns Ólafssonar til þess að sýna honum, að þeir væru atvinnulausir. Og hvenær breytist þetta? Við verðum að standa allan desembermánuð 1952 í verkfalli til þess að pína fram breytinguna á þessu. Og fyrst í jan. og febr. 1953 fer mjólkurneyzlan upp yfir það, sem hún var í marz 1950.

Þetta er ekkert gamanmál, og það er þetta, sem veldur því, að við getum gengið út frá því eins vísu og tveir og tveir eru fjórir, að verkalýðurinn í Reykjavík, sem man þessa hluti, ætlar ekki að bíða í þrjú ár til þess að reka slíka kúgun af sér.

Það er engin ástæða til þess, að börn í Reykjavík þurfi að skorta mjólk, og það er ekki rétt að gera ráðstafanir, sem leiða þann skort yfir. Það er nóg af mjólk á Íslandi. Það er nóg til hér af öllu, sem menn þurfa til þess að geta dregið fram lífið.

Svo sagði hæstv. forsrh. að lokum, að ég hefði haldið hér ræðu til þess að verja kommúnismann. Ég hef kannske einhvern tíma gert það, en ég hélt nú ræðu til að verja uppbótakerfið, svo gallað sem það er. En líklega hefur hæstv. forsrh. ruglað saman. Þeir skyldu þó aldrei þarna í París og New York vera farnir að segja við ykkur, að þetta væri tómur andskotans kommúnismi, þetta uppbótakerfi? Þá skil ég vel, að það sé farið að leggja svona mikla áherzlu á að fá það afnumið, ef þeir eru farnir að hræðast þetta afbrigði af kapítalisma, sem er hérna.

Nei, ég var sannarlega ekki að verja kommúnismann í þessari ræðu. Ég var að verja íslenzkan kapítalisma, sérstakt fyrirbrigði, sem hann hafi skapað og hafi gert honum mögulegt að ýmsu leyti með hans skipulagi að skapa hér sæmilega góð kjör, jafnvel skapað um tíma hér samstarf á milli atvinnurekenda og verkamanna. En þetta finnst náttúrlega þeim auðmannastéttum í öðrum löndum, sem vilja fá að drottna sjálfar og einar, vera kommúnismi.

Ég held, að hæstv. forsrh. verði nú að fara að taka í sig kjark, ef þeir eru farnir að hræða hann með kommúnistagrýlunni. Hann hræddist hana ekki í gamla daga. Hann var alveg ósmeykur við að mynda ríkisstj. um að taka upp fimm ára plön og annað slíkt, þó að flest-

allir fulltrúar auðvaldsins í Englandi og Bandaríkjunum færu að spyrja hann að því, hvernig í skrambanum honum dytti í hug að fara að gera svona hluti. Og þó að hann sé farinn dálitið að eldast, þá á hann nú ekki að láta þetta eldast af sér, á ekkert að fara að láta hræða sig á kommúnismanum. Það eina, sem Íslandi hefur vegnað vel undir, það er að reyna að hagnýta sér eitthvað af hans yfirburðum yfir kapítalismann, annars vegar þeim yfirburðum að útvega örugga markaði og vera ekki háður kreppulöndum kapítalismans, þó að maður selji þeim allt, sem maður getur, og hins vegar að skipuleggja samkvæmt áætlunarbúskap okkar eigin atvinnuþróun á Íslandi. Þetta eru hvort tveggja hlutir, sem við gætum lært af sósíalismanum, sem við höfum lært og notið góðs af, og það eigum við að gera áfram, ekkert láta hræða okkur.

Svo sagði hæstv. forsrh., að það mundi vera bjart fram undan, ef þetta gengi allt saman í gegn og menn gengju í gegnum það.

Nei, það er ekki bjart fram undan, nema þetta sé brotið niður og brotið fljótt. Það var ekkert bjart fram undan fyrir íslenzkan verkalýð árin eftir gengislækkunina 1950. Og það er bezt að geta kæft slíkar aðgerðir í fæðingunni.

Ég sagði, að alþýða manna mundi dæma þetta af afleiðingunum. Og afleiðingarnar eru nú þegar byrjaðar að koma í ljós. Atvinnurekendur hér í Reykjavík eru nú þegar farnir að fá að vita af því, að lánin við þá munu verða minnkuð. Iðnrekendur hér í Reykjavík eru nú þegar farnir að fá að vita af því, að það muni verða hleypt inn svo og svo miklu af erlendum iðnaðarvörum. Það er nú þegar búið að loka tveim litlum verksmiðjum hér og segja fólkinu þar upp, vegna þess að þeir búast þar við innflutningi á útlendum skóm í auknum mæli. Það er nú þegar verið að gera ráðstafanir til þess að segja upp og fækka við sig í iðnaðinum, vegna þess að menn sjá fram á, að þeir muni ekki fá nægileg lán hjá bönkunum til þess að hafa nægilegt rekstrarfé til þess að kaupa sínar vörur. Það er nú þegar, þegar togaraútgerðin heyrir, að það eigi að fara að draga úr lánunum við hana, sú tilhneiging uppi, að það sé um að gera fyrir togarana að sigla út og selja fiskinn sem ísfisk, en láta ekki vinna úr honum hér heima, því að það þýðir að heimta miklu meira rekstrarfé. M. ö. o.: öll sú hringavitleysa að hagnýta ekki okkar eigin framleiðslutæki, eins og við frekast getum, til þess að skapa okkur sem mest verðmæti út úr því, öll þessi hringavitleysa byrjar á ný.

Ég sagði, að alþýðan mundi rísa upp, þegar hún sæi þessar afleiðingar. En stjórnmálamenn eiga að reikna þessar afleiðingar út, áður en þær koma fram, af því að þeir eiga að kunna að leggja saman tvo og tvo. Þeir eiga að reikna þessar afleiðingar út, áður en þær koma fram, af því að þeir eiga að kunna að leggja saman tvo og tvo. Þess vegna eiga þeir að gefast upp við að gera svona hluti eins og hérna er lagt til, af því að afleiðingarnar liggja á borðinu. Til þess eru menn kosnir til að vera foringjar einnar þjóðar, að þeir eiga að sjá lengra en fjöldinn, og það er hart að leiða fyrst svona ófremdarástand yfir fólkið og ætlast svo til, að fólkið rísi þá upp og hafi raunverulega vitið fyrir sínum forustumönnum.

Svo kom hæstv. forsrh. — og það gerðu raunar fleiri — inn á gengislækkanirnar, sem hér hafa verið framkvæmdar áður. Jú, ég var líka á þingi með honum, þegar allar þessar gengislækkanir voru framkvæmdar, 1939, 1950 og þessi núna 1960, á tíu ára fresti. Ég var á móti þeim öllum. En það er hitt, sem menn kinoka sér við, og hæstv. sjútvmrh. virtist ekki heldur vera ljóst, hvernig á því stæði, að verðbólgan gengi sífellt þennan gang hér á Íslandi og gengislækkun kæmi þess vegna hér reglulega með 10 ára millibili. Af hverju gerist þetta hér á Íslandi, og af hverju gerist það ekki í Bretlandi t. d.? Orsökin er sú, að yfirstéttin í Bretlandi á veltuféð og stofnféð í sínu fyrirtæki, yfirstéttin í Bretlandi, auðmannastéttin, hefur ekki hagsmuni af því, að þessir peningar falli í verði. Þetta eru hennar eigin peningar. Það er hún, sem lánar út í fyrirtækin, það er hún, sem lætur borga sér lán til baka, og hún vill fá jafngóða peninga til baka og þá, sem hún hefur lánað út. En atvinnurekendastéttin hér á Íslandi á ekki peningana sjálf, nema hverfandi lítinn hluta af þeim. Hún hefur veltuféð frá ríkinu og sparifé almennings. Yfirstéttin á Íslandi, sem hefur farið með ríkisvaldið þessa áratugi, hefur enga hagsmuni af því að halda verðgildi íslenzkrar krónu við, þvert á móti. Hún hefur hagsmuni af því, að þetta veltufé almennings, þetta veltufé ríkisins, sem henni er lánað, falli sífellt í verði. Þess vegna skapar hún þennan vítahring. Þess vegna hækkar hún í sífellu verðið á vörunum. Hún er að vinna kerfisbundið að því að lækka krónuna, af því að það er ekki hennar króna, heldur króna ríkisins, krónan, sem hún hefur fengið að láni, og því minni sem hún er orðin, þegar hún á að borga hana til baka eða vextina af henni, því betra. Ríkisvaldið er notað til að skapa þessa verðbólgu. Auðmannastéttin fer með þetta ríkisvald, og hún notar þetta í sína þágu. Sömu hagsmunir sem brezka auðmannastéttin hefur af því að halda gengi bundnu föstu, sömu hagsmuni hefur íslenzka auðmannastéttin af því að lækka í sífellu gengið á íslenzku krónunni.

Þess vegna er það engin tilviljun, að hæstv. forsrh., sem hefur verið aðalfulltrúi og foringi auðmannastéttar á Íslandi, hefur verið með öllum þessum þrem gengislækkunum. Ég held, að hann hafi eitthvað verið að tala um, að hann hefði eiginlega ekki verið með gengislækkun, sem hann vildi telja vorið 1958, sem vinstri stjórnin hefði verið að gera, og átti hann þá við efnahagsráðstafanirnar. Man hæstv. núv. forsrh., — hann sat þarna í horninu, þar sem ég sit núna, — þegar þetta gerðist og hann talaði dálitið um þessar efnahagsráðstafanir, en ég sagði úr þeim ræðustól, sem þá var hérna, við hann, að honum væri ekki

eins leitt og hann léti, hann vildi fá þessar efnahagsráðstafanir í gegn eins fljótt og hægt væri? Enda var það svo, að Björn Ólafsson kom þá til mín, hann var fulltrúi Sjálfstfl. í fjhn., og ég var þá forseti þessarar hv. d., kom til mín og spurði mig að því, hvort við ættum ekki að taka þetta mál fyrir, áður en 1. umr. væri búin. Ég sagðist ekki kunna við að fara að ræða málið í n., áður en 1. umr. væri búin. Og þá kom hann og bauðst til þess að hafa fund á uppstigningardag í n. til þess að flýta fyrir málinu eins og hægt væri. Auðmönnunum á Íslandi lá ósköp mikið á að fá þetta í gegn. Ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. hafi ekki verið eins mikið á móti því í hjartanu og hann var á móti því í munninum, þegar hann talaði um þær efnahagsráðstafanir þá. (Gripið fram í.) Já, hann gerir það. Og vildum við þó ekki án hans vera.

Nei, gengislækkanirnar hafa allan þennan tíma verið svikamylla yfirstéttarinnar á Íslandi til þess að hagnýta sér fé almennings og fé ríkisins til þess að ná gróða af íslenzkum almenningi. (Gripið fram í.) Nei, við vorum að firra fólkið gengislækkuninni þá og gátum meira að segja knúið það í gegn, að launin voru hækkuð um 5% í þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, og síðan sáum við um, að það var hækkað áfram til þess að vega upp það, sem fólkið kynni að hafa tapað. Og það verður gert aftur. Hæstv. forsrh. þarf ekki að vera neitt hræddur um, að alþýðan muni ekki standa á verði um sína hagsmuni, a. m. k. eins og 1958, jafnvel betur. Nei, þessi svikamylla yfirstéttarinnar á Íslandi, sem verðbólgan og gengislækkanirnar eru, verður að hætta. Og það verður barizt þangað til það skeður.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan um vísitöluna, þegar hann var að tala á móti henni, mundi mig nú hafa langað til að spyrja hann: Hefur vísitalan gert honum einhvern sérstakan óleik? Ætli bændur hafi ekki fengið reiknaða fyllilega til sín vísitöluna fyrir það, sem markaðurinn hefur verið, og ætli það sé ekki gengið út frá því enn þá? Ef vísitalan hefur gert honum einhvern óleik, þá ætti hann að afsala sér að láta reikna hana inn í landbúnaðarvöruverðið.

Svo lauk hæstv. forsrh. máli sínu með því að skírskota til hinna ungu, duglegu manna, sem nú ættu að fá að njóta þess frelsis, sem væri verið að innleiða. Frelsi fyrir hverja? Fyrir þá ríku, þá sem eiga peningana, þá sem hafa þá til að leggja í fyrirtækin. Frelsi fyrir sérréttindamennina, þá sem finna náð fyrir augum bankanna. En ungu, duglegu mennirnir hér í Reykjavík, sem hafa verið að byggja sér hús, þræla í því í eftirvinnu, í helgidagavinnu, í fríunum sínum og geta ekki fengið lán og verður bannað að fá lán og verða hækkaðir vextirnir við þá eftir þessu, þeir ungu, duglegu mennirnir, hvað eiga þeir að gera? Ég veit, hvað vakir fyrir þeim mönnum, sem gáfu ráðin um þessar ráðstafanir, sem nú á að gera. Það eru sömu mennirnir sem segja, að þeir séu ekki ánægðir, fyrr en ungir, duglegir menn komast ekki einu sinni að á togurunum hérna, atvinnuleysi þjóðarinnar er svo tilfinnanlegt.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekki gaman að því að standa bugtandi og beygjandi fyrir mönnunum í innflutningsskrifstofunni. Er nokkuð meira gaman að standa bugtandi og beygjandi fyrir bankastjórunum og fá nei? Valdið, sem innflutningsskrifstofan hefur núna, verður flutt inn í bankana. Það verður kannske heldur erfiðara að komast að bankastjórunum, og þeir verða kannske heldur fljótari að neita, því að nú hafa þeir Seðlabankann sem hengingaról um hálsinn á sér. Og ríkisstj. hefur svo sína ól og svipu á Seðlabankann, og úti í París situr OEEC og segir við ríkisstjórnina: Heyrðu, nú passar þú upp á lánið þitt. — Nei, það er ekkert glæsileg framtíð, sem er verið að skapa þeim ungu mönnum. — Hann var að tala um, þegar hann hefði verið ungur, það hefði verið svo dásamlegt. Var það nú svo voðalega dásamlegt? **(Forsrh.:** Alveg voðalega dásamlegt.) Var það nú svo voðalega dásamlegt, ef hann hefði sjálfur þurft að standa t. d. bugtandi og beygjandi fyrir bankastjórum, af því að hann hefði kannske skuldað þeim? Það eru ekki allir, sem eru í þeirri aðstöðu að geta komið sem ráðherra til bankastjóranna og sagt við þá: Af því að ég skulda eitthvað hérna, þá er bezt, að við tökum ríkiseinokun á þessu öllu saman, og svo hefur ríkið ábyrgðina á því öllu saman og við þurfum ekkert að láta Kveldúlf fara á hausinn. — Það eru ekki allir, sem standa í svona aðstöðu. Nei, það var ekkert gaman, og honum þótti það ekki heldur gaman. En það veit hæstv. forsrh., að bankaráðsmenn hafa ekkert með lán að gera, svo að hann verður að treysta á einhverja góða að í bankastjórninni, þegar þar að kemur.

Nei, það var ekkert gaman þá. Það var ekkert gaman. Það, sem var gaman, það var, að við höfum getað látið unga kynslóð alast upp hérna á Íslandi, sem þurfti ekki að þola atvinnuleysið, sem þurfti ekki að hafa gjaldþrotið yfir sér daglega, sem þurfti ekki að lifa kreppuna. Það var gaman. Það var gæfa að geta unnið að því. Og það er það verk, sem á ekki að láta spilla. Við eigum ekki að láta það ástand komast á hér á Íslandi aftur, að verkamenn gangi hundruðum saman atvinnulausir hér í Reykjavík. Við eigum ekki að láta það ástand koma aftur hér á Íslandi, að jafnvel sterkustu fyrirtækin á Íslandi verði gjaldþrota vegna kreppunnar í auðvaldslöndunum og þau geti sjálf, hve vel sem þau eru rekin, hve rík sem þau voru orðin, ekki ráðið við neitt.

Það er þetta, sem við þurfum að forða Íslandi frá. Það er þess vegna, sem við höfum, þegar kreppt hefur að okkur, þegar auðvaldið, þjóðfélagið hefur látið okkur finna, hve óbært það er, að við höfum gripið til þess hér á Íslandi að láta ríkið ábyrgjast hlutina, að við höfum tekið svo að segja samábyrgð alls þessa litla þjóðfélags til þess að bjarga öllu, sem það hefur byggt upp, til þess að bjarga því að fá atvinnu handa fólkinu, til þess að bjarga því

að gera ekki upp hvert fyrirtækið á fætur öðru, og það er þetta þjóðfélag, sem við eigum að láta halda áfram með öllum sínum göllum, meðan við setjum ekki annað betra í staðinn. Við eigum heldur að skapa það atvinnuöryggi fyrir okkur, sem við höfum búið við á Íslandi meira eða minna með litlu millibili undanfarin 20 ár, — við eigum heldur að láta það halda áfram en að kasta okkur út í þetta forað kúgunarkerfisins, sem auðvaldsdrottnarnir í París og New York eru að leiða yfir okkur núna.

Forseti (JóhH): Mér þykir leitt, að ég hef þurft að reyna töluvert á þolinmæði þm. á þessum fundi, sem ekkert hlé hefur verið gefið á frá því hálftvö í dag. Ég freistaði þess í nótt sem leið eða undir morgun að ná samkomulagi um að samrýma það sjónarmið að koma þessu máli fljótt í gegn, en menn hefðu þó hæfilegan tíma til að fjalla um það. Kl. er nú hálfátta, en ég hef ástæðu til þess að ætla, að við getum lokið þessari umr. nú á skömmum tíma. Það eru 2 menn á mælendaskrá, hv. 4. landsk. og hv. 6. þm. Sunnl. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur viljað sýna þá tilhliðrunarsemi að falla frá orðinu til 2. umr., ef umr. yrði nú með þessu lokið, og er ég honum þakklátur fyrir það. Eins og nú standa sakir, þá geri ég ráð fyrir, að þetta verði síðasti maður á mælendaskrá, það er hv. 4. landsk., sem tekur nú til máls.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í þessum umræðum um frv. til l. um efnahagsmál, sem auðvitað ætti að heita réttu nafni frv. til l. um gengislækkun, tók hæstv. forsrh. til máls í annað sinn og ræddi þá m. a. um það, hve hann hefði fylgzt mjög vel með vinnubrögðum á dögum vinstri stjórnarinnar, og var að segja af því sögur hér í umræðunum áðan. Ég ætla þá í staðinn að segja hæstv. forsrh. og nærstöddum þm. frá því, að svo vill til, að ég hef líka haft nokkrar spurnir af afgreiðslu mála og störfum hjá núv. hæstv. ríkisstj., og ætla að víkja að því örfáum orðum í upphafi míns máls.

Ég hef að undanförnu frétt það, að upphaflega hafi stjórnarliðið verið afar staffírugt um það, að það skyldi bruna áfram með þá stóru gengislækkun, sem hagfræðingarnir höfðu reiknað út fyrir það og það taldi nauðsynlega, en þegar menn voru búnir að fá að sjá alla útreikninga sérfræðinganna og fóru að horfast í augu við hinar ýmsu þjóðhagslegu afleiðingar af framkvæmd þessa reikningsdæmis sérfræðinganna, þá hafi farið að koma hik á ýmsa í ráðherrastólunum jafnvel, auk hinna óbreyttu liðsmanna í þingflokkum Alþfl. og Sjálfstfl. Ég hef það fyrir satt t. d., að hæstv. forsrh. hafi kippzt ónotalega við, þegar sérfræðingarnir fóru að segja honum það, að til þess að framkvæma gengislækkunina yrði að gera margvíslegar ráðstafanir til þess að draga úr atvinnu í landinu og framkvæmdum, helzt stöðva meiri háttar stórframkvæmdir. Og ég hygg, að það sé ekki ósatt mál, að þá hafi hæstv. forsrh. kveinkað sér á þá lund að segja eitthvað í þá áttina, að hann hafi ekki myndað sína síðustu ríkisstj. á Íslandi, á elliárum, til þess að stöðva allar framkvæmdir í landinu. Ég gæti vel trúað því, að þetta sé satt, enda hef ég nokkuð sannorða sjálfstæðismenn fyrir mér í þessu. Þeir ættu ekki að vera lygnari en framsóknarmennirnir, sem hann var að vitna í áðan.

Ég þykist vita, að það sé alveg rétt, að hæstv. forsrh. sé nú hikandi, hálfur og deigur um það, hvort hann eigi að framkvæma þessi ósköp, sem eru nú búin að fá á sig mynd í þessu frv. Og ég lái honum það ekki. Ég varð þó fyrst alveg sannfærður um það, að þetta væri rétt í alla staði, þegar ég hlýddi á hæstv. forsrh. flytja hér sína framsöguræðu í gær. Það var enginn sigurfögnuður í rómi eða látbragði okkar forsrh. þá. Nei, hann las alveg hrifningarlaust, stautaði sig sums staðar fram úr speki hagfræðinganna, og ég sá ekki betur en grettur kæmu á andlitið stundum yfir því, hvað honum fyndist þetta heldur ólystugt lestrarefni. Hann er nefnilega svipbrigðanna maður og á erfitt með að leyna sínum svipbrigðum, hvort sem hann talar mælt mál eða les af bókum. Og það þóttist ég líka sjá á honum í þetta sinn. Það var líka sjálfstæðismaður, sem hafði orð á því í gær, að nú þætti sér Bleik sínum brugðið, Ólafur Thors hefði verið eins og múmía, hann hefði ekki haft neina leikaratilburði, ekki neinn hrifningarljómi, hvorki af látbragði né limaburði eða raddblæ, og það er sýnilegt, að honum er þetta allt saman ógeðfellt. Það virðist því svo sem allir menn sjái þetta á hæstv. forsrh., að hann gengur hálfur og deigur og nauðugur til verksins.

Þá höfðu líka sannorðir sjálfstæðismenn sagt mér það, að framan af hefði hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, verið ákafur í því, að þetta yrði að framkvæmast, en nú væri svo komið, að hann væri í raun og veru á móti málinu, en það, sem gerði, að hann sneri ekki við, væri það, að hann fyndi engar útgöngudyr, enga möguleika til þess að snúa frá málinu á ný, og þannig væri hann innilokaður og yrði því að halda áfram fylgi við málið. Það er auðvitað skiljanlegt, það er ekkert auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að snúa við, þegar þeir eru komnir svo langt sem þeir eru nú komnir með allan undirbúning þessa máls. Svo tók hann, hæstv. dómsmrh., til máls hér í gær. Hann tók til máls hér í gær, lagði lítið í ræðuna frá eigin brjósti, las mest upp greinar eftir hæstv. fyrrv. fjmrh., Eystein Jónsson. En þrátt fyrir það, að hann væri bara að þylja annarra manna mál og skoðanir, þá missti hann algerlega stjórn á sjálfum sér og fylltist þeim tryllingi, að það var alveg sýnilegt, að það gat ekki verið nokkur skýring á því önnur en sú, að hann var þarna í þeim sporum að túlka mál, sem samvizka hans mælti gegn. Maður þarf ekki að vera mikill sálfræðingur til þess að sjá það, að þarna staðfestist sagan um það, að hæstv. dómsmrh. væri guggnaður á málinu, væri orð-

inn því andvígur og mælti gegn samvizku sinni, þegar hann væri að burðast við að mæla fyrir þessu máli.

Ég hafði ekki vitað neitt og ekki heyrt neitt um afstöðu hæstv. sjútvmrh., Emils Jónssonar, þangað til hann ræddi málið nú í kvöld. Og hann sagði það ekki einu sinni, heldur sagði hann það tvisvar sjálfur hér í þessum ræðustóli: Ég er ekki glaður yfir því að þurfa að vera meðflm. þessara tillagna. Þetta er ekkert fagnaðarerindi. — Það var í fyrra sinnið, sem hann kveinkaði sér, og undir lok ræðu sinnar sagði hann: Ég á erfitt með að vera með þessum till. — Hann er þriðji ráðherrann, sem vitað er um að er nú beint tregur í málinu og sér á því hin óskaplegu vandkvæði, sem eru við það að framkvæma þetta frv., vegna þeirra þjóðfélagsáhrifa, þeirra ömurlegu þjóðfélagsáhrifa, sem það kemur til með að hafa.

Hins vegar hafði ég haft spurnir af því, að hæstv. viðskmrh. og menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, væri sá, sem ræki þetta mál áfram og virtist vera sannfærður um, að þetta væri einasta leiðin, sem opin væri og fær fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn. Mér kom það ekki á óvart, því að það var mér ekki nein mikil opinberun, sem hann kunngerði hér í ræðu sinni í gær, og hann var með ákveðnar gengislækkunartillögur í vinstri stjórninni og vildi þá umfram allt knýja þær fram. Frá því sagði hann í gær, sagðist ekki telja ástæðu til þess að þegja yfir þeim lengur, þ. e. a. s. hann var búinn að þegja sig svo í spreng, að hann gat ekki haldið þessu lengur með sjálfum sér. Það var mér áður kunnugt, að þegar einhver hafði haldið því fram, að hann hefði verið málsvari gengislækkunar í ríkisstjórninni, þá þrætti hann og varð hinn reiðasti og taldi þarna borið á sig ljóta lygi. En nú, nálega þremur árum seinna, gat hann ekki staðizt það lengur að segja ekki frá því, að hann hefði verið strax í vinstri stjórninni ákveðinn gengislækkunarmaður og hefði viljað knýja gengislækkun þá fram, en það hefði strandað á ólukkans Alþýðubandalagsráðherrunum.

Það var því, að því er virðist, mjög lánlegt, að hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, komst til samfélags við flokk, sem gat orðið honum samferða um gengislækkunarplönin hans og er nú í þann veginn að koma þeim á stað inn í löggjöf landsins.

Það var einhvern tíma í umræðum hér skömmu eftir 1950, að hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, var að ræða um Eystein Jónsson, sem þá var í samstarfi við Sjálfstfl., og sagðist varla þekkja Eystein Jónsson, varla sjá í hann, hann væri svo kominn á kaf í íhaldsrykið, að Eysteinn þekktist ekki gegnum það. En ég fyrir mitt leyti verð að segja: Svo mikill íhaldsrykmökkur umlykur nú minn fyrri samstarfsmann, Gylfa Þ. Gíslason, að ég þekki hann ekki fyrir þann Gylfa Þ. Gíslason, sem ég umgekkst og starfaði með í kringum 1950. Þá var hann á móti gengislækkun, þá var hann á móti söluskatti. Nú er hann með hvoru tveggja ásamt íhaldinu og ekkert, sem skilur a. m. k. hann og að því er ég bezt veit núv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, — hann mun vera hinn pjakkurinn, sem ætlar að þrengja þessu í gegn og virðist trúa því, að þetta sé höfuðnauðsyn fyrir velferð þjóðarinnar.

Ég held, að þessum tveimur mönnum, Gylfa Þ. Gíslasyni og Gunnari Thoroddsen, missjáist báðum og hitt sé miklu sannara, hin tilfinningin, sem hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. og hæstv. sjútvmrh., Emil Jónsson, hafa gagnvart þessum ráðstöfunum. Þeir vita, að þetta er til ófarnaðar. Þeim stendur stuggur af því. Þeir bara finna ekki dyrnar til að snúa við út á ný. Og það eru a. m. k. engar getgátur, því er ekki hægt að hnekkja, að Emil Jónsson hefur tvívegis kveinkað sér undan því að verða að fylgja þessum tillögum.

Hæstv. forsrh. sagði undir lok sinnar ræðu í gær: Gengislækkun er örlagaríkt skref, sem ríkisstj. stígur ekki með léttum huga. — Þarna heyrir maður, hvernig honum er innanbrjósts. Honum er ekkert rótt. Hví eru þessir menn þá að útmála þetta allt saman sem eintóma dýrð, öllum sé gert þetta auðvelt og létt og sumir græði á því, það sé gert svo sérstaklega vel við öryrkja, gamalmenni og stórar fjölskyldur, það sé bókstaflega þeim til hagsbóta, og yfirleitt leitast við að gylla þetta svo á allan hátt, að þetta sé einhver dýrð og blessun?

Þá sagði hæstv. forsrh., að menn töluðu um gengisfall eins og það hefði aldrei átt sér stað áður. Þetta finnst mér tilefnislaust af hæstv. forsrh. Menn hafa hér einmitt talað um gengislækkun sem alkunnan hlut, alkunna ráðstöfun í sínum verkunum, og menn hafa vitnað margsinnis til gengislækkunarinnar 1950, framkvæmdarinnar á henni og afleiðingarnar af henni. Menn hafa ekki verið að fara með neina lygi, þegar þeir hafa bent á, að af henni leiddi gífurlegar verðhækkanir, af henni leiddi atvinnuleysi, og þannig hafa þessir menn verið minntir á einmitt, að gengislækkun hafi verið gerð fyrr og hvaða alvarlegar afleiðingar hún hafi leitt af sér. Það er því rangt hjá hæstv. forsrh., að hér hafi verið talað um gengislækkun eins og eitthvað, sem hafi ekki átt sér stað áður.

Þá sagði hæstv. forsrh.: Ég vil bókstaflega ekki lifa í þessu þjóðfélagi, þar sem helmingurinn af þjóðinni verður að bugta sig og beygja til að biðja um eitt og annað. — Hv. þm. Einar Olgeirsson vék að þessu hér áðan og sagði: Væri það nokkuð betra, að bugtið og beygingarnar færðust úr innflutningsskrifstofunni niður í bankana? Ég undirstrika það. Ég held, að það væri skollans lítill munur á því, og hygg, að hvort tveggja mundi koma við hið viðkvæma hjarta hæstv. forsrh. á svipaðan hátt. En ég vil leiða huga hæstv. forsrh. að öðru, og það er, að það er ekkert langt síðan, það er í hans minni og mínu minni, þeir dagar, þegar verkalýðurinn, þegar helmingur þjóðarinnar varð að bugta sig og beygja fyrir atvinnurekendunum til að biðja um vinnu. Og það er einmitt sá þjóðfélagssvipur, sem þeir eru að framkalla nú með þessu frv., það er einmitt það að láta verkalýðinn í landinu þurfa að bugta sig og beygja fyrir atvinnurekendum

til að biðja um vinnu, því að þeir eru með þessu að skapa atvinnuleysi á Íslandi. Það er verra þjóðfélag en það þjóðfélag, sem Ólafur Thors segist ekki vilja búa í, það þjóðfélag, sem að miklu leyti hefur mótazt í mynd Ólafs Thors, því að hann hefur öðrum mönnum lengur verið ráðandi maður í ráðherrastólum á Íslandi, þetta þjóðfélag bugtsins og beygingarinnar, sem verður þá hraklega miklu verra, ef það yrði snertandi það, að vinnustéttirnar þyrftu að bugta sig og beygja fyrir atvinnurekendum um að fá að vinna.

Ég sé það, að ef ég ætti að fara að ræða um öll atriði í ræðum ráðherranna og annarra stjórnarsinna, sem tekið hafa þátt í þessum umræðum, þá mundi ræða mín taka marga klukkutíma, en ég vil ekki, eins og á stendur nú, gera það. Ég vil því víkja aðeins að meginatriðum frv. sjálfs og vona, að mér takist að gera því skil á ekki allt of löngum tíma. Mér er ekkert í mun að koma á neinn hátt í veg fyrir það, að þetta mál komist til n. og fái sína meðferð þar og umhugsun núna um helgina.

Það er þá út af ræðu hæstv. sjútvmrh. áðan, sem ég vil bæta við nokkrum orðum, áður en ég vík að meginatriðum frv. Og það var þetta: Hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir afkomu útflutningssjóðs nú, eins og hann telur hana vera. Og hann taldi það ýkjulaust vera niðurstöðuna, að tekjur útflutningssjóðs á árinu 1959 hefðu jafnvel meira en staðið undir útgjaldakröfum á sjóðinn á sama tíma, á árinu 1959, því að hann hefði borgað mikið af kröfum, sem hefðu tilheyrt árinu 1958. M. ö. o.: hann gaf sig ekki enn þá með að halda því fram, að útflutningssjóður og afkoma hans nú væri ekkert vandræðamál fyrir stjórnarvöldin, það þyrfti enga stórbyltingu að gera vegna þess, — það virtist mér vera niðurstaða hæstv. ráðherra. Útflutningssjóðurinn stæði vel fyrir sínu, hefði borgað meira tilheyrandi árinu á undan en hann ætti eftir að borga tilheyrandi árinu 1960. Og ástæðan til þess, að það þyrfti að ætla þarna fyrir aukatekjum til þess að gera upp hala frá útflutningssjóði, væri eingöngu kerfisbreytingin, það, að hann fengi ekki tekjur af þeim birgðum, þeim ofsalegu birgðum, sem nú væru í landinu og hann hefði átt við áframhaldandi starf að fá tekjur af. Og ég hygg, að þetta sé nokkuð nálægt því rétta. En þar með er líka burt fallin ástæðan fyrir því, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi orðið að fara út í neinar stórkostlegar neyðarráðstafanir vegna afkomu útflutningssjóðs og þar með vegna nokkurra vandkvæða sjávarútvegsins, höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar. Í leiðinni gat svo hæstv. sjútvmrh. þess, að sér væri kunnugt um það, að hagur ríkissjóðs væri nú með þeim hætti, að þar væru heldur engin vandræði á ferðinni, hann væri greiðsluhallalaus á árinu 1959. M. ö. o.: til engra örþrifaráða á að þurfa að grípa samkv. orðum þessa hæstv. ráðh. út af afkomu útflutningssjóðs eða ríkissjóðs, — og ég tek þetta sem sannleiksvitni, sem ég megi treysta. Ekki þarf þá núv. hæstv. ríkisstj. að fara út í þessar örvilnunarlegu ráðstafanir í efnahagsmálum vegna afkomu ríkissjóðs eða útflutningssjóðs, — ég slæ því föstu.

Þá er það: Er það gjaldeyrisafkoman, gjaldeyrishallinn út á við, sem rekur þá út í þetta? Ég held ekki. Ég held, að þar sé ekki um breiðara bil að ræða en svo á árunum 1958 og 1959, að það væri auðvelt verk að óbreyttu kerfi að auka svo framleiðslumagn þjóðarinnar og þar með gjaldeyristekjur, annaðhvort með betri nýtingu atvinnutækja eða aukinni vinnslu okkar eigin afurða, að með því að setja skynsamlegar reglur um að fresta minnst nauðsynlegum fjárfestingaraðgerðum ætti að vera hægt að ná saman endum gjaldeyrislega og byrja það starf að mynda nokkurn gjaldeyrisvarasjóð. Það er rétt, það er hæpinn búskapur að standa ár eftir ár algerlega gjaldeyrisvarasjóðslaus og hafa ekkert upp á að hlaupa, ef eitthvað kynni út af að bera. En hvaða leið er eðlilegri til þess að ná þarna endum saman en aukin framleiðsla og að draga úr notkun gjaldeyris, þar sem minnst nauðsyn knýr á að nota hann? En það verður að gerast með skipulagi. — Ég hygg, að þetta sýni augljóslega, að það er ekki heldur hægt að fóta sig á þeim fyrirslætti, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi neyðzt út í þessar aðgerðir til þess að brúa bilið í gjaldeyrismálunum út á við.

Þá eru það skuldirnar, skuldirnar við útlönd svo ofsalegar, greiðslubyrðin svo mikil, að það eru ekki þess dæmi á byggðu bóli nokkurs staðar í veröldinni, að annað eins hafi gerzt. Ég verð að segja það, að við getum tekið tugi og hundruð af dæmum á Íslandi í okkar þjóðarbúskap, sem eru einsdæmi. Það eru hvergi í veröldinni 170 þúsundir manns, sem reka háskóla. Aðrir skilja ekkert í, að við getum það. Það eru hvergi á byggðu bóli svo fáar manneskjur, sem hafa staðið undir öðru eins vegakerfi og við höfum byggt upp á nokkrum áratugum. Þeir skilja ekkert í því heldur. Þær skilja ekkert í því yfirleitt, milljónaþjóðirnar, tugmilljónaþjóðirnar, hvernig Íslendingar geti það, sem við þó gerum. Þær skilja yfirleitt ekkert í okkar málum. Hvenær skildu Danir það, að við gætum byggt vegi og brýr í okkar landi og haldið uppi skólarekstri, kostað utanríkisþjónustu og annað slíkt? Þeir fullyrtu, að þetta væri óhugsanlegt, Íslendingar hlytu að fara á rassinn með þetta allt saman og koma þá krjúpandi til Dana á ný. Það er ekki rétta aðferðin að leita til útlendinga til að spyrja, hvað við eigum að gera, sízt af öllu þegar í þá er tugginn sá svartnættisbarlómur, sem sífellt er sunginn hér innanlands af þessum hagfræðingaskara okkar. Og þegar þeir eiga svo að byggja sín reikningsdæmi á þessu, á þessum svartnættissöng, þá getur ekki komið út úr því annað en eymd, og það gerir það heldur ekki. Eins og í hagfræðingana erlendu er tuggið af þeim mönnum, sem þeir treysta að hafi vit á íslenzkum málum, eftir því fer útkoman úr dæminu þeirra. Og við vitum alveg, að þeim er sagt þetta, að hér sé allt á hvínandi hausnum, allt í hroðalegu feni.

Skuldirnar eru miklar, af því að við höfum verið mikið að starfa, af því að við höfum verið að byggja fyrir framtíðina og gera Ís-

land betur stætt til þess að standa sig gjaldeyrislega og fjárhagslega yfirleitt. Við erum betur staddir gjaldeyrislega, eftir að við erum búnir að koma upp sementsverksmiðjunni, við spörum okkur tugi milljóna í gjaldeyri á ári með því. Við erum betur staddir gjaldeyrislega eftir að hafa byggt upp raforkukerfið, komið upp Sogsvirkjuninni m. a. að miklu leyti fyrir lánsfé. Við þurfum ekkert að kveinka okkur undan því að skulda þessi lán. Þessi fyrirtæki gera íslenzku þjóðfélagi það auðvelt að endurgreiða þessi lán. En svo kemur núv. ríkisstj. og segir, þegar hún er rétt búin að syngja barlómssönginn um hinar miklu erlendu skuldir, og tilkynnir: Við bætum bara ofan á þetta 20 millj. dollara láni. — Það þýðir ekkert að vera að rífast hér um það, hvort það eigi að étast út, hvort það sé eyðslulán eða hvort það sé ekki til framkvæmda. Því er bætt ofan á þetta. Þessir syngjandi menn bæta ofan á þetta 20 millj. dollara lántöku, og auðvitað kostar það vexti, auðvitað þyngir það greiðslubyrðina, en léttir hana ekki. Svona menn eru ekki teknir alvarlega að því er þetta atriði snertir, og þannig mun vera um fleiri.

Ég fæ því ekki komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi verið reknir út í þessar aðgerðir, gengislækkunina, vegna fjárhagsafkomu ríkissjóðs, vegna neins greiðsluþrots hjá útflutningssjóði, vegna gjaldeyrisstöðunnar eða vegna skulda erlendis. Þá fer mönnum að verða þetta lítt skiljanlegt. En það er enginn vafi á því, að þarna reka eftir erlend fjármálaöfl og innlendir auðmenn.

Hvað felst í þessu frv., og hvað er líklegt að verði þjóðfélagslegar afleiðingar af samþykkt þess? Í fyrsta lagi er meginbreytingin þetta, að amerískur dollar kemur til með að kosta 38 litlar íslenzkar krónur eða enskt pund 106 íslenzkar krónur. Auðvitað þýðir þetta, að allar aðkeyptar vörur hljóta að hækka gífurlega í verði, og enginn af stjórnarherrunum hefur leyft sér að neita því. Það vita allir. Gífurleg verðhækkun er fram undan. Ný verðhækkunaralda hlýtur að rísa gegn þeim mönnum, sem hafa verið að telja þjóðinni trú um, að þeir væru verðstöðvunarmenn, og stóðu ábyrgir gagnvart þjóðinni í síðustu kosningum sem slíkir. Ýmsar vörur eiga þó að hækka í verði miklu meira en gengisfellingin leiðir af sér. Það er t. d. vitað um hina almennu notkunarvöru margra einstaklinga og atvinnuveganna á Íslandi, benzín, það á að hækka miklu meira en leiðir af gengislækkuninni. Á það er lagður í leiðinni sérstakur skattur ofan á þá skatta, sem á þeirri vöru voru, — hún er víst ekki nógu dýr og á að verða einn af skattstofnum ríkissjóðs í þessu augnamiði. Ég hef það fyrir mér í fjárlagafrv., að á sömu stundu sem þeir þar opinbera, í útgáfu nr. 2, að engin laun nokkurs opinbers starfsmanns eigi að hækka um einn einasta eyri á öllu árinu 1960, þar eru tölurnar í seinna frv. alveg nákvæmlega þær sömu og í því fyrra, þá eiga allir matvæla- og fæðiskostnaðarliðir íslenzkra ríkisstofnana að hækka í kringum 20%, þegar tekið er tillit til þess, að engin slík breyting kemur á fyrstu tvo mánuði ársins. Upphæðirnar hækka þar. Þeir búast við, að á síðari hluta ársins hækki matvörur og allt slíkt fyrir þessar stóru ríkisstofnanir, sem nemur eitthvað um 20%, því að liðirnir í seinni útgáfu fjárlagafrv. eru þeim mun hærri. Þetta kemur af því, að þeir vita það ósköp vel, að hver biti og hver sopi verður tollaður meira en nokkru sinni áður og fær á sig hækkun af völdum gengislækkunarinnar, og hver einasti maður á Íslandi fær því þessa dýrtíðaraukningu yfir sig, hvort sem hann þarf að kaupa sér til fæðis eða klæða eða til sinnar fjölskyldu. En launin, þau eiga að vera hin sömu hjá öllum opinberum starfsmönnum út allt árið. Svona er farið með þetta fólk, svona er ætlunin að fara með það, ef það tekst.

Ég skal ekki vera fjölorðari um verðhækkunina, sem vitað er um að er bein afleiðing af samþykkt þessa frv., þegar þar að kemur. Hún er ofsaleg. Verðhækkunaraldan, sem skellur yfir þjóðfélagið, er ofsaleg. Þeir hafa sjálfir verið að reikna út: Af þessu leiðir hækkanir svona 13—14%. — 14% er sama sem 28 vísitölustig miðað við gömlu vísitöluna, 29 raunar. Það hefði einhvern tíma þótt vera nokkur kjaraskerðing að eiga að taka á sig byrði af 29 vísitölustigum, ofan á það þá, að á síðasta ári voru tekin af launafólki í landinu 17 vísitölustig með niðurgreiðslu og 10 felld í burtu með löggjöf algerlega bótalaust. 27 vísitölustig fóru þar. Nú telja þeir sjálfir, að þetta muni nema 29 vísitölustigum, og vitum við þó, að allir útreikningar allra sérfræðinga hafa í sambandi við framkvæmd allra þeirra gengislækkana, sem framkvæmdar hafa verið á Íslandi, orðið sér til skammar, alltaf verið miklu miklu lægri en verðhækkanirnar, sem hafa komið. Við vitum það ósköp vel, að þessi verðhækkun verður miklu meiri.

Annað, sem kemur með samþykkt frv., er hækkun allra vaxta, og henni er skellt á í sama tilgangi, til að rýra og skerða kjör einmitt hinna fátækustu á tilfinnanlegastan hátt. Og á sama hátt og verðhækkanirnar munu draga úr framkvæmdum, framkvæmdagetu bæði einstaklinga og hins opinbera, eins munu vaxtahækkanirnar verka á þann veg að draga úr framkvæmdagetu einstaklinga og opinberra fyrirtækja, draga úr vinnumagni í landinu, og til þess eru refirnir skornir.

Á lántökuna stóru, 20 millj. dollarana, 800 millj. íslenzkra króna, hef ég áður minnzt, og skal ég ekki víkja að því aftur.

Svo er það þriðja tilræðið við launamenn. Það er afnám vísitölunnar á launum. Ef nú hefði verið fram undan kyrrstöðutímabil um verðlagsmál, þá hefði þetta kannske verið forsvaranlegt. En þegar fram undan eru stórkostlegar verðhækkanir eftir nokkrar vikur eða mánuði, kannske upp á 20—30%, þá er tilfinnanlegt fyrir verkamenn að fá ekki verðlagsuppbætur á sín laun.

Menn hafa verið að tala um það, að vísitölukerfið hafi verið rót alls ills í þeirri hringrás verðhækkana og kauphækkana, sem við höfum búið við. Það er vafalaust, að vísitölu-

kerfið hefur haft sína galla, einkum af því, að það var ekki látið verka á neitt annað en launin. Ég er sannfærður um það, að það var réttmætt, að vísitalan verkaði á allt lánsfé og enginn maður í þessu þjóðfélagi fengi lánsfé nema með vísitölukjörum, meðan vísitölukerfið var á annað borð í gildi. Það voru þeir karlar, sem græddu á vísitölukerfinu, sem gátu fengið lánsfé án vísitölukjara og eignuðust síðan fasteignir, sem uxu sífellt í verði meira en nokkuð annað í þjóðfélaginu. Þannig söfnuðu þeir í sína varasjóði. Ef þeim hefði orðið lánsféð dýrara, þá hefðu þeir ekki ausið svo af þessum brunni sem þeir hafa gert. En hvað er vísitalan á kaupgjald? Er hún undirrót? Nei, hún var framkvæmd þannig, að þegar skýrslur sýndu á einhverju tímabili, að verðlag í landinu hafði hækkað svona og svona mikið á liðnum ársfjórðungi, þá var viðurkennd staðreynd um orðinn hlut og ákveðið með lögum, að kaupið ætti að breytast í hlutfalli við þessa hækkun verðlagsins. Þetta er staðreynd, sem enginn getur neitað. Þannig var vísitalan mælir á þær verðlagsbreytingar, sem komnar voru, og tók þó ekki gildi sem hækkað kaup fyrr en næsta ársfjórðung á eftir, þegar þrír mánuðir voru liðnir. En ég bendi á annað í sambandi við vísitöluna. Ég hygg, að hún hafi þó hlotið alltaf að verka nokkuð til aðvörunar, til varnaðar, af því að atvinnurekendaaflið í landinu vissi, að ef verðlagið hækkaði, kom kaupið á eftir vegna vísitölukerfisins. Fólk fékk bætur á kaup sitt, þegar verðlagið hafði hækkað. Það má því ætla, að ýmis öfl þjóðfélagsins hafi viljað fara varlega í verðlagsmálunum, gæta þar meira hófs, einmitt af því, að þau vissu, að allar launagreiðslur komu á eftir. En þegar þetta fellur burt og kaupið á að sitja eftir, þangað til verkalýðshreyfingin hefur gert nýtt áhlaup og jafnað metin, það þora þeir að treysta á að gerist með lengri millibilum. Hygg ég, að menn hafi misst afl, sem hélt aftur af í verðlagsmálunum hjá okkur, því að það ætti vísitalan einmitt að hafa gert út frá þessum rökum.

Allt þetta mun gera það að verkum, að hagur launþegans í landinu mun verða stórkostlega skertur við þessa lagasetningu, ekki aðeins við það, að verkafólkið verði að taka á sig verðhækkanirnar, missa vísitölubætur af sínu kaupi á sama tíma, taka á sig afleiðingar — flestir verða áreiðanlega að gera það meira eða minna — af vaxtahækkuninni, heldur umfram allt, og í því liggur höfuðkjaraskerðingin, að aðstaða manna og fyrirtækja til athafna, framkvæmda dregst saman, atvinnan minnkar, eftirvinnutekjurnar, sem menn hafa haft í þjóðfélaginu, falla niður meira eða minna, og getur farið svo meira að segja, að atvinnuleysi út yfir það verði afleiðing af þessum samdrætti. Þetta er það, sem fyllir nú kvíða verkalýð landsins og launþega yfirleitt langt út yfir raðir verkalýðssamtaka, ekki hvað síst í þjónustu opinberra stofnana og ríkisins og í verzlunarstéttinni, hið láglaunaða starfsfólk þar, það kvíðir allt þessum búsifjum, sem nú virðast blasa við því sem afleiðingar af þessari hugsuðu lagasetningu ríkisstjórnarinnar, sem enginn getur eiginlega skýrt, hvers vegna sé skellt á. Menn fá ekki séð það, að þeir hafi verið neyddir til þess.

Þá segja stjórnarherrarnir núna: Við erum að hreinsa svo mikið til, við erum að afnema uppbótakerfið. — Það eina sanna í þessu er það, að þeir losna við útflutningsuppbæturnar á sjávarafurðir, taka svo tekjurnar, sem útflutningssjóður hafði, leggja þær inn í ríkissjóðshítina. En uppbótakerfið var fólgið í tvennu. Það var fólgið í útflutningsuppbótum og niðurgreiðslum á vörum innanlands, og eftir standa niðurgreiðslurnar, og það er meira að segja tilkynnt, að þær verði auknar, þær verði hækkaðar. Það er því ekki rétt, að þessir menn felli niður uppbótakerfið með þessu frv. Annar helmingurinn stendur eftir og verður aukinn.

Ég held, að þeir, sem verst eru leiknir í sambandi við þessa lagasetningu, séu sjómennirnir. Það er gefinn hlutur, að þegar útflutningsuppbæturnar falla niður, ákveðst fiskverðið í samræmi við hina nýju gengisskráningu. Útgerðarmennirnir eða eigendur fisks fá því sjálfkrafa sínar stórkostlegu hækkanir á fiskverði. En fá ekki sjómennirnir þetta líka? Er það ekki alveg sjálfsagður hlutur? Sjómenn á Íslandi höfðu vænzt þess, að þegar uppbótakerfið félli niður, mundu þeir, eins og gömul hefð er fyrir, sem er grundvöllur allra hlutaskipta, fá sama verð á hvert kg af fiski og útgerðarmaður, það væri sjálfsagður hlutur, því að þeir eiga aflann saman. Nei, þetta verður ekki. Það er einmitt skotið inn í þetta vandræðafrv. ákvæði um það, að fyrst um sinn verði sjómennirnir að búa við það ákveðna verð, sem þeim var skammtað síðast, kr. 1.66 pr. kg, og fái því ekki hrundið eða breytt, fyrr en þeim aðila hefur með stéttarfélagsátökum tekizt að knýja fram nýja samninga við atvinnurekendur, útgerðarmenn. Þannig eru þeir í raun og veru einir allra stétta teknir út úr. Á þó að heita, að launamennirnir í landi hafi sitt grunnkaup frjálst, en þarna eru þeir a. m. k. bundnir við 1.66 á kg, þangað til þeir hafa hrundið því verði með nýjum samningum við útgerðarmenn, og það veit enginn, hvort það verður auðsótt eða torsótt. Togarasjómennirnir taka að nokkru leyti laun sín í aflaverðlaunum. Þeir eru líka bundnir með sérákvæði í frv., að þau verða metin á þessu ákveðna fiskverði, sem togarasjómenn hafa búið við, þó að togaraeigendurnir fái undireins hækkað verð á afla sinn sjálfkrafa með löggjöfinni.

Ég er hræddur um, að þessi ósanngirni í garð sjómanna, bæði bátasjómanna og togarasjómanna, að því er snertir aflaverðlaun þeirra, eigi eftir að hefna sín, það sé gáleysi hjá hæstv. ríkisstjórn að leika sjómannastéttina svona með þessari lagasetningu. Þeir hefðu átt að gæta þess betur, einkanlega þegar svo var ástatt, að kjör sjómanna á togurum hafa dregizt svo aftur úr nú, að menn hafa gengið unnvörpum af skipunum, og það var eitt stærsta hagsmunamál togaraeigenda að eiga frum-

kvæði að því sjálfir að bæta kjör togarasjómannanna, til þess að skipin þyrftu ekki að liggja við land mannlaus, ef sjómennirnir knýja það ekki fram sjálfir, og nú með þessu verða kjör þeirra enn um sinn enn verri en áður. Þar var lækurinn bakkafullur og meira en það, en nú flóir þarna út úr, og ég gæti því hugsað mér, að það yrðu fyrstu öldurnar, sem risu í formi verkfalla, ef þarna verður ekki úr bætt mjög skjótt og skyndilega, þegar þetta frv. hefur orðið að lögum. Og þegar sjómennirnir væru farnir af stað, þá er hætt við, að aðrir kynnu að fara að hreyfa sig líka.

Ég álít, að þessi ákvæði varðandi sjómennina og kjör þeirra séu mikið glapræði, og vara eindregið við því, að þau haldist í frv., teldi meira en sjálfsagt, að Alþingi breytti þessum ákvæðum og felldi þau niður, svo að það gerðist sjálfkrafa hvort tveggja, að sjómenn og útgerðarmenn fengju sína réttu hlutdeild í verðmæti aflans, eftir að skráning gengisins ákveður fiskverðið.

Þá kemur hin aukna skattlagning, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., vissulega við buddu hvers og eins á Íslandi. Þarna er um að ræða 400—500 millj. kr. nýja skatta. Að frádreginni niðurfellingunni á tekjuskattinum er þetta allt um 400 millj. kr. Ef ekki er tekið tillit til tekjuskattslækkunarinnar, þá er það brúttó 500 millj. kr. Og tilfærslan öll, eins og hefur verið sýnt fram á, er ekki undir einum milljarð, ef ekki eitthvað á annan milljarðinn. Ekki er þetta kjarabót ofan á hitt, sem áður hefur verið nefnt.

Þó getur farið svo, að mestum samdrætti í framkvæmdum og þar með atvinnu valdi ákvæðið um bann við útlánaaukningu bankanna. Í grg. frv. er sagt, að óhófleg útlán við bankana séu önnur höfuðorsök þess, hvernig komið sé í ófarnaðarátt, höfuðorsökina eigi uppbótakerfið, en önnur höfuðorsökin sé útlánastarfsemi bankanna. Hverjir hafa stjórnað henni? Menn, sem langflestir eru algerlega undir áhrifavaldi þessara stjórnarherra, sem nú fara með völd í landinu. En hámarkið við útlánaaukningu er sett um 200 millj. kr. Yfir það mark má ekki fara, ekki einu sinni um endurkaup afurðavíxla, þar á að setja markið ósveigjanlega. Þetta getur fyrst og fremst orðið rothögg á athafnalífið í landinu og dregið atvinnulífið saman öllu öðru fremur. Það getur vel verið, að þetta ákvæði, þó að það láti ekki mikið yfir sér, verði vinnulýð landsins skeinuhættara sem kjaraskerðing heldur en jafnvel gengislækkunin sjálf og verðhækkanirnar, — samdrátturinn, sem af þessu gæti leitt í atvinnulífinu, er ískyggilegur.

En það sé fjarri mér að nefna eingöngu það, sem er til tjóns fyrir launþega landsins og fyrir fjöldamargar stéttir þjóðfélagsins utan verkalýðssamtakanna. Ég skal sannarlega víkja að sárabótunum, sem hæstv. ríkisstj. hampar svo mjög og telur að eigi að bæta þetta að fullu. Sárabæturnar eru fólgnar í niðurfellingu tekjuskatts á lágtekjum, hækkun elli- og örorkulífeyris og hækkun fjölskyldubóta.

Við skulum víkja fyrst að tekjuskattinum. Maður með venjulegar verkamannatekjur, 50—60 þús. kr., ef hann er fjölskyldumaður, hefur hann ekki fengið háan tekjuskatt. Það er engin óskaplega há upphæð, sem af honum er létt, þótt það séu þessir aumustu, þessir fátækustu, þessir getuminnstu, sem ríkisstjórnin segist bera fyrir brjósti með þessu. Ég skal alls ekki neita því, að þetta er svolítill léttir, en þetta er ekki stórfellt. Og svo segja þeir: Þetta á líka að verka á útsvörin, því að við ætlum að taka af söluskattinum nýja, — það er nú einn bagginn, sem fólkinu er bundinn, það er hinn nýi söluskattur upp á 280 millj. kr., — en sveitarfélögin eiga að fá hluta af honum. Það gerir þeim mögulegt að lækka útsvörin. — Já, ætli það ekki.

Núverandi hæstv. ríkisstjórn tókst ekki að koma með fjárlagafrv., sem væri með lækkandi tölur. Nei, hún þurfti miklar auknar tekjur. Þar er hækkunin um 400 millj. kr. Ætli það reynist ekki svo, að bæjarfélögin verði að fá hækkun á sínum rekstrarútgjöldum líka, eins og ríkið, og þurfi því að fá hækkaðar útsvarsupphæðir í heild og að hlutinn af söluskattinum geri ekki mikið meira en fara í þessa hækkunarþörf? Ég er hræddur um það. Ég er ekki farinn að trúa því, að við fáum lækkuð útsvör í sveitarfélögunum af þessum ástæðum. Ég held því, að þarna sé eingöngu um að tala þá smávægilegu lækkun í útgjöldum, sem það er hjá verkamanni, sem er fjölskyldumaður með venjulegar verkamannatekjur, að hann losnar við tekjuskatt af 50—60 þús. kr. tekjum, og sú upphæð er ekki há.

En fjölskyldubæturnar, segja menn, þær eru þó mikils virði, verða 2600 kr. á barn, og sé barnahópurinn stór, þá er þarna komin stór upphæð. — Það er rétt. En lítum á það, hvaða áhrif aðgerðirnar hafa á útgjöld barnafjölskyldunnar og þá sérstaklega hinnar stóru barnafjölskyldu að öðru leyti. Með hækkuðum tollum og auknum sköttum, söluskattinum nýja m. a., aukast mikið útgjöld mannsins með 10 börn. Hver biti og hver sopi til fjölskyldunnar þarfa hefur verið hækkaður í verði með aðgerðunum, sem afleiðing af gengislækkuninni sjálfri og með álagningu nýrra skatta. Og hver flík utan um þessa stóru fjölskyldu hækkar líka í verði. Það er því enginn vafi á því, að það saxast fljótlega í hækkaða verðlaginu á hækkun fjölskyldubótanna hjá hinni stóru fjölskyldu, og það má mikið vera, ef það stendur þá nokkuð út af, sem hefur verið gert betur en að bæta það tjón, sem hún verður fyrir.

Þá er elli- og örorkulífeyrir. Mér hefur verið sagt, og því er haldið fram, að elli- og örorkulífeyrir eigi nú að hækka um 40%. Það er mikil hækkun. En gætum að því, að ellilífeyrir og örorkubætur hafa á seinni árum dregizt svo aftur úr að kaupmætti, að þessar bætur eru miklu smáskítlegri og að minna gagni en ellilífeyrir og örorkubætur voru, þegar almannatryggingarnar hófu göngu sína. Það var komið svo, að það var ekki á nokkurn hátt hægt að draga fram lífið á þessu fyrir öryrkjana og gamla fólkið, og það hefði

verið algerlega óhjákvæmilegt að öllu óbreyttu að hækka þetta a. m. k. um 20—25%. Ef það hefði ekki verið gert að öllu óbreyttu, þá hefði það verið gersamlega ósæmilegt af löggjafanum. En segjum, að 20% af þessari hækkun fari í það, þá gæti svo farið, að gamalmennið og öryrkjarnir fengju um 20% sem bætur fyrir vaxandi útgjöld við að draga fram lífið við dýrtíðaraukninguna, og þá hygg ég, að ekkert standi út af hjá þessu fólki heldur. Þetta mun þó vera það fólk, sem helzt væri hægt að halda fram að stæði nokkurn veginn eins að vígi eftir þessar aðgerðir og áður.

Ég held, að það hefði verið gersamlega óframkvæmanlegt að fara út í svona aðgerðir án þess a. m. k. að bæta verulega hag þessa fólks. Ég held, að það hefði verið óframkvæmanlegt og sé þannig lítið að þakka. Þetta fólk hefði annaðhvort orðið að fara á opinbert framfæri eða deyja drottni sínum, ef ekki hefði verið þarna úr bætt. En ég dreg enga fjöður yfir, að þetta er það, sem helzt er hægt að telja aðgerðunum til ágætis, og það hefur líka á því verið staglazt sýknt og heilagt, að þetta eigi að fá fólk til þess að sætta sig við allar búsifjarnar.

Það mun þó koma í ljós, að gamla fólkið og öryrkjar verða ekki ofsælir af því að eiga að bjargast, jafnvel eftir 40% hækkun á sínum ellilífeyri og örorkubótum, eftir að afleiðingar verðhækkananna eru komnar allar fram.

Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann kynnti verkalýðssamtökunum þessar aðgerðir einum 2 dögum áður en hann lagði þær fram: Því verður ekki neitað, að við erum góðir við ellina og örorkuna og stóru fjölskyldurnar. — En það hefur margur maðurinn bent á það í þessum umræðum, að ekki eru þeir jafngóðir við unga fólkið. Það er alvarlegt fyrir það, það er alvarlegt fyrir alla einhleypa menn í þessu landi. Það eru engin gæði, sem blasa við því fólki, og það er margt. (Gripið fram í.) Það er allalvarlegt efnahagsástand fram undan fyrir opinbera starfsmenn á lágum launum, sem eiga að vera með sitt lögbundna kaup út allt árið. Iðnverkafólkið með sín lágu laun, jafnfjölmennt og það er, það verður ekkert sældarbrauð hjá því. Sjómennirnir eru verst leiknir, tel ég, af öllum, unga fólkið jafnvel ekki undanskilið. Og verkafólkið, það verður vissulega fyrir þungum búsifjum vegna hinnar vaxandi dýrtíðar, en þó mest vegna atvinnusamdráttarins, sem alveg óyggjandi leiðir af þessu frumvarpi.

Hverjir græða? Það verða áreiðanlega fáir, en ríkir einstaklingar, sem græða á þessu, en allur fjöldinn tapar. Meðal þeirra, sem græða, eru Bandaríkjamenn. Þeir geta borgað 2 vinnustundir Íslendinga nálega með 1 dollar eftir breytinguna, en dollarinn dugði ekki nema rúmlega fyrir 1 klst. áður.

Nú spyrja fjöldamargir: Hvað gera verkalýðsfélögin? Opinberir starfsmenn spyrja alveg unnvörpum: Koma ekki verkalýðsfélögin núna með aðgerðir og knýja fram launahækkun, þannig að opinberir starfsmenn njóti þess og geti knúið fram launahækkanir á eftir? — Þessu getur enginn svarað. Menn verða að hafa það í huga, að hvert einasta verkalýðsfélag er lýðræðisleg heild út af fyrir sig. Hvert verkalýðsfélag hefur fullan sjálfsákvörðunarrétt um öll sín innri mál. Það getur því enginn sagt verkalýðsfélagi, hvenær það eigi að fara í verkfall. Það, sem gerist, er þetta: Nú þegar þetta frv. er komið fram og eftir að það er kannske orðið að lögum, þá munu verkalýðsfélögin hvert um sig ræða þetta mál, þessar aðgerðir, og taka sínar ákvarðanir. Ef þeim finnst, að lofgerðarrollan um þessar aðgerðir — þarna sé öllum bætt allt — sé sannleikanum samkvæm, þá þarf hæstv. ríkisstjórn ekkert að óttast, þá þarf hún ekki einu sinni að biðja um frest, ekki gálgafrest einu sinni, þá má hún vera róleg. En ef hún veit sig hafa verið að ljúga og veit, að þessar aðgerðir bitna harkalega á svo að segja hverjum vinnandi manni á landi og sjó, á skrifstofum eða hvar sem þeir vinna, þá má búast við því, að hin lýðræðislega niðurstaða í verkalýðsfélögunum verði sú, að félögin grípi til sinna mótaðgerða. Og þá duga engar bænir, eins og sagt var. Það var bóndi, sem var að spyrja prestinn að því: Hvað á ég að gera, túnið sprettur ekki hjá mér? — Og prestur kom og leit á þetta, sagði svo, — þótt það þætti kannske ekkert prestlegt, — hann sagði bara: Hér duga engar bænir, hér þarf bara skít. — Og það mun hafa verið sannleikur hjá honum. Það duga engar bænir við verkalýðsfélögin. Ef þessar aðgerðir, sem hér er um að ræða, bitna eins harkalega á verkalýðnum í rýrnandi vinnu og ég hér hef verið að leiða líkur að, þá duga ríkisstjórninni engar bænir. Ég skal ekki segja, hvort það verður kastað í hana skít. Nei, en það verður kannske eitthvað harðara en það.

Þannig standa nú sakir, að verkalýðsfélögin hafa flest sagt upp sínum samningum. Þau geta því, undireins og þau hafa áttað sig á þessum málum, borið fram sínar kröfur og gera það vafalaust, og þau félög, sem hafa ekki sagt upp samningum, munu flest hafa það ákvæði í þeim, að samningarnir séu sjálfkrafa úr gildi fallnir við breytta gengisskráningu ísl. krónu. Ég hygg því, að segja megi, að svo að segja allir launasamningar á vegum stéttarfélaganna í landinu séu nú lausir og að samningsaðilar geti komið til með að eigast við um ákvörðun nýrra samninga hvenær sem er.

Hæstv. forsrh. sagði hér í dag: Lofið fólkinu að dæma þessar aðgerðir. — Það er einmitt það, sem verður gert. Það er enginn dómari til annar en fólkið sjálft, t. d. í verkalýðshreyfingunni, og það er sjálfsákvörðunarréttur þess, sem mun leiða til þeirra aðgerða, sem verkalýðsfélögin á sínum tíma ákveða. Hvenær það verður ákveðið, það fer eftir vilja hvers verkalýðsfélags um sig. Ef þau sameina sig um það, þá er það skipulagsatriði hjá þeim. En þau munu ekki dæma eftir öðru en afleiðingunum, sem koma í ljós, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum. Það þarf enginn að halda, að það verði komið fram neinum mótaðgerðum gegn þessari löggjöf, ef hún kemur ekki harkalega við fólkið. En það er staðreynd,

þessi löggjöf hefur verið undirbúin án samráðs við fólkið í launþegasamtökum hins opinbera, án samráðs við forustumenn bændastéttarinnar, að ég hygg, án nokkurs samráðs við forustumenn verkalýðssamtakanna. Þetta er kontórverk fræðimanna og valdhafa í ráðherrastólum. En ég er ekkert viss um, að þessi verk þeirra standist. Ef þau reynast vera árás, tilefnislítil eða tilefnislaus árás á lífskjör meginstétta þjóðfélagsins, þá munu þessi voldugu verk falla.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:5 atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 93, 95).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir, er flutt af hæstv. ríkisstj. og er um efnahagsmál. Fjhn. hefur athugað frv. og haldið sameiginlegan fund með fjhn. Ed. Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar við undirbúning málsins hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt margvíslegar upplýsingar og skýringar við frv., og sömuleiðis hefur aðalbankastjóri seðlabankans mætt á fundi fjhn. Nd. og gefið upplýsingar og svarað fyrirspurnum.

Fjhn. hefur klofnað í málinu, og munu tveir minni hl. skila sérálitum, en meiri hl. fjhn. flytur nokkrar brtt. til glöggvunar á einstökum ákvæðum frv. og til leiðréttingar, og eru þær á þskj. 95.

Hæstv. forsrh. hefur fylgt frv. þessu úr hlaði með þeim ummælum, að það fæli í sér gagngera stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, enda mun sú staðreynd óhikað viðurkennd af stjórnarandstöðunni, eins og m. a. má marka af orðum hv. 1. þm. Austf. (EystJ) við umræður um frv., er hann sagði: Það er hvorki meira né minna en nú er algerlega snúið við blaðinu. — Já, tilætlunin með lagasetningu þessari mun vissulega vera sú að snúa við blaðinu, hverfa frá stefnuleysi til ákveðinnar, skýrt markaðrar efnahagsmálastefnu, og það er von manna, að ef sá nýgræðingur, sem til er sáð með löggjöf þessari, fær frið og nær að festa rætur, þá muni auðnast ekki einungis að snúa við blaðinu, heldur jafnvel að brjóta blað í efnahagssögu þjóðarinnar og að frv. þetta muni þá marka þau kapítulaskipti, sem kennd verði við traustari grundvöll íslenzks þjóðarbúskapar og stöðugri framfarir í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar en áður hefur verið.

Það kann að þykja borið í bakkafullan læk, að mörgum orðum sé hér farið um frv. þetta og þá stefnu, sem í því felst, eðli hennar og aðdraganda, svo ýtarleg skil sem hæstv. forsrh. gerði því máli í sinni miklu ræðu, er frv. kom fyrst til umr. í d., auk margháttaðra upplýsinga og gagnlegra skýringa, sem aðrir hæstv. ráðherrar gáfu við þær umræður. Hér er hins vegar um svo viðurhlutamikið mál að ræða og trúlega það málið, sem mest mun móta störf þessa þings, er miklu mun einnig ráða um örlög og afkomu allrar þjóðarinnar á næstu missirum og árum, að ég tel mér skylt að reifa það nokkuð, um leið og ég skila því úr n., fyrir hönd meiri hl.

Efnahagsmálin eru í dag í brennipunkti íslenzkra þjóðmála. Ótal spurningar knýja dyra. Almenningur spyr: Hvar erum við staddir? Hvað hefur leitt til þessarar þróunar? Hvað er til úrræða og hverra kosta er völ? Forsvarsmönnum frv. þessa ber því skylda til að gera grein fyrir þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem það boðar, þeim markmiðum, sem sú stefna keppir að, og þeim leiðum, sem ætlunin er að fara eftir, til þess að ná hinum tilætlaða árangri eða því, sem að er stefnt.

Ekki verður frv. þetta þó skýrt eða skilið til fullnustu, nema það sé skoðað í ljósi þeirrar þróunar efnahagsmála, sem átt hefur sér stað hér á landi á síðustu áratugum. Framvindan í efnahagsþróun þjóða, sem eru að byggja upp framleiðslukerfi sitt, eru stórhuga og ætla sér stundum ekki af, er oft nokkuð sveiflukennd og óstöðug. Það hlaupa tíðum snurður á þráðinn, sem greiða verður úr. Atvinnuþróun í þjóðfélagi, sem að mestu er háð kenjum náttúruaflanna, veðurfari, gæftum og grassprettu, er sömuleiðis venjulega ótrygg. Þar, sem hvort tveggja þetta helzt í hendur, eins og á sér stað hér á landi, er því vonlegt, að á ýmsu geti gengið um framþróun efnahagsmálanna og að stundum skjóti upp óvæntum örðugleikum. Á þetta hefur líka sjaldan skort í þjóðfélagi okkar. Höfuðvandkvæði íslenzkra efnahagsmála í dag er þó ekki að rekja til slíkra ófyrirséðra augnablikserfiðleika, heldur hafa meinsemdirnar tekið á sig varanlegt form. Aðalgallinn er einmitt sá, að glímt hefur verið við varanlegar meinsemdir eins og þær væru aðeins stundarfyrirbæri og því verið notazt við bráðabirgðaráðstafanir og skyndiaðgerðir, en ekki skorið til rótar meinsemdanna eða gerðar heildarráðstafanir til meinabóta.

Um 20 ára skeið hefur með litlu hléi á árabilinu eftir 1950 verið jafnvægisleysi í íslenzkum þjóðarbúskap, sem m. a. hefur komið fram í verðbólgu á mismunandi háu stigi. Á þessu tímabili hefur, svo sem kunnugt er, verðbólguþróunin verið eitt helzta viðfangsefni íslenzks atvinnulífs. Í stað stöðugs verðlags höfum við búið við stöðuga verðbólgu. Peningatekjur manna hafa farið ört vaxandi, en framleiðslan ekki aukizt að sama skapi. Afleiðingar þess hafa verið sífelldir örðugleikar í rekstri útflutningsatvinnuveganna og þeim verið gert ókleift að afla eigin fjár til endurnýjunar og aukningar. En jafnframt því, sem verðbólgan gerir erfitt um gjaldeyrisöflun, dregur hún úr afköstum framleiðslunnar og beinir henni inn á óhagkvæmari brautir, ýtir undir eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri til vörukaupa og annarrar notkunar. Skortur á erlendum gjaldeyri fylgir því jafnan í kjölfar verðbólgunnar, gjald-

eyrishöft eru því bein afleiðing verðbólgu, og gjaldeyrisskortur og gjaldeyrisskömmtun leiðir fyrr eða síðar til vöruskorts, sem getur orðið svo víðtækur, að til beinnar vöruskömmtunar verði að grípa. Verðbólgan dregur og úr sparnaði og myndun sparifjár í peningastofnunum, en hvetur til flótta fjármagnsins úr framleiðslunni yfir í fasteignir.

Þróun þessi er annars svo almennt kunn, að óþarft mun að rekja hana hér í einstökum atriðum. En það, sem aldrei verður þó nógsamlega undirstrikað, er það, að verðbólgan, kaupræninginn mikli, er fyrst og fremst kross hins fátæka manns. Verðbólgan er félagssjúkdómur, sem getur orðið að drepsótt, og eins og títt er um plágur og drepsóttir, ræðst verðbólgan frekast þar á, sem garðurinn er lægstur, þar sem fyrirstaðan er minnst og varnirnar veikastar. Þeir gjalda því verðbólgunnar venjulega harðast í þjóðfélaginu, sem sízt skyldi, þeir sem við kröppust kjörin búa eða lengst og mest hafa erfiðað fyrir þeim verðmætum, sem varpað er í svelg verðbólgunnar.

Það er því engin tilviljun, að byltingarforingjar, sem vilja ríkjandi þjóðskipulög feig, hafa talið verðbólguna til sinna traustustu bandamanna, því að eins og Lenin sællar minningar benti á, þá er auðveldasta leiðin til þess að kollvarpa þjóðskipulaginu að eyðileggja peningakerfi þess.

Ef athuguninni er sérstaklega beint að tímabilinu frá stofnun hins íslenzka lýðveldis eða ófriðarlokum, síðustu fimmtán árin, enda þótt þau séu kannske í sjálfu sér ekkert sérstakt skýrt afmarkað hagtímabil í sögu Íslands, þá virðast höfuðeinkenni allrar efnahagsþróunar á því skeiði, allt fram til síðustu tíma, vera, að Íslendingar hafi haft verulega tilhneigingu til þess að eyða meira en aflað var í þjóðarbúið, — staðreynd, sem Jónas Haralz ráðuneytisstjóri hefur sérstaklega gert sér far um að benda á og hann í ræðu sinni á síðasta fullveldisdegi, 1. des., fór um þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu tímabili hefur íslenzka þjóðin sífellt verið að reyna að eyða meira en hún hefur aflað. Í þessu efni hafa einstaklingar, stéttasamtök, hvers konar félagssamtök önnur, bæjarfélög og ríki öll lagzt á eitt.“

En vitaskuld verður sökinni í þessum efnum, ef þá um nokkra beina sakfellingu er að ræða, ekki skellt á hin almennu heimili, því að í þessu felst ekki ásökun á hendur einstaklingum fyrir einkaeyðslusemi, heldur er orsakanna fyrst og fremst að leita hjá hinu opinbera, ríkinu, bæjarfélögum, sjálfu hinu háa Alþingi og þá ekki síður hjá hinum voldugu heildarsamtökum stéttanna, sem krafizt hafa hvert um sig að fá sem mest til handa sínum skjólstæðingum og hafa þá stundum tekið til sín stærri sneiðar af þeim brauðhleif, sem þjóðina alla á að seðja, en til skipta gat komið hverju sinni.

Af þessari umframeyðslu þjóðarinnar hefur svo óhjákvæmilega leitt varanlegan greiðsluhalla út á við. Þessi greiðsluhalli, þessi eyðsla þjóðarinnar fram yfir það, sem hún hefur aflað sér með framleiðslu sinni, var eftir stríð greidd með Marshallaðstoðinni svonefndu. Á jafnvægistímabilinu, þegar tókst að hamla við verðbólgunni, árið 1954, hvarf hallinn að mestu, og sá þjóðin sér þá farborða af eigin rammleik. En eftir að verkföllin miklu árið 1955 höfðu gert verðstöðvunarstefnuna að engu, komst hallabúskapur aftur í algleyming og hefur síðan dafnað með þeim hætti, að árlegur greiðsluhalli hefur numið um 200 millj. kr., sem greiddar hafa verið fyrst og fremst með nýjum og nýjum lánum. Er talið, að af þeim rúmlega 1100 millj. kr., sem hallinn nemur á liðnum 5 árum, hafi um 51% verið greitt með opinberum lánum, um 22% með lánum einstaklinga og um 27% með því að rýra gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar. Þessi eyðsla þjóðarinnar um efni fram er staðreynd, sem verður ekki í móti mælt, enda viðurkennt t. d. af öðru höfuðmálgagni stjórnarandstöðunnar, þótt sömu aðilar séu ekki jafnfúsir til játninga hér í þingsölunum. T. d. segir í leiðara Þjóðviljans 2. febr. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Aldrei síðan 1940, að Englendingar hernámu landið og hófu sínar hernaðarframkvæmdir hér, hefur íslenzka þjóðin komizt nærri því að vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt með innlendum framleiðslustörfum eins og árin, sem vinstri stjórnin sat að völdum.“

Þetta er að vísu ekki alveg rétt. En með þessu er þó játað, að framleiðslustörf landsmanna hafi um tvo liðna áratugi ekki nægt sem tekjustofn til þess að greiða þarfir þeirra, og það er það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Með gengisbreytingunni í marz 1950 var gerð tilraun til jafnvægismyndunar í íslenzkum efnahagsmálum. Tókst sú tilraun að vissu marki um stund, en hv. 4. þm. Austf. (LJós) hefur gert þessa tilraun hér að umtalsefni og sérstaklega vitnað til hennar sem sönnunargagns um ómerkilegheit hagfræðilegra útreikninga og áætlana, þar sem hann fullyrti, að þeir próf. Ólafur Björnsson og dr. Benjamín Eiríksson, sem þá voru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, hefðu áætlað, að verðlag mundi hækka um 10—11%, en raunin hefði hins vegar orðið sú, að verðlag samkvæmt vísitölu hefði á skömmum tíma hækkað um 27%.

Það er satt bezt að segja um allar efnahagsáætlanir í þjóðfélagi, sem rekur náttúrubúskap, eins og við Íslendingar gerum, að um þær hlýtur jafnan að ríkja töluvert meiri óvissa en sams konar áætlanir t. d. í iðnaðarþjóðfélögum, þó að ekki sé af öðrum ástæðum en þeim, að engu verður með vissu spáð um aflabrögð eða jafnvel töðufeng, svo mjög sem hvort tveggja er háð veðrum einum saman. Slíkar áætlanir geta aðeins stuðzt við reynslu undanfarinna ára, en frá henni getur auðvitað snögglega brugðið. Skýt ég þessu hér inn í, enda þótt það eigi ekki að þjóna sem svar við fullyrðingu 4. þm. Austf., en að henni skal nú vikið, og í fáum orðum sagt var gangur málsins þessi:

Þeir próf. Ólafur Björnsson og dr. Benjamín höfðu áætlað, að beinar hækkanir af völdum gengisbreytingar yrðu 11—13%. 27% hækkunin, sem varð á vísitölunni, felur hins vegar

í sér ýmsar óbeinar hækkanir, sem jafnan bætast við beinar hækkanir, svo að hér er alls ekki um réttan samanburðargrundvöll að ræða. Í öðru lagi varð á árinu 1950 aflabrestur, sem nam 17% miðað við meðalafla, og enginn hagfræðingur hefði getað séð fyrir slík óhöpp. Í þriðja lagi tvöfölduðust skipagjöld snarlega vegna ófriðarblikunnar í Kóreu, og hvort tveggja leiddi þetta svo til, að verzlunarkjör landsmanna versnuðu á einu ári um 11%. Allt þetta hefur Haraldur Jóhannsson hagfræðingur m. a. skrifað um í greinum í Þjóðviljanum og skýrt þannig, að þeir prof. Ólafur og dr. Benjamín þurfa vissulega ekki að bera neinn kinnroða fyrir spádóma sína.

Hagfræðingarnir eru nú einu sinni ekki forvitrir, og þeir geta hvorki séð fyrir né reiknað út aflabrest eða stórstyrjaldir. Þeir eru hins vegar svo lánsamir, Ólafur og dr. Benjamín, að búa ekki í þjóðfélagi, sem rekur áætlunarbúskap upp á járntjaldsvísu, því að enda þótt þau iðnaðarþjóðfélög hafi fullkomnustu tölvísi í sinni þjónustu, sýnast áætlanir þar þó einnig eiga misjöfnu láni að fagna, eins og víðar, og lífslán viðkomandi hagfræðinga þó vera enn fallvaltara, því að áætlun, sem stenzt ekki, getur þar hæglega gert lífsferil viðkomandi hagfræðinga dálítið endasleppan. Hinu er vissulega alls ekki að neita, að taka ber allar efnahagsáætlanir með fullkomnum fyrirvara, því að áætluð efnahagsþróun er ekki staðreynd, heldur aðeins niðurstaða reiknuð út eftir sem nákvæmustum líkum, sem þó er venjulega hægt að hafa verulega hliðsjón af, en getur auðvitað brugðizt eins og hvað annað, sem framtíðin felur í skauti sínu.

Þá getur sami hv. þm. þess, að áðurnefndir hagfræðingar hafi boðað framleiðsluaukningu vegna gengisfellingarinnar 1950, en segir, að andstætt því hafi tekjur af útflutningnum orðið hvað minnstar árin 1951 og 1952. Þetta á auðvitað ekkert skylt við neina mislukkaða hagfræðispádóma, heldur byggist einfaldlega á þeim geysilega aflabresti, sem varð á þessum árum, því að árið 1951 var aflamagnið um 25% fyrir neðan meðallag og árið 1952 var það 30% fyrir neðan meðallag. Þessi mikli aflabrestur og óhagstæðu verzlunarkjör færðu atvinnulífið aftur úr jafnvægi og torvelduðu svo afkomu útgerðarinnar, að í marz 1951 varð á ný að hlaupa þar undir bagga með stofnun hins svonefnda skilorðsbundna frílista eða bátagjaldeyriskerfis.

Árið 1954 hafði áframhaldandi óhagstæð þróun efnahagsmálanna komið togaraútgerðinni í slík vandræði, að þá varð með löggjöf einnig að veita henni sérstaklega fjárhagslegan stuðning. Í ársbyrjun 1956 varð svo enn þá einu sinni að grípa til bráðabirgðaúrlausnar á vandræðum útgerðarinnar með lögum um framleiðslusjóð, en þrátt fyrir hinn varanlega greiðsluhalla og nokkra ofþenslu í efnahagskerfinu voru kringumstæðurnar að sumu öðru leyti vinstri stjórninni allhagstæðar, þegar hún tók við. Hún fékk í hendur þjóðarbúskap, sem hafði verið með ört vaxandi þjóðartekjum alveg frá því árið 1952 búinn atvinnutækjum, sem voru langtum betri en oftast áður. Árferði var og yfirleitt hagstætt og markaðir fyrir útflutningsafurðir, bæði frjálsir markaðir og clearing-markaðir, voru ýmist hagstæðir eða fóru batnandi. Stjórnin hafði mjög sterk ítök innan heildarsamtaka launþega, enda reyndust þau tillátssamari við þessa stjórn en áður hafði tíðkazt undir svipuðum kringumstæðum. Og að lokum tryggði ríkisstj. sér yfirráð á öllum bönkum landsins með nýrri bankalöggjöf og var þannig í lófa lagið að ráða peninga- og lánapólitíkinni í landinu, sem auðvitað gat verið eitt áhrifamesta tækið í baráttunni gegn dýrtíðinni.

Vinstri stjórnin átti því í raun og veru að hafa alla möguleika til þess að koma á jafnvægi í búskaparstarfsemi, stöðva verðbólguna og rétta af hinn rótgróna greiðsluhalla. Sú varð þó ekki raunin á. Þær tvennar aðgerðir, sem voru meginátangarnir í efnahagsmálapólitík vinstri stjórnarinnar, lögin um útflutningssjóð í desember 1956 og endurskoðun þeirra í formi bjargráðanna í maí 1958, voru hvorar tveggja skyndiúrræði, sem skutu allri raunverulegri lausn vandamálanna á frest. Viðureign vinstri stjórnarinnar minnir einna helzt á karlinn, sem ók hjólbörum og hitti fyrir þúfu og var heilan dag að streitast við að aka yfir þúfuna, en datt ekki í hug að fara utan við hana eða ryðja henni úr vegi, heldur hjakkaði alltaf stöðugt í sama farinu.

Dr. Jóhannes Nordal hefur annars í síðasta hefti Fjármálatíðinda dregið upp skýra og skorinorða mynd af viðureign Íslendinga við efnahagsmál sín á síðustu árum. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzk stjórnarvöld hafa glímt við svipuð vandamál ofþenslu og jafnvægisleysis hvað eftir annað á undanförnum árum. En í stað þess að horfast í augu við erfiðleikana hefur þráfaldlega verið gripið til þess ráðs að velta byrðunum yfir á framtíðina með geysilegri skuldasöfnun við útlönd, sem hefur bundið þjóðinni hættulega þungar klyfjar vaxta og afborgana, án þess þó að færa hana nokkru nær því marki að leysa hin efnahagslegu vandamál sín. Inn á við hefur vandinn á hinn bóginn verið leystur með hafta- og uppbótakerfinu, sem fært hefur allt hagkerfið úr eðlilegum skorðum."

Þetta voru orð Jóhannesar Nordals. Allir þessir áfangar, togarastyrkirnir frá 1954, framleiðslusjóðslögin frá 1956, útflutningssjóðurinn frá 1956 og bjargráðin frá 1958, voru ekkert annað en bráðabirgðaúrræði, sem skutu höfuðvandanum á frest. Að vísu má segja, að nokkur stig-, en ekki eðlismunur hafi verið á aðgerðum hverju sinni, að einmitt hafi nauðsyn til róttækrar, varanlegrar lausnar verið nokkuð breytileg, en þó stöðugt vaxandi, og að lokum að pólitískar forsendur fyrir lausn málsins hafi sömuleiðis verið mismunandi á hinum ýmsu tímum.

Með tilliti til þessa má það teljast merkilegt, að vinstri stjórnin skyldi ekki hafa áræði til þess að ráðast gegn erfiðleikunum, sökum þess að í hennar tíð jukust þeir mjög og vandamálið krafðist stöðugt stærri fórna til bráðabirgða-

úrlausnar einnar saman og þó ekki síður með hliðsjón af pólitískt sterkri aðstöðu stjórnarinnar, sem studdist við þingfylgi þriggja stjórnmálaflokka og taldi sig hafa stærstu hagsmunasamtökin í landinu að öruggum bakhjarli. En áræðið eða getuna brast, hvort heldur sem það nú var.

Þó varpar birting hæstv. viðskmrh. á efnahagsmálatill. samstarfsflokks hans innan vinstri stjórnarinnar nýju ljósi yfir málið og sýnir, að fjöldi þingmanna, sem að stjórninni stóðu, og fjöldi þingflokkanna, sem að stjórninni stóðu, var ekki síður veikleiki hennar en styrkur. Þá sýna þessar leynitill., svo að ekki verður um villzt, að augu ýmissa stuðningsmanna vinstri stjórnarinnar fyrir eðli erfiðleikanna og nauðsyn gagngerðrar stefnubreytingar hafa verið farin að opnast, en heykzt var á því að horfast til þrautar í augu við staðreyndir og hallazt að þægilegri málsmeðferð, að láta allt reka á reiðanum, svo lengi sem unnt var. Því fór sem fór. Hægfara verðbólga, sem hafði haft ganghraðann 10% á ári, breyttist í óðaverðbólgu, sem gerði sig líklega til að bruna áfram með 20—30% hækkunarhraða. Greiðsluhallinn hlóð utan á sig eins og snjóbolti í fjallshlíð. Kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags komst í þann sprengmóð, að dr. Jóhannes Nordal upplýsti í einu þáv. stjórnarblaða, að kaupgjald og verðlag hefði á síðari sex mánuðum ársins 1958 hækkað örar en nokkru sinni áður á jafnskömmum tíma frá því árið 1950.

Forseta Alþýðusambandsins var nóg boðið. Hann tók sér penna í hönd og reit eftirfarandi yfirlýsingu í nóvemberhefti Vinnunnar, tímarits Alþýðusambands Íslands:

„Nú er flestum orðið ljóst, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa braut má ekki renna til enda. Hún liggur fram af hengifluginu."

Það var vissulega sannnefni, sem hv. 4. landsk. (HV), forseti Alþýðusambands Íslands, gaf uppbóta- og haftakerfinu og verðbólgukjölsogi þess: Leiðin til glötunar. Leiðin til glötunar var vörðuð styrkjum, uppbótum, höftum, hömlum, og milli þessara þéttu varða fossaði svo verðbólguflóðið og bjóst til þess að steypast fram af hengifluginu, sem forseta Alþýðusambandsins sundlaði við að horfa fram af. En það var líka annar pólitískt veðurglöggur stjórnmálamaður, sem ætlaði ekki að lenda í þessu steypiflóði fram af hengiflugi Heiðnabergsins. Það var Hermann Jónasson, forsrh. vinstri stjórnarinnar. Hann gaf bara út stutta og laggóða dagskipan: „Ný verðbólgualda er skollin yfir" — og yfirgaf svo þjóð sína á gjárbarminum, skattlagða um nýjar 1200 millj. kr. á ári, teljandi þau 34 vísitölustig, sem dýrtíðarvísitalan hafði hækkað um á einu ári, ráðlitla um að komast hjá því að sjá óðaverðbólguna þeyta sömu vísitölu upp í 270 stig á komandi haustmánuðum, sem þýða mundi, að verðmæti hinnar íslenzku myntar væri orðið samsvarandi genginu 60 ísl. kr. á móti hverjum bandarískum dal.

Þannig var í pottinn búið í efnahagsmálum þjóðarinnar, þegar vinstri stjórnin svonefnda skilaði af sér. Í þann mund, er mestur var móðurinn í bjartsýnismönnum þessa vinstrasamstarfs, sem tekið hafði sér bessaleyfi til að kenna sig öðrum fremur við vinnustéttir landsins, þá gat að líta eftirfarandi skrif í tímaritinu Rétti, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað er það, sem skeð hefði, ef Morgunblaðsliðið, hinir ofstækisfullu kommúnistafjendur, sem nú setja soramark sitt á áróður og pólitík íhaldsins, hefði myndað afturhaldsstjórn eftir kosningarnar 1956? Slík afturhaldsstjórn hefði í fyrsta lagi lækkað gengið, sett dollarann úr kr. 16.32 í 25.00 kr. Slík gengisfelling hefði brotið niður alla trú almennings á sparifjármyndun, skapað tryllt kapphlaup um hvers konar fjárfestingu, eyðilagt allan heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins í landinu og svo stórrýrt lífskjör verkalýðsins, því að slík afturhaldsstjórn hefði fylgt gengislækkun eftir með kaupbindingu."

Já, sjáum til. Hvað skeði á árunum 1956—58? Gengið var fellt, ekki í 25 kr. dollarinn, heldur var sölugengi krónunnar samsvarandi meðalútflutningsbótum á afurðum bátaflotans fellt í hvorki meira né minna en tæplega 31 kr. fyrir Bandaríkjadollar. Og það er líka alveg hárrétt, á þessu tímabili var mikið kapphlaup um hvers konar fjárfestingu, sem rýrði lífskjör verkalýðsins. Og það er sömuleiðis rétt, að kaup var bundið um tíma. En það var bara engin íhaldsstjórn, sem setti þetta á, það var ekkert Morgunblaðslið. Það voru engir kommúnistafjendur. Nei, öðru nær, það voru ekki þeir, sem bókstaflega „eyðilögðu allan heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins", svo að notuð séu orð Einars Olgeirssonar í Réttargreininni góðu. Það hafði nefnilega ekki verið mynduð nein íhaldsstjórn á Íslandi árið 1956, — eða kannske það hafi verið mynduð íhaldsstjórn, bara með öðru nafni? Það hafði verið mynduð vinstri stjórn, stjórn hinna vinnandi stétta, og þetta voru handaverkin hennar. Gengisfelling, fjárfestingarkapphlaup, kaupgjaldsbinding og kjaraskerðing launþega voru nefnilega meginþættirnir í afrekaskrá vinstri stjórnarinnar sálugu.

Þannig var málum komið, þegar mynduð var minnihlutastjórn Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl. 23. des. 1958. Hlutverk þeirrar stjórnar var að bjarga frá bráðum voða, koma í veg fyrir, að þjóðin gengi fyrir björg. Verkefni þessarar stjórnar var aldrei og gat aldrei verið að leysa hin stóru, varanlegu vandamál. Til þessa skorti allar forsendur, aðstæður og hæfilegan undirbúning. Hennar var að halda óðaverðbólgunni í skefjum, og það gerði hún. Jafnljóst hlaut að vera, að við myndun nýrrar ríkisstjórnar að haustkosningum loknum var óhugsandi, að komizt yrði hjá að taka til úrlausnar höfuðviðfangsefni efnahagsmálanna. Þeim varð nú ekki lengur skotið á frest. Þessa voru núverandi stjórnarflokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., sér fyllilega meðvitandi, er þeir gengu til samstarfs um stjórnarmyndun, enda þær stefnuskrár, sem þeir höfðu háð kosningabaráttu sína fyrir, beint mótaðar af þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem þeir hugðu líklegasta til þess að ráða bót á þeim meinsemdum, sem

fært höfðu efnahagslíf þjóðarinnar úr skorðum um alllangt árabil.

Í byrjun vetrar, á þeim dögum, sem myndun núverandi stjórnar stóð yfir, var mjög rætt manna á meðal um ýmsar leiðir til lausnar efnahagsmálunum. Um eitt virtist meðal almennings ekki geta gætt neins ágreinings, og það var, að til nokkurra allróttækra aðgerða mundi þurfa að grípa. Ég held, að ég hafi eiginlega hvergi nema hér á hinu háa Alþ. heyrt raddir um, að hreint alls engra aðgerða væri þörf. Þó hljóta þær raddir vissulega að mæla gegn betri vitund, þegar það liggur nú skjallega, sannanlega fyrir samkv. leynitillögunum margumræddu, að báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa þegar vorið 1958 talið ástand efnahagsmálanna orðið svo uggvænlegt, að báðir vildu þá þegar grípa til allharðhentra aðgerða til þess að koma í veg fyrir hrun, enda þótt samkomulag tækist þá ekki um þessar aðgerðir. Þeir flokkar, sem vorið 1958 töldu ofþensluna í efnahagskerfinu vera orðna svo iskyggilega, að grípa yrði til nýrra og róttækra ráðstafana þá, geta vissulega ekki fært nein rök fyrir því, að ónauðsynlegt sé nú, að horfið sé að nýrri stefnu til þess að leysa þennan sama vanda, sem þó sannanlega hefur mjög færzt í aukana frá þeim tíma, einkum vegna bráðaverðbólgunnar síðari hluta ársins 1958. Deilan getur ekki og gat aldrei staðið um það, að vandinn hefði ekki vaxið, úrlausn yrði ekki skotið á frest og að aðgerðir þyrftu að miðast við varanlegri lausn en áður hefði verið látin nægja. Hitt gat aftur verið eðlilegt deiluefni, hvaða leið skyldi farin að settu marki.

Þær munu vera þrjár leiðirnar, sem manna á meðal voru taldar koma til greina, og þó með ýmsum afbrigðum. Í fyrsta lagi verðhjöðnun, „deflation“ eða niðurfærsluleiðin, í öðru lagi framhald uppbóta- og styrkjakerfisins og í þriðja lagi gengisfelling.

Um verðhjöðnunarstefnuna er ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum. Þar sem ofþensla er á tiltölulega lágu stigi, kunna slíkar aðgerðir að leiða til árangurs, en þar sem efnahagskerfi er svo mjög úr skorðum gengið sem raun ber vitni hér á landi, er illmögulegt að framkvæma þess konar aðgerðir, svo sársaukafullar mundu þær verða. Við athugun hefur og komið í ljós, að ef færa ætti verðlag niður til þess grundvallar, að núverandi skráð gengi krónunnar væri raunhæft, mundi það hafa í för með sér svo mikla og snögga kjaraskerðingu fyrir almenning í landinu, að slíkt yrði ekki álitið bærilegt. Það er því af flestum, sem skil kunna á málinu, talið tómt mál um að tala að fara leið verðhjöðnunar, enda hefur þessi leið í efnahagsmálum á síðari árum óvíða verið reynd og yfirleitt ekki í lýðræðisríkjum.

Slíkt bráðabirgðaefnahagskerfi eins og uppbóta- og styrkjakerfið, sem íslenzk útgerð hefur nú um árabil búið við í mismunandi formi, getur aldrei staðizt til lengdar, enda yfirleitt ekki tilætlunin með slíkum stundaraðgerðum. Eðli málsins samkvæmt er þeim aðeins ætlað að forða frá aðkallandi augnabliksvanda eða skjóta lausn veigameiri mála á frest og vinna með því tíma til undirbúnings á varanlegri lausn þeirra. Því er því jafnan mikil hætta samfara, þegar bráðabirgðabjargráð eru látin staðna og reynt er að viðhalda þeim sem einhverjum varanlegum hjálparmeðulum. Venjulega hefur það í för með sér, að meinsemdir efnahagslífsins grafa þá um sig, skjóta dýpri rótum og verða þeim mun erfiðari viðfangs, þegar á að grafast fyrir þær og koma atvinnulífinu í jafnvægi. Þannig er þessum málum varið með íslenzka haftakerfið. Allt of lengi höfum við dregið að leysa það af hólmi með haldbetri úrræðum. Uppbótakerfið var aldrei hugsað nema sem millibilsástand, áfangi á leið til lausnar stóru viðfangsefni. Þetta kerfi bar sjálft dauðann í sér. Vandinn varð því ekki leystur með því, eins og margir halda, að finna nýja tekjustofna, að útvega 250—300 millj. kr. í nýjum tekjum handa útflutningssjóði. Þetta var að vísu eitt af verkefnunum, en e. t. v. ekki það vandasamasta. Með þessu var nefnilega hvorki greiðsluhalli réttur af né gjaldeyrisspennan leyst. Hin óleystu og óleysanlegu verkefni lágu í því, að kerfið sjálft var orðið hrein og bein hringavitleysa. Í fyrsta lagi byggðist það á því, að þjóð með takmarkað lánstraust taki stöðugt erlend lán til þess að flytja inn munaðarvörur, en geti ekki í sama mund flutt inn nægilegt magn nauðsynja og eigi í erfiðleikum með að standa skil á greiðslum fyrir vexti og afborganir af hinum erlendu lánum. Í öðru lagi voru engir möguleikar á að mynda hæfilega gjaldeyrisvarasjóði vegna bráðrar nauðsynjar á að eyða samstundis hverjum öfluðum erlendum gjaldeyri til kaupa á hátollavörum, sem fluttar voru svo inn til þess að afla tekna til bótagreiðslna til útvegsins, en vaxandi hluti af gjaldeyristekjum útvegsins fór svo aftur beint í hít vaxta og afborgana af erlendum lánum. Það var engin heil brú í þessum vinnubrögðum lengur. Það gat sem sagt gengið dálítinn tíma að greiða úr sameiginlegum þjóðarsjóði meira meðlag með hverri útfluttri krónu en hægt var að innheimta af innfluttum krónum, eða til jafnaðar þremur krónum meira fyrir hvern útfluttan dal en fyrir innfluttan dal, ef hægt var að fá eitthvert fólk úti í heimi til þess að borga mismuninn, þessar 3 kr., með því að lána afrakstur inn af vinnu sinni til þess að greiða þennan mismun og halda þannig uppi okkar góðu lífskjörum. En því voru auðvitað takmörk sett, hversu lengi var hægt að halda hlutunum gangandi með þeirri aðferð, því að það hlaut fyrr eða síðar að koma að því, að fólkinu úti í löndum litist ekki á þetta háttalag og færi að óttast um að fá ekki aurana sína aftur og vildi þá heldur nota sjálft eigið fé en láta ókunnuga lifa á því í pragt og herlegheitum. Það hlaut m. ö. o. að reka að því, að ekki væri hægt að lifa lengur á eyðslulánum. Hvort búið hefur verið nákvæmlega að kreista út síðasta hugsanlega bónbjargadalinn, nú þegar uppbótakerfið var að falla saman, það skal ég ósagt látið, enda skiptir það ekki öllu máli, því að það hlaut að koma að því, og víst er

um það, að tómir pokar standa ekki lengi óstuddir, og þannig var nú ástatt með uppbótakerfið.

En jafnvel þótt tekizt hefði að halda uppbótakerfinu gangandi með 300 millj. í nýjum álögum og einhverjum hörmungarlánum, var það samt óðs manns æði að reyna að halda því lengur áfram, því að aðrir fylgikvillar þessa kerfis voru svo stórhættulegir, eins og m. a. er mjög vel gerð grein fyrir einmitt í leynitillögum Framsfl. frá vorinu 1958. Naumt skammtaðar uppbætur draga nefnilega úr öllum vilja og getu framleiðenda og útflytjenda til þess að geta lagt í kostnað og áhættu við að leita nýrra markaða og gera tilraunir með nýjar framleiðsluaðferðir. Þeir varpa því öllum áhyggjum af sér yfir á sölukerfi gamalla samninga og freistast oft til að hjakka í óbreyttum framleiðsluaðferðum, svo lengi sem auðið er. Ef atvinnugreinarnar fá misjafnar bætur, ýtir það ekki heldur undir eða örvar framleiðslu þeirra vara, sem þjóðhagslega eru hagkvæmastar, heldur getur jafnvel haft gagnstæð áhrif. Kerfið kemur í veg fyrir nýmyndun í framleiðslunni, því að svo lengi sem gömlu framleiðslugreinarnar í krafti uppbótanna nægja til að framfleyta eigendunum áhyggjulítið, er ástæðulaust fyrir þá að taka á sig fyrirhöfn og áhættu, sem samfara er því að leggja út í nýjar framleiðslugreinar. Með þessu móti dregur úr þeim atvinnugreinum, sem njóta ekki uppbóta, eins og t. d. iðnaðinum. Uppbótakerfi er því í eðli sínu hreinræktuð samdráttarstefna í atvinnumálum og ekkert annað og það því fremur sem stöðnun atvinnurekstrarins hlýtur fyrr eða síðar að leiða til þess, að fyrirtækin verði ekki samkeppnisfær á erlendum markaði. Og er þar komið að kjarna málsins, að sú hætta vofir jafnan yfir, að því lengur sem slíkt uppbóta- og haftakerfi stendur, þeim mun meira skerðir það lífskjör fólksins og þeim mun meiri hætta er á, að af því muni hljótast verulegt atvinnuleysi.

Framhald á uppbótakerfinu var því frá sjónarmiði núverandi stjórnarflokka í fyrsta lagi útilokað vegna þess, að sú leið var með öllu ófær, og í öðru lagi vegna þess, að enda þótt með einhverjum hörmungum hefði verið hægt að fleyta kerfinu áfram um stund, sem var þó vonlaust verk, hlaut það að kalla yfir þjóðina vaxandi kjaraskerðingu og að lokum atvinnuleysi, sem ríkisstj. taldi að koma yrði í veg fyrir, hvað sem það kostaði.

Hafta- og styrkjastefnan var leiðin til glötunar, eins og forseti Alþýðusambandsins hafði réttilega nefnt hana. Það var alveg sama, með hversu góðum ásetningi hún var brúlögð. Hún hlaut að liggja norður og niður. Þetta ættu allir að gera sér ljóst og þá um leið þau einföldu sannindi, að efnahagsmálastefna er aðeins góð og forsvaranleg, meðan hún er þegnunum nytsamleg og flytur þeim velmegun eða ver þá áföllum. En þegar hún er tekin sjálfkrafa að þrengja kjör þeirra og hefur misst alla hæfni til þess að fást við úrlausnarefnin, er hún orðin úrelt og hefur lokið hlutverki sínu og á skilyrðislaust að víkja fyrir nýrri og betri stefnu, sem er vandanum vaxin.

Engin efnahagsmálastefna hefur tilgang í sjálfri sér, og það á aldrei að viðhalda neinu efnahagskerfi vegna þess sjálfs. Efnahagskerfin eru til vegna fólksins og fyrir fólkið, og með tilliti til þess verður að meta efnahagsmálastefnurnar á hverjum tíma.

Uppbóta- og haftastefnan hefur lokið hlutverki sínu. Hún hefur runnið sitt skeið til enda. Það kerfi verður að víkja, og við verður að taka nýtt kerfi, ný efnahagsmálastefna, sem hefur þrótt og hæfni til þess að leysa hin miklu og marggreindu vandamál, sem fram undan eru.

Af leiðunum þremur, sem ég fyrr gat um, kom því raunverulega aldrei nema ein til greina. Þetta er nú í dag viðurkennt, ekki einungis af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, heldur og af meiri hluta stjórnarandstöðunnar, eins og bæði má greinilega marka í tillögum framsóknarmanna í efnahagsmálum frá vorinu 1958, sem nú hafa verið birtar og vakið hafa verðuga athygli, og sömuleiðis af málflutningi framsóknarmanna hér í hv. deild.

Varðandi minni stjórnarandstöðuflokkinn er það að segja, að hann hefur að vísu haft sitt hvað út á till. ríkisstjórnarinnar að setja, eins og gengur og gerist með flokka, sem eru í stjórnarandstöðu, en hins vegar ekki komið fram með neinar aðrar tillögur til úrbóta sjálfur og enn sem komið er ekki gefið út neina skýlausa yfirlýsingu um, að hann teldi uppbótakerfið færa og hagkvæma lausn á þeim efnahagsvandamálum, sem nú er glímt við. Ef svo skyldi hins vegar vera, að Alþb. teldi allt gott, sem áður var, og uppbótakerfið með fölsku gengi, stöðugum bónbjargalánum, nýjum skattabyrðum, staðnandi framleiðslukerfi og yfirvofandi atvinnuleysi vera lausnarorðið í efnahagsmálum Íslendinga í dag, þá væri fróðlegt að fá hiklausa yfirlýsingu um það, svo að almenningur fari ekki í neinar grafgötur um það, hver sé stefna Alþb. í dag í efnahagsmálum, svo ofarlega sem þau mál eru nú á baugi.

Það var fárra kosta völ. Það var í raun og veru ekkert val. Leiðin var ein, og hana varð að halda, enda í fullu samræmi við þá stefnu, sem báðir stjórnarflokkarnir höfðu haldið fram í kosningabaráttunni og hæstv. ríkisstj. markaði útlínur að í yfirlýsingu sinni, er hún tók við stjórn landsins.

Nú hefur þessi leið til lausnar í efnahagsmálum þjóðarinnar verið lögð fyrir hið háa Alþingi í formi þess frv. til laga, sem hér liggur fyrir til umræðu. Síðar munu fleiri frv. fylgja á eftir þessu, sem munu sameiginlega skapa þá heildarstefnu, sem miðar að efnahagslegri viðreisn í þessu landi.

Því hefur mér dvalizt nokkuð við að ræða um þá efnahagsþróun, sem er aðdragandi núverandi ástands, að hún er forsenda þeirrar löggjafar, sem nú er til umræðu. Til þess að menn skilji nauðsyn þeirra aðgerða og þeirrar löggjafar, sem nú er til umræðu, verða menn að hafa fullan kunnugleika á efnahagsástand-

inu, eins og það raunverulega er í dag, og auk þess að hafa nokkra nasasjón af því, með hvaða hætti það hefur æxlazt svo til sem raun er á. M. ö. o.: það verður að segja þjóðinni sannleikann um erfiðan efnahag og þær byrðar, sem hún þarf að axla til þess að koma fjárhag sínum á réttan kjöl. Þjóðin á kröfu til þess að heyra sannleikann og allan sannleikann, því aðeins er hægt að gera kröfu til þess, að þjóðin vilji nokkuð á sig leggja. Fyrri efnahagsaðgerðir hafa einmitt oft mistekizt vegna þess, að þjóðinni var ekki sagt satt eða aðeins hálfur sannleikur. Slíkt má ekki henda að þessu sinni. Þess vegna var það, að hæstv. forsrh. dró ekkert undan í ræðu sinni, heldur þvert á móti benti á flest það, sem tvímælis kann að orka, svo að menn gætu að fengnum upplýsingum sjálfir fellt óvilhallan dóm. Af sömu ástæðum hef ég varið hér nokkrum tíma til þess að rekja sögu málsins og benda á þær hugsanlegu leiðir, sem til mála höfðu komið við úrlausn vandans. En í raun og veru er allt tal um fleiri leiðir í sambandi við lausn þessara mála aðeins deila um keisarans skegg, því að leiðin er ein og bara ein, hversu vel sem er leitað.

Ég mun nú snúa mér að því að gera grein fyrir frv. sjálfu og þeirri leið í efnahagsmálum, sem í því felst, og þá samtímis víkja að þeirri gagnrýni, sem að því hefur verið stefnt. Þá mun ég að gefnu tilefni, eftir því sem við verður komið, skýra samhengi þessa frv. við stefnuskrá stjórnarflokkanna og þau fyrirheit, er þeir gáfu kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar, sökum þess að hér í hv. d. hafa í umr. orð fallið, sem borið hafa brigður á, að stjórnarflokkarnir hygðust standa við kosningastefnuskrá sína, og mun ég víkja að því síðar. Að lokum mun ég svo ræða nokkuð um þá almennu efnahagsstefnu, sem mótað hefur þær leiðir í atvinnu- og fjármálum, sem frv. gerir ráð fyrir að farnar verði, og þau hagrænu markmið, sem stefnt er að.

Í 1. gr. frv. er sá þáttur efnahagsaðgerðanna, sem mestu umróti veldur, mest er um deilt og vissulega er grundvöllur að flestum hinna annarra meiri háttar ráðstafana, sem í kjölfarið sigla. Það er hin nýja gengisskráning, sem mælir svo fyrir, að gengi ísl. krónu miðað við erlendan gjaldeyri skuli vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar. Gengi myntar er ekkert annað en verð hennar í skiptum fyrir aðra erlenda mynt, og ætti því ekki að vera meira feimnismál að ræða um gengi og gengismál en verð og verðlagsmál, en svo virðist því miður oft vera, því að eins og hinn sósíalistíski hagfræðingur, hr. Haraldur Jóhannsson, hefur einu sinni sagt í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta, þá hefur Haraldur orðað það svo: „Þá hefur gengislækkun löngum verið allt að því bannorð meðal vinstri manna. Orðið gengislækkun hefur verið notað sem skammaryrði, en gengislækkun sem ráðstöfun í efnahagsmálum hefur verið forðazt að ræða.“ Og hann heldur áfram: „En á sama hátt og strúturinn getur ekki forðazt hætturnar með því að stinga höfðinu í sandinn, geta vinstri menn ekki unnið bug á efnahagslegum erfiðleikum með því að virða þá að vettugi.“ Þetta segir Haraldur Jóhannsson, formaður útflutningssjóðs og einkaráðgjafi 4. þm. Austf. Hann sagði, að sósialistunum hætti til eins og strútnum að stinga höfðinu í sandinn, þegar efnahagsmál væru rædd, og því verður vissulega ekki neitað, að þessi líking við strútinn sýnist vera í fullu gildi, því að allt tal Alþb.-manna hérna í d. um efnahagsmál hefur verið eins og talað upp úr sandi.

Stjórnarandstæðingar reyna að koma því inn hjá almenningi, að sú hin nýja gengisfelling sé í senn meiri en nokkurn tíma áður og auk þess algerlega tilefnislaus. Einkum eru það Alþb.-menn, sem þannig túlka málið. Halda þeir því fram, að ætlunin sé að fella gengið um 135%. Því er nú til að svara, að sú gengisskráning, sem nú er ráðgerð, er aðeins 20—34% felling frá löglegu sölu- og kaupgengi, sem að undanförnu hefur verið á erlendum gjaldeyri, eða samkv. upplýsingum hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, sem sama embætti gegndi í vinstri stjórninni, minni gengisfelling en framkvæmd var af þeirri stjórn, en það var að vísu ekki undir nafninu gengisfelling, heldur gekk sú gengisfelling undir dulnefninu yfirfærslugjald. Þessi gengisfelling vinstri stjórnarinnar, sem sósialistarnir engu síður en aðrir stuðningsmenn hennar báru fulla ábyrgð á, nam hvorki meira né minna en 30%. Þegar gengið var fellt árið 1950, nam sú gengisfelling röskum 42%. Sú gengisfelling, sem er núna fyrirhuguð, er því minni en oft áður og áreiðanlega ekki meiri en sú gengisfelling, sem vinstri stjórnin framkvæmdi. Um nauðsyn þessarar gengisfellingar þarf heldur enginn að efast.

Í sjálfu sér er það furðulegt, að nokkrum manni skuli nokkurn tíma koma til hugar, að nokkurri ríkisstj. á Íslandi skuli detta í hug að leggja út í gengisfellingu, nema henni sé nauðugur einn kostur, því að gengisfelling er vissulega neyðarúrræði, sem aðeins er gripið til, ef annarra kosta er ekki völ, og gengisfelling sé áður í raun réttri gerð staðreynd, þ. e. a. s. að gengi myntarinnar, verðmæti krónunnar, sé þegar fallið og eftir sé aðeins að viðurkenna staðreyndina á pappírnum með því að skrá hið raunverulega gengi. Þannig er og málunum háttað hér á landi í dag. Gengi krónunnar er löngu fallið. Þessa staðreynd ber hinu háa Alþ. nú aðeins að viðurkenna með því að lögbjóða skrásetninguna, það er ekkert annað, sem er að ske.

En hvers vegna heyrast þá raddir, sem andmæla þessari í sjálfu sér eðlilegu aðgerð? Hverjir hafa með öðrum orðum hag af falskri gengisskráningu? Þeir eru furðumargir, og það eru ekki bara spekúlantar, sem hagnast á falskri gengisskráningu. Fölsk gengisskráning getur, ef henni er haldið uppi með greiðsluhalla og erlendum eyðslulánum, um stundarsakir fært þeirri þjóð, sem hlut á að máli, óeðlilega góð lífskjör, en aðeins um stundarsakir. Gengisfelling þýðir undir þessum kringumstæðum lakari lífskjör fyrst í stað, einhverja kjaraskerðingu.

En dæmið um lífskjörin og kjaraskerðinguna er ekki svona einfalt. Það, sem á að bera saman, eru ekki þau óeðlilegu lífskjör, sem fengin voru að láni, og þau nýju lífskjör, sem fylgja nýrri gengisskráningu, heldur nýju lífskjörin og þau, sem skapazt hefðu, ef ekkert hefði verið að gert, því að lánslífskjörunum varð ekki til lengdar haldið uppi.

Spurningin, sem fyrst og fremst verður því að svara, áður en lífskjaradæmið er reiknað út, er: Hver hefðu lífskjörin orðið, ef ekkert hefði verið að gert? Þeirri spurningu verður að vísu ekki svarað í krónum og aurum, en henni er hins vegar auðsvarað með almennum orðum. Ef genginu hefði ekki verið breytt og samtímis gripið til annarra ráðstafana til þess að stöðva verðþenslu, hefði óðaverðbólga, greiðsluhalli og alger gjaldeyrisskortur fljótlega leitt til greiðsluþrota, vöruskorts og atvinnuleysis. Það er þetta efnahagslega hrun, sem menn eiga að bera saman við þá kjaraskerðingu, sem hin nýja gengisskráning kann að hafa í för með sér. Það er á milli þessara tveggja lífskjara, sem þjóðin á að velja, og það ætti vissulega ekki að vera vandasamt.

Sósíalistar, sem samþykktu gengisfellingu í vinstri stjórn, vilja auðvitað ekki samþykkja gengisfellingu, þegar þeir eru utan stjórnar. Það er afstaða fyrir sig og óþarft að rökræða hana.

Framsóknarmenn eru tvístígandi eins og oft áður. Þeir segja, að gengisfellingin sé of mikil, en færa engin rök fyrir því. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) segir líka, að kjaraskerðingin sé of mikil. Kannske hann vildi segja okkur, hvað hann telur hæfilega kjaraskerðingu, það væri vissulega fróðlegt að heyra. Framsóknarmenn eru tvístígandi eins og áður. Þeir minnast úttektar þjóðarbúsins, sem Hermann Jónasson fékk erlendu sérfræðingana til þess að gera í september 1956, og þeir ráðlögðu ýmsar skynsamlegar aðgerðir, sem að vísu mundu hafa í för með sér 2—3% kjaraskerðingu. Þá tvístigu framsóknarmenn. Þeir stungu skýrslum sérfræðinganna undir stól, framkvæmdu ekki aðgerðir eftir ráðleggingum sérfræðinganna, en leiddu samt yfir þjóðina talsvert meira en 2—3% kjaraskerðingu með jólagjöfinni frægu árið 1956. Þeir minnast leynitillagna sinna, sem fólu í sér gengisfellingu og nokkra kjaraskerðingu. Þeim tillögum var líka stungið undir stól og bjargráðin í maí 1958 samþ. í staðinn, og þjóðin fékk sína kjaraskerðingu engu að síður án beinnar gengisfellingar. Og nú tvístíga þeir enn. Þeir standa öðrum fæti í haftakerfinu, en hinum vilja þeir tylla við jaðar efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar. Þeir hegða sér eiginlega nákvæmlega eins og Magnús gamli sálarháski hérna um árið, þegar manntalið var fyrir norðan. Hann labbaði sig upp í Vatnsskarð og lá þar allan daginn yfir læk, sem skilur Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, hálfur í hvorri sýslunni, þannig að hvergi væri hægt að telja, að hann væri tilheyrandi. Í gengismálinu eru sósíalistar nefnilega fulltrúar stefnu strútsins, en Framsókn stefnu Sálarháskans, og er hvorugur hluturinn góður.

En hver er svo ávinningurinn við gengisfellinguna? Hún er einn veigamesti þátturinn í að forða frá efnahagshruninu. Með henni á að vera hægt að rétta af greiðsluhallann, gera eyðslulánin ónauðsynleg, uppræta gjaldeyrisskortinn, örva framleiðsluna, koma upp gjaldeyrisvarasjóði, gera viðskiptin frjáls og koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Einn sneggsti bletturinn á hinu íslenzka efnahagskerfi s. l. 15 ár hefur verið skorturinn á gjaldeyrisvarasjóði. Það var einmitt hann, sem átti sinn þátt í, að tilraunin árið 1950 tókst ekki til fulls. Og það er einnig þessi skortur, sem því veldur, að allar tilraunir til þess að gera verzlunina frjálsa hafa farið út um þúfur. Burtséð frá þessum sérstöku viðhorfum þörfnumst við gjaldeyrisvarasjóðs vegna ýmiss konar sveiflna í framleiðslu okkar og utanríkisverzlun.

Í lagafrv. þessu er gert ráð fyrir, að tekin séu gjaldeyrislán að upphæð 20 millj. dollara. Stjórnarandstaðan hefur mjög haldið því á lofti, að hér sé haldið áfram á fyrri lántökubraut, þarna sé um ný, stór eyðslulán að ræða og af þeim muni hljótast þungar vaxtabyrðar til viðbótar þeim, sem fyrir voru. Sé þetta lítt í samræmi við gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á lánastefnu vinstri stjórnarinnar og aðvaranir okkar, að Íslendingar mættu ekki binda sér of þunga vaxtabagga erlendis.

Þessi lántökuheimild er allt annars eðlis en venjuleg eyðslulán. Hér er nánast aðeins um að ræða yfirdráttarheimild, sem ekki er gert ráð fyrir að nota, nema þegar þörf krefur, og aldrei að breyta í föst lán. Þetta er, eins og ég gat um, fyrst og fremst varasjóður, og vextir verða ekki greiddir af honum, nema eftir því sem hann er notaður. Af eftirtöldum skýringaratriðum má sjá, hversu óhjákvæmileg okkur er einmitt þessi lánsheimild:

1) Í dag eiga Íslendingar engan gjaldeyrisforða og enga ónotaða yfirdráttarmöguleika.

2) Á undanförnum árum hafa árstíðasveiflur í gjaldeyrisstöðu okkar komizt upp í 10 millj. dollara á ári.

3) Aðrar sveiflur í gjaldeyrisstöðunni milli ára vegna birgðabreytinga hafa oft numið 5—6 millj. dollara.

4) Þá getur þurft að jafna sveiflur vegna aflabragða, og geta þær verið miklar.

5) Frjálsleg viðskipti eru með öllu útiokuð, nema gjaldeyrisvarasjóður sé fyrir hendi til þess að jafna sveiflur af þessu tagi, og er höfuðtilgangur 20 millj. dollara heimildarinnar einmitt að mynda slíkan varasjóð til þess að leysa þau vandamál, sem ég greindi frá. Ætti slíkur sjóður að gerbreyta viðskiptaaðstöðu landsins og auðvelda, að upp verði tekin frjálsari viðskipti, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Einn áfangi í hinni nýju viðreisnarstefnu er sem sagt að gera utanríkisviðskipti þjóðarinnar frjálsari, einkum innflutningsverzlunina. Mun tilætlunin að leggja niður innflutningsskrifstofuna og raunar einnig útflutningsnefndina og gefa smám saman allt að 85—90% af innflutningnum algerlega frjálsan, þ. e. a. s. 60% yrðu frjáls með öllu, 40% væru á leyfum, en þar af 25—30% leyfisvara á clearing-lönd og

raunverulega frjáls innan þeirra marka, en 10—15% yrðu aftur á ströngum leyfalista.

Á síðustu árum hafa 17 lönd í Norður-, Vestur-, Suður- og Austur-Evrópu gefið 90% af innflutningsverzlun sinni frjálsa. Fyrir 10 árum voru öll þessi lönd með greiðsluhalla gagnvart Bandaríkjunum og bjuggu við alls konar viðskiptahöft. Nú hafa þau létt höftunum af og hafa mjög mörg orðið hagstæðan greiðslujöfnuð gagnvart Bandaríkjunum, enda eru þau nú öll með rétt skráð gengi. Grikkland, Tyrkland og Frakkland voru síðust þessara landa að leiðrétta gengi sitt og gera verzlunina frjálsa. Þetta skeði, sem kunnugt er, í Frakklandi um áramótin 1958—59. Til fróðleiks má geta þess, að þar gerðu hagfræðingar áætlanir um þær verðhækkanir, sem gengisfellingin mundi hafa í för með sér. En verðhækkunin varð minni en gert var ráð fyrir, sökum þess að verzlunarfrelsið, samkeppnin, sem því fylgdi, vó að verulegu leyti upp á móti verðhækkun gengisfellingarinnar. Frjáls verzlun er nefnilega ekkert sérhagsmunamál þeirra, sem við verzlun fást. Hún er hagsmunamál allra þegnanna, því að ef verzlunin verður raunverulega frjáls, færir hún í þjóðarbúið betri vörur og ódýrari vörur og meira vöruval.

Sú tölulega kjaraskerðing, sem áætla má að ein gengisfelling geti orsakað, kann því stundum að vera að mestu bætt með beinum kjarabótum, sem frjálsari verzlun færir landsmönnum. Þær kjarabætur verða að vísu ekki tíundaðar í neinni vísitölu. En engu að síður geta þær reynzt alþýðu manna sá búhnykkur, sem baggamun getur ráðið um afkomu manna, því að með frjálsum viðskiptum getur kaupmáttur launanna aukizt meira og varanlegar en oft verður áorkað með beinum kauphækkunum. En það er eins og sumum standi einhver alveg óskiljanlegur stuggur af frjálsri verzlun og halda þar á lofti fáránlegustu rökum. T. d. hefur mér stundum fundizt jafnmargfróður maður og 3. þm. Reykv. (EOl) vera með æði gamaldags kenningar á því sviði, þegar hann hefur í sambandi við aukið verzlunarfrelsi verið að bollaleggja um, hvort við eigum að hugsa um íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæða heild eða part úr stærri heild, og að verið væri að innlima okkur í stór viðskiptasvæði og innleiða með því atvinnuleysi og ég veit ekki hvað og hvað. Enn þá öfgafyllri fannst mér fullyrðing, sem ég las nýlega í tímariti Máls og menningar og var skrifuð af ungum frönskum manni um íslenzkt hagkerfi. Hann virtist óttast „liberaliseringu“ eða fríverzlun hér á landi vegna þess, eins og hann orðaði það, að Ísland væri atvinnulega á stigi hálfnýlendu. Þetta er sennilega einhver erfða-„komplex“ vegna 600 ára setu Íslendinga í verzlunarfangelsi útlendra einvaldskonunga og einokunarkaupmanna plús 30 ára stofufangelsi íslenzkrar verzlunar undir varðgæzlu stofnana með breytilegum nöfnum, sem aðsetur hafa haft ekki-tugthúsmegin við Skólavörðustíg.

Í fyrsta lagi á hálfnýlenduröksemdin sennilega engan formælanda hér í d., svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um hana. Í öðru lagi er svo spurningin, hvort við hugsum okkur íslenzkan þjóðarbúskap sem sjálfstæða heild eða hluta af stærri heild, hrein rökvilla, því að vitaskuld á íslenzkur þjóðarbúskapur í senn að vera sjálfstæð heild og hluti af stærri heild, hluti af viðskiptum allra, sem frjáls viðskipti vilja reka, og hluti af gervöllum heimsviðskiptunum. Tímabili einangrunar er lokið á Íslandi bæði í menningarmálum og viðskiptamálum. Þeir, sem hugsa eins og Máls- og menningar-pilturinn, halda, að við séum enn á hálfnýlendustigi, og telja, að vernda þurfi okkur fyrir frjálsum viðskiptum við umheiminn, eins og Danir vernda Grænlendinga með einokun sinni, — þeir eru heilli öld á eftir tímanum. Þeim væri sannarlega hollt að lesa það, sem Jón Sigurðsson sagði einmitt fyrir einni öld um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Verzluninni er eins háttað á Íslandi og annars staðar, að því frjálsari sem hún verður, því hagsælli verður hún landinu. Slíkt dæmi er mikilsvert og því heldur sem mörgum hættir við að taka Ísland eitt sér í allri veröldinni og vilja neita, að reynsla annarra landa eigi þar við.“

Ísland er ekki lokað land, og við viljum ekki lifa í lokuðum viðskiptaheimi. Þess vegna er kannske eina hættan, sem að okkur gæti steðjað í þessum efnum, að við bindum okkur um of ófrjálsum clearing-samningum við lönd, sem enn geta ekki vegna gjaldeyrisörðugleika eða pólitískrar sérvizku rekið frjáls viðskipti. Hættan fyrir framleiðslu okkar og útflutningsverzlun liggur í því að vera of háðir úrslitavaldi fjögurra rauðra clearing-stórvelda og eins Færeyings. Þjóð, sem fær hlutfallslega meira af þjóðartekjum sínum úr utanríkisverzlun sinni en flestar aðrar þjóðir heims, hlýtur að keppa að því að geta rekið sem frjálsust viðskipti við allar þjóðir. Það eru hennar hagsmunir, hennar mikla kjarabót, og að þessu miðar einmitt efnahagsmálafrv. það, sem hér er til umræðu.

Með afnámi uppbóta- og styrkjakerfisins og sannvirðisgengisskráningu krónunnar skapast algerlega nýr starfsgrundvöllur fyrir útflutningsframleiðsluna og allan atvinnurekstur í landinu, — starfsskilyrði, sem gera meiri kröfur til atvinnurekenda en áður tíðkaðist, en gefa þeim jafnframt miklu meiri möguleika. Nú á að myndast rekstrargrundvöllur, sem gerir mögulegt að láta framleiðsluna bera sig styrkjalaust, en jafnframt er til þess ætlazt, að atvinnurekstrinn standi á eigin fótum og fyrirtækin séu rekin á ábyrgð eigendanna sjálfra. Hin nýja gengisskráning er ekki miðuð, eins og uppbæturnar, við rekstur lökustu fyrirtækjanna, heldur við rekstur meðalfyrirtækja, þess fyrirtækis, sem er skaplega rekið. Áratugs styrkja- og uppbótakerfi hefur alið hálfgerða ómyndugleikatilfinningu upp hjá sumum atvinnurekendum, sem kastað hafa öllum sínum áhyggjum upp á einhverja opinbera forsjá, og hjá sumum hefur þá jafnframt sljóvgazt tilfinningin fyrir því, að atvinnurekandi sé ábyrgur fyrir gengi fyrirtækis og að

fyrirtækið þurfi að bera sig. Hinn nýi grundvöllur vekur til samkeppni, knýr til aukinnar hagkvæmni, „rationaliseringar", við rekstur fyrirtækjanna. Atvinnurekstrinum er nú ætlað að standa á eigin fótum.

Það er auðvitað algerlega út í hött að halda því fram, að fyrirtæki, sem stendur á eigin fótum og rekið er með fullri ábyrgð eigendanna, þurfi ekki á aðstoð lánastofnana að halda bæði við stofnsetningu og rekstur. Slíkt er auðvitað lífsnauðsynlegt í hvaða þjóðfélagi sem er og við hvaða efnahagskerfi sem búið er. Að halda því fram, að fyrirtæki standi ekki á eigin fótum, þó að það noti lánsfé, en eigi t. d. miklar og verðmætar eignir og framleiðslutæki, er álíka og að fullyrða, að hús eða bygging standi ekki af eigin styrkleika, þótt grunn þurfi undir það. Með því að standa á eigin fótum er auðvitað átt við, að fyrirtæki fái eðlilega og heilbrigða starfsmöguleika, geti skilað afrakstri, myndað eðlilega sjóði til aukningar, viðbótar og viðhalds framleiðslutækjunum. Andstæða þessa er hins vegar ríkjandi ástand, þar sem styrkir eru stýfðir úr hnefa og réttir sem ölmusur að þeim, sem atvinnutækin reka, og afkomu fyrirtækjanna haldið stöðugt svo bágborinni, að tekjur hrökkva oft ekki fyrir rekstrarútgjöldum, hvað þá að myndaðir séu nauðsynlegir sjóðir til endurnýjunar á atvinnutækjum, og stjórnvöldin hafi slíkt ógnarvald yfir atvinnurekstrinum, að valdhafar geti með því að kippa að sér styrkjalúkunni með einu handbragði slitið þann bláþráð, sem tilvera stórfyrirtækja, atvinnuvega og afkoma heilla bæja og byggðarlaga byggist á.

Raunhæf gengisskráning og aukið athafnafrelsi munu ásamt leiðréttingu á skattakerfi landsmanna færa nýtt fjör í atvinnulíf þjóðarinnar. Þegar hætt verður að arðræna framleiðslugreinarnar, eins og átt hefur sér stað að undanförnu, og útgerð og útflutningsfyrirtækjum, sem og öðrum atvinnurekstri í landinu, verður heimilað að nota afrakstur fyrirtækjanna til þess að endurnýja tæki sín og færa út kvíarnar, en eru ekki þvinguð til þess að hjara á gersamlega óraunhæfum starfsgrundvelli og síðan mergsogin og skattpínd af opinberum aðilum, þá mun flótti fjármagnsins í fasteignir hverfa úr sögunni, brask og „spekulations"-gróði vegna rangrar gengisskráningar missa aðdráttarafl sitt, en fjármagnið og heilbrigð athafnaþrá leita í framleiðsluna, sem við þennan nýja liðsauka mun færast í aukana, hasla sér nýjan völl á nýjum vettvangi. Þessi blóðgjöf til útflutningsatvinnuveganna ætti því tvímælalaust að stuðla að auknum afköstum, fjölbreyttari framleiðslu og þá samtímis að því að tryggja almenna og stöðuga atvinnu í landinu.

Önnur meginforsenda þess, að viðreisnarstefnan, gengisbreytingin og hinar ýmsu hliðarráðstafanir hennar beri fullkominn árangur og jafnvægi í búskaparstarfseminni náist, er, að eftirspurn aukist ekki vegna peningaþenslu um meira en sem samsvarar framleiðsluaukningu þjóðarbúsins. Gengisbreytingin mun vafalaust hafa í för með sér verulega aukna eftirspurn eftir lánsfé, sökum þess að atvinnurekstur mun almennt verða fjárfrekari, eftir að áhrifa gengisbreytingarinnar fer að gæta. Ef bankarnir mundu nú takmarkalaust verða við þessum óskum, mundu áhrif gengisbreytingarinnar verða að engu og verðbólgan fljótlega blása upp með fullum krafti að nýju. Bæði atvinnurekendur og launþegar verða því að gera sér ljóst, að útlánatakmörkun bankanna er sá meginvarnargarður, sem á að koma í veg fyrir, að stórstreymi verðbólgunnar flæði að nýju yfir landið. Ef brotin verða skörð í þann flóðgarð, er allt erfiðið unnið fyrir gýg. Þá munu jafnt réttlátir sem ranglátir skolast með flóði nýrrar verðbólgu.

Samkv. frv. um efnahagsmál er bæði gert ráð fyrir beinni útlánatakmörkun bankanna og sömuleiðis óbeinni takmörkun með tilstilli ákveðinnar vaxtapólitíkur. Gert er ráð fyrir, að aðgerðum þessum sé stjórnað af seðlabanka landsins, svo sem tíðkast í öðrum löndum. Það er algengur háttur meðal annarra þjóða að stjórna peningamálum í gegnum vaxtapólitíkina að miklu leyti. Þessi háttur hefur ekki nema að litlu leyti verið viðhafður hér á landi, m. a. sökum þess, að á langvarandi verðbólgutímum hefur slík vaxtapólitík ekki nema tiltölulega takmarkaða þýðingu. Tilætlunin er nú að treysta á að beita þessari aðferð ásamt beinni útlánatakmörkun. Ekki mun þó tilætlunin, að vaxtahækkunin eða útlánatakmörkunin verði varanlegt fyrirkomulag, heldur fyrst og fremst stundaraðgerðir til þess að tryggja, að gengisbreytingin verði ekki eyðilögð af nýrri verðbólgu, og til þess að treysta grundvöllinn undir hinum nýja jafnvægisbúskap, á meðan áhrif gengisbreytingar og hliðarráðstafana eru smám saman að koma fram og mynda eina heild.

Hér á landi hefur verið allmikill sparnaður á síðari árum. En þessi sparifjármyndun hefur runnið að mestu beint í fjárfestingu, en ekki til framleiðslunnar, heldur mikið af henni til ýmiss konar óhagkvæmrar fjárfestingar eða lítið arðbærrar fjárfestingar, byggingar íbúðarhúsa og fleira. Vonir standa nú til, að hækkaðir vextir og bætt starfsskilyrði atvinnurekstrarins muni draga hluta þessarar fjármagnsmyndunar eftirleiðis frá hinni óarðbæru fjárfestingu og yfir til framleiðslunnar. Ætti þetta að einhverju leyti að geta bætt úr fjármagnsþörf framleiðslufyrirtækjanna.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur einmitt oftsinnis bent á þessa miklu fjárfestingu, sem beint hafi haft í för með sér kjaraskerðingu fyrir launþega. Hefur hann m. a. í grg. fyrir frv. um áætlunarráð ríkisins reynt að færa að því tölulegar sönnur, að hin of mikla fjárfesting, sem, eins og ég hef bent á, hefur að verulegu leyti farið í óarðbæra fjárfestingu, hafi minnkað neyzlu manna og því þrengt kjörin. Um fjárfestingarstefnuna má svo segja það, að hún hefur hvorki verið í samræmi við raunverulega getu þjóðarinnar né alls kostar hagkvæm. Hin of mikla fjárfesting hefur bæði þrýst á greiðsluijöfnuðinn og skapað togstreitu um vinnuaflið, auk þess sem hún hefur beint skert

kjör launþeganna, þannig að neyzla einstaklinga og þess opinbera hefur á liðnum tíu árum lækkað um 10% miðað við hlutdeild í þjóðarframleiðslunni. Árið 1948 var hlutur neyzlunnar 63.3% þjóðarframleiðslunnar, en 1957 ekki nema 53.3%. Afleiðing þessarar röngu fjárfestingarstefnu hefur því m. a. verið stöðugur greiðsluhalli við útlönd, skortur á vinnuafli til framleiðslunnar og rýrnun lífskjara launþeganna, miðað við það, sem ella hefði verið. Það ætti því vissulega að vera launþegum fagnaðarefni, ef ný bankapólitík er tekin upp, sem beinir sparnaðinum að arðbærri framleiðslu, sem veitir ekki aðeins atvinnu og tekjur, heldur og með vaxandi framleiðslu gerir aukna neyzlu mögulega á komandi árum.

Því er hins vegar alls ekki að neita, að hin nýja bankapólitík verður ekki sársaukalaus. Þess ber þó að gæta, að ef hún verður ekki framkvæmd, þá verður í fyrsta lagi gengisfellingin til einskis og verðbólgan skellur á að nýju með fullum þunga. Í öðru lagi er hún ekki hugsuð sem varanlegt fyrirkomulag, heldur aðeins jafnvægisaðgerð. Og í þriðja lagi má alls ekki ganga lengra en svo í útlánatakmörkuninni, að hún undir engum kringumstæðum hindri vöxt framleiðslunnar eða af henni leiði atvinnuleysi.

Peningamálin eru einn viðkvæmasti þáttur efnahagsmálanna. Þau eru blóðrás þjóðarbúsins. Eftir þeim farvegi rennur fjármagnsstraumurinn, sem greinist út í hið fínasta háræðanet atvinnulífsins. Þarna má hvorki of né van gera. Það verða ríkisstj. og seðlabankastjórn, sem halda um púlsinn og fylgjast með æðaslögum framleiðslunnar og eiga að tryggja það með nægilegri blóðgjöf, að búskaparstarfsemin haldi fullum þrótti.

En það eru fleiri hliðar á málinu. Vaxtahækkunin ætti að vera mikil sárabót til handa þeim sparifjáreigendum, sem verðbólgan hefur á liðnum árum leikið gráastan leik við, auk þess sem hin nýja peningapólitík, ef hún tekst, mun endurreisa virðingu íslenzku krónunnar og tiltrú manna til hennar sem verðmælis og verðmætis, þannig að sá dagur gæti verið fram undan, að það mundi þykja jafngott að eiga íslenzka peninga sem erlenda mynt og verðmætari eign vera í slegnum krónum en í munum úr járni og steinsteypu. Öll miðar þessi viðleitni á sviði peningamálanna fyrst og fremst að því að vængstýfa þann ferlega vágest, sem nefnist verðbólga.

Önnur meginforsenda þess, að viðreisnarstefnan megi ná tilætluðum árangri er sú, að komið sé í veg fyrir, að framhald verði á hinu sjálfvirka kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags, sem vísitölukerfið hefur um langan aldur orsakað. Þess vegna leggur ríkisstj. til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Hins vegar eru ekki í frv. nein ákvæði um grunnkaup og þaðan af síður nokkur ákvæði um kaupbindingu, eins og hv. 4. þm. Austf. staðhæfði þó hér nýverið í umræðunum. Vísitölukerfið var að sumu leyti ekki alveg óáþekkt uppbótakerfinu, þ. e. a. s. nokkurs konar verðlagssvikamylla. Kaupgjaldshækkunum fylgdu sjálfkrafa hækkanir á margs konar vörum, þjónustu og verðlagi landbúnaðarvara, sem síðan hafði aftur í för með sér vísitöluhækkanir og þær aftur nýjar kauphækkanir og þannig koll af kolli. Ókostir vísitölukerfisins voru, að ekkert minnsta tillit var tekið til þess, hvort nokkur afkastaaukning hefði átt sér stað í þjóðfélaginu, sem réttlætti hærra kaupgjald, eða ekki. En sé þess ekki gætt, má venjulega telja alveg víst, að kjarabætur fari fljótlega forgörðum vegna aukinnar verðþenslu. Á hinn bóginn rauf svo þetta vísitölukerfi allt samhengi milli verðlags innanlands og utan, sem var stórhættulegt fyrir þjóðarbúskap, sem byggir afkomu sína í jafnríkum mæli á útflutningsverzlun og hér á sér stað. Vísitölukerfið var því fortakslaust önnur aflvél verðbólguskrúfunnar í landinu, hinn orkugjafinn var greiðsluhallakerfi útflutningssjóðs.

Vísitalan og vísitölukerfið hafa löngum verið gagnrýnd og það úr ólíkustu áttum. Nú, þegar á að losa þjóðfélagið úr tengslum við þetta varhugaverða apparat, bregður svo kynlega við, að það er eins og það ætli að verða þeim mestur harmdauði, sem sízt skyldi, og sannast hér sem oftar, að enginn gerir svo að öllum líki og ekki guð í himnaríki. Nú segir t. d. hv. 3. þm. Reykv. hér í d. með hreinum útfararsvip: Þessi vísitala, sem verið hefur eina vörn hins fátæka manns. — Einhvers staðar hafði ég nú áður lesið eftir hann, að s. l. 17 ár hefði auðvaldið gripið til þeirrar svikamyllu verðbólgunnar, sem það hefur haldið gangandi, til þess að reyna þannig jafnóðum að ræna verkalýðinn ávöxtunum af sigrum hans. Já, svikamylla var vissulega réttnefni á vísitölukerfinu. Þetta kerfi hafði verið réttlætt með því, að það ætti að tryggja tvennt: afkomu launþeganna og vinnufrið í landinu. En hvorugt fyrirheitið var efnt. Vinnudeilur voru síður en svo fátíðari en áður, og um afkomu launþeganna vitnast til þeirra ummæla hv. 3. þm. Reykv. hér nýlega við umræður um þetta frv., er hann fullyrti, að kaupmáttur verkalýðsins væri í dag minni en fyrir 12 árum og það þrátt fyrir vísitölukerfið. Ætti það að vera fullgild sönnun þess, að verðbólgan étur allar kauphækkanir, ef þær eru ekki byggðar á aukinni þjóðarframleiðslu, og að vísitölukerfið var einmitt aflgjafi þeirrar verðbólguófreskju, er þannig lék verkalýð og launþega á undanförnum árum.

Það skal fúslega játað, að alltaf er óhægra að leysa en binda og í sjálfu sér ekkert óskiljanlegt, að það verði launþegasamtökunum nokkur viðbrigði að semja nú framvegis um kjör sín án vísitölukerfis. En við athugun málsins og að fenginni reynslu efast ég ekki um, að forvígismenn þeirra munu fljótlega átta sig á, að þeir geta grátið útför vísitölukerfisins þurrum tárum.

Hæstv. ríkisstj. hefur af stjórnarandstöðunni verið ásökuð fyrir að hafa ekki haft samráð við samtök launþega um þessa lagasetningu, sem nú er fjallað um. Alls kostar rétt mun það ekki vera, því að forseti Alþýðusambandsins

hefur sjálfur skýrt frá því, að hæstv. forsrh. hafi kynnt forstöðumönnum verkalýðshreyfingarinnar efni þessa frv., áður en það var lagt fram í hv. d., enda skil ég ekki, að verkalýðshreyfingin hafi verið ofsæl af svokallaðri samvinnu vinstri stjórnarinnar við hana. A. m. k. er ekki svo að skilja á formanni Sósialistafélags Reykjavíkur, herra Brynjólfi Bjarnasyni, er hann í Rétti ræðir efnahagsaðgerðir vinstri stjórnarinnar í maí 1958 og kemst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta, — Brynjólfur segir:

„Síðustu aðgerðir í efnahagsmálum voru gerðar í fullri andstöðu við mikinn meiri hluta verkalýðsstéttarinnar, enda þótt efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambandsins samþykktu að sætta sig við þær, með mótmælum þó og ærið hæpnum meiri hluta."

Ég held, að hér sé ekki um neitt að sakast. Verkalýðshreyfingin er betur sæmd af þeim vinnubrögðum, sem nú hafa verið viðhöfð, að fá vitneskju beint frá hæstv. forsrh. um þær aðgerðir, sem stjórnarvöld landsins fyrirhuga, en að vera að hætti vinstri stjórnarinnar kúguð til þess að samþykkja aðgerðir, sem henni voru þvert um geð, og það með mótmælum og hæpnum meiri hluta, eins og formaður Sósíalistafélags Reykjavíkur hefur sagt.

Áður en ég hverf frá þætti launþeganna í efnahagsmálunum, vil ég ekki láta hjá líða að taka til nokkurrar athugunar fáeinar fullyrðingar stjórnarandstöðunnar, sem sérstaklega snerta þessa aðila. Er þá aðallega tvennt, sem hæst er á loft haldið, og það er í fyrsta lagi, að það sé lægst launaða fólkið, sem byrðarnar eigi að bera, og í öðru lagi boði þessar aðgerðir stórfellt atvinnuleysi.

Um fyrra atriðið er það að segja, að við samningu þessa frv. hefur þrennt markað meginsjónarmið, sem jafnan hefur verið haft efst í huga, og það er, að allir yrðu að bera nokkrar byrðar, að engum yrði ívilnað og að byrðarnar yrðu gerðar einmitt sem léttastar á þeim, sem lægstar hefðu tekjur, stærsta fjölskyldu og þyngst heimili, og að framar öllu yrði létt undir með þeim, sem minnst hafa burðarþolið. Einmitt til þess voru allar hliðarráðstafanirnar gerðar, afnám tekjuskatts af lágtekjum, fjölskyldubætur og endurskoðun á elli- og örorkustyrkjum, svo að vissulega er þessi ásökun ómakleg, enda fullvíst, að þegar áhrifa efnahagsaðgerðanna fer að gæta, mun það upplýsast, að það verða ekki þeir lægst launuðu, sem mest munu kveinka sér, það verður annars staðar að, sem þeir kveinstafir koma.

Varðandi atvinnuleysið er það að segja: Hvaða heilvita manni dettur í hug, að til atvinnuleysis þurfi að koma í landi, sem nú vantar þúsund menn til þess að manna fiskiskipaflotann og auk þess á í vændum að fá viðbót skipakosts, sem mun krefjast annarra þúsund manna til framleiðslustarfa? Og hvers vegna ætti núv. ríkisstj. líka að vera að grípa til margháttaðra og óvinsælla aðgerða til þess að hindra hrun og stöðvun framleiðslunnar og koma í veg fyrir atvinnuleysi, ef hún stefndi að því? Og blátt áfram sagt: Hverjum dettur í hug vitandi vits að leiða yfir þetta þjóðfélag hörmungar atvinnuleysisins? Hverjum væri slíkt til gagns? Fjasið um fáeina auðmenn, sem ætli að græða á atvinnuleysinu, útlendinga í Paris, sem verði ekki svefnsamt, fyrr en búið sé að gera einhverja eyrarkarla í Reykjavík vinnulausa, það er slíkt svartnættisbull og hysteri, að slíkt er alls ekki svaravert og ekki sæmandi greindum mönnum í alvöru að láta slíkt út úr sér. Það vita víst allir nægilega vel, sem til stjórnmála þekkja, að við margan vanda hafa íslenzkar ríkisstjórnir fengizt fyrr og síðar, en einn er sá, sem enginn þeirra vill kalla yfir hvorki þjóðina né sjálfa sig til að fást við, en það er atvinnuleysi. Það er því áreiðanlega höfuðmarkmið hæstv. ríkisstjórnar að skapa einmitt atvinnuvegunum þau starfsskilyrði, að nægri atvinnu verði við haldið í landinu, enda á hún ekki hvað sízt undir velvilja þeirra, og undir velvilja þeirra, launþegasamtakanna, geta einmitt úrslit þessara mála verið komin. Launþegasamtökin eru slíkt afl í þessu þjóðfélagi, að það, að efnahagsráðstafanir takist, byggist að verulegu leyti á skilningi þeirra og velvilja, alveg eins og launþegarnir eiga ekki síður afkomu sína undir því, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar takist. Þarna er um hagsmuna- og örlagatengsl að ræða, svo náin, að ekki verður á milli greint, hvor meira á undir öðrum, og verður þá vissulega farsælast, að samvinna takist og sé góð og báðir keppi að því sameiginlega, að aðgerðir, sem miða að því að tryggja atvinnu og bætt lífskjör, megi heppnast.

Í sjálfu sér er ekki heldur fram á mikið farið. Það er aðeins óskað eftir, að verkalýðs- og launþegasamtökin kynni sér sem bezt alla málavexti, fylgist með aðgerðum stjórnarinnar og felli ekki sinn dóm yfir þeim eða torveldi þær að ófenginni reynslu og geri sér fyllilega ljóst, hvað við tekur, ef þessar aðgerðir verða eyðilagðar.

Með tilliti til þessa var vissulega góðs viti að heyra ummæli forseta Alþýðusambandsins, hv. 4. landsk., er hann upplýsti, að ekki mundi verða reynt að hafa nein pólitísk áhrif á ákvarðanir einstakra verkalýðsfélaga í þessum efnum, heldur mundi þar hverju félagi á lýðræðislegan hátt heimilt að marka afstöðu sína og að verkalýðsfélögin mundu dæma eftir reynslunni, eins og hann orðaði það. Og ég ber vissulega fullt traust til dómgreindar íslenzks verkalýðs og launþega, ef ekkert verður gert til þess að villa um fyrir þeim, og vona ég því, að verkalýðssamtökin hafi biðlund til þess, eins og forseti Alþýðusambandsins sagði, að láta reynsluna skera úr um notagildi þeirra efnahagsráðstafana, sem nú er verið að ýta úr vör.

Mjög hefur verið vandað til allrar undirbúningsvinnu að frv. þessu. Hafa þar margir lagt hönd á plóginn, sérfræðingar og embættismenn ríkisins, og þá fyrst og fremst ýmsir hinna færustu hagfræðinga. Svo einkennilega hefur brugðið við, að þessum lofsverðu vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar hefur verið fá-

lega tekið af sumum hv. þm. og jafnvel svo langt verið gengið, að stjórnin hefur sætt ámæli fyrir þetta og aðrir þm. skeytt skapi sínu á hagfræðingunum og vilja ekki einungis kenna þeim allt, sem miður hefur líkað í frv., heldur og verið felldir stóryrtir dómar um óhæfni hagfræðinga almennt til að vera ráðgjafar um efnahagsmál og stefnu ríkisstj. um atvinnu- og fjárhagsmál. Hafa í þessum umræðum nöfn mætra hagfræðinga, sem eiga ekki sæti á Alþ., verið dregin inn í umr. á hinn óviðkunnanlegasta hátt. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) sagðist ekkert leggja upp úr útreikningum hagfræðinga, því að sérfræðingar ríkisstj. semji útreikninga eftir pöntun, og gaf hann í skyn, að hæstv ríkisstj. hefði verið blekkt af slæmum hagfræðingum. Mér er satt að segja nær að halda, að ekki fylgi meining þessum málflutningi hv. 7. þm. Reykv., því að varla geri ég ráð fyrir, að hann væni Klemenz Tryggvason hagstofustjóra um að vera óvandaðan í meðferð talna eða að semja útreikninga eftir pöntun.

Hv. 4. þm. Austf. hafði og hagfræðingana mjög á hornum sér og tortryggði á margan hátt útreikninga þeirra og niðurstöður og bætti því við, að kannske mætti nota till. hagfræðinga, ef þeir væru fyrst dæmdir til að vinna eitt ár erfiðisvinnu. Hafði sami þm. ekki nógu sterk orð yfir ókunnugleika allra hagfræðinga á atvinnulífinu og lífi og starfi almennings við sjávarsíðuna, því að þeir þekktu ekki framstafn frá afturstefni á skipi. Heldur virðist þetta nú vera lítið vinsamlegt viðskot til þess eina hagfræðings, sem vitað er að enn aðhyllist kommúnismann hér á landi og Lúðvík Jósefsson hefur haft nánasta umgengni við, sem er herra Haraldur Jóhannsson, en hann þrátt fyrir þessa einkunn gerði að formanni útflutningssjóðs í sinni ráðherratíð. Slíkir sleggjudómar sem þetta eru annars gersamlega út í hött, því að Haraldur Jóhannsson og aðrir geta vitanlega verið jafnhæfir hagfræðingar, hvort sem þeir kunna einhver skil á bátasmíð eða ekki, alveg eins og það breytir litlu um viðurkennda hraðmælsku 4. þm. Austf., að manni finnst hann snöggsjóða stundum nokkuð tölulegar staðreyndir, sem hann flytur þingheimi.

Varðandi kunnugleika hagfræðinga þeirra, sem um þetta frv. hafa fjallað, á sjávarútveginum, þá var nú einmitt einn þeirra, sem Lúðvík Jósefsson sagði að ekki kynnu skilsmun á stöfnum skipa, að setja fiskiþingið þá stundina, sem hv. þm. hélt sína tölu. Það vildi svo vel til, að Davíð Ólafsson, hagfræðingur og fiskimálastjóri, var einn í hópi þeirra, sem undirbjuggu þetta frv., og ætti 4. þm. Austf. að vera manna bezt kunnugt um óumdeilanlega þekkingu Davíðs Ólafssonar á sjávarútvegsmálum, bæði frá uppvaxtarárum þeirra á Norðfirði og einnig frá sinni ráðherratíð.

Það, sem mér hefur þó komið einna mest á óvart í sambandi við allt þetta nart í hagfræðingana, eru ýmis ummæli hv. 3. þm. Reykv. um hagfræðinga við þær umræður, sem fram hafa farið hér í d. við ýmis tækifæri, og hélt ég þó, að hann hefði dálæti á a. m. k. vissum þáttum hagvísindanna. Hefur hann hér hvað eftir annað lýst yfir vantrausti sínu á hagfræðingum og þó einkum og sér í lagi ungum hagfræðingum, sem hefðu tileinkað sér „vitlausar hagfræðikenningar", eins og hann komst að orði. Einu sinni skrifaði Einar Olgeirsson þó í Rétti, að það væri eins og ætti að tefla manntafl án þess að kunna manngangin, að ætla að stjórna íslenzkum þjóðarbúskap án kunnugleika á Marxismanum, og hélt ég þó, að Marxisminn væri nú kannske hagfræðikenning, — en það er þá kannske ekki? Og einu sinni fór líka orð af því meðal skólapilta, — ég man eftir því sjálfur, — sem höfðu dálæti á Einari Olgeirssyni fyrir glatt viðmót og hressilega framkomu, að hann hefði góðan skilning á ungu fólki. En sennilega er nú viðhorf hans til unga fólksins farið að reskjast, alveg eins og hagfræðikenningar hans og Marx gerast nú ellimóðar og úreltar.

Ég vil leyfa mér að minna hv. d. á, að það eru nú einmitt rösk hundrað ár síðan sá maðurinn, sem mest hefur þótt sópa af í sölum Alþingis fyrr og síðar, hóf útgáfu hagfræðilegra upplýsinga til leiðbeiningar m. a. fyrir stjórnendur landsins. Maðurinn var enginn annar en Jón Sigurðsson, og ritið var Skýrslur um landshagi á Íslandi, sem gefið var út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Í formála þessa rits komst Jón Sigurðsson þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fám orðum að segja, sá, sem ekki þekkir ásigkomulag landsins eða sem vér köllum hagfræði þess í öllum greinum sem glöggvast og nákvæmlegast, hann getur ekki með neinni grein talað um landsins gagn og nauðsynjar." Og hann heldur áfram: „Í öllum löndum, þar sem nokkur menntun er, taka menn sér fyrir hendur að safna skýrslum um hagfræði landsins og er varið mikilli ástundun og miklu fé til þess, að þær verði sem fullkomnastar, sem aðgengilegastar alþýðu og sem kunnastar meðal þjóðarinnar."

Síðar ætlaði Jón Sigurðsson sjálfur að semja kennslubók handa þjóðinni í hagfræði, en entist ekki aldur til. Sá, sem það þarfa verk vann fyrstur manna, átti einnig sæti á Alþingi. Það var sá fjölspaki séra Arnljótur Ólafsson. Segist hann hafa boðið Alþingi árið 1877 að semja auðfræðisrit, og var það fúslega þegið.

Ég held, að hið háa Alþingi, minnugt þessara hagfræðilegu erfða, ætti enn að þiggja fúslega alla aðstoð hagfræðinga og hagvísindanna við sín störf, þar sem þau henta, og vissulega eiga þeir Jónas Haralz, Jóhannes Nordal, Klemenz Tryggvason, Davíð Ólafsson og aðrir hagfræðingar, sem hér hafa lagt hönd á plóginn, miklar þakkir skilið fyrir vel unnið vandasamt verk, er lagafrv. þetta var samið. Hins vegar bera þeir enga ábyrgð á þeirri efnahagsmálastefnu, sem mótar frv. þetta. Hún er hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar. Og segja má jafnframt, að þetta sé í fyrsta sinn um langt skeið, sem mótuð er heilsteypt efnahagsmálapólitík í þessu landi. Þessi efnahagsmálapólitík byggist á þeirri stefnuskrá stjórnarflokkanna, er þeir börðust fyrir við

haustkosningarnar á s. l. ári, og er í anda þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. ríkisstj. gaf út, er hún tók við völdum.

Þar sem 7. þm. Reykv. var sérstaklega að flíka fáfræði sinni með fullyrðingum um, að efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar væri svik við kosningastefnuskrá Sjálfstfl., leiðina til bættra lífskjara, vil ég mótmæla þeim áburði sem staðlausum stöfum, því að í efnahagsmálafrv. og þeim öðrum fjárhags- og efnahagsmálafrv., sem hæstv. ríkisstj. mun innan skamms leggja fyrir Alþ., felst afdráttarlaus staðfesting á öllum stefnuskráratriðunum sex: stöðvun verðbólgunnar, jafnvægi í þjóðarbúskapnum, stéttafriður, uppbygging atvinnuveganna, hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi, aukin framleiðsla og bætt lífskjör.

Hitt skal hreinskilnislega játað, að leiðin til bættra lífskjara getur verið harðsótt og er áreiðanlega ekki rósum stráð, jafnrétt og það kann að vera, að leiðin, sem forseti Alþýðusambands Íslands hefur nefnt „leiðina til glötunar", geti verið nógu mjúk undir fótinn. En það er ekki það, sem úrslitum ræður, heldur hitt, að leiðin til glötunar, verðbólguleiðin, liggur fram af bjargi, en leiðin til bættra lífskjara, viðreisnarstefnan, liggur í örugga höfn í gróskufullu, heilbrigðu þjóðfélagi.

Það var ekki að tilefnislausu, að hæstv. forsrh. sagði, að þjóðarvoði væri fram undan, ef ekkert væri að gert. Í grg. þessa frv. greinir frá því, að um áramótin hafi gjaldeyrisstaða Íslands verið verri en nokkurs annars lands, sem upplýsingar liggja fyrir um, að einu eða tveimur ef til vill undanskildum, og þó hefur nú aðalbankastjóri seðlabankans upplýst, að gjaldeyrisstaðan í s. l. janúarmánuði einum saman hafi versnað um 35 millj. kr. til viðbótar. Engin ríkisstj. hefur gleði af að flytja þjóð sinni boðskap um slíka erfiðleika eða stofna til lagasetningar, sem skerða kann lífskjör allra um stund, enda ekki líklegt til vinsælda í voru landi. En til þess þarf hins vegar heiðarleik og einurð, til þess er þing kjörið að lögstjórna landi, og til þess er stjórn mynduð að leiða þjóðina af ábyrgðartilfinningu, en flýja ekki staðreyndir vegna einhverra meintra vinsælda. Þess vegna hefur núv. hæstv. ríkisstj. unnið fyrir opnum tjöldum og sagt þjóðinni allan sannleikann, því að meginmáli skiptir, að þjóðin geri sér ljóst og viðurkenni í verki nauðsyn þess að leggja inn á nýja braut, sem sneiðir hjá verðbólgu og samdrætti. Sá vegur liggur að traustara og þróttmeira efnahagskerfi en við búum við í dag. Hornsteinar þess eru atvinnufrelsi og félagslegt öryggi. Það efnahagskerfi felur í sér vaxtar- og framvindumöguleika markaðsbúskaparins, en girðir jafnframt fyrir félagslegt misrétti og tryggir þegnunum aukið efnahagslegt lýðræði og öryggi í ríkara mæli. Eftir að efnahagslegt jafnvægi hefur náðst og grunnur núverandi atvinnuvega hefur verið treystur, þarf að byggja upp nýja atvinnuvegi, stóriðju til útflutnings, svo að afkoma landsmanna verði tryggari, árvissari og velmegunin almenn og varanleg.

Sú efnahagsmálastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur mótað, byggist á ábyrgðartilfinningu gagnvart þeim efnahagsverðmætum, sem við höfum hlotið í arf, á raunhæfu mati á viðfangsefnum líðandi stundar og vilja til þess að skila þróttmiklum þjóðarbúskap í hendur komandi kynslóð.

Bjarni frá Vogi ræddi einhvern tíma um þjóðarþrá um viðreisn. Sú þjóðarþrá er vissulega vakandi í dag. Þjóðin þráir viðreisn í efnahagsmálum. Í sambandi við efnahagsmálin er það mikilsvert, að almenningur geri sér ljóst, að pólitík er ekki nauðsynlega deila um eða barátta milli góðs og ills, heldur ágreiningur um val milli mismunandi markmiða og leiða. Okkar markmið er frelsi, þeirra markmið er ríkisafskipti. Okkar leið er viðreisnarstefna, þeirra leið er uppbóta- og styrkjastefna. Milli þessara markmiða og leiða á þjóðin að velja og þingið að skera úr um.

Meiri hl. fjhn. trúir á viðreisnarstefnuna og leggur til, að frv. um efnahagsmál verði samþykkt.

Forseti (JóhH): Nú stendur svo á, að nál. minni hlutanna í fjhn. hefur ekki enn verið útbýtt. Hins vegar er fullt samkomulag um það innan d. að hraða sem mest framgangi þessa máls, og eru því frsm. 1. og 2. minni hl. fjhn. reiðubúnir til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni, þó að nál. sé ekki enn útbýtt, og eru þeir næstir á mælendaskrá. Það verður hins vegar nú gert hlé á þessum fundi til klukkan fimm, og þá heldur umræðunni áfram. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta stjórnarfrv. hefur verið til athugunar í fjhn. d. Ég legg fram í d. sérstakt álit um þetta mál. Það liggur ekki hér fyrir enn þá, en svo hefur talazt til milli mín og hæstv. forseta, að ég þrátt fyrir það geri grein fyrir nál.

Það er ekki nýtt í sögunni, að fjallað sé um efnahagsmál hér á Alþingi. Það hefur komið fyrir oft áður nálægt áramótum, að þessi mál hafi verið rædd á þingi og ákvarðanir teknar um þau. Þá er það venja manna að gá til veðurs, athuga aðstæður allar og ástæður í atvinnu- og efnahagsmálum, eftir því sem föng eru á. Ég tel, að það sé eðlilegt að gera það einnig nú.

Liggur þá fyrst fyrir að íhuga, hvernig afkoman hefur orðið á næstliðnu ári hjá ríkissjóði og hjá útflutningssjóði, sem hefur á næstliðnum árum haft það hlutverk að greiða útflutningsbætur til þeirra, sem flytja út íslenzkar framleiðsluvörur til annarra landa, og sömuleiðis hefur þessi sjóður gegnt því hlutverki að greiða niður verð á ýmsum innlendum vörum á innlendum markaði. Eins og kunnugt er, hefur tekna verið aflað til sjóðsins fyrst og fremst með yfirfærslugjaldi og einnig á annan hátt, með sérstöku innflutningsgjaldi, og nokkra fleiri tekjustofna hefur hann haft. Hæstv. fjmrh. skýrði frá því við 1. umr. um fjárlagafrv. nú fyrir fáum dögum, að hjá ríkissjóði hefði orðið nokkur greiðsluafgangur á

árinu sem leið, — mig minnir, að hann nefndi um 8 millj. kr. En á það er að líta, að á árinu var notaður tekjuafgangur frá fyrra ári, sem hæstv. ráðh. taldi að verið hefði, ef ég man rétt, 43.5 millj. kr. Samkv. þessu ætti greiðsluhallinn hjá ríkissjóði á árinu sem leið, ef það er tekið út af fyrir sig, að hafa numið 35—36 millj. kr.

En hvað er þá að segja um útflutningssjóðinn? Það eru nokkrar upplýsingar um hans útkomu árið sem leið og hans hag í aths., sem fylgja þessu frv. En nokkuð eru þær upplýsingar þó á reiki og illt að átta sig á því til hlítar, hvernig afkoma hans raunverulega hefur orðið, þó að um þetta hafi orðið umræður nokkrar, m. a. í fjhn.

Á bls. 15 í aths. með frv. segir, að ætla megi, að hallinn hjá útflutningssjóði hafi numið um það bil 180 millj. kr. á árinu 1959. Þó hefur það komið fram í umræðum hjá hæstv. ráðh., að þessi upphæð mundi sennilega oftalin um 30 millj., og samkv. því ætti hallinn að vera 150 millj. En síðar í aths. er sagt frá því, að þær kröfur eða skuldbindingar, sem á útflutningssjóði hvíldu um næstliðin áramót, megi ætla að hafi numið alls um 270 millj. kr. Þetta er það, sem fyrir liggur frá stjórninni um afkomu sjóðsins.

Útflutningssjóður var stofnaður upphaflega með lögum í árslok 1956. En á árinu 1958 voru sett ný lög um sjóðinn, allmikið öðruvísi en þau upphaflegu. Var kerfið þá allt gert einfaldara en áður var, og má held ég óhætt fullyrða, að þá hafi verið gerðar á því verulegar endurbætur. Má vel líta á það skref, sem þá var stigið, sem þýðingarmikið byrjunarskref til að komast út úr því uppbótakerfi, sem við höfum búið við. En ef maður vill reyna að gera sér grein fyrir, hver útkoman hefur orðið hjá útflutningssjóði allan þann tíma, sem hann hefur starfað frá árslokum 1956 og þar til nú, þá verður að taka þar með í reikninginn, að útflutningssjóðurinn tók við skuldbindingum, þegar hann byrjaði, sem þá hvíldu á framleiðslusjóði og gamla bátagjaldeyriskerfinu, sem upp var tekið árið 1951. Fjhn. fékk upplýsingar um það hjá stjórn útflutningssjóðs í bréfi nú fyrir nokkrum dögum, að þessar kröfur, sem á útflutningssjóð féllu, hefðu verið halli framleiðslusjóðs, 18.4 millj. kr. rúmlega, og innlausnir B-skírteina svonefndra, 87.7 millj. Samtals gerir þetta rúmlega 106 millj., og ef menn vildu sjá hina raunverulegu útkomu af rekstri útflutningssjóðs, síðan hann tók til starfa, þá yrði að sjálfsögðu að draga þessa upphæð frá þeim kvöðum, sem nú hvíla á honum.

En þá kemur spurningin: Hvað mikið þarf að gera nú til þess, að vonir standi til, að útflutningsframleiðslan geti orðið rekin með eðlilegum hætti þetta ár og einnig að ríkisrekstrinn verði hallalaus? Þarf að gera sérstakar ráðstafanir í þessu efni og þá hvað miklar? Í aths. með þessu stjórnarfrv. segir, að gengisskráningin, sem till. er gerð um í 1. gr., sé við það miðuð, að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þ. e. bátaútgerð til þorskveiða, beri jafnmikið úr býtum eftir gengisbreytinguna og nú með því fyrirkomulagi, sem nú er búið við. Í þessu felst yfirlýsing frá ríkisstjórninni um, að það þurfi ekki nú að gera sérstakar viðbótarráðstafanir vegna þessarar stærstu greinar útflutningsframleiðslunnar, sem stjórnin nefnir svo. Hins vegar er litið svo á og kemur fram í þessu frv. og aths. með því, að það muni þurfa að gera nokkrar ráðstafanir til að bæta hag togaraútgerðarinnar og síldarútvegsins.

Mér sýnist málið þá liggja þannig fyrir, að það ætti að vera hægt að leysa þessi mál þannig nú fyrir árið í ár, að ekki þurfi að leggja fram neinar stórar fjárhæðir í því skyni. Það væri hægt að skapa viðunandi rekstrarskilyrði fyrir útflutningsframleiðsluna án nokkurra stórbreytinga. En það mundi þurfa að afla nokkurra nýrra tekna til þess, og það tel ég að ætti að vera hægt án mikilla örðugleika.

Í því sambandi vil ég benda á það, að hæstv. ríkisstj. leggur til, að samþ. verði hækkun á nokkrum ríkistekjum, þ. e. a. s., hún leggur til að hækka nokkuð skatta og taka þá hækkun í ríkissjóðinn. Hún leggur t. d. til að hækka aukatekjur ríkissjóðs, hækka gjald af innlendum tollvörutegundum o. s. frv. En auk þess leggur stjórnin til, að lagður verði á nýr skattur, almennur söluskattur, sem á að gefa allmikið fé. Þetta sýnir það, að hæstv. ríkisstjórn telur möguleika til þess að auka tekjur ríkisins með ýmsu móti. Nú lít ég svo á, að almennur söluskattur sé margra hluta vegna mjög óheppilegur tekjustofn. Um það skal ég ekki ræða frekar, því að frv. um hann liggur hér ekki fyrir, og ég tel því, að það gæti ekki síður komið til greina að afla tekna, sem nauðsynlegt væri að ná í, eftir öðrum leiðum. En eins og ég sagði áður, tel ég, að á því ættu ekki að verða neinir sérstakir örðugleikar að afla þess, sem þyrfti nú, ef menn vildu leggja sig fram um athugun á því máli.

Ég tel því, að til þess að tryggja áframhaldandi rekstur aðalatvinnuveganna á þessu ári og til þess einnig að tryggja viðunandi afkomu hjá ríkissjóði sé ekki þörf fyrir þá gerbyltingu, sem ríkisstj. leggur til að gerð verði með þessu frv. Aðalatriðið í frv. stj. er sem sé ekki það að gera óhjákvæmilegar ráðstafanir til þess að tryggja atvinnureksturinn og afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Aðalatriði hennar er allt annað, og stjórnin fer ekki dult með þá fyrirætlun. Það er hennar fyrirætlun að taka upp nýja þjóðmálastefnu, sem er fullkomlega andstæð þeirri stefnu, sem þjóðin hefur fylgt í efnahagsmálum og atvinnumálum nú um langt skeið. Raunar má segja, að þetta hafi verið boðað í yfirlýsingum Sjálfstfl., sem hann gaf út fyrir kosningarnar á næstliðnu vori. Þar var þáttur um það, að það þyrfti að hverfa frá þeirri stefnu, sem fylgt hefði verið undanfarna áratugi og kenna mætti við Framsfl., og taka upp nýja stefnu. Það var líka mörgum ljóst, að breyt. á kjördæmaskipuninni, sem þrír þingflokkar stóðu að á árinu sem leið, var undirbúningur þess að taka upp þessa nýju stefnu. Og það var raunar byrjað að fram-

kvæma hana við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra. Þá voru skorin niður framlög til ýmissa framkvæmda, eins og t. d. til rafmagnsframkvæmdanna. En nú, eftir að kjördæmabreytingin er á komin og þing hefur verið kosið samkvæmt hinni nýju skipan, þá munu núv. stjórnarflokkar og ríkisstj. þeirra telja, að aðstaða þeirra hafi verið svo styrkt, að nú sé óhætt að taka munninn nokkuð fullan og stofna til mikilla hervirkja.

Það hefur verið mikil framfarasókn hjá þjóðinni á undanförnum áratugum. Það þarf ekki að rekja það í löngu máli, það er þingi og þjóð kunnugt. Það hafa verið miklar framfarir á öllum sviðum atvinnulífsins. Þjóðin hefur náð í mikinn flota skipa, fiskiskip og farmskip. Það hafa verið byggðar vinnslustöðvar fyrir afurðir í kaupstöðum og kauptúnum umhverfis allt landið, frystihús og síldarverksmiðjur og aðrar vinnslustöðvar. Ræktun landsins hefur stóraukizt og uppbygging í sveitum. Iðnaðurinn hefur tekið risaskref fram á við. Það hefur verið komið hér upp stóriðjufyrirtækjum, áburðarverksmiðjunni og sementsverksmiðjunni, sem eru ákaflega þýðingarmikil fyrirtæki fyrir þjóðarbúskapinn. Það hafa verið hafin stór átök til rafvæðingar landsins, byggð stór orkuver og mikið fé lagt í það nú síðustu árin að dreifa rafmagninu um landið. En þrátt fyrir allt þetta eru framtíðarverkefnin fyrir höndum að segja má óþrotleg. Við búum í landi, sem á mjög mikið af ónotuðum möguleikum, og það verður verkefni þeirrar kynslóðar, sem á eftir kemur, að hagnýta gæði landsins betur og í ríkara mæli en núlifandi menn hafa haft tök á.

Það er ör fólksfjölgun í landinu. Skýrslur hagstofunnar sýna, að um næstliðin áramót hafi Íslendingar verið milli 173 og 174 þúsund. Með hlutfallslega sömu fólksfjölgun á næstu árum eins og hér hefur orðið um undanfarin ár verða landsmenn orðnir 200 þús. eftir aðeins 7 ár, og með sama áframhaldi fjölgar þjóðinni um tugi þúsunda á hverju fimm ára tímabili. Af þessu má sjá það glöggt, að þjóðin þarf að stefna að því að byggja landið allt. Öll byggileg svæði þess þurfa að vera setin og auðlindirnar notaðar, hvar sem þær eru á landinu, svo og fiskimiðin umhverfis landið. Og vegna fyrirsjáanlegrar fólksfjölgunar, eða a. m. k. verðum við að vona það, að fólkinu fjölgi hér ekki minna eftirleiðis en verið hefur nú um skeið, þá er það lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið í heild, að atvinnumöguleikar séu skapaðir í öllum byggðum landsins, um landið allt, svo að engin héruð leggist í auðn.

En það þarf fleira að gera en skapa atvinnuskilyrði fyrir fólkið um land allt. Til þess að þau skilyrði verði notuð, þarf að vinna að því að jafna lífskjörin og lífsþægindin. Það þarf að halda áfram að koma rafmagninu í öll byggðarlög og til allra heimila á landinu. Það þarf að halda áfram að byggja upp heilbrigðisstofnanir og menningarstöðvar, eftir því sem þörfin krefur og eftir því sem möguleikar þjóðfélagsins standa til. Það þarf að halda áfram framkvæmdum í samgöngumálum, bæta hafnarskilyrðin, og þannig mætti telja margt fleira. Það þarf að halda áfram að veita stuðning frá því opinbera til allra slíkra nauðsynjaframkvæmda. En hér liggur fyrir frv. frá hæstv. ríkisstj., og það þarf enginn að vera í vafa um það, hvaða boðskap það flytur, sem kynnir sér þetta mál. Það flytur þann boðskap, að ríkisstj. ætlar að stefna í þveröfuga átt, hún ætlar að stefna að samdrætti, hún ætlar að stefna að því að minnka þann opinbera stuðning, sem nú er veittur eða hefur verið veittur til framfaramálanna.

Ég mun rökstyðja þetta með nokkrum dæmum um ákvæði þessa frv. Lagt er til að breyta gengisskráningunni, en stjórnin ætlar jafnframt að halda öllum þeim gjöldum, sem undanfarið hafa verið innheimt og lögð í útflutningssjóðinn til þess að standa undir því kerfi, sem við höfum búið við að undanförnu. Hún ætlar að heimta þessi gjöld eftir sem áður af þjóðinni og láta þau renna í ríkissjóð. Verði frv. samþykkt, hefur það í för með sér að sjálfsögðu miklar verðhækkanir á öllum innfluttum vörum, og með þeim hætti verður áreiðanlega þrengt kosti margra. Og þessi verðhækkun, sem kemur á allt efni til framkvæmda og innflutt tæki til atvinnuveganna, mun að sjálfsögðu torvelda mjög allar framkvæmdir og uppbyggingu atvinnulífsins. Það verður stórum erfiðara en áður fyrir ungt fólk að stofna til heimilismyndunar og atvinnurekstrar. Það verður stórum erfiðara fyrir marga aðra, sem hafa framkvæmdir með höndum, að halda þeim áfram. Og það verður stórum örðugra að afla nauðsynlegra atvinnutækja erlendis frá. Það má nefna það sem dæmi, að fiskibátar og vélar til þeirra munu hækka í verði um nálægt 50%. Hlutfallslega sama hækkun eða svipuð verður á verði dráttarvéla og tækja til þeirra, sem eru bráðnauðsynleg tæki fyrir bændurna. Þannig verða áhrif verðhækkunarinnar í ótal myndum til þess að styðja þessa stefnu ríkisstjórnarinnar, að draga úr framkvæmdum og framförum í landinu.

En hér kemur fleira til. Í V. kafla frv. eru ákvæði um vexti, sem gert er ráð fyrir að hækka. Í sama frumvarpskafla eru ákvæði snertandi ýmsa stofnlánasjóði. Þar segir í 32. gr., að ríkisstjórninni skuli heimilt að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá ýmsum stofnlánasjóðum sjávarútvegs og landbúnaðar og einnig hjá byggingarsjóðum. Þessi heimild á að ná til að ákveða lánakjör hjá fiskveiðasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins, hjá ræktunarsjóði og raforkusjóði, hjá byggingarsjóði sveitabæja, byggingarsjóði verkamanna og byggingarsjóði ríkisins, þeim, sem húsnæðismálastjórn hefur nú yfir að ráða. Þessir sjóðir hafa gegnt ákaflega þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu, starfa allir samkv. lögum frá Alþ., og það hefur aldrei komið fyrir áður, að nokkur ríkisstj. seildist eftir heimild til þess að ákveða lánstíma og vaxtakjör í þessum sjóðum að eigin geðþótta. Með þessu er verið í einni lagagrein, sem er rúmlega 6 línur, að nema burt aðalatriðin úr þessari löggjöf, sem Alþ. hefur verið að samþykkja á undanförnum

áratugum og hefur, eins og ég gat um áðan, haft geysilega þýðingu til þess að styðja uppbygginguna og framfarirnar í landinu á mörgum sviðum.

Það er fleira í þessum frumvarpskafla. Að undanförnu hafa verið í lögum ákvæði um það, að Seðlabanki Íslands gæti skyldað sparisjóðina til þess að leggja hluta af sparifénu, sem þeir hafa yfir að ráða, inn á reikning í seðlabankanum. Eftir þeim upplýsingum, sem fjhn. fékk, hefur þessi heimild ekki verið notuð að undanförnu. En samkv. því, sem segir í athugasemdum með þessu frv., mun það nú ætlun stjórnarinnar að breyta hér um og vinna að því, að heimildin verði notuð. Ekki hafa þeir fengizt til að segja neitt um það, sem fyrir þessu standa, hve mikinn hluta af sparifénu sjóðirnir eigi að leggja inn í banka hér í Reykjavík. Það á eins og fleira að vera á valdi annarra en Alþingis.

Það er alkunnugt, að sparisjóðir hafa starfað víða um land um langt skeið, og þeir hafa gegnt þar mjög þýðingarmiklu hlutverki. Það er áreiðanlegt, að vegna starfsemi sparisjóðanna hefur sparifjármyndunin hér á landi orðið meiri en hún ella hefði orðið. Það fé, sem sjóðirnir hafa fengið til ávöxtunar, hafa þeir undantekningarlítið notað til þess að styrkja atvinnurekstur og nauðsynlegar framkvæmdir heima í þeim byggðarlögum, þar sem sjóðirnir hafa starfað. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., hve mikla þýðingu þetta hefur haft fyrir viðkomandi héruð. Okkur er það að sjálfsögðu öllum jafnljóst. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að undantekningarlítið a. m. k. hafi þessum sparisjóðum verið stjórnað gætilega og skynsamlega, og því hlýtur að verða mótmælt, ef það á að taka hluta af fé þeirra, hver veit hvað mikið, til þess að draga það hingað inn í Seðlabankann. Það er full þörf fyrir þetta fjármagn í þeim byggðarlögum, þar sem sjóðirnir starfa, og ég dreg það mjög í efa, með fullri virðingu þó fyrir öllum öðrum forstöðumönnum peningastofnana, að fé þessu verði skynsamlegar varið eftir en áður. Það er a. m. k. nokkuð, sem er víst, að það notast ekki eins og áður í þeim byggðarlögum, þar sem sparisjóðirnir hafa sitt heimili og ætti að nota það fyrst og fremst, því að úr þeim byggðarlögum, frá fólkinu þar, er það runnið.

Það er fleira í þessari tveggja línu frvgr. en ákvæði um sparisjóðina. Það er þar einnig svo fyrir mælt, að þetta skuli einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaganna. Í innlánsdeildum kaupfélaganna er fé kaupfélagsmannanna, sparifé þeirra, sem þeir fela þessum félögum sínum til varðveizlu og ávöxtunar, og það hefur verið notað sem rekstrarfé kaupfélaganna, eins og á að gera og ætlazt er til samkv. landslögum. Það er eins með það og fé sparisjóðanna víðs vegar um landið, að það er full þörf fyrir þetta fé heima fyrir.

Kaupfélögin hér á landi, flest a. m. k., hafa ekki takmarkað starfsemi sína við það að undanförnu að annast um viðskipti, kaupa inn vörur handa félagsmönnum og öðrum og selja framleiðsluvörur. Þau hafa mjög mörg lagt mikla fjármuni í það að byggja upp nauðsynleg fyrirtæki á þeim stöðum, þar sem þau starfa.

Það hefur oltið á ýmsu um atvinnurekstur í sjávarþorpunum hér á landi. Það er kunn saga, að oft hefur það farið svo, að þegar einstakir athafnamenn hafa stofnað til atvinnurekstrar í ýmsum þorpum, þá hafa þeir — eða þeir, sem tóku við af þeim — einn góðan veðurdag hætt atvinnurekstri af ýmsum ástæðum og þá selt eignir sínar, sem þar voru, og farið með fjármuni sína burt úr héraðinu. Þetta hefur oft komið fyrir, ef þeir af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sér fært að halda atvinnurekstrinum áfram eða þá talið sér þægilegra og ábatavænlegra að ávaxta fjármuni sína á öðrum stöðum í landinu. Þetta er alkunn saga. Það hefur oft valdið örðugleikum í viðkomandi byggðarlögum, þegar slík fyrirtæki einstaklinga eða hlutafélaga hafa hætt störfum. Oft hefur það verið þannig, að viðkomandi sveitarfélög hafa þurft að brjótast í því að koma upp atvinnufyrirtækjum til þess að hindra atvinnuleysi og vandræði á þessum stöðum. Víða er það einnig þannig, að fólkið í þessum byggðarlögum hefur ákveðið þátttöku sinna eigin félaga, samvinnufélaganna, í slíkum atvinnurekstri.

Kaupfélögin hafa þannig stöðugt í vaxandi mæli haft með höndum margþættan atvinnurekstur. Þau hafa að sjálfsögðu komið upp sláturhúsum og kjötfrystihúsum til þess að geta tekið á móti afurðum frá félagsmönnum. Þau hafa, ýmis þeirra, komið upp mjólkurbúum eða mjólkurstöðvum. Þau hafa komið upp fiskfrystihúsum einnig og ýmiss konar vinnslustöðvum öðrum. Þau hafa komið upp viðgerðarstöðvum fyrir vélar, og margt, margt fleira mætti telja.

Mér er kunnugt um, að það er svo um mörg kaupfélög, sem hafa lagt stórfé í það að koma upp ýmsum slíkum nauðsynlegum framleiðslu- og atvinnufyrirtækjum, að þau hafa fengið mjög lítil og sum jafnvel engin bankalán til þessara framkvæmda. Þau hafa getað þetta vegna þess fyrst og fremst, að félagsmennirnir sjálfir hafa talið það rétt, heppilegast fyrir þá sjálfa og byggðarlagið, að það fé, sem þeir kynnu að hafa aflögu á hverjum tíma frá daglegum þörfum, væri ávaxtað í þessum félögum þeirra, þeirra eigin félögum, og notað á þennan hátt.

Nú virðist það vera ætlun ríkisstjórnarinnar að fara eins með innlánsdeildirnar og sparisjóðina, taka hluta af þessu fé félagsmannanna sjálfra í kaupfélögunum, draga það hingað til Reykjavíkur, inn í banka hér, enginn veit, hve mikið af því, hulin ráðgáta, en það má öllum ljóst vera, að slíkt verður til þess að torvelda mjög nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur á félagssvæðum kaupfélaganna.

Það er ástæða til að vekja athygli á því í þessu sambandi, að það er allt annað um samvinnufélögin en hina einstöku atvinnurekendur, sem ég var að nefna dæmi um áðan. Eignir kaupfélaganna verða aldrei fluttar burt úr þeim héruðum, þar sem þau starfa. Það eru

ákvæði í landslögum, sem girða fyrir það, og þeir, sem eiga félögin og stjórna þeim, hafa heldur engan áhuga fyrir slíku. Það getur enginn kaupfélagsstjóri eða kaupfélagsstjórn selt fasteignir kaupfélagsins á einhverjum stað, farið með andvirði þeirra til annarra staða til þess að ávaxta það með ýmsu móti þar. Og ef kaupfélag hættir störfum, eru ákvæði um það í landslögum, að eignir þess — hreinar eignir þess — skuli ávaxtaðar í byggðarlögunum áfram. En nú er það meining stjórnarinnar að takmarka að meira eða minna leyti rétt samvinnumannanna í landinu til þess að nota sitt eigið fé með sama hætti og þeir gera nú. Og það kemur ljóst fram í þessu frv., að það er meining stjórnarinnar að takmarka lánveitingar frá bönkunum einnig. Þá verður ekki þangað að leita, hvorki fyrir kaupfélögin né fyrir þá, sem áður hafa notið lána hjá sparisjóðunum í héruðunum, til þess að fá peninga þar í staðinn.

Það liggur í augum uppi vitanlega, hver áhrif mikill niðurskurður á bankalánunum muni hafa í þjóðfélaginu, þegar þær verðhækkanir, sem hér er stofnað til, eru komnar fram, og stjórnin lýsir því yfir, að hún ætli ekki að taka framkvæmdalán erlendis. Hér ber allt að sama brunni.

Og stjórnin leggur til í fjárlagafrv. hér á þingi, að fjárveitingar til ýmiss konar verklegra framkvæmda víða um land skuli óbreyttar verða í krónutölu þrátt fyrir allar hækkanirnar, þrátt fyrir alla þá hækkun á framkvæmdakostnaði, sem hlýtur af þessu að leiða. Þannig er þetta allt í stíl hvað við annað, það stefnir allt í sömu áttina, eins og vænta má, torveldar framkvæmdir, torveldar áframhaldandi framkvæmdir, uppbyggingu og framfarir í landinu.

Við verðum að athuga það í þessu sambandi, að ef framfarasókn er stöðvuð, þá er skammt til afturfarar og undanhalds. Þetta getur hæglega leitt til þess, að ýmsar byggðir tæmist af fólki, þar sem nú er þó haldið uppi atvinnurekstri. Það stendur víða tæpt með, að byggð haldist í landinu.

Ég verð að segja það, að mér finnst aðfarir ríkisstjórnarinnar og fyrirætlanir hennar, eins og þær birtast í þessu frv., vera á margan hátt einræðiskenndar. Stjórnin heimtar rétt, eins og ég gat um áðan, til að ákveða lánstíma og vaxtakjör hjá stofnlánasjóðunum. Engin stjórn áður hefur farið fram á slíkt. Er þetta fyrir það, að þjóðin sé svo miklu fátækari nú en hún hefur verið áður, að það sé ekki lengur hægt að veita lán úr þessum sjóðum með tiltölulega lágum vöxtum og hagstæðum kjörum að öðru leyti fyrir þá, sem eru að byggja upp landið?

Það er fleira af svipuðu tagi. Það er fleira, sem bendir til þess, að hér eigi að fara að stjórna að verulegu leyti með tilskipunum. Það eru víst dæmi um þetta annars staðar úr heiminum, og Íslendingum hefur yfirleitt ekki þótt þau vera þannig, að þau væru sérstaklega eftirbreytnisverð. Það má nefna til dæmis ákvæði frv. um hinn nýja útflutningsskatt, sem á að leggja á. Það á að leggja 5% útflutningsskatt á allar útfluttar vörur. Það er sagt, að fyrst um sinn eigi að nota hann til að ljúka við að greiða halla, sem sé á útflutningssjóði, þegar hann hættir, eða ógreiddar kröfur á sjóðinn. Ákvæðið um útflutningsskattinn er ekki tímabundið í frv. Það liggur ekkert fyrir um það, hvað stjórnin ætlar að gera við þennan skatt, þegar hún er búin að greiða hallann á útflutningssjóði. Það er þó áætlað, að þetta verði 120 millj. kr. á ári. Það lítur út fyrir, að hún ætli að verja honum eftir sínu höfði, án þess að fá nokkur lagafyrirmæli um það frá Alþingi.

Ein ástæðan, sem hæstv. ríkisstj. flytur fram til stuðnings þessum byltingarkenndu aðförum, sem hún nú viðhefur, er sú, að það hafi verið svo mikill halli á þjóðarbúskapnum síðustu árin. Stjórnin fær þetta út með því að telja allar erlendar lántökur á undanförnum árum halla á þjóðarbúskapnum, þó að lánum þessum hafi verið varið til nauðsynlegra framkvæmda, sem gefa fullan arð í þjóðfélagi okkar. Það er svipað og ef útvegsmaður hefði keypt sér nýjan bát og tekið lán til þess að verulegu leyti, því að hann hefði ekki getað greitt allt bátsverðið af tekjum sínum á einu ári, — og það væri talinn halli á rekstrinum hjá þessum manni, — eða ef bóndi byggir fjós fyrir 10 eða 20 kýr og heygeymslur við og tekur til þess lán að þó nokkru leyti að borga kostnaðinn. Nú sést það, þegar hann fer að gera upp sína ársreikninga og telja fram til skatts, að tekjur hans hafa ekki hrokkið til að borga þessar framkvæmdir. Nú, ríkisstj. segir: Gífurlegur halli er á búskapnum hjá þessum manni. Nú verður að grípa til nýrra ráða og taka upp nýja stefnu í þjóðmálum, til þess að þessi halli geti ekki þrifizt áfram og margfaldazt. — Eins og ég sagði áðan, hefur langmestur hluti skuldaaukningarinnar við útlönd síðustu árin orðið vegna framkvæmda, nauðsynlegra framkvæmda.

Ég get tekið hér dæmi um lántökur á árunum 1956—58, þ. e. a. s. á tímum vinstri stjórnarinnar. Samkv. því, sem segir í athugasemdum með frv., telur stjórnin, að hallinn á þjóðarbúskapnum út á við þessi þrjú ár hafi verið 627 millj. kr. og borgaður með lántökum. Við skulum virða fyrir okkur nokkuð lántökur þessara ára, sem eiga að sýna hallann á þjóðarbúskapnum.

Frá 1. júlí 1956 til ársloka 1958 voru tekin lán með ríkisábyrgð, sem munu hafa numið samtals um 453 millj. kr. Þar að auki var svo um önnur lán að ræða erlendis án ríkisábyrgðar. Eimskipafélag Íslands fékk lán, Eimskipafélag Reykjavíkur og Samband ísl. samvinnufélaga. Þessi lán voru til skipakaupa og námu samtals 108.4 millj. kr. Þetta gerir samtals rúmlega 560 millj. kr. En það er bezt að athuga lítið eitt, til hvers þessi lán fóru, þessar 450 millj. kr., sem ég nefndi áðan að hefðu verið teknar gegn ríkisábyrgð. Ég ætla að nefna hér nokkur dæmi. Bandarískt lán að upphæð 65.3 millj. kr. fór til fiskveiðasjóðs og sementsverksmiðjunnar. Lán í Þýzkalandi fór til að

kaupa flökunarvélar, 17.6 millj. kr. Þýzkt lán var einnig tekið, 6.7 millj. kr., til hafnargerðarinnar á Akranesi. Nú kemur stór upphæð, sem eykur hallann gífurlega, það er bandarískt lán tekið vegna Sogsvirkjunar og raforkusjóðs, og það er hvorki meira né minna en 81.6 millj. kr. Og ekki lízt mér á, þarna kemur líka annað bandarískt lán litlu neðar á listanum. Það er vegna raforkusjóðs, sementsverksmiðjunnar, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs. Það er líka 81.6 millj. Þá er lán vegna Sogsvirkjunarinnar, 36.4 millj., enn lán vegna ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs 32.9 millj., og enn þá kemur lán vegna Sogsvirkjunarinnar og rafmagnsveitna ríkisins upp á 27.7 millj. Þá er lán Flugfélags Íslands til flugvélakaupa 33 millj. og lán til kaupa á 12 skipum 50 millj. Það eru þarna nokkrar smáupphæðir innan við 10 millj. hver, eins og t. d. lán vegna landssímans 9 millj., — engar aðrar en þær, sem ég hef talið, sem nema yfir 10 millj. kr. Það er þarna lán vegna rafmagnsveitna ríkisins 4.8 millj., lán vegna bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 2.9 millj., vegna Akraneshafnarinnar 1.4, lán vegna frystihúsa o. fl. 1.9. Þá held ég, að þetta sé allt talið.

Samtals nema þessar lántökur þá yfir 560 millj. kr., og þó eru ekki taldar þar með allar framkvæmdalántökur á þessum þremur árum, því að einhverjar munu hafa átt sér stað fyrir 1. júlí 1956. Svo er í þessu hallauppgjöri ríkisstjórnarinnar ekkert tillit tekið til þess, að á þessu tímabili voru greiddar úr landi 135 millj. til lækkunar á eldri lánum. Af þessu má glöggt sjá það, að fullyrðingar um halla á þjóðarbúskapnum á þessum árum, sem íþyngi þjóðinni og geri nauðsynlegt að þrengja mjög að, eru alveg rangar. Það er vitanlega alrangt, að það verði erfiðara en áður fyrir þjóðina að standa undir greiðslum af erlendum lánum fyrir það, að lán hafi verið tekin til þessara nauðsynjaframkvæmda. Það er alrangt. Þessar framkvæmdir hafa minnkað innflutningsþörfina og stóraukið útflutninginn.

Það er alveg ljóst, að rangar og villandi upplýsingar stjórnarinnar um greiðsluviðskiptin við önnur lönd undanfarið eru gerðar aðeins til þess að reyna að koma mönnum í skilning um það, þeim sem lesa þetta frv., að það hafi verið stefnt út í einhverja ófæru og þess vegna þurfi að grípa til þessara ráðstafana, sem hér eru á ferð. Þetta eru tylliástæður. Þetta eru rangar staðhæfingar, sem þarna er farið með.

Stjórnin hefur orðið fyrir miklu slysi núna þessa dagana. Hún hefur gefið út bók, bókin er í hvítri kápu, og stjórnin auglýsir í ríkisútvarpinu og blöðunum, að nú sé komin „hvít bók“ um efnahagsmál. Það hafa verið gefnar út hvítar bækur hér áður, bækur um landhelgismálið. Það mun enginn hafa að því fundið. Það var nauðsynlegt fyrir þjóðina að kynna málstað sinn fyrir öðrum þjóðum. Við útgáfu þeirra rita mun þess hafa verið gætt að segja það eitt í þessum bókum, sem gat staðizt, það eitt, sem var satt og rétt, og túlka málstað Íslands með drengilegum hætti. En þetta slys, sem hér hefur hent ríkisstj., verður sennilega til þess, að það verður aldrei framar hægt að gefa út hvíta bók á Íslandi, hvorki um landhelgismál né annað. Stjórnin hefur séð fyrir því. Það er ekki enn séð, hvernig stjórnin fer að komast frá þessu. Auðvitað birtir hún í þessari nýju bók sinni, sem á að dreifa um land allt, inn á hvert heimili, þessar villandi upplýsingar og blekkingar um viðskiptin við önnur lönd á liðnum árum. Og það er fleira af slíku tagi í bókinni, því að stjórnin hefur sett í hana, sýnist mér, — ég hef ekki lesið nema lítið í henni, — alla grg., sem fylgir þessu frv. hennar, og það eru fleiri falsanir og blekkingar þar en um greiðsluhallann við útlönd. Ég kem e. t. v. að því síðar.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að einstökum greinum í frv.

Í 16. gr. þess segir, að ríkisstjórninni skuli heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og þess er getið í grg., að áður hafi slíkt gjald runnið í útflutningssjóð, en nú er meiningin að taka það til ríkissjóðs, eins og önnur þau gjöld, sem fóru áður í útflutningssjóðinn. Ég mun, ef afgreiðslu frv. þessa verður áfram haldið, bera fram brtt. við þessa grein um þetta gjald. Það er ekki búið að útbýta henni, en ég vil leyfa mér að lýsa henni.

Í frvgr. segir, að gjaldið megi nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar. Ég mun leggja til, að þessu verði breytt þannig, að í staðinn fyrir þetta komi: Ríkisstj. er heimilt að innheimta allt að 135% gjald af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjaldið má þó ekki vera hærra en 60% af leigubifreiðum og læknabifreiðum. Landbúnaðarbifreiðar, jeppar og vörubifreiðar skulu þó alveg undanþegnar gjaldi þessu. — Eins og frvgr. er orðuð, er heimilt eftir henni að leggja þetta gjald á jeppa og vörubíla, en ég tel eðlilegt, að þær bifreiðategundir séu undanþegnar gjaldinu, og sömuleiðis þykir það eðlilegt, að leigubifreiðar og læknabifreiðar njóti nokkurrar sérstöðu þarna og þyrftu ekki að greiða eins hátt gjald og tekið er af hinum.

Þá er hér í næstu gr., 17. gr., ákvæði um innflutningsgjald af benzíni til viðbótar gjaldi því, sem nú er innheimt. Samkv. frv. á innflutningsgjaldið af benzíninu að hækka um 34 aura á lítra, 3 aurar af þessari hækkun eiga að renna í brúasjóð og 3 aurar í sjóð til vegalagninga milli byggðarlaga. Þá eru eftir af hækkuninni 28 aurar, sem stjórnin vill fá beint í ríkissjóðinn. Hitt virðist þó eðlilegra, að því fé, sem þarna kann að innheimtast við hækkun gjaldsins af benzíni, verði öllu varið til vega- og brúargerða, og það því fremur sem gert er ráð fyrir samkv. fjárlagafrv., að framlag til þeirra framkvæmda standi óbreytt í fjárl. fyrir árið 1960 þrátt fyrir þá hækkun á vega- og brúargerðakostnaði, sem samþykkt frv. mun hafa í för með sér og ég gat um áður.

Ég mun því leggja fram brtt. um þetta, þannig að af benzíngjaldinu, sem alls er gert ráð fyrir að nemi 1.16 kr., skuli 17 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sjóð til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, 7 aurar til

endurbyggingar gamalla þjóðvega, 3 aurar til endurbyggingar gamalla brúa og 10 aurar til að gera þjóðvegi úr steinsteypu. Með þessu er lagt til, að þessi hækkun, 34 aurar, fari öll til þessara framkvæmda auk þess hluta af núverandi benzínskatti, sem fer til vega- og brúargerða.

Eins og ég minnti á áðan, segir í aths. um frv., að þetta fyrirhugaða gengi sé við það miðað, að þorskveiðar bátanna beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, en það er talið, að þær séu nú 94% af útflutningsverðmæti bátafisks. Sé þetta svo, versnar mjög aðstaða þeirra, sem mest eiga undir þeim sérbótum, sem nú eru greiddar umfram þessar almennu bætur út á smáfisk og sérstakar fisktegundir, sumarveiddan fisk, en samanlagðar núgildandi bætur út á þennan hluta aflans nema miklu hærri hundraðshluta en þarna er tilgreindur. Ef þessar sérbætur verða alveg felldar niður, mun það koma sérstaklega þungt niður á ýmsum útvegsmönnum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, því að sá hluti aflans, sem hefur notið sérbótanna, er þar hlutfallslega mjög stór.

Í samræmi við þetta, sem ég hef nú sagt, hef ég hugsað mér að leggja fram brtt. um það, að ríkisstj. geti ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs, og nemi þessar bætur ákveðinni upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti, en þannig mun þetta hafa verið áður.

Þá er það 23. gr. frv. Í henni er bann við því, að kaup eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum á vísitölu á einn eða annan hátt. Oft hefur verið á það bent, að fyrirkomulagið á greiðslu vísitöluuppbóta, sem hér hefur verið notað, sé gallað og á ýmsan hátt varhugavert. Þegar vinstri stjórn Hermanns Jónassonar lagði fram frv. sitt um útflutningssjóð o. fl. á Alþ. 1958, komst hún svo að orði í aths., sem fylgdu frv., um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar hafa áhrif á nærri allt kaupgjald í landinu og verðlag á öllum innlendum landbúnaðarafurðum, hefur jafnvel hin minnsta breyting á vísitölunni mjög víðtæk áhrif á allt efnahagskerfið og getur bakað útflutningsatvinnuvegunum útgjöld, sem þeir fá ekki risið undir, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að auka tekjur þeirra. Á hinn bóginn er aftur varla hægt að komast hjá því, að slíkar ráðstafanir hafi aftur áhrif á vísitöluna. Í sambandi við lausn efnahagsvandamálanna er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Ríkisstj. er ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu þessi mál verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs."

Á næstliðnu hausti kom fram yfirlýsing frá Sjálfstfl., sem gaf til kynna, að hann vildi fara sömu leið og vinstri stjórnin til breytinga í þessu efni, þ. e. leita samkomulags um málið. Í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., sem birt var í Morgunbl. 2. okt. s. l., segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Náð verði samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags."

Það er því í fullu ósamræmi við kosningaloforð sjálfstæðismanna, er þeir leggja nú til, að lögbindingarleiðin verði farin. Í stað þess að fara inn á þá braut virðist sjálfsagt að reyna að leysa málin með samkomulagi, og flyt ég brtt. um það. Brtt. mín verður orðuð í samræmi við fyrirheitið, sem Sjálfstfl. gaf í sinni kosningastefnuskrá.

Þetta mál snertir alla launamenn, sem taka laun sín að nokkru leyti í vísitöluuppbótum, en það snertir einnig bændur og fiskimenn. Núgildandi fyrirkomulag um verðlagningu landbúnaðarafurða er þannig, að vinnutekjur bænda eiga að breytast með kaupgreiðsluvísitölu. Hliðstæð ákvæði um breytingu á tekjum sjómanna á bátum og togurum eru nú í lögum.

Það eru allmiklar bollaleggingar um það í aths. með frv., hver áhrif samþykkt þessa frv. muni hafa á framfærslukostnaðinn. Það er sagt, að þetta muni valda 13% hækkun á verði þeirra vara, sem ganga inn í vísitöluna, skilst mér. En stjórnin kann nokkur ráð við þessu. Hún ætlar að greiða niður verð á vissum innfluttum vörum, nefnir kornvörur, kaffi, sykur o. fl., og hún ætlar að beita sér fyrir verulegri hækkun á bótum almannatrygginga, og stjórnin segir, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar, sem hefði numið 13%, ef engar gagnráðstafanir hefðu verið gerðar, verði aðeins 3%, en kjör þeirra, sem mestrar bótaaukningar muni njóta hjá almannatryggingum, sem næst óbreytt. Það eru birtar töflur aftarlega í grg., sem eiga víst að vera til stuðnings ýmsu því, sem haldið er fram. Á bls. 34 er tafla nr. 6, og segir þar í yfirskrift, að þetta sé samanburður á fjölskyldubótum og útgjaldaaukningu vegna gengisbreytingarinnar. Þar eru dálkar fimm. Fyrir ofan einn stendur „eins barns", það er víst eins barns fjölskylda, svo tveggja barna, þriggja barna, fjögurra barna og aftast fimm barna. Og taflan byrjar þannig: Aukning útgjalda vegna 11% hækkunar verðlags, — og svo eru færðar tölur þar út í dálkana, viðeigandi staði. Þar sem er um eitt barn að ræða, segja þeir, að aukning útgjalda vegna 11% hækkunar verði 6650 kr. Í næsta dálki stendur líka, að aukning útgjalda vegna 2 barna fjölskyldu sé 6650 kr., það er sama talan. Svo breytist þetta svolítið. Þegar krakkarnir eru orðnir 3, þá er aukning útgjaldanna 6800, þ. e. 150 kr. hækkun. En svo fara nú karlar heldur að græða sig, því að þegar börnin eru orðin 4, hækkar þessi aukning útgjalda allt í einu upp í 7100, eða um 300 kr. Næst dregur svolítið úr þeim, því að þegar krakkarnir eru fimm, þá er aukning útgjaldanna þó aðeins 200 kr. meiri en hjá

þeirri fjölskyldu, sem átti fjögur börn. Nú eru þetta útreikningar, sem ég á ákaflega bágt með að botna í, en á þessum fyrstu tölum í töflunni eru svo byggðir útreikningar, sem á eftir koma, og svo náttúrlega niðurstöður af öllu saman. Ég fékk engar skýringar á þessu við meðferð málsins í n. og reyndi þó nokkuð til þess, og nú vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstjórnar, hvernig eigi að skilja þessa töflu, fá á þessu sem allra nákvæmastar skýringar. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér, og ég vænti þess, að hann beiti sér fyrir því, að ég fái við tækifæri við þessa umr. nánari skýringar á þessu. Vel getur verið, að það hefði verið heppilegra, að hagfræðingurinn í ríkisstjórninni, hæstv. viðskmrh., hefði verið hér viðstaddur til að taka á móti fsp., en ég treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega til þess að sinna þessari beiðni minni.

Þessi speki er náttúrlega í bókinni eins og fleira, — þessari seinustu hvítu bók, sem gefin verður út á Íslandi, ef allt fer að líkum.

Það er fleira hér í aths., sem kemur dálítið einkennilega fyrir sjónir. Á bls. 15, þ. e. í kaflanum um stöðu útflutningssjóðs, segir, að það sé ljóst af því, sem áður hefur verið fram tekið í grg., að afkoma útflutningssjóðs hafi frá því fyrsta byggzt á því, að notkun erlends lánsfjár væri mikil, að mikið væri flutt inn af hátollavöru og gjaldeyristekjum væri ekki varið til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Og síðar, þar sem talað er um galla bóta- og gjaldakerfisins, segir, að núverandi bóta- og gjaldakerfi sé þannig upp byggt, „að því aðeins er hægt að afla nægilegra tekna til að standa straum af bótagreiðslum útflutningssjóðs, að mikill halli sé á greiðslujöfnuðinum. Þessi galli er svo veigamikill, að hann einn gerir það að verkum, að kerfið getur ekki staðið til frambúðar, þar sem því eru ákveðin takmörk sett, hversu mikill halli getur verið og hversu lengi hann getur staðið.“

Hæstv. forsrh. minntist nokkuð á þetta atriði í framsöguræðu sinni við 1. umr. Hann segir, að kerfið nærist á greiðsluhalla, og þess vegna sé ekki hægt að búa áfram við uppbótakerfið. Kerfi, sem algerlega byggist á lántökum, er dauðadæmt, sagði hæstv. forsrh. Ef ég man rétt, var eitthvað svipuð merking þeirra orða, sem hæstv. sjútvmrh. hafði um þetta síðar við þá umr. En hvað er að segja um þessar fullyrðingar? Við vitum, hvernig þetta er núna. Gjaldeyrisálagið — eða yfirfærslugjald er það víst nú nefnt, sem nú er innheimt, það er lægra en þær útflutningsuppbætur, sem sjóðurinn greiðir til útflytjenda, og munar þar allmiklu. Það hafa varla verið innheimtir sérstakir skattar eða sérstök gjöld á lögð til þess að jafna þann mismun, sem þarna er um að ræða, innflutningsgjald og ýmis önnur gjöld, sem hafa runnið til útflutningssjóðs að undanförnu. Ef halli kemur fram á sjóðnum, eru vitanlega ýmis ráð til þess að bæta úr því. Það er það ráð t. d. að minnka þennan mismun, gera þá breyt. á kerfinu, að það verði minni munur á þeim upphæðum, sem útflutningssjóður þarf að greiða í útflutningsbætur, og þeim tekjum, sem hann fær af yfirfærslugjaldi. Það er líka önnur leið til, og hún er sú að afla meiri tekna til þess að jafna þennan halla. Ég fæ ekki annað séð en þetta sé vel mögulegt, og ég vil fá skýringar hjá hæstv. ráðh. — Er nú sá eini farinn, sem var hér áðan, það er nú verra? Ég vil fá skýringar á þessum fullyrðingum hæstv. forsrh. Já, einmitt það, form. fjhn. er þarna, það er nú gott. Ég vildi fara fram á það við hv. meðnm. minn í fjhn., að hann komi þessum skilaboðum til ríkisstjórnarinnar. Ég óska að fá skýringu á þessum fullyrðingum ráðh. í athugasemdum og ræðum um þetta efni. Ég vænti þess, að hann komi þessu á framfæri og að ég fái þetta betur upplýst við fyrstu hentugleika. Þetta er í bókinni auðvitað.

Á bls. 18 neðst í frv. er talað um viðskiptin við Bandaríkjastjórn vegna varnarliðsins, en samþykkt frv. hefur að sjálfsögðu áhrif á þau viðskipti. Það er gert ráð fyrir því, og ríkisstj. segir hér í athugasemd:

„Um þetta atriði hafa átt sér stað undanfarið viðræður milli fulltrúa frá ríkisstjórnum beggja landa, og telur ríkisstj., að viðunandi lausn þess máls muni fást, þannig að komið verði í veg fyrir þá byrjunarörðugleika, sem lækkun gjaldeyristekna frá varnarliðinu mundi ella hafa í för með sér.“

Nú vil ég enn fara fram á það við hv. form. fjhn., að hann komi á framfæri við ríkisstj. fyrirspurn frá mér um það, hvernig þessum viðræðum sé háttað, um hvað þær snúist og hvaða lausn sé átt við þarna, hvers konar lausn. Ég vænti þess, að hann taki þetta til íhugunar.

Og enn er það spurning. Ég sé ekki annað fært en hlaða slíku áfram á minn hv. meðnm., úr því að ráðh. sjást hér ekki. Það er hér á bls. 24. Það er eitthvað um bankastarfsemi, ráðstafanir í peningamálum, þar segir: „Leggja verður höfuðáherzlu á það, að útlán bankakerfisins í heild verði ekki meiri en svarar þeirri eðlilegu sparifjármyndun, sem á sér stað í bankakerfinu. Til þess að ná þessu markmiði verður fyrst og fremst að takmarka endurkaup seðlabankans á afurðavíxlum við það stig, sem þau eru komin á nú.“

Ég hreyfði því í fjhn. að fá skýringar á þessu, við hvað væri átt þarna, og fékk þar ekki neinar fullnægjandi upplýsingar frá ríkisstj., hvað hún ætlast fyrir þarna eða hvernig þessari takmörkun yrði fyrir komið. Ég vildi fara fram á það einnig við hv. nefndarform., að hann kæmi á framfæri fsp. frá mér um það að fá skýringar á þessu.

Það er hér eitt enn, þótt undarlegt megi virðast. Hér stendur í framhaldi af þessu. (Gripið fram í.) Já, það er nú það. Það er hér fleira í framhaldi af þessu. Hér stendur:

„Til þess að hafa hemil á útlánum viðskiptabanka og sparisjóða mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að þessar stofnanir fallist á að auka ekki útlán sín samtals um meira en 200 millj. kr. á árinu 1960, enda er þá miðað við eðlileg aflabrögð og sölumöguleika á framleiðsluvörum landsmanna.“

Já, það er einmitt það. Ég hefði gjarnan viljað fá nánari skýringar á þessu einnig frá hæstv. ríkisstjórn.

Eins og ég hef áður sagt, stefnir hér allt í sömu áttina. Í stað þess að Alþ. hefur gert margháttaðar ráðstafanir til þess á undanförnum árum að dreifa því fjármagni, sem það hefur til ráðstöfunar, um landið og til almennings til þess að styðja þar að margháttuðum framkvæmdum, þá á nú samkv. frv. að draga saman sem mest, hirða hluta af þessu fjármagni, sem hefur verið til ráðstöfunar víða um land, draga það inn í banka í Reykjavík. Það eru peningarnir, sem eiga að ráða fyrst og fremst, og sjónarmið þeirra, sem hafa umráð yfir peningunum.

Það er vel hægt að viðurkenna, að það eru ýmsar veilur í efnahagsmálum okkar og peningamálum og hafa verið. Það má benda á margt, sem betur hefði mátt fara í þeim efnum eins og fleirum. En þrátt fyrir allt er þjóðin rík. Hún er líklega betur efnum búin nú, ef allt er athugað ofan í kjölinn, heldur en nokkru sinni fyrr. Þjóðin er vel efnum búin, og það er almennur, mikill áhugi fyrir því í landinu, að áfram sé unnið að alhliða framförum í þjóðfélaginu. Þessi áhugi er svo almennur, að hæstv. ríkisstj. getur ekki gert sér vonir um það, að landsmenn taki því með þögn og þolinmæði, að áframhaldandi uppbygging og framfarir og framkvæmdir í landinu verði torveldaðar eða stöðvaðar á þann hátt, sem stjórnin hefur í hyggju að gera. Því verður mótmælt og það af fullri alvöru, þeim fyrirætlunum stjórnarinnar að skapa kreppu og hnignun á mörgum sviðum í atvinnulífinu með slíkum ráðstöfunum eins og þeim, sem hér er verið að undirbúa, og ég held, að það sé mjög óskynsamlegt af stj. og stuðningsflokkum hennar að leggja út í slíka byltingu og egna með því til mikillar andstöðu. Ég held, að það væri hyggilegra og það eina rétta að komast hjá andstöðunni, komast hjá öllum þeim deilum, sem um þetta hljóta að verða í þjóðfélaginu, með því að gera nú aðeins þær breyt., sem óhjákvæmilegar eru, til þess að allt geti gengið áfram í atvinnumálum okkar með eðlilegum hætti og framfarirnar geti haldið áfram.

Það munu vera um 40 ár síðan Eiríkur frá Hæli, þáv. alþm., varpaði fram þessari spurningu í smákvæði: „Loftarðu þessu, Pétur?"

Ég held, að það væri full ástæða til þess að spyrja hæstv. ríkisstj.: Loftarðu þessu?

Stjórnin hefur að vísu 33 af 60 þm. sér til stuðnings hér á þingi, eftir því sem bezt er vitað. Við heyrðum það á framsöguræðu hv. 6. landsk. þm. (BK) hér í dag, þar sem hann talaði fyrir áliti meiri hl. fjhn., að hann er laus við allar efasemdir í þessum málum. Hann er sterktrúaður. Það á bara að halda beint áfram. Engin frávik koma til greina. Það á að halda beint af augum. Leiðin er aðeins ein, engar aðrar til. Mig minnir, að hann væri á einum stað í ræðunni að tala um einhverja þúfu, sem einhver hefði rekið sig á. Þó að hann sé svona sterktrúaður, hv. 6. landsk., þá veit ég ekkert um það, hvort allir aðrir þm. stjórnarflokkanna eru jafnvissir um það í hjarta sínu, að þetta sé það eina rétta og þar af leiðandi sé skylt að fylgja því fram. Ég veit það ekki. En ég held, að það væri viturlegt af þeim að íhuga málið betur og athuga sinn gang, áður en þeir halda lengra áfram beint af augum. Jafnvel þótt þeir geti fengið þetta samþ. hér á þingi og gert að lögum, er ég viss um, að það er mjög mikill fjöldi landsmanna, sem er andstæður þessu, andstæður þessari stefnu, sem hér er verið að boða. Og hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. í þeim flokkum, sem hana styðja, ættu vel að íhuga það, hverjar afleiðingar geta af þessu orðið, ef hvorki er litið til hægri né vinstri, en aðeins haldið beint fram og frv. þetta samþ. eins og það nú er.

Þetta eru óviturlegar aðfarir. Í stað þess að fara svona að, á að reyna að ná víðtækara samstarfi um þessi þýðingarmiklu og viðkvæmu mál. Reynslan hefur sýnt það áþreifanlega, að það er nauðsynlegt, að sem víðtækast samstarf náist um úrræði í efnahagsmálum, til þess að viðunandi árangurs megi vænta. Ég vil því leggja til, að hér verði öðruvísi að farið. Ég vil leggja til, að nú verði reynt að ná víðtækari samvinnu og samstarfi um nauðsynleg úrræði í þessum málum. Ég mun í nál. mínu leggja fram till. til rökstuddrar dagskrár í málinu og ætla að enda mál mitt með því að lesa þessa dagskrártill., með leyfi hæstv. forseta. Hún verður þannig:

„Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstj. að skipa nú þegar 8 manna n., 2 frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra, og verði verkefni n.: 1) að gera till. og leggja þær fram á þessu þingi innan 3 vikna um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi, 2) að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþ. heildartill. um skipan efnahagsmálanna, — og með skírskotun til þess, er að framan greinir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það gildir sama um mig og hv. meðnm. minn, 1. þm. Norðurl. v. (SkG), að ég hef ekki enn lokið nál. mínu og því ekki getað látið leggja það fram enn sem komið er og verð því að tala hér, áður en það birtist.

Við höfum í fjhn. kallað þá sérfræðinga, sem verið hafa til aðstoðar ríkisstj. við undirbúning þessa frv., á okkar fund. Við höfum nokkuð yfirheyrt þá um ýmislegt af þeim málum, sem fyrir lágu, fengið í einstaka tilfellum ofur litlar upplýsingar. Það var tregt um þær upplýsingar, er verulega væri á að græða. Og satt að segja verður að segja það um mál eins og þetta, að það er lítt vinnandi verk fyrir fjhn. að eiga á eins skömmum tíma og nú var ætlaður henni að ljúka, svo að nokkur mynd sé á, því verki, sem hún ætti að vinna, því að fyrri reynsla okkar af svona gengislækkunarfrv. er

sú, að það má engum sérfræðingum í því treysta. Ég var líka í þessari n. þessarar hv. d. 1950, og þá kölluðum við ekki aðeins fyrir sérfræðingana, heldur líka fulltrúa útvegsmanna og fulltrúa hraðfrystihúsanna og fleiri aðila, sem við áttum viðræður við. Við komumst ofur lítið lengra í því þá að geta þess vegna í okkar nál. nefnt þær hugmyndir, sem uppi voru hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og hjá útvegsmönnum hins vegar viðvíkjandi fiskverðinu, hvað það ætti að verða eftir gengisbreytinguna, og annað slíkt. En reynslan af öllu þessu varð, að þar sem okkur tókst að knýja fram, að látið væri uppi álit sérfræðinga og tölurnar þess vegna voru festar á pappírinn, þá reyndist þetta allt vitleysa seinna meir.

Nú virðast sérfræðingar ríkisstj. sérstaklega hafa viljað gæta sín að láta sem minnst frá sér fara, sem fært væri að henda reiður á, af því, sem einhverja þýðingu hefði, enda mun ég koma að því síðar. Það er alveg greinilegt, að þeir sérfræðingar, sem að þessu hafa unnið, eru menn, sem hafa verið að undirbúa áróður, en enga sérfræði. Við töluðum líka við aðalbankastjóra Seðlabankans. Við spurðum hann, hvaða till. hann mundi gera í sambandi við þær vaxtahækkanir sem í þessu eru fyrirhugaðar. Hann var ákaflega varkár. Maður, sem maður hefur annars þá hugmynd um að vilji ráða nokkuð miklu í Seðlabankanum, virtist bókstaflega ekki vilja láta festa sig á einni einustu tölu um þá vaxtahækkun, sem hann mundi verða hlynntur, þegar að því kæmi, og mátti þó búast við, að hann mundi ríða þar baggamuninn. Það var ekki hægt að hafa neitt upp. N. sem heild hefur ekki talað við Landssamband ísl. útvegsmanna, ekki við neina fulltrúa togaraeigenda né hraðfrystihúsanna eða neina slíka. Og sjálfum hefur mér unnizt allt of lítill tími til þess að geta unnið að því að ræða við þessa menn.

En eitt hefur mér alveg orðið ljóst af þeim viðræðum, sem fram hafa farið í n., af þeirri ræðu, sem formaður hennar hélt hér áðan, hv. 6. landsk. þm. (BK). Af því, sem kemur skýrar og skýrar fram, því meir sem maður hlustar á fulltrúa ríkisstj., hefur mér orðið það ljóst, sem mig grunaði aðeins í fyrstu, að það er mjög mikill skoðanamunur innan stjórnarherbúðanna um þetta frv. og alveg greinilegt, að hér heima hjá okkur skiptast menn í stjórnarherbúðunum í tvo hópa um afstöðuna til þessa frv. Og því meir, sem ég reyni fyrir mitt leyti að yfirheyra þá sérfræðinga, sem margt samband hafa haft út um heim, þó að ég fái ekki upplýsingar um það, sem fram hafi farið í París, þegar hæstv. viðskmrh. og sérfræðingur hans, Jónas Haralz, voru þar, þá er mér alveg ljóst, að það, sem stendur á bak við um framkvæmd þessa frv. og að hrinda því í gegn í þinginu, það eru fyrst og fremst menn úti í þeim stóra heimi, sem vilja, að Ísland fari inn á þessa stefnu, sem hér er boðuð, og að þessi stefna þessara voldugu manna í stofnunum eins og Evrópusjóðnum, Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og slíkum, hún á sér hér mjög áhugasama formælendur og erindreka, einkum meðal ungra, reynslulítilla hagfræðinga í ráðherrastóli, þingbekkjum og ráðuneytisstjóraembættum. Hins vegar er greinilegt, að aðrir í ríkisstjórninni virðast vera annarrar skoðunar. Á sama tíma sem formaður fjhn., hv. 6. landsk., talar hér af miklum áhuga og krafti sem boðandi nýjan fagnaðarboðskap og nýja stefnu, þá heyrði maður þá reyndu menn ríkisstj., hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvmrh., þá menn, sem þekkja af eigin reynslu hið svokallaða frjálsa efnahagskerfi, sem nú á að fara að koma á, — þá heyrði maður þá segja: Það er ekki með glöðu geði, að maður leggur þetta til, eins og hæstv. sjútvmrh. sagði hér í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls, eða eins og hæstv. forsrh. komst að orði: Við eigum ekki annarra kosta völ. — M. ö. o.: í stjórnarherbúðunum eru tveir hópar manna í afstöðunni til þessa frv., annars vegar menn, sem þekkja lítið til Íslands og þess, sem Ísland þarf, en hlusta því meira á það, sem voldugir menn úti í þeim stóra heimi vilja að Ísland geri, hins vegar þeir menn, sem eru búnir að standa í stjórnmálum á Íslandi í 20, 30 og upp undir 40 ár og vita, hvað Ísland þarf, en standa í þeirri meiningu, að Ísland sé í dag nauðbeygt til að beygja sig undir þá stefnu, sem á að þvinga upp á landið með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera. Og fyrir mér er það aðalatriðið í sambandi við þetta frv., að það er árás á efnahagslegt sjálfstæði Íslands og þar með á velferð þjóðar okkar. Hvernig stendur á því, að ég skuli í þessu sambandi, eins og hv. 6. landsk., formaður fjhn., komst að orði, vera að halda, að þeir í París hafi áhyggjur út af, að eyrarkarlar á Íslandi hafi of mikla vinnu? Það veit ég að vísu, að þeir hafa ekki, þó að karlar úti á Íslandi hafi áður orðið áhyggjuefni fyrir útlenda auðkonunga. En ég veit, að þeir hafa áhyggjur af hinu, að eyrarkarlar á Íslandi hafa skapað sér dálítið aðra aðstöðu en eyrarkarlar í öðrum nágrannalöndum, — skapað sér þá aðstöðu á tíma atvinnuleysis með því að tengjast allmiklum viðskiptasamböndum við lönd sósíalismans og fyrst og fremst Sovétríkin. Og þau viðskiptasambönd, sem eru grundvöllurinn að því, að hér er ekki atvinnuleysi, eru þessum háu herrum í París þyrnir í augum. Það þarf ekki annað en að fletta upp í lærðri bók, sem dr. Benjamín Eiríksson, framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans, sendi oss þm. nýlega, um hve viðkvæmur væri íslenzkur þjóðarbúskapur, eftir einn ameríska prófessor, — og ætti það að vera nokkur trygging, — sem heitir Robert Allen og mun hafa verið, þegar þetta gerðist, prófessor í hagfræði við háskólann í Virginíu. Þetta mun auðsjáanlega vera hluti af mjög lærðu tímariti og stóru og er upp á tæpar 20 síður, eingöngu um Ísland. Og hvað er það, sem þessi lærði prófessor, sem auðsjáanlega hefur haft aðgang að öllum þeim plöggum, sem Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa um Ísland, — hvað er það, sem hann fyrst og fremst ber fyrir brjósti og fyrst og fremst leggur til í sinni lærðu ritgerð? Það er, að Ísland verði að slíta viðskipta-

samböndum, þessum clearing-samböndum og vöruskiptasamböndum, sem Ísland hafi við sósíalísku löndin. Og fjölyrðir þar öll ósköp um, hvílík voðaleg kommúnistahætta sé á ferðinni, hvílíkt næstum því samsæri þarna sé að gerast, sökum þess að Ísland skuli hafa skapað sér upphaflega í tíð núv. hæstv. forsrh. fyrir 15 árum þessi viðskiptasambönd. Og það þyrfti ekki einu sinni að fara í lærða prófessora, það þarf ekki nema fara í stjórnmálamennina þar í Atlantshafsbandalaginu til þess að sjá, af því að þeir tala dálítið hreinna út um þetta en meira að segja hagfræðingarnir okkar ungu gera hérna heima, — það þarf ekki að fara lengra til að sjá, hvað er aðalatriði fyrir þessum mönnum. Það er, að þessi sambönd verði Ísland að slíta, það verði að slíta Ísland út úr þessum tengslum við þann sósíalíska heim, þeim viðskiptatengslum, sem hafa verið Íslandi sérstaklega þýðingarmikil, þegar okkar ágætu bandamenn, eins og Bretar, krepptu að okkur, sem íslenzkir stjórnmálamenn og það í tiltölulega íhaldssamri stjórn voru ósmeykir við að taka upp 1952—53 til þess að svara Bretum, þegar þeir settu bannið á okkur, til þess að sýna þessum bandamönnum okkar, að við stæðum ekki einir í heiminum, ef ætti að fara að kúga okkur. Það eru þessi viðskiptasambönd, sem eru ástæðan til þess, að voldugir auðmenn og stofnanir þeirra úti í heimi úthugsa sérstakt kerfi, og þurfti nú satt að segja ekki að leita langt, til þess að grafa undan þessum viðskiptasamböndum og eyðileggja það efnahagslega sjálfstæði Íslands, enda skauzt það upp úr hv. 6. landsk., formanni fjhn., þegar hann talaði hér áðan, að í eina skiptið, sem hann minntist á hættu í allri sinni ræðu, það var hættan af að vera háður viðskiptunum austur á bóginn. Það var eina hættan, sem hann sá. Atvinnuleysi, kauplækkun, íbúðarmissir og allt annað, sem gat dunið yfir íslenzkan verkalýð, það voru ekki neinar hættur. Nei, þetta var hættan. Það, sem honum klókari stjórnmálamenn, eins og hæstv. núv. dómsmrh., sögðu að væri mjög haganlegt fyrir Ísland 1952—53, að þora að hagnýta svona viðskiptasambönd á móti Bretum, það skoðar hv. 6. landsk., formaður fjhn., sem hættu. En hann er auðsjáanlega smitaður af sama hugsunarhættinum sem gengur í gegn eins og rauður þráður í hugsunarhætti allra þeirra lærðu manna erlendis, sem um þessi mál skrifa, þetta, sem valdið hefur miklum mönnum suður í París og vestur í Washington miklum heilabrotum, að svona lítið ríki eins og Ísland skuli dirfast að skapa sér svona sambönd og standa svo upp í hárinu á öðrum eins ríkjum og Bretlandi. Þess vegna er það, og það er alveg hárrétt einmitt, sem hv. 6. landsk., form. fjhn., gerði að aðalatriði í sambandi við það, — þess vegna er það aðalatriðið í þessu frv. að reyna að skapa það, sem þeir kalla frjálsa verzlun, innlima Ísland í það svokallaða frjálsa efnahagskerfi, eða eins og við mundum kalla það með því marxistíska orðalagi: að gera Ísland að hluta úr alþjóðlegum markaði auðvaldsins, láta okkur vera háða öllum þeim lögmálum, sem gilda í auðvaldsþjóðfélögunum, láta okkur vera undirorpna varnarlaust öllum þeim sveiflum, verðsveiflum, sölutregðum og öðru slíku, sem þar gildir, láta okkur aftur verða að búa við það öryggisleysi, sem við höfum fengið svo ægilega að þreifa á áður fyrr.

Hv. 6. landsk. og þeim ungu hagfræðingum hér er nokkur vorkunn í þessu. Ísland hefur í 25 ár eigi þekkt frjálst hagkerfi, fékk satt að segja nóg af því á árunum þar á undan. Þeir geta þess vegna af lítilli reynslu talað, en oft og tíðum miklum lærdómi, og þess vegna er þeim máske fyrirgefanlegt að hafa þessar skoðanir. En það er ekki fyrirgefanlegt að ætla að troða þeim upp á íslenzka þjóð og því síður að gera hana að tilraunadýri fyrir aðrar eins kenningar, sem hafa verið áður framkvæmdar hérna með þeim afleiðingum, að allt fór hér á hausinn.

Það var líka eftirtektarvert, þegar hv. 6. landsk. var að tala um, hvað ætti að vera frjálst, hann talaði alveg sérstaklega um, að innflutningurinn ætti að vera frjáls. Ég veit ekki, hvort það kemur til, að hann hefur meiri áhuga fyrir því innflutningsfrelsi, sem heildsalastéttin á Íslandi mundi njóta, — kannske er það öllu heldur hitt, að það langt nær hans hyggjuvit, að honum er það mjög ljóst, að það sé ekkert sérstaklega heppilegt fyrir Ísland að eiga að treysta með frjálsan útflutning á okkar góðu bandamenn í Atlantshafsbandalaginu. Það hefur svo greinilega komið fram í öllum þeim umræðum, sem fram hafa farið um þessi mál, að það lítur sannarlega ekki út fyrir, að neitt batni vonirnar um söluna á afurðum okkar, þannig að það sé tiltölulega lítið öryggi eða réttara sagt vaxandi öryggisleysi, sem við eigum þar við að búa.

Innlimun Íslands í þennan alþjóðlega auðvaldsmarkað nú þegar að 60% þýðir að gera okkur aftur háða öllum þeim sveiflum, sem þar eiga sér stað, kasta vörum okkar út í þá sölutregðu, sem þar er, upplifa, eins og við gerum nú þegar, lækkandi verð á afurðum okkar, og ef við ánetjumst síðan þessum auðhringum með lánum, komum við til með að standa á eftir frammi fyrir því að neyðast til þess að selja á mörkuðum þeirra vörur fyrir miklu lægra verð en við ella gætum selt þær. Þess vegna er einmitt það, sem stefnt er að með frv., að skapa hér aftur svokallaða frjálsa verzlun, svo að ég noti þeirra fallega orðalag, eitt það hættulegasta, sem í þessu frv. felst, þegar það er athugað frá hrein-efnahagslegu eða hrein-hagfræðilegu sjónarmiði.

Það er rétt að taka það fram, að einmitt þessi aðferð, að reyna að gefa frjálst um 60% af innflutningnum til Íslands, það þýðir um leið að byrja að grafa undan viðskiptunum austur á bóginn, og það er nú þegar byrjað og undirbúningurinn að því er nú þegar hafinn með þeim frílistum, sem verið er að undirbúa. Vörurnar, sem þegar er verið að setja á þá frílista, eru þeirrar tegundar, svo að ég tali ekki um, að náttúrlega fær viss hluti íslenzks iðnaðar að kenna á afleiðingunum af þeim frílista. Jónas Haralz upplýsti okkur hins vegar

um það í fjhn., að þeir skriffinnar, sem mundu hafa það verk með höndum að ráða þeim frílista, mundu vera svo náðarsamlegir að láta viðkomandi íslenzka iðnrekendur vita 6 mánuðum áður en vörur þeirra yrðu settar á frílista, þannig að ef fyrirtæki þeirra væru dæmd til dauða með slíkum frílista, hefðu þeir a. m. k. tíma til að búa sig undir útförina, en annars ef þeir hefðu einhvern möguleika til þess að láta þau lifa, þá að reyna að vita, hvort það væru ekki einhverjir stærri og fésterkari, sem gætu hjálpað þeim til að standast þá samkeppni, sem þar með væri verið að leiða yfir þá.

Hvað er það næsta, sem á svo að gerast, eftir að Ísland væri þannig innlimað í þennan svokallaða frjálsa markað, í þann alþjóðlega markað auðvaldsins, og smám saman brotin niður þau viðskiptasambönd, sem Ísland hefur nú við sósialistísku löndin? Það er auðséð, hvað á að gerast næst og hvernig það á að gerast. Við eigum að fá að láni allt að 800 millj. íslenzkra króna, allt að 20 millj. dollara, sem við getum tekið sem lán til skamms tíma til þess að kaupa vörur, eins mikið af þeim vörum og menn hér innanlands treysta sér til að flytja inn með von um að selja. Við eigum að taka slíkt lán, og því fylgir það skilyrði, að við megum ekki nota það til fjárfestingar. Við megum ekki nota það til þess að verða efnahagslega sjálfstæðari þjóð, við megum ekki nota það til þess að kaupa framleiðslutæki, sem gætu framleitt gjaldeyri, og við megum ekki nota það til þess að koma upp fyrirtækjum, sem gætu sparað okkur gjaldeyri. Við megum aðeins nota það til að kaupa iðnaðarvörur, sem auðhringar Vestur-Evrópu og Ameríku gjarnan vilja losna við, og fylla markaðinn hér heima af slíkum iðnaðarvörum og eyðileggja þar með að geta selt á þeim markaði vörur frá þeim löndum, sem mundu kaupa af okkur fisk, án þess hins vegar að hafa nokkra hugmynd um, hvort við getum selt nokkurn fisk til viðbótar til þess að borga það af þessum 800 millj. kr., sem við fengjum að láni til að kaupa vörur fyrir. M. ö. o.: okkur er boðið að taka lán, hættulegustu tegund lána, yfirdráttarlán, sem gerir okkur engu færari til þess að geta borgað það á eftir, þannig að við stöndum máske frammi fyrir því rétt á eftir að hafa enga möguleika til þess að borga þetta lán. Þetta hefur verið afstaðan hér á Íslandi í viðskiptunum við Bandaríkin, Bretland og Vestur-Þýzkaland. Þessi ríki hafa yfirleitt skipt þannig við okkur, að það hefur vantað árlega, að við hefðum 200 millj. kr. út úr þeim viðskiptum til þess að geta borgað þeim það, sem við höfum keypt af þeim, ef aðeins væri um verzlunarviðskiptin að ræða. Við höfum alltaf haft neikvæðan verzlunarjöfnuð einmitt við þessi ríki. Og það er vitanlegt, að þessi ríki hafa fyrst og fremst áhuga fyrir því að selja okkur vörur, en ekki eins mikinn fyrir að kaupa af okkur.

Það var hér forðum daga hjá einokunarkaupmönnunum máske ekki svo sérstaklega mikil fyrirstaða að lána einum kotbónda. En þegar hann var kominn á reikninginn, var oft og tíðum lítil miskunn sýnd. Og þegar lögð var inn varan á móti, vildi einokunarkaupmaðurinn máske ráða því meira um verð vörunnar sem kotbóndinn var skuldugri. Og með því að koma okkur Íslendingum í þessa aðstöðu gagnvart voldugum erlendum lánardrottnum, að taka vörur í úttekt á þennan máta, er verið að reyna að gera okkur skulduga eins og íslenzka bændur fyrrum hjá einokunarkaupmönnunum. Það er eftirtektarvert, að þeir ungu hagfræðingar, sem hafa verið sérfræðingar ríkisstj. í þetta skipti, virðast ekki gera nokkurn greinarmun á lánum eftir því, hvort þau séu tekin til þess að efla okkar efnahagslega sjálfstæði eða hvort þau séu tekin til þess að gera okkur mögulegt að kaupa vörur af þjóðfélögum, sem þurfa að losna við þær vegna offramleiðslu hjá sér. Og það er eftirtektarvert, að einmitt einn af þeim lærðustu hagfræðingum, sem áður hafa haft með þessa hluti að gera, finnur ástæðu hjá sér nú til þess að fara að leiðrétta dálítið þessa ungu hagfræðinga, sem tala eins og hvítvoðungar um þessa hluti. Það er maður, sem sjálfur hefur orðið fyrir ýmiss konar reynslu hér heima, sjálfur máske ofur lítið hrasað, en hann hefur verið að feta sig áfram og kynna sér ástandið hér og lært af því. Og það ætti máske, ef þeir hugsuðu ofur lítið meira, okkar ungu hagfræðingar, sem nú standa sem sérfræðingar að þessu áliti ríkisstj., að vera von til þess, að þeir gætu sparað okkur ein 10 ár gengislækkana, atvinnuleysis og vandræða, sem við mundum lifa, ef þeir tækju ofur lítið meira tillit til reyndari manna en þeim hættir við að gera.

Einmitt í sambandi við það, sem hagfræðingarnir eru að reyna að útbásúna, hve illa þjóðin standi vegna þess, að hún hafi lagt fé í það, sem sparar innflutning, þá er rétt, með leyfi hæstv. forseta, að ég lesi hér upp úr Morgunblaðinu 10. febr. eina setningu eftir dr. Benjamín Eiríksson, þar sem hann skrifar um erlendar skuldir og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held það geti ekki verið vafamál, að þjóðin er í alla staði miklu betur fær um að standa undir greiðslu 5½ millj. dollara árið 1958 en 2 millj. dollara árið 1951, einmitt vegna þess, hve miklar framkvæmdir hafa verið unnar fyrir hið erlenda lánsfé.“

Svo mörg voru þau orð, og ég held, að þeir, sem tala allmikið núna og litla reynslu hafa í íslenzkum þjóðhagsmálum, ættu að kynna sér ofur lítið betur reynslu þeirra manna, sem eru þó búnir að vera hérna heima um áratugsbil og ekki alveg nýskroppnir frá París. **(Gripið fram í:** Eigum við þá að fara að trúa á dr. Benjamín?) Nei, nei, nei, þið skuluð ekki fara að trúa á hann, þið fenguð nóg af að trúa á hann 1950. Þið skuluð miklu heldur fara að hugsa og hugsa sjálfstætt um það, sem fyrir liggur. Hættan, sem yfir okkur vofir, þegar okkur standa til boða 800 millj. kr. og við getum farið að kaupa alls konar vörur, sem okkur hefur kannske oft langað í, og tekið allt út í reikning, þá er hættan sú, að við kaupum of mikið af þessu og gáum ekki að okkur, fyrr en

við erum allt í einu komnir í skuld og rekur að því að við eigum að fara að borga hana, en við stöndum miklu verr að vígi að borga hana en áður.

Það er þess vegna hættan, sem yfir okkur vofir um þetta, að við verðum háðir þessum erlendu lánardrottnum, að þessir erlendu lánardrottnar geti skipað okkur: Nú verðið þið að borga. — Það þýðir m. a.: Þið liggið með fiskimjöl, þið liggið með síldarmjöl, þið liggið með síldarlýsi og þið hafið verið að reyna að halda þessu uppi í einhverju háu verði, sem okkar ágæti Unilever-hringur eða einhver annar vill ekki borga ykkur. Þið eruð jafnvel með einhverja óþekkt, og ykkur dettur jafnvel í hug að fara að selja síldarmjöl og síldarlýsi og annað slíkt austur fyrir járntjald. Nei, þakka, mínir herrar, þið getið bara lækkað verðið á þessu, þið getið bara beygt ykkur. — Þá erum við komnir í það, sem við höfum viljað sleppa við, að vera aftur jafnháðir þessum brezku auðhringum og við vorum á árabilinu 1930—40, eða verða að lúta banni þeirra, eins og við urðum að gera allt stríðið. Það er undan þessu, sem við höfum viljað losna. Og það hafa meira að segja þeir menn séð, sem einhverja reynslu hafa af íslenzkum stjórnmálum, að út í þetta á ekki að leiða Ísland aftur.

Það þýðir þess vegna, að Ísland á ekki að ánetja sig erlendu auðvaldi. Það á ekki að taka lán, hvergi, nema með það fyrir augum að verða að ríkara fyrir, verða að sjálfstæðara fyrir, að fá að nota það lán til þess að geta framleitt meira og þá fyrst og fremst af vöru, sem ýmist sparar gjaldeyri eða skapar okkur gjaldeyri.

En hvert er nú markmið þeirra manna, sem eru svona gjöfulir við okkur í dag að vilja offra okkur þessum lánum, sömu mannanna, sem oft og tíðum hafa ekki viljað lána okkur nokkurn skapaðan hlut? Jú, þessir menn eru að reyna að knýja það fram, um leið og þeir veifa framan í okkur 20 millj. dollara láni, það er verið að veifa því framan í okkur, að *það sé ósköp fallegt að koma á frjálsu efnahagskerfi.* Og mikið má vera, þótt ég hafi því miður ekki getað fengið það upp, ef það er ekki raunverulega skilyrði fyrir því, að þetta 800 millj. kr. yfirdráttarlán fáist, að Ísland gefi 60% af innflutningnum frjálsan. Ég spurði að þessu, og því var neitað, að það væri skilyrði. Ég bað um að fá að athuga plögg, sem hefðu farið á milli í París, og þau hef ég ekki getað fengið. Og ég vildi, að það kæmi fram líka hér frá hæstv. ríkisstj. alveg skýrt og skorinort, að þetta væri ekki skilyrði, m. ö. o., að þetta mundi standa hvaða íslenzkri ríkisstjórn sem væri til boða, að taka svona lán og nota á þann hátt, sem henni byðist, þótt hún gæfi ekkert af íslenzkum innflutningi frjálsan.

Ég er hræddur um, að það sé ekki aðeins um það að ræða, eins og ég gat um áðan, að það eigi að innlima Ísland í þann frjálsa, alþjóðlega auðvaldsmarkað, að það eigi að gera Ísland háð voldugum lánardrottnum. Ég er hræddur um, að afleiðingin af þessu öllu sé, að það eigi að gera Ísland eftirsóknarvert fyrir erlent auðvald, og það er eitt af því, sem staðfest hefur þann grun minn, að það sé höfuðtilgangurinn með því, sem hér er verið að gera í dag og þessa dagana, að koma inn erlendu auðvaldi á Íslandi, einmitt vegna þess, hvernig allir þeir, sem um þetta tala, varast að minnast á það. Það er rétt eins og það hafi verið sagt við þá suður í París: Við ætlum að sjá um, að voldugir auðhringar komi á eftir og setji upp fyrirtæki sín á Íslandi. Það þurfið þið hins vegar ekkert að vera að segja heima á Íslandi. Það eru e. t. v. einhverjir Íslendingar, sem mundu fá einhverja móralska timburmenn út af slíku. Það eru e. t. v. einhverjir, sem færu að berjast á móti því, að slíkt væri gert. — Og *þess vegna er það svo eftirtektarvert*, að það er ekki minnzt á það í öllum þeim umræðum, sem um það hafa farið fram.

Að vísu var ameríski prófessorinn, sem ég gat um áðan, ekkert að dylja það neitt í þeirri lærðu grein, sem hann skrifaði og gefin var út í Þýzkalandi. Þar segir hann, að það sé einmitt fjárfesting útlendra einkaaðila, sem mundi geta hjálpað upp á sakirnar seinna meir, ef einhverjir erfiðleikar væru nú fyrir þá ríkisstj., sem framkvæmdi allt frelsið hérna á Íslandi, að halda þessu gangandi. Það er dálítið skemmtilegt, að eitt af því, sem hann stingur nú upp á til þess að bjarga okkur, er að koma upp miklum minkabúum á Íslandi, af því að fiskurinn mundi vera vel nothæfur handa minkunum. Það er eins og manninn hafi rámað í það, að fiskmarkaðirnir mundu líklega dumpa niður, svo að það væri bezt að nota íslenzka fiskinn sem mest í minkana og koma upp sem mestum minkabúum, það hefði gefizt ágætlega á Nýfundnalandi.

Nýfundnaland fór, eins og menn vita, nokkurn veginn á hausinn í kreppunni miklu og hefur aldrei beðið þess bætur síðan, en við höfum verið að reyna að bjarga okkur, Íslendingar, með því að finna upp okkar eigin búskaparhætti og fara okkar eigin leiðir. En þessir amerísku prófessorar, útlærðir hjá evrópsku samvinnustofnuninni og ameríska alþjóðabankanum, þeir virðast, rétt eins og hann Sergent, eða hvað sem hann hét, sem kom hér og var að ráðleggja okkur að vera ekki að fást við kartöflurnar, — þeir virðast finna upp undarlegustu hluti, sem þessir Íslendingar eigi að geta lifað af. Að koma upp minkabúum og hætta að rækta kartöflur og annað slíkt, það virðist vera það helzta, sem Íslendingar eigi að geta gert sem sjálfstætt fólk, að öðru leyti skuli útlenda auðvaldið sjá um þá. Og ég var satt að segja hissa á, að form. fjhn., hv. 6. landsk., skyldi ekki koma neitt inn á þetta spursmál um útlenda auðvaldið, því að hann var dálítið hreinskilnari um það, þegar hann var að túlka þessa viðreisnarstefnu, sem nú er kölluð, á landsfundi Sjálfstfl. í fyrra. Þá sagði hann, með *leyfi hæstv. forseta, eftirfarandi:*

„En til þess að fá erlent fjármagn inn í landið, svo að auðið yrði að byggja upp nýjan, heilbrigðan atvinnurekstur, þyrfti auðvitað í fyrsta lagi að hafa verið *komið á í landinu jafnvægisbúskap* með eðlilegri gengisskráningu, þá

þyrfti að gera nauðsynlegar breytingar á félagalöggjöf landsins, og að síðustu, en ekki þó sízt, að endurskoða skattalöggjöf landsins og gera hana þannig úr garði, að fyrirtækjum væri gert kleift að eignast hæfilega sjóði og skila hagnaði. Að öðrum kosti mundu innlendir sem erlendir menn ekki vilja hætta fjármunum sínum til þess að stofnsetja eða reka ný stórfyrirtæki á Íslandi."

Þetta stóð í Morgunblaðinu 20. marz 1959.

Það var greinilegt, og það hefur komið fram hjá fleirum en hv. form. fjhn., að ýmsa menn hér langar til þess að fá erlent auðmagn inn í landið. Og það er ekki nýtt. Erlent auðvald hefur áður langað til að klófesta Ísland. Það er vel kunnugt, að 1918—20 var svo komið, að allir fossar á Íslandi, sem einhver líkindi voru til að yrðu starfræktir eða virkjaðir, höfðu verið seldir útlendum auðfélögum, nema Sogið. Og Alþingi varð að grípa í taumana til þess að eyðileggja þennan eignarrétt útlendra auðmanna á fossum Íslands. Einn af þeim mönnum, sem höfðu forgöngu um að gera þetta og stóðu á verði þá gegn því, að útlent auðmagn fengi að virkja fossa okkar og ná tökum á þeim, var formaður Íhaldsflokksins, Jón Þorláksson, og það tókst að afstýra þá, að erlent auðvald næði tökum á atvinnulífi okkar. Og þeir, sem þá stóðu með þeim Guðmundi landlækni og Jóni Þorlákssyni, báðu þess þá lengst allra orða, að það yrði heldur látið bíða að virkja íslenzka fossa en að það gerðu aðrir en Íslendingar í íslenzka þágu.

Það tókst á fyrstu árum fullveldisins að bjarga Íslandi undan því að verða erlendu auðvaldi að bráð, og þeir menn unnu gott verk, sem það gerðu. 1947 varð ríkisstj. að kaupa Þjórsá á 3 millj. af Titan. Það var ekki nema nafnið tómt fyrir Titan að eiga það, því að notkunarrétturinn var ekki hugsanlegur fyrir það, en eignarrétturinn hafði nú samt sem áður haldizt þarna allan þennan tíma.

En það er eins og sá þjóðernisandi, sem bjó í þeirri fátæku borgarastétt, svo að ég tali ekki um þá fátæku þjóð, sem þá var til á Íslandi, sé að deyja út hjá þeirri of ríku borgarastétt, sem nú er vaxin upp á Íslandi, því að nú virðast of margir menn þar hafa áhuga fyrir að gera Ísland og íslenzka þjóð fyrst og fremst arðránshæfa fyrir útlent auðvald.

Það hafa verið settar skorður gegn því, að útlent auðvald kærði sig um að setjast að á Íslandi, jafnvel að reyna að leppa auðmagn sitt hér. Þær skorður hafa ekki aðeins verið ýmis atriði í okkar löggjöf, heldur alveg sérstaklega í okkar skattalöggjöf, okkar félagalöggjöf og verðið á íslenzku vinnuafli. Og það er engin tilviljun, að hv. 6. landsk. þm., form. fjhn., talar um, að það þurfi að breyta félagalöggjöfinni, það þurfi að breyta skattalöggjöfinni, til þess að voldugir, útlendir aðilar séu til í að leggja fjármuni sína í svona land eins og Ísland með von um, að þeir skili hagnaði. Það þarf kannske að breyta vinnulöggjöfinni, það þarf kannske að svipta verkamenn lýðræðislegum réttindum, sem þeir hafa, það þarf kannske að gera skattalöggjöfina þannig úr garði, að hlutafélög geti safnað nógu miklum auði. Við Íslendingar höfum hingað til ekki rekið atvinnulíf okkar fyrst og fremst með það fyrir augum, að það gæfi hagnað. Við höfum rekið atvinnulíf okkar með það fyrir augum, að þessi þjóð gæti lifað, að hér væru menn, sem hefðu næga vinnu, að hér væru menn, sem þyrftu ekki að svelta, hér væru menn, sem gætu klæðzt sæmilegum fötum og gætu lifað vel. En við höfum ekki rekið atvinnulíf okkar fyrst og fremst til þess, að menn geti safnað digrum sjóðum, hvort heldur það væru útlendir eða innlendir menn.

En hvað á að gerast með þessu frv.? Íslenzkt vinnuafl hefur verið eitt það dýrasta í heimi frá sjónarmiði útlends auðvalds. Þetta útlenda auðvald mundi hins vegar, ef þetta frv. væri samþ., ef íslenzkur verkalýður beygði sig fyrir því, — sem hann ekki gerir, — þá mundi þetta útlenda auðvald hafa hér á Íslandi eitt ódýrasta vinnuafl í heimi. Ég hef bent á það áður og þarf ekki að ítreka það, hálfur dollar fyrir klukkustund hins ólærða verkamanns er helmingi lægra kaup en verst launuðu verkamenn í suðurríkjum Bandaríkjanna hafa, þeir sem ríkið verður að vernda með lögum gegn arðráni atvinnurekendanna. M. ö. o., með þessu frv. og þessari stefnu, ef hún er framkvæmd, er verið að segja við það útlenda auðvald, sem stendur á bak við þessa árás á efnahagslegt sjálfstæði og velferð íslenzku þjóðarinnar: Nú getið þið fengið nógu ódýrt vinnuafl. Það kostar ekki nema hálfan dollar klukkutíminn hjá duglegum íslenzkum verkamanni. Fossarnir bíða hérna eftir ykkur, og það eru jafnvel útlend félög búin að gera ráðstafanir til þess að mæla orkuna í þeim og hvað hún muni kosta, og hún er ódýr, þegar virkjað er í stórum stíl. — Og hvað þýðir þetta? Ef útlent auðvald, við skulum segja ameríski alúmíníumhringurinn eða einhverjir aðrir þess háttar, kemur hér upp voldugum verksmiðjum, þar sem þúsundir og kannske tugþúsundir manna vinna, það þarf ekki stórar verksmiðjur til á nútímamælikvarða, þá er búið að gera Ísland aftur að nýlendu. Þá er búið að gera íslenzka þjóð aftur að arðrændri þjóð, sem útlent auðvald hefur tökin á.

Við, sem höfum lifað það að brjótast úr því að vera nýlenda og vera meðhöndlaðir eins og nýlenda og vera fátækir eins og nýlenda, — við, sem höfum horft á þá baráttu og reynt jafnvel að hjálpa til við að byggja upp land okkar, viljum ekki horfa upp á það, að þegar Ísland er búið að brjótast eins langt og núna um lífskjör, með sameinuðum átökum oft og tíðum allra stétta þjóðarinnar, sé því hrundið aftur niður í það að verða eins og arðrænd nýlenda útlends auðvalds. Sé útlendu auðvaldi hleypt hér inn, gleypir slíkt útlent auðvald þjóð okkar. Það nær tökunum á henni. Miklu meiri tökum en nokkurt hernám getur náð.

Þeir menn, sem nú boða þetta sem eitthvert fagnaðarerindi, þessa stefnu, eins og hv. 6. landsk. var að lýsa, eru að boða nýlendustefnu hér á Íslandi, ekki neina hálfnýlendustefnu eða eitthvað slíkt. Þeir eru að stíga sporið

aftur á bak niður í niðurlæginguna, og fyrstu mennirnir, sem þeir ætlast til að stígi þau spor aftur á bak, eru verkamennirnir í Reykjavík. Verkamenn, sem hafa verið með bezt launuðu verkamönnum í heimi, eiga að stíga sporið niður í það að vera lélegar launaðir en nokkrir verkamenn í nágrannalöndunum, allt til þess að útlendir auðmenn vilji hætta fjármunum sínum til að stofnsetja ný stórfyrirtæki á Íslandi, svo að ég noti orð hv. 6. landsk.

M. ö. o.: fyrir þeim mönnum, sem þarna hugsa skýrast og þegja þess vegna oft og tíðum núna um þennan hlut, virðist það vaka að gera Ísland og íslenzkt vinnuafl eftirsóknarvert fyrir útlenda auðmenn, gera Ísland aftur að nýlendu, gera vinnuaflið nógu ódýrt, geta veifað framan í auðvaldið: Hér fáið þið nógan gróða. — Þannig á að halda stig af stigi. Fyrst að draga lokur frá hurðum til þess að opna fyrir þess vörum, síðan að ánetjast þeim í gegnum 800 millj. kr. lánin, því næst að bjóða því útlenda auðvaldi að setjast hérna að til að bjarga okkur, þegar við stæðum hér í atvinnuleysi og skuldum, og telja þjóðinni trú um, að með því að setja hér upp stór, voldug, útlend auðfyrirtæki, sem kannske fengju hér einkaleyfi til 20—30 ára, væri verið að bjarga þjóðinni út úr atvinnuleysi og kreppu, rétt eins og verið er að segja í dag, að það sé verið að bjarga þjóðinni út úr einhverjum hörmungum með þeirri óheillastefnu, sem á að reyna að blekkja þjóðina inn á.

Það var einhvern tíma sagt um slíkar hugmyndir og slíka menn, sem að slíku unnu, af Þorsteini Erlingssyni í Við fossinn:

Þeir halda ekki oss vinnist þá veglegri jörð
með vitrari mönnum og sælum.
Nei, voldugir húsbændur, hundar á vörð
og hópur af mörkuðum prælum.

Það er það, sem yrði okkar hlutskipti, ef við færum inn á þessa leið, ef við færum að reyna að gera Ísland girnilegt fyrir útlent auðvald.

En það eru ekki nema þeir yngstu og óreyndustu, sem virðast vera farnir að tigna kapítalismann eins og einhverja hugsjónastefnu, sem ég ætla þetta. Þeir menn, sem hafa reynslu af kapítalisma á Íslandi, eins og meiri hluti ríkisstj. hefur, vita miklu betur.

Þessi afleiðing er fyrir mér það allra, allra alvarlegasta í þessu frv., það allra, allra hættulegasta í því, því að sé þetta gert, sem hér er lagt til viðvíkjandi verzlunarfrelsinu, svo að ég noti það fallega orð, viðvíkjandi lánunum og slíku, er verið að gera hluti, sem ekki er svo gott að taka til baka. Þegar búið er að eyða fast að þessum 800 millj. og ánetja okkur, þá er viss vandi á höndum, og þá er máske hægt fyrir þá aðila, sem eru nógu kaldrifjaðir, að draga útlent auðvald inn í landið á eftir, og þá er Íslandi hætt, og þess vegna vara ég við þessu, og þess vegna nefni ég þetta númer eitt.

En í öðru lagi er þetta frv. hatrammasta árás á íslenzkan verkalýð og íslenzka launþega og lífskjör þeirra. Þann hlut er ég ekki eins hræddur við, vegna þess að það eru til kraftar hér á Íslandi, sem munu sjá um það, að þau illu áhrif, sem í því felast, munu ekki ná fram að ganga. Í þessu frv. er ráðizt á íslenzkan verkalýð hatramlegar en gert hefur verið með nokkrum lögum, sem lögð hafa verið fram á Alþ. áður. Í fyrsta lagi: Það er ráðizt á hans samningsrétt og helgi þeirra samninga, sem hann hefur gert, með því í 25. gr. að afnema vísitöluna og banna að semja um vísitölu. Vísitalan hefur verið, eins og hv. 6. landsk. vitnaði alveg réttilega í mig, vernd þess fátæka manns á móti þeirri dýrtíð, sem slæmir valdhafar hafa leitt yfir hann. Það er alveg makalaust, hvað skynsamir menn og yfirleitt rökrétt hugsandi geta ruglað hrottalega saman, þegar þeir eru að tala um vísitölu. Það er alveg eins og hún hafi festst einhvers staðar í heilanum á þeim og hringli þar laus, þegar þeir eru að tala um vísitölur og verðbólgu, og jafnvel tala þeir stundum um þetta eins og þetta sé bara eitt og hið sama. Hver er sannleikurinn í þessu? Jú, sannleikurinn er sá, að á ákveðnu stigi í þróun verkalýðshreyfingarinnar knýr verkalýðurinn það fram, að hann fær greidda vísitölu á kaup. Það þýðir m. ö. o.: ef verðlagið hækkar í landinu, þarf ekki verkamaðurinn að fara aftur í verkfall og langa vinnudeilu til þess að knýja fram, að hans kaup hækki í samræmi við dýrtíðina, heldur kemur það af sjálfu sér. M. ö. o.: þegar einhverjir slæmir valdhafar finna það út, að það sé hægt bara að hækka verðlagið í landinu og lækka þannig kjör verkalýðsins, fann verkamaðurinn það út þarna á móti, að hann skyldi fá sjálfkrafa hækkun á kaupi sínu, ef verðlag hækkaði, m. ö. o., að hann skyldi halda sama kaupi, það væri ekki hægt að stela af honum með opinberum ráðstöfunum. Það er vernd gegn þjófnaði, og það eru til menn, sem hafa verið að básúna það út allan tímann, að það væri voðalegt, að verkalýðssamtökin í þjóðfélaginu dirfðust að vernda sig gegn því, að það væri stolið af þeim, ætti ekki að standa það, sem þau hefðu samið um.

Vísitalan var sjálfsögð aðgerð, sem ekki aðeins hefur verið sett í samninga hér á Íslandi og í lög gagnvart opinberum starfsmönnum, hún er aðgerðir líka, sem öll verkalýðsfélög og flestallir launþegar á Norðurlöndum hafa búið við áratugum saman og þykir alveg sjálfsagður hlutur. Það mundi þykja alveg dæmalaust að koma fram með frv. eins og þetta hérna er, um að banna eigi vísitöluna, t. d. á Norðurlöndum. Það mundi þykja alveg furðuleg ósvífni. En hvernig stendur á, að nokkrir valdhafar láta sér detta í hug að ætla að koma með svona? Jú, af hverju? Af því, að þessir valdhafar á Íslandi hafa hvað eftir annað misnotað vald sitt í þjóðfélaginu til þess vitandi vits og af ásettu ráði að leiða verðbólgu yfir þjóðina. Það hefur verið svarað kauphækkunum, sem verkamenn hafa knúið fram, ekki með því að segja við atvinnurekendur, sem hafa fallizt á kauphækkanir: Reynið þið nú að „rationalisera", svo að ég noti það ljóta, útlenda orð, — reynið þið nú að reka rekstur ykkar dálítið skynsamlegar, reynið þið nú að sameina ykkur í stærri rekstur, svo að þið

getið staðið sjálfir undir þessum kauphækkunum, sem þið hafið fallizt á. Reynið þið nú að finna upp allt mögulegt til þess að spara í atvinnurekstri ykkar, m. ö. o. að láta kauphækkunina verða til þess, að atvinnurekstur atvinnurekendanna verði skynsamlegar rekinn. — Nei, borgarastéttin á Íslandi hefur haft þá aðferð gagnvart þessu, að hún hefur sagt: Nei, ég nenni ekki að vera að því. Hvað ætli ég sé að reyna að reka fyrirtæki mitt skynsamlega? Ég bara velti þessu yfir á almenning með því að hækka verðið á vörunni. — Og það hefur verið gert. Því fer þess vegna svo fjarri að tala um, að það, að verkamaðurinn hafi vísitölu á sitt kaup, orsaki nokkra verðbólgu. Bókstaflega enga. Ekki 0.0%. Það eina, sem orsakar hana, er, að það er beitt þeirri aðferð af hálfu valdhafanna að láta hækka vöruverðið, þegar kaupgjald hækkar, og jafnvel kominn sá ósiður á að gera það sjálfkrafa. Og það er rétt, að það er ósiður, og þar af hefur komið aftur hitt, að verkalýðssamtökin hafa verið farin að reikna með því í öllum vinnudeilum á undanförnum áratug, að það yrði alltaf tekið af þeim á þennan máta á eftir, og þess vegna oft og tíðum farið fram á miklu meiri grunnkaupshækkanir en þau mundu hafa farið fram á, svo framarlega sem þau hefðu haft vissu fyrir því, að einhver ofur lítil samvizkusemi hefði verið af hálfu atvinnurekendanna um að reyna að hafa reksturinn skynsamlegri og bera sjálfir eitthvað af þessari kauphækkun, en velta henni ekki allri yfir á fólkið.

Það er þess vegna mjög óréttlátt og frekt gagnvart verkalýðssamtökunum og öllum launþegum að svipta þau nú vísitölunni og banna að reikna hana, og það gefur öllum valdhöfum undir fótinn um að beita því valdi, sem verðlagningin er, á mjög ósvífinn hátt í framtíðinni. En eftirtektarvert er, og þar kemur það nýja mat, það óíslenzka mat í öllu þessu fram, hvílíkur munur er gerður á meðhöndlun vísitölu eftir því, hvort það er vinnuafl hins fátæka manns, sem á í hlut, eða það er verðbréf banka eða þeirra, sem keypt hafa verðbréf. Það eru til verðbréf hér með vísitölu. Fátækur verkamaður, sem þrælar dag og nótt við að byggja sér hús, fær lán, B-lán gegn vísitölu og önnur lán með vísitölu, og bankinn kaupir bréfið og kannske selur einhverjum, og það á að reiknast vísitala á það lán. Og það var upplýst hjá okkur í fjhn., eins og ég raunar líka bjóst við og á vissan hátt er eðlilegt, að það á að reikna vísitölu af vísitölubréfunum samkv. gömlu vísitölunni, sem afnumin var í fyrra, 1. febr., og verkamaðurinn, sem er sviptur sínum samningsbundna rétti til kauphækkunar samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, á að borga af húsinu sínu, af skuldinni, sem hann er í, samkvæmt vísitölu. M. ö. o.: þegar það er fjármagnið, sem á í hlut, skal vísitalan gilda. Þegar það er sá skapandi maður, sá maður, sem framleiðir og skapar vinnu, sem á í hlut, skal vísitalan bönnuð. Þetta er það nýja mat, annars vegar á auðmagni og hins vegar á vinnuafli, sem á að innleiða á Íslandi með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hingað til höfum við Íslendingar verið stoltir af því og jafnvel aðrar þjóðir hafa tekið eftir því hér heima, að hér á Íslandi væri manngildið sett hærra en peningagildið, og það hefur verið aðal okkar Íslendinga. Manngildi, það er raunverulega fyrst og fremst gildi þess vinnandi manns, þess manns, sem vinnur, og við Íslendingar höfum fyrst og fremst verið allt okkar líf menn, sem höfum unnið. Það hefur venjulega ekki verið svo mikið af peningum hér á Íslandi, að það séu þeir, sem hafi gegnsýrt þjóðfélagið, en með þessari löggjöf á að byrja á því. Réttur peningsins á að vera hátt settur, réttur mannsins, réttur þess vinnandi manns, hann skal niður — og það langt niður. Þess vegna er 23. gr. um að afnema vísitöluna eitt af því svívirðilegasta, sem í þessu frv. er.

Þá er þetta frv. í öðru lagi árás á verkalýðinn og verkalýðssamtökin hvað launakjörin snertir. Útlendar vörur munu hækka frá 20 og upp í 60% fyrir beinar aðgerðir samkv. þessu frv. Almennu hækkanirnar á þeim vörum, sem koma inn í vísitöluna og algengastar eru, munu verða yfirleitt 20—30%. Það mun vafalaust ekki vera óeðlilegt að gizka á, að almennt séð muni það verða 23%, sem dýrtíðaraukningin kemur til með að verða, miðað við vísitöluheimilið. Ég veit, að hagfræðingarnir reikna eitthvað öðruvísi. Þeir eru með eitthvað 14%, ef ég man rétt, reikna náttúrlega með húsaleigunni, eins og húsaleiguvísitala nú er, og öðru líku, og ég þekki reikningana þeirra frá fyrri gengislækkunum, svo að ég tek því öllu með varúð. Mér sýnist eftir þeim athugunum, sem ég hef gert, að hækkunin á því, sem vísitölufjölskyldan þarf, þýði, að lífsnauðsynjar hennar hækki um a. m. k. 23%. Það, sem hún fær í uppbætur, sú fjölskylda, sem á 2 börn innan 16 ára, og í tekjuskattsminnkun, það gerir aldrei meira en láta þá aukningu á útgjöldum fjölskyldunnar, sem ekki yrði bætt, verða sem næmi um 11%, þannig að kjararýrnunin, sem þarna er um að ræða eftir því, hvort fjölskylda á í hlut, sem hefur 2 börn innan 16 ára, eða ef það eru einhleypingar eða fjölskyldur, sem eiga börn yfir 16 ára, þá er kauplækkunin 11—23%. Launalækkunin, sem í þessu felst, er þess vegna alveg gífurleg. Það hefur aldrei svona mikil launalækkun verið fyrirskipuð með lögum á Íslandi áður.

Samtímis þessu er vitað mál, að þetta er ekki sú eina lífskjararýrnun, sem í þessu felst. Það, að íslenzk verkamannafjölskylda hefur haft lífsafkomu, sem hefur verið mjög góð, miðað við lífsafkomu verkamanna almennt í veröldinni kringum okkur, hefur ekki fyrst og fremst byggzt á háum launum hér heima. Þó að okkur hafi tekizt um langt skeið að halda 40—50% hærra kaupmætti tímakaups en var fyrir stríð, þá hafa þó þau góðu lífskjör fyrst og fremst stafað af mjög löngum vinnutíma, vissulega óhóflega löngum vinnutíma þess íslenzka verkamanns. En hann hefur fengið aðstöðu til þess að vinna svona lengi og fengið aðstöðu til þess að vinna með 50 og 100% hærra kaupi sína eftirvinnu og næturvinnu og helgidaga-

vinnu, og það er það, sem hefur gert, ef ég má segja, gæfumuninn um, að hann hefur getað veitt sér fleiri hluti og sinni fjölskyldu a. m. k., þó að maðurinn hafi kannske sjálfur þrælað nótt með nýtum degi.

Með þessu frv. er lagt til að koma aftur á á Íslandi privatkapítalistískum atvinnuháttum, eins og þeir venjulega gerast með öðrum þjóðum og gerðust hér fyrrum, fyrir næstum heilli kynslóð, hjá okkur. Þegar auðvaldsskipulagið er óheft og lögmál gróðans og gróðavonarinnar er það eina, sem í því ræður, þá kaupir atvinnurekandi ekki vinnuafl á 50% hærra verði en hann getur fengið það á. Þegar nægilegt framboð er á vinnumarkaði, lætur atvinnurekandinn ekki vinna eftirvinnu, það er þá bara í undantekningartilfelli í sambandi við að bjarga fiski undan skemmdum og öðru slíku. Almenna reglan verður: Engin eftirvinna, engin næturvinna, og annað slíkt. Það má færa fram mörg rök fyrir því, að það væri gott að losna við hana, en þegar íslenzkur verkalýður losar sig við hana, mun hann gera það á þann hátt að knýja fram fyrir 8 tíma dagvinnu sama kaup og hann nú hefði með 10 tíma vinnu, 8 tímum í dagvinnu og 2 tímum í eftirvinnu. Hann mun ekki sætta sig við hitt, að hann verði látinn vinna ódýru tímana *og kaupið ekki hækkað og lífskjör hans versni* sem þessu svarar.

Það er engum efa bundið, að afleiðingin af þessu frv. og framkvæmdinni á stefnu þess þýðir atvinnuleysi. Við minntumst á það í fjhn., Jónas Haralz bar á móti því, að svo mundi verða. Hann talaði um öll þau skip, alla þá báta, sem keypt voru til landsins í tíð vinstri stjórnarinnar og mundu sigla inn og þyrftu fólk, og við hefðum marga útlendinga hér og annað slíkt, Vissi ég það, Sveinki. Það var líka svo eftir nýsköpunartímann, að það var ekkert þægilegt fyrir þá stjórn, sem þá tók við, að koma á atvinnuleysi undireins, meðan togararnir voru að sigla inn. Það tók hana 3 ár. Það kemur til með að vefjast ofur lítið fyrir þessari ríkisstjórn líka að koma á atvinnuleysi vegna þeirra ráðstafana, sem voru gerðar í tíð vinstri ríkisstjórnarinnar með að afla framleiðslutækja, þannig að það verður heldur erfiðara. En ég efast ekki um, að þeir menn, sem koma til með að stjórna aðgerðunum á Íslandi frá París og Washington í gegnum erindreka *sína á Íslandi, hafa* nægar aðferðir til þess að finna út, hvernig eigi samt sem áður að skapa atvinnuleysi og það tiltölulega fljótt.

Ef öll byggingavinnan minnkar um helming, eins og virðist vera gert ráð fyrir í þeim innflutningsáætlunum, sem við fengum, þá líður ekki á mjög löngu, það þarf kannske ekki einu sinni heilt ár, þangað til þar sé farið að vera allt gerbreytt. Við höfum verið vanir því undanfarið á Íslandi að líta á það, að jafnvel múrarar og trésmiðir væru svo að segja einkaréttindastéttir, og þeir, sem oft hafa talað óvarlega í þeim efnum, muna ekki eftir því, að meira að segja 1951 fóru múrarar á togara og 1940 tók Múrarafélagið sig saman um að fara að taka upp svörð uppi í Mosfellssveit, vegna þess að það voru svo að segja engin hús til að byggja.

Það er engum efa bundið, að það er atvinnuleysi, sem stefnt er að og hjá vissum mönnum verður afleiðingin af þessu, og það þyrftu þeir allir að sjá, sem að þessu standa og taka á þessu ábyrgð. Atvinnuleysi varð hér 1951, og það var engin tilviljun, og atvinnuleysi er í kapítalistísku skipulagi óhjákvæmilegt fyrir auðmannastéttina. Án atvinnuleysisins hefur hún ekki þau tök á vinnumarkaðinum, sem hún þarf að hafa. Þess vegna mun það útlenda auðvald, sem nú fer að halda hér í spottann hjá okkur, ef þetta verður samþ., sjá til þess, að mátulegt atvinnuleysi skapist á Íslandi. Og ég held, að ef það væri gengið skarpt að til að yfirheyra Jónas Haralz ráðuneytisstjóra um það mál, mundi hann jafnvel viðurkenna það. *Og hvað verður þá um lífskjör íslenzks verka*lýðs, þegar búið er að svipta hann réttinum til vísitölukaupgreiðslunnar, þegar búið er að lækka launakjör hans með því að hækka dýrtíðina um 20—30%, þegar búið er að svipta hann eftirvinnunni og jafnvel sjálf vinnan fer að verða stopul? Þá hafa lífskjörin hrapað þannig niður, að ég vil segja það út frá minni þekkingu í 40 ár á íslenzkri verkalýðshreyfingu, að við það *mun íslenzk* verkalýðshreyfing ekki una. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar fyrir hennar hönd, ég hef ekki umboð til þess, ég er því síður að hóta nokkru. Ég vil minna á það, að við stjórn, sem ég studdi, sagði ég hér, þegar efnahagsmál voru til umræðu vorið 1958, að ég varaði þá stjórn við og alveg sérstaklega Framsfl. Ég ráðlagði honum að taka tillit til verkalýðshreyfingarinnar, að reikna með henni og reyna ekki að þvinga það fram, sem hann vildi, án þess að taka réttmætt tillit til hennar, til hennar allrar. Ég aðvaraði þá ríkisstj., sem ég studdi. Það var daufheyrzt við þeim ráðleggingum, og ég held, að það hafi verið mjög skakkt af þeirri ríkisstj. að daufheyrast við þeim. Ég þarf raunverulega ekki annað en skírskota til þm. Sjálfstfl. og ráðherra hans, af því að þeir hafa líka nokkra reynslu frá haustinu 1958 um, hvernig verkalýður bregzt við kúgunarráðstöfunum, vitlausum efnahagsráðstöfunum, þannig að þeir vita fyllilega, hvernig sérstaklega reykvískur verkalýður, alveg sama hvaða flokki hann fylgir, breytir, þegar honum finnst sér misboðið. Og þó skulum við muna, að í þeim efnahagsráðstöfunum, sem ég var þá að vara við, var ákveðin 5% kauphækkun fyrstu mánaðina, 5% kauphækkun til þess að bæta verkamönnum upp 9 stiga vísitölumissi, og allir hv. þm. vita, hvernig fór þá um haustið.

Þess vegna vil ég vara hæstv. ríkisstj. við. Ég vil aðvara hana, ekki sem neinn pólitískur foringi eða neinn fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar, heldur bara sem Íslendingur, sem vill gjarnan komast hjá erfiðleikum, baráttu og ófriði. Ég vil aðvara hæstv. ríkisstj., ekki sem pólitískur andstæðingur hennar, heldur bara vegna þess, að ég þekki þjóð mína. Hagfræðingarnir kunna að reikna, þ. e. þeir reikna rétt,

eins rétt og reikningsvélar, ef þeir hafa réttar tölur og ef þeir vita, hvort þeir eiga að leggja saman eða draga frá. En þeir vita ekki, að þegar þeir eru að reikna um efnahagsmál, eru þeir að reikna með lifandi mönnum, mönnum með tilfinningu, mönnum, sem eru að verja fjölskyldu sína, mönnum, sem eru að verja sína afkomu, mönnum, sem eru að verja sína eign, mönnum, sem eru að berjast fyrir því að halda íbúð, sem þeir hafa þrælað fyrir árum saman. Hagfræðingarnir reikna ekki með fólki. Þeir reikna eins og vélar. Þeir reikna ekki með mönnum með holdi og blóði, með tilfinningu. Það er það hins vegar, sem stjórnmálamenn eiga að kunna. Í því er þeirra lífspólitík, þeir eru að stjórna mönnum. Þess vegna er það, að það er hægt að nota hagfræðinga eins og góðar reiknivélar. Ef maður leggur dæmið rétt upp fyrir þá, skila þeir áreiðanlega réttri útkomu. En það hættulegasta, sem hægt er að gera, er að ætla að fara að láta þessa hagfræðinga stjórna þjóðfélaginu, stjórna lifandi mönnum, ráða örlögum lifandi fólks, skammta t. d. verkamönnum í Reykjavík, hvað þeir eigi að borða mikið, hvað þeir eigi að klæðast í og hvort þeir eigi að fá að búa í íbúðinni sinni áfram eða ekki. Þá er komið að öðrum hlutum, sem eru utan við svið hagfræðinganna og þeir bera ekkert skynbragð á og bezt er að láta þá engu ráða um. Hagfræðingar geta reiknað, hvað framleiðsla er á Íslandi, hvað mikið af fiski kemur á land og annað slíkt. En það kemur enginn fiskur á land og verður að engum fiski unnið nema af því, að það eru menn, sem draga hann á land, og menn og konur, sem vinna að honum í landi. Hagfræðingarnir ættu að læra að reikna með því. Meira að segja þó að menn hafi 800 millj. kr. lán frá París, kemur enginn þorskur á land á Íslandi fyrir það lán, ef sjómennirnir eru ekki til að draga hann, og fólkið á Íslandi mun fá að vita, að það er bæði verið að blekkja það og verið að undirbúa að kúga það, og þess vegna mun það rísa upp. Það getur engin hvít bók gert þau svörtu áform, sem hér eru fyrirhuguð, hvít í augum fólksins. Og fyrir okkur, sem höfum lifað baráttu reykvísks verkalýðs í 30 ár, lifað mörg svört áform, sem jafnvel hefur þurft bardaga til að hrinda, við höfum lifað það hér í Reykjavík, að það hafa ekki verið til neinir peningar að morgni eins dags, til þess að atvinnulaus verkamaður gæti fengið atvinnubótavinnu eina viku í mánuði, og við höfum lifað það, að það hafa verið nógir peningar til að kvöldi, bara af því að verkamenn risu upp.

Þess vegna vona ég, að þeir, sem reyndastir eru og gætnastir, beri gæfu til þess að skilja, að það á ekki að leggja út í svona hluti eins og hér er lagt til viðvíkjandi verkalýðnum og verkalýðshreyfingunni. Það á ekki að reyna að framkvæma svona árásir. Þeir menn, sem hafa reynsluna af baráttunni undanfarna áratugi, vita, að þetta tekst ekki.

Satt að segja hefur það oft hvarflað að mér, þegar ég hef verið að reyna af veikum mætti að setja mig inn í, hvernig þessir blessaðir hagfræðingar undirbúa þessar svokölluðu áætlanir sínar og annað slíkt, — það hefur stundum hvarflað að mér, að það sé bókstaflega eins og — ég vil ekki segja, að það sé afgreitt eftir pöntun, en ég veit eiginlega ekki, hvernig mennirnir hugsa. En það er næstum því stundum eins og þeir setji dæmið þannig upp, að útkoman sé í heilanum hjá þeim, örugg fyrir fram, og svo sé dæmið lagað eftir því, að útkoman passi við það, sem þeir vilja fá út.

Ég skal taka eitt smádæmi af því, sem mest er notað af hálfu ungu hagfræðinganna sem rök fyrir því, að það sé allt í voða hér á Íslandi. Ég sé nú satt að segja aldrei þennan voða. Ég sé ekki voða hér, á meðan fólk lifir hér sæmilega og kemst sæmilega af, hvað sem allri reikningslist hagfræðinga líður. Ég sé meiri voða í því, þegar fer að sverfa að mönnum, heldur en þó að eitthvað sé vitlaust í bókhaldinu. — Já, ég ætlaði að taka eitt dæmi um, hvernig vinnubrögð slíkra hagfræðinga eru. Það er notað sem rök, að hlutfallið á milli vaxta og afborgana af erlendum lánum og gjaldeyristekna þjóðarinnar sé svo ægilegt, að voðinn sé alveg yfir okkur, svo framarlega sem við ekki stingum við fæti og steypum okkur ekki fram af hengifluginu. Og það, sem lagt er til grundvallar í sambandi við þessa útreikninga, er sem sé alltaf gjaldeyrisframleiðslan á árinu 1959, árinu, sem núna var að líða, og út frá því er í öllum þessum útreikningum reiknað með sem útgangspunkti, um hvað allt saman þetta sé hættulegt. Þessir lærðu hagfræðingar, þessir miklu hagfræðingar, sem fara til Parísar, voru líka við að útbúa þá fræðilegu, þá vísindalegu undirstöðu að efnahagsráðstöfunum, sem ég var að tala um áðan, vorið 1958, og þá er líka búin til áætlun. Hún var búin til í marz 1958, og þar var líka talað um gjaldeyristekjurnar og hvað afborganir væru nú að verða miklar, og í þeirri áætlun þessara sömu hagfræðinga, búinni út í marz 1958, var reiknað eins og ég nú skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

Gjaldeyristekjurnar 1957 voru þar settar 1355 millj. kr. Þá hefur ofur lítið vantað upp á, að það væri komin svo nákvæm áætlun sem nú er í skýrslu hagfræðinganna, sem sýnir 1957 1375. Þá gizka þeir á 1958 1372 millj. kr., svo gizka þeir á 1959 1370 millj., svo gizka þeir á 1960 1370 millj., svo gizka þeir á 1961 1370 millj., svo gizka þeir á 1962 1340 millj. M. ö. o.: þessir vísu hagfræðingar í þessari hagfræðinganefnd, — ég býst við, að Jónas Haralz sé einn aðalmaðurinn, þeir voru líka sumir að tala um gengislækkun þá, — þeir segja: Jú, fram til 1962 verða gjaldeyristekjurnar alltaf þessar sömu, 1372 millj. Þetta eru þær vísindalegu forsendur. Það er ósköp þægilegt að sýna fram á, að landið sé að fara á hausinn út af hlutfallinu á milli vaxta og afborgana af erlendum lánum og gjaldeyristeknanna.

Þetta var nú svona, þegar þessi góði maður var að byrja í þessu, ungur og alveg óreyndur og auðsjáanlega var ekki sérstaklega mikill stórhugurinn né skilningurinn á því, að Íslendingar væru þjóð, sem væri að auka framleiðslu

sína. En þetta eru vísindalegu undirstöðurnar undir efnahagsráðstöfunum og till. hjá þessum lærðu hagfræðingum. Og nú koma þeir og prenta og prenta náttúrlega í hvítu bókinni og alls staðar þetta, sem er á bls. 31 í grg. Nú hafa þeir ofur lítið lært. Jú, þeir hafa lært, — það eykst, þessir Íslendingar taka upp á þessum fjanda að láta gjaldeyristekjurnar vaxa og á einu ári eru hagfræðingarnir sem sé búnir að læra þetta, að þær vaxa. Benjamín Eiríksson lærði heilmikið á 10 árum, og Jónas Haralz hefur lært heilmikið á einu ári. Og hvað eru þeir nú búnir að læra mikið? Jú, hann segir: 1958 eru gjaldeyristekjurnar 1521 millj. Svo gizkar hann á 1959. Og hvað gizkar hann á 1959? 1466. Þær minnka. 1466. Aflinn 10% meiri. Jónas Haralz vinnur ekki úr aflanum, hann setur hann víst í sjóinn aftur í sínum huga. 1960 er það 1547, 1961 er það 1600, og svo eykst það. 1962 er það komið upp í 1690, 1963 er áætlunin 1770.

Hvað eru raunverulega gjaldeyristekjurnar, ef við reiknum með birgðavextinum í ár, gjaldeyririnn, sem við sköpum, gjaldeyririnn, sem við hefðum getað verið búnir að flytja út og fá inn, ef það hefði ekki af sérstökum pólitískum ástæðum verið beðið með það? Það er raunverulega 1776 millj. kr., gjaldeyristekjurnar 1959.

Þetta er útgangspunkturinn í allri áætluninni um þetta hlutfall, þessar 1466 millj., sem Jónas Haralz er með, lækkun frá 1958, og þannig fær hann prósenturnar þannig út, að á árinu 1961 er það komið upp í 11.4% miðað við gjaldeyristekjurnar.

Þessi áætlun er röng. Þessari áætlun er hagrætt með það fyrir augum að fá ákveðna útkomu, sem líti illa út. Ég bað um í fjhn. að fá áætlun þeirra fram til 1970. Ég fékk áætlun fram til 1966. Ég spurði þannig um, hvað vextir og afborganir væru. Ég bað um að fá hlutfallið, hvað bátarnir væru af gjaldeyrisútgjöldunum. Það hef ég ekki fengið. En eitt vitum við, að flestir þeir bátar, sem við fáum til Íslands, skapa eins mikinn gjaldeyri brúttó á einu ári og þeir kosta sjálfir í gjaldeyri, þannig að gjaldeyrislega séð er það gott fyrirtæki fyrir okkur að fá bátana.

Þegar farið er að búa til áætlanir eins og þessir hagfræðingar gera, get ég líka alveg eins búið til áætlanir, þó að ég sé enginn hagfræðingur. Og ég kastaði upp áætlun að gamni mínu, þar sem ég nota þeirra tölur í vöxtum og afborgunum og þar sem ég set fyrir árið 1959 1748 millj. kr. í gjaldeyristekjum, og síðan reikna ég heldur minni vexti en þeir eru með. Þeir eru mestmegnis með 90 millj. kr. vexti frá ári til árs. Ég reikna með 75 millj. kr. fast frá ári til árs, og ég reikna með því hlutfalli, sem vextir og afborganir þá verða af slíkum tekjum. Það gildir fyrir árið 1960 1923 millj., 1961 1998 millj. o. s. frv., og þá eru prósenttölurnar, sem ég fæ út fyrir 1958 8%, sem hlutfallið er milli vaxta og afborgana af erlendum lánum og gjaldeyristekna. 1960 er það 8.5%, 1961 er það 9.1%, 1962 er það 8%, 1963 er það 6.5%, 1964 er það 5.4%, 1965 er það 4.5%, 1966 er það 4.2%. M. ö. o.: þessir vextir og afborganir af erlendum lánum verða aldrei allan þennan tíma svo miklir, að það verði íslenzkum þjóðarbúskap raunverulega hættulegt, — aldrei nokkurn tíma. Það er eins og hver annar barnaskapur, svo að ekki sé talað um neitt verra, að halda slíku fram. Það er náttúrlega hægt að gera það með einu móti. Það er hægt að gera það með því móti að reikna með stöðvun í íslenzku atvinnulífi, reikna með samdrætti í íslenzkri útgerð. Það er hægt, og því virðist mér að sumu leyti þessir hagfræðingar reikna með. Þeir reikna með því, að það sé kannske svo og svo mikið af skipum, sem liggja og séu ekki gerð út, eða að togararnir sigli svo og svo mikið og þess vegna fái menn ekki nægan fisk í hraðfrystihúsin, og annað þess háttar. Það eru allir mögulegir slíkir hlutir, sem kunna að koma fyrir. Þess vegna geta þeir fengið allan fjandann út eftir því, hvaða tölur það eru, sem þeir reikna með, og ég get það líka, ef á að fara að reikna svoleiðis. En ég þykist hafa þarna meiri rök fyrir mínum tölum en þeir hafa fyrir sínum. Og eitt a. m. k. er alveg víst, það er ekki leyfilegt að byggja á þeirra staðhæfingum og þeirra hagræddu tölum aðrar eins ráðstafanir og þær, sem hér á að gera.

Íslenzk þjóð verður aldrei sannfærð um það, að þetta sé óbrigðull grundvöllur til þess, að hver einasti verkamaður og verkamannafjölskylda í landinu eigi að fórna milli 10 og 20 þús. kr. af kaupgjaldi sínu á ári fyrir stefnu þessara hagfræðinga. Þess vegna er það greinilegt, að allir útreikningar, allar skýrslur, allt, sem byggt er á viðvíkjandi þessari grg. og þessu frv., á að takast til endurskoðunar, þetta stenzt enga gagnrýni, byggir ekki á neinum staðreyndum. Það er ill óskhyggja, sem þarna er að verki, staðreyndum svo að segja hagrætt með það fyrir augum að fá út útkomuna, sem einhverjir herrar suður í París og einhverjir erindrekar þeirra á Íslandi vilja fá til þess að þvinga upp á Ísland slæmri efnahagspólitík.

Þá komum við að þeim kafla þessa frv., sem snertir vextina. Það er nú kannske rétt, að hæstv. viðskmrh. komi inn, áður en ég hverf alveg frá þeim kafla, sem snertir verkalýðshreyfinguna. Ég rétt minnist gamals og góðs samstarfs okkar í fjhn., þegar við vorum að berjast á móti síðustu gengislækkun og hröktum sameiginlega mjög dyggilega allar þær firrur, sem þá voru uppi hjá hagfræðingunum, og allt reyndist rétt, sem við sögðum, og allt vitlaust, sem þeir sögðu. Þá var hæstv. viðskmrh. ekki neitt sérstaklega hrifinn af því að stofna atvinnuöryggi Íslendinga í voða fyrir einhvers konar frjálsa verzlun.

Og svo að ég að síðustu ljúki ádeilu minni út af því, hvað verkalýðnum sé bezt, og ádeilu minni á skoðanir hv. 6. landsk., form. fjhn., í þessu efni, ætla ég rétt að vitna í nál. 3. minni hl. fjhn. frá 1950, núv. hæstv. viðskmrh., þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti er það um þetta að segja, að ég tel það ekki eiga að vera höfuðmarkmið þeirrar stefnu, sem fylgt er í efnahagsmálum, að hægt sé að halda uppi svonefndri frjálsri

verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera það, að haldið sé uppi fullri atvinnu og full hagnýting allra framleiðslutækja sé tryggð.“

Þessu var ég og er fyllilega sammála.

Í þessu frv. er svo einn af þýðingarmestu köflunum viðvíkjandi vöxtunum, og það undirstrikaði hv. form. fjhn. mjög greinilega í sinni framsöguræðu, að það er ein af höfuðstoðum þeirrar nýju efnahagsmálastefnu, sem hér kvað eiga að taka upp. Og sú stefna er í stuttu máli sú, að nú skuli innleiða okurvexti á Íslandi og afnema allt, sem heitir að lasta það ljóta orð lengur, heldur gera það að góðri og heilbrigðri fjármálapólitík, enda hefur Sigurður Berndsen lýst því yfir, að hann sé mjög sammála þeirri stefnu, sem þar sé upp tekin.

Vextirnir og lánapólitíkin eru ein höfuðstoð þeirrar stefnu, sem nú á að hefja, og forsvarsmaður hæstv. ríkisstj. undirstrikaði það mjög greinilega, að án þeirra framkvæmda, sem ætlazt er til á því sviði, fellur þessi stefna um sjálfa sig. Hvernig hefur nú aðstaða okkar Íslendinga yfirleitt verið gagnvart vöxtum og gagnvart lánum? Sannleikurinn er, að við höfum alltaf verið á móti háum vöxtum. Við höfum alltaf verið þjóð, sem hefur þurft að fá að láni, við höfum þekkt vel það gamla orðatiltæki Englendinganna, þegar þeir segja: Englendingurinn þolir allt nema 2%. — Enski kapítalismínn treystir sér til þess að halda allt út nema það, að vextirnir af kapítali fari niður í 2%, þá er honum öllum lokið. Við höfum um áraraðir verið undir hans ok seldir og orðið að borga stóran hluta af okkar þjóðartekjum í vexti til hans, og við höfum alltaf viljað losna undan öllu vaxtaoki. Það hefur þess vegna frá upphafi, þegar við fórum að ráða okkar málum sjálfir, verið eitt af höfuðatriðunum í öllu íslenzku efnahagslífi að reyna að knýja fram lága vexti. Og þetta er ekkert einkennandi fyrir okkur. Þetta er einkennandi fyrir hverja einustu þjóð, sem er á framfaraskeiði. Fyrir þjóð, sem er á framfaraskeiði, eru lágir vextir ódýrir peningar, eins og bændurnir og atvinnurekendurnir í Bandaríkjunum orðuðu það fyrir 100 árum, 1850—1860 og 1870, þegar gróskan var þá að koma mest í athafnalíf þeirra.

Til þess að byggja upp land okkar, sem enn er að heita má ónumið nema sjávarsíðan, þurfum við ódýrt fé, lága vexti, og ef okkur á að vegna vel í landinu, þarf skattur okkar til auðsins, til fjármagnsins að vera sem minnstur, því að því hærri verða okkar vinnulaun og sá afrakstur, sem þjóð okkar fær. Þess vegna verður það alltaf eitt höfuðatriði um öll efnahagsleg kjör íslenzku þjóðarinnar, að vextir séu lágir. Þetta hefur líka verið höfuðatriði í allri baráttu þeirra stétta, sem mest hafa þurft á lánum að halda. Það hefur verið eitt höfuðatriði í baráttu bændastéttarinnar, að vextir séu lágir á þeim lánum, sem hún fær, og var eitt af því fyrsta, sem knúið var hér fram á áratugnum 1920—30. Það var eitt aðalatriðið, þegar löggjöfin um verkamannabústaði var sett 1929, að fá fram vexti, sem væru 2½%, og Alþ. setti lög um það, og var þjóðin þó fátæk þá. Það var eitt aðalatriði á tímum nýsköpunarstjórnarinnar að knýja það fram, þegar togaraflotinn var keyptur handa landsmönnum og ráðizt í að reisa stórar og miklar verksmiðjur, og þurfti að beita okkar bankavald mjög hörðu til þess, að atvinnurekendur fengju lán, sem voru 2½%. Það hefur verið höfuðatriði fyrir þjóð okkar að knýja fram lága vexti. Og ef við ætlum að byggja land okkar sjálfir, njóta okkar auðlinda sjálfir, virkja okkar fossa sjálfir, þá er frumskilyrðið það, fyrir utan að við eigum þetta og þetta sé í okkar eigu og við gerum þetta sjálfir, að þegar við tökum lán til þess, tökum við þau lán með lágum vöxtum. T. d. af Sogsvirkjuninni er helmingurinn af kostnaðinum núna við framleiðslu alls rafmagns og meira en helmingurinn vextir af lánum.

Það er engum efa bundið, að einmitt háir vextir af lánum hafa orsakað þriðjunginn af allri verðbólgunni á Íslandi, þ. e., í verðlagsmynduninni á Íslandi er sök hárra vaxta a. m. k. þriðjungur af því. Þess vegna hlýtur það alltaf að vera keppikefli fyrir þjóð okkar og allar þær stéttir hennar, sem leggja í framkvæmdir eða eru að reyna að koma yfir sig húsum, að búa við ódýrt fjármagn, búa við lága vexti. Nú er sagt: Við eigum að koma á háum vöxtum til þess að stjórna með því atvinnulífinu. — Ég veit ósköp vel og viðurkenni, að þetta er ráð, sem getur dugað og er jafnvel eðlilegt að dugi í gömlum og grónum kapítalískum þjóðfélögum eins og Bretlandi og Bandaríkjunum. Það er ósköp eðlilegt. Það er hægt að stjórna svona þar. Þar er líka hægt að stjórna illa þar með því, og jafnvel í Bandaríkjunum hafa menn rekið sig á það. En á Íslandi er ekki hægt að stjórna með þessu. Það er ekki hægt að framkvæma á Íslandi þá pólitík, sem mundi þykja sjálfsagt að framkvæma í hverju einasta öðru kapítalísku landi, og það bara af þeirri ástæðu, að við erum svo lítil þjóð, þar sem hver þekkir annan svo vel, að menn hafa ekki brjóst í sér, ekki einu sinni bankastjórar, til þess að beita þeim aðferðum, sem hægt er að beita í stórum þjóðfélögum. Það er oft verið að álasa Íslandi sem landi kunningsskaparins og landi, þar sem ættarböndin séu rík, og allt mögulegt annað slíkt. Það er stundum slæm staðreynd, en það er staðreynd. Það skal öðruvísi bankastjóra til en nú eru á Íslandi til þess að segja við mann, sem á íbúð, sem er 300—400 þús. kr. virði og vantar 10 þús. kr. víxil til þess að bjarga henni undan hamrinum: Þú færð ekki víxilinn, góði minn, þó að þú borgir hann upp á einu ári, íbúðin þín verður boðin upp. — Við höfum ekki svona menn enn þá á Íslandi. Þó að kapítalismínn sé búinn að vera til hjá okkur núna um tveggja kynslóða skeið, er hann ekki búinn að skapa þá manngerð á Íslandi, hann er ekki búinn að rýra íslenzkt manngildi svo mikið, hann er ekki búinn að gera samböndin manna á milli að svo ísköldum peningasamböndum, að menn steypi hver öðrum í ógæfu með svona hlutum. Það, sem menn koma til með að standa frammi fyrir, þegar á að fara

að framkvæma þetta, eru svona hlutir. Og ef einhverjum bankastjóra kynni að detta í hug að reyna eitthvað í þessa áttina, mundu bankarnir reyna það, að sparifé færi út úr greipunum á þeim og sparifjáreigendurnir færu sjálfir að lána fram hjá bönkunum. Það hefur komið fyrir áður á Íslandi og getur komið fyrir enn, og það er ekkert vald til samkvæmt frv., sem heldur sparifé föstu í bönkum.

Það er ekki hægt að framkvæma svona pólitík á Íslandi. Það er ekki hægt að koma á privatkapítalismanum með allri hans svívirðingu hér á Íslandi. Þjóðin rís upp á móti því. Meira að segja held ég, að bankastjórar muni rísa upp á móti því. Það hefur verið reynt áður, og það hefur mistekizt. Menn tala, eins og stundum hefur verið gert, um misrétti, spillingu og annað slíkt í sambandi við leyfin og allt saman það. Hvað haldið þið að yrði þá sagt, ef bankastjórar ætluðu að fara að beita hörðu við suma og sýna linkind við aðra? Nei, það er ekki hægt að gera svona hluti, það er vitlaust að gera svona hluti á Íslandi, það er skaðlegt fyrir okkar þjóðarbúskap, og það á ekki að reyna það.

Við erum fátæk þjóð þrátt fyrir ýmislegt, sem okkur hefur áskotnazt, og erum að byggja upp stórt land. Við þurfum til þess ódýrt fjármagn, og við höfum þá aðstöðu í veröldinni, sem við eigum að hagnýta okkur miskunnarlaust. Ef við getum fengið fjármagn fyrir austan járntjald, þá eru það jafngóðir peningar til þess að byggja upp orkuver á Íslandi eða hvað sem er eins og dollarar frá Ameríku. Eins og við getum verzlað austur fyrir járntjald og verzlað til Ameríku, Afríku og Vestur-Evrópu, eins getum við tekið lán fyrir austan járntjald og höfum gert það, eins og við tökum lán í Ameríku, Englandi eða jafnvel annars staðar. Við eigum að vera óhræddir að hagnýta þá aðstöðu, sem Ísland er í, til þess að skapa eins gott líf fyrir þessa þjóð og hægt er. Við gerum það ekki með því að ætla að gera okkur undirorpna venjulegum, privatkapítalistískum atvinnuháttum. Við gerum það aðeins með því að hugsa fyrir þjóð okkar sem eina heild, bera umhyggju fyrir henni eins og fjölskyldufaðir fyrir sínu heimili, og fjölskyldufaðir innleiðir ekki þessa hætti á sínu heimili og gagnvart sínum börnum. Við eigum að hugsa um okkar þjóð eins og litla þjóð, sem hefur lifað af allar þær hörmungar, sem yfir Ísland hafa gengið, og lifum nú í fyrsta skipti þannig, að börnin okkar taka út fullan vöxt, sem í kynslóðum okkar hefur búið, í fyrsta skipti kynslóð, sem fær að borða sig sadda. Og nú á ekki að byrja á því að segja: Þetta fólk á að lúta ísköldum lögmálum peningavaldsins í veröldinni. — Við eigum að frelsa þjóð okkar frá því að verða því undirorpin. Við reyndum það einu sinni. Ég hef áður minnzt á það. Ég ætla ekki að gera þetta að umtalsefni núna, ekki að minnsta kosti strax.

Allur kaflinn um vextina og lánapólitíkina er jafnskaðlegur og hann er ómannúðlegur og eins og hann er óraunsær, og þó kastar tólfunum í 32. gr., þegar ríkisstj. fer fram á heimild til að geta raunverulega breytt lögum, einum 6—8 lögum. Ég spurði satt að segja á fundi okkar í fjhn., hvort það væri ekki miklu þægilegra fyrir ríkisstj. að fara bara fram á að fá einar litlar tvær línur, þar sem stæði: Ríkisstjórninni er heimilað að breyta öllum þeim lögum, sem fyrir eru á Íslandi, eftir því sem henni þóknast. — Þá er þetta miklu, miklu fyrirhafnarminna, og það er stefnt í þá áttina með þessari 32. gr., að mega svo að segja stjórna með tilskipunum.

Þá ætla ég rétt að minnast nokkrum orðum á það, sem á að vera undirstaða þessa frv. eða tilefnið til þess, að lagt er út í það, og það er að bjarga sjávarútveginum. Það er með þennan veslings sjávarútveg, sem alltaf er verið að bjarga hér. Þessi atvinnuvegur, sem alltaf bjargar þjóð okkar og við lifum á, það er einhvern veginn búið að koma mönnum upp á það og það er nú hið slæma uppbótakerfi, sem þar hefur vissulega hjálpað til, að það er farið að tala um eins og við séum alltaf að bjarga honum, þegar við erum að bjarga okkur sjálfum. Í þeim ráðstöfunum, sem hér er lagt til, hef ég ekki getað sannfærzt um að væru neinar ráðstafanir, sem tryggðu afkomu sjávarútvegsins, engar, og ég get ekki séð, að neitt í þessu frv. sé sérstaklega fyrir sjávarútveginn gert, ekki neitt. Það er nefnilega eitt af því undarlega með hagfræðingana, þessa ungu hagfræðinga, þessa óreyndu hagfræðinga, að þeir halda alltaf, að þeir geti með því að reikna niður gengið reiknað sjávarútveginn niður í það að bera sig. Þetta er dæmi, sem aldrei gengur upp af þeirri einföldu ástæðu, að um leið og gengið er reiknað niður, þá hækkar um leið verðið á öllum vörunum, sem sjávarútvegurinn þarf. Og dæmið kemur aldrei til með að ganga upp. Þið megið halda áfram áratug eftir áratug að lækka gengið á Íslandi hvað það snertir, þið bjargið ekki sjávarútveginum með því.

Ég spurði, af því að í frv. og grg. þess er gert ráð fyrir, að það sé byggt fyrst og fremst á bátaútveginum og afkomu hans, — ég spurði þess vegna: Hvað reiknið þið með, að smábátaútvegurinn eigi að fá hjá hraðfrystihúsunum fyrir fiskkílóið, eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt? Davíð Ólafsson fiskimálastjóri varð fyrir svörum af hálfu hagfræðinganna. Það stendur nefnilega hérna í 17. gr., með leyfi hæstv. forseta: Lagt er til, að hið nýja gengi verði 38 kr. á Bandaríkjadollar. Þetta gengi er við það miðað, að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bátanna, beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, sem nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum. Ég spurði því Davíð, hvað hann áliti að bátarnir ættu að fá meira. Hann sagði, að þeir ættu að fá 28% til viðbótar, það ættu hraðfrystihúsin að geta greitt, og vildi þá ganga út frá kr. 2.12 fyrir fiskkílóið, sem ég nú hins vegar ekki vildi ganga inn á að væri rétt að leggja til grundvallar. Bátarnir fá meira núna. Með þessu móti, með 28% af 2.12, eins og hann reiknaði, mundi koma út 2.71. Nú er ég hins vegar hræddur um, að hráð-

frystihúsin mundu vilja velta 5% útflutningsgjaldinu yfir á smábátaútveginn og mundu þá kannske vilja lækka verðið allt niður í 2.50. Að mínu áliti hins vegar fær fiskibáturinn núna kr. 2.35 fyrir sitt fiskkíló með þeim uppbótum, sem hann fær í gegnum vátrygginguna, sem greidd er, þannig að ég er ákaflega hræddur um, að báturinn verði ekkert betur út úr því með þessari gengislækkun en hann er með núverandi uppbótum.

Ég hef leitað til Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég hef því miður ekki getað fengið þar neitt, sem ég gæti hér haft eftir. En svo mikið held ég að mér sé óhætt að segja, að ekki held ég, að þeir menn séu neitt sérstaklega öruggir um afkomu bátaútvegsins vegna þessa frv. Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að geta talað við félagsskap íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Það hefur satt að segja verið allt of lítill tími til þess, að maður gæti grennslazt nóg eftir hlutunum hjá þeim, sem ættu að vita gerla um þetta. Þegar við vorum í fjhn., við hæstv. viðskmrh., 1950, kölluðum við alla þessa menn fyrir okkur, fengum upplýsingar frá þeim og gátum sett það allt saman niður á pappír, en nú er ég hræddur um, að allir þessir menn séu dauðhvekktir á því að láta hafa nokkuð eftir sér, vegna þess að þeir verða alltaf fyrir svo miklum vonbrigðum á eftir af öllu saman, sem hlýzt af þessum efnahagsráðstöfunum. Og það má mikið vera, ef þessi gengislækkun tryggir rekstur bátaútvegsins eða jafnvel togaraútvegsins á nokkurn sérstakan máta.

Ég hef þess vegna ekki getað fengið neina sönnun fyrir því og ekki getað heyrt hjá neinum þeim mönnum, sem hafa með þetta að gera, nein rök fyrir því, að þeir álíti, að með samþykkt þessa frv. væri tryggt, að bátaútvegurinn yfirleitt gengi af fullum krafti. Það, sem við eigum á hættu m. a., er bara, að deila á milli hraðfrystihúsanna og bátanna geti valdið stöðvunum. Maður þarf ekki mikið að tala við mennina, sem hafa með bátana að gera og togarana, til þess að heyra þó það á þeim, að þeir eru hræddir út af lánatakmörkununum og vaxtahækkununum, enda tekið fram í fjhn. af Jónasi Haralz mjög greinilega, að það fái þeir alls ekki reiknað.

Við spurðum Vilhjálm Þór, aðalbankastjóra Seðlabankans, þegar hann kom á okkar fund, hvað bankinn mundi lána út á fiskinn, og fengum það fram hjá honum, að það mundi verða lánuð sama krónutala út á sama magn, sem sagt út á kassann eða smálestina, eins og áður, og ég sagði við hann: Það verður þá hlutfallslega minna af fiskverðinu lánað af hálfu bankanna til útvegsmannanna eða hraðfrystihúsanna en áður var. Já, viðurkenndi hann. M. ö. o.: lánskjörin, sem útvegsmennirnir fá, versna hlutfallslega, þau versna og vextirnir hækka. Við, sem höfum verið í bankaráði Landsbankans, höfum oft verið að ámálga það, að það væru allt of háir vextir, sem Seðlabankinn tæki einmitt af endurkaupavíxlunum. Viðskiptabankarnir hafa fengið ½%, þegar Seðlabankinn hefur fengið 4½. Við höfum verið að tala um þetta og ámálgað þetta hvað eftir annað í bankaráði Landsbankans og jafnvel oft fengið undirtektir hjá öðrum hv. bankaráðsmönnum og jafnvel bankastjórum. Fyrir okkur er það undarlegt að lifa það nú, að það eigi að rýra afkomu útvegsmanna, einmitt hvað þetta snertir, að vextirnir eigi að hækka; vaxtakjörin verða verri og tiltölulega minna lánað út á fiskinn. Og mér er spurn: Er nokkurt öryggi fyrir því, að sjávarútvegur okkar yfirleitt komi til með að ganga með þessari gengislækkun? Ég skil það nú, að ríkisstj. hefur ekki mikil samráð við verkalýðssamtökin, hún virðist nú líta þau nokkru hornauga. Ég hélt kannske, að hún hefði haft veruleg samráð þó a. m. k. við atvinnurekendasamtökin, en ég fer nú satt að segja að verða hræddur um, að hún hafi það ekki heldur, — það séu engin samráð nema suður í París. Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, af því að þeir í París skilja svo lítið sjávarútveginn hérna á Íslandi, og ég held, að þeim sé ekki vel við hann, þeir hafa alltaf tilhneigingu til þess að drepa hann niður, af því að hann framleiðir fisk, sem fer til Rússlands, — ég held það sé nauðsynlegt, að ríkisstj. endurskoði mjög vel þá aðstöðu, sem sjávarútvegurinn verður í, ef þetta frv. verður samþ., og að hæstv. ráðh. lýsi fyrir okkur í þessum umræðum, svo að við a. m. k. göngum ekki í villu og svíma um það, að þeir hafi einhverjar yfirlýsingar eða séu sjálfir sannfærðir um, að togaraeigendur og smábátaeigendur, útvegsmenn, sætti sig betur við þetta fyrirkomulag en það, sem nú er.

Hins vegar ætla ég ekki að biðja ríkisstj. um neinar yfirlýsingar um, hvort sjómenn komi til með að sætta sig við það. Ég veit, að þeir munu vart sætta sig við það. Það er verið að binda þeirra hlutaskipti við ákveðna krónutölu, meðan ekki er samið að nýju, það er verið að svipta þá aldagömlum rétti, sem þeir hafa til þess að fá sinn hlut á því verði, sem fiskhlutur þeirra selst á. Það er réttur, sem sjómennirnir eiga enn þá kröfu á samkv. allri hefð, að fá fisk útmældan og geta þá sjálfir ráðstafað honum og selt hann, og mér er sem ég sjái, að það takist að beygja íslenzka sjómenn undir nokkuð í þessum efnum, sem þeir vilja ekki sætta sig við.

Þá er rétt, viðvíkjandi þeim kafla þessa frv., sem að verzluninni sérstaklega snýr, að láta í ljós annars vegar ugg minn, þegar hér er talað um, að hvað verðlag snerti, þá skuli vera sama krónutala, sem kaupmennirnir fái fyrir að afhenda vöruna. Það hefur verið reynt svona fyrr. Ég er hræddur um, að það gangi ekki vel. Þegar heildsalarnir kippa að sér hendinni um lánin til smákaupmannanna t. d. hér í Reykjavík, eins og er viðbúið að þeir geri, þegar bankarnir kippa að sér hendinni með lánin til þeirra, og ef þeir gera það, verður ekkert þægilegt fyrir þessa aðila að komast af með það, sem þeim á þennan hátt yrði skammtað. Þegar kaupgetan um leið minnkar, þegar vörustykkin verða færri, sem afgreidd verða, er um tvennt að ræða hjá kaupmönn-

unum og kaupfélögunum: að verzlunin ber sig lakar eða tapar beinlínis eða verður að segja svo og svo miklu af fólkinu upp, og það er máske það, sem er sérstaklega stefnt að með þessu. Ég vil vara við óraunsæinu í þessum ráðstöfunum. Og hvað snertir þann kafla, sem um verzlunarmálin er, vildi ég enn fremur segja það, að mig uggir, að þegar á að ganga frá frílistunum, verði þeir þannig úr garði gerðir, að það verði þjóðarbúskap okkar til stórtjóns. Og það er ekki svo auðvelt að kippa því í lag. Þegar þær vörur eru settar á frílista og hleypt inn í landið með lánsfé, sem við ella hefðum getað sótt til landa, þar sem við gátum fengið markaði fyrir fisk okkar, þá er búið að eyðileggja þann markað. Og mér lízt ekki á, hvernig grafið mundi verða undan þeim dýrmætu viðskiptasamböndum með slíkum frílistum.

Þá vildi ég enn fremur sérstaklega gera að umtalsefni í þessu frv. 33. gr., þar sem ákveðið er að láta vald Seðlabankans ná til innlánsdeilda kaupfélaganna. Þetta er óréttmætt. Það á ekki að taka það sparifé, sem alþýða manna leggur inn hjá félagssamtökum sínum, og leggja það undir ríkisvaldið. Það er kvartað yfir afskiptum ríkisvalds á Íslandi og það að mörgu leyti réttilega. Við Íslendingar erum yfirleitt engir vinir ríkisvalds. Það þýðir ekki, að við viljum ekki nota það til þess að hjálpa þjóð okkar og lyfta henni, þegar það er hægt. En að láta ríkisvald seilast inn á svið þeirra frjálsu samtaka almennings, það er það, sem við eigum að varast. Þess vegna eigum við ekki að láta ríkisvaldið og í þessu tilfelli Seðlabankann fá neitt vald yfir innlánsdeildum kaupfélaganna. Þetta er árás á samvinnufélögin í landinu, árás á félagsskap, sem alþýða manna í landinu hefur skapað sér. Og hvað sem menn kunna að deila um ýmis fyrirbrigði í sambandi við samvinnuhreyfinguna, verðum við að muna það, að sjálf samvinnuhreyfingin er, næst verkalýðssamtökunum, sterkustu alþýðusamtök þjóðar okkar. Og það er jafnóviturlegt eins og það er óréttlátt að ráðast á þá viðleitni, sem almenningur sýnir með því að reyna að safna sparifé sínu í innlánsdeildir slíkra samtaka.

Ég sé ekki, að þetta frv. sé neinum til góðs nema útlendu auðvaldi og örfáum Íslendingum. Ég sé ekki, að það sé nein nauðsyn á samþykkt þessa frv., heldur þvert á móti geti aðeins hlotizt af því skaði. Ég mundi skilja mjög vel þá afstöðu íslenzks verkalýðs hagsmuna sinna vegna að rísa upp á móti þeirri lífskjaraskerðingu, sem í frv. þessu felst. Og ég mundi enn þá betur skilja þá afstöðu íslenzks verkalýðs heiðurs síns vegna að rísa sem fyrst upp á móti þessu frv., ef að lögum yrði, þegar á að skipa íslenzkum verkalýð, hvað lífsafkomu snertir, á bekk með þeim verkalýðsstéttum, sem lægst eru launaðar í öllum okkar nágrannalöndum. Ég óttast, að afleiðingar samþykktar svona frv. yrðu eitt harðvítugasta stéttastríð, sem háð hefði verið á Íslandi, og ég hef alltaf, ef ég hef getað, beitt áhrifum mínum hér á Alþ. til þess að forða frá því, að út í slíkt stéttastríð sé lagt, — ekki vegna þess, að ég vantreysti íslenzkum verkalýð til þess að sigra í slíku stríði, heldur vegna hins, að ég vil ekki, að þjóð okkar beri kostnaðinn af, að atvinnurekendastétt okkar og verkalýðsstétt okkar sé að óþörfu att saman í ægilegt stéttastríð. Það, sem tapast með slíku, vinnst aldrei aftur.

Því vildi ég þess vegna beina til hæstv. ríkisstj., ef hún vildi nokkurs meta orð mín, að endurskoða afstöðu sína og fyrirætlanir í sambandi við þetta frv. Mín till. er, að það sé fellt.

Út af ræðu hv. 6. landsk., form. fjhn., hér áðan vildi ég aðeins bæta við nokkrum orðum, þó að ég hafi stundum á hann minnzt. Hann talaði um það, flytjandi sinn fagnaðarboðskap, að nú væri verið að snúa við blaðinu. Ég skil ósköp vel, að ekki sízt þeir menn, sem við kaupsýslu fást, séu ósköp leiðir á allri skriffinnskunni og öllu því dóti. Það má æra óstöðugan oft að standa í öllu því fargani. En við skulum gá að því að verða ekki svo leiðir á skriffinnskunni, þótt slæm sé, að við önum út í það forað, sem það frjálsa efnahagskerfi mundi vera fyrir okkur. Hann talaði um, að við værum núna að snúa við blaðinu. Ef þetta frv. er samþ., erum við að snúa við blaðinu á þann hátt, að við erum að hætta að vera sjálfstætt land, við erum að hætta að vera með sjálfstæðan þjóðarbúskap, og við erum að stefna að því að gerast nýlenda. Við erum að snúa við í efnahagsmálum hvað það snertir, að við erum að hætta að hugsa um velferð þjóðarinnar, en láta peningana og peningavaldið ráða, hvað gerist hér á Íslandi.

Hv. form. fjhn. sagði, að þetta frv. miðaði að því að lækna varanlegar meinsemdir, alls konar spillingu, misrétti, skriffinnsku og annað slíkt, sem verið hefði í fari okkar undanfarið. Þessar meinsemdir, sem hann talaði um, sköpuðust sem fálmandi viðleitni til þess að reyna að lækna miklu verri meinsemdir. Af hverju tókum við upp ríkisafskipti af útflutningi okkar? Af því að sjávarútvegur okkar var að fara á hausinn. Af hverju tókum við upp höft á innflutningi okkar? Af því að sjávarútvegurinn stóð ekki undir þörfum þjóðarinnar fyrir innflutning. Af hverju fór ríkið að skipta sér af atvinnulífinu í svona ríkum mæli? Af því að meðan einkaauðvaldið var látið eitt um það, var stöðugt atvinnuleysi á Íslandi, sárt, svíðandi atvinnuleysi, atvinnuleysi, sem olli sulti á verkamannaheimilunum. Þær varanlegu meinsemdir skriffinnskunnar eru slæmar og leiðinlegar, en þær drepa engan mann. En atvinnuleysið og fátæktin og kreppurnar, ef það er leitt yfir okkur aftur, það þýðir ógæfu, og það þurfti ekki meira en gengislækkunina 1950 til þess, að það var farið að sjá á börnum fátækustu fjölskyldnanna í Reykjavík 1951, 1952, af því að þau höfðu ekki nóg að borða. Þess vegna verða menn að gæta þess, að þegar menn tala um varanlegar meinsemdir, eiga menn ekki að tala sem kaupsýslumenn. Menn verða að hugsa um alla þjóðfélagsþegnana og hvaða afleiðingar ráðstafanirnar hafa fyrir þá.

Hv. 6. landsk. talaði um 20 ára tímabil jafnvægisleysis, sem nú væri bundinn endir á.

Hann var fagnandi og brýndi röddina og mælti mjög hraustlega: 20 ára tímabil jafnvægisleysisins. Loksins er maður að losna út úr þessu voðalega tímabili 20 ára jafnvægisleysis. Og hvað er þetta tímabil 20 ára jafnvægisleysis? Það er glæsilegasta framfaratímabil íslenzkrar sögu frá upphafi vega, í þúsund ár, glæsilegasta efnahagslegt framfaratímabil íslenzkrar sögu. Það má skamma okkur, sem köllumst stjórnmálamenn, það getur hver gert, en undir þeirra forustu, hverjir sem þeir hafa verið, hefur þetta verið byggt upp, með allri skrifinnskunni, með öllum mistökunum. En við höfum haft þjóð á bak við okkur, sem hefur verið reiðubúin til að vinna meira en nokkur önnur þjóð í heiminum vinnur, þjóð, sem ekki lætur sér nægja sinn 8 tíma vinnudag, heldur þrælar nætur og daga, helgar og hátíðir, orlof og annað, til þess að byggja þetta land, til þess að umskapa húsnæðið á þessu landi, til þess að reisa verksmiðjur í þessu landi, til að skapa nýjan flota í þessu landi. Er nokkuð undarlegt, þó að bókhaldið sé ekki í nákvæmu lagi hjá þjóðinni og hagfræðingarnir sjái ekki almennilega um reikningana allan þennan tíma, sem þjóðin sækir svona fram? Þetta er tímabilið, sem íslenzka þjóðin er stolt af, þegar hún talar um efnahag, vegna framfaranna. Þetta er tímabilið, sem útlendingarnir dást að, þegar þeir koma hingað: *Hvernig hafið þið eiginlega farið að þessu?* Jú, af því að við höfum ekki hirt um neinar hagfræðikenningar, ekki farið eftir neinum trúarsetningum, heldur bara unnið og starfað, eftir því sem við bezt gátum, eftir okkar eigin hyggjuviti.

Og nú segir hv. 6. landsk.: Þessu tímabili, mesta framfaratímabili þjóðarinnar, er að ljúka. Og mikið lifandi skelfing virðist verzlunarauðvaldið í Reykjavík vera ánægt yfir því. Hvað er það, sem þá tekur við? Það tekur við stirðnun, stöðnun. Það er það, sem tekur við, þegar peningarnir fá sjálfir að ráða.

Svo talaði hv. 6. landsk. um kross hins fátæka manns. Það var vísitalan, kross hins fátæka manns. Það var ekki verðbólgan, það var ekki dýrtíðin. Það er varla nokkurt orð, sem íslenzk alþýða hatar eins og óttast af aldareynslu og orðið dýrtíð, og þessi vísitala, sem alltaf er verið að skammast út í, var ráð, sem alþýðan fann upp á móti því, að það væri sjálfkrafa hægt að auka þessa dýrtíð. Hvað er verðbólgan? Verðbólgan er svikamylla auðvaldsins í landinu, svikamyllan til þess að eyðileggja kauphækkanirnar hjá verkalýðnum. Hv. 6. landsk., formaður fjhn., talaði um vísitöluna sem svikamyllu. Ef ég vildi fara inn á hans líkingu, mundi ég næstum því segja, að vísitalan væri svikamylla verkamannsins til þess að svara þessari svikamyllu auðmannsins, sem verðbólgan er. Hún er vörn gegn henni, en það fæ ég aldrei neinn til að ræða hér um við mig, af því að það er líklega of satt til þess, að menn kunni við að ræða um það. En það, að verðbólga skuli hafa átt sér stað á Íslandi, að auðmannastétt, sem hefur ráðið, skuli hafa látið verðbólguna gerast, en að verðbólgan skuli ekki gerast í Bretlandi eða Danmörku, það stafar af því, sem ég hef oft bent á, að peningarnir, sem íslenzk auðmannastétt hefur í veltunni, eru ekki hennar eigin peningar, heldur peningar íslenzka ríkisins úr bönkunum og peningar almennings, svo að auðmannastéttinni er sama, þótt þessir peningar verði smám saman verðlausir. Hún vill jafnvel helzt á tíu ára fresti, 1939, 1950, 1960 — og líklega 1970, ef hún ræður nokkru þá — fella gengið, því að henni er alveg sama, þótt gengið falli, alveg sama, þótt peningarnir falli, vegna þess að það eru ekki hennar eigin peningar. Hún fær peningana að láni annars staðar, hún setur þá í fyrirtæki, sem gefa gott af sér og hækka í verði, þegar verðbólgan vex. Íslenzk auðmannastétt hefur hag af verðbólgunni. Auðmannastétt Bretlands hefur hins vegar alltaf verið á móti verðbólgu. Fjármálaráðherrar Bretlands bregðast ekki reiðari við en ef þeir eru sakaðir um, að það eigi að fara að fella sterlingspundið. Þess vegna hefur íslenzk auðmannastétt þarna haft alveg sérstaka aðstöðu í veröldinni. Hún hefur ekkert hirt um það, þó að peningarnir féllu í verði. Þess vegna hefur hún alveg purkunarlaust hækkað verðlag á vörum, þegar verkamenn hækkuðu sitt kaup. Það er þetta, sem þarf að laga. Látum íslenzka auðmannastétt vera með sína eigin peninga í þessu, þá passar hún dálítið betur *upp á peningaeignina*.

Þá minntist hv. 6. landsk. á afköstin, og hann kvartaði yfir afköstunum hjá íslenzkum verkamönnum. Afköstin hjá íslenzkum sjómönnum voru 1948, eftir Marshall-skýrslunum, þannig, að þeir framleiddu á sjómann 70 tonn á ári. Það var hæsta tala á sjómann í veröldinni. Norðmenn komu svo næstir okkur með 10 tonn á sjómann á ári. Hvað er þessi tala talin núna? Þetta er náttúrlega misjafnt eftir því, hvernig veiðist, en ég held, að núna nýlega hafi það verið um 100 tonn á ári. Aflinn er að vísu háður öðrum öflum en iðnaðarframleiðslan, en það þarf ekki að kvarta yfir því, að afköst íslenzkra verkamanna — og þó sérstaklega íslenzkra sjómanna — séu ekki mikil.

Það sýnir bezt, hvert stefnt er með þessu frv., *sem hér liggur fyrir, að mönnum skuli* detta það í hug, að á sama tíma sem íslenzkur sjómaður framleiðir milli 70 og 100 tonn á ári af fiski, en norskur sjómaður, sá sem kemur næstur í veröldinni, framleiðir 10 tonn á ári að meðaltali af fiski, þá eigi kaup íslenzks sjómanns að verða lægra en kaup sjómannanna í Noregi, Færeyjum eða Englandi. Það sýnir, að það er ákveðinn aðili, sem ætlar að taka nokkuð drjúgt til sín af þeim auði, sem á Íslandi er skapaður, að það er auðmannastétt utanlands og innan, sem ætlar að hirða afraksturinn af þeim miklu afköstum íslenzkra sjómanna og íslenzks verkalýðs.

Hitt, sem snertir, að það hafi ekki batnað kaupgetan og kjörin hjá íslenzkum verkalýð 1947—59, sem ég hef oft bent á og hv. 6. landsk., form. fjhn., benti réttilega á líka, það stafar af allt öðru. Það er ekki vísitölunni að kenna eða sannar það að neinu leyti, að kauphækkanir séu ekki góðar, heldur er það hitt, að það

hefur með aðgerðum ríkisvaldsins jafnóðum tekizt með vaxandi verðbólgu að svipta verkamennina ávöxtunum af kauphækkunarbaráttu þeirra, og ríkið hefur látið undir höfuð leggjast að knýja fram „rationaliseringu", knýja fram skynsamlegri vinnubrögð í sjálfum atvinnurekstrinum, því að þegar ríkið tekur að sér að stjórna þjóðfélaginu í slíkum mæli og það gerir hérna, er það náttúrlega nauðsynlegt, að ríkið sjái um framkvæmd þeirra ökónómísku lögmála, sem mundu hafa sinn framgang á sinn harkalega máta með „rationaliseringu" í venjulegu kapítalistísku skipulagi.

Þá vitnaði hv. 6. landsk. í Jónas Haralz, að Jónas Haralz hefði sagt, að í 20 ár hefði þjóðin sífellt verið að eyða meira en hún hefði aflað. Ég þakka hv. 6. landsk. alveg sérstaklega fyrir þessa tilvitnun, hún er alveg táknræn fyrir ungu hagfræðingana: Í 20 ár hefði þjóðin sífellt verið að eyða meira en hún hefði aflað. Það hafa fáar þjóðir í veröldinni sparað eins mikið og lagt eins mikið til hliðar á 20 árum og íslenzk þjóð hefur gert á þessum 20 árum. Hús hér í Reykjavík hafa verið byggð á þessum 20 árum, og það er meiri hlutinn af Reykjavík. Það er sparnaður, meiri sparnaður en nokkur auður í nokkrum sparibauk, sparnaður frá sjónarmiði þeirra, sem kunna að meta verðmæti. Ég sé, að hugsunarhátturinn, sem býr á bak við svona, er sá sami og hjá einum góðum bankastjóra, sem ég þekkti, sem sagði við okkur af föðurlegri umhyggju 1944: Miklar voðalegar eyðsluklær getið þið verið að fara að nota góða dollara og góð pund í það að kaupa togara, í staðinn fyrir að kaupa ensk ríkisskuldabréf með 1% vöxtum. Það hefði víst þótt sparnaður, líka Jónasi Haralz, hefði hann keypt fyrir allar inneignirnar ensk ríkisskuldabréf, sem gáfu 1%. En að setja það í togara! Hvílík eyðsla! Ég tala nú ekki um að byggja fyrir það verksmiðjur eða láta Eimskipafélag Íslands, sem ég held þó að hv. 6. landsk. sé í stjórninni í, fá á einum degi 7 millj. dollara, gjaldeyrisleyfi upp á 42 millj. ísl. kr., til þess að láta byggja skip fyrir, eins og gert var þá. Skriffinnska er ekki alltaf svo bölvuð, öll þau ráð eru ekki alltaf svo slæm, það var sparnaður. Það sýnir, hve gersamlega skilningslausir þeir menn eru á íslenzkt þjóðlíf, sem geta látið svona setningu út úr sér, að í 20 ár hefði þjóðin sífellt verið að eyða meira en hún hefði aflað, — þjóð, sem hefur tekið 33% af öllu, sem hún hefur aflað, og sett það í fjárfestingu. Hitt aftur á móti býst ég við að við gætum verið sammála um, að á fjárfestingunni hefði þurft að hafa öðruvísi stjórn. Um tíma var stjórnað vel, og stundum var stjórnað illa. En það er allt annað mál. Ég held, að þetta sé áreiðanlega mesti sparnaður veraldarsögunnar, og það er mesti sparnaður Íslandssögunnar, það hefur aldrei verið sparað svona mikið á Íslandi, og það hefur máske heldur aldrei verið svona mikið til að spara. Og ég held, að með þessum sparnaði, sem Jónas Haralz kallar eyðslu, hafi verið framkvæmd ein glæsilegasta uppbygging Íslandssögunnar. Þetta er sem sé þeirra eyðsla, þetta er eyðsla hagfræðinganna.

Ég heyrði það líka, þegar við vorum í fjhn., þá sagði ég það, einhvern veginn glopraðist það út úr mér við Jóhannes Nordal, að ég hefði verið með till. um það 1945, þegar stríðið var búið og skömmtunarkerfið var hér á Íslandi og við áttum nóga peninga, eins og oft var, að við héldum skömmtuninni áfram, héldum áfram skömmtun á kaffi og sykri og öðru slíku, og hann sagði við mig: Hvernig í ósköpunum dettur þér slíkt í hug, að ætla að vera að skammta, þegar þið hafið nóga peninga? Það var einmitt það, sem því miður var gert, að þessi hugsun hjá þessum hagfræðingi og bankastjóra var það sterk þá, að þjóðinni fannst sem sé: fyrst við eigum nóga peninga, skulum við bara kaupa okkur hitt og þetta. Og maður gat varla ráðið við það. Með naumindum tókst okkur að bjarga þessum 300 millj. kr., sem nýsköpunarstjórnin gat notað til þess að byggja upp landið, en allmikið fór í það, að menn fóru að lifa betur. Það er ákaflega mannleg tilhneiging, ég neita því ekki, en það, sem hefði verið bezt og er alltaf bezt fyrir okkur, er, að við höfum stjórn á fjárreiðum okkar eins og gott heimili, byggjum upp með forsjá. Og það, að menn segja slíkt, er vegna þess, eins og Jóhannes Nordal sagði þarna, að það er skilningsskortur á, hvað Ísland þarf.

Þá talaði hv. form. fjhn. um, hvað ástandið hefði verið gott 1956. Það var nú víst ekki amalegt að taka við þá. Af því að hann er svo nýr hér á þinginu, skal ég segja honum frá því, hvað núv. hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, sagði í kosningunum 1956. Hann sagði í þeim kosningum, að það væri nú bara orðið svona ástandið á Íslandi, að það vildi ekki nokkur þjóð í víðri veröld lána okkur nokkurn skapaðan hlut. Hann sagði þetta áreiðanlega svona. Er það ekki alveg eins og núna? Það er svo undarlegt með það. Ef Sjálfstfl. er kominn hér í stjórn, þá er rétt eins og Ameríkaninn sé undireins orðinn svo vondur, að hann vill aldrei lána honum neitt, nema með einhverjum afarkjörum. Það er aldeilis makalaust. Og meira að segja þótt hann hafi Framsfl. með sér, er hann ekki nokkurn skapaðan hlut betur settur. En það þurfti ekki annað en að vinstri stjórnin væri mynduð með ótætis kommúnistunum í, þá var rétt eins og Ameríkaninn yrði dauðhræddur um Ísland og vildi gjarnan fara að lána því.

Ég held nú, að þó að ég hafi gagnrýnt margt af því, sem gert hefur verið að því að taka lán frá 1956, hafi þó megininu af því, ekki öllu því miður, verið varið sæmilega skynsamlega, mjög mikið farið í að auka gjaldeyrissparandi atvinnurekstur og allmikið farið í að auka okkar sjávarútveg og þar að auki Sogsvirkjunin, sem var náttúrlega orðin óhjákvæmileg.

En var hv. 6. landsk. búinn að gleyma, hvernig ástandið hafði verið á árunum á undan, þegar við vorum að æfa okkur á frjálsa efnahagskerfinu, hversu okkur gæti nú kunnað að ganga aftur í frjálsa hagkerfinu, sem átti að fara inn á 1950? Af hverju var ástandið svona slæmt, að

enginn vildi lána okkur 1956? Af því að við höfðum stjórnað svoleiðis á sjö árum áður, að við höfðum t. d. ekki keypt okkur einn einasta nýjan togara til að bæta við flotann, en við höfðum keypt okkur 5000 bíla, þ. e. við vorum bara eins og óráðsíuunglingar, sem fá allt í einu peninga, eins og ríkur heildsalasonur, sem fer og fær sér finan amerískan lúxusbíl, en hugsar ekkert um, að það þarf að undirbyggja upp á framtíðina atvinnurekstur, og það var ósköp skiljanlegt, að menn vildu ekki lána okkur. Þegar við hins vegar förum að festa okkar peninga í skynsamlegum hlutum, er enginn vandi að fá lánsfé.

Á þessum sjö árum þarna á undan hjakkaði alltaf allt í sama farinu, það var engu bætt við. Það var lifað á því, sem nýsköpunarstjórnin hafði gert. Ég held, að hv. form. fjhn. hafi líka vitnað í annan hagfræðing en Jóhannes Nordal um geysilega skuldasöfnun. Það er því eins og þessir blessaðir hagfræðingar, þegar þeir ganga um landið, sjái ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Þeir sjá ekki, að það hafa risið upp tugir og hundruð nýrra húsa í Reykjavík. Þeir sjá ekki, að það hefur risið upp sementsverksmiðja á Akranesi. Þeir sjá ekki, að það eru til togarar og flutningaskip allt í kringum þá. Þeir sjá bara skuldasöfnun, ekkert annað en skuldasöfnun. Og það undarlega er, að þegar þessir sömu hagfræðingar eiga svo að fara að ráðleggja íslenzku þjóðinni, hvað hún eigi að gera, þá segja þeir: Jú, safnaðu bara meiri skuldum, passaðu bara að setja það ekki í framleiðslutæki, taktu bara 800 millj. ísl. kr. lán í París. — Þetta heitir nú að setja kíki fyrir blinda augað.

Nei, það er ekki geysileg skuldasöfnun, sem er að drepa okkur. Við höfum unnið kraftaverk hér á Íslandi, kraftaverk, sem ein kynslóð hefur unnið, að byggja upp þetta land. Við þurfum hins vegar að hafa betri stjórn á okkar þjóðarbúi. Það liggur fyrir frv. frá mér og er búið að liggja lengi fyrir í okkar ágætu n., sem við ættum eiginlega að afgreiða jákvætt sem allra fyrst. Það væri miklu skynsamlegra en að halda áfram að þrefa um þetta.

Þetta er erfiðleikinn, en þetta er líka táknrænt fyrir, hvað það er, sem er að gerast í íslenzku þjóðfélagi, þ. e., að mennirnir, sem nú ráðleggja okkur, mennirnir, sem eru sérfræðingarnir, mennirnir, sem segjast vera vísindamennirnir, þeir sjá ekkert nema peninga, peninga, peninga, — peninga sem skuldasöfnun, peninga í umferð. Þeir sjá ekki verðmætin, sem skapa peningana. Þeir minna mig því á landsbankastjórann, sem sagði við útgerðarmanninn, sem var að reyna að koma bátnum sínum af stað: Hver fjandinn biður ykkur um að vera að leggja í þessa útgerð? — Þessi sami banki lifir á því að fá gjaldeyrinn af útgerðinni, það var bankastjóranum víst ekki ljóst. Nei, við þurfum að varast ráð þeirra manna, sem bara sjá peningana og bara sjá skuldasöfnun, en sjá ekki það gróandi þjóðlíf á Íslandi. Þessir menn eru blindir á öll raunverulég efnahagsleg verðmæti, þessir menn eru ekki færir um að ráðleggja Alþingi Íslendinga, hvernig það eigi að stjórna þessari þjóð.

Og hvað er það svo, sem þessir hagfræðingar segjast vera að frelsa okkur frá? Þeir segjast vera að frelsa okkur frá, að við förum fram af hengiflugi, við séum að fara inn í óðaverðbólgu. Og hvað er ráðið hjá þeim? Ráðið er óðaverðbólga. Þessir óðu hagfræðingar leggja ekkert annað til en það að fella bara íslenzku krónuna nógu mikið. Aldrei hefur önnur eins verðhækkun verið framkvæmd á Íslandi og sú, sem nú er skipulögð og skipulögð að óþörfu.

Hv. 6. landsk., form. fjhn., minntist á grein, sem ég hafði skrifað í Rétt 1957, og þakka ég honum fyrir það. Ég var að reyna þar af veikum mætti að vara þá góðu vinstri stjórn, sem ég fylgdi, við því, sem ég álít vera hættulegt, og um leið undirstrika, hvað slæmt ég áliti að hefði getað orðið, og hann las réttilega upp, að ég lýsti því, hve ægilegt það hefði verið, ef dollarinn hefði farið upp í 25 ísl. kr., og ég var, eins og hann veit, á móti öllum ráðstöfunum, sem miðuðu eitthvað í slíka átt, áleit þær óþarfar. Og einhverjar skammir voru um Morgunblaðsliðið í þessu, sem hann las, — það væri líklega réttara að segja Vísisliðið núna. Mig óraði aldrei fyrir því, þegar ég skrifaði þetta, að það mundu ekki líða nema 2—3 ár, þangað til slík ríkisstj. yrði að völdum á Íslandi, að hún færi að leggja til að setja dollarann upp í 38 kr. Svo langt gátu meira að segja mínar skýjaborgir og verstu hrakspár aldrei nokkurn tíma komizt.

Nei, það, sem við erum að reyna nú, er harmleikur, að mönnum skuli detta í hug, að svona sé hægt að leika með efnahagslíf einnar þjóðar. Öll kauphækkunarbönn í slíku sambandi hjálpa ekkert. Það lifandi líf verður ekki stöðvað, það gengur sinn gang. Í þeim efnahagsráðstöfunum, sem ég talaði um, var meira að segja gengið út frá vissri kauphækkun til að byrja með, og þá kauphækkun, sem verkalýðnum fannst ekki nóg, hana tók hann.

Þá held ég, að hv. 6. landsk. hafi verið að tala um uppdráttarstefnuna. Er það ekki rétt? Ég er hræddur um, að hann hafi átt við þann gamla tíma. Það, sem núna er að koma yfir okkur, er samdráttarstefna. Það virðist eiga að draga allt saman, það eru sömu fyrirbrigðin sem líka var verið að koma okkur á eftir 1950.

Svo sagði hv. 6. landsk., að uppbótastefnan hafi verið að þrengja kjör almennings. Það var ekki uppbótastefnan, sem gerði það. Þrátt fyrir að reynt væri að hagræða byrðunum þannig, að þær yrðu alþýðu manna léttari, var vald auðmannastéttarinnar í þjóðfélaginu yfir rekstri atvinnuveganna nógu mikið til þess, að það tókst ekki að knýja fram raunverulegar kjarabætur með verkföllunum og vinnudeilunum, heldur aðeins og varla að halda í horfinu. Það að þrengja kjör, það er fyrst fyrir alvöru núna, sem byrjað er á því. Þetta er ægilegasta till., sem komið hefur fram fyrir Alþ. í þeim efnum, raunverulega um ca. 20% lækkun, 20% skerðingu á lífskjörunum, og um þetta frv., þá aðgerð ríkisstj. gagnvart

verkalýðshreyfingunni mun alþýðan segja: Ill var þín fyrsta ganga, — ef þetta á að verða sporið, sem ríkisstj. ætlar að stíga gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Hv. 6. landsk. spurði um okkar stefnu í þessum efnum. Hún hefur verið skýrt mörkuð, m. a. af mér hvað eftir annað hérna, og ég er búinn að þylja það svo oft, að ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á því að endurtaka það einu sinni enn þá. Stefna okkar sósíalista og okkar í Alþb. er að taka upp áætlunarbúskap á Íslandi, þ. e. heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þar sem fjárfestingunni er alveg sérstaklega stjórnað með hagsmuni heildarinnar fyrir augum. Fjárfesting á Íslandi má að mínu áliti mjög gjarnan lækka niður úr þeim 33%, sem hún hefur verið í. En það, sem er höfuðatriði í sambandi við það, er, að af fjárfestingunni, ég tala nú ekki um, ef fjárfesting er þriðjungur af þjóðartekjum, þá sé a. m. k. þriðjungnum af þeirri fjárfestingu, eða um 10% af þjóðartekjunum, varið til þess að koma upp ýmist gjaldeyrissparandi fyrirtækjum eða fyrirtækjum og atvinnutækjum, framleiðslutækjum, sem efla gjaldeyrisframleiðsluna. Ef við tökum þjóðartekjur okkar 1957—58, 4800 millj. kr. þjóðartekjur, þar sem 1600 millj. kr. fara í fjárfestingu, — ef við hefðum á hverju ári sett 500 millj. kr. af þessu viturlega í fyrirtæki, sem gáfu okkur gjaldeyri eða spöruðu gjaldeyri, hefðum við verið mjög vel stæðir og hefðum getað áreiðanlega á undanförnum áratugum hækkað kaupið raunverulega á ári hverju a. m. k. um 5%, í staðinn fyrir að það stendur í stað eða jafnvel hefur versnað allan þennan tíma. 500 millj. kr. fjárfesting á einu ári er drjúgur hlutur.

Svo er hitt, að viðvíkjandi t. d. húsbyggingunum eða slíku hefðum við þurft að haga okkur miklu skynsamar í þeim hlutum. Við hefðum þurft að byggja húsin miklu ódýrar en við höfum gert, byggja í stærri stíl og samfellt og ekki með eins mikilli eyðslu og við gerum. Við hefðum áreiðanlega getað byggt eins mörg hús og við höfum byggt, aðeins ef við hefðum hugsað um það að hafa skipulag á byggingu þeirra. Við hefðum getað gert þetta og gætum gert þetta á næsta áratug, ef við bara tökum upp skipulagða stjórn á þjóðarbúskap okkar. Við sköpum nógu mikið til þess. Þarna þarf hins vegar Alþ. að hafa vit fyrir þjóðinni. Við vitum alveg, ef við sleppum þessari fjárfestingu lausri, í hvað þjóðin festir sína fjármuni. Það er þetta gamla: kaupa bíla, en ekki báta. Þeir stjórnmálamenn, sem hafa forustu þjóðarinnar, verða að segja við hana: Það er gott, að þig langi til þess að fá bíl, góði, en til þess að þú getir fengið bíl og til þess að þú getir fengið benzín á hann, þurfa 500 millj. kr. af þjóðartekjunum að fara í þau stóru fyrirtæki, sem þjóðin þarf að reisa.

Okkar stefna er þjóðnýting utanríkisverzlunarinnar. Það er óhjákvæmilegt fyrir Ísland að þjóðnýta utanríkisverzlunina, innflutninginn eða útflutninginn. Þar á ég ekki við endilega heildsölu eða smásölu innanlands, en allan innflutninginn og allan útflutninginn. Ísland hefur ekki efni á því, meðan það vill viðhalda kapítalistískum atvinnuháttum, viðhalda þeim á öllum sviðum síns atvinnulífs, rétt eins og okkur hefur þótt skynsamlegt að hafa t. d. raforkuverin á Íslandi rekin af ríkinu, en ekki einstaklingum, að hafa síma og póst rekinn af ríkinu, en ekki einstaklingum, og ýmislegt annað þannig í eign ríkisins, t. d. bankana. Finnst þér skynsamlegt af okkur að hafa utanríkisverzlunina algerlega í höndum ríkisins, þjóðnýta hana? Af hverju? Af því að Ísland þarf á því að halda, að það einkafjármagn, sem myndast á Íslandi, leiti til sjávarútvegsins og til iðnaðarins, að þeir margir dugmiklu og framtakssömu menn, sem í borgarastéttinni eru, meðan hún á annað borð er hér að verki, beiti fyrst og fremst áhuga sínum, peningum sínum og dugnaði við það að koma upp fyrirtækjum í sjávarútvegi og iðnaði. Af hverju segi ég þetta? Af því að reynslan, frá því fyrst við fórum að rannsaka íslenzkt þjóðfélag, er þessi: 1934 er það auðmagn, sem er í verzluninni á Íslandi, 100 millj. kr., og það var gífurlegt fjármagn þá, 100 millj. kr. Á sama tíma er allt það fjármagn, sem er í sjávarútveginum á Íslandi, 22 millj. kr. M. ö. o.: fjármagnið leitar í verzlunina, af því að þar er gróðinn, en leitar ekki til sjávarútvegsins, sem þjóðinni er þörf á. Þetta þýðir, að verzlunarauðvaldið sé raunverulega að drepa þjóðina, leggist á það auðvald, sem hefði átt að vera í sjávarútveginum, og kyrki það, og það hefur verið svona allan tímann hjá okkur, að fjármagn hefur sótt í verzlunina og flúið sjávarútveginn. Þess vegna er nauðsyn fyrir Ísland, eins og við rekum t. d. einkafjármagnið út úr raforkuverunum og leyfum því ekki að vera til þar, að reka það út úr utanríkisverzluninni.

Ég skal ekki fara allt of langt út í þetta, það yrði allt of langt mál, og það hef ég gert svo oft áður. Meðan okkar stefna fæst hins vegar ekki framkvæmd, munum við alltaf og ætíð gera allt, sem við getum, til þess að varðveita þjóð okkar og sérstaklega alþýðuna í þessu landi fyrir þeim illu afleiðingum kapítalismans, fyrir þeim verðsveiflum, sölutregðum, markaðskreppum, atvinnuleysi og öðru slíku, sem honum fylgir. Og við munum, þótt við höfum ekki valdið á Íslandi, en ef við hefðum einhver áhrif, stuðla að því, að þeim ráðum sé beitt í hvert skipti, við hvert tækifæri, sem hægt er að fá fram, sem eitthvað geta miðað í þá áttina að vernda íslenzka alþýðu og íslenzka þjóð gegn þessum illu afleiðingum kapítalismans. Okkur er alveg ljóst, að öll slík viðleitni verður ófullkomin. Alveg eins og sú sósíalíska hugmynd, sem liggur á bak við nýsköpunarstefnuna, fimm ára áætlunina og slíkt, að sínu leyti gerir sitt gagn hér í kapítalistísku Íslandi, þegar atvinnurekendur í sjávarútveginum og verkamenn taka höndum saman, þá hins vegar náum við ekki svo langt, að við getum af þeim 580 millj., sem Ísland átti þá erlendis, notað nema 300 til uppbyggingar í landinu, vegna þess að svo og svo margir hugsuðu eins og Jóhannes Nordal, sem vitnað var í áðan: Það er ómögulegt að fara að spara við

sig kaffi og sykur, þegar maður á nóga peninga. Við höfum þess vegna á sínum tíma tekið þátt í nýsköpunarstefnu og á sínum tíma tekið þátt í uppbótastefnu og öllu mögulegu öðru slíku. En við höfum ekki ráðið öllu við framkvæmd þessara hluta. Við höfum reynt að orka á, eins og við höfum getað, að það væri farið viturlega að um að byggja upp þjóðarbúið og íslenzk alþýða gæti í skjóli slíkra afskipta bætt sín kjör og a. m. k. stórversnuðu þau ekki. Við höfum fram að þessu getað hindrað, að þau versnuðu mikið frá því, sem okkur tókst að koma þeim hæst 1947. Nú hins vegar á að hrinda íslenzkri alþýðu fram af hengifluginu, nú á að hrinda lífsstiginu, lífsstandardinum niður.

Hv. 6. landsk. sagði, að lánslífskjörunum hafi ekki lengur verið haldið uppi. Hvílík vitleysa! Það voru engin lánslífskjör hér á Íslandi. Það var þvert á móti. Það hafa verið tekin lán á Íslandi til þess að byggja upp, og aðeins lítill hluti af því, sem byggt hefur verið á Íslandi, er fenginn að láni, meiri hlutann af því, sem við höfum byggt þennan tíma, höfum við lagt fram sjálf af því, sem við höfum unnið. Það voru engin lánslífskjör, heldur þvert á móti. Það var gengið á lífskjörin hérna til þess að hafa fjárfestinguna mikla, til þess að byggja mikið af húsum, og þar höguðum við okkur ákaflega óskynsamlega, af því að við höfðum ekki reynt að stjórna þjóðarbúskap okkar, við byggðum of flott, og ef hv. þm. t. d. kæmi með mér hér út á Gullströndina eða Ægissíðu eða hvað það nú heitir, þá mundi hann sjá, að við erum stundum óráðsíumenn, Íslendingar. Það eru ekki fyrst og fremst verkamenn t. d., sem hafa byggt þar upp. En við gætum gert þetta skynsamlegar allt saman. Við þurfum ekki endilega að hafa þessi óskaplegu flottheit, sem yfirstétt okkar hættir við að gera kröfur til, þannig að útlendir burgeisar, sem hingað koma, undrast, hve flott yfirstétt okkar lifir. Meira að segja, hún hefur ekki lifað svona flott á lánunum, hún hefur lifað á vinnu íslenzks verkalýðs.

Þá er spurningin um gengið. Þar býst ég við, að við séum alveg á öndverðum meiði. Hv. 6. landsk., form. fjhn., álítur, að það sé nauðsyn að skrá gengið rétt. Ég álít, að það sé engin nauðsyn, ekki nokkur, engin ástæða til þess. Með tilliti til hvers þurfum við að skrá okkar gengi? Ef okkar íslenzka króna ætti að vera seljanleg á erlendum kauphöllum á sama hátt og pund eða dollar, væri óhjákvæmilegt að skrá hana rétt, sem kallað er. Þá væri óhjákvæmilegt, að hún væri skráð þannig, að hún væri jafngóð dollarnum eða pundinu. En ég hef enga trú á því og hef ekki haft og mun ekki hafa, býst ég við, á næstunni, að það sé möguleiki fyrir Ísland að skrá krónu sína þannig, að hún sé seljanleg í venjulegum erlendum kauphöllum og við getum selt íslenzka krónu frjálst í hvaða banka erlendis sem væri. Það er óhugsandi fyrir okkur. Það hefur verið svo nú um áratugi, að gengið á íslenzkri krónu er innlent vandamál. Það er innlent vandamál, sem snýr aðeins að okkur sjálfum. Menn fá ekki íslenzka krónu yfirfærða nema með sérstökum leyfum, og þannig álít ég að eigi að vera áfram. Ég álít, að það eigi að skrá íslenzka krónu þannig innanlands, að við reynum eins mikið og fært er að halda gengi hennar föstu. Það er ljóst, að ef við högum okkur mjög óskynsamlega, neyðumst við til þess að breyta slíku. En við eigum að vera eins íhaldssamir um slíkar breytingar og við mögulega getum, — og af hverju? Af því að meðan við breytum ekki gengi íslenzkrar krónu, viðhöldum við vissu trausti fólksins á sinn eigin gjaldmiðil. Það er sagt, að þegar við setjum uppbætur og yfirfærslugjald á ákveðnar vörur, þá séum við að fella krónuna í gildi, og þannig gætum við náttúrlega reiknað endalaust með alla tolla og kallað þúsund gildi á krónunni. En við skulum athuga, hvað þetta þýðir gagnvart þeim íslenzka manni, sem leggur aura í sparisjóðinn. Við skulum segja, að við setjum yfirfærslugjald, 30% á þessa vöru, 50% eða 55% á aðra, 135% á þriðju. Það þýðir, að peningarnir, sem maðurinn á í sparisjóðnum, halda sínu gildi gagnvart ákveðnum vörutegundum. Ef einn fátækur maður, sem á fé í sparisjóði, sem hann hugsar sér að geyma til ellinnar, gæti verið viss um, að hann gæti alltaf keypt jafnmarga mjólkurlítra eða jafnmikið af brauði fyrir þá peninga, þá hafa þeir peningar visst, fast gildi fyrir hann. Þó að ísskápur kynni að hafa hækkað og peningurinn hans fallið í verði miðað við ísskápinn, þá er það ekki eins slæmt fyrir þann fátæka mann. Þess vegna getur það verið skynsamlegt og réttlátt í þjóðfélaginu að reyna að viðhalda gildi krónunnar, gildi peningsins, gildi sparifjárins gagnvart almennustu nauðsynjavörum almennings, jafnvel þó að maður verði að hækka útvarpstæki, ísskápa eða annað slíkt, sem eru góð og gild vara, mjög mikið og jafnvel gera bíla afar dýra. Þetta mundi þýða, að íslenzk króna héldi engu að síður sínu vissa gildi gagnvart því að kaupa þessa hluti. Þess vegna hef ég alltaf verið á móti gengislækkun. Ég hef aldrei viljað skrá íslenzka krónu miðað við útlent gengi. Ég hef viljað reyna að halda henni sem innlendri mynt, af því að ég hef viljað halda okkar utanríkisverzlun þjóðnýttri, þannig að við ráðum sjálfir, hvernig við högum gengisskráningu okkar, gildi okkar krónu, verðlagi vara okkar hér innanlands. Og hvað þýðir þetta? Þetta er ekki bara af slíkri umhyggju hjá mér, það er af öðru líka. Ef við þannig lokum landinu með þjóðnýtingu utanríkisverzlunar, skráum okkar gengi aðeins miðað við það, að við reynum að viðhalda sem mest föstu gengi gagnvart flestum þeim vörutegundum eins lengi og við getum, þá þýðir það um leið annað. Það þýðir, að okkur er óhætt hér innanlands, innan okkar lokaða hrings, að setja í umferð lánsfé, sem tryggir, að það er hægt að nota það íslenzkt vinnuafl, sem til er, og það íslenzkt efni, sem til er, til þess m. a. að byggja hús og annað slíkt. Til að byggja hús þurfum við ekki nema 20% af andvirðinu útlendan gjaldeyri og varla það. Ef við höfum þjóðarbúskap okkar aðskilinn frá öðrum þjóðarbúskap og sjálfstæðan, þá getum við með því að hagnýta sjálfstætt

lánsfjárkerfi innanlands, — það verður að hafa stjórn á því, góða stjórn, — þá getum við hagnýtt til fulls allt íslenzkt vinnuafl og allt íslenzkt efni að því er snertir ýmist að framleiða það, sem kemur í staðinn fyrir útlendan gjaldeyri, eða framleiða íslenzk hús, íslenzkar afurðir, sem við notum hér innanlands. M. ö. o.: slík stjórn á lánsfjárveltu okkar innanlands gerir okkur mögulegt að tryggja atvinnu allra Íslendinga. Ég hugsa mér þannig, að við stjórnum íslenzkum þjóðarbúskap, sköpum honum sín eigin lögmál, sköpum honum sín sjálfstæðu lögmál, sem gilda innan hans vébanda, ráðum hans verðlagningu á vörunum, ráðum þar lánsfjárveltunni. Þetta útheimtir viturlega stjórn með yfirsýn og valdi yfir þjóðarbúskapnum, en með þessu móti getum við tryggt fulla atvinnu handa öllum Íslendingum og eins góða afkomu handa þeim og með fullri atvinnu í landinu og sæmilegri afstöðu út á við og tekst að skapa á hverjum tíma. Um leið og við fellum niður allt eftirlit í utanríkisverzluninni og skráum gengið þannig, að það eigi að samsvara útlendum dollara eða pundi, erum við búnir að missa alla stjórn á íslenzkum þjóðarbúskap. Þá skolast líf okkar og gæfa til eftir því, hvernig sveiflurnar eru á þeim stóra markaði auðvaldsins úti í heimi. Þess vegna er það prinsíp, sem farið er að undirbúa með gengisskráningu í þessu frv., rangt.

Þá talaði hv. 6. landsk. mikið um frjálsa verzlun, og ég skal ekki fara að ítreka það við hann aftur. Við höfðum einu sinni reynslu af þeirri frjálsu verzlun, það var á árunum 1920—30. Og hver var hún? Hún var, að landið var að fara á hausinn, og þá varð að afnema þá frjálsu verzlun til þess að bjarga þjóðinni, og síðan hefur hún aldrei komizt á.

Svo kom hv. 6. landsk. inn á það, að nú yrðu atvinnurekendur gerðir ábyrgir fyrir gerðum sínum, nú ættu þeir að standa á eigin fótum. Hann tók það greinilega fram, að auðvitað ætti ríkissjóður að útvega þeim lánsfé, það væri líka í öðrum löndum. En hverra lánsfé er það í öðrum löndum, sem þeir fá? Það er lánsfé sjálfra privatkapítalistanna. Þeir lána hver öðrum. Þeir voldugu bankar eru eign þessara einkaauðmanna, og þeir lána hver öðrum. En hér á íslenzka ríkið að lána. Hverjum á það þá að lána? Af hverju á það að lána honum Jóni Jónssyni, en ekki honum Pétri Péturssyni? Og þá komum við að misréttinu. Það svívirðilega jafnrétti peninganna á ekki einu sinni að gilda, heldur á þarna misrétti og misbeiting valds, jafnvel hjá voldugum bankastjórum, að hafa úrslitavaldið, og allt á þetta að gerast til þess, að atvinnurekendur geti safnað sjóðum. Það á að lækka kaupið hjá verkamönnum, það á að taka það, sem verkamaðurinn þarf til sinnar lífsframfærslu, til þess að atvinnurekandinn geti safnað sjóðum. Hve óskaplega framandi öllum þeim hugsunarhætti, sem ríkt hefur í þúsund ár hér hjá íslenzkri alþýðu, er ekki þessi hugsunarháttur. Man máske ekki hv. 6. landsk. eftir þeirri vísu, sem við sungum einu sinni á atvinnuleysisárunum fyrir utan hjá Magnúsi Guðmundssyni, þegar hann var dómsmrh. 1932:

Það er dauði og djöfuls nauð
er dyggðasnauðir fantar
safna auð með augun rauð,
en aðra brauðið vantar?

Það hefur aldrei verið tilgangurinn hér á Íslandi fyrst og fremst að safna í sjóði. Það hefur verið tilgangurinn að framkvæma og reyna að sjá um, að mönnunum líði vel.

Hv. 6. landsk. talaði um, að stjórnmálamennirnir hefðu með núverandi kerfi eitthvað ógnarvald. Já, vissulega, stjórnmálamennirnir hafa haft ýmislegt vald með að skipta sér af þjóðarbúskapnum. En þeir hafa verið knúðir til að skipta sér af þessum þjóðarbúskap, af því að einkaatvinnurekendurnir gáfust upp og voru búnir að setja allt á hausinn. Þá var hlaupið til stjórnmálamannanna og sagt: Viljið þið nú ekki bjarga mér. — En ef hv. 6. landsk. finnst, að stjórnmálamennirnir hafi haft eitthvert ógnarvald, hefur það vald þó a. m. k. frekar verið notað til þess að reyna að byggja upp í landinu, a. m. k. af hálfu margra stjórnmálamanna. Hvernig hafa þá einkaatvinnurekendurnir notað það vald, sem þeir hafa haft? Hv. 6. landsk. þm. var eitthvað að tala um, að stundum hefðu stjórnmálamenn kippt að sér hendinni og það hefði verið voðalegt fyrir ýmis bæjarfélög. Hvernig heldur hann, að bæjarútgerð á Íslandi hafi byrjað, þegar alþýðan var að brjótast áfram á Ísafirði og í Hafnarfirði? Hún byrjaði með því, að einkaatvinnurekendurnir kipptu að sér hendinni og fóru á hausinn eða fluttu burt af landinu, af því að það var finna að búa í Kaupmannahöfn en á Ísafirði eða í Hafnarfirði. Og alþýðan varð sjálf að byrja að basla, sjálf að reyna að gera út til þess að geta lifað, og það er það, sem íslenzk þjóð hefur verið að gera allan þennan tíma. Hún hefur verið að reyna að sjá um, að atvinnufyrirtækin í landinu væru rekin til þess að þjóðin gæti lifað, ekki til þess að einhverjir gætu grætt. Það hefur aldrei verið hugsjón Íslendinga og verður vonandi aldrei.

Hv. 6. landsk. var að fullvissa okkur um, að fjármagnið mundi leita í framleiðsluna. Hvílík vitleysa! Allar staðreyndir 20. aldarinnar á Íslandi mótmæla því. Ég nefndi honum áðan dæmin um, hvernig fjármagnið var 1934, 100 millj. kr. fjármagn í verzluninni, 22 millj. kr. fjármagnið í framleiðslunni, öllum sjávarútveginum. Hvernig var 1950 og þar á eftir? Fjármagnið leitar í bílana, flýr sjávarútveginn. Nei, það er ekki til neins að segja, að fjármagnið muni leita í framleiðsluna. Við þekkjum, hvert fjármagn reykvísku auðmannanna leitar.

Þá talaði hv. 6. landsk. þm. mikið um, að útlánatakmörkunin væri meginvarnargarður þessa kerfis. Kaupkúgunin á að fullkomnast með lánsfjárkúguninni. Það er mjög eðlilegt, þegar peningavaldið á að fara að ráða. Hann vildi gera lítið úr því, hvernig verkamenn yrðu fyrir barðinu á þessu. Við skulum taka iðn-

verkakonu með 3000 kr. laun. Hún borgar engan tekjuskatt að heita má. Af því að hún er einhleyp, fær hún engar fjölskyldubætur. Hún fær launin lækkuð um 20%, en heildsali með 160 þús. kr. tekjur fær kannske 15 þús. kr. lækkun á sínum tekjuskatti, og eigi hann 2 börn innan 16 ára, fær hann líka fjölskyldubætur. Þessir hlutir geta komið þannig út, að viðkomandi verkamaður fær ekkert nema launalækkunina og viðkomandi heildsali fær ekkert annað en uppbæturnar, sem ríkisstj. reiknar með að eigi að draga úr högginu, sem hún greiðir verkalýðnum.

Ég skal nú fara að stytta þetta og hlaupa yfir margt af því, sem hefði þurft að taka fyrir, ef maður hefði ætlað að taka fyrir þá löngu ræðu hv. 6. landsk. En að lokum kom hann nokkuð inn á hagfræðina, af því að ég væri stundum að tala eins og mér væri eitthvað illa við hagfræði. Það er óttaleg vitleysa, mér er ekki illa við hagfræði, alveg þvert á móti. Ég hef bara vissa slæma reynslu af borgaralegum hagfræðingum og kæri mig ekkert um að láta þjóð mína reyna skipbrot þeirrar borgaralegu hagfræði á sjálfri sér oftar en einu sinni. Honum fannst undarlegt, að mér væri illa við hagfræði, þar sem marxisminn væri að einhverju leyti við hagfræði kenndur, og hefur hann þar rétt að mæla. Marxisminn er einmitt tilkominn sem gagnrýni Karls Marx og Friedrichs Engels á þeirri borgaralegu hagfræði og sem visindaleg skilgreining á því auðvaldsskipulagi, sem þá var að myndast. Mér er ekki illa við hagfræðikenningar. Mér er bara illa við vitlausar hagfræðikenningar og vil sízt af öllu vera að láta gera tilraunir með líf og gæfu íslenzkrar alþýðu með slíkum vitlausum kenningum, ekki sízt þegar þær eru nógu vel í öðrum löndum og jafnvel einu sinni á okkur sjálfum búnar að sýna, hve vitlausar þær voru. Sú borgaralega hagfræði beið raunverulega sitt endanlega skipbrot, þannig að meira að segja sjálfir skynsamari borgaralegir hagfræðingar lærðu dálítið af því, í heimskreppunni miklu. Eftir það hafa þeir verið að endurskoða sína borgaralegu hagfræði allan tímann, þótt þeir hafi ekki enn þá komizt að neinni niðurstöðu. En það, sem er höfuðatriðið, ef menn þekkja lögmál þjóðfélagsins og kunna skil á réttri hagfræði, marxistiskri hagfræði, það er að þekkja sitt eigið land, þekkja sína eigin atvinnuháttu, þekkja þróun og þróunarstig síns eigin þjóðfélags og kunna að beita réttum hagfræðikenningum á það þjóðfélag og reyna að hagnýta, eftir því sem hægt er við þær aðstæður sem eru, það sem hægt er að hagnýta úr t. d. marxismanum og marxistiskri hagfræði við það kapítalistiska Ísland.

Við prófuðum þetta að vissu leyti í nýsköpunarstjórninni. Við reyndum vissa hluti af þessu í sambandi við vinstri stjórnina. Það er eitt, sem var einkennandi fyrir báðar þessar stjórnir og er um leið einkennandi fyrir allar teoríur marxismans, og það er, að grundvöllur þjóðfélagsins, sem allt annað byggist á, sé efnahagurinn og grundvöllurinn að efnahaginum séu framleiðslutækin og það séu framleiðslutækin á hverjum tíma, sem mynda og móta alla yfirbyggingu þjóðfélagsins. Það er skilningurinn á þessu, sem gerir það að verkum, að í nýsköpunarstjórninni og í vinstri stjórninni, þar sem áhrifa marxista nýtur við, er lögð höfuðáherzla á það fyrir Ísland að afla framleiðslutækja, vegna þess að það er lífsskilyrði, það er grundvöllurinn, það er undirstaðan undir öllu hinu í lífinu, öllu því, sem við byggjum ofan á þetta.

Hvort togararnir, sem við keyptum á nýsköpunartímanum, eða bátarnir, sem við keyptum á vinstristjórnartímanum, væru í eign einstaklinga, ríkis, bæja eða einhverra annarra, það var vissulega frá okkar sjónarmiði stórt atriði, en það var aldrei höfuðatriði fyrir okkur, og það urðu sumir hissa, þegar Hannibal Valdimarsson var að hjálpa íhaldsmönnum á Vestfjörðum til þess að fá báta og jafnvel reyna að láta þá fá atvinnubótastyrk til þess. Spurningin var ekki um slíkt, spurningin var um hitt, að skapa framleiðslutæki handa þjóð okkar. Þegar þau væru einu sinni komin inn í landið, þá vissum við, að þau yrðu notuð með einhverju rekstrarskipulagi, sköpuðu auð, sköpuðu velferð handa þjóðinni. Þess vegna lögðum við áherzluna á útvegun framleiðslutækja, það var vegna skilning á marxismanum.

Út af því, sem hv. 6. landsk. sagði, þar sem hann hélt, að marxisminn væri að einhverju leyti úreltur, þykir mér rétt að upplýsa hann um það, að marxisminn er sem stendur sú kenning, sem byggt er á efnahagslíf þriðjungsins af mannkyninu, og á grundvelli hans eru byggðar upp skjótari og meiri framfarir í þjóðfélögum í heiminum en nokkru sinni fyrr hafa tíðkazt. Þess vegna væri nú mjög heppilegt, þó að marxisminn hafi að nokkru leyti fengið að leiða blessun sína yfir Ísland, t. d. á nýsköpunartímanum, svo að ég taki nú sérstaklega tímabil, þegar hluti af Sjálfstfl. var við völd, þá væri það mjög æskilegt, að hagfræðingarnir legðu sig meira í líma til að læra marxismann en þeir hafa gert fram að þessu. Þá kæmu ekki aðrar eins endalausar dellur frá þeim og við erum alltaf að stríða við núna, og þá lærið þið kannske, að það eru ekki peningar, heldur framleiðslutæki, sem ein þjóð byggir á.

Þegar þeir voru mest að kvarta í Landsbankanum á nýsköpunartímanum yfir þessari ótætis vitleysu að kaupa nýsköpunartogara, sagði ég stundum við þá: Viljið þið ekki selja alla nýsköpunartogarana úr landinu undireins, það eru nógir, sem vilja kaupa þá og fá ykkur gull í staðinn, og setja gullið í kjallarann í Landsbankanum? Þá eruð þið víst ánægðir. Þessir menn, sem aldrei sjá neitt nema peningana og gullið og halda, að það sé eitthvað, sem skapar!

Ég er orðinn langorðari en ég ætlaði mér að vera. Það var svo margt, sem þurfti að athuga í ræðu hv. 6. landsk., og satt að segja svo margt, sem maður vildi segja, ef maður á nokkurn hátt gæti afstýrt þeim voða, sem hér er stefnt að. Ég hef nú sagt mitt orð um þetta, og það eina, sem ég vildi mega vona, er, að hæstv. ríkisstj. vildi taka það mikið til-

lit til þeirrar gagnrýni og þeirra aðvarana, sem fram hafa komið, að hún leggi ekki út í og stofni ekki til þess stéttastríðs, sem hver stjórnmálamaður, sem þekkir íslenzka þjóð, hlýtur að sjá að verður afleiðingin af samþykkt þessa frv. og framkvæmd á stefnu þess. Við Íslendingar þurfum frið, við þurfum stéttafrið, við þurfum sameiginlegt átak hjá þjóð okkar til þess að skapa betri lífskjör í okkar landi, en ekki árás útlends peningavalds til þess að rýra stórkostlega lífskjör íslenzks verkalýðs og leggja Ísland efnahagslega undir sig.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns mótmæla þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstj. að hafa ráðizt í það fyrirtæki að láta gefa út og prenta áróðurspésa á kostnað ríkissjóðs. Á bæklingnum, sem var dreift út hér í gær, stendur, að hann hafi verið gefinn út í 40 þús. eintökum, og mér er sagt, að hann eigi að sendast inn á hvert heimili á landinu. Eins og að líkum lætur, eru þar settar fram skoðanir ríkisstj. á mjög einhliða hátt og allt efnahagsástandið málað eins dökkt og frekast er kostur. Með slíkum áróðursaðgerðum hefur hæstv. ríkisstj. gengið feti framar en aðrar ríkisstjórnir hafa leyft sér að gera, og ber að víta slíkar aðgerðir.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa engin mál verið meira rædd manna á meðal en væntanlegar aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Þar sem tveir menn hafa hitzt, hefur ætíð verið sama spurningin á ferðinni: Hvað gerir ríkisstj., og hverjar verða tillögur hennar í efnahagsmálum? Er það meiningin, spurði fólk, að lækka gengið? Á að hækka vextina og banna allar kauphækkanir og á að afnema alla vísitölu á kaupgjald? Þannig rak hver spurningin aðra, og menn veltu þessum málum fyrir sér fram og aftur. Ég býst við, að fæstir muni hafa búizt við góðu. Fylgjendur hæstv. ríkisstj. voru í flestum tilfellum þögulir og vildu lítið segja. Þeir hafa sjálfsagt hugsað sem svo, að fæst orð bæru í sér minnsta ábyrgð.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. birt boðskap sinn öllum landsbúum. Í s. l. viku var lagt fram á Alþ. frv. til laga um efnahagsmál. Frv. þetta er í 7 köflum, og fylgir því löng grg. Alls er frv. með grg. 41 prentuð síða. Það mun sjálfsagt ekki hafa farið fram hjá neinum þeim, sem fylgdist með því, sem gerðist á þinginu í vetur, áður en þm. voru reknir heim, að mikið stæði til að gera. Í þingbyrjun hafði þáv. fjmrh. lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1960. Það frv. var í aðalatriðum líkt og fyrrverandi fjárlagafrv., tekjur samkvæmt sjóðsyfirliti voru áætlaðar 975 millj. 713 þús. Gjöld voru áætluð í samræmi við tekjur. Í grg., sem fylgdi því frv., segir, að ekki sé hægt að búast við greiðsluafgangi hjá ríkissjóði, en aftur á móti sé ekki ástæða til að óttast greiðsluhalla. Þó er þess getið, að ríkissjóður geti ekki að óbreyttum tekjum greitt til útflutningssjóðs jafnháa upphæð og hann gerði á árinu 1959. Í staðinn fyrir 152 millj. kr. sé nú í þessu frv. aðeins gert ráð fyrir 50 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði. Það hljóti því að verða verkefni nýrrar ríkisstjórnar að gera tillögur um lausn þessa fjárhagsvandamáls.

28. janúar s. l. var svo lagt fram á Alþingi, eftir að það var kallað saman eftir hið langa frí, nýtt fjárlagafrv. Við lestur þessa frv. var strax ljóst, að ákveðin hafði verið stórfelld gengislækkun, sem nema mundi 135%, þannig að dollarinn skyldi nú reiknast á 38 kr. og pundið á 106 kr. Fjárlagafrv. sýndi, að skattheimta ríkissjóðs mundi aukast stórkostlega. Þetta hlýtur að hafa þau áhrif, að allt vöruverð hækkar að miklum mun fram yfir þá stórhækkun, sem siglir í kjölfar gengisfellingarinnar. Skattar og tollar til ríkissjóðs eru nú áætlaðir 1201 millj. kr. í staðinn fyrir 710 millj. í fyrra frv. Þá er og gert ráð fyrir, að verðtollur hækki um 96.3 millj. og innflutningsgjald af benzíni um 39.5 millj., enda fyrirhuguð stór verðhækkun á benzíni umfram gengislækkunina. Söluskatturinn er áætlaður um 280 millj., en alls eiga tekjur ríkissjóðs að nema 1464704 þús. Við lestur hins nýja frv. var ljóst, að útflutningssjóður skyldi að forminu til lagður niður og hætt að greiða útflutningsuppbætur í þeirri mynd, sem áður hafði verið gert. Yfirfærslugjaldið er niður fellt. Þar á móti kemur svo hin mikla gengisfelling, sem mun gerbreyta öllu verðlagi í landinu til meiri hækkunar en dæmi eru til um áður. Allar aðrar tekjur útflutningssjóðs, svo sem gjald af innlendum tollvörutegundum, innflutningsgjöld og leyfisgjöld, skulu hér eftir renna óskiptar til ríkissjóðs. Niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðir skal haldið áfram, og til viðbótar þeim eru nú fyrirhugaðar niðurgreiðslur á erlendum vörum fyrir nokkra tugi millj. króna. Með því er farið inn á nýjar leiðir, sem telja verður að séu mjög varhugaverðar. Á móti öllum hinum nýju álögum mun svo ákveðið að hækka nokkuð framlag ríkissjóðs til almannatrygginga, svo sem fjölskyldubætur, barnalífeyri og ellilaun, eða um 150 millj. kr. Þá mun og ákveðið að fella niður tekjuskatt af launum, 70 þús. kr. eða lægri hjá barnlausum hjónum með hækkandi frádrætti fyrir hvert barn.

Eins og menn munu sjá, er gert ráð fyrir mjög miklum hækkunum á tollum og sköttum í hinu nýja frv. Til viðbótar hinum nýju skatta- og tollahækkunum kemur svo gengisfellingin, eins og ég hef bent á áður, með þeim afleiðingum, sem óhjákvæmilega hljóta að leiða til stórhækkaðs verðlags á allri erlendri vöru og öllu verðlagi í landinu.

Hvað koma svo þessar nýju aðgerðir ríkisstjórnarinnar til með að kosta þjóðina? Allar líkur benda til þess, að hinar nýju álögur verði ekki undir 1300 millj. kr. að frádreginni skattalækkuninni. Á móti þessum auknu álögum koma svo 189 millj. kr., þ. e. 152 millj. í auknum tryggingabótum og 37 millj. í nýjum niðurgreiðslum. Bótalausar álögur verða því aldrei undir 1100 millj. Rétt er þó að benda á, að þessar tölur geta auðveldlega orðið miklu hærri, þegar til framkvæmdanna kemur.

Á undanförnum þingum hefur það verið viðtekin regla, að fjárlagafrv. hafi verið lögð

fram á fyrstu dögum þingsins og fljótlega þar á eftir hafi farið fram 1. umr. um fjárlögin. En í haust brá svo undarlega við, að fjárlagafrv. var aldrei tekið fyrir til 1. umr. Þegar þm. gerðu fsp. til hins nýja fjmrh., hverju þetta sætti, var því svarað til, að semja þyrfti nýtt fjárlagafrv., þar sem ákveðið væri að byggja upp nýtt efnahagskerfi, og með hliðsjón af hinu nýja efnahagskerfi yrði svo að semja ný fjárlög. Nú liggur hið nýja fjárlagafrv. fyrir, og eru tekjur og gjöld þess áætlaðar yfir hálfan annan milljarð króna. Ég hef nú lítillega rætt um hið nýja fjárlagafrv., þar sem það er nátengt þeim efnahagsráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru, og verða því þessi tvö mál tæplega sundurskilin.

Í haust var því yfir lýst af hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefði ráðið nokkra færustu hagfræðinga landsins sér til aðstoðar. Mundu nú hinir vitru sérfræðingar taka þá þegar til óspilltra málanna og semja till. og álitsgerðir, sem leysa mundu allan vanda. Um álit og skoðanir alþm. var ekki spurt, enda voru þeir að dómi hæstv. ríkisstj. alls ófærir til þess að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar. Þeim var bara einfaldlega sagt að draga sig heim og bíða þar, þar til hæstv. ríkisstj. allramildilegast þóknaðist að kalla þá til áframhaldandi þingstarfa. Svo mikla áherzlu lagði ríkisstj. á það að losna við þingið, að hún krafðist þess af forsetum Alþ., að þeir beittu áður óþekktum aðferðum í þingsköpum með því að skera niður umræður og varna þar með þm. málfrelsis.

Ekki veit ég, hvort það er satt, sem stóð í einu dagblaðanna fyrir nokkru, að hinir vísu sérfræðingar hefðu að fordæmi Þorgeirs Ljósvetningagoða brugðið feldi yfir höfuð sér, á meðan þeir væru að úthugsa sín snjöllu ráð. En grunur minn er sá, að önnur verði nú viðbrögð landsmanna við till. sérfræðinganna en við till. Þorgeirs. Þorgeir Ljósvetningagoði sýndi með till. sínum mikil pólitísk hyggindi, sem beinlínis urðu til þess að forða þjóðinni frá algerðri sundrung og draga úr stórpólitískum átökum. Aftur á móti eru hinar nýju till. sérfræðinganna og hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar þannig úr garði gerðar, að hætta er á, að til stórátaka dragi á milli aðalstétta þjóðfélagsins og ríkisvaldsins, þ. e. a. s. á milli launastéttarinnar og atvinnurekenda og ríkisvalds

Nú vil ég ekki halda því fram, að hinir svokölluðu sérfræðingar hafi viljandi vits stefnt að slíku ástandi. Þetta eru að sjálfsögðu ágætir menn, sem hafa mikla þekkingu á ýmsum málum þjóðfélagsins, eru máske ágætir reikningsmenn á sína vísu og hafa rök máske fram að færa máli sínu til stuðnings. En þá ágætu menn brestur algerlega þekkingu á lífi og lífsbaráttu alþýðunnar, og þá brestur líka algerlega raunhæfa þekkingu á atvinnulífi Íslendinga. Þeir þekkja ekki til verkalýðshreyfingarinnar, þekkja ekki sögu hennar eða baráttu. Þessir menn eru slegnir blindu borgaralegrar hagfræðikenningar, sem búin er að lifa sitt fegursta og er orðin úrelt og háskaleg fyrir nútíma menningarþjóðfélag. Ein af höfuðkenningum þeirra er hin svo kallaða frjálsa verzlun, og þá um leið er það líka stefna hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur lýst því yfir, að hún stefni að algerðu frjálsræði í verzluninni. Nú hljóta þessir ágætu menn að vita það, að orðið frjáls verzlun er að mestu leyti ekkert annað en slagorð. Öll verzlun með vörur er í flestum löndum heims háð mjög ströngu eftirliti ríkisvaldsins, auk þess sem öll verzlun er að meira eða minna leyti háð ofurvaldi auðhringa og samtökum auðmanna. Gleggsta dæmið um slík samtök eru olíuhringarnir. Í fjöldamörg ár hafa verið hér starfandi t. d. 3 olíufélög. Á milli þessara félaga, sem eru ekkert annað en angar frá erlendum auðhringum, hefur verið látið líta svo út að væri samkeppni um söluna hér innanlands. Þessi samkeppni hefur ekki komið fram í mismunandi verði, þannig að eitt félagið hafi boðið olíu eða benzín á lægra verði en hitt. Samkeppnin hefur aðeins verið um það, hvert félagið gæti selt öðru meira, en öll hafa félögin selt olíuna og benzinið á sama verði. Þannig er þessu varið með alla verzlun. Frjálsræði í verzlun á Íslandi í dag er ekki meira en það, að óleyfilegt er að selja fiskafurðir nema í gegnum ákveðin sölusambönd. Ekki hef ég orðið þess var, að hinir ágætu hagfræðingar vildu breyta þessu fyrirkomulagi. Smákaupmaðurinn getur ekki pantað vörur í búðina sína beint frá erlendum framleiðendum. Hann verður að fara til heildsalans hér heima, sem hefur umboð fyrir hinn erlenda framleiðanda, og fá vöruna í gegnum hann, og að sjálfsögðu tekur svo heildsalinn sína þóknun fyrir. Auk þess má svo benda á, að öll verzlun er háð gjaldeyrisleyfum og öðrum þess konar efnahagsráðstöfunum. Þannig stangast staðreyndirnar algerlega á við kenningar þessara manna um frjálsa verzlun.

Í sambandi við umræður um efnahagsmálafrv. er fróðlegt að athuga, hver hefur verið afstaða þm. Alþfl. til hliðstæðra mála áður fyrr. Alþfl. heldur því fram, að hann sé sósialistískur flokkur og vilji breyta þjóðfélaginu í sósialistískara horf. Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. d., hélt hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, langa varnarræðu fyrir þessu frv. og taldi því flest til gildis. En svo vill til, að þessi hæstv. ráðh. hefur áður hér á Alþ. flutt ræðu um hliðstæð mál, en það var á Alþ. í febrúar 1950. Þá lá fyrir til umr. frv. til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Þáverandi ríkisstj. hafði þá eins og nú fengið hina færustu sérfræðinga sér til aðstoðar. Sérfræðingarnir hófu störf sín og sömdu mikinn lagabálk með langri grg. Þar lögðu þeir til, eins og nú er gert í hinu nýja frv. um efnahagsráðstafanir, mikla gengisfellingu og töldu, að sú leið mundi rétta við efnahagskerfið og stuðla að frjálsri verzlun. Einn af þeim hv. alþm., sem tóku þá til máls um frv., var núv. hæstv. viðskmrh. Honum fórust orð á þessa leið m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðmarkmið þessa frv. er því að reyna að koma á frjálsri verzlun. Ég er ekki fylgjandi því sjónarmiði, að það eigi að vera höfuð-

takmark í efnahagsmálum þjóðarinnar að koma hér á frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið vera að tryggja öllum fulla atvinnu og hagnýta til fulls framleiðslutæki, sem þjóðin á.“

Þannig leit hæstv. viðskmrh. þá á frjálsa verzlun. Síðar segir sami hæstv. ráðh., eftir að hann hafði rætt um áhrif gengisfellingarinnar á afkomu bátaútvegsins: „Við þetta bætist svo, að sú aðferð, sem nota á til að tryggja þennan rekstur, verður að teljast ranglát. Hvað er gengislækkun?“ spyr hæstv. núverandi viðskmrh. „Hún er í sjálfu sér ekkert annað en flutningur á tekjum á milli atvinnustétta þjóðfélagsins. Þeir, sem flytja út, fá meiri tekjur, en allar aðrar stéttir minna. Gengislækkunin eykur því tekjur útflytjenda á kostnað annarra atvinnuvega.“

Síðar í ræðu sinni fullyrðir sami núv. hæstv. viðskmrh., að gengisfellingin hljóti að þýða kjaraskerðingu, og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Auðvitað hlýtur kjaraskerðing að sigla í kjölfar þessara ráðstafana.“ En nú er þessi hæstv. ráðh. kominn á allt aðra skoðun. Nú telur hæstv. viðskmrh., að gengisfelling sé allra meina bót, og hann á ekki nægilega sterk orð til að lýsa yfir hrifningu sinni á hinum nýju aðgerðum, sem eru þó margfalt hættulegri og ganga miklu lengra á rétt launastéttanna en gengisskráningarlögin frá 1950 gerðu.

Hæstv. núv. viðskmrh. sagði í sömu þingræðu um afstöðu Alþfl. til gengislækkunarinnar 1950: „Ég hef nú gagnrýnt þetta frv. mjög, bæði markmið þess og skilyrði til að koma að notum. Nú má vera, að einhver spyrji: Hvað vill Alþfl.? Þá, sem þannig spyrja, má minna á,“ — og það gætir dálítils drýgindatóns hjá hæstv. ráðh. — „að Alþfl. er sósialistískur flokkur, sósialistískur lýðræðisflokkur, sem vill þjóðnýtingu stærstu atvinnutækjanna og utanríkisverzlunarinnar. Alþfl. er fullviss um, að með því eina móti er hægt að tryggja þegnum þjóðfélagsins fulla atvinnu. Hagkerfi einstaklinganna hefur brugðizt hér eins og annars staðar og er að bregðast.“

Síðast í sömu ræðu segir ráðherrann:

„Nei, þetta kerfi er ekki nothæft. Það getur ekki bjargað sér með gengisfellingu, með gengisbreytingu. Það má segja um gengisbreytinguna 1939 og ástandið nú, að í raun og veru hafi verð krónunnar verið fallið inn á við. En það bætir ekki málstað þess skipulags, þar sem slíkt gerist, réttlætir ekki, að upplausn og glundroði komi alltaf skömmu á eftir góðæri. Ef hægt á að vera að koma í veg fyrir slíkt, þarf að endurskipuleggja hagkerfið allt samkv. kenningu jafnaðarstefnunnar. Á þann eina veg er hægt að tryggja öllum stöðuga vinnu og fulla starfrækslu atvinnutækjanna jafnframt réttlátri skiptingu þjóðarteknanna. Til þess að gengislækkun nú geti talizt samrýmanleg stefnu Alþfl., verður að vera tryggt, að allt hafi áður verið gert til þess að tryggja þegnum þjóðfélagsins fulla atvinnu og tekið sé fyrir alla óeðlilega gróðamyndun, en án slíkra ráðstafana verður gengið heldur ekki tryggt, þó að það sé lækkað. Annars heldur gengislækkunarhjólið áfram að snúast einn hring á hverjum áratug, eins og dýrtíðarhjólið hélt í sífellu áfram að snúast á s. l. áratug.“

Þetta sagði hæstv. viðskmrh. 1950 að væri stefna Alþfl. En nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. viðskmrh.: Hver er nú stefna Alþfl. til gengisfellingarinnar? Er stefna Alþfl. mótuð í frv. til l. um efnahagsráðstafanir? Hæstv. viðskmrh. gerði mjög athyglisverða játningu s. l. föstudag. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri alveg rétt, sem Þjóðviljinn hefði haldið fram undanfarin ár, að Alþfl. og Framsfl. eða réttara sagt ráðh. þessara flokka hefðu þegar haustið 1956 viljað framkvæma gengislækkun. Og ég sé enga ástæðu til að þegja yfir því lengur, að þetta er rétt, sagði hæstv. ráðherra. Ráðherrann viðurkennir, að það hafi verið ráðherrar Alþb., sem hefðu afstýrt því, að gengislækkun væri þá framkvæmd. Það er ágætt út af fyrir sig, að þessi yfirlýsing ráðh. skyldi koma fram. En í fjögur ár hefur hæstv. ráðh. þagað, og blað hans, Alþýðublaðið, og flokksmenn hafa margsinnis þrætt fyrir, að Alþfl. hafi nokkurn tíma viljað gengisfellingu. M. ö. o.: Alþfl. hefur sagt þjóðinni ósatt. Hann hefur logið um stefnu sína til gengisfellingarinnar. Kjósendur hafa verið herfilega blekktir.

Það er ekki í fyrsta skipti, sem gengi íslenzkrar krónu er fellt. 1939, 1942 og 1950 var framkvæmd gengisfelling. Allar þessar þrjár gengisfellingar höfðu eitt og sama takmark. Það var að ráðast á lífskjör launastéttanna og þá fyrst og fremst á lífskjör þess fólks, sem lægstar hefur tekjurnar og flesta að fæða og klæða. Frá því fyrsta, að til urðu á Íslandi verkalýðssamtök, og fram á þennan dag hefur auðstéttin á Íslandi átt í harðri baráttu við verkalýðssamtökin. Í hvert einasta skipti, sem þau hafa knúið fram hagsbætur til handa meðlimum sínum, hafa málgögn afturhaldsins úthrópað verkalýðssamtökin og talað um, að kröfur þeirra til hærri launa, styttri vinnutíma og annarra aukinna réttinda væru ósanngjarnar og stefndu að upplausn þjóðfélagsins.

Í hvert skipti, sem verkalýðssamtökin hafa náð fram kjarabótum, hefur flest verið gert af hálfu atvinnurekenda og ríkisvalds til þess að ná því aftur, sem áunnizt hafði. Stórfelldustu aðgerðir í þessa átt er gengisfellingin 1950. 1950 var framkvæmd gengisfelling. Þá var sagt, að slík aðgerð mundi þýða 10—11% verðhækkun, en staðreyndirnar sýndu, að í árslok 1950 höfðu vísitöluvörurnar hækkað um 27%. Nú segja hinir vísu hagfræðingar og hæstv. ráðh., að sú gengisfelling, sem nú á að framkvæma, muni þýða 13—14% kjararýrnun. Þegar hafðar eru í huga afleiðingar gengisfellingarinnar 1950, hlýtur maður að taka þessar tölur hagfræðinganna nú með mikilli tortryggni, og margt bendir til þess, að kjaraskerðingin af gengisfellingunni verði miklu meiri.

Í sambandi við fullyrðingu hagfræðinganna og hæstv. ríkisstj., að gengisfellingin muni ekki þýða nema 13% kjararýrnun, er rétt að benda á, að ekki virðist vera reiknað með þeirri hækkun, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða í sambandi við hina fyrirhuguðu tollahækkun

og vaxtahækkun. Ekkert verður um það sagt, hve miklu þetta nemur til áhrifa á vísitöluna og til hækkunar á verðlaginu. Fullvíst má þó telja, að hin nýja tollahækkun og fyrirhuguð vaxtahækkun muni nema mörgum prósentum til viðbótar hækkuninni. Auk þess er ég þess fullviss, að hækkun á verðlaginu vegna gengisfellingarinnar verði miklu meiri en 13%. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að allir útreikningar um slík mál undir líkum kringumstæðum og nú fá á engan hátt staðizt. Það er hin mesta blekking að leyfa sér í trássi við allar staðreyndir að halda því fram, að kjaraskerðingin nú muni ekki verða nema 13%. Sannleikurinn er sá, að flestar tölur um þetta eru að mestu áætlaðar tölur og aðeins settar fram í því eina og sama skyni, til áróðurs.

Þá er það mjög athyglisvert, hvað hagfræðingarnir og þáv. ríkisstj., þ. e. a. s. 1950, sögðu um fiskverðið til sjómannanna. Þeir héldu því þá fram, að það mundi hækka úr 75 aurum í 93 aura. Staðreyndirnar segja, að fiskverðið hækkaði ekki um einn einasta eyri á þessu tímabili.

Gengislækkunarmennirnir frá 1950 boðuðu almenna hagsæld og öryggi og atvinnu. En árin 1951 og 1952 voru mjög mikil atvinnuleysisár, svo að til stórvandræða horfði. Íbúðarhúsabyggingar stórminnkuðu. Næstu ár var mikill samdráttur í öllum byggingariðnaði landsmanna. Fiskiskipastóll landsmanna dróst saman. Það var fyrst í tíð vinstri stjórnarinnar, að úr þessu var reynt að bæta. Þá var hafið mikið átak í húsnæðismálunum, þá voru byggð mörg hundruð nýrra íbúða árlega. Sérstaklega er það eftirtektarvert, hve aukningin var mikil úti um allt land. Á dögum vinstri stjórnarinnar var hafið myndarlegt átak í aukningu fiskiskipastóls landsmanna. Með þessum aðgerðum var bætt fyrir margra ára vanrækslu gengislækkunarmannanna frá 1950.

Þannig urðu áhrif gengislækkunarinnar frá 1950 þveröfug við það, sem hinir vísu hagfræðingar þá og þáv. ríkisstj. höfðu haldið fram, og svo gersamlega brást þessi aðgerð í efnahagsmálunum, að taka varð upp bátagjaldeyriskerfið og önnur hliðstæð styrktarkerfi hvert á fætur öðru. Þessar staðreyndir eru allt annað en meðmæli með þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar í efnahagsmálum okkar, og í raun og veru ættu þær að vera nægjanlega ljósar, til þess að menn forðuðust að lenda í sama foraðinu nú og þá.

Í 23. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er sagt, að óheimilt sé að ákveða um kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxta eða nokkuð annað endurgjald fyrir unnin störf, að þau skuli fylgja breyt. á vísitölu á einn eða annan hátt. Þetta ákvæði skal taka til allra kjarasamninga stéttarfélaganna. Ákvæði í samningum um kaup og kjör, gerðum fyrir gildistöku laganna, um greiðslu verðlagsuppbótar samkv. vísitölu verða ógild, er lög þessi taka gildi.

En það er ekki í fyrsta sinn, sem ríkisvaldið grípur inn í gerða samninga milli stéttarfélaga og vinnuveitenda. Hér er þó gengið lengra og á ósvífnari hátt á rétt launastéttanna en nokkru sinni fyrr. Ég tel, að þetta eina ákvæði frv. út af fyrir sig sé nægjanlegt til þess, að samtök verkafólks og annarra launastétta geti ekki unað við og hljóti að gera gagnráðstafanir.

Því er haldið fram í grg. frv., að reynslan hafi sýnt, að það vísitölukerfi, sem í gildi hefur verið síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hafi ekki verið til neinna verulegra hagsbóta fyrir launastéttirnar. Hér er staðreyndunum algerlega snúið við. Þrátt fyrir ýmsa galla á vísitölunni og þá fyrst og fremst vegna síendurtekinna tilrauna ríkisvaldsins í þá átt að falsa vísitöluna hefur vísitölukerfið verið eina öryggið fyrir launastéttirnar til að hamla á móti vaxandi dýrtíð. Nú er lagt til í þessu frv. að vinna það níðingsverk á launastéttunum að banna með lögum að greiða vísitölu á kaup, sem allt frá 1942 hefur verið vörn verkafólksins og annarra launþega gegn síendurteknum verðbólguráðstöfunum ríkisvalds og yfirstéttar.

Það, sem veldur þó manni mestri furðu, er afstaða Alþfl. til þessa máls. Sú var þó tíðin, að Alþfl. beitti sér fyrir vísitölukerfinu og taldi það til mikilla hagsbóta fyrir launastéttirnar. Í umræðum, sem fram fóru á Alþ. um gengislækkunarlögin 1950, sagði hæstv. núv. viðskmrh. um fyrirhugaða breyt. á útreikningi vísitölunnar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég kem þá að 4. gr., sem verður að teljast ein hin mikilvægasta í frv. og fjallar um breyt. á útreikningi vísitölunnar. Breytingin á að vera í því fólgin að stækka þátt kjöts og húsaleigu í vísitölunni. En ekki er vikið að því einu orði, að þessi breyt. á grundvelli vísitölunnar skipti minnstu máli eða að þetta hafi í för með sér, að vísitalan hækki minna en hingað til. Þetta er mjög ámælisvert," segir ráðherrann. „Það skiptir mjög miklu máli fyrir alla launþega landsins, hvernig vísitalan breytist. Samkv. lauslegri athugun hefur þessi breyting á vísitölugrundvellinum það í för með sér, að hækkun vísitölunnar verður ⅓ minni á eftir."

Og síðar segir:

„Ég tel óviðeigandi að skýra ekki frá þessu og draga þannig fjöður yfir það, sem rétt er."

Og núv. hæstv. ráðh. heldur áfram og segir:

„Það hlýtur að verða krafa launþeganna og samtaka þeirra, að hætt verði við þessa lúmsku breytingu á vísitölugrundvellinum, sem mundi lækka hana um 15—17 stig, miðað við gömlu vísitöluna. Ég legg því til, að þessi gr. falli niður."

Þetta var álit hæstv. ráðh., Gylfa Þ. Gíslasonar, þá, á gildi vísitölunnar fyrir launþegasamtökin. Og hann var ekki einn um þá skoðun. Stefán Jóh. Stefánsson, þáv. þm. Alþfl., átaldi harðlega allar tilraunir í þá átt að falsa vísitöluna. Hann taldi vísitöluna vera stórhagsmunamál launþegasamtakanna. En nú beitir hæstv. ráðh. sér fyrir algeru afnámi vísitölunnar á öll laun. Nú er ekki talað um ⅓, heldur bara afnám vísitölunnar, bara útþurrkun hennar í eitt skipti fyrir öll og að gera þar með að engu ákvæði kjarasamninga verkalýðsfélag-

anna um greiðslu vísitöluuppbótar á kaup. Það verður ekki sagt um þennan hæstv. ráðh., að hann sé ekki snúningslipur fyrir auðvaldið á Íslandi. Maður er farinn að venjast mörgu og ýmsu af forustumönnum Alþfl. nú á síðari árum, en ég held, að hér sé lengra gengið á braut árása á lífskjör allra launastétta en nokkurn mann úr verkalýðsstétt hafi órað fyrir. Og það er merkilegt, að það skuli einmitt vera þingmenn Alþfl., þessa gamla baráttuflokks alþýðunnar á Íslandi til margra ára, sem ganga fram fyrir skjöldu í því að koma þessu ófremdarástandi á. Ég er ekki eins hissa á því, þó að Sjálfstfl. beiti sér fyrir því, hann er þó fyrst og fremst flokkur auðmannastéttarinnar á Íslandi, en hingað til hefur Alþfl. ekki viljað telja sig vera umboðsflokk þeirrar stéttar, heldur þveröfugt.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er grunnkaupshækkun ekki beinlínis bönnuð, en í grg. segir, að ríkisstj. muni beita sér gegn því, að kaup verði hækkað. Hér er ekki verið að fara í neina launkofa með það, hver sé stefna hæstv. ríkisstj. í launa- og kjaramálum. Ef þetta frv. verður að lögum, mun allt verðlag í landinu stórlega hækka, eða um allt að því kannske 20—30%. Jafnhliða þessu á svo að afnema alla vísitölu á kaup, eins og ég hef áður bent á. Með þessum ráðstöfunum verður hleypt af stað hreinu og beinu verðbólguæði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, og til að undirstrika og staðfesta þessar æðisgengnu árásir á lífskjörin lýsir hæstv. ríkisstj. því yfir, að hún muni beita sér á móti öllum kauphækkunum. Með slíkum aðferðum er stefnt markvisst að því, að laun verkafólks á Íslandi verði miklum mun lægri en laun verkafólks í nálægum löndum. Með einu pennastriki á að eyðileggja margra ára baráttu verkalýðssamtakanna og færa lífskjör launafólksins niður á hreint nýlendustig, jafnvel niður fyrir laun, sem svertingjar í Suður-Ameríku hafa nú.

Heldur nú hæstv. ríkisstj., að verkalýðssamtökin taki við þessum ráðstöfunum möglunarlaust, eða eru þeir menn, sem að þessum aðgerðum standa, hættir að reikna með verkalýðssamtökunum? Ég skal ekkert fullyrða um það, hvað kann að gerast í þessum málum af hendi verkalýðssamtakanna. En benda má á þá staðreynd, að hingað til hafa þau af fremsta megni reynt að verja hagsmuni meðlima sinna fyrir síendurteknum árásum ríkisvalds og atvinnurekenda, og ekkert bendir til þess, að þau verði ekki þeirri stefnu sinni trú hér eftir sem hingað til.

Það, sem er þó máske langalvarlegast við þetta frv., er það, að með því er stefnt að því að koma á atvinnuleysi í landinu. Gert er ráð fyrir því, að bankarnir takmarki mjög útlánastarfsemi sína, sem þýðir beinlínis samdrátt í öllu atvinnulífi landsmanna. Takmarka skal endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum við það stig, sem þau eru nú komin á. M. ö. o.: það á ekki að kaupa afurðavíxla fyrir hærri upphæð en gert var á s. l. ári, t. d. út á sjávarafurðir. Til þess nú að undirstrika þetta enn frekar er sagt, að ríkisstj. muni beita sér fyrir því, að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóðum, þ. á m. innlánsdeildum kaupfélaganna, verði bundinn í Seðlabankanum í Reykjavík. Allt skal til Reykjavíkur.

Með slíkum aðferðum sem hér um ræðir er ráðizt allharkalega gegn hagsmunum þess fólks, sem búsett er utan Reykjavíkur. Þeir sparisjóðir, sem til eru í hinum ýmsu bæjum og kauptúnum víðs vegar um land, eru máske þær einu lánastofnanir, sem það fólk, sem þar á heima, hefur aðgang að. En með þessum ráðstöfunum verða lánsmöguleikar sparisjóðanna stórlega rýrðir, sem aftur á móti mun hafa í för með sér stórfelldan samdrátt í atvinnulífi viðkomandi staðar og mundi t. d. stórlega draga úr byggingum íbúðarhúsnæðis úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Sama má að nokkru leyti segja um innlánsdeildir kaupfélaganna. Meðlimir kaupfélaganna leggja þar inn sparifé sitt og fá af því hærri vexti en hjá bönkum og sparisjóðum. Kaupfélögin nota svo þessar innstæður meðlima sinna til vörukaupa. Þessi viðskipti hafa verið talin hagstæð fyrir báða aðila, meðlimi kaupfélaganna og félögin, og verið látin óátalin hingað til af ríkisvaldinu. Ég fæ ekki betur séð en með þessari nýju ákvörðun, ef að lögum verður, sé verið að ráðast á kaupfélögin og gera hlut þeirra stórum verri en nú er. En með því að ráðast þannig að kaupfélögunum er fyrst og fremst verið að ráðast á hagsmuni hvers einasta meðlims þeirra.

Þá er gert ráð fyrir, að allir bankavextir verði stórlega hækkaðir. Til þess að allt fari að lögum, er ætlun ríkisstjórnarinnar að láta nema úr gildi lög um bann við okri. Þar með fær ríkisstj. og bankarnir óskorað vald til að hækka bankavexti eftir eigin geðþótta. Það verður tæplega um það deilt, að stórkostleg hækkun bankavaxta hlýtur að draga úr öllum verklegum framkvæmdum. Sérstaklega mun slík ráðstöfun verða til þess að draga úr og torvelda allar byggingarframkvæmdir í landinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikill fjöldi af efnalitlu fólki hefur ráðizt í það að byggja sér hús og lagt á sig alveg ótrúlega mikið erfiði við slíkar framkvæmdir. Með þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugað er að koma í framkvæmd í peningamálum samkv. þessu frv., er útilokað, að efnalaust eða efnalítið fólk geti byggt sér íbúðarhús, sem aftur á móti mundi þýða stórkostleg húsnæðisvandræði um allt land, en þó hvergi meiri en hér í Reykjavík.

Þannig er markvisst stefnt að því að koma hér á alræði peningavaldsins með þeim afleiðingum, að hér hlýtur að myndast atvinnuleysi, örbirgð og fátækt. Á sama tíma eru svo auðmönnum og auðfélögum opnaðir margs konar möguleikar til aukins gróða og vaxandi arðráns af allri alþýðu manna.

Samkv. hinu nýja fjárlagafrv. er lagt til, að varið verði til verklegra framkvæmda svo að segja sömu upphæð í krónum og í síðustu fjárlögum. Hér er því um stórfellda lækkun á verklegum framkvæmdum að ræða, þar sem vitað er, að allur kostnaður við framkvæmd-

irnar muni stórhækka vegna fyrirhugaðra verðhækkana, sem koma til með að stafa af gengislækkun, tollahækkunum og vaxtahækkunum. Samdráttur á verklegum framkvæmdum hins opinbera er því bein árás á lífskjör þess fólks, sem starfað hefur á vegum hins opinbera að slíkum framkvæmdum.

Minnkandi atvinna og stórminnkandi kaupgeta, þetta er því alvarlegra, þegar það er haft í huga, að í mörgum sjávarþorpum er þetta aðalvinna fjölmargra manna, sem þar eru búsettir, auk þess sem fjölmargir bændur hafa getað notað sér þessa vinnu og aukið þar með tekjur búa sinna.

Þannig er sama, hvert litið er. Öll ákvæði þessa frv. svo og fjárlagafrv. stefna að einu og sama marki, þ. e. að stórrýra lífskjörin og koma á atvinnuleysi, þ. e. að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari.

Ég vil minnast örlítið á fiskverðið til sjómannanna. Fiskverð til sjómanna skal vera óbreytt, eins og það var í febrúar 1959, þar til nýir samningar hafa verið gerðir, eins og segir í frv. Gildir það jafnt um fiskverð hjá bátasjómönnum sem togarasjómönnum. Með þessu ákvæði er fyrir það girt, að sjómenn verði aðnjótandi þeirrar hækkunar á fiskverði, sem af gengisfellingunni kann að stafa, heldur skal sú hækkun renna óskipt til frystihúsanna, eftir því sem bezt verður séð. Það er mjög athyglisvert, að kjör togarasjómannanna eru svo slæm, að erfiðlega gengur að fá sjómenn á skipin. Útgerðarmenn hafa lengi vel getað fengið Færeyinga á skipin, en nú verður sú leið lokuð, m. a. og aðallega fyrir það, hvað laun togarasjómanna eru léleg. Það virðist ekki hafa hvarflað að hæstv. ríkisstj., að úr þessu þurfi að bæta. Jafnvel blöð hæstv. ríkisstj. gerðu hróp að samninganefnd færeyska sjómannasambandsins fyrir kröfur þær, sem það setti fram við Landssamband ísl. útvegsmanna fyrir hönd meðlima sinna. En þær kröfur voru, eftir því sem bezt er vitað, það sem Norðmenn, Þjóðverjar og Englendingar greiða færeyskum sjómönnum, ef þeir ráðast á skip frá þeim löndum. Þetta sýnir okkur, hve kjör togarasjómanna okkar eru léleg og hve mikil nauðsyn það er, að úr því verði bætt, en hæstv. ríkisstj. virðist vera þar á allt öðru máli.

Eitt af bjargráðum hæstv. ríkisstj. er fyrirhuguð stór lántaka, að upphæð um 800 millj. kr., eða hærri en allar erlendar skuldir Íslendinga. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að öllu þessu stórláni skuli varið til vörukaupa, eins og það er orðað, til að gera vöruúrvalið fjölbreyttara, m. ö. o.: eyðslulán til kaupa á almennum neyzluvörum og lúxus og óþarfa varningi.

Það er ekki úr vegi að minna á, að meðan vinstri stjórnin sat að völdum, skammaði Sjálfstfl. hana ekki fyrir neitt jafnmikið og erlendar lántökur. Það átti að vera pólitískur glæpur að taka erlend lán, jafnvel til kaupa á framleiðslutækjum, sem á mjög skömmum tíma mundu þó í útflutningsverðmæti standa skil á öllum þeim gjaldeyri, sem þurfti til þess að kaupa viðkomandi tæki. Sagði íhaldið, að með slíkri ráðstöfun væri öllu stefnt í beinan voða. Nú er blaðinu algerlega snúið við. Nú á að taka stórlán til almennrar eyðslu, því að fyrir þetta lán á ekki að kaupa framleiðslutæki, sem mundu auka gjaldeyrisframleiðsluna. Og í þessu sambandi er rétt að benda á, að ef þessu væntanlega stórláni yrði skynsamlega varið, væri hægt að byggja t. d. nýja Sogsvirkjun, nýja áburðarverksmiðju og endurnýja að miklu leyti allan togaraflota landsmanna. En þessu láni á ekki að verja til slíkra hluta, heldur skal því varið til að kaupa alls konar vöruskran. Hver getur skilið svona pólitík? Er þessi ráðstöfun til hagsbóta fyrir þjóðfélagið? Ég held það verði fáir, sem svara því játandi, að svo sé.

Að sjálfsögðu verðum við að haga innkaupum okkar erlendis frá á almennum neyzlu- og lúxusvarningi eftir því, sem efni okkar leyfa á hverjum tíma, en ekki fara að kröfum nokkurra stórheildsala hér í Reykjavík. Það er því algerlega óhæf ráðstöfun að taka 800 millj. kr. lán eða hærra lán en allar erlendar skuldir ríkisins eru nú og verja því til kaupa á miður nauðsynlegum varningi. Slík ráðstöfun er hreinn pólitískur afglapaháttur, sem áreiðanlega á eftir að hefna sín geipilega.

Þannig er sama, hvert litið er. Öll ákvæði þessa frv. svo og fjárlagafrv. stefna að einu og sama marki, þ. e. að stórrýra lífskjörin og koma á atvinnuleysi, að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi og verstu tegund af blekkingum, þegar hæstv. ráðh. leyfa sér að halda því fram, að þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru, muni ekki rýra lífskjörin nema sem svarar 3% frá því, sem þau eru nú, og að hjá þeim, sem hafa stærstar fjölskyldur, muni ekki vera um neina kjararýrnun að ræða. Það er engum vafa undirorpið, að verði þetta frv. að lögum, þýðir það meiri kjaraskerðingu og verri lífskjör en áður hefur þekkzt hér á landi. Það má benda á, að sumar erlendar vörutegundir muni hækka um frá 40 allt upp í 80% frá því, sem nú er. Innlendar vörur, svo sem landbúnaðarvörur, munu hækka um 11—12%, allar byggingarvörur koma til með að hækka um 20—30% eða jafnvel meir. Og þessa hluti alla ætla þeir menn og flokkar að framkvæma, sem höfðu að kjörorði við kosningarnar í haust „algera stöðvun dýrtíðarinnar og bætt lífskjör“. „Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstfl.“, var kjörorð Sjálfstfl. „Við höfum stöðvað verðbólguna,“ hrópuðu frambjóðendur Alþfl. á öllum framboðsfundum. Ég fullyrði, að aldrei hafa nokkrir stjórnmálaflokkar á Íslandi framið jafnaugljós og stórfelld svik gagnvart öllum almenningi og nú er stefnt að hjá stjórnarflokkunum með fyrirhuguðum efnahagsráðstöfunum. Og til að kóróna þennan þokkaverknað á svo að banna með lögum vísitöluuppbætur á allt kaup og svipta þar með launastéttirnar því eina öryggi, sem þær hafa haft í 18 ár til að hamla upp á móti verðbólgunni. Nú skal verðbólgan með öllum sínum þunga skella á fólk-

inu, án þess að nokkrar breytingar verði á launum þess til hækkunar, hve mikil sem dýrtíðin kann að verða.

Mér er nær að halda, að hæstv. ríkisstjórn geri sér ekki ljósar þær alvarlegu afleiðingar, sem fyrirhugaðar ráðstafanir koma til með að hafa á lífsafkomu alls almennings. Ríkisstjórninni hlýtur að vera það ljóst, að verkalýðsfélögin eiga eftir að segja sitt álit á þessum málum. Hvað þau koma til með að gera, veit enginn nú. Flest hafa verkalýðsfélögin lausa samninga og geta því hvenær sem er sett fram nýjar gagnkröfur og hafið samninga við atvinnurekendur. Ef hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að beita sér á móti öllum kaupkröfum, eins og hótað er í grg. fyrir þessu frv., getur svo farið, að verkalýðsfélögin sjái sig neydd til frekari aðgerða. Um þetta skal þó ekkert fullyrt, þetta er mál verkalýðsfélaganna. Það er þeirra að velja og hafna. Hitt tel ég mér þó skylt, að vara hæstv. ríkisstjórn við þeim afleiðingum, sem það kann að hafa, ef það frv., sem hér liggur fyrir, verður gert að lögum. Með því hefur hæstv. ríkisstj. kastað hanzkanum framan í verkalýðssamtökin. Mætti þá svo fara, að hún fengi hann til baka og þá ekki með minni krafti en hún sendi þeim hann. Eitt er staðreynd, verkalýðshreyfingin á Íslandi er voldug og sterk, verkalýðssamtökin hafa aldrei tekið á móti árásum ríkisvaldsins né atvinnurekenda þegjandi, og það er því engin ástæða til að halda, að þau taki þessum stórfelldu árásum með þögn og þolinmæði. Hitt mun þó sanni nær, að þau, þ. e. verkalýðssamtökin, svari þessum stórfelldu árásum á lífskjör alþýðunnar með viðeigandi gagnráðstöfunum. Ég tel mér alveg sérstaklega skylt að beina þessum orðum til hæstv. ríkisstjórnar, vegna þess að það má öllum ljóst vera, að það mundi horfa til mikilla vandræða fyrir alla íbúa þessa lands, ef til stórátaka þyrfti að koma við verkalýðssamtökin í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem hér liggja fyrir og lagt er til af hæstv. ríkisstj. að verði gerðar að lögum. Og ég á bágt með að trúa því, að hæstv. ríkisstjórn sé svo blind og haldin því ofstæki, að hún athugi ekki þessi mál nánar, áður en hún beitir meirihlutavaldi hér á Alþingi til þess að knýja þessar ráðstafanir í gegn.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 82, n. 93, 97 og 100, 91, 95, 98, 102).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í ræðum hv. stjórnarandstæðinga og þá fyrst og fremst hv. 1. þm. Austf. (EystJ), hv. 4. þm. Austf. (LJós) og hv. 3. þm. Reykv. (EOl), hafa verið fjögur atriði, sem mér þykir ástæða til að gera að umtalsefni.

Þeir hafa talið heimildir þær, sem gert er ráð fyrir í frv. til þess að hagnýta yfirdrátt hjá Evrópusjóðnum og alþjóðagjaldeyrissjóðnum, mjög varhugaverðar.

Þeir hafa talið, að með ráðstöfunum þessum séu mjög miklar byrðar lagðar á þjóðina, og hafa talið þær 1200—1300 millj. kr.

Þá hefur því verið haldið fram, að með framkvæmd þessara till, væru lífskjör almennings skert svo mjög, að kaup íslenzks verkamanns yrði aðeins helmingur þess, sem hinum umkomulausustu er tryggt sem lágmarkstekjur í Bandaríkjunum.

Og að síðustu hefur því verið haldið fram, að þessar ráðstafanir muni leiða til vaxandi þátttöku okkar í viðskiptum hins frjálsa heims, en það muni á hinn bóginn draga verulega úr eða stofna í hættu viðskiptum okkar við ríkin í Austur-Evrópu.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um hvert þessara atriða um sig.

Ég kemst ekki hjá að láta í ljós miklu furðu yfir þeim ummælum, sem reyndir þm. og fyrrv. ráðherrar, nákunnugir fjárhagsmálum þjóðarinnar, hafa viðhaft um væntanlegar yfirdráttarheimildir hjá Evrópusjóðnum og alþjóðagjaldeyrissjóðnum. En í tilefni af þeim finnst mér ástæða til að fara nokkrum almennum orðum um lántökur þjóðarinnar á undanförnum árum, skuldir hennar nú og þann eðlismun, sem er á þeim og hinum væntanlegu yfirdráttarheimildum.

Í landi eins og Íslandi, þar sem mörg óunnin verkefni blasa við, en þar sem lítið innlent fjármagn er fyrir hendi og fjármagnsmyndun hæg, er eðlilegt, að tekin séu erlend lán til framkvæmda. Til þess að slík lántaka geti talizt skynsamleg, verður þó þremur skilyrðum að vera fullnægt:

Í fyrsta lagi verður framkvæmdin að skila a. m. k. jafnmiklum arði á lánstímanum og svarar til greiðslu vaxta og afborgana af láninu.

Í öðru lagi verður framkvæmdin að afla gjaldeyris eða spara gjaldeyri, sem svarar til þess gjaldeyris, sem notkun hins erlenda lánsfjár kostar.

Og í þriðja lagi má greiðslubyrðin í erlendum gjaldeyri vegna erlendra lána yfirleitt ekki verða þyngri en svo, að hægt sé að standa undir henni ásamt þeirri fjárfestingu, sem kostuð er af innlendu fé, með heilbrigðum sparnaði þjóðarinnar.

Þetta eru einu efnahagslegu takmörkin fyrir því, hversu mikið erlent lánsfé er hyggilegt fyrir þjóð að nota. Slíkar lántökur valda halla í greiðsluviðskiptum þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum. Slíkur halli er ekki varhugaverður, enda má eins nefna hann fjármagnsinnflutning.

En lántökur þjóðar í öðrum löndum geta einnig verið með öðrum hætti. Það getur verið, að vegna jafnvægisskorts í peningamálum sé eftirspurn í þjóðfélaginu eftir vörum og þjónustu meiri en nemur þjóðarframleiðslunni og notkun erlendra framkvæmdalána, og þá um leið, að eftirspurn eftir erlendum vörum sé meiri en hægt er að fullnægja með tekjum af útflutningi þjóðarinnar, öðrum gjaldeyristekjum og erlendum framkvæmdalánum. Sé ekki beinlínis með innflutnings- og gjaldeyris-

höftum látinn verða skortur á erlendri vöru, sem hlýtur að sjálfsögðu að valda verðhækkun innanlands auk margháttaðra truflana á atvinnulífinu, þá hlýtur að verða halli á viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd og skuld að myndast þar, sem hallanum svarar. Þessi halli er allt annars eðlis en hallinn, sem ég gat um áðan, og skuldin, sem við þetta myndast erlendis, er allt annars eðlis en skuldin, sem ég ræddi um áðan. Þessi halli og þessi skuld er afleiðing jafnvægisskorts í peningamálum innanlands. Hún er afleiðing þess, að þjóðin reynir að nota meira til neyzlu og fjárfestingar en *þjóðarframleiðslunni nemur* að viðbættum þeim framkvæmdalánum, sem aflað er erlendis.

Það leiðir af eðli málsins, að greiðsluhalli af því tagi, sem ég nefndi síðast, getur ekki staðið nema skamma hríð. Hann getur aðeins staðið, á meðan þjóðin eyðir gjaldeyrisforða sínum og á meðan hún getur myndað gjaldeyrisskuldir eða fengið lán erlendis til þess að greiða greiðsluhallann. En ekkert af þessu getur hún gert nema skamma hríð. Gjaldeyrisforðinn er takmarkaður. Erlendir bankar leyfa ekki myndun gjaldeyrisskulda nema að mjög takmarkaðri upphæð, og enginn erlendur aðili fæst til að lána upp í greiðsluhalla af því tagi, sem *hér um ræðir, nema* þá rétt í bili og þá yfirleitt með því ákveðna skilyrði, að ráðstafanir séu gerðar til þess að binda endi á greiðsluhallann. Þar við bætist, að undir þessum kringumstæðum hlýtur einnig að taka fyrir notkun erlendra framkvæmdalána. Greiðsluviðskipti þjóðarinnar eru þá orðin svo erfið, að hætta er á, að ekki verði hægt að standa í skilum með greiðslu af lánum, jafnvel til arðbærustu framkvæmda, og erlendir lánveitendur hljóta að kippa að sér hendinni.

Í þessum umræðum hefur því verið haldið fram af bæði hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, að lántökur undanfarinna ára séu að engu leyti varhugaverðar, þar eð þær hafi allar gengið til nytsamlegra framkvæmda, og á þetta hefur verið lögð sérstök áherzla í blöðum Framsfl. og Alþb. Mér hefur jafnvel fundizt mega skilja ýmis ummæli, einkum þessara tveggja þm. og raunar blaða þeirra einnig, þannig, að það hafi í raun og veru alls ekki verið um neinn greiðsluhalla að ræða undanfarin ár, allt tal um það sé, þegar öllu er á botninn hvolft, blekkingar, þar eð eignaaukningin í landinu, fjárfestingin, hafi verið miklu meiri en skuldaaukningunni nemur. Lánsfé hafi verið svo vel notað, að þjóðin standi miklu betur að vígi nú til að standa straum af hinni auknu greiðslubyrði en hún gerði áður. Þess vegna sé nú ekki þörf neinna sérstakra ráðstafana af þessum sökum.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að ef sú merking er lögð í hugtakið „greiðsluhalli gagnvart útlöndum“, að ekki sé um greiðsluhalla að ræða, fyrr en aukning erlendra skulda sé orðin meiri en heildarfjárfestingin eða eignaaukningin í landinu, þá hefur engin þjóð, sem ég þekki til, nokkurn tíma haft greiðsluhalla gagnvart umheiminum. Ef tekin eru erlend lán, sem svara allri fjárfestingunni innanlands, þá jafngildir það því, að þjóðin noti allar tekjur sínar til neyzlu. Eignaaukningin innanlands er að vísu jafnmikil og skuldaaukningin út á við, svo að segja má, að hagur þjóðarinnar sé óbreyttur. En sparnaður þjóðarinnar er enginn. Ég á bágt með að trúa því, að nokkur mæli í alvöru með slíkum aðgerðum. Slíkt væri fullkomið fyrirhyggjuleysi í fjármálum, og það er fráleitt að skilgreina hugtakið „greiðsluhalli gagnvart útlöndum“ þannig, að um hann sé þá fyrst að ræða, þegar erlendar lántökur séu meiri en nemur allri fjárfestingunni.

Sú merking, sem hagfræðingar og fjármálamenn leggja í þetta hugtak, er sú, að þá sé um að ræða greiðsluhalla gagnvart útlöndum, þegar greiðslur til annarra landa vegna innflutnings og þjónustu, að meðtöldum afborgunum og vöxtum af lánum, séu meiri en tekjur frá öðrum löndum vegna útflutnings og þjónustu. Þessi halli hlýtur að sjálfsögðu ávallt að jafnast, því að ein þjóð getur ekki fengið meira frá öllum öðrum til samans nema með því að stofna til skuldar hjá þeim.

Eins og ég gat um áðan, þarf slíkur halli engan veginn ávallt að vera varhugaverður eða óheilbrigður. Að svo miklu leyti sem hann á rót sína að rekja til þess, að lán hafi verið tekin til arðbærra framkvæmda, er ekkert við hann að athuga. Hallinn er þá afleiðing framkvæmdalánanna og táknar innflutning erlends fjármagns. En ef hann á rót sína að rekja til jafnvægisleysis innanlands, ef hann á rót sína að rekja til viðleitni til þess að halda uppi meiri fjárfestingu en svarar til sparnaðar innanlands að viðbættum erlendum framkvæmdalánum eða til þess að halda uppi meiri neyzlu en afgangur þjóðarframleiðslunnar heimilar, þá er sú skuldasöfnun, sem jafnar hallann, ekki orsök hans, heldur er hallinn orsök skuldasöfnunarinnar.

Það, sem í raun og veru er deilt um varðandi lántökur síðari ára, er, af hvorum toganum þær séu spunnar, hvort þær hafi verið framkvæmdalántökur, sem þá er eðlilegt að valdi halla og ekkert væri þá við að athuga, eða hvort þær séu afleiðing jafnvægisskorts innanlands og hafi verið óhjákvæmilegar til þess að jafna hallann, ef ekki hafi átt að koma til vöruskorts og framleiðslutrafala. Rökin, sem hv. þm., Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, hafa bent á til rökstuðnings fyrri staðhæfingunni, þ. e. a. s. að lánin séu öll heilbrigð framkvæmdalán, eru, að samtímis lántökunum eða á eftir þeim hafi verið stofnað til framkvæmda í landinu, sem hefðu kostað jafnmikið eða meira en lánunum nemur, og þess vegna hljóti þau að teljast framkvæmdalán. En þessi röksemd er alveg haldlaus. Eins og ég gat um áðan, mætti með sama rétti kalla alla erlenda skuldasöfnun framkvæmdalán, meðan hún fer ekki fram úr heildarfjárfestingunni innanlands. Sannleikurinn um lántökur undanfarinna ára er sá, að það hafa sumpart verið heilbrigð framkvæmdalán og sumpart skuldasöfnun til þess að jafna halla út við vegna jafnvægisskorts innanlands, og mætti e. t. v. kalla hið síðara hallalán. Það er jafnfráleitt að telja allar lán-

tökurnar framkvæmdalán og að telja þær allar hallalán, en það er mjög erfitt að draga alveg skýra markalínu þarna á milli. Þó má staðhæfa, að lántökurnar til Sogsvirkjunarinnar, sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og flökunarvélakaupa séu tvímælalaust framkvæmdalán. Það á einnig við um lán vegna kaupa á fiskiskipum, en þar er þó sá hængur á, að flest þeirra lána hafa verið til miklu skemmri tíma en fiskiskipin gátu skilað andvirði sínu í gjaldeyri. Þessi lán, fiskiskipalánin, hafa því aukið greiðslubyrðina á næstu árum langt umfram það, sem aukin framleiðsla fiskiskipanna gat aukið við þjóðarframleiðsluna á sama tíma. Hitt er jafnvíst, að mikill hluti þeirra lána, sem þjóðin hefur tekið erlendis á s. l. áratug og þarf nú og í framtíðinni að greiða vexti og afborganir af, hafa verið afleiðing þess, að á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd hefur verið halli, sem hefur átt rót sína að rekja til þess, að þjóðin var að reyna að eyða meira en hún aflaði. Fjárfestingin hefur verið meiri en nam sparnaði innanlands að viðbættum erlendum lántökum til þess að greiða erlendan fjárfestingarkostnað, og neyzlan hefur verið meiri en nam því, sem afgangs var af þjóðarframleiðslunni, þegar fjárfestingin hafði verið greidd.

Hægt er að sýna fram á, og það hefur verið gert, að um alvarlegt jafnvægisleysi innanlands hefur verið að ræða. Það kemur m. a. greinilega fram við athugun á útlánum bankanna. Og slíkt jafnvægisleysi hlýtur að hafa í för með sér skuldasöfnun erlendis. Um það er því alls engum blöðum að fletta, að verulegur hluti þess 200 millj. kr. árlega halla, sem verið hefur á greiðslujöfnuðinum undanfarin ár, á rót sína að rekja til jafnvægisskortsins og er því bæði óheilbrigður og varhugaverður, þótt benda megi á jafnmiklar fjárfestingarframkvæmdir innanlands.

Það er alls ekki hægt að dæma um, hversu mikinn halla gagnvart útlöndum er heilbrigt að hafa, út frá því sjónarmiði, hversu mikil fjárfestingin er. Engum dettur í hug að kosta alla fjárfestinguna með erlendum lánum. Þau geta að skaðlausu verið nokkru meiri en nemur erlendum kostnaði við fjárfestinguna. Hvað á þessu bili er heilbrigt að hafa lántökurnar, er komið undir því, hversu mikil fjárfestingin er og hvort þjóðin er reiðubúin til þess að greiða hana með heilbrigðum sparnaði innanlands. Ég segi það aftur: undir því, hvort þjóðin er reiðubúin til þess að greiða hana með heilbrigðum sparnaði innanlands.

Þjóðin verður ekki aðeins að standa undir innlenda kostnaðinum við fjárfestinguna með heilbrigðum sparnaði, heldur einnig undir vöxtum og afborgunum af erlendu lánunum. Þau mega ekki verða meiri en svo, að þjóðin sé reiðubúin til að standa undir greiðslubyrðinni af þeim ásamt innlenda hlutanum af fjárfestingunni með heilbrigðum sparnaði. Þegar greiðslubyrðin er orðin um og yfir 10% af öllum gjaldeyristekjunum, má það vera augljóst hverjum manni, að miklum erfiðleikum hlýtur að vera bundið að standa undir slíkri greiðslubyrði út á við ásamt innlenda hluta fjárfestingarinnar. Það er þess vegna, sem slík skuldasöfnun hlýtur að teljast of mikil. Það er þess vegna, sem svo miklar skuldir eyðileggja lánstraustið og koma í veg fyrir, að hægt sé að fá heilbrigð framkvæmdalán. En með því að stöðva jafnvægisleysið og þann greiðsluhalla, sem af því stafar, og draga þannig úr greiðslubyrðinni, skapast einmitt nýir möguleikar á öflun heilbrigðra framkvæmdalána, og það er m. a. tilgangur þessara ráðstafana.

Það má með engu móti blanda erlendum lántökum af því tagi, sem ég hef nú rætt um, við þá skuldaaukningu, sem verður í bráð vegna þess, að hagnýttar eru yfirdráttarheimildir erlendis. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hjá engri þjóð dreifist útflutningur eða innflutningur jafnt á mánuði ársins. Þetta á jafnvel einkum og sér í lagi við um þjóð eins og Íslendinga, þar sem útflutningsframleiðsla er mjög árstíðabundin. Það leiðir því beinlínis af eðli framleiðslunnar, að gjaldeyristekjurnar dreifast misjafnt á árið. Innflutningsþörfin getur og orðið misjöfn eftir árstíðum. Hún er auðvitað sérstaklega mikil, þegar búa þarf útflutningsatvinnuvegina undir aðalstarfstíma þeirra, en auk þessa geta viðskiptaaðstæður og viðskiptakjör valdið því, að hagkvæmt gæti verið að draga útflutning eða hraða innflutningi. Hvort tveggja þetta getur gert nauðsynlegt að nota um skeið gjaldeyri umfram það, sem svarar til venjulegra gjaldeyristekna. Þetta eru augljósar og viðurkenndar staðreyndir. Þær valda því, að þjóðir telja sér yfirleitt nauðsynlegt að hafa til umráða gjaldeyrisvarasjóð eða gjaldeyrisforða, sem nemi allt að einum þriðja af árlegri gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar. Hann er þá notaður til þess að jafna þær sveiflur, sem leiðir af árstíðabundinni útflutningsframleiðslu og árstíðasveiflum í innflutningi. Auk þess er hann notaður til þess að geta hagnýtt sér sem hagkvæmust kjör í bæði útflutningi og innflutningi og enn fremur til þess, að óvænt skakkaföll þurfi ekki að valda sérstökum vandræðum.

Þótt nokkur dráttur verði á því, að hægt sé að selja eða heppilegt sé talið að selja nokkurn hluta útflutningsvöru þjóðar, gerir gjaldeyrisvarasjóður kleift að halda áfram eðlilegum innflutningi, svo að afleiðingin þarf ekki að verða sú, að innflutningur takmarkist eða jafnvel stöðvist með þeim afleiðingum, sem slíkt hlýtur að hafa á framleiðslu innanlands og framleiðsluafköstin, eða valda vöruskorti á neyzluvörumarkaðnum og tilsvarandi verðhækkun. Ef sölutregðan eða verðfallið reynist aðeins til bráðabirgða, kemur það aftur í sjóðinn, sem eyddist af honum. Ef það reynist hins vegar til frambúðar eða varanlegt, verður að sjálfsögðu þegar í stað að gera þær ráðstafanir innanlands, sem slíkt kallar á, og þegar þær hafa verið gerðar, fyllist sjóðurinn aftur. Ef jafnvægi er haldið milli framleiðslu þjóðarinnar og framkvæmdalána annars vegar og neyzlu hennar og fjárfestingar hins vegar, helzt gjaldeyrisvarasjóðurinn eða gjaldeyrisforðinn óeyddur, þegar yfir nokkurn tíma er litið, þó

að sveiflur verði á stærð hans, þegar yfir stuttan tíma er litið.

Um það getur enginn ágreiningur verið, að mjög æskilegt og hagstætt sé að eiga gjaldeyrisforða, af þeim sökum, sem ég hef lýst. Um það getur heldur enginn ágreiningur verið, að hægt sé að halda gjaldeyrisforða eða gjaldeyrisvarasjóði óskertum, þegar yfir lengra tímabil er litið, séu ráðstafanir gerðar nægilega snemma í efnahagsmálum innanlands, ef í ljós kemur, að rýrnun gjaldeyrisforða hefur verið varanlegri en venjulegt eða eðlilegt er. Þetta veit hver einasti framkvæmdastjóri í fyrirtæki. Hluti af því rekstrarfé, sem hann þarf að hafa yfir að ráða, er nauðsynlegur til að jafna það bil, sem verið getur og venjulega er milli tekna af sölu annars vegar og gjalda vegna framleiðslukostnaðar hins vegar. Þessi sjóður má ekki fara niður fyrir visst lágmark, ef þeirri hagkvæmni, sem fólgin er í sem stöðugastri framleiðslu, á ekki að verða stefnt í hættu. Þegar þær breytingar verða á markaðsaðstöðu, annaðhvort vegna minnkaðrar sölu eða verðfalls, að þessi hluti rekstrarfjárins er orðinn óeðlilega lítill, verður að sjálfsögðu að gera þær breytingar á framleiðslunni, sem tryggja, að jafnvægi komist aftur á. Með því móti skilar sér aftur það rekstrarfé, sem eyddist til bráðabirgða.

Ef fyrirtækið á ekki nægilegt rekstrarfé til að standa undir sveiflum í greiðslum sínum, getur það jafnað þær með því að eiga aðgang að yfirdráttarheimildum í lánsstofnunum, og munu raunar langflest fyrirtæki reyna að tryggja sér slíkar heimildir. Þær eru auðvitað ekki lán í sama skilningi og þau lán, sem tekin hafa verið til fasteignakaupa, vélakaupa eða bundin eru í föstum vörubirgðum. Þær standa í sambandi við sveiflur í greiðslum. Þær á alltaf að vera hægt að endurgreiða, annaðhvort af venjulegum tekjum, ef engar breytingar hafa orðið á raunverulegri aðstöðu fyrirtækisins, eða þá með breytingum á gjöldum, ef varanleg breyting virðist vera orðin á tekjum. Það leynir sér aldrei, ef hætta virðist á, að slík yfirdráttarlán festist, eins og það er kallað. Þá verður auðvitað þegar í stað að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga úr gjöldum eða auka tekjur, svo að greiðsla yfirdráttarskuldarinnar verði möguleg. Að fresta slíkum ráðstöfunum er að sjálfsögðu misnotkun á yfirdráttarheimildinni.

Hið sama á sér stað um þjóð, sem á sér engan gjaldeyrisvarasjóð, en jafna þarf sveiflur í greiðslum við önnur lönd. Heimild til yfirdráttar erlendis kemur þá að hliðstæðu gagni og eign gjaldeyrisforða eða gjaldeyrisvarasjóðs. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda á í rauninni ekkert skylt við erlenda lántöku til framkvæmda eða lántöku til þess að jafna greiðsluhalla. Þótt skuld myndist á slíkum yfirdráttarreikningi, hlýtur hún að jafnast aftur af venjulegum gjaldeyristekjum, ef þjóðarbúskapurinn er í jafnvægi. Ef hins vegar varanleg breyting er að verða á viðskiptakjörum þjóðarinnar, þannig að yfirdráttarskuldin stendur lengur en venjulegt og eðlilegt hefur verið talið, ber það auðvitað vott um, að gera þurfi ráðstafanir innanlands til þess að vega upp á móti hinum versnandi viðskiptakjörum.

Sama máli gegnir, ef misvægi er að skapast innanlands á milli þjóðarframleiðslu og framkvæmdalána annars vegar og neyzlu og fjárfestingar hins vegar. Séu slíkar ráðstafanir gerðar nógu tímanlega, er auðvitað hægt að jafna yfirdráttarskuldina. Að halda því fram, að slík yfirdráttarlán hafi ávallt tilhneigingu til þess að festast og verða að föstum lánum, er í raun og veru hið sama og að halda því fram, að ógerningur sé að halda þjóðarbúskapnum í jafnvægi til lengdar, að það sé eins konar náttúrulögmál, að þjóðin hljóti að eyða meira en hún aflar. Með alveg sama rétti mætti segja, að engum banka og engri lánastofnun væri óhætt að veita fyrirtæki yfirdráttarlán, af því að öruggt sé, að það muni misnota yfirdráttarheimildina og festa féð í framleiðslutækjum.

Ríkisstj. hefur tekizt að tryggja þjóðinni allt að 20 millj. dollara yfirdráttarheimildir erlendis hjá Evrópusjóðnum og alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hv. stjórnarandstæðingar tala eins og hér sé um mesta glannaskap að ræða og jafnvel eins og hér standi fyrir dyrum að taka slíkt lán erlendis og kaupa fyrir það vörur. Þetta er auðvitað hinn herfilegasti misskilningur. Ef vel ætti að vera, þyrfti þjóðin að eiga allt að 20 millj. dollara gjaldeyrisforða eða gjaldeyrisvarasjóð. Það mundi vera mikil trygging fyrir því, að innflutningur til landsins gæti jafnan orðið snurðulaus, að ekki yrði hér tímabundinn hráefnisskortur eða neyzluvöruskortur með þeim óhagstæðu áhrifum á framleiðsluafköst og verðlag, sem slíkt hlýtur að hafa í för með sér. Slíkt gæti gert það kleift, að þjóðin keypti innflutningsvörur sínar á þeim tímum, sem hagkvæmast þætti, og seldi útflutningsvörur sínar, þegar verð er hagstæðast.

En fyrst þjóðin á engan slíkan gjaldeyrisvarasjóð, er það henni að sjálfsögðu ómetanlegt hagræði að eiga aðgang að samsvarandi yfirdrætti erlendis. Notkun hans mundi ávallt vera tímabundin, og kostnaður við hagnýtingu fjárins er svo lítill, að samningar þeir, sem hér er um að ræða, verða að teljast mjög hagkvæmir. Það er auðvitað hrein fjarstæða að halda því fram, að þessar yfirdráttarheimildir muni verða að föstum lánum, sem auka muni greiðslubyrðar þjóðarinnar. Með sama rétti mætti segja, að Íslendingum geti ekki reynzt mögulegt að halda jafnvægi í þjóðarbúskap sínum og takmarka eyðslu sína við það, sem þeir afla. Og ef slíkar yfirdráttarheimildir hlytu að verða að föstum lánum, mætti eins segja, að Íslendingum væri um aldur og ævi ókleift að eiga gjaldeyrisvarasjóð. Því skyldu Íslendingar einir allra þjóða vera því marki brenndir að geta ekki haldizt á gjaldeyrisvarasjóði? Og ef þeir treysta sér til þess að láta sér haldast á gjaldeyrisvarasjóði, þá er þeim nákvæmlega jafnkleift að koma í veg fyrir, að yfirdráttarheimildir verði að föstu láni.

Þá ætla ég að víkja að því, að hv. þm., Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, hafa nefnt

tölur, sem eiga að sýna, hverjar séu álögurnar á þjóðina í heild í sambandi við hinar fyrirhuguðu efnahagsmálaráðstafanir. Hugsanagangurinn, sem liggur að baki þessum tölum, virðist vera svipaður, og útkoman úr dæminu er, þegar öllu er á botninn hvolft, svipuð hjá báðum, að álögurnar á þjóðina séu um 1200—1300 millj. kr.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefur nefnt sem heimild áætlunina frá Hagstofu Íslands um það, hversu mikið veltan í þjóðarbúskapnum muni aukast vegna þessara ráðstafana. Þegar nauðsynlegar leiðréttingar hafa verið gerðar, er niðurstaðan sú, að heildarverðmæti veltunnar aukist um um það bil 1000 millj. kr. Viðbótin virðist vera vegna fyrirhugaðrar vaxtahækkunar. Að því er hana snertir er þess að geta, að ekki er gert ráð fyrir því, að hækkun útlánsvaxta hafi áhrif á verðlagið. Þess er og að geta, að innlánsvextir hækka í sama mæli, og er því um nokkurn veginn jafnmikla tekjuaukningu að ræða í þjóðarbúskapnum vegna hækkunar innlánsvaxta og útgjaldaaukningunni nemur vegna hækkunar útlánsvaxtanna.

En er það rétt, að sú aukning, sem verður á veltu í þjóðarbúskapnum vegna efnahagsráðstafananna, sé í raun og veru byrðar eða álögur á þjóðina? Hvílík fjarstæða slík staðhæfing er, sést þegar með því að bera þessa tölu hv. stjórnarandstæðinga um álögur saman við heildartekjur þjóðarinnar, en þeir telja álögurnar nema sem svarar ⅛ — hvorki meira né minna en ⅛ — af heildartekjum þjóðarinnar, þar eð áætla má þær um 5000 millj. kr. Dettur nokkrum manni í hug, að hér sé um það að ræða að takmarka heildarútgjöld þjóðarinnar um ⅛? Þegar af þessu hlýtur það að teljast augljóst, að eitthvað meira en lítið er bogið við þessa útreikninga hv. þingmanna.

Það, sem hér er á ferðinni, er alger hugtakaruglingur, sem ég er alveg viss um að báðir hv. þm. gera sér öldungis ljósan, þótt þeir láti sér sæma að viðhafa þennan málflutning í áróðursskyni.

Í eðli sínu er gengisbreyting alls engin byrði fyrir þjóðina í heild, ekki frekar en innheimta yfirfærslu- og innflutningsgjalda til greiðslu útflutningsbóta er nokkur byrði fyrir þjóðina í heild. Í báðum tilfellunum er um að ræða endurskiptingu á þjóðartekjunum, flutning á tekjum frá einni atvinnugrein til annarrar eða einni þjóðfélagsstétt til annarrar.

Þegar stjórn Hermanns Jónassonar hækkaði yfirfærslu- og innflutningsgjöld til þess að geta aukið útflutningsbætur, var báðum þessum þm. algerlega ljóst, að þar var ekki um neinar álögur á þjóðina í heild að ræða, heldur tilflutning á tekjum innan þjóðarbúskaparins. En gengisbreyting hefur í eðli sínu alveg nákvæmlega sams konar áhrif og hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda ásamt tilsvarandi hækkun bóta. Áhrif gengisbreytingarinnar eru aðeins almennari og sjálfvirkari. Gengisbreyting og aukning útflutningsbóta og innflutnings- og yfirfærslugjalda flytur tekjur til útflutningsframleiðslunnar og þeirra, sem við hana starfa, frá öðrum þáttum þjóðarbúskaparins. Hver einasta króna, sem þeir greiða, sem starfa ekki við útflutningsframleiðsluna, fer til þeirra, sem þar starfa. Ef menn vilja taka svo til orða, að álögur séu lagðar á þá, sem eru ekki í neinum tengslum við útflutningsframleiðsluna, má ekki gleyma að tala um tekjuauka hinna, sem tengdir eru útflutningsframleiðslunni á einn eða annan hátt, því að hann er nákvæmlega jafnmikill. Allt tal um álögur á þjóðina er því fjarstæða og blekking. Hitt er svo annað mál, að gengislækkun getur verið tæki til þess að eyða eða koma í veg fyrir greiðsluhalla við útlönd. Þá hefur gengislækkunin í för með sér byrði fyrir þjóðarheildina, er því svarar, sem nauðsynlegt er til þess að jafna greiðsluhallann. Í raun og veru er hér þó villandi að tala um gengislækkunina sjálfa sem undirrót byrðarinnar. Átakið, sem nauðsynlegt er til þess að jafna greiðsluhallann, kostar fórn. Það er það, sem er byrði.

Það er hægt að jafna greiðsluhallann með öðru móti en hreinni gengislækkun. T. d. er hægt að gera það með þeirri aðferð, sem ráðh. Framsfl. stungu upp á í ríkisstj. vorið 1958. Byrðin eða álögurnar, sem slíkt hefur í för með sér, eru í sjálfu sér ekki afleiðing yfirfærslugjaldanna eða útflutningsbótanna, heldur þess, að ráðstöfun er gerð til þess að jafna hallann. Meðan hallinn helzt, notar þjóðin meira en hún aflar. Það kostar auðvitað byrði eða álögur að hætta því. Það skiptir ekki meginmáli í þessu sambandi, hvort það er gert með gengislækkun eða aukningu útflutningsbóta og innflutningsgjalda. Þar er aðeins um leiðir að ræða til þess að jafna hallann. Byrðin eða álögurnar eru nákvæmlega jafnmiklar, hvor leiðin sem farin er. Upphæð álagnanna eða þyngd byrðarinnar ákveðst af því, hversu mikill greiðsluhallinn var, en ekki af hinu, hvaða leið er farin til þess að jafna hann.

Hallinn á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd hefur undanfarin ár numið um 200 millj. kr. á ári að meðaltali. Þjóðin hefur m. ö. o. notað um 200 millj. kr. meira en hún hefur staðið undir með eigin framleiðslu. Auk þess má gera ráð fyrir, að gjaldeyristekjur af Keflavíkurflugvelli lækki talsvert. Á hinn bóginn er búizt við, að eftir að þessar ráðstafanir eru komnar til framkvæmda, eigi Ísland aftur kost á heilbrigðum framkvæmdalánum, og er eflaust óhætt að áætla þau ekki minna en tekjurýrnunin verður af Keflavíkurflugvelli eða jafnvel heldur meiri.

Sá nettóhalli gagnvart útlöndum, sem fyrirhuguðum ráðstöfunum er ætlað að jafna, nemur því einhvers staðar á milli 150 og 200 millj. kr., miðað við gamla gengið. Það er sú raunverulega byrði, sem þjóðin í heild tekur á sig í sambandi við þessar ráðstafanir, en hún nemur 3—4% af þjóðartekjunum, ef þær eru áætlaðar um 5000 millj. kr. Sú veltuaukning, sem verður í þjóðarbúskapnum umfram þetta, er allt saman tekjutilfærsla milli einstakra aðila í þjóðfélaginu og breyting á gjöldum og tekjum sömu aðila.

Í sambandi við þessa tekjutilfærslu í þjóðfélaginu verður og að sjálfsögðu að hafa í

huga þær miklu breytingar, sem verða á almannatryggingalöggjöfinni og skattalöggjöfinni. Engum dettur væntanlega í hug, að skattar þeir, sem lagðir eru á til þess að standa undir auknum útgjöldum almannatrygginga, séu byrði á þjóðina eða þeir skattar, sem innheimta verður til þess að geta létt af tekjuskatti. En álíka fjarstæða er það auðvitað að telja þá veltuaukningu eða tekjutilfærslu, sem siglir í kjölfar gengisbreytingar, byrði á þjóðina, að því frátöldu, sem nauðsynlegt er til þess að jafna greiðsluhallann við útlönd, en það er byrði, sem þjóðin hefði orðið að bera í öllum tilfellum.

Hallabúskapurinn verður að hætta. Við fáum ekki lán til þess að jafna slíkan halla áfram. Ef við viljum hvorki breyta genginu né framfylgja tillögum ráðh. Framsfl. frá því í maí 1958, verður hér gífurlegur gjaldeyrisskortur, vöruskortur, stöðvun á margs konar framleiðslu, bæði útflutningsframleiðslu og innlendum iðnaði, og byrðin leggst á þjóðina sem vöruskortur og hækkandi verðlag.

Það, sem um er því að ræða nú fyrir íslenzku þjóðina, er ekki annars vegar að halda áfram að reka þjóðarbúið með halla og jafna hallann með erlendum lántökum og hins vegar að gera þær ráðstafanir, sem ríkisstj. leggur nú til, að gerðar verði, eða aðrar, sem í raun og veru jafngilda þeim. Fyrri leiðin er algerlega lokuð. Það, sem þjóðin á nú um að velja, er annars vegar að gera þær ráðstafanir, sem hér eru til umræðu, og hins vegar að reyna að jafna hallann við útlönd með höftum, þ. e. a. s. að láta þá kjaraskerðingu, sem því er samfara að jafna hallann, gerast með því að beita hér harðvítugri höftum en áður hafa þekkzt í sögu íslenzku þjóðarinnar á öllum sviðum atvinnu- og viðskiptalífsins og taka upp stranga skömmtun á þeim sviðum, þar sem talið væri að skipulagslaus vöruskortur mundi hafa alveg óþolandi afleiðingar.

Ef við nú gerðum tilraun til þess að jafna hallann gagnvart útlöndum með stórkostlegri skömmtun og víðtæku haftakerfi og öllu, sem slíku fylgir, værum við eina þjóðin í Vestur-Evrópu og þótt víðar væri leitað, sem gripi til slíkra ráðstafana. Þá fylgdu menn allt annarri stefnu í efnahagsmálum en allar nágrannaþjóðir okkar, hvort sem þeim er stjórnað af vinstri sinnuðum eða hægri sinnuðum flokkum. Það er áreiðanlega engin tilviljun, að engin nágrannaþjóðanna fylgir nú slíkri stefnu. Hún getur verið nauðsynleg og er nauðsynleg á stríðstímum og krepputímum, en hún er ekki aðeins ónauðsynleg, heldur beinlínis skaðleg á venjulegum tímum.

Það, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt um 1000 millj. kr. álögur á þjóðina í sambandi við þessar ráðstafanir, er því blekking. Það er að vísu um álögur eða byrði að ræða, en hún er ekki nema brot þessarar upphæðar og er ekki afleiðing gengislækkunarinnar í sjálfu sér, heldur hins, að átak er gert til þess að losna við greiðsluhallann gagnvart útlöndum og samræma heildareyðslu þjóðarinnar þeim tekjum, sem hún hefur af framleiðslu sinni, og þeim framkvæmdalánum, sem eðlilegt er og heilbrigt er að hún taki erlendis.

Þá langar mig til þess að víkja nokkuð að þeim ummælum hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að með þessum ráðstöfunum sé kaup íslenzkra verkamanna skert svo stórkostlega, að það verði ekki nema sem svarar helmingi þess, sem bandarísk löggjöf tryggir hinum umkomulausustu þar í landi sem lágmarkstekjur.

Lögmæltar lágmarkstekjur í Bandaríkjunum munu vera einn dollar á klukkustund, sem svarar til 38 kr. eftir nýja genginu. En þar eð kaup Dagsbrúnarmanna í lægsta flokki er nú kr. 20.67, telur hv. þm., að Dagsbrúnarmaður sé aðeins hálfdrættingur á við þann, sem hefur lágmarkskaup í Bandaríkjunum. Hvílík reginfjarstæða slíkir útreikningar eða slíkur samanburður er, sést þegar af því, að hv. þm. gerir ráð fyrir, að við gengisbreytinguna hækki kaup bandarískra verkamanna gífurlega í hlutfalli við íslenzka verkamanninn. Hann hefur fjölyrt um, að með þessum ráðstöfunum sé gengi erlends gjaldeyris hækkað um 133%. Það jafngildir því, að lágmarkskaupið í Bandaríkjunum, sem hann áður taldi svara til 16 króna, — og það mun vera nokkru lægra en lægsta Dagsbrúnarkaup, — hækkaði við gengisbreytinguna í 38 krónur og er þar með orðið næstum tvöfalt á við Dagsbrúnarkaupið.

Auðvitað þarf engum orðum að því að eyða, að gengisbreyting á Íslandi hefur engin áhrif á kaup eða kjör verkamanns í Bandaríkjunum, hvorki hækkar það né lækkar. Engum dettur væntanlega í hug, að hægt sé að mæla áhrifin á kaup Dagsbrúnarverkamannsins með hlutfallslegri hækkun á gengi dollarsins eða hlutfallslegri lækkun á gengi krónunnar. Allur þessi samanburður er því algerlega út í hött.

Það, sem máli skiptir, er samanburður á kaupmætti launa hins bandaríska verkamanns og hins íslenzka verkamanns. Í því sambandi er auðvitað alls ekki nóg að benda á það, að lágmarkskaup bandarísks verkamanns sé 38 kr. á klukkustund, en íslenzka verkamannsins kr. 20.67, eða rúmlega helmingur, en þegja alveg um það verðlag, sem hvor aðili um sig á við að búa.

Ég skal nefna nokkur dæmi um það verðlag, sem bandarískur verkamaður og íslenzkur verkamaður eiga við að búa. Kindakjöt, nýtt læri, kostar hér kr. 24.20, en í Bandaríkjunum kr. 58,50, miðað við nýja gengið, þ. e. meira en tvöfalt meira. Kíló af ýsuflökum kostar hér kr. 7.08, en í Bandaríkjunum 41 kr., eða meira en fimm sinnum meira. Nýmjólk í hyrnum kostar hér kr. 3.35 lítrinn, en í Bandaríkjunum kr. 8.70 lítrinn eða næstum þrisvar sinnum meira. Kaffi kostar hér kr. 34.50 kg, en í Bandaríkjunum 67 kr. kg, eða næstum helmingi meira, allt miðað við nýja gengið. Molasykur kostar hér kr. 6.24 kg, en í Bandaríkjunum kostar hann kr. 10.20 kg, og þannig mætti lengi telja.

Ég nefni þessi dæmi aðeins til að sýna fram á, hversu fjarstæðukenndur málflutningur hv. 3. þm. Reykv. um samanburð á kaupgjaldi einu er í raun og veru.

Hinu er svo alls ekki að leyna, að ef rétt er

skoðað, er kaupmáttur tímakaups bandarísks verkamanns meiri en íslenzks verkamanns — og raunar ekki aðeins íslenzka verkamannsins, heldur allra verkamanna í Evrópu, að ég nú ekki tali um, hversu miklu meiri hann er en kaupmáttur verkamanns í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu yfirleitt.

Í framhaldi af þessu er ástæða til að gera nokkurn samanburð á kjörum verkamanna hér á Íslandi og í Danmörku og Noregi, en það er viðurkennt, að lífskjör í þessum löndum eru ekki aðeins með því bezta, sem gerist í heiminum, heldur eru lífskjör þar einnig með því jafnasta, sem þekkist.

Samkvæmt dönskum hagskýrslum var meðaltímakaup ófaglærðra karlmanna í Danmörku allri kr. 5.08 danskar á klukkustund á öðrum ársfjórðungi 1959. Miðað við nýja gengið jafngildir þetta kr. 27.94 íslenzkum. Á sama tíma var meðaltímakaup karla í Noregi við ýmsar framkvæmdir, aðrar en byggingar, kr. 4.74 norskar eða kr. 25.19 íslenzkar, miðað við nýja gengið, en í þessu meðaltali er reiknað með tímakaupi ýmissa iðnaðarmanna, svo sem trésmiða. Tímakaup Dagsbrúnarmanns í lægsta flokki er nú kr. 20.67. Þessi tala er að því leyti ekki sambærileg við ofannefndu tölurnar í Danmörku og Noregi, að þær tölur eru meðaltal, en fyrrnefnt Dagsbrúnarkaup er lægsta kaup, sem greitt er á Íslandi.

Meðalkaup Dagsbrúnarmanna er áreiðanlega talsvert hærra en kr. 20.67, jafnvel þó að ekki sé tekið tillit til neinnar eftirvinnu, sem skiptir ekki máli í þessu sambandi. Það er því óhætt að fullyrða, að þessar tölur benda ekki til þess, að um verulegan mun sé að ræða á tímakaupi verkamanna í Danmörku, Noregi og á Íslandi. Við þetta má svo bæta því, að vinnutími er lengri á Íslandi en í Danmörku og Noregi, 48 stundir í stað 45 stunda, en eftirvinna tíðkast lítið í Danmörku og Noregi. Ef gerður er samanburður á tekjum og miðað við 45 stunda vinnuviku í Danmörku og Noregi, en 48 stunda vinnuviku hér, að viðbættum 6 eftirvinnutímum, sem hér mun vera algeng regla, verður niðurstaðan, miðað við fyrrnefnda tímakaupið, lágmarkskaupið á Íslandi, sú, að vikulaun á Íslandi verða 1191 kr., í Danmörku 1257 kr., en í Noregi 1134 kr., þannig að vikulaun íslenzka verkamannsins eru um það bil miðja vegu milli hins norska og danska.

Í þessum samanburði er þó hallað á íslenzka verkamanninn að því leyti, að miðað er við tímakaup í lægsta flokki, en í Danmörku við meðalkaup og í Noregi einnig við kaup ýmissa annarra en verkamanna, þ. e. iðnaðarmanna, en á hinn bóginn er hér reiknað með lengri vinnutíma en tíðkast í hinum löndunum.

Þar við bætist, að fjölskyldubætur verða verulega hærri á Íslandi en í Danmörku og Noregi eftir þær ráðstafanir, sem nú verða væntanlega gerðar.

Þessar upplýsingar sýna, að allt tal um, að þessar ráðstafanir leiði í ljós, að kjör íslenzkra verkamanna séu miklu lakari en kjör stéttarbræðra þeirra í nálægum löndum, er algerlega úr lausu lofti gripið. Hitt er annað mál, að nauðsynlegt er að losna sem fyrst við það ástand, að hér sé unnin yfirvinna. Lífskjör íslenzkra verkamanna eiga ekki að þurfa að versna, þótt vinnutíminn styttist, heldur eiga þvert á móti að geta haldið áfram að batna, ef betra skipulag kemst á þjóðarbúskapinn, aukinni verktækni og verkmenningu er beitt og fyllsta áherzla lögð á sem fullkomnast og bezt skipulag í atvinnurekstrinum.

Skipulag og verktækni í ýmsum greinum íslenzks sjávarútvegs er til mikillar fyrirmyndar og meira og betra en tíðkast með öðrum þjóðum. Á ýmsum öðrum sviðum þjóðarbúskaparins skortir hins vegar mjög á, að skipulag og verktækni sé nægilega fullkomin, og á það áreiðanlega ekki hvað sízt við fjárfestingarframkvæmdirnar, sem þjóðin ver nú næstum þriðjungi tekna sinna til. Með bættu skipulagi á því sviði mætti án efa tryggja jafnmikla raunverulega fjárfestingu með miklu minni tilkostnaði, þannig að tekjurnar, sem við það spöruðust, gætu gengið annaðhvort til aukinnar neyzlu eða til þess að stytta vinnutíma þjóðarinnar.

Þá langar mig að síðustu að fara nokkrum orðum um það atriði, sem einkum hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það virðist vera einn höfuðtilgangur þessara ráðstafana að innlima Ísland í efnahagskerfi Vestur-Evrópuríkjanna og torvelda þar með viðskipti Íslendinga við ríkin í Austur-Evrópu eða jafnvel koma þeim alveg fyrir kattarnef. Hefur hv. 3. þm. Reykv. haft um þetta ýmis sterk orð, talið þetta jafngilda tilræði við efnahagslegt sjálfstæði Íslands og kveðið þessar ráðstafanir jafngilda því, að Íslendingar séu að lúta erlendri nýlendustefnu.

Það er grundvallarmisskilningur á eðli þessara ráðstafana, að með þeim sé efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga skert. Þær eru þvert á móti stórt spor í áttina til aukins efnahagslegs sjálfstæðis íslenzku þjóðarinnar.

Eitt hið hættulegasta við það ástand, sem nú er einmitt tilætlunin að breyta, er, að nú er atvinnulíf Íslendinga og þar með afkoma þjóðarinnar háð árlegum erlendum lántökum og meiri lántökum en ganga til þjóðhagslega arðbærra framkvæmda. Meðan slíkt ástand varir, má með sanni segja, að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé í nokkurri hættu. Með því að þjóðin verði óháð öðrum erlendum lántökum en þeim, sem skila henni arði, bæði í íslenzkum krónum og erlendum gjaldeyri, er stigið stórt spor til þess að varðveita og efla íslenzkt fjárhagssjálfstæði.

Hvað það snertir, að með þessum ráðstöfunum sé verið að tengja efnahagslíf Íslands þeim viðskiptaheildum, sem ýmist hafa verið myndaðar eða er verið að mynda í Vestur-Evrópu, þá er það einnig misskilningur. Íslenzka þjóðin tekur ein og án afskipta annarra ákvarðanir um ráðstafanir í efnahagsmálum sínum. Hún mun líka ein og án afskipta annarra taka ákvörðun um það, hvort eða hvenær hún gerist aðili að einhvers konar viðskiptasamtökum í Vestur-Evrópu. En aðstaða hennar til þess að taka slíka ákvörðun eins og frjáls og sjálf-

stæð þjóð versnar ekki, heldur batnar við þessar ráðstafanir. Eins og efnahagsmálum þjóðarinnar hefur verið háttað undanfarin ár, má öllum vera augljóst, að aðild að viðskiptasamtökum, sem grundvallast á sem haftaminnstum viðskiptum og afnámi tolla smám saman, hefði verið miklum erfiðleikum bundin fyrir Íslendinga, ef ekki beinlínis óhugsandi. Ef þjóðinni tekst hins vegar að koma efnahagsmálum sínum í það horf, sem ráð er fyrir gert í till. ríkisstj., standa Íslendingar miklu betur að vígi til þess að gera það, sem þeim sýnist helzt, annaðhvort að gerast aðilar að slíku samstarfi eða standa utan við það. Eins og nú er, eiga Íslendingar í rauninni aðeins einn kost, að standa utan við. Að þessum ráðstöfunum framkvæmdum, eiga Íslendingar tvo kosti, að gerast aðilar eða standa utan við. Frelsi þeirra til að taka óháða ákvörðun hefur því ekki minnkað heldur aukizt.

Þá hefur hv. 3. þm. Reykv. staðhæft eða látið liggja að því, að þegar öllu sé á botninn hvolft, muni þessum ráðstöfunum líklega stefnt að því að torvelda viðskiptin við Austur-Evrópuríkin, af því að þau séu auðvaldsöflum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum lítt þóknanleg. Þessi staðhæfing er alvarlegust, og þegar hún er sett fram af manni í stöðu Einars Olgeirssonar, þ. e. formanni eins þingflokksins, er sjálfsagt að gera henni skil og leiðrétta þann misskilning, sem hún grundvallast á.

Það er skoðun mín, að Íslendingar eigi að leggja áherzlu á að viðhalda viðskiptum sínum við ríkin í Austur-Evrópu. Í þessum löndum hafa Íslendingar öðlazt mikilvæga markaði fyrir útflutningsvörur sínar, sem þeir eiga að varðveita og kosta kapps um að auka, en láta ekki dragast saman. Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að viðhalda höftum í innflutningsverzlun þjóðarinnar, til þess að hægt sé að kaupa frá þessum löndum þær vörur, sem hagkvæmast er að kaupa í skiptum fyrir útflutninginn þangað, á að gera það. Það er að vísu skoðun mín, að ýmislegt megi endurbæta í sjálfum viðskiptasamningunum við þessi lönd og í framkvæmd þeirra. Slíkt er samningsatriði milli okkar og þessara viðskiptaþjóða okkar, og skoðun mín er, að það mundi treysta grundvöll viðskiptanna og auka þau.

Í öllum þessum áætlunum, sem liggja til grundvallar till. ríkisstjórnarinnar, er gert ráð fyrir því, að viðskiptin við ríkin í Austur-Evrópu haldist í því horfi, sem nú er. Fyrirhugaðar ráðstafanir í innflutningsmálum eru einmitt við það miðaðar að greiða fyrir innflutningi frá Austur-Evrópulöndum að því marki, sem nauðsynlegt er, til þess að við höldum útflutningsmöguleikum okkar þangað óskertum.

Af þessu má það vera augljóst, að það er ekki að neinu leyti markmið þessara ráðstafana að torvelda viðskipti Íslendinga við þjóðirnar í Austur-Evrópu. Þær eru þvert á móti við það miðaðar að halda þeim í því horfi, sem nú er. Þjóðinni er nauðsynlegt að eiga útflutningsmarkaði sem allra víðast. Það veitir okkur öryggi í utanríkisviðskiptum okkar. Slíkt öryggi er mikils virði fyrir afkomu þjóðarinnar og viðgang atvinnuveganna í landinu. Þess vegna á það að vera sjálfsögð stefna sérhverrar ríkisstjórnar á Íslandi að leggja rækt við alla þá markaði, sem okkur hefur tekizt að afla okkur, að efla og bæta öll þau viðskiptasambönd, sem við höfum, og láta aldrei niður falla viðleitnina til þess að afla nýrra.

Björn Pálsson: Herra forseti. Brtt. sú, sem ég flyt við 1. gr. frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, er þess efnis, að gengi íslenzkrar krónu verði miðað við, að dollar jafngildi 30 kr. í stað 38.

Í umræðum og grg. hefur komið fram, að hin fyrirhugaða gengisskráning á að miðast við þarfir bátaútvegsins. Ég efast ekki um, að starfsmenn ríkisstj. hafa margfaldað rétt þær tölur, sem þeir settu í reikningsvélarnar. Hitt er ég jafnviss um, að ekki bar nauðsyn til að setja þær tölur í vélarnar og þess gerist ekki þörf að lækka gengi íslenzkrar krónu jafnmikið og gert er ráð fyrir.

Þegar öll þau hlunnindi, sem bátaútvegurinn hefur notið, eru lögð saman, er talið, að það jafngildi 94.5% útflutningsuppbótum. Eru þá tryggingagjöld þau, sem útflutningssjóður hefur greitt vegna bátanna, talin með. Ég ætlast til, að ríkið greiði þau, a. m. k. þar til séð verður, hvort hið vaxandi aflamagn bátanna verður varanlegt eða ekki. Sé ekki tekið tillit til tryggingagjaldanna, hafa yfirfærslubætur bátanna verið rúm 80%. Þessi liður minnkar því þörfina að lækka íslenzka krónu jafnmikið og gert er ráð fyrir.

Þegar prósentur eru reiknaðar af vörum, er ekki sama, hvort þær eru reiknaðar af vörunni, eftir að lögð hefur verið á hana smásöluálagning eða áður. 10% af kr. 1.30 eru 13 aurar, en 10% af einni krónu eru 10 aurar. Þannig er þetta með skipin, sem á að fara að kaupa. Það er reiknað út, hve hátt fiskverðið þurfi að vera til afskrifta og vaxtagreiðslu af fiskiskipum, sem keypt eru samkv. hinu fyrirhugaða gengi. 75 tonna bátur ásamt veiðarfærum kostar með gengi 38 kr. dollarinn ca. 4.6 millj. kr., en með gengi 30 kr. dollarinn ca. 3.6 millj. Vexti og afskriftir af einni millj. má vafalaust reikna yfir 100 þús. kr. árleg útgjöld fyrir bátinn. Afskriftir og vextir af öllum fiskiskipum landsmanna á að miða við nýju skipin, sem hækkuð eru í verði með gengislækkuninni. Bátur, sem var keyptur og greiddur 1957, 75 tonn að stærð, kostaði með veiðarfærum í kringum 2 millj. kr., eftir fyrirhugaða gengisbreytingu 4.6 millj. Svo á sá, sem á eldri bátinn, að fá jafnmargar krónur til vaxtagreiðslu og afborgana og hinn, sem keypti dýra bátinn. Hver borgar þennan mismun? Ekki sá, sem keypti dýra bátinn, ekki sá, sem keypti ódýra bátinn, því að hann græðir 1—2 millj. á fyrirhyggjulausri fjármálastjórn. Nei, þeir borga, sem eiga engan bát, íslenzkir launamenn, sem verða að sætta sig við minnkandi verðgildi þeirra peninga, sem greiddir eru í vinnulaun.

Dýrtíðarspólan vefur upp á sig. Sé gengið 30 kr. á móti dollar, þarf ekki að taka tillit til skipa þeirra, sem verið er að kaupa nú,

þegar áætlað er, hvað fiskverðið þurfi að vera, til þess að bátaútvegurinn beri sig, því að hin nýju skip munu að ýmsu leyti vera betur útbúin en eldri skipin.

Þriðja atriðið, sem veldur breyttri útkomu, er, að ég ætlast ekki til, að halli útflutningssjóðs verði greiddur af fiskverði bátanna. Hvernig á að greiða hann? mun verða spurt. Því vil ég svara þannig, að það er óvíst, hve mikill sá halli verður. Sé gengisskráningin 30 kr. á móti dollar, er um litla hækkun að ræða á vöruverði. Það væri þá lítil ástæða til að hækka almannatryggingar að mun, a. m. k. ekki í bili. Enn fremur gerðist þess minni þörf að greiða niður kornvörur og sykur. Fleiri útgjaldaliðir mundu lækka, ef um litla gengisbreytingu væri að ræða, tapið á erlendu lánunum mundi verða miklu minna, og sé gert ráð fyrir, að Seðlabankinn greiði þann halla, þá gæti hann alveg eins tekið á sig halla vegna útflutningssjóðs. Ríkissjóður græðir ekki á óþarflega mikilli gengislækkun, slíkar ráðstafanir éta sig upp og meira en það. Í fáum orðum sagt, ríkissjóður getur greitt halla útflutningssjóðs og framlag til bátatrygginga með því að lækka áætlað framlag til tryggingamála, lækka eða fella niður fyrirhugaða niðurgreiðslu á kornvöru og sykri, lækka beina skatta minna en gert er ráð fyrir. Þörfin fyrir þær ráðstafanir er líka hverfandi lítil, ef horfið er frá hinni miklu gengislækkun.

Málið er í sjálfu sér auðskilið. Ég segi: við skulum hafa 30 kr. á dollar, það jafngildir 85% útflutningsuppbótum. Það eru heldur betri kjör fyrir bátana en verið hafa, ef tryggingar eru greiddar fyrir þá. Frystihúsin hafa haft hagkvæman rekstur hin síðari ár. Greiðslur til þeirra fyrir seldan fisk munu koma fyrr en verið hefur, meðan útflutningssjóður starfaði. Þau ættu því að geta greitt hærra verð. Veiðarfæri og olía hækka um 20%. Eitthvað af þeirri hækkun gætu frystihúsin tekið á sig. Rekstur bátanna ætti því ekki að verða að mun óhagstæðari en undanfarin ár. Þess ber og að gæta, að afli báta er meiri en verið hefur. Er ástæða til að ætla, að stækkun landhelginnar valdi þar mestu um og ekki sé um stundarfyrirbrigði að ræða. Reynist þetta svo, gerbreytir það aðstöðu sjómanna, bátaeigenda og fiskvinnslustöðva. Það gæti m. a. valdið því, að bátaeigendur gætu greitt tryggingagjöld af bátum sínum í framtíðinni án hækkaðs fiskverðs. Hins vegar er full ástæða til að taka vátryggingakerfi bátanna allt til endurskoðunar og athuga, hvort eigi mætti finna leiðir til að gera það ódýrara og hagkvæmara. Ríkisstjórnin telur tryggingagjöld báta til útflutningsuppbóta. Um það má deila. Hitt er víst, að á þeim lið er ekki haft rangt við. Það er því betra að greiða tryggingagjöldin í bili en greiða niður sykur og kornvörur, sem notaðar væru að einhverju leyti til skepnufóðurs. Gert er ráð fyrir 40 aura hækkun á fiskverði, sé miðað við 38 kr. á dollar. Af því verða teknir 12 aurar til að greiða halla útflutningssjóðs, a. m. k. í eitt ár. Veiðarfæri og kaupverð skipa verður 27% hærra en sé miðað við 30 kr. á dollar. Það eitt mun éta upp verðmismuninn hjá þeim skipum, sem verið er að kaupa. Almenn kauphækkunaralda mun fara um landið, sem veldur því, að fiskvinnslustöðvarnar þurfa nokkurn hluta af hækkuninni til sinna þarfa. Nýju skipin mundu því verða verr farin fjárhagslega en ef miðað væri við, að 30 kr. væru í dollar. Eldri skipin mundu aftur á móti græða. Eigendur þeirra mundu græða á kostnað þeirra efnaminni, þeir mundu „verma sitt hræ við annarra eld og eigna sér bráð, sem af hinum var felld".

Ég viðurkenni, að rétt er margfaldað, en það þarf ekki að setja þær tölur í vélarnar, sem gert er, því að vegna bátaútvegsins þarf ekki að lækka gengið nema í 30 kr. dollarinn. Mismunurinn á útkomunni liggur í því, að byrjað er ofan frá, en ég byrja neðan frá. Þeir ákveða, að bátarnir greiði tryggingagjöldin og greiði halla útflutningssjóðs. Þetta veldur því, að samkv. þeirra reikningi þarf að lækka gengið jafnmikið og gert er ráð fyrir. Ég hef bent á aðrar leiðir. Ef gert væri ráð fyrir því, að 48 kr. væru í dollar, og rekstur þeirra skipa, sem nú er verið að kaupa, reiknaður út frá því gengi, mundi rekstur hinna nýkeyptu skipa ekki verða hagkvæmari, af því að hlutur útgerðarinnar fer nær allur í að greiða vexti og afborganir af kaupverði skipsins, veiðarfæri, olíu, beitu og viðgerðir. Allur þessi kostnaður hækkar í krónutali í réttu hlutfalli við lækkandi gengi ísl. krónu. Að elta slíkt er hliðstætt því, þegar hvolpur snýst um sitt eigið skott. Þeir einu, sem græða, eru þeir, sem hafa keypt skipin, þegar íslenzka krónan var verðmeiri, og geta nú greitt vexti og afborganir með verðminni krónum.

Ég er ekki kunnugur togaraútgerð. En á það skal bent, að þrír af ríkustu mönnum landsins hafa rekið togaraútgerð og virðast ætla að gera það framvegis, svo að ekki hefur hún gert þá félausa. Það er og tekið fram í grg. þeirri, sem fylgir frv. því, sem hér liggur fyrir, að allir atvinnuvegir skuli búa við sömu kjör. Það er því ekki réttlætanlegt að lækka gengi íslenzkrar krónu einhliða vegna togaraútgerðarinnar, enda mundi sú lækkun eingöngu koma þeim togurum að gagni, sem þegar hafa verið keyptir og greiddir. Aðstaða bátaútvegsins hefur batnað við útfærslu landhelginnar, en togaranna orðið lakari. Þetta mun valda því, að bátaútvegur mun aukast og togaraútgerð leggjast niður nema í stærstu bæjum, allt samkv. boðorði hæstv. ríkisstjórnar, að engan skuli styrkja, allir eigi að búa við jöfn kjör hvað afurðaverð snertir. Án efa hafa miklar yfirsjónir verið gerðar og eru að gerast í skipakaupum. Það er óverjandi að láta ekki fara fram athugun á því, hvaða stærð og gerð skipa hentar bezt. Frágangur sumra skipa, sem keypt hafa verið, hefur ekki verið svo góður sem æskilegt hefði verið, og má það vafalaust kenna íslenzkum aðilum að einhverju leyti.

Sé miðað við, að gengi íslenzkrar krónu sé samkv. brtt. þeirri, sem ég hef lagt hér fram, mundi hlutur togaranna verða sem svarar 85%

útflutningsuppbótum, sem er 2—3% hærra en verið hefur. Gætu frystihúsin greitt heldur hærra verð vegna góðrar afkomu undanfarin ár, aukins hráefnis og fljótari greiðslu á afurðum, gæti hlutur togaranna orðið svipaður og verið hefur. Vitanlega hafa verðsveiflurnar á heimsmarkaðnum mikil áhrif á síldarafurðir. En ógerlegt er að lækka gengi íslenzkrar krónu óeðlilega mikið, þótt verðlag á mjöli og lýsi sé ekki hagstætt í bili.

En það eru fleiri atriði en þessi, sem koma til greina. Við getum tekið verzlunarfyrirtækin. Þau hafa undanfarin ár búið við rekstrarfjárskort. Svo á að bæta því ofan á að lækka gengi íslenzkrar krónu þannig, að vörurnar, sem þau þurfa að kaupa, munu hækka allt að því um þriðjung. Í viðbót við þetta á að þrengja kosti þeirra, sem þurfa á lánsfé að halda. Hvað haldið þið, að slík fyrirtæki segi um þetta, ef hægt er svo að benda á, að gengið sé lækkað óþarflega mikið? Ég hygg, að þau verði óánægð, sætti sig ekki við slíkar ráðstafanir. Við getum athugað kjör bændanna. Þeir selja mest vörur sínar innanlands. Þeir eru flestir í rekstrarfjárskorti. Svo á að bæta því ofan á að lækka íslenzka krónu um 27% meira en nauðsynlegt er. Spilin eru ekki lögð rétt á borðið, þeim er ekki raðað á réttan hátt. Við getum tekið sparifjáreigendurna. Ætli þeir verði þakklátir hæstv. ríkisstjórn fyrir að taka 27% meira af verðmæti sparifjárins en ástæða er til?

Frsm. meiri hl. nál. var í gær að ræða um það, að verðbólgan væri skaðleg. Hann var að tala um það sem eins konar sárabætur við sparifjáreigendur, að innlánsvextir yrðu hækkaðir. En ég vil spyrja: Eru það ekki beztu sárabæturnar fyrir þá, að verðgildi þeirra eigna, sem þeir hafa trúað þjóðfélaginu fyrir, sé ekki gert minna en ástæða er til og nauðsyn krefur? Og þó að þeir fái 10% vexti í eitt ár, þá er það miklu minna virði fyrir þá heldur en gengi íslenzkrar krónu sé fellt 27% minna en gert er ráð fyrir.

Munurinn á útreikningnum hjá mér og hjá Fiskifélaginu liggur í þremur aðalatriðum, og við getum alveg lagt þetta ljóst niður fyrir okkur. Það er auðvelt að reikna þetta. Það þarf engar vélar til þess. Ef genginu er ekki breytt nema í 30 kr. dollarinn, hvað er það þá, sem hækkar rekstrarkostnað bátaútvegsins? Gerið ykkur þetta bara einfaldlega ljóst. Það er ekkert annað, sem hækkar hjá bátaútveginum, svo framarlega sem hlutaskipti við sjómennina breytast ekki, heldur en veiðarfæri og olía, og af olíunni greiða sjómennirnir helminginn. Þetta hækkar um 20%. Og bátaútvegurinn fær heldur meira fyrir fiskinn en verið hefur, og auk þess er aðstaða hans allt önnur en hún hefur verið, vegna þess að aflabrögðin eru miklu betri. Þau hafa aldrei verið betri en s. l. ár nú yfir lengri tíma. Maður, sem rekur 70—80 tonna bát, fær 2 millj. í sinn hlut með sæmilegri afkomu árið 1959. Verkamaður hér í Reykjavík fær 55—65 þús. kr. í kaup, ef hann fær eftirvinnu og sunnudagavinnu. Er þá rétt, að útgerðarmaðurinn, — við skulum segja, að hann þurfi 400 þús. kr. í olíu og veiðarfæri og viðgerðir, það getur verið meira og getur verið minna eftir því, hvernig gengur, við getum reiknað með, að hann hafi svona 400 þús. í afborganir og vexti, — er rétt, að gengi íslenzkrar krónu sé lækkað 27% meira en þörf er á, til þess að bátseigandinn þurfi ekki nokkurn minnsta halla að bera?

Það, sem er að hjá okkur, er raunar mjög ýkt, því að sannleikurinn er sá, að þegar nýjar stjórnir taka við, þá er allt ómögulegt hjá fyrrv. stjórn. Sannleikurinn er sá, að við höfum alltaf verið að bæta hag okkar, það hafa verið gerðar miklar umbætur og þessir örðugleikar í dag eru bara smámunir, ef við getum komið okkur saman um hlutina, ef flokkar og menn leggjast ekki í fýlu yfir því að vera ekki í stjórn á hverjum tíma, ef menn ganga ekki með einhverja ráðherrasótt, sem gerir allt samstarf ómögulegt innan þingsalanna, og það er fyrst og fremst okkar sök, hvernig hlutirnir ganga, en ekki hins óbreytta sjómanns og verkamanns. Þeir vilja vel. Það eru leiðtogar þessara manna, sem misnota traust þeirra og trúnað til þess að gera óeðlilegar og ósanngjarnar kröfur. Það er ekki von, að vel gangi, þegar einn rífur niður það, sem annar vill byggja upp. Þessi vandamál öll eru auðleyst, ef við vinnum að þeim á heiðarlegan og drengilegan hátt. Það er með öllu óverjandi, að þeir, sem hafa haft bezta aðstöðu í þjóðfélaginu s. l. ár, sem ég vil segja að séu sjómenn og bátaeigendur, taki engar byrðar á sig, en gengi íslenzkrar krónu sé fellt jafngífurlega og gert er ráð fyrir bara til þess að tryggja það, að þeir þurfi engar byrðar að bera. Það eru algerðir smámunir hjá útgerðarmanni, þó að hann taki helming af auknum veiðarfærakostnaði, það mundi e. t. v. vera um 20 þús. kr., ef frystihúsin eða fiskiðjuverin tækju 20, og ef hann ætti hvort tveggja, þá gæti hann tekið hvort tveggja. Það eru algerðir smámunir hjá manni, sem veltir 2 millj. með rekstri eins báts, að taka á sig 20 þús. kr. byrði, miðað við það, sem er fyrir verkamann hér í Reykjavík, sem hefur um 60 þús. kr. árstekjur, að verðgildi peninga hans sé minnkað 27% meira en þörf er á og öll sú vara, sem hann þurfi að kaupa frá öðrum löndum, hækki a. m. k. um þriðjung, ef hún hækkar þá ekki meira með öllum þeim skattaleikaraskap, sem verið er að framkvæma.

Nei, þetta er leikaraskapur. Hvað er réttlætanlegt við það, að halinn á útflutningssjóði sé lagður á fiskverðið í framtíðinni, sem veldur því svo, að bátaútvegurinn þurfi að fá meira verð fyrir fiskinn, sem veldur því, að það verður að fella gengið meira. Þetta er hrein vitleysa. Hvaða ástæða er til þess að skella tryggingunum endilega inn í nú? Það er miklu betra, að ríkið borgi tryggingarnar fyrir bátana og rannsaki rækilega, hvort ekki sé hægt að lækka þær og bátarnir taki þá við þeim á næstu árum, ef þeir eru færir um það, án þess að gengi íslenzkra peninga lækki við það, heldur en fara að borga niður kornvörur og sykur. Og það er miklu betra fyrir alþýðumenn í Reykjavík, að það séu ekki borgaðar niður kornvör-

ur og sykur, en það sé eitthvert verðgildi í peningunum, sem eru afhentir.

Það er sagt um Halldór Snorrason, að hann var hirðmaður hjá Haraldi konungi. Haraldur var hagsýnn maður og ágjarn, og hann lét blanda saman við mála þann, sem hirðmenn hans fengu, óhreinum málmi, þannig að það var svikið silfur, sem þeir fengu. Það er sagt, að þegar Halldóri Snorrasyni var borið kaupið, þá sló hann það niður í hálm. Hann skildi, að það var lítils virði að fá silfrið, þegar meira og minna var af ónýtum, verðlausum málmi saman við það. Íslenzkir alþýðumenn eru e. t. v. ekki svo vitrir sem Halldór Snorrason. En þeir eru svo vitrir, að þeir munu skilja það, að þetta er leikaraskapur einn. Það er kjaraskerðing að gera verðgildi krónunnar minna. Ef dráttartæki stanzar í halla og það er að fara af stað, þá er skynsamlegt að setja stein aftan við hjólið, þó að hann sé ekki mjög stór, hann getur stöðvað dráttartækið. En það er ekki hygginna manna háttur að setja steininn 20 metra aftan við dráttartækið, þegar það er byrjað að renna af stað, því að þá er ferðin orðin svo mikil á því, þegar það kemur að steininum, að það skoppar yfir hann. Ég er algerlega sammála hæstv. ríkisstjórn um, að við þurfum að setja stein aftan við dýrtíðarvagninn, sem ávallt hefur sigið undan brekkunni hjá okkur. En við eigum ekki að gera það á þann hátt að setja hann 20 metrum neðar en vagninn er. Við eigum að setja hann hálfum metra og helzt ekki nema einu feti aftar, því að þá er hægt að stöðva vagninn, öðruvísi ekki. Annars rennur vagninn niður á jafnsléttu og það getur verið fullerfitt fyrir núv. ríkisstj. og e. t. v. þá næstu líka að koma honum þá upp aftur. Það getur kostað óþarflega mikið erfiði.

Það þarf ekki að reikna með verðhækkun þeirra skipa, sem er verið að kaupa, ef gengið er ekki fellt meira en ég legg til. Sá liður fellur þá út.

Það eru þessi þrjú atriði, sem gera fyrst og fremst muninn, skapa börfina fyrir það að fella gengið jafnmikið og nú er talið að þurfi. Og þetta eru allt gerviatriði, sem hægt er að koma fyrir á annan og hagkvæmari hátt.

Ég get sagt ykkur, að þegar maður kemur niður af Auðkúluheiði, þá eru þar þrjár stórar vörður. Síðan ég var drengur, hafa þær alltaf staðið á sama stað. Ég hef undrazt það, hvað vörðurnar stæðu, og ég hef athugað, í hverju þetta lægi. Það liggur í því, að steinunum er rétt raðað, þar er hver steinn á réttum stað, og stærstu steinarnir eru neðst.

Núv. ríkisstj. og við raunar allir getum sagt, að við ætlum að fara að hlaða vörðu, einhvers konar dýrtíðarvörðu. En hvernig færi, ef við létum litlu steinana neðst og stærsta bjargið á toppinn, segðum svo við þann, sem kæmi að skoða vörðuna hjá okkur: Var ég nú ekki duglegur og sterkur að koma bjarginu þarna upp á toppinn á vörðunni? — Jú, það gat skeð, að það væri reginátak. En það þýddi bara það, að varðan hryndi.

Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að þessi fjármálaaðferð að fella gengið óþarflega mikið, gefa eftir skatta, búa til skatta, það er ekkert nema leikaraskapur. Það er ekkert nema leikaraskapur gagnvart íslenzkri alþýðu að gefa henni eftir tekjuskattinn, en leggja á hana söluskatt, sem kemur fram í vöruverði, og hækka vexti. Þetta er ekkert nema gamansemi. Það er hægt að leika þetta. En það er ekki leikaraskapur að fella verðgildi íslenzkra peninga, vegna þess að það er erfitt að auka verðgildi þeirra aftur. Það yrði að skipta algerlega um peninga, með öllum þeim annmörkum og vandræðum, sem því fylgja.

En viðvíkjandi vörðunni, þá er það þetta: Við verðum að láta stærstu steinana neðst, og við verðum að láta hvern stein á réttan stað. Það þurfti mikla æfingu, mikla reynslu til að byggja vörður, þetta var hrein list, ef þær áttu að standa lengi. En það er þetta, sem við verðum að gera í okkar fjármálum. Við verðum að setja stærstu steinana neðst. Við getum svo látið smásteinana efst. En þá verðum við að taka tillit til íslenzkrar alþýðu, en ekki til nokkurra bátaeigenda, húsabraskara eða peningaokrara jafnvel. Það er að setja bjargið á toppinn á vörðunni að taka ekki tillit til hinna fjölmennu stétta.

Ég er sannfærður um, að ef þeir, sem betur eru settir, vilja bera sinn hluta, þá mun íslenzk alþýða taka þær byrðar, sem nauðsynlegar eru til þess að hafa hlutina í lagi. Beztu hjörtun slá undir treyju verkamannsins, en ekki auðkýfingsins og það hefur alltaf sýnt sig, að alþýðan fylgir þeim, sem vill deila við hana kjörum, en ekki þeim, sem vill það ekki. Við getum tekið tvo samferðamenn. Þeir eiga að ganga heilan dag. Annar fer af stað með þrjár eða fjórar brauðsneiðar, hinn fer af stað með hangikjöt, svið og annað góðgæti. Ef sá, sem minna nesti hefur, kemst að því, að sá, sem meira hefur með sér, hefur étið frá honum, þá virðir hann ekki þann samferðamann og óskar ekki hans samfylgdar framar.

Það er þetta, sem er að gerast nú í íslenzku þjóðfélagi. Ég benti á það, að maður, sem er búinn að kaupa bát fyrir 2 millj. árið 1957, á að njóta sömu afskrifta og sá, sem er að kaupa bát nú fyrir 4½ milljón. Þarna er ekkert annað að gerast heldur en það, að maður, sem hefur haft aðstöðu til að hafa fjármagn og kaupa atvinnutæki, fær 2 millj. gefins, og það er ekki maðurinn, sem kaupir dýra bátinn, sem borgar, það er íslenzk alþýða, sem borgar. Og þið þurfið ekki að ímynda ykkur, að þetta verði ekki túlkað fyrir fólkinu. Þetta er alveg eins með húseignirnar, og þetta er yfirleitt svona með allar verðmætar eignir í landinu. Það er eins og hæstv. viðskmrh. sagði áðan, gengisbreyting er tilfærsla tekna innanlands. Það er tilfærsla frá þeim fátækari til þeirra ríku. Þetta er hárrétt. En hann bætti því ekki við. En það er bara þetta, sem fólkið mun ekki sætta sig við. Það mun ekki sætta sig við, að kjör þess verði skert allt að 30% meira en þörf er á, en þeir, sem bezt eru settir, sitja við sömu kjör. Ég græði, svo að skiptir hundruðum þús. kr., á þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. En ég vil segja það: Ef aðrir þurfa að bera meiri

byrðar en þeir hafa nú, þá vil ég taka minn þátt í því, og ég veit, að hver sá, sem fæst við útgerð á Íslandi, ef hann athugar þetta bara, þá er hann sama sinnis og ég, því að þetta eru starfandi menn, og þó að kröfupólitík okkar Íslendinga hafi verið svo heimskuleg, að allir hafi heimtað fleiri og fleiri krónur, þá ætti að vera auðveldara að koma vitinu fyrir þessa menn en fyrir margar þúsundir, sem vinna verkamannavinnu. Þetta verðum við at athuga. Það er ekki til neins að segja við fátækari stéttirnar í þjóðfélaginu: Þið skuluð einar bera þær byrðar, sem við þurfum að leggja á þjóðina. — Það er hreinn barnaskapur, og ef hæstv. ríkisstj. gerir þetta, þá er hún að smeygja snörunni um sinn eigin háls, og það þarf ekkert annað en kippa í spottann til að hengja hana. En ef hún gerir þetta ekki og ef hún lætur yfirleitt þá, sem eru betur settir í þjóðfélaginu, deila kjörum með þeim, sem eru verr settir, á réttlátan og skynsamlegan hátt, þá mun henni takast sú efnahagsviðleitni, sem hún vill gera núna, því að ég viðurkenni, að í raun og veru stefnir hún í rétta átt. Það er bara of langt gengið, það er ekki athugað, hvaða torfærur eru á leiðinni. Það er ekki farið yfir gilið, þar sem auðveldast er að fara yfir það.

Ég er hæstv. ríkisstj. alveg sammála um það, að við eigum að skrá okkar gengi rétt, við eigum að hafa heilbrigða gengisskráningu, en við megum ekki ganga lengra. Það má ekki vera hægt að benda íslenzkri alþýðu á, að það sé niðzt á henni, ekki með réttu. Og þó að það sé reynt að bæta úr þessu misræmi með fjölskyldubótum og öðru slíku, þá eru ekki allir, sem fá ellistyrk og fjölskyldubætur, sem hafa jafna þörf fyrir það. Það eru margir aldraðir menn svo ríkir, að þeir þurfa þess ekki með og eiga betra með að missa af sínum ellistyrk heldur en maður með 60 þús. kr. launum hér í Reykjavík að missa af sínu kaupi. Og það eru ekki allir, sem eiga mörg börn, sem þeir fá styrk með. Þessir menn vilja líka hafa kaup, þótt þeir eigi ekki nema eitt barn og séu að mynda heimili. Það verða nógir, sem hægt er að gera óánægða.

Þess vegna segi ég það: Við skulum hjálpast að því að leysa vandamálin. Ég styð ekki þessa hæstv. ríkisstj. eða er ekki í þeim flokkum, sem styðja hana a. m. k., og hef þess vegna ekki aðstöðu til að koma málum fram. En ég nota þann rétt, sem ég hef. Ég hef bent á þær leiðir, sem ég tel færar. Ég hef bent ríkisstj. á það, að hún er að fara í ófæru, hún er að gera hlut, sem er ekki framkvæmanlegur, hún er að setja stærsta steininn á toppinn á vörðunni, í stað þess að setja litlu steinana þar, og þá hrynur þessi bygging hennar, og hún hrynur meira að segja fljótt. En ef hæstv. ríkisstj. vill byggja sína vörðu af viti, setja stóru steinana neðst, raða þeim á réttan, fallegan og skynsamlegan hátt, þá tekst henni það, sem hún ætlar sér að gera, annars ekki.

Ég skal ekki bæta miklu við þetta. Ég óska eftir því, ef aðrir þurfa að taka á sig auknar byrðar, sem mega sín minna en ég, að ég fái að vera með þeim. Ég veit, að sjómennirnir vilja heldur fá ofur lítið færri krónur en þeir fá, fá ofur lítið minna í hlutaskipti á bátunum, ef með þarf, heldur en að fá 27% verðminni krónur en þeir fá nú, því að það borgar sig betur fyrir þá að gefa eftir örfá prósent en að verðgildi peninganna sé gert 27% minna en þörf er á.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get nú því miður ekki lofað hv. þm. eða tilheyrendum að vera jafngamansamur í þeim orðum, sem ég segi hér, eins og hv. síðasti ræðumaður. Mig hefur alltaf undrað það, síðan ég heyrði, að Húnvetningar felldu Jón Pálmason, hver væri meginástæðan fyrir því falli, en nú skil ég, að þeir munu meta meira gamansemi en alvörumál og alvörutill. í efnahagsmálum og þar liggi aðalástæðan fyrir því, að þeir breyttu um þm.

Frv. það til l. um efnahagsmál, sem hér er til 2. umr., hefur, sem vænta mátti, verið allmikið rætt og margt borið á góma í þeim umr. Því skyldi engan undra, þótt mál sem þetta fari eigi umræðulítið í gegnum þingið, svo mjög sem það snertir allan almenning og afkomu þjóðarinnar í heild. Og þótt ég eigi ekki sæti í hv. fjhn., sem fjallar um frv., vildi ég segja hér nokkur orð um málið og skýra afstöðu mína til þess í heild.

Síðan sú stefna var tekin upp fyrir tveimur áratugum að láta kaupgjald og vísitölu elta hvort annað, oftast í fyrirhyggjulitlu kapphlaupi, hafa efnahagsmálin verið mál málanna bæði utan þings og innan. Þau hafa fremur öllum öðrum málum valdið stjórnarskiptum, þingrofum og sambræðslu flokka um stundarsakir með gerólíkum sjónarmiðum, allt í þeirri von og í því trausti, að takast mætti að leysa vandann. En þrátt fyrir þetta hefur engum stjórnmálaflokki eða flokkasamsteypu tekizt að finna þá lausn á vandanum, sem meiri hluti þjóðarinnar hefur getað fellt sig við og fylkt sér um að berjast fyrir til sigurs til langframa. Og þó eru allir sammála um það, að enn í dag sé þetta mesta vandamálið og það verði að leysast á viturlegan og réttlátan hátt fyrir alla þjóðarheildina, og verði það ekki gert, þá sé voðinn vís.

Þegar þessi staðreynd er kunn, veldur það nokkurri undrun að hlusta á ræðumenn stjórnarandstöðunnar verja mestum tíma til þess að ræða málið á þann veg, sem torveldar lausn þess, og draga inn í umr. flokkspólitískan áróður, sem á ekkert skylt við sjálfa lausnina á þeim vanda, sem hér þarf og verður að leysa.

Fyrst framan af var hugsað að leysa þennan vanda með niðurgreiðslum, uppbótum og viðskiptahömlum í stærri stíl en nokkru sinni höfðu þekkzt hér á landi, samfara óvenjulegri fjártöku af þeim þjóðfélagsþegnum, sem vitað var að höfðu bætt verulega hag sinn á stríðsárunum. Sett var á stofn voldugt fjárhagsráð. Skyldu allir aðilar í landinu lúta vilja þess ráðs, og öll afkoma landsmanna til lands og sjávar var háð valdi þess. Fjárhagsráð skyldi vera forsvarsaðili allra manna og allra stétta og skipta réttilega arðinum af þjóðarbúinu á milli þegnanna, um leið og þeim skyldi öllum

tryggð nægileg atvinna, hafa skyldi eftirlit með öllu vöruverði í landinu og tryggja lægsta innflutningsverð allrar vöru. Þetta volduga ráð fékk vald yfir öllum gjaldeyri, öllu vinnuafli, öllu verðlagi, allri skömmtun á vörum og öllum lífsgæðum, á öllum leyfum og öllum bönnum gegn sérhverju því, sem komið gæti í veg fyrir, að fyrirskipanir þess eða lög næðu þeim tilgangi að skapa hér öryggi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Til viðbótar þessu voru svo lög um eignakönnun manna um land allt sett, ef vera mætti, að með því móti fyndust duldir fjársjóðir, er grípa mætti til, ýmist til jöfnunar lífskjara eða til eyðslu fyrir ríkissjóðinn, þegar ekki voru lengur fyrir hendi nægilegar tekjur af rekstrarafgangi hjá landsmönnum til þess að mæta útgjöldum ríkis og bæja.

Það væri freistandi að fletta hér upp í lögum nr. 70 1947, þ. e. 2. gr. og 12. gr. þeirra l., til að sýna það geysivald, sem þetta ráð fékk yfir landsmönnum. En ég vil þó ekki tefja störf deildarinnar með þeim lestri, en aðeins benda á, að allar vonir um fjárhagsráð brugðust, ekki einasta þær, að ráðið gæti haldið þessu valdi og á þann hátt náð því takmarki, sem hugsað var að ná í efnahagsmálum þjóðarinnar, heldur og allar aðrar vonir um lausn mála, sem því var falin.

Tilgangur þessarar löggjafar hefur sjálfsagt verið hinn ágætasti. En skilningur þeirra manna, sem undirbjuggu löggjöfina og settu hana, á lífsviðhorfi, skapgerð og sóknarmætti og frelsiskennd þjóðarinnar hefur áreiðanlega verið sorglega lítill og fór síður en svo vaxandi í framkvæmdinni. Reynslan varð og sú, að þjóðin sætti sig ekki við þessa skipan efnahagsmálanna til langframa.

Rúmlega ári eftir að þessi lög voru sett, var Alþingi rofið beinlínis vegna ósamkomulags um aðgerðir í efnahagsmálunum. Uppbóta- og niðurgreiðslukerfið, samfara kapphlaupi vísitölu og kaupgjalds, var þá að sliga alla framleiðslu og skapa hreint öngþveiti í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þrátt fyrir hin ströngu fyrirmæli fjárhagsráðslaganna þaut allt verðlag í landinu upp með geysihraða, og verðgildi krónunnar féll að sama skapi.

Það einkennilegasta og jafnframt óheppilegasta við þingrofið 1949 og kosningarnar, sem á eftir því fóru þá um haustið, — sem beinlínis var knúið fram vegna öngþveitis í efnahagsmálunum, — var, að þá setti enginn flokkur eða flokkasamsteypa fram hreina stefnuskrá í efnahagsmálunum, sem þjóðin gæti aðhyllzt eða hafnað, enda kom enginn flokkur út úr þeim kosningum með meiri hluta á Alþingi. Það var þó fyrir fram vitað, að þingið, sem kom saman að loknum kosningunum 1949, yrði að taka efnahagsmálin til meðferðar og skapa haldbetri stefnu í þeim málum en verið hafði fram að þeim tíma.

Stjórnarflokkunum sýndist það ekki fýsilegt að taka á sig þann vanda. Enginn meiri hluti fékkst á Alþingi til þess að mynda ríkisstj. til undirbúnings þeim málum. Þeim vanda vildu flestir flokkarnir þá víkja frá sér. Og þó hafði þjóðin sent forustumenn þeirra á þing til þess fyrst og fremst að vinna að lausn þessara mála. Efnahagsmálin voru þá eins og nú mál málanna og margt líkt um ástand þeirra þá og nú.

Það féll þá í hlut Sjálfstfl. að mynda minnihlutastjórn og undirbúa lausn efnahagsmálanna. Erlendur gjaldeyrir var þá eins og nú í margföldu verði manna á meðal á hinum svarta markaði, samanborið við hið skráða gengi. Gjaldeyrisforðinn var þá eins og nú þrotinn. Framleiðendur fengu þá eins og nú of fáar íslenzkar krónur fyrir hinn erlenda gjaldeyri, sem þeir lögum samkvæmt urðu að skila bönkunum gegn miklu lægra verði en almenningur vildi kaupa hann fyrir. Þeim varð því þá að hjálpa eins og nú með uppbótum eftir margvíslegum krókaleiðum, sem voru ekki þá frekar en nú alls staðar jafnnauðsynlegar eða réttlátar. Það var þá ljóst alveg eins og nú, að uppbótakerfið gat ekki leyst vandann. Verzlunarhöftin og alræðisvald fjárhagsráðs gat ekki heldur leyst vandann þá frekar en nú. Það varð því að finna aðrar leiðir. Till. Sjálfstfl. þá, sem fram komu í frv. til l. um gengisskráningu o. fl., 125. mál, þskj. 363, á þinginu 1949, fóru í meginatriðum í sömu átt og frv. það um efnahagsmál, sem hér er til umr., þ. e. að viðurkenna opinberlega gildi íslenzku krónunnar og gera síðan ýmsar ráðstafanir aðrar, sem óhjákvæmilegt er að gera í sambandi við gengisbreytinguna.

Í 2. gr. þess frv. var svo ákveðið að heimila ríkisstjórninni, að fengnum till. Landsbankans, að ákveða gengi íslenzkrar krónu og miða þá gengið við það að ná sem mestum jöfnuði í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta, og skyldi Landsbankanum skylt að taka sérstaklega til athugunar skráningu íslenzku krónunnar, þegar almenn breyting yrði á kaupgjaldi í landinu. Þetta var mjög veigamikið nýmæli í lögum um gengisskráninguna og beinlínis sett inn fyrir þá augljósu staðreynd, að yrðu miklar sveiflur á kaupgjaldi í landi, þar sem vísitala og kaupgjald voru í kapphlaupi, var ekkert, sem auðveldlegar gat brotið niður verðgildi krónunnar en ört hækkandi laun án hliðstæðrar aukningar á útflutningsverðmætum þjóðarinnar.

Eftir að ýmsar breytingar höfðu verið gerðar á frv. og flestar í öfuga átt við tilgang þess, var það gert að lögum. Samfara því mynduðu tveir stærstu flokkar þingsins, Framsfl. og Sjálfstfl., ríkisstj. til þess að framkvæma lögin.

Í meginatriðum var stefna sú í efnahagsmálunum, sem Sjálfstfl. markaði á þinginu 1949, rétt. Hitt var svo annað mál, að hann hafði ekki nægilegt fylgi til þess að geta ráðið að fullu setningu laganna samkvæmt þeirri stefnu, sem þar var mörkuð, og því síður til framkvæmdar laganna síðar. Það varð að taka tillit til sjónarmiða samstarfsflokksins, sem á margan hátt torveldaði að ná þeim árangri, sem hugsaður var í upphafi um það mál.

Ást samstarfsflokksins á haftafarganinu var of rótgróin til þess, að unnt væri að ganga á milli bols og höfuðs þess og skapa í samstarfi við hann frjálsa verzlun og frjálsar athafnir.

Hér var um svo mismunandi lífsviðhorf að ræða, að það bil varð ekki brúað. En þrátt fyrir þetta má segja, að framkvæmd í efnahagsmálunum hafi gengið allþolanlega til ársins 1955, að hið almenna verkfall skall yfir og með því ný verðbólgualda, sem beinlínis kippti fótum undan verðgildi krónunnar og færði því fólkinu engar kjarabætur, eins og nú er af flestum viðurkennt.

2. gr. frv. um gengisskráningu í samræmi við kaupgjaldssveiflur hafði verið felld niður. Um það skal ekkert sagt, hvort það ákvæði, þótt lögfest hefði verið, hefði raunverulega haft nokkur áhrif í kaupdeilunum. En hitt er víst og verður ekki hrakið, að kaupgjaldshækkun sú, sem þá var samið um, og allt, sem á eftir fór, varð til þess að færa efnahagsmálin öll úr skorðum og koma þeim á ný í það öngþveiti, sem þau eru í í dag, og það vegna þess, að kauphækkun á öllum sviðum í landinu var látin fara fram, án þess að henni fylgdi aukið útflutningsverðmæti til samræmis við hækkun á framleiðslukostnaði útflutningsvörunnar.

Ég minnist á þetta hér vegna ummæla hv. 4. landsk. þm., þar sem hann lét fyllilega í það skína í ræðu sinni um þetta mál, að stéttarfélög launþeganna mundu þeyta lúðra sína til verkfalls og hrópa, ef frv. þetta næði fram að ganga, og því væri alveg óvíst, hvort sá árangur yrði af þessum ráðstöfunum, sem reiknað væri með, þegar öllum þeim herskara yrði hleypt lausum til þess að brjóta niður þær umbótatillögur allar, sem hér væri verið að koma á.

Ég held, að allir þeir menn, sem bera raunverulega umhyggju fyrir launastéttunum og afkomu þeirra, og einkum þó þeir, sem lægst launaðir eru, ættu að hugsa sig um oftar en tvisvar og líta nokkuð til fortíðarinnar, áður en þeir taka að sér það hlutverk að hleypa af stað þeim herskara til þess að eyða þannig öllum þeim áhrifum, sem þessi lög geta haft og munu hafa til umbóta á efnahagskerfið, ef þau fá að mæta áróðurslaust þeim skilningi, sem nauðsynlegur er, frá öllum stéttum þjóðfélagsins.

Launahækkanir lágstéttamannanna höfðu ekki verið í gildi í margar vikur árið 1955, þegar hærri launastéttir knúðu fram sams konar hækkanir til leiðréttingar og samræmingar, eins og það þá var orðað, að það endaði með því, að 80 millj. kr. í launahækkunum var kastað það ár inn á viðskiptamarkaðinn, og ekkert eitt atriði í sveiflum viðskiptamálanna jók það ár svo gífurlega eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem jókst ekkert við þessar aðgerðir.

Við vorum aðeins tveir þm. hér í þinginu þá, þáv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, og ég, sem látlaust vöruðum við þessum voða. En rödd okkar var þá ekki heyrð. Seinna kom þó það allt fram, sem við spáðum um afleiðingar þessara aðgerða. Er þeim hollt, sem nú vilja hefja þennan sama leik á ný, að líta um öxl og sjá, hvað áður hefur verið gert í þessum málum og hvaða raunverulegar kjarabætur það færði launastéttum í landinu.

Það er lærdómsríkt að fletta blöðum sögunnar um tíu ára skeið og kynna sér, hvað þessir sömu hv. þm. sögðu þá um gengislækkunarfrv. það, sem þá var hér til umræðu.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var þá einnig í stjórnarandstöðu. Í alllöngu nál., sem hann gefur út 10. marz 1950, segir hv. þm. m. a., með leyfi hæstv. forseta. Nál. hv. þm. um þetta frv. hefur ekki enn komið fram, en ég gæti hugsað mér, að það yrði eitthvað líkt í aðalatriðum og nál. hans um sams konar mál 1950. Mér dettur ekki í hug að þreyta þm. á að lesa allt það langa nál., sem þá var gefið út, en ég vildi þó mega benda hér á einstök atriði. Hann segir m. a. í fyrirsögn hér: „Frv. gengur fram hjá aðalvandamáli sjávarútvegsins, markaðskreppunni." Hann segir enn fremur: „Frv. er árás á bátaútveginn. Það gerir hlut hans lakari en nú er." Hann segir enn: „Gengislækkunin skerðir lífskjör launþega um 15—18%. Þessi árás á lífskjör alþýðunnar er augsýnilega aðaltilgangur frv. Með þessari árás ætlar afturhaldið að kóróna þær árásir, sem undanfarin ár hafa verið gerðar á lífskjör launþega." Kannast menn ekki við nokkurn veginn það sama, sem hann hefur sagt hér í umræðunum um þetta frv. við 1. umr.? Hann segir enn: „Gengislækkunin skerðir lífskjör bænda og stöðvar vélþróun landbúnaðarins." Og enn: „Gengislækkunin rænir sparifjáreigendur og sviptir grundvellinum undan trausti á loforð ríkisvaldsins." Og enn: „Gengislækkunin gerir þjóðinni miklu erfiðara fyrir um nauðsynlega fjárfestingu." Og hann segir enn: „Frv. þetta, ef að lögum verður, kemur til með að binda í svipinn enda á þá atvinnubyltingu, sem hófst 1945, það átak, sem þá var gert til þess að hefja atvinnulíf vort á miklu hærra stig en fyrr." Og að síðustu segir hann hér eitthvað líkt því, sem hann sagði hér í fyrstu ræðu sinni við 1. umr.: „Með þessu frv., ef að lögum verður, er aðstaða erlendra auðfélaga gagnvart Íslandi stórum bætt. Amerískum auðhringum er með gengislækkuninni gert mögulegt að kaupa íslenzkt vinnuafl miklu ódýrar en fyrr. Íslenzkur verkamaður þarf eftir þessa gengislækkun að vinna næstum þrisvar sinnum lengur fyrir andvirði eins dollara í amerískum vörum en hann þurfti í ágúst s. l. Amerískum auðfélögum er með gengislækkununum tveim í haust og nú gert girnilegra en áður að kaupa upp eignir á Íslandi og ná hér tökum á atvinnulífi landsins. Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að kalla fátæktina aftur yfir Ísland, eins sára og hún áður var, og verið að gera amerískum auðdrottnum handhægt að nota þá fátækt til að auðga sig, en ræna Ísland gæðum þess og oss Íslendinga arði vinnunnar og yfirráðum lands vors." Svo mörg eru þau spádómsorð.

En hvernig rættist svo þessi spádómur? Hann rættist þannig, að eftir að lögin voru sett, hljóp slíkur vöxtur í allar framkvæmdir, bæði til lands og sjávar, að hver erlendur gestur, sem að garði bar, glápti af undrun yfir þeim grettistökum, sem þjóðin lyfti á öllum sviðum. Þannig rættist spádómurinn. Og þessi uppbygg-

ing hélt stöðugt áfram, þar til vinstri stjórninni tókst með gáleysi í efnahagsmálum að skapa það öngþveiti, sem við nú stöndum í.

Þið, sem heyrt hafið þau rök, sem þessi sami flokkur færir nú fram gegn frv., sem hér er til umræðu, og berið þau saman við rökin frá 1950, hljótið að komast fljótt að þeirri niðurstöðu, að í höfuðatriðum eru þau alveg þau sömu og þá.

En munu þessir spádómar Alþb. ganga nú betur eftir en þá? Þekki þjóðin sinn vitjunartíma, reynast þeir enn fjær raunveruleikanum, enda eru sumir þessara spádóma höfuðórar einir sálsjúklings, sem getur ekkert nýtilegt eða gott séð í vestrænu hagkerfi eða vestrænum stefnum.

Fimm dögum síðar gefur fulltrúi Framsfl. í fjhn. út nál. Er flokkurinn þá samþykkur gengislækkun og telur enga aðra leið heppilegri, enda hefur hann þá samvinnu í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. um framkvæmd efnahagsaðgerða á grundvelli frv. Í þessu nál. leggur Framsfl. í meginatriðum áherzlu á að auka skattaálögur á þjóðina, sem hann telur höfuðnauðsyn til tryggingar því, að aðgerðirnar nái tilgangi sínum. Viðbrögð Framsfl. eru nú allt önnur, þegar þetta frv. er fram borið. Hann hefur þó nú eins og þá fullreynt, að uppbótakerfið leysti ekki vandann. Hann veit nú eins og þá, að skráning krónunnar er röng og framleiðslan er að stöðvast, ef ekkert er að gert í efnahagsmálunum. En hví er þá viðhorf Framsfl. nú svo gerólíkt því, sem það var þá? Er það vegna þess, að afstaða hans til nauðsynlegra umbóta markast af því og því einu, hvenær og undir hvaða kringumstæðum umbæturnar skuli framkvæmdar, hvort t. d. Framsfl. er í stjórn eða í stjórnarandstöðu? Afstaða flokksins nú til þessara mála verður tæplega skýrð á annan hátt.

Í löngu nál. gerir 3. minni hl., — nú hæstv. viðskmrh., — grein fyrir afstöðu Alþfl. til frv. Hann hefur þá ekki trú á, að gengisfelling eða frjáls verzlun geti umbætt efnahagsmálin. Skal ekki rakið hér nánar allt, sem um þetta mál er sagt, heldur aðeins bent á, að reynsla undanfarinna ára hefur fært hæstv. ráðh. og flokki hans sönnun á því, að rétt sé nú að fara aðrar leiðir. Er gott eitt um það að segja, þegar menn viðurkenna, að vonir hafi brugðizt og viturlegt sé að víkja af braut, sem leiddi ekki að settu marki, og mættu eldri samherjar þessa flokks nokkuð taka sér það til eftirbreytni í jafnalvarlegu máli og því, sem hér er til umr.

Eins og kunnugt er, fóru fram tvennar kosningar til Alþingis á s. l. ári. Til vorkosninganna og þingrofsins var raunverulega stofnað vegna þess, að vinstri stjórnin gafst upp við lausn efnahagsmálanna í nóvember 1958. Um lausn þessara mála fékkst ekkert samkomulag í stjórninni. Við 1. umr. um þetta frv. var upplýst, hvaða leiðir hver af stjórnarflokkunum vildi fara, og sýnist af þeim gögnum, að ekki hafi borið meira á milli Framsfl. og Alþfl. en svo, að unnt hefði verið að jafna þann ágreining með góðum vilja, því að full viðurkenning er þar af hálfu Framsfl. á nauðsyn aðgerða og að gengisfelling sé eina úrræðið. Þessir tveir flokkar höfðu hins vegar ekki nægilegt þingfylgi til þess einir að mynda ríkisstj. og koma fram nokkrum umbótum, og vegna þess að Alþb. er andvígt gengisfellingu, vill það ekki vera með í neinum slíkum ráðstöfunum, sem byggðar eru á annarri gengisskráningu en þeirri, sem fyrir hendi er.

Formaður vinstri stjórnarinnar finnur enga lausn. Dýrtíðaraldan hefur þegar risið svo hátt, að sýnilegt er, að hún muni falla með öllum þunga yfir þjóðarskútuna og færa hana í kaf með allri áhöfn. Stýrið er brotið, og formaður sér enga leið til bjargar. Hans einasta hugsun er að forða sér og flokknum frá skipbroti, um skútuna og stýrið er honum alveg sama. Hann velur þann kostinn, sem hent hefur aðra dugleysingja, að koma sér og liði sínu í bátana og freista þess, að einhver verði til þess að bjarga þeim síðar meir og flytja í örugga höfn. Á þessari stundu stækkaði hann Alþfl., á þessari stundu gaf hann honum tækifæri til þess að sýna, hvað í honum byggi, er hann átti þann einn kost að duga eða drepast.

Nýjar þingkosningar fóru í hönd. Framsfl. varð það til happs, að þær snerust aðallega um breytingu á stjórnarskránni, en um það mál voru mjög skiptar skoðanir manna, eins og kunnugt er, og Framsfl. faldi, svo sem frekast var unnt, öll sín afglöp í efnahagsmálunum í því moldviðri, sem honum tókst að þyrla upp um kjördæmamálið, án þess hefði gengi hans í þeim kosningum fallið jafnvel miklu meira en gengi íslenzku krónunnar.

Í október fóru svo fram nýjar kosningar og nú með öðrum hætti en fyrr, og nú voru það efnahagsmálin, sem voru efst á baugi og aðalmálið. Í Vestfirðingakjördæmi fékkst Framsfl. aðeins til þess að ræða landsmálin sameiginlega við frambjóðendur annarra flokka við einar útvarpsumræður, þar sem vitað var, að mikill meiri hluti kjósenda þar mundi ekki geta notið þeirra vegna lélegra hlustunarskilyrða. Og hverjar voru till. Framsfl. til úrbóta í dýrtíðarmálunum í þeim umræðum? Þær voru aðeins hvatning til kjósenda að ganga í kaupfélögin og standa fast um sérréttindi þeirra. Það var sterkasta varnarvirkið gegn allri dýrtíð, bezta úrræðið gegn öllum gjaldeyrisskorti. Þegar svo væri komið, að kaupfélögin og Sambandið fengju alræðisvald í verzlun, viðskiptum og löggjöf, þá væri allur vandinn leystur í efnahagsmálunum. Ég ætla Framsfl. ekki svo illt, að þetta hafi aðeins verið túlkað þannig til þess á þann hátt að blekkja kjósendur til fylgdar við þann ágæta flokk, heldur hafi hitt og verið trú hans, að með því móti mætti takast að lækka að verulegu leyti verð á innfluttum varningi og hækka að verulegu leyti verð á íslenzkum afurðum seldum á erlendum markaði, því að tækist þetta hvort tveggja, var það óneitanlega mikilvægt spor í áttina til þess að draga úr dýrtíð, auka gjaldeyri og bæta kjör fólksins. Hitt var alveg ósannað, að þessi félagsskapur eða það verzlunarform næði hér jafnlangt, hvað þá lengra en frjáls verzlun á heilbrigðum samkeppnisgrundvelli, og fjöldi

dæma lá fyrir, sem sönnuðu hið gagnstæða. Menn vissu þá og vita enn betur nú, að forráðamenn slíkra samtaka geta gert afglöp sem aðrir menn, fallið fyrir freistingum eins og aðrir menn og þokað sér yfir takmörk þess, sem með lögum er dregið á milli þess, sem er leyfilegt, og hins, sem er ekki leyfilegt, eins og aðrir menn.

Frambjóðendur hinna flokkanna ræddu efnahagsmálin á miklu víðtækari grundvelli, og er ég ekki í nokkrum vafa um það, að Alþfl. dró til sín í þeim kosningum allmikið fylgi fyrir að þora að taka á málunum svo sem hann hafði gert og gerir nú. Fólkið skildi vel, að mikilla umbóta er þörf, og það ætlast til þess, að fulltrúarnir, sem það sendir á þing, þori að gera raunhæfar aðgerðir í slíku vandamáli.

Ég hélt því fram á öllum þeim fundum, sem ég var á, að til þess að skapa traust og heilbrigt efnahagskerfi í landinu yrði að gera þrennt og allt í senn, auk þess að skrá gengi krónunnar samkv. framboði og eftirspurn. Það er fyrst að afnema beina skatta. Um þetta atriði skal ekki fjölyrt nú. Það gefst vonandi tækifæri til þess innan skamms að ræða það mál, þegar frv. um breyt. á skattalöggjöfinni verður tekið hér til umræðu í þessari hv. d. En sýnilegt er þó, að fallizt hefur verið að allverulegu leyti á þessa till. Annað er að gefa verzlunina algerlega frjálsa, þriðja að setja viturlega og réttláta vinnulöggjöf, sem gerði hvort tveggja í senn að tryggja vinnufrið og tryggja rétt launastéttanna til mannsæmandi lífskjara og réttlátari skiptingar á arði af framleiðslunni til lands og sjávar. Ég viðurkenni, að efnahagsfrv. gengur engan veginn svo langt sem ég tel nauðsynlegt í neinum þessum meginatriðum, en það er stórt spor í þá átt, og því mun ég leggja til, að það verði lögfest.

Í 1. gr. frv. kveður svo á um, að gengi á bandarískum dollara skuli vera 38 kr. Það er mikil mistúlkun að halda því fram, að með þessu sé Alþingi að fella gengið. Gengi dollara og annars frjáls gjaldeyris hefur verið hér um mánuði og ár miklu hærra í viðskiptum á milli manna. Hér er því ekki gert neitt annað en viðurkenna fall íslenzku krónunnnar, viðurkenna, að verðgildi hennar er langt fyrir neðan hið skráða gengi og vonlaust er að hækka verðgildi hennar upp í það, sem krónan er nú opinberlega skráð. Í því eina landi, sem ég þekki til, að íslenzk króna er yfirleitt skráð til kaups og sölu, en það er í Vestur-Þýzkalandi, hefur gengi hennar um langt tímabil verið allmiklu lægra en það, sem hér er sett, og þó hafa þúsundir manna séð sér hag í því að selja stórar og smáar upphæðir í íslenzkum krónum á þeim markaði. Á hvers herðar í þjóðfélaginu leggst sá þungi? Séu það drápsklyfjar að kaupa dollara opinberlega í banka hér á 38 kr., eins og stjórnarandstaðan fullyrðir, þá er það ekki léttari byrði að kaupa hann á 45—60 kr., en þeim kjörum hafa margir orðið að lúta og verið fegnir að geta fengið hann á því verði. Þess vegna verður bæði þing og þjóð að skilja það, að ef við ætlum okkur að hafa samskipti við aðrar þjóðir sem menningarþjóð, og án þess getum við aldrei notið beztu viðskiptakjara, þá verðum við að lúta sömu viðskiptareglum og þessar þjóðir hafa, og ein af þeim er að hafa ákveðið gengi á gjaldmiðli þjóðarinnar, sem skráð er opinberlega og hver og einn getur keypt hann og selt á frjálsum markaði. **(Gripið fram í:** Er það ekki svo?) Ja, það er það, sem ætlazt er til að það verði. M. a. ef þessi hv. þm. beitir sér ekki fyrir því, að niðurbrotnir verði þeir varnarveggir, sem settir eru, þá á það einmitt að verða svo.

Útlendingar, sem heimsækja þetta land, og það verður í framtíðinni ein af verulegum tekjum þjóðarinnar að selja þeim hér þjónustu í margvíslegri mynd, fá ekki skilið, að þeim sé fyrirmunað að fá jafnmargar íslenzkar krónur fyrir pundið sitt eða dollara í almennum viðskiptabanka eins og á götunni hjá hverjum, sem þeir af hendingu kynnu að komast í kynni við. Þeim er þetta alveg óskiljanlegt.

Við verðum að skilja, að þetta er eitt af höfuðatriðum í viðskiptalífinu við aðrar þjóðir, regla, sem er ekki hægt að brjóta nema þjóðinni til stórtjóns. Hér getur því ekki verið um neitt annað að ræða en að opinberu gengi íslenzku krónunnar verður að breyta. Hitt kann að valda meiri vafa, hvað á að skrá krónuna í dag. En á það er lagður sá mælikvarði, að með því gengi, sem tiltekið er í frv., sé afkoma útflutningsframleiðslufyrirtækis tryggð, svo framarlega sem ekki komi til óeðlileg óhöpp eða óskynsamlegar gagnráðstafanir. Og til þess er m. a. það ákvæði í frv. að mynda gjaldeyrissjóð til þess að taka af þær sveiflur, sem ætíð koma í viðskiptin milli þjóða, svo að það sé hægt á hverjum tíma að kaupa erlendan gjaldeyri á því verði, sem hann er skráður opinberlega.

Með 2. gr. frv., ef að lögum verður, er ríkissjóði heimilt að taka allt að 12 millj. dollara lán til þess að grípa til sem gjaldeyrissjóðs, ef þurrð er á gjaldeyri á ákveðnu tímabili, m. a. ef hér liggja í landinu stórkostlegar vörubirgðir, sem er ekki búið að selja og innheimta andvirði fyrir, eins og var nú um áramótin.

Þetta eru raunverulega þau tvö meginatriði, sem snerta samskipti okkar við útlönd, og hafa bæði verið harðlega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni.

Til þess að gera sér ljóst, hvaða þýðingu það hefur fyrir þjóðarbúið að búa ekki við sífellt gjaldeyrishungur, eins og við nú búum við og höfum búið við um mörg ár, er rétt að skyggnast um og rifja upp núverandi ástand í viðskipta- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar, en það er sem hér segir:

Enginn getur í dag keypt vöru frá útlöndum og greitt hana fyrirvaralaust og þar með hagnýtt sér lægsta vöruverð á markaði, svo sem alls staðar á sér stað, þar sem um engar hömlur á viðskiptalífi eða gjaldeyrisskort er að ræða. En það er frumskilyrði þess að komast að hagkvæmustu innkaupum að geta keypt, þegar framboð er mest, og greiða þá vöruna við samningana. Hér er sá háttur á hafður, að varan liggur hér oft mánuðum saman og sí-

felldar kvartanir koma frá seljendum um óeðlilegar tafir á greiðslum, sem að síðustu leiðir til þess, að við verðum að sæta miklu óhagkvæmara verði en ella í innkaupum. Íslenzkur almenningur greiðir á þennan hátt þunga skatta í hækkandi vöruverði, og nema þær upphæðir milljónatugum á ári.

Ég hef um 15 ára skeið allmikinn þátt átt í þeim samningum, sem gerðir hafa verið erlendis í sambandi við uppbyggingu atvinnuveganna. Á meðan hægt var að semja á þeim grundvelli að greiða kaupverð við undirskrift verksamningsins eða á þann hátt, sem almennt er venja á meðal þjóða um slík viðskipti, var það engum erfiðleikum bundið að komast að beztum kjörum bæði hvað snerti verð og afhendingu. En jafnskjótt og semja varð um óeðlilega langan greiðslufrest, varð verðlagið allt annað og miklu hærra, auk þess sem miklu færri aðilar höfðu þá möguleika og áhuga fyrir því að semja um slík viðskipti. Ég þykist vita, að hv. 4. þm. Austf. (LJós) hafi ekki gleymt því, hvaða erfiðleikar urðu á vegi okkar á sínum tíma, er við í sameiningu gerðum erlendis *einn slíkan samning*. Veit ég, að hann fékk þá fullkomna vissu fyrir því, að það er allt annað og léttara að ná beztum kjörum, ef unnt er að bjóða staðgreiðslur.

Þessi ákvæði í frv. miða því beinlínis að hvoru tveggja: að lækka til muna innkaupsverð erlendra vara og þar með almennt vöruverð í landinu og auðvelda uppbyggingu í atvinnuvegunum, alveg gagnstætt því, sem stjórnarandstaðan heldur fram. En hér er miklu fremur um að ræða eitt veigamesta atriðið í baráttu gegn vaxandi dýrtíð í landinu og miklu veigameiri en þótt allir landsmenn gengju í kaupfélög, eins og Framsfl. leggur svo mikla áherzlu á.

Þegar vinstri stjórnin settist að völdum 1956, var hún óspör á loforð um uppbyggingu atvinnuveganna bæði til lands og sjávar. Meðal annars skyldi kaupa 15 stóra togara, 12 smærri og fjölda mótorbáta, auka stórlega fiskiðjuver, verksmiðjur og margt fleira, og til þess alls skyldi ríkissjóður veita aðstoð með allt að 90% ábyrgð á stofnkostnaði. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) rómaði mjög hér við 1. umr. þessa frv. öll þessi verk og þá stefnu, sem vinstri stjórnin markaði hér í uppbyggingu atvinnuveganna. Nú ætti með þessu frv. að breyta til, nú ætti að stöðva þessa þróun og torvelda þá uppbyggingu, sem Framsfl. hefði hér haft forgöngu um að koma á. Einkum og sér í lagi lagði hann áherzlu á þann voða, sem það mundi hafa í för með sér að kippa að sér hendinni um veitingu ríkisábyrgða frá því, sem verið hafði. Og hv. þm. Alþb. tóku mjög undir þessi ummæli. Er fróðlegt að athuga nokkru nánar þennan þátt efnahagsmálanna.

Ég skal ekki gagnrýna það, þótt vinstri stj. gæti ekki uppfyllt öll sín loforð um aukinn skipastól eða um aukningu annarra framleiðslutækja. Ég skal miklu frekar viðurkenna, að í stjórnartíð hennar var verulega haldið áfram á þeirri braut, sem áður hafði verið mörkuð, þó einkum hvað snerti að kaupa nýja báta inn í landið. Ég skal hins vegar draga fram hér nokkur atriði, sem sýna glögglega, að öngþveiti það, sem hér ríkir í efnahagsmálunum, hafi ekki smávægileg áhrif haft á þessi mál öll.

Vinstri stjórnin öll og þó einkum Alþfl. og Alþb. höfðu fullan áhuga á því að afla hinna 15 togara, sem lofað var að láta smíða fyrir landsmenn. Hún lét menn sína þeytast um allar álfur heims, jafnvel alla leið austur til Japans, til þess að leita fyrir sér um tilboð um verð og greiðsluskilmála, og í hverju landi var boðin fram ríkisábyrgð, en ríkisábyrgð þótti hvergi nægileg trygging, til þess að unnt væri að semja á viðunandi verðgrundvelli, og skal ég koma nokkuð inn á þetta atriði.

Svo að segja engar skipasmíðastöðvar hafa fjárhagslega möguleika til þess að semja um skipabyggingar með þeim skilmálum að lána andvirðið til langs tíma. Þær verða því að gera alla slíka samninga í sambandi við viðskiptabanka sína eða viðkomandi ríkisstjórn. Í öllum umræðum um slík mál við peningastofnanir hefur jafnan komið fram, að ríkissjóði Íslands er þar ekki treyst jafnörugglega og bönkum. Og meginástæður fyrir því eru sem hér segir:

1) Þótt ekki verði sagt, að ríkissjóður hafi ekki enn sem komið er staðið að síðustu við þær skuldbindingar, sem hann hefur þannig undirgengizt, þá hefur samt sem áður orðið svo langur dráttur hér á, að nærri hefur stappað afsögn víxla, þrátt fyrir margendurteknar aðvaranir og ábendingar um, hve mikið tjón það hefur í för með sér fyrir álit ríkissjóðs út á við. Þetta veit ég að bæði hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Austf. er vel kunnugt um. Og venjulega hefur þetta dregizt svo fram á síðasta augnablik, að allir aðilar hafa haft af því áhyggjur, óþægindi og margir verulegt fjárhagslegt tjón. Og þetta er ekki leynt neinum bönkum, sem standa í viðskiptasamböndum, hvort heldur er innanlands eða milli landa. Allar slíkar fréttir eru látnar ganga til viðskiptabankanna, hvar í landi sem eru.

2) Vegna þessara ástæðna láta viðskiptabankarnir sér ekki nægja ábyrgð ríkissjóðs, heldur krefjast einnig ríkisábyrgðar í viðkomandi landi eða ábyrgðar jafngildra aðila þar. En einnig það eykur mjög lántökukostnaðinn. Öllum, sem með slík mál fara, er fullkunnugt um þann hátt, sem hér er á hafður um veitingu ríkisábyrgða, og fylgjast enn betur með en jafnvel við sjálfir, hve mjög sú upphæð fer vaxandi, sem ríkissjóður verður að greiða árlega, og vekur þetta óhugnanlega lítið traust á ríkissjóði, og hefur mér stundum þótt erfitt að verja þetta, svo að menn, sem aldir eru upp við það, að staðið sé við allar skuldbindingar *og tryggingar séu til þess jafnan, að gengið* sé að þeim, ef greiðslur bregðast, skilji þann hátt, sem hér er hafður á. Þeir skilja það ekki jafnauðveldlega og við, sem lifum undir þessum venjum, að ekki sé unnt að koma fram *mannvirkjabyggingum í Þorlákshöfn*, svo að dæmi sé nefnt, nema ríkissjóður taki á sig fjárhagslegar ábyrgðir, án þess jafnframt að tryggja sér, að upphæðirnar verði greiddar að

fullu innan eðlilegs tíma, þótt þær kunni að falla til greiðslu á ríkissjóðinn um eitthvert tímabil. Ég er ekki með þessu að segja, að þessar eða þvílíkar ábyrgðir séu ekki nauðsynlegar eða jafnvel í mörgum tilfellum óhjákvæmilegar. En það raskar ekki hinu, að út á við rýrir þetta ástand álit á ábyrgðum ríkissjóðs og veldur okkur þar margvíslegum erfiðleikum í samningagerðum.

Þegar því um það er að ræða að taka lán erlendis til kaupa á framleiðslutækjum, er langsamlega æskilegast að taka slík lán á grundvelli milliríkjaviðskipta, eins og oft hefur verið gert, en þær leiðir hafa einmitt ekki staðið opnar á síðari árum vegna ástandsins í efnahagsmálum hjá þjóðinni. Í sambandi við kaupin á smærri togurunum var einmitt hafður sá háttur á að semja um heildarlán við ákveðið stórveldi, bæði til langs tíma og með ágætum vaxtakjörum. Hér gerir vinstri stj. hins vegar þau ófyrirgefanlegu mistök að afhenda skilyrðislaust viðskiptaaðila, sem tryggt hafði sér stórar fjárfúlgur af viðskiptunum, að semja um þau verk og gæta þar jafnt hagsmuna sinna eða réttara sagt betur hagsmuna sinna en kaupendanna. Væri fróðlegt, ef hv. 4. þm. Austf., sem fór með framkvæmd þessara mála, vildi upplýsa Alþingi um það, hve miklum upphæðum sá skattur nemur, sem vinstri stjórnin lagði þar með að óþörfu á þennan þátt uppbyggingarinnar í landinu, en ég veit, að það nemur mörgum milljónum. Um önnur mistök í sambandi við þær framkvæmdir skal ekki rætt hér, nema sérstakt tilefni gefist til. Það er annar kapituli og önnur saga.

Þau atriði, sem ég hef hér rætt, snerta samskipti milli Íslands og annarra þjóða, og verður að fara eftir hætti, sem almennt gildir um slík viðskipti, ef þau eiga ekki að hafa veruleg áhrif á efnahagsmál okkar til hins lakara. Er frv. því, sem hér er til umræðu, ætlað að bæta úr þessum ágöllum og mun áreiðanlega gera það til margvíslegra hagsbóta fyrir þjóðina í heild.

Önnur ákvæði frv., sem gagnrýnd hafa verið, snerta okkar innanlandsviðskipti. Um þau atriði ráðum við sjálfir meira, þar sem við þurfum þar ekki að taka tillit til þeirra viðskiptareglna, sem almennt eru viðurkenndar meðal menningarþjóða.

Skal ég þá fyrst ræða nokkuð það ákvæði í 23. gr., sem kveður svo á um, að eigi skuli kaup, sem greitt er og samið um, fylgja kaupgjaldsvísitölu, svo sem verið hefur. **(Forseti:** Það var ætlunin að fresta fundi til kl. 5, og ef hv. ræðumaður á talsvert eftir ólokið, þá vil ég biðja hann að gera hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar hæstv. forseti gerði hlé á fundinum áðan, hafði ég lýst nokkuð þeim áhrifum, sem þetta frv., ef að lögum verður, hefur á viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir, og skal ég nú snúa mér að þeim greinum frv., sem snerta viðskipti okkar Íslendinga hvers við annan. Skal ég þá fyrst ræða nokkuð það ákvæði í 23. gr., sem kveður svo á um, að eigi skuli kaup, sem greitt er, fylgja kaupgjaldsvísitölu, svo sem verið hefur. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt þetta ákvæði harðlega og haldið því fram, að hér sé verið með þessu að brjóta niður þann eina varnarmúr, sem launastéttir landsins hafi gegn árásum á lífskjör þeirra.

Ef það hefði verið ófrávíkjanleg regla, frá því að þetta kerfi var lögtekið, að láta kjör launþega ávallt takmarkast við vísitöluna og því mætti ekki raska, mætti með nokkrum rétti halda því fram, að hér væri verið að brjóta niður þennan múr, sem með þessu hefði verið byggður upp sem virki fyrir launþega. En það er langt frá því, að þessari reglu hafi verið fylgt. Í sérhverri baráttu um kjarabætur hefur einmitt ágreiningurinn staðið um hitt, hversu mikið skuli hækka grunnkaup í landinu, án þess þó að raska vísitölukerfinu. Og þegar svo er komið, er óhjákvæmilegt og sjálfsagt að afnema vísitölukerfið og hætta kapphlaupi um kaup og dýrtíð á þann hátt, sem verið hefur í landinu. Ef allur rekstur á þessu landi á ekki að vera áhætturekstur, sem háður er alls konar sveiflum, er nauðsynlegt að vita fyrir fram um gjaldaliði, sem standa að mestu óbreyttir einhvern ákveðinn tíma. En það veit atvinnurekandi ekki, ef hann á á hættu, að kaupgjaldið sé síbreytilegt frá mánuði til mánaðar. Allri þjóðinni er því nauðsynlegt, að skapaður sé traustur grundvöllur undir rekstur framleiðslunnar, sem sé ekki háður sífelldum sveiflum, sem raska skyndilega og öllum að óvörum þeim reikningi um afkomu, sem hverjum atvinnurekanda er nauðsynlegur.

Sé ekki tryggður rekstrargrundvöllur með óbreyttu kaupgjaldi um ákveðinn tíma, verða atvinnurekendur að tryggja sig gegn slíkum sveiflum með því að safna sjóðum til að mæta þeim, en það yrði ekki gert nema lækka laun vinnuþiggjendanna og það langt fram yfir það, sem annars er nauðsynlegt.

Þetta ákvæði er því til að tryggja heildarlaunatekjur vinnustéttanna í landinu, en ekki hið gagnstæða.

Annað atriði, sem mjög er gagnrýnt af stjórnarandstöðunni, er ákvæði 31.—33. gr. um vaxtahækkun. Þessi ákvæði þykja nauðsynleg af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að með þessu eru sparifjáreigendum tryggðar nokkrar bætur fyrir þá rýrnun, sem verður á íslenzkum gjaldeyri, eftir að lögin hafa náð gildi. En innlánsvextir verða hækkaðir að sama skapi, og án þess að hækka hliðstætt útlánsvexti væri ekki unnt að bæta sparifjáreigendum upp þetta tjón. En það virðist ekki umdeilt, að þess gerist mikil þörf, að sparifé landsmanna fari árlega vaxandi, en ekki þverrandi. Í öðru lagi eiga þessi ákvæði að draga úr fjárfestingu, sem færir ekki þjóðinni eða þeim, sem í hana ráðast, skyndilega endurgreiðslu á því fé, sem þannig er fest. En það er eitt af meginatriðunum til þess að ráða bót á efnahagsörðugleikunum að hamla gegn fjárfestingu, sem gefur ekki þjóðinni eða þjóðarbúinu eðlilega fljótt og eðlilega stóran arð, eins og hæstv. viðskmrh. tók greinilega fram í ræðu sinni hér áðan. Skal nokkuð athugað

hér, hvaða áhrif þetta hefur á verð innflutningsins í landinu frá því ástandi, sem nú er í þessum málum, því að einmitt það er veigamikið atriði í baráttunni við dýrtíðina í landinu eða þann þátt hennar, sem háður er verðlagi innflutningsvaranna.

Nú er sú regla gildandi, að vilji innflytjandi flytja inn vörur, verður hann að afla sér yfirfærsluleyfis hjá banka. Við móttöku þess verður hann að greiða inn allt að því alla kaupupphæð vörunnar. Þessi upphæð er síðan geymd í bankanum á reikningi viðskiptamanns án vaxtatekna honum til handa allan þann tíma, þangað til varan er til landsins komin og tilbúin til afhendingar. Ef innflytjandi brýtur ekki nein lög eða reglur, sem gilda um innflutning, getur þessi tími orðið allt að heilu ári, allt eftir því, hversu langan tíma það tekur að fá vöruna afhenta og flutta til landsins. Hafi innflytjandi hins vegar tekið á sig þá áhættu að sniðganga lög og reglur og flytja vöruna inn án allra leyfa í trausti þess að hafa fengið þau öll, þegar varan er til landsins komin, þá fær hann verð vörunnar þó ekki yfirfært fyrr en eftir tvo mánuði, nema hann greiði inn til bankanna tvöfalt andvirði hennar, sem þá liggur þar vaxtalaust allan þennan tíma.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þótt vextir verði hækkaðir, svo sem ákveðið er, mun vara, sem inn er flutt, ekki hækka í verði fyrir vaxtahækkunina og hún því ekki verða meiri byrði fyrir innflytjendur, svo fremi að sú regla verði afnumin að falla frá kröfu um geymslufé, en það er að sjálfsögðu krafa, að svo verði gert, enda þá fallin ástæða fyrir því að viðhalda reglunni, ef frv. þetta yrði lögfest.

Öll önnur atriði í frv. eru mál, sem ræða má við hinar ýmsu stéttir í landinu, og þegar reynslan hefur sýnt, hvar skórinn kreppir að, er eðlilegt að gera ráðstafanir til að jafna þau met á milli stéttanna, og gefst ávallt tími til þess að gera þar leiðréttingar í framkvæmd laganna.

Hv. 1. þm. Austf. hefur f. h. Framsfl. haldið uppi harðri gagnrýni á þetta frv., eins og raunverulega öll mál, sem núv. hæstv. ríkisstjórn ber fram. Og höfuðástæðan fyrir því, að allt gengur nú í öfuga átt í þjóðmálunum að dómi þessa hv. þm. og allra annarra hv. þm. Framsfl., er sú, að meiri hl. þjóðarinnar og Alþingis hefur breytt stjórnarskrá landsins og kjördæmaskipun þeirri, er áður var í gildi. Og þetta eru ekki ný rök. Allt síðan ég fyrst kom á þing sumarið 1942 hef ég sí og æ heyrt þennan sama tón. Alla tíð síðan hefur Framsfl. og þm. hans haldið því fram, að öll eftirfarandi atriði séu kjördæmabreytingunni að kenna: Stjórnarkreppan haustið 1942, utanþingsstjórnin 1942—1944, stofnun lýðveldis 1944 undir utanþingsstjórn, aukin áhrif kommúnista á stjórnarfar landsins, ósamkomulag um utanríkismál og varnir landsins, — allt, sem aflaga hefur farið í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrr og síðar, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Og allt þetta skal vara og versna frá ári til árs, ef kjördæmaskipuninni verður ekki breytt á ný í gamla horfið.

Maður undrast það, að menn, sem bæði hafa haft djúptæk áhrif á landsmál nærri hálfa öld og ætla sér það enn um langan aldur, skuli ekki skilja það, að hverjum vanda ber að mæta með hliðsjón af því, sem er, en ekki sem var. Slíkir menn eru ekki lengur lifandi baráttumenn í landsmálunum. Þá hefur dagað uppi eins og tröllin að fornu. Þeir kunna að vera skemmtilegir hraundrangar, skrýtnir að formi og línum í landi, sem skipar sér í fylkingu með framförum menningar og lifandi hugsjónar. En þeir verða aldrei forustumenn framsóknarinnar þjóða, nema þeir þokist meir og meir frá slíkum fordómum að halda, að réttlát breyting á stjórnskipunarlögum sé einhver landsvoði.

Eitt ágætasta skáld þjóðarinnar segir í einu litlu ljóði:

„Að deyða sjálfan sig,
er synd mót lífsins herra,
en að lifa sjálfan sig
er sjöfalt verra."

Hv. 1. þm. Austf. gengur nú á móti þeim örlögum sínum að lifa sjálfan sig. Árum saman hélt hann uppi harðri ádeilu á alla þá óhamingju, sem kommúnisminn mundi leiða yfir þessa þjóð, ef forustumönnum hans væri gefið tækifæri til þess að auka áhrif sín og völd í þingi og stjórn og á atvinnulíf þjóðarinnar. Vorið 1956 snýr hann við blaðinu. Þá er hamingja Íslands allt í einu undir því komin, að þessir menn, sem hv. 1. þm. Austf. varði mörgum stundum, mörgum dögum og mörgum árum til að vara þjóðina við, kæmust til valda sem fyrst á Íslandi og hefðu þar sem mest ítök og áhrif.

Stjórnmálaforingi, sem vinnur það til að ómerkja öll sín mörgu orð, sem hann hefur þannig sagt þjóð sinni um þessa hættu, vinnur það fyrir völd ein, hann hefur vissulega lifað sjálfan sig sem þjóðmálaleiðtogi. Honum er hentast að skilja örlög sín og láta aðra taka við forustu í baráttu fyrir málum, sem Íslandi er nauðsynlegt að nái fram að ganga.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) sagði við 1. umr. frv., að útvegurinn þyrfti enga sérstaka aðstoð frá því, sem honum hefði verið úthlutað í tíð vinstri stjórnarinnar. Ef útgerðarmenn gætu ekki starfrækt togarana undir því efnahagskerfi, þá skyldu þeir bara afhenda tækin stéttarfélögunum, þau mundu ekki verða í neinum vandræðum með að reka þau sér og þjóðinni til hagsbóta. Þetta voru hans óbreyttu orð hér við 1. umr. Hér hefur nú verið lagt upp tveimur togurum, sem almenningur á Austurlandi hefur rekið árum saman með mikilli samúð og mikilli aðstoð frá ríkissjóði. En þetta hefur ekki dugað. Væri ekki rétt, að hv. 3. þm. Reykv. kæmi því nú í verk, að stéttarfélögin, sem hann ræður svo mjög yfir og trúir svo mjög á, fengju nú tækifæri til þess að sanna ummæli hans og taka þegar við þessum flota til útgerðar? Mætti þá svo fara, að augu hv. þm. opnuðust nokkuð fyrir því, sem gera þarf til

þess að tryggja efnahagsafkomu útgerðarinnar, ef hann þá vildi sjá og hafa það, sem sannara reynist.

Íslenzka þjóðin þarf ekki í dag að halda á áróðursmönnum, sem fyrst og fremst bera fyrir brjósti hagsmuni annarra þjóða samfara pólitískum flokkshagsmunum, eða þeim, sem skapa vilja margvísleg sérréttindi fyrir sig og sína flokksmenn, svo sem ljóst er hjá stjórnarandstöðunni. Þjóðinni er meiri nauðsyn á mönnum, sem þora að segja þjóðinni satt um efnahagsástandið, þora að leggja fram till. til úrbóta og þora að berjast fyrir sama frelsi fyrir alla þegna þjóðfélagsins, og að því miðar ákvæði þess frv., sem hér er til umræðu.

Á meðan þjóðin hafði um aldir yfir sér erlenda þjóð, er réð í einu og öllu lífskjörum hennar og gerði þau jafnan kröpp, fylkti hún sér saman um að brjóta af sér þá hlekki, og þetta tókst að lokum, og hafa lífskjör landsmanna farið síbatnandi síðan tókst að brjóta hlekkina og auka frelsið. Það má því ekki ske, að þjóðin smíði sér nú sjálf hlekki, sem hefti fjör hennar og framtak. Hún verður að standa saman um það að koma efnahagsmálum sínum á traustan grundvöll, bægja frá skuldasöfnun út á við, bægja frá gjaldeyrishungri og atvinnuleysi, en hefja sókn til umbóta á öllum sviðum. En það verður því aðeins gert, að hver og einn taki á sig þær skyldur, sem útheimtast til þess að tryggja öruggan gjaldmiðil og treysta álit þjóðarinnar út á við engu síður en inn á við. Þeir menn, hvar í flokki sem þeir standa, sem að því vilja vinna, eru menn hins nýja Íslands, þess lands, sem neitar að hverfa á ný til örbirgðar, en stefnir með festu og þrótti að síbatnandi afkomu. Þeir menn, sem hafa þá skoðun, að rétt sé að berjast fyrir slíku máli, fylgja því frv. og hjálpa til þess, að það nái tilgangi sínum. Hinir greiða atkv. gegn því.

Ég hlustaði hér á hina rökstuddu dagskrá, sem frsm. 1. minni hl., 1. þm. Norðurl. v. (SkG), boðaði í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þar sem lagt er til, að öllum umbótum í efnahagsmálum verði frestað um sinn, en fulltrúar allra flokka verði að komast að samkomulagi um það, hvað gera skuli til úrbóta, og leggja þessar till. fyrir þing innan þriggja vikna. Það er sýnilegt, að ef þessi dagskrá yrði samþ., þá mundu úrbætur allar dragast um óákveðinn tíma og líklega ekki minna en tvo mánuði minnst, þó að samkomulag yrði eftir þrjár vikur að einhverju leyti um þær till. En það mundi verða ómetanlegt tjón fyrir þjóðina, ef slíkur dráttur ætti að verða á afgreiðslu málsins. Þetta mundi því gera það miklu erfiðara að koma á umbótum. En hitt væri þó enn skaðlegra, að þessi meðferð málsins yrði þá fyrst og fremst til þess að gefa þeim flokkum, sem sýnilega hafa hvorki löngun né úrræði til þess að bæta úr þessum málum, aðstöðu til þess að lauma inn í till. til úrbóta afbrigðum, sem aðeins yrðu til þess að tryggja pólitíska aðstöðu stjórnarandstöðunnar, flokkanna, sem nú finna álit þjóðarinnar snúast gegn sér vegna þess úrræðaleysis, sem þeir hafa haft um lausn þessara vandamála, og því á ekki að samþ. þá dagskrá, sem hv. þm. hefur boðað.

Helgi Bergs: Herra forseti. Við Íslendingar stöndum þessa dagana á alvarlegum tímamótum. Við stöndum andspænis nokkrum vanda í efnahagsmálum okkar, en í því eru í sjálfu sér ekki fólgin nein tímamót. Við höfum gert það árlega í áratug og jafnvel lengur. Tímamótin eru fólgin í því, að nú grípur hæstv. ríkisstj. þetta tækifæri til þess að boða algera stefnubreytingu á öllum sviðum okkar efnahagslífs. Nú á að kasta fyrir borð þeim meginstefnum, sem ríkt hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar í meira en mannsaldur og gert hafa mögulega þá stórfelldu atvinnuuppbyggingu, sem hér hefur átt sér stað á þeim tíma og skapað skilyrði fyrir þeim góða efnahag og lífskjörum, sem almenningur hérlendis býr nú við. Og í stað þess á að taka upp þá siðu að láta gróðasjónarmiðin ein ráða ríkjum, og löggjafarvaldið og ríkisvaldið skal leggja niður forustuhlutverk sitt í framfaramálum þjóðarinnar.

Áður en ég kem að því að ræða einstök atriði frv., vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um það í heild, þar sem þetta mál allt er þannig vaxið, að einstök atriði þess verða ekki skoðuð utan síns rétta samhengis.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki með vissu séð nákvæmlega, hversu mikil sú skekkja er, sem leiðrétta þyrfti í núv. efnahagskerfi. Yfirlýsingar hæstv. ráðh. og annarra ráðamanna um það efni hafa verið mjög mótsagnakenndar, og hvað hefur rekið sig á annars horn.

Fyrir nokkrum mánuðum, fyrir haustkosningarnar, var því haldið mjög að mönnum, að verðbólgan hefði ekki vaxið á árinu 1959, að útflutningssjóður hefði aldrei staðið sig betur en þá og afkoma ríkissjóðs væri góð. Þetta var raunar allt saman áréttað af hæstv. atvmrh. við 1. umr. fjárlaganna hér á hv. Alþingi á mánudagskvöldið var.

Nú gerðu menn sér það að vísu ljóst, að stuðningsmenn fyrrv. hæstv. ríkisstj. mundu hafa nokkra tilhneigingu til þess að færa afkomu ársins 1959 til betri vegar í málflutningi sínum. En samt fór ekki hjá því, að menn drægju almennt þá ályktun, að skekkjan í efnahagskerfinu væri varla svo stórfelld, að hún út af fyrir sig gæti réttlætt þau risastökk, sem nú er lagt til að verði tekin.

Stuðningsmenn þessa frv. segja, að það eigi að yfirgefa uppbóta- og styrkjastefnuna, það á að skapa eitt gengi, frjálsa verzlun og gjaldeyrisviðskipti og fullkomið athafnafrelsi, sem svo er kallað. Og fyrir því að þetta sé ekki aðeins nauðsynlegt, heldur einnig æskilegt, eru aðallega færð fern rök, sem hamrað er á með linnulausum áróðri ár og síð og alla tíð, og þar á meðal er notað fé ríkissjóðs til þess að breiða hann út.

Þessi fjögur atriði eru í fyrsta lagi, að kerfið, sem við nú búum við, leiði til greiðsluhalla að sjálfvirkum leiðum, sem verði ekki við ráðið. Útflutningsuppbæturnar á hverja gjaldeyr-

iseiningu séu hærri en yfirfærslugjaldið á sömu gjaldeyriseiningu og því hljóti að verða að taka gjaldeyrislán, svo að hægt sé að leggja yfirfærslugjald á fleiri einingar en útflutningsuppbætur eru greiddar á.

Þessi fullyrðing er auðvitað röng, vegna þess að útflutningssjóði voru og eru ætlaðir aðrir tekjustofnar en yfirfærslugjaldið eitt til þess að mæta þessum mismun. Hins vegar er þetta í samræmi við það, að hæstv. ríkisstj. hefur nú alveg gleymt, til hvers þessir tekjustofnar voru á sínum tíma ætlaðir, og nú ætlar hún að innlima þá í ríkissjóðinn til þess að standa undir þeim aukna kostnaði í ríkisrekstrinum, sem leiðir af þeirri verðbólgu, sem nú á að steypa yfir þjóðina.

Í öðru lagi er talið, að þjóðin hafi ekki möguleika á því að standa undir greiðslubyrðinni af afborgunum og vöxtum af erlendum lánum. Þessi greiðslubyrði var á því ári, sem seinast eru til skýrslur um, árinu 1958, 5.7%, en hæstv. ríkisstjórn hefur látið áætla, að á árinu 1961 verði hún 11.4% af gjaldeyristekjunum. Og þeirri tölu er mjög haldið á lofti, eins og um staðreynd væri að ræða. En sannleikurinn er sá, að þessi áætlun vekur næsta lítið traust, m. a. vegna þess, að í henni er ekki gert ráð fyrir, að gjaldeyristekjurnar vaxi neitt að ráði á næstu árum, þó að ýmis stórvirk atvinnutæki, sem aflað hefur verið á seinustu árum, séu nú að komast í gagnið. Um þetta atriði birti einn af þekktustu hagfræðingum þjóðarinnar, dr. Benjamín Eiríksson, grein í Morgunblaðinu og Tímanum í fyrradag, þar sem hann gagnrýnir með mjög sterkum rökum málflutning hv. stjórnarflokka um þetta efni. Ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. alþm. hafi kynnt sér grein dr. Benjamíns, en ég vil þó — með leyfi hæstv. forseta — benda sérstaklega á eftirfarandi atriði:

Dr. Benjamín segir:

„Á árinu 1951 voru greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum innan við 2 millj. dollara. Árið 1958 var upphæðin orðin nærri 5½ millj. dollara. Aukningin nemur 3½ millj. dollara. En á þessu tímabili komu í framleiðslu áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja. Kostnaðurinn við að kaupa erlendis það, sem þær framleiða handa okkur, mun vera um 2½ millj. dollara, og er þá ekki reiknað með farmgjöldum. Þessar verksmiðjur eru báðar byggðar svo til eingöngu fyrir erlent fé. Greiðslur af því fjármagni til útlanda eru þegar reiknaðar í áðurnefndum tölum. Verksmiðjurnar spara því innflutning fyrir upphæð, sem slagar hátt upp í alla aukningu skuldabyrðarinnar. Er þá að sjálfsögðu margt ótalið, sem gert hefur verið fyrir erlent fé á tímabilinu, svo sem almenn rafvæðing, landbúnaðarframkvæmdir, skipakaup, frystihúsabyggingar og margt fleira.

Hér hef ég aðeins rætt um sparnað á innflutningi, en hvernig lítur svo þróun útflutningsins út. Ef við lítum á útflutninginn, sjáum við, að árið 1951 nam hann 45 millj. dollara, en árið 1958 66 millj. dollara. Aukningin er 21 millj. dollara. Ég held það geti ekki verið vafamál, að þjóðin er í alla staði betur fær til þess að standa undir greiðslu 5½ millj. dollara árið 1958 en 2 millj. dollara 1951, einmitt vegna þess, hve mikar framkvæmdir hafa verið unnar fyrir hið erlenda lánsfé."

Þetta segir dr. Benjamín.

Af þessu má það ljóst vera, að raunar ætti að liggja hverjum manni í augum uppi, að prósentureikningur ríkisstjórnarinnar í sambandi við þetta mál er út í hött. Vissulega mundi prósentan vera lægri, ef við hefðum ekki byggt sementsverksmiðjuna. En er eitthvað lakara að nota gjaldeyri til þess að greiða vexti og afborganir af sementsverksmiðjunni heldur en að kaupa fyrir hann erlent sement? Það er alveg ný kenning, ef því er haldið fram.

Í þriðja lagi er talið, að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar sé óbærileg og við það verði ekki lengur unað.

Gjaldeyrisstaða okkar Íslendinga hefur verið mjög erfið í 30 ár, að undanskildum stríðsárunum, þegar við gátum ekki fengið neitt fyrir þann gjaldeyri, sem við öfluðum. Og gjaldeyrisstaðan verður alltaf erfið, á meðan haldið er áfram uppbyggingarsókninni og atvinnutæki keypt fyrir allt það fé, sem við getum við okkur losað og fest hendur á. Þetta er ekkert undarlegt. Okkur hefur hvenær sem er verið í lófa lagið að bæta gjaldeyrisstöðuna í svipinn, en þó auðvitað aðeins í svipinn, með því að stöðva atvinnuuppbygginguna, eins og nú á að gera. Það hefnir sín fyrr en varir. En í sambandi við áróðurinn um þetta atriði er ástæða til þess að benda á, hvernig sá tímabundni og sérstaki gjaldeyrisskortur, sem gert hefur vart við sig á undanförnum mánuðum, er notaður til þess að villa um fyrir mönnum. Þessi gjaldeyriskreppa á augljóslega rætur sínar að rekja til þess m. a., að hv. stjórnarflokkar hafa ekki dregið neina fjöður yfir það að undanförnu, að þeir hygðu á gengislækkun. En það þarf engan speking til að sjá, að slíkar fyrirætlanir hljóta að draga úr útflutningi og þar með gjaldeyrisöflun, á meðan slíkt er í undirbúningi. Þessi gjaldeyriskreppa er þess vegna afleiðing hinnar fyrirhuguðu gengislækkunar, sem hún er svo notuð af fullri óskammfeilni til þess að rökstyðja.

Í fjórða lagi halda talsmenn frv. því á lofti, að misháar útflutningsbætur leiði til þess að draga fólk og fjármagn frá hinum hagkvæmari atvinnugreinum og yfir í þær, sem óhagkvæmari eru. Því verður vissulega ekki á móti mælt, að út í þær öfgar geta misháar útflutningsuppbætur farið, að þetta eigi sér stað. En þeirri fullyrðingu hefur ekki verið fundinn neinn staður, að svo langt hafi verið gengið í þessu efni hér á landi. Það hefur á hinn bóginn verið leitazt við að gera okkur mögulegt að nýta sem flestar auðlindir okkar, og ég er hræddur um, að mönnum kunni að bregða við, þegar hið svokallaða frjálsa gróðasjónarmið fær eitt að ráða því, hvar og hvenær útgerðarmenn gera út.

Um þetta atriði hafa ýmsir hv. þm. rætt mjög ýtarlega og gert því góð skil við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d., og ég sé ekki

ástæðu til þess að fara frekar út í þetta. En ég þykist hafa leitt að því nokkur rök, að þær 4 höfuðröksemdir, sem færðar eru fyrir nauðsyn þeirrar byltingar, sem áformuð er í efnahagsmálum okkar, séu að nokkru leyti byggðar á blekkingum og að nokkru leyti á fræðilegum hugleiðingum, sem eiga sér ekki stoð í íslenzkum veruleika.

Ég geri mér vel ljóst, að uppbóta- og niðurgreiðslukerfið, sem við búum við, er gallað. En það er hvorki óbærilegt né óbætanlegt, eins og talsmenn frv. vilja vera láta.

En hvað er þá að segja um þau markmið, sem stuðningsmenn frv. segjast hafa? Nást þau? Komumst við út úr uppbóta- og niðurgreiðslukerfinu? Gjaldeyrisuppbæturnar sjálfar eru að vísu afnumdar og þykir engum mikið, þegar hið skráða gengi er lækkað um 135%, en niðurgreiðslunum er öllum haldið, og eru þær þó ekkert annað en sérstakt form fyrir styrk til útflutningsframleiðslunnar til þess að lækka þann tilkostnað, sem hún ætti ella við að búa. Og meira að segja eru niðurgreiðslurnar auknar, og nú eru þær settar á erlendar vörur, — og raunar eru niðurgreiðslurnar enn meiri.

Það eru boðaðar auknar fjölskyldubætur, og þær eru kynntar þannig, að þær séu bætur fyrir þá verðhækkun, sem af þessum ráðstöfunum leiðir. Þar með er búið að gera þessa félagslegu ráðstöfun, sem í sjálfu sér er æskileg, að efnahagslegri ráðstöfun, lið í gengislækkunarkerfi hæstv. ríkisstjórnar. Og hvað er það þá í rauninni orðið annað en nýtt form fyrir niðurgreiðslur? Það verður ekki annað sagt en hæstv. ríkisstj. sé næsta hugvitssöm í þessu efni.

En næst þá eitt gengi? Stjórnarliðar hafa skemmt sér við það að undanförnu að telja gengin jafnmörg og flokka innflutningsgjalda, og það verður ekki séð, að þeim eigi að fækka og þá ekki heldur þeim gengjum, sem af því leiðir. En auk þess er ljóst, að niðurgreiðsla á erlendum vörum er ekkert annað en gengisívilnun fyrir þær vörur, það er hagstæðara gengi fyrir þær vörur en aðrar vörur.

Næst frjáls verzlun og gjaldeyrisviðskipti? Áfram eiga 40% af innflutningsverzluninni að vera bundin leyfisveitingum. Mér er ekki fyllilega kunnugt um, hvað þetta er mikil aukning á frelsinu í þessu efni, en mér er nær að halda, að hún sé lítil, svo mikið af ýmsum vörum sem hefur verið óháð leyfisveitingum á undanförnum árum. Og hvað með hið fullkomna athafnafrelsi, sem er boðað? Ætli ýmsir kunni ekki að verða þess varir, að lánsfjársamdrátturinn og hin nýja vaxtapólitík kunni að leiða til rétt eins mikils ófrelsis og sitt hvað annað?

Það er því ljóst, að þó að þetta frv. nái fram að ganga, næst alls ekki sá tilgangur, sem hæstv. ríkisstj. segist hafa. En sá tilgangur, sem hún hefur, næst: samdráttur atvinnu og framfara samhliða stórfelldri lækkun á raunverulegri kaupgetu launþega, — og þetta tvennt á illa saman og gerir þær byrðar, sem á fólk eru lagðar, þeim mun þungbærari.

Ég kem nú að því að ræða nánar einstök atriði frv. Mér virðast höfuðatriði þess vera þrjú:

1) Í 1. gr. er gert ráð fyrir að lækka gengið í 38 kr. pr. dollar, og það er gert án þess að afnema þau gjöld, sem áður komu að verulegu leyti í stað gengisbreytingar.

2) Í 23. gr. er lögbannað að hafa vísitöluákvæði í kjarasamningum.

3) Í 5. kafla, sem fjallar um vexti, er ákvörðun þeirra lögð í vald ríkisstjórninni og stórfelld hækkun þeirra boðuð.

Ég skal nú ræða þessi atriði hvert um sig nokkuð, um leið og ég mun aðeins ræða um fáeinar greinar frv. sérstaklega.

Gengisskráningin sjálf ein út af fyrir sig er ekki aðalatriði þessa máls, heldur það verðlag, sem hún ásamt útflutningsuppbótum og útflutningssköttum skapar útflutningsatvinnuvegum landsmanna, og það verðlag, sem gengisskráningin ásamt innflutningsgjöldum og niðurgreiðslum skapar neytendum í landinu. 1. og 2. kafli frv. verða því að skoðast í fullu samhengi, en þeir fjalla um þau atriði, sem áhrif hafa á þetta allt saman.

Hæstv. forsrh. lét hafa það eftir sér fyrir nokkru, að á árinu 1960 vanti 250 millj. kr. í útflutningssjóð til viðbótar núverandi tekjustofnum, til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar á því ári. Nú er að vísu ástæða til að ætla af ummælum hæstv. atvmrh. hér á mánudagskvöldið, sem ég gat um í upphafi, að þá sé þessi áætlun hæstv. forsrh. æði rúm. En hvað um það, þetta hlaut að þýða, að í hvaða formi sem ráðstafanir ríkisstj. yrðu, þá mundu þær á einn hátt eða annan taka þessa upphæð af neytendum eða almenningi og færa útflutningsatvinnuvegunum. Hæstv. viðskmrh. kallaði slíka ráðstöfun einu sinni að færa úr einum vasanum í annan, þó að hann vildi nefna það öðrum nöfnum í ræðu sinni í dag, en slíkar aðgerðir eru menn farnir að skilja til fulls. Það hlaut því að vekja almenna undrun, að sú upphæð, sem nú á að taka úr vösum neytendanna, nemur á annað þúsund millj., eins og sýnt hefur verið fram á við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. á alveg óvefengjanlegan hátt, enda hafa hæstv. ráðh. enga tilraun gert til þess að vefengja þetta. Hæstv. viðskmrh. reyndi það ekki heldur hér í ræðu sinni áðan, heldur vildi hann nefna þetta öðrum nöfnum en áður hafa verið notuð. Með þessum orðaleik sannaði hæstv. viðskmrh., að álögur yrðu aldrei lagðar á þjóðina, vegna þess að fé væri alltaf borgað út aftur, en hann rengdi ekki upphæðina, sem tekin er, enda vitum við vel, hver hún er og hvaðan hún er tekin. En það hefði verið gott, ef hæstv. viðskmrh. hefði viljað upplýsa í staðinn nákvæmar en gert hefur verið, hvert þessi upphæð á að fara.

En hvaða áhrif hefur þetta á lífskjör þjóðarinnar? Í sjálfri grg. frv. segir, að verðhækkanir á vísitöluvörum nemi 13%, en að af því jafnist að meðaltali 10% með fjölskyldubótunum og tekjuskattslækkuninni. Hér er verið að grípa tækifærið til þess að gera stórfellda breytingu á tekjuskiptingu ýmissa fjölskyldna. Sumum er bætt verðhækkunin að nokkru eða

jafnvel öllu leyti, öðrum ekki. Það er sagt: Ef þú hefur haft miklar tekjur og borgar háan skatt og átt mörg börn, þá skaltu fá bætur, en ef þú átt engin börn eða þau eru orðin 16 ára gömul og þú ert svo tekjulítill, að þú hefur ekki komizt nema í óverulegan tekjuskatt, þá færð þú ekki neitt. — Þessi mismunun hefur í för með sér hið herfilegasta misrétti, og mætti nefna þess ótal dæmi, sem ég hirði þó ekki um að gera að þessu sinni.

Hins vegar er rétt að minna á það í þessu sambandi, að þegar hv. stjórnarflokkar boðuðu afnám tekjuskattsins af mestum fjálgleik á s. l. sumri, þá voru einkum taldar til þess tvær orsakir, að það væri réttlætanlegt og æskilegt. Í fyrsta lagi voru talin vera svo mikil brögð að skattsvikum, að ekki yrði lengur við það unað, og í öðru lagi, að eftirlitið væri allt of kostnaðarsamt. Nú geta þeir ekki svikið undan skatti, sem hafa innan við 70 þús. kr. tekjur, því að þeir eiga engan að greiða. En mér er spurn: Var mesta hættan á því, að það væru þeir, sem svikju undan skatti? Voru hinir heilagir, sem græddu meira, eða dettur mönnum í hug, að þeir verði það frekar hér eftir? Og ekki verður séð, hvernig verulegur sparnaður verður við þetta á skattaeftirlitinu, þegar fjöldi manna og fyrirtækja á enn að greiða skatt, og svo þarf væntanlega að leggja á útsvörin, og allir verða þess vegna væntanlega að telja fram. En þetta var nú innskot. Ég var að ræða um verðhækkanirnar, sem augljóslega verða miklu meiri en þau 13%, sem boðuð eru.

Í grg. er talið, að innfluttar nauðsynjavörur hækki um 25%, en ég hef það eftir kunnum heildsala hér í bænum, að hann telji þetta algert lágmark, sem aðeins gildi um fáeinar vörutegundir. Sjálfur telur hann, að flestar innfluttar vörutegundir muni hækka um frá 25 til 40%. Það er enn fremur talið í grg., að landbúnaðarvöruverðið hækki um 12%, — og nú er mér spurn: Hvað er það þá, sem á að draga meðalhækkunina niður í 13%? Það er auðvitað ekki neitt, sem vegur svo mikið í vísitölunni, að það geti gert það. Verðhækkanirnar verða þess vegna augljóslega miklu meiri en látið er í veðri vaka.

En án þess að fara frekar út í það að ræða verðhækkanirnar á einstökum vörutegundum, vil ég benda á þá meginreglu, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum þetta allt, en það er það, að ekkert tillit virðist vera tekið til þess að þessu sinni við ákvörðun gjalda og þar með vöruverðlags, hvað þjóðinni sé nauðsynlegast. Nýi söluskatturinn er í fullu samræmi við þessa meginreglu. Hann leggst jafnt á allt, og þess vegna hefur söluskattur raunar af flestum lengst af verið talinn óréttlátastur allra skatta. En ég skal ekki lengja mál mitt með því að ræða um söluskattinn. Hann mun koma til umræðu á sínum tíma. En verðhækkunin, sem af þessum ráðstöfunum leiðir, er stærsta skref, sem tekið hefur verið í verðbólguátt hér á landi.

Áður en ég skil við 1. og 2. kafla frv., vil ég fara nokkrum orðum um eina greinina sérstaklega, en það er 17. gr. Íslenzki löggjafinn hefur, eins og löggjafar margra annarra landa, komið auga á, að eðlilegt sé, að sérstök gjöld á ýmsum rekstrarvörum bifreiða séu sérstaklega á lögð til þess að standa undir viðhaldi og endurbótum og aukningu vegakerfisins. Mér finnst sérstök ástæða til þess að vekja athygli á þessu nú, af því að við stöndum frammi fyrir mjög stórbrotnum verkefnum í vegamálum. Það eru nú í landinu um eða yfir 20 þús. bílar, flestir hér á Suður- og Suðvesturlandi. Umferðin um helztu þjóðvegi frá Reykjavík er nú orðin svo mikil, að ekki verður með neinu móti við annað unað en gert verði varanlegt slitlag á helztu þjóðvegi, þar sem umferð nemur jafnvel um 1000 bílum á dag, eins og á sumum tímum hér austur yfir Hellisheiði. Það er hér alls ekki um það að ræða fyrst og fremst að auka þægindi þeirra, sem um vegina fara. Þetta er fyrst og fremst fjárhagslegt mál. Viðhald vega er nú á fjárlögum áætlað 50 millj. kr., og mikill hluti þess fer til þess að skafa sömu mölina ofan í sömu holurnar dag eftir dag. Þetta eru fáránleg vinnubrögð, sem eru gott dæmi þess, að það er dýrt að vera fátækur. En svo fátækir erum við Íslendingar ekki lengur, að við getum leyft okkur slíkt og þvílíkt. Hér kemur líka til, að við eyðileggjum öll okkar farartæki með þessu móti fyrr en ástæða væri til og viðgerða- og varahlutakostnaður verður algerlega óhóflegur. Innflutningur varahluta til bifreiða mun nema þessi árin um 20 millj. kr. að fob-verði, og þegar á það koma þau gjöld, sem notandinn má greiða, og þar að auki vinnukostnaður, þá sjá menn, um hve stórfelldar upphæðir er hér að ræða, og mikill hluti af þessu er einmitt vegna þess, í hvaða ástandi vegakerfið er. Það verður því ekki komizt hjá því að gera myndarlegt átak í þessu efni án tafar, og það er þess vegna illt að sjá á eftir þessum stórauknu gjöldum á benzíni, þeim eðlilega tekjustofni í þessu sambandi, beint ofan í pottinn, sem á að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirrar verðbólgu, sem ráðgerð er. Ég get ekki trúað því, að hv. þdm. geti á þetta fallizt, án þess að fé sé ætlað til þeirra stóru verkefna, sem hér liggja fyrir.

Ég kem þá að því að fara nokkrum orðum um 23. gr. Ég hef talið og tel enn baráttuna gegn verðbólgunni eitt mesta hagsmunamál alls almennings í landinu. Nauðsyn þess að beita öllum skynsamlegum ráðum í baráttunni við hana er augljós. Ég hef einnig talið, að vísitöluskrúfan eigi sinn þátt í verðbólguþróuninni. Hins vegar verður því ekki á móti mælt, að vísitöluákvæði í kjarasamningum gefa launþegum nokkra tryggingu, nokkra neyðarvörn gegn stóráföllum. Hins vegar er einnig hægt að misnota vísitöluákvæðin þannig, að þau nái ekki nema að nokkru leyti tilgangi sínum, eins og dæmin sanna, því að vísitalan hefur einmitt verið notuð til þess að snuða launþega í sumum tilfellum, eins og þegar almennum verðhækkunum er svarað með því að greiða niður einhverja vöru, sem vegur þungt í vísitölunni. En með því að ég hef álitið, að vísi-

töluskrúfan eigi sinn þátt í verðbólguþróuninni, þá hef ég álitið og raunar Framsfl. jafnan talið nauðsynlegt að kippa vísitöluskrúfunni úr sambandi, þannig að stöðvast megi víxlhækkun launa og vöruverðs, en á það hefur Framsfl. alltaf lagt áherzlu, að það megi aðeins gera með samkomulagi milli launþega og framleiðenda, og Sjálfstfl. hefur sett það sama inn í kosningastefnuskrá sína frá því í haust, þó að nú eigi að svíkja það kosningaloforð, eins og raunar fleiri. Nú á að lögbanna vísitöluákvæðið í kjarasamningum. Það er skoðun mín, að þetta sé mjög hættulegt ákvæði í frv. og kannske það ákvæði, sem beri í sér örlög þeirra ráðstafana, sem hér eru til umræðu. Það hefur engan tilgang að setja svona ákvæði í lög, vegna þess að vilji launþegar ekki fallast á það með frjálsum samningum, þá leiðir lagaákvæði um það ekki til neins nema vandræða. Árangurinn verður aðeins sá, að kjarasamningar verða gerðir til styttri tíma, vinnudeilur og verkföll tíðari og eilífur ófriður á vinnumarkaðinum, sem leiðir til tjóns fyrir launþega, fyrir atvinnurekendur og fyrir þjóðfélagið allt. Hér er því um að ræða algerlega tilgangslausa ögrun við launþegasamtökin, sem ekkert getur leitt af nema vandræði. Stjórnarflokkarnir hafa enga von um það, að launþegar sætti sig við þá gífurlegu kjaraskerðingu, sem af ráðstöfunum þessum leiðir, m. a. vegna þess, að launþegar sjá það, að hún er ekki nauðsynleg til þess að halda áfram blómlegu athafnalífi og miklum framkvæmdum. Það er raunar skoðun mín, að þjóðin sé þess albúin að taka á sig nokkrar fórnir, ef þær væru nauðsynlegar, til þess að geta haldið áfram atvinnuuppbyggingunni í landinu, en ekki til þessa, sem hér er stefnt að.

Ég kem þá að þriðja meginatriði þessa frv., sem er vaxtahækkunin. Vextir eru þegar hærri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Samt er sagt, að þeir séu of lágir og það sé framboð og eftirspurn peninganna, sem eigi að ráða um það, hvað vextir skuli vera háir í landinu, þó að til þess að svo megi verða, þurfi að afnema okurlögin.

Það hafa á undanförnum áratugum orðið hér á landi miklar og stórstígar framfarir. Á þessu tímabili hafa verið byggð upp öll þau atvinnutæki, sem þjóðin er hreykin af og það með réttu. Ég hika ekki við að fullyrða, að meginhluti þessarar uppbyggingar hefði farizt fyrir, ef hin fræðilegu kapítalistísku lögmál um framboð og eftirspurn peninga hefðu ráðið vöxtum af því fé, sem til þessa hefur gengið.

Framsfl. beitti sér fyrir 30 árum fyrir þeirri stefnu, sem síðan hefur verið fylgt í fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Það hafa verið byggðir upp myndarlegir sjóðir, að vísu ekki nægilega stórir, m. a. vegna þess, að verðbólgan hefur nagað þá sí og æ, en þeir eru myndarlegir samt. Þessir sjóðir hafa verið byggðir upp til þess að annast fjárframlög til uppbyggingarinnar í landinu. Vextir af þessum sjóðum eru ákveðnir með lögum, og það er greinilegt, að löggjafinn hefur aldrei ætlazt til þess, að framboð og eftirspurn peninganna réði vöxtum af þessu fé, heldur voru vextirnir ákveðnir lágir til stuðnings við uppbygginguna í landinu. En með áratugastarfi löggjafans hafa verið festir í lög miklir lagabálkar um þessa sjóði, um fiskveiðasjóð, um stofnlánadeild sjávarútvegsins, um byggingarsjóð sveitanna, ræktunarsjóð, um húsnæðismálasjóðina, þ. e. byggingarsjóð ríkisins, byggingarsjóð verkamanna, raforkusjóð. Eitt meginatriði þessara lagabálka er sú vaxtapólitík, sem þar er ákveðin. Nú á að brjóta þetta allt niður með einni grein, 32. gr. í frv., sem segir, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða vaxtakjör og lánstíma í þessum sjóðum, og með annarri grein, 31. gr., eru svo okurlögin í rauninni numin úr gildi, til þess að ríkisstj. geti farið sínu fram í þessu máli. Jafnframt þessu er svo gert ráð fyrir því í grg., að útlán bankanna skuli ekki fara fram úr því, sem þau eru nú. Þessi ákvæði hljóta, ásamt þeim miklu verðhækkunum, sem leiðir af þessum ráðstöfunum, að leiða til hins alvarlegasta samdráttar í atvinnulífi okkar, í viðskiptalífi og sérstaklega í fjárfestingu og þá fyrst og fremst í fjárfestingunni úti um land.

Það er þessi samdráttarstefna, sem einkennir þetta frv. öðru meira, þetta algera frávik frá þeirri uppbyggingarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum áratugum. Og það á fyrst og fremst að stöðva fjárfestinguna, uppbyggingu atvinnuveganna. Eyðslan má gjarnan halda áfram hjá þeim, sem enn kunna að eiga einhverja peninga, eftir að ráðstafanir þessar eru í gildi gengnar, og til þess að svo megi verða, á að taka 800 millj. kr. lán hjá alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum.

Talsmenn frv. halda því fram, að vaxtahækkunin sé nauðsynleg til þess að auka sparifjármyndunina í landinu. En það eru áreiðanlega aðrar leiðir betri til þess að vernda hagsmuni sparifjáreigenda en sú stórfellda gengislækkun og eftirfylgjandi verðhækkanir, sem hér eru ráðgerðar. Víst er það rétt, að það ber að verðlauna sparifjáreigendur og skattleggja þá, sem miklu eyða. En það á ekki að gera það með því að leggja í rúst þá vaxtapólitík, sem allar framfarir þjóðarinnar hafa byggzt á um áratugi. Framsfl. hefur bent á leiðina í þessu efni, sem er eyðsluskattar og verðtrygging sparifjár, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) hefur borið fram till. um hér á hv. Alþingi. Það hefur komið svo greinilega í ljós, að það verður á engan hátt vefengt, að verðtrygging er sparifjáreigendunum miklu meira virði en háir vextir. En í stað þess er valið að hækka vextina gífurlega og draga með því úr fjárfestingunni og uppbyggingunni, enda er ekki dregin nein dul á það í frv., því að í grg. segir á bls. 24, að ráðstafanirnar geri Seðlabankanum kleift að flytja nokkurn hluta þess fjármagns, sem undanfarið hefur farið til fjárfestingarlána, yfir í rekstrarlán atvinnuveganna. Það er ljóst, að vexti af rekstrarlánum atvinnuveganna hlýtur almenningur í landinu eðli málsins samkvæmt að borga. Og þeir geta borgað háa vexti, sem geta þannig velt þeim yfir á aðra. Þessi ákvæði koma ekki verst við þá, sem verzla eða annast viðskipti. Þeir velta

vöxtunum yfir á vöruverðið og þar með almenning. Það er fyrst og fremst unga fólkið, sem er að byggja sér íbúðir, ef til vill að koma fótunum undir atvinnurekstur af einhverju tagi til sjávar og sveita, sem verður fyrir barðinu á vaxtahækkuninni og lánsfjársamdrættinum. Og svo er það landsbyggðin, fólkið úti um allt land, sem hefur notið góðs af þeirri atvinnuuppbyggingu og framförum, sem fram hafa farið þar.

Það vita allir, hvert einkafjármagnið hefur flutzt og flyzt. Útgerðarmenn og aðrir, sem efnazt hafa í dreifbýlinu, flytjast suður, þegar þeir eru komnir í efni.

Það fé, sem er tiltækilegt til fjárfestingar í dreifbýlinu, er, auk opinberra framlaga, peningar úr þeim sjóðum, sem nú á að eyðileggja eða a. m. k. gera þannig, að fólkið geti ekki notað sér þá, og svo er það fé, sem útvegað er með lántökum með ríkisábyrgð. Nú hafa hæstv. ráðh. mjög undirstrikað það í þessum umræðum, hvað hættulegar þessar ríkisábyrgðir séu og að þeim þurfi að hætta. Það á sem sagt einnig að taka fyrir þetta. Þriðja leiðin, sem fólkið hefur haft til þess að halda fjármagninu í byggðarlögunum, eru fjármyndanir samvinnufélaganna. Sjóðir samvinnufélaganna eru eina fjármagnið, sem verður ekki flutt burt úr byggðarlögunum, en það skal ekki heldur fá að vera í friði. Samkv. 33. gr. frv. skal réttur Seðlabankans til þess að binda fé banka og sparisjóða einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaganna. Einnig þetta fé skal flytja suður. En sé þetta talið réttlæti gagnvart samvinnumönnum, sem vilja leggja sínum eigin félögum til rekstrarfé, þá sakna ég ákvæða í þessu frv., sem teygja lúku Seðlabankans inn í þá sjóði, sem eignamennirnir eiga inni hjá fyrirtækjum sínum.

Í upphafi máls míns sýndi ég fram á það, að málflutningur hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli byggðist að verulegu leyti á blekkingum og ýkjum. Efnahagsástand þjóðarinnar er málað dekkri litum en nokkur heil brú er í, en tilgangurinn er sá að hræða þjóðina til þess að sætta sig við ráðstafanir, sem virðast vera ákveðnar í írafári og án nægilegrar umhugsunar. En það er verið að hræða fleiri. Hvað halda þær þjóðir um okkur, sem við viljum helzt eiga viðskipti við, þjóðir, sem eiga að baki langa þroskasögu og hafa byggt sig þannig upp, að ég sé ekki ástæðu til þess að efa, að þeim geti hentað það hagkerfi, sem sniðið er beint eftir hinum fræðilega kapítalisma? Það hefði verið nær að eyða tíma og orku í það að skýra fyrir þessum þjóðum sérstöðu okkar Íslendinga, efla skilning þeirra á hinum sérstöku vandamálum, sem hafa skapazt í sambandi við okkar hröðu atvinnuuppbyggingu, heldur en ætla sér að gleypa í einum bita þeirra hagkerfi í sínu versta formi.

Það er enginn vafi á því, að afleiðingar þessara ráðstafana, ef framkvæmdar verða, verða mjög alvarlegar. Hjá launþegum leiða þær til stórhækkunar á neyzluvörum þeirra og jafnframt fljótlega til minnkandi atvinnu og jafnvel atvinnuleysis, sem er versta form kjaraskerðingar, sem hugsanlegt er. Hjá bændum leiðir þetta ekki aðeins til hækkunar á rekstrarvörum þeirra, sem gera verður að óreyndu ráð fyrir að fáist bættar í afurðaverði, og til hækkunar á neyzluvörum eins og hjá öðrum landsmönnum, sem er ekki gert ráð fyrir að verði bætt þeim frekar en öðrum, heldur leiðir þessi nýja stefna í efnahagsmálum einnig til sölutregðu vegna minnkandi kaupgetu neytenda.

Víst er um það, að uppbóta- og styrkjakerfið er meingallað og hvimleitt. En það er mikið hægt að laga það enn þá, og það gefur okkur möguleika á nú enn um sinn að nýta allar auðlindir okkar eða a. m. k. fleiri en þær, sem nýttar verða, ef gróðasjónarmiðið ræður eitt. Við getum tryggt næga atvinnu í landinu og mikla framleiðslu- og atvinnuuppbyggingu. Og gamla kerfið hefur nokkurn kost, sem það, sem nú er boðað, skortir algerlega: Það er hægt að laga það nokkuð í hendi sér. En ef gengið er stórlega lækkað og verðbólguskrúfan sett af stað og launþegar sætta sig ekki við það, sem auðvitað er ekki heldur hægt að ætlast til, hvað þá? Á þá að snúa við? Nei, þá snýr nefnilega enginn við. Þá erum við algerlega bjargarlausir í hringiðu hinnar sönnu óðaverðbólgu. Þá hafa eyðslulánin aukizt um 800 millj. kr., verðbólgan um yfir 1000 millj. kr. og tekur á sig meiri ofsahraða en nokkru sinni fyrr. Þeirri þjóðarógæfu verður að afstýra, og því verður að fella þetta frv. eða vísa því frá. Það er í rauninni furðulegt, að ríkisstj., sem styðst við jafnveikan meiri hl. utan þings og innan eins og núv. hæstv. ríkisstj., skuli leyfa sér að ráðast í jafnróttæka gerbyltingu á öllum sviðum okkar þjóðlífs.

En sé róttækra aðgerða þörf, þá ber í fyrsta lagi að gera fyrir því gleggri tölulega grein en hv. Alþingi hefur verið gerð í sambandi við þetta frv., í öðru lagi verður að finna aðrar leiðir en þær, sem boðaðar eru í þessu frv., og í þriðja lagi verður að ná um þær víðtækari samvinnu en nú hefur verið gert. Að þessu miðar dagskrártill. hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), sem ég leyfi mér að mæla með að verði samþykkt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það liggja stórar till. fyrir Alþingi um þessar mundir, og hæstv. ríkisstj., sem að þeim stendur, hefur leyft sér að gefa þeim nafnið „viðreisn“. Það er nú raunar svo, að þegar við veltum því fyrir okkur í alvöru, hvað eigi að reisa við, þá er ekki alveg víst, að menn komi auga á, hvað það er. Það er full atvinna í landinu og hefur verið um skeið. Ekki á viðreisnin að vera fólgin í því að koma hér á meiri atvinnu. Það er hér mjög ört vaxandi framleiðsla, hefur verið tvö undanfarin ár a. m. k. Ekki virðist till. við það miðaðar að auka framleiðsluna. Ekki er viðreisnin fólgin í því. Það mætti lengur leita án þess, að maður fyndi það, að viðreisnin, sem stjórnin boðar í þessum ráðstöfunum sínum, komi yfirleitt mjög við íslenzku þjóðlífi, og meira að segja það sem verra er, að það liggur í augum uppi, að þær koma í rauninni þvert

á þær framfarir og það bezta, sem nú er í okkar þjóðlífi. Atvinnulífið mun dragast saman að þeim samþykktum, framleiðslan mun minnka. Það mun ekki stafa af þeim nein viðreisn. Það er hægt að kalla svona tillögur viðreisn í bók, gefa hana út á ríkisins kostnað, senda hana hverju mannsbarni í landinu, en það verða ekki viðreisnartillögur að heldur.

Hvað er nú það, sem þeir ráðherrar, sem hér hafa mælt fyrir ríkisstj., vilja segja því til réttlætingar, að svona frv. er lagt fyrir Alþ.? Jú, það er vert að rifja upp aðalatriði þess.

Í framsöguræðu sinni sagði Ólafur Thors, hæstv. forsrh., að greiðsluhallinn við útlönd væri slíkur, að þörf væri þeirra aðgerða, sem hér er lagt til að lögfestar verði, og í öðru lagi, að greiðslubyrði okkar af erlendum skuldum væri svo þung, að þetta væri nauðsynlegt. Hæstv. viðskmrh. (GÞG) bætti því við þessar röksemdir, að þessi stefna, sem í frv. væri fólgin, væri sú eina hugsanlega leið fyrir þjóð, sem vildi vera sjálfstæð og vildi lifa á eigin aflafé, eins og hann gjarnan orðar það. Hann bætti við þetta nokkrum orðum um það, að bátagjaldeyriskerfið svonefnda væri upphaf hins margfalda gengis, væri upphaf uppbótakerfisins, og það kerfi hefði verið óheillaspor, þess vegna væri það nú mikil dáð, sem drýgð væri með því að koma því burt úr okkar efnahagslífi.

Áður en ég vík sérstaklega að þessum höfuðröksemdum, sem ráðh. þeir, sem einkum hafa hér mælt fyrir frv. þessu, hafa gert að sínum meginstoðum í rökfærslu, vil ég leyfa mér að benda á, að bátagjaldeyriskerfið eða uppbótakerfið eða millifærsluleiðin, eins og þetta hefur ýmist verið kallað á hinum ýmsu stigum, er að sjálfsögðu ekki þess háttar kerfi, að ég vilji mæla þau orð, að það sé nákvæmlega það, sem okkur hentar, og sízt á því stigi eins og það hefur staðið nú að undanförnu. Á hinn bóginn leyfi ég mér að fullyrða, að þrátt fyrir galla þess kerfis var þjóðin betur komin með það heldur en það, sem hæstv. ríkisstj. leggur nú til að framkvæmt verði, og mun ég leitast við að sýna fram á það.

Það hafa verið hrakin hér allrækilega þau höfuðrök, sem hæstv. forsrh. færði hér fyrir nauðsyn frv., að greiðsluhallinn við útlönd væri slíkur, að við ættum ekki annars kost en flytja þetta frv. En ég leyfi mér að endurtaka það hér: Þetta er ekki frambærileg ástæða, greiðsluhalli við útlönd er raunverulega enginn á árunum 1958 eða 1959. Það er að vísu rétt, að miðað við bókhald eitt saman varð 90 millj. kr. greiðsluhalli á tekjuöflun og útgjöldum íslenzka ríkisins í erlendum gjaldeyri. En það er einnig viðurkennt, að birgðaaukning landsmanna af vel seljanlegum útflutningsvörum jókst um sömu upphæð á því ári. Hver sá maður, sem taka vill tillit til raunverulegs ástands, hlýtur að verða að meta þessa birgðaaukningu til gjaldeyristekna, og þegar það hefur verið gert, kemur í ljós, að á því ári var ekki greiðsluhalli. Ég hef hér að sjálfsögðu ekki tölur um, hvernig árið 1959 kemur út að þessu leyti, ekki tæmandi tölur, en ég veit það þó, að á því ári varð veruleg framleiðsluaukning, svo að ætla má, að ekki hafi heldur orðið neinn raunverulegur greiðsluhalli við útlönd á því ári, þegar tekið er tillit til birgðaaukningar. Hitt er rétt, að þegar setið hefur í landinu ríkisstj. um margra mánaða skeið á s. l. ári, sem hefur gefið það í skyn og jafnvel beinlínis sagt það, að rétt á næstu grösum væru ráðstafanir, sem breyta ættu gengi íslenzku krónunnar þannig, að gengið yrði lækkað, þá hefur tilhneiging útflytjenda að sjálfsögðu verið sú að fara sér mjög hægt um allan útflutning og geyma birgðir sínar, eftir því sem mögulegt var, þangað til sú gengisbreyting hefði átt sér stað. Ég ætla, að þetta sé veruleg ástæða og verulegasta ástæðan fyrir því, að bókhaldslega mun vera nokkur greiðsluhalli á árinu 1959, en birgðaaukningin er líka meiri en á árinu þar á undan.

Ég get ekki skilizt svo við þetta mál, að ég fletti ekki upp í helgiriti ríkisstj., „Viðreisn", þar sem gefin er upp í tölum sú nauðsyn, sem til þess rak, að þetta frv. var flutt og að lögfesta á nú þær ráðstafanir, sem í frv. eru boðaðar og gerðar till. um. Þar segir á bls. 43 um gjaldeyristekjur Íslendinga í áætlun, sem þar er gerð: „Gjaldeyristekjur á árinu 1959 — 1466 millj." Jú, það er vitað mál, að við höfum meiri gjaldeyrisþörf en þetta, það skal ég viðurkenna. En þessi tala er þarna birt þvert ofan í það, að uppgjör ársins 1958 sýnir 1536 millj. kr. gjaldeyristekjur Íslendinga, — 1536 millj. kr. Það var árið 1958. Á árinu 1959 varð í sjávarútvegi, sem er okkar aðalatvinnuvegur um útflutning, 10—11% framleiðsluaukning. Og svo kemur ríkisstj. og birtir nú á árinu 1960 áætlunartölu um gjaldeyrisöflun Íslendinga á s. l. ári og áætlar gjaldeyristekjurnar þá 1466 millj., og á þessu er svo byggt allt það volæði, sem ráðherrar boða hér sem rök fyrir sínu frv. Hér er því um að ræða hreina fölsun, og bjartsýnin í væntanlegri framleiðsluaukningu næstu ára er slík, að hún hæfir eingöngu afturhaldsríkisstjórn. Þar er gert aðeins ráð fyrir því að vísu, að þokist upp gjaldeyristekjur Íslendinga, en miklum, miklum mun minna en raun hefur orðið á tvö s. l. ár. Það kann að vera rétt áætlun, ef ríkisstj. tekst að koma áformum sínum fram, því að ég viðurkenni, að að því frv. samþykktu, sem hér liggur fyrir, getum við reiknað með ofur hægri framleiðsluaukningu, ef þá ekki skrefum aftur á bak í þeim efnum. En að öllu eðlilegu getur framleiðsluaukning Íslendinga orðið miklum mun meiri en gert er ráð fyrir í þeirri áætlun, sem ríkisstj. byggir hér öll sín plön á.

Nú skal ég ekki neita því, að þrátt fyrir það að okkar gjaldeyristekjur eru meiri en ríkisstj. gefur upp, þá væri það ofur hagkvæmt fyrir okkur að auka okkar gjaldeyristekjur enn, og það mundi hver sæmilega framsækin ríkisstj. reyna að gera, öfugt við það, sem þessi myndar sig til, og skal ég koma að því nánar síðar.

En segjum nú, að allt það væri satt og rétt, sem ríkisstj. hefur sagt um gjaldeyrisöflunina, að hún væri of lítil, er þá þetta frv. einhver leið til þess að bæta þar um? Ég segi nei og

aftur nei. Þegar Íslendingar selja vörur sínar úr landi, selja þeir ekki vörur sínar fyrir íslenzkar krónur, og verð á þeim er ekki miðað við íslenzkar krónur. Þar er allt verðlag miðað við erlenda mynt. Og þó að við breytum genginu hjá okkur, þá aukum við ekki gjaldeyristekjur okkar um einn einasta eyri fyrir það. Á sama hátt ráðum við engu með okkar gengisskráningu um verð á innfluttum vörum. Hér breytum við því alls engu með gengisskráningu, og sú höfuðröksemd ríkisstj., að nauðsyn sé að samþ. þetta frv. vegna þess, að við höfum greiðsluhalla við útlönd, er þess vegna bábilja ein. Í aðeins einu tilviki hefur þetta atriði áhrif, þ. e. a. s. í sambandi við þá vinnu, sem við seljum Bandaríkjaher og hans verktökum. Þar höfum við að undanförnu látið þá verktaka borga þannig fyrir íslenzka vinnu, að einn dollar hefur verið metinn til 16 kr. rúmlega. Nú á að meta einn dollar til 38 kr. Það þýðir, að miðað við óbreyttar framkvæmdir hjá herliðinu, miðað við óbreytt kaup þess á íslenzku vinnuafli, þá hefur herliðið á undanförnum árum orðið að borga um það bil 12 millj. dollara á ári fyrir vinnuna, sem því hefur verið seld héðan úr landi. Fyrir sömu vinnu getur herliðið eftir gengisbreytinguna komizt af með að borga 5 millj. dollara. Það á því að gefa Bandaríkjaher 7 millj. dollara á ári, en það jafngildir um það bil 266 millj. íslenzkra króna, og segi menn svo, að við höfum ekki herkostnað hér í landinu. Það liggur því í augum uppi, að okkar gjaldeyrisstaða batnar ekki við samþykkt þessa frv., heldur versnar hún sem nemur þessari upphæð.

Þessi þunga röksemd hæstv. forsrh. er þess vegna engin röksemd, og ekki bara það: Hún er öfugmæli.

Þá skulum við koma að hinu höfuðvígorði ríkisstj.: Greiðslubyrðin er of þung, við þurfum að borga meira í vexti og afborganir af erlendum lánum en þjóðin getur risið undir. — Rétt er það, að við höfum allþunga greiðslubyrði af lánum, og væri virðingarvert að gera ráðstafanir til þess, að hún gæti minnkað á komandi árum. En er nú þetta frv. ráðstöfun í þá átt? Ekki kem ég auga á það. Eitt atriðið er það að auka heimildir ríkisstj. til þess að taka erlend lán, og jafnframt er tilkynnt, að við höfum þegar fengið loforð fyrir stóru slíku láni, og segja mætti mér, að byrjað væri þegar að draga á það lán, þótt ekki sé mér það kunnugt. Ekki minna en 780 millj. kr. á nú að bætast við okkar lán erlendis, og trúi því svo hver sem vill, að sú ráðstöfun muni minnka okkar greiðslubyrði.

Hæstv. viðskmrh. hélt hér langa tölu varðandi þetta atriði í dag og vildi þar reyna að halda því fram, að þetta lán væri alveg sérstaks eðlis og þar af leiðandi mætti ekki tala um það um leið og önnur lán. En ekki varð ég þess var, að hann afsannaði það, að af þessu láni þyrfti að borga vexti né heldur að þetta lán þyrfti að borga upp á sinni tíð. Hann sagði að vísu, að við þyrftum að eignast gjaldeyrissjóð og þetta lán ætti í rauninni að vera gjaldeyrissjóður. Ég viðurkenni, að það væri mjög til bóta, ef íslenzka þjóðin eignaðist gjaldeyrisbirgðir, sem hún gæti gripið til, þegar á þyrfti að halda. Það er henni raunar nauðsynlegt, ég viðurkenni það. En að fá gjaldeyrissjóðalán á vöxtum, það sé ég ekki að leysi vanda þjóðarinnar. Það þarf gáfaðri menn en mig til þess að skilja það.

Ég held þess vegna, að hin höfuðröksemdin, sem sagt sú, að greiðslubyrðin væri svo þung, að við þyrftum að samþykkja þetta frv., sé einnig öfugmæli. Mér hefur ekki tekizt að koma auga á nokkurt atriði í þessu frv., sem bendi í þá áttina, að við séum hér að létta á greiðslubyrði, en þvert á móti liggur það í augum uppi, að við erum að þyngja greiðslubyrðina.

Ég kem þá að því stóra atriði hæstv. viðskmrh., að hann heldur því fram, að þetta frv. sé eina leiðin til þess, að við getum verið sjálfstæð þjóð og lifað á eigin aflafé. Ja, það er nú það.

Ég þykist hafa sýnt hér fram á, að frv. gerir síður en svo að færa okkur nær því að lifa á eigin aflafé. Það er einmitt gengið í það af nokkurri elju og dugnaði að hækka okkar erlendu lán og gera ráðstafanir til þess, að við getum lifað á auknum lánum erlendis frá um skeið. En í helgiriti ríkisstj. og raunar í grg. frv. líka segir eitthvað á þessa leið í sambandi við afsökun á því, að við ætlum að gefa Bandaríkjastjórn 266 millj. kr. á ári:

„Á hinn bóginn telur ríkisstj. sanngjarnt, að Bandaríkjastjórn fyrir sitt leyti stuðli að því að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þessi breyting hefur á greiðsluviðskipti þjóðarinnar. Um þetta atriði hafa undanfarið átt sér stað viðræður á milli fulltrúa frá ríkisstjórnum beggja landa, og telur ríkisstj., að viðunandi lausn þess máls megi fást, þannig að komið verði í veg fyrir byrjunarörðugleika, sem lækkun gjaldeyristekna frá varnarliðinu mundi ella hafa í för með sér.“

Það er til þessa alveg óútskýrt af ríkisstj., hvað hér er við átt. En ég leyfi mér að óska eftir skýringu á því, — það er kannske enginn ráðherra viðstaddur til þess að hlýða á mál mitt og til þess að taka á móti þeirri fyrirspurn, sem ég vil bara formlega spyrja ríkisstjórnina hér um: Í hverju eru þessir samningar fólgnir. Er þetta ráðstöfun af hálfu ríkisstj. til þess að uppfylla það skilyrði, sem viðskmrh. hefur talað hér um, að við eigum að lifa á eigin aflafé? Er þetta einhver sérstök ráðstöfun til þess að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar? Fyrir mér lítur þetta út hreint ekki laust við grunsemdir um það, að hér sé einmitt verið að gera ráðstafanir til þess að höggva enn í okkar sjálfstæði. Hvaða skilyrði setur Bandaríkjastjórn fyrir þeirri aðstoð, sem hún hefur hér með einhvers konar pukursamlegum hætti lofað ríkisstj.? Hverjir eru þessir erfiðleikar, sem hér á að koma í veg fyrir að dynji á þjóðinni? Það skyldi þó aldrei vera, að hér væri um það að ræða, að ríkisstj. telji sig þekkja landa sína þannig, að þeir muni ekki una þessum aðgerðum, og að ríkisstj. búist við því, sem og hlýtur að vera eðlilegt framhald

af þeim ráðstöfunum, sem hér eru boðaðar, að til ófriðar dragi í atvinnulífi þjóðarinnar, því að þetta frv. ríkisstj. og þessar boðuðu ráðstafanir hennar eru fyrst og fremst stríðsyfirlýsing í íslenzku atvinnulífi, — og er það þá, þegar íslenzkir atvinnuvegir hafa stöðvazt, sem Bandaríkjastjórn ætlar að hjálpa íslenzku ríkisstj. til þess að endurgreiða henni með einhverjum hætti herkostnaðinn við íslenzka verkalýðshreyfingu, og er það það, sem á að koma í staðinn fyrir íslenzka framleiðslu, sem kemur til með að tapast í þeim ófriði, sem hér er boðaður? Ég vænti þess, að ríkisstj. upplýsi, hvað í þessum ummælum felst. Þau eru ekki svo skýr, að hægt sé að skilja þau. Og ég tel, að ríkisstjórninni beri skylda til þess að útskýra þau nánar.

Þá kem ég að þeim ummælum, sem raunar báðir þeir hæstv. ráðherrar, sem ég hef hér gert nokkuð að umtalsefni, hafa vikið að, en það er, að bátagjaldeyriskerfið eða mismunakerfið eða uppbótakerfið eða niðurgreiðsluleiðin, eða hvað menn vilja kalla það, sé sú ógæfa, sem allt illt í landinu stafi af. Ólafur Thors orðaði það eitthvað á þessa leið: Kerfið nærist á greiðsluhalla, og bæturnar, sem útflutningssjóður á að greiða, eru meiri en tekjurnar, sem hann getur fengið af innflutningi. Og Gylfi Þ. Gíslason sagði, að bátagjaldeyriskerfið væri upphaf hins margfalda gengis uppbótakerfisins og það kerfi væri óheillaspor.

Ég vil taka það enn fram, að með þeim orðum, sem ég hér segi um þetta kerfi, er ég ekki að halda því fram, að það kerfi sé fullkomið. Öðru nær. En ég vil aðeins minna á það, hvernig þetta kerfi er til komið og með hverjum hætti það er að ljúka ferli sínum, ef ríkisstj. kemur fram áformum sínum.

Árið 1950 lét þáv. ríkisstj. samþykkja hér á Alþingi nýja skráningu á gengi íslenzku krónunnar. Það var stór gengislækkun, þó að ekki væri hún eins stór og sú, sem nú er fyrirhuguð. Þá voru hafðar uppi miklar orðræður um það, að þetta væri eina leiðin, sem íslenzka þjóðin ætti. Margir fræðimenn lögðu þar nafn sitt við, að eftir að þessar ráðstafanir væru gerðar, yrði allt snurðulaust í íslenzku atvinnulífi, þá mundi hér rísa upp blómaskeið mikið. Að vísu voru einnig lagðir fyrir útreikningar fræðimanna þá, sem sögðu, að dýrtíðin í landinu mundi að vísu hækka, kannske um 10 eða 11%. Síðan voru þessar ráðstafanir samþykktar.

Hæstv. forsrh. lýsti því fagurlega hér í sinni framsöguræðu, að þetta hefði allt saman gengið þegjandi og hljóðalaust, það hefði ekkert skeð, þetta kerfi hefði ekki orðið fyrir neinum truflunum, ekki neinum verkföllum eða neins konar áföllum. Á hinn bóginn sýndi það sig, að 1. des. það sama ár, sem þessar ráðstafanir höfðu verið samþykktar í marzmánuði, var dýrtíðin stigin um 27%, og í upphafi hins næsta árs, þ. e. a. s. í janúarmánuði 1951, eftir allan friðinn og eftir að þetta kerfi hafði átt kost á því að blómgast í fram undir eitt ár, þá er svo komið, að allur bátaflotinn stöðvaðist. Útvegsmenn lögðu bátum sínum og tilkynntu ríkisstj., að þeir mundu ekki sækja sjó, fyrr en einhver nothæfur rekstrargrundvöllur væri kominn fyrir bátaútveginn í landinu, því að hann væri þá ekki til. Þetta var afleiðingin af gengisfellingunni þá. Hér hafa aðrir menn rakið nokkrar aðrar afleiðingar, sem gengisfelling þessi hafði, t. d. eins og það, að þá tók alveg fyrir endurnýjun fiskiskipaflotans, þá minnkuðu húsbyggingar og komust í það lágmark, sem þær um langt skeið hafa verið í landinu, svo að ég hirði ekki að rekja þá hlið málsins frekar. En atvinnulífið sjálft, sem þetta átti allt saman að vera gert fyrir, lagðist þá í dróma. Hvað skeði þá? Jú, ríkisstj. tók til sinna ráða, og hún setti á nýtt kerfi. Það kerfi var bátagjaldeyriskerfið. Menn gætu ætlað eftir ræðum þeirra hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, að bátagjaldeyriskerfið eða hið mismunandi gengi væri uppfinning einhverra vondra manna, enda hefði það reynzt illa. En mig minnir, að þá hafi sjútvmrh. heitið Ólafur Thors, og í hans tíð og undir hans forustu var þessu kerfi á komið. Síðan liðu fram tímar, og þetta kerfi þróaðist með ýmsum hætti. Á árinu 1958, sem var síðasta ár vinstri stjórnarinnar við völd, stóð þetta kerfi sig með þeim hætti, að útflutningssjóður, þ. e. a. s. sjóður þess, sá ekki einasta fyrir sínum þörfum, heldur var þeim sjóði einnig gert að greiða nokkra fjárfúlgu í ríkissjóð, og hann gerði það.

Síðan tóku við aðrir aðilar að stjórna landinu, það voru Sjálfstfl. og Alþfl., með þeim hætti, að Alþfl. sat í ráðherrastólum, en Sjálfstfl. stjórnaði. Og þá var gengið í það sjálfsagt að leiðrétta það, sem skakkt hafði verið í þessu kerfi áður. Þá voru útflutningsbætur hækkaðar verulega, um leið og kaup launafólks í landinu var lækkað um 13.4% frá gildandi kjarasamningum þess. Og þá átti svo sem að vera fengin lækning. Kaupbindingin eða kaupránið, — eins og það raunverulega var, því að þá var svikinn samningur á allri verkalýðshreyfingunni, á öllu verkafólki í landinu, — það átti svo sem að verða til þess að binda endi á kapphlaupið á milli verðlags og launa, eins og þeim góðu herrum verður svo mjög tíðrætt um á stundum. En hvað skeður? Þegar þeir afgreiða fjárlög sín á því ári, 1959, því að það voru auðvitað þeir flokkar, sem stóðu að Alþfl.-stjórninni, sem báru ábyrgð á afgreiðslu þeirra fjárlaga og þeirra fjárreiðna hjá útflutningssjóði, sem þá var ákveðið að hafa, þá skeður það, að þeir hleypa bótunum upp fyrir tekjumöguleika útflutningssjóðs. Þá snarast á merinni, — það er ekki fyrr. Það er í tíð Ólafs Thors aftur, — þ. e. a. s. ég ætti kannske ekki að segja Ólafs Thors, því að hann hafði þá aðra menn fyrir sig í ráðherrastólum, en ég leyfi mér að halda því fram, að hann muni hafa ráðið, — það er ekki fyrr en sú afturhaldsstjórn eða sú afturhaldssamfylking, sem nú situr að stjórn, var aftur komin á valdastóla, að þetta kerfi er gert þannig, að það stendur ekki undir sér lengur. Nú skal ég að vísu játa, að það er óvarkárni af mér að halda því fram, að þetta kerfi standi ekki undir sér enn þá. Ég hef þar fyrir mér eingöngu sögu-

sagnir núverandi ríkisstjórnar. En með tilliti til þess, að þær hafa í flestum atriðum reynzt rangar, þá efast ég um, að í þessu atriði séu þær frekar réttar en í öðrum.

Það liggur þess vegna hreinlega fyrir, að sé bátagjaldeyriskerfið nú orðið óhæft, vegna þess að tekjur þess geti ekki verið slíkar sem útgjöldin hljóti að vera, þá er það sú valdasamsteypa, sem stendur að núverandi ríkisstjórn, sem hefur riðið þar baggamun í óvarlegum aðgerðum sínum í sambandi við útflutningssjóð á s. l. ári.

Hér eru þá upp taldar allar þær höfuðröksemdir, sem ráðh. hafa talið, að að þessu máli hnigju, og ég hef sýnt hér fram á það, að allar eru þær öfugmæli að einni undanskilinni, sem kann að vera nokkur ástæða og á þá rót sína að rekja til þess, bæði upphaf hennar og endir, að þar hefur verið óvarlega fjallað um einmitt af núverandi hæstv. ríkisstj. og hennar mönnum.

Hvaða hugsun liggur svo, þegar sleppt er þessum grundvallaratriðum, á bak við það frv., sem hér liggur fyrir? Jú, þar liggur til grundvallar ein reginvanþekking á íslenzku atvinnulífi. Ég skal viðurkenna, að það er stórt orð að segja það um hæstv. ríkisstj., að hún hafi til að bera reginvanþekkingu á íslenzku atvinnulífi, og vissulega er mér það engin ánægja að bera það á nokkurn mann og sízt þá, sem tekizt hafa á hendur eftir þar til fengnu umboði frá þjóðinni að stjórna hér málum. En ég vænti þess, að þótt ekki væri nema ein tilvitnun úr framsöguræðu hæstv. forsrh. fyrir frv. þessu, sýni hún, að ég fer hér ekki með neitt fleipur. Hann sagði, að ein helzta ástæðan fyrir því, að gjaldeyrisbúskapur okkar væri ekki með þeim blóma, sem hann þyrfti að vera, væri sú, að afli togaranna hefði rýrnað verulega vegna útfærslu landhelginnar. Það er tekið orðrétt úr hans ræðu: „vegna útfærslu landhelginnar".

Þetta er í fyrsta lagi mikil yfirlýsing um það, að hæstv. forsrh., sem lengi hefur verið sjútvmrh. einnig, hefur ekki hugmynd um, hvar íslenzki togaraflotinn fiskar.

Og í öðru lagi er þessi fullyrðing hans röng. Afli togaranna sýnir sig að hafa ekki minnkað við útfærslu landhelginnar. Síðasta heila almanaksárið, áður en útfærslan var gerð, árið 1957, sýnir, að það ár hefur íslenzki togaraflotinn fiskað 155 þús. tonn. Og fyrsta heila almanaksárið, eftir að útfærslan er gerð, þ. e. a. s. árið 1959, sýnir, að þá er afli togaraflotans nokkuð yfir 160 þús. tonn. En hæstv. forsrh. virðist hafa verið svo mikið í mun að segja hér einhverjar svívirðingar um stækkun landhelginnar, að hann skirrist ekki við að segja hér ósatt í þessu efni. Það hefði þó máske verið ástæða til þess, að togaraaflinn hefði nokkuð minnkað á árinu 1959, því að það er eins og það sé eðli togaraflotans að verða ærið staður og hyskinn við fiskveiðar, þegar setzt er að í landinu íhaldsríkisstjórn.

Ég minnist þess, þegar ég kom hér til þings fyrst haustið 1953, í forsætisráðherratíð Ólafs Thors, þá lá hér við eina bryggjuna allt það kjörtímabil, bundinn sem fastast, ljómandi þokkalegur togari, hann hét „Keflvíkingur" og var þá eini togarinn, sem gerður var út úr þáverandi kjördæmi hæstv. forsrh., — sem gerður var út úr kjördæmi hans, það er kannske ekki alveg rétt til orða tekið, því að þetta var náttúrlega útgerð með dálítið sérstökum hætti. Þegar þessi hæstv. ráðh. vék úr stjórnarforustu árið 1956, var þessi togari tekinn, seldur nýjum aðilum, málað yfir nafn og númer, og nú var hann skírður „Vöttur". Hvorki sá togari né nokkur annar stöðvaðist einn einasta dag, á meðan vinstri stjórnarinnar naut við, því að hennar stefna var sú að auka framleiðsluna í landinu. En ekki hafði Ólafur Thors fyrr sett upp sína ríkisstjórn í haust heldur en nýtt skip stingur stafni sínum hér inn í höfnina, togarinn „Vöttur", minnugur síns gamla húsbónda, kemur hér inn að bryggju, er bundinn þar sem rammlegast, og þar liggur hann og ryðgar.

Það hefði þess vegna verið ástæða til þess, að afli togaraflotans færi heldur minnkandi, þegar Ólafur Thors var kominn að valdataumunum aftur. En það er ekki vegna útfærslu landhelginnar, það er af öðrum ástæðum.

Ríkisstj. sparar ekki að telja það fram, að hún hafi góðan vilja í sambandi við bæði eitt og annað, sem nú á að lögfesta. Hún skýrir hér frá því með nokkrum klökkva, sem áheyrendur og þingheimur á sjálfsagt að skilja svo, að ríkisstj. sé úttroðin af áhuga fyrir velferð þjóðarinnar, að ríkisstj. vilji umfram allt koma í veg fyrir kapphlaup verðlags og launa. Já, það var nú atriði út af fyrir sig. Hún vill sjáanlega ekki koma í veg fyrir það, að verðlagið geti hreyft sig til, eða ekki get ég séð það á þessu frv. hennar, að það miði að því að halda verðlaginu kyrru, enda vænti ég þess, að síðan um kosningar hafi enginn af háttvirtum stjórnarþingmönnum né ráðherrum haldið því fram, að þeir ætluðu að stöðva verðlag. Það var bara fram að kosningum, sem því var haldið fram. Eftir kosningarnar á bara að stöðva kapphlaupið á milli verðlags og launa, þ. e. a. s. það á ekkert að stöðva kapphlaupið, það á bara að fara fram eftir nýjum reglum, sem ríkisstj. finnst sjálfsagt sanngjarnari en þær, sem gilda almennt um kapphlaup, það á að binda niður annan keppandann, það á að binda launin, þau eiga að haldast óbreytt, en verðlaginu á að gefa alveg sérstaka vítamínsprautu, enda efast ég ekki um, að það tekur myndarlegt stökk upp í loftið.

Forsrh. hæstv. hefur haldið því fram, að þær kaupbreytingar einar geti komið að gagni, sem byggist á öðru tveggja, framleiðsluaukningu eða breyttri skiptingu þjóðarteknanna. Um þetta er ég honum algerlega sammála. Ég er honum algerlega sammála um þetta. En hvað þá um framleiðsluaukninguna og kaupið? Jú, ég hef hér rakið það, og ég vænti þess, að um það standi ekki deilur, þar sem allar opinberar skýrslur sýna eitt og hið sama í því, að á s. l. tveim árum hefur framleiðslan tekið risaskref fram á við og aukizt mjög. En kaupið? Með lögum var það lækkað um 13.4% í febrúarmánuði í fyrravetur, og nú er hér gerð tilraun

með þessu frv. til þess að koma fram raunverulegri kauplækkun, þ. e. a. s. óbreyttu kaupi með stórhækkaðri dýrtíð. Og svo kemur forsrh. hér, setur upp meiri alvörusvip en honum er yfirleitt lagið og segir: Það er ekki hægt að koma fram neinum kaupbreytingum nema í sambandi við framleiðsluaukningu eða breytta tekjuskiptingu þjóðarinnar. Ég sé ekki annað en það sé einmitt ástæða til þess að framkvæma nokkra kaupbreytingu í tilefni af því, að framleiðsla þjóðarinnar hefur stóraukizt. En á sama tíma er sá góði forsrh. og hans ríkisstj. að gera ráðstafanir í alveg gagnstæða átt.

Það að breyta skiptingu þjóðarteknanna, þannig að kaup hækki, tel ég einnig færa leið. Það sýnir sig, að vissir aðilar í framleiðslu þjóðarinnar og verzlun hafa haft svo rúma afkomu á undanförnum árum, að það er vel hægt að hugsa sér það að draga þar eitthvað á milli, draga eitthvað úr þeirra gróða og nota það til þess að hækka kaupið hjá hinum almenna manni. Ég hef sýnt fram á það, á öðrum stað að vísu, að t. d. fiskiðjuver ríkisins hafði svo verulegan ágóða á árinu 1958, að ætla má, að hraðfrystihús landsins hafi samtals ekki haft undir 200 millj. kr. gróða það ár. Ég held, að það hefði mátt breyta nokkuð tekjuskiptingunni í landinu. En það var nú ekki aldeilis það ráð, sem horfið var að. Það ráðið, sem horfið var að, var hins vegar að selja þetta fiskiðjuver til þess að koma reikningum þess undan, frá því að liggja frammi almenningi til sýnis, þannig að fólkið í landinu gæti áttað sig á því, hvað sá aðilinn, sem hefur með að gera frystingu og útflutning á stærsta hlutanum af okkar útflutningi, hefði fyrir sinn snúð. Það er þess vegna alveg sama, þótt forsrh. tali fjálglega um það, að framleiðsluaukning eða breytt tekjuskipting þjóðarinnar mætti máske verða til þess að hækka launin, þá er það ekki hans meining að láta aukna framleiðslu verða til þess né heldur að framkvæma neina breytingu, þótt sjáanlegt sé, að hún gæti farið fram án þess að valda verulegri röskun á þjóðarframleiðslunni.

Þá segir ríkisstj., að hún treysti því, að launþegar skilji nauðsynina á þessum ráðstöfunum og geri ekki kaupkröfur. Það er nú ekkert lítið atriði heldur. Það má kannske líka segja við mann, sem dæmdur hefur verið til dauða, að þess sé vænzt, að hann skilji dóminn og mögli þess vegna ekki um þetta. En ef sá dauðadæmdi telur sig vera saklausan, þá mun sá skilningur hrökkva skammt til þess, að hann viðurkenni réttmæti dómsins. Á sama hátt má minna ríkisstj. á það, að hér er ekki eingöngu um skilning að ræða eða misskilning. Þegar eitt alþýðuheimili er svo komið, að það hefur ekki fyrir sínu eðlilega lífsframfæri, en sér í kringum sig, að ýmsir aðilar aðrir í þjóðfélaginu hafa fengið enn bætta aðstöðu, þá skulum við ekki vera að tala um neinn skilning lengur. Alþýða manna í landinu mun líka hafa ætlazt til þess í síðustu kosningum, þegar hún gaf Sjálfstfl. og Alþfl. umboð til þess að fara með stjórn landsins, — þá mun íslenzk alþýða hafa ætlazt til þess, að þeir, sem auglýstu sig sem leiðina til bættra lífskjara, sýndu þann skilning á högum íslenzkrar alþýðu, að rýra ekki lífskjör hennar. En þennan skilning hefur hæstv. ríkisstj. ekki sýnt, og það situr þess vegna illa á henni að krefjast þess, að skilningur komi í staðinn fyrir hæfilega kaupgetu á íslenzkum alþýðuheimilum, á meðan hún sýnir engan skilning á því, að henni beri að standa við sín kosningaloforð.

Hverjar verða nú afleiðingarnar af samþykkt þessa frv., ef hún á eftir að fara fram hér í Alþingi? Við skulum aðeins skoða það, þótt ekki væri nema eins og í einu atriði, hvað skeður og hvers má vænta í því sambandi.

Það hefur verið nokkuð talað um það hér, að þeir, sem ynnu við útveg, mundu allir fá bættan hag, því að fyrir hann væri allt þetta gert, fyrir útveginn. Það verður þó varla dregið í efa, að sjómenn á fiskibátum vinni í þjónustu sjávarútvegsins. Þeir hafa samninga við sína atvinnurekendur um það, hvernig þeir taka kaup sitt, og þeir taka kaup sitt í ákveðnum aflahlut. Þeir eru sem sagt eigendur að ákveðnum hluta þess afla, sem sá bátur, sem þeir vinna við, fiskar. Nú mun það svo, að þeir hafa á undanförnum árum selt útgerðarmanni síns báts sinn aflahlut á ákveðnu verði, sem þeir hafa samið um hverju sinni. Þetta verð er nefnt skiptaverð og nemur kr. 1.66 fyrir hvert kg af slægðum þorski með haus. Nú mun það hins vegar sýnt, að fyrir hráefni, þ. e. a. s. fyrir ferskan fisk, aðgerðan með þessum hætti, muni eðlilegt að borga eftir þessa gengisbreytingu um 3 kr. eða rúmar 3 kr. Í frv. er hins vegar sagt í þar til heyrandi grein, að bátasjómenn skuli hafa óbreytt verð frá síðustu samningum, óbreytt skiptaverð fyrir sinn fisk, þ. e. a. s., ef bátasjómenn knýja ekki fram nýja samninga, þá munu þeir á þessari vertíð verða neyddir til þess með lagasetningu að selja sinn fisk á svo sem um það bil hálfvirði. Ríkisstj. getur að sjálfsögðu beðið þá um að sýna skilning, en ég er hræddur um, að þeim finnist ríkisstj. hafa sýnt heldur lítinn skilning á sínum högum. Auðvitað efnir hér ríkisstj. beinlínis til þess, að sjómenn uni þessu ekki og að það verði átök um skiptaverð sjómanna, og þá getum við rétt gert okkur í hugarlund, hver áhrif það muni hafa á íslenzkan þjóðarbúskap, ef bátaflotinn stöðvaðist nú á vertíð. Ef hann gerir það ekki, þá er það vissulega ekki ríkisstj. að þakka, því að hún hefur hér gersamlega efnt til þess, að svo hljóti að verða.

En hvað þá um útvegsmennina sjálfa? Jú, þeir búa nú við fiskverð, sem ætla má, þegar talin eru til fiskverðs þau fríðindi, sem útflutningssjóður veitir þeim, að þá sé fiskverð til útgerðarmanna svo sem eins og kr. 2.20—2.30, þ. e. a. s. þeir hafa samning við frystihúsin um, að frystihúsin borgi út fyrir fisk við móttöku kr. 1.57 fyrir hvert kg, en auk þess eiga útvegsmenn ákveðinn hundraðshluta af verðbótum þeim, sem útflutningssjóður greiðir, og hefur það verið metið á 62 eða 63 aura á kg, svo að þar með er fiskverðið raunverulega til útvegsmanna kr. 2.20 eða því sem næst. Auk þess greiðir útflutningssjóður fyrir útvegsmenn vá-

tryggingargjöld á skipum, sem menn meta nú með ýmsum hætti, en algengt mun, að það sé talið jafngilda 10—20 aura fiskverði á kg. Raunverulegt fiskverð, sem útgerðarmenn fá nú, er þess vegna kr. 2.20—2.30, kannske kr. 2.35. Nú þegar hin áformuðu lög taka gildi, ef það á fyrir þeim að liggja, þá breytist þetta nokkuð hjá útvegsmönnum. Þeir hafa í raun-inni engan samning eftir við sinn fiskkaupanda annan en samninginn um útborgunarverðið kr. 1.57. Samningurinn um bætur úr útflutningssjóði fellur að sjálfsögðu um sjálfan sig, og einnig verður hætt að greiða tryggingu af bátum þeirra. Það er þess vegna augsýnilegt, að þeir þurfa að gera nýja samninga við frystihúsin eða sína fiskkaupendur. En þeir, sem þekkja til þeirra aðila, geta svo sem gert sér í hugarlund, að frystihúsin muni ekki flýta sér mjög að gera nýja samninga og muni reyna að ná til sín bróðurpartinum af þeirri hækkun, sem á útflutningsverðinu verður af gengisbreytingunni. Það er þess vegna ósýnt með öllu, að útgerðarmenn fái nokkra hækkun á sínum afla á þessum vetri, og er þá auðvitað um beint tap fyrir þá að ræða, þar sem rekstrarvörur útvegsins hækka verulega í verði við þessar aðgerðir, eða svo reyndist það a. m. k. árið 1950, þegar gengisbreytingin var gerð. Þá voru lagðir fyrir margháttaðir útreikningar á því, að fiskverð til útvegsmanna gæti hækkað um svo og svo marga aura, en í reyndinni hækkaði það aldrei um einn eyri, fyrr en útvegsmenn höfðu lagt flota sínum og látið hann liggja allan janúarmánuð 1951.

Við því, að sama sagan endurtaki sig ekki, eru engar skorður reistar, bókstaflega engar skorður, og því er ekkert líklegra en hér muni endurtaka sig sama sagan, máske ekki algerlega á sömu lund. En hitt er þó víst, að fastheldnir munu frystihúsaeigendur á það, sem þeim er hér lagt í hendur kvaðalaust, um að koma því til skila til fiskframleiðendanna sjálfra. Ég óttast því, að hér verði enn um að ræða verulega rýrnun á hlut útvegsmanna og sjómanna, sem eiga að taka á sig vaxandi dýrtíð og þá kvöð að selja sinn fisk á sama verði í ár og í fyrra, þótt öllum öðrum aðilum sé ætlað að fá hækkað fiskverð.

Í öllum orðræðum ríkisstj. hefur að undanförnu því verið mjög haldið fram, að allt, sem gerði það nauðsynlegt að framkvæma þessar ráðstafanir, séu afglöp, sem framin hafi verið í tíð vinstri stjórnarinnar. Ekki er þeim láandi, sem illa stjórna, þótt þeir reyni að koma sök sinni á einhverja aðra, og er það raunar ekki nýr siður. Ég hef hér sýnt fram á það, að fyrir aðgerðir vinstri stjórnarinnar varð mikil framleiðsluaukning í þjóðarbúskap Íslendinga. En núverandi ríkisstj. og flokkar hennar hafa að sínu leyti gert ámóta ráðstafanir til þess, að framleiðslan hljóti að dragast saman. Það situr þess vegna illa á núv. ríkisstjórn og þeim flokkum, sem hana styðja, eftir að vera búin að lifa í heilt ár og fara í gegnum tvennar kosningar án þess að hreyfa verðlagið í landinu til muna, eingöngu vegna þess, að þeir voru að eyða upp sjóðum, sem vinstri stjórnin skildi eftir, að halda því nú fram, að allt, sem aflaga hefur farið, sé að kenna óstjórn vinstri stjórnarinnar. Ég held því ekki fram, að ekkert af ráðstöfunum ríkisstj., vinstri stjórnarinnar svonefndu, hafi orkað tvímælis. En sú ríkisstjórn, sem nú situr, og sú ríkisstj., sem var hennar undanfari, Alþfl.-stjórnin, þola vissulega engan samanburð við hana.

Ég vil nota tækifærið, vegna þess að hæstv. viðskmrh. er hér genginn í salinn og ég hef haft nokkur orð um hans ræður hér, meðan hann var ekki viðstaddur, þá vil ég aðeins lítillega rifja upp, en þó aðallega bæta við það, sem ég áður hef sagt um hans málflutning hér, sem kemur mér sannast að segja nokkuð á óvart. Ég hef hér rifjað það upp, að hæstv. ráðh. hefur talið, að bátagjaldeyriskerfið hafi verið upphaf hins margfalda gengis uppbótakerfisins og það kerfi hafi verið óheillaspor. Í tilefni af því vil ég sérstaklega gera aðeins að umtalsefni hans afstöðu til gengislækkunarinnar, sem framkvæmd var árið 1950. Þá var hæstv. viðskmrh. ekki ráðherra, hann var prófessor við Háskóla Íslands, og ég sé það mjög af hans greinargerðum og ræðum um málið þá, að hann hefur lagt sína fræðimennsku mjög í það að reyna að finna út, hvaða áhrif þær ráðstafanir mundu þá hafa. Og honum til verðugs hróss get ég sagt, að flest af því, sem hann þá sagði um málið, hefur alveg staðizt dóm reynslunnar. Hann var þá á móti gengislækkun og sýndi fram á afleiðingar hennar með ýmsum hætti. Hann taldi þá ekki, að mismunakerfið væri eins fráleitt og hann vill nú vera láta, og niðurstaða hans í afstöðunni til málsins þá kemur þannig fram í hans framsöguræðu fyrir sínu nál., en þar segir m. a.:

„Til þess að gengislækkun nú gæti talizt samrýmanleg stefnu Alþfl., verður að vera tryggt, að allt hafi áður verið gert til þess að tryggja þegnum þjóðfélagsins fulla atvinnu og að tekið sé fyrir alla óeðlilega gróðamyndun. En án slíkra ráðstafana verður gengið heldur ekki tryggt, þó að það sé lækkað. Annars heldur gengislækkunarhjólið áfram að snúast einn hring á hverjum áratug."

Síðan þessi orð voru mælt, er liðinn nákvæmlega einn áratugur, og hjólið virðist vera komið einn hring, eins og hæstv. núv. viðskmrh. sá fyrir og sagði fyrir. Þess vegna verður það þeim mun undarlegra, að einn fræðimaður, sem lagt hefur vinnu og þekkingu sína í það að leita eftir því, hver áhrif svona ráðstafanir mundu hafa, segir það fyrir, fær álit sitt staðfest af reynslunni, skuli svo vera á allt öðru máli, þegar þessi áratugur er liðinn og til þess er fullkomlega komið, að kenning hans er sönnuð. Allar þær aðstæður, sem hann taldi hér vera nauðsynlegar, tryggingu þess, að full atvinna héldist, og tryggingu þess, að ekki yrði um gróðamyndun að ræða hjá einstaklingum eða hjá einhverjum aðilum í þjóðfélaginu, — allar þessar aðstæður standa gersamlega óbreyttar. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að alveg á sama hátt og þessi skoðun og þessi kenning hæstv. núv. viðskmrh. þá reyndist rétt, eins muni hún eiga við enn þá.

Ég sé ekki, að neitt hafi breytzt, sem afsannar þetta.

Þá var hann líka þeirrar skoðunar, að það væri ekkert aðalatriði að hafa gengið eitt. Snemma í ræðu sinni segir hann, með leyfi forseta, og vitna ég þar til framsöguræðu hans fyrir sínu nál. 1950, þar sem hann sagðist leggja gegn því, að sú gengislækkun, sem þá var á dagskrá, yrði samþykkt. Þar segir hann:

„Þegar tekin er ákvörðun um gengisbreytingu, verður að hafa það hugfast, að eitt gengi hæfir ekki öllum markmiðum, sem til greina kemur að keppa að. Ef koma á jafnvægi á utanríkisverzlunina, hæfir eitt gengi. En sé markmiðið að koma því til leiðar, að atvinnuvegirnir geti starfað án halla, getur annarrar gengisbreytingar verið þörf. Ákveðið gengi getur nægt einni útflutningsgrein, en annarri ekki o. s. frv. Því verður að athuga, þegar gengi er breytt, hvaða markmiði skuli náð."

Ég sé ekki annað en hæstv. ráðh. hafi hérna algerlega sýnt fram á það, að í kjölfar gengisbreytingarinnar hlyti að koma mismunandi gengi, þ. e. a. s. bátagjaldeyriskerfið, sem hann vildi losna við. Ég hef ekki komið auga á, að neinar aðstæður hafi í þessu breytzt, og ég mundi þess vegna ætla út frá þeim rökum, sem hæstv. viðskmrh. hefur hér fært um mál sitt, að í kjölfar þessarar gengisfellingar, sem nú á að framkvæma, mundi enn koma samdráttur í atvinnulífið, því að þessi gengisbreyting er eingöngu miðuð við jafnvægi í utanríkisviðskiptunum, alveg eins og þá skeði. Og það skyldi þá aldrei vera, eftir þau orð, að uppbótakerfið hafi verið óheillaspor, að þessi hæstv. ráðherra ætti eftir, ef hann yrði ráðherra svo sem eftir eitt ár eða tvö, að leggja hér til, að komið yrði á nýju bátagjaldeyriskerfi, til þess að þróunarsagan geti nú algerlega endurtekið sig og þær kenningar, sem hann þá boðaði og þá reyndust réttar? Ég veit ekki til þess, að neitt hafi skeð, sem gerir það líklegt, að þær séu rangar nú, jafnréttar og þær sýndust þá. **(Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann muni ljúka máli sínu á fimm mínútum eða svo, því að að öðrum kosti munum við þurfa að fresta fundi.) Ég á nú að vísu ekki mjög mikið eftir af henni, en nóg til þess, að það tekur 10 mínútur eða kortér. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar hlé var gert á fundi til kvöldverðar, var ég þar kominn í ræðu minni, sem ég lítillega hafði hafið að lýsa í einstökum atriðum sumum af þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru í þeirri stríðsyfirlýsingu ríkisstj. gegn þjóðinni, sem þetta frv. er. Ég hafði drepið á það, að gagnvart bátasjómönnum felst í því lögþvingun þeirra stétt til handa til þess að selja sinn fisk á verði, sem er um það bil hálfvirði af því, sem eðlilegt má telja að verð á ferskum fiski komi til með að eiga að vera, eftir að gengisbreytingin er komin í framkvæmd. Ég sýndi fram á það, að með lögunum er þeim gert að selja sinn aflahlut á kr. 1.66 kg, þegar eðlilegt væri, að fiskverð væri eða gæti verið nokkuð yfir 3 kr. hvert kg af slægðum þorski með haus. Þess er því vart að vænta, að ákvæði frv. um þetta atriði séu til þess fallin að tryggja vinnufrið við þá framleiðslu.

Ég benti einnig á það, að gagnvart útvegsmönnum eru ákvæði laganna með þeim hætti, að eftir að þessi áform ríkisstj. tækju lagagildi, hefði útvegsmaðurinn ekki annan samning í gildi við sinn fiskkaupanda, sem í flestum tilfellum eru frystihúsin, heldur en samninginn um útborgunarverð kr. 1.57 á hvert kg fisks.

Báðar þessar stéttir, bæði útvegsmenn og bátasjómenn, munu því sæta mjög lökum kjörum, nema þeir þegar er ráðstafanir þessar ganga í garð, ef þær þá gera það, nái nýjum samningum. En samkv. öllum yfirlýsingum ríkisstj. mun hún beita sér og sínu áhrifavaldi til þess a. m. k., að bátasjómenn fái enga leiðréttingu. Það fer ekki á milli mála í frv. og grg. þess, svo og þegar athugaðar eru þær ræður, sem hæstv. ráðh. hafa hér haldið um þetta mál.

Hinn almenni verkamaður og launþegar yfirleitt fá svo að taka við dýrtíðaraukningunni allri saman án þess að hljóta nokkrar minnstu bætur þar á í kaupi.

Þær bætur eða þær sárabætur eða þeir plástrar, sem ríkisstj. hyggst líma eftir sitt stóra högg, eru á hinn bóginn óverulegir, þegar þeir eru bornir saman við þá áverka, sem högg hennar hljóta að skilja eftir, og alveg er það sérstaklega athyglisvert, að ljósasti punkturinn í þessari fyrirhuguðu lagasetningu er að sjálfsögðu aukningin á fjölskyldubótunum. Við það ákvæði er það alveg sérstaklega athyglisvert, að það er það ákvæði frv., sem gengur nákvæmlega beint á móti þeirri stefnu, sem í frv. er boðuð.

Frv. er talið nauðsynlegt m. a. af því, að hér eigi að útrýma niðurgreiðslu- eða millifærslukerfi. En auðvitað eru fjölskyldubæturnar ekkert annað í eðli sínu heldur en niðurgreiðsla á uppeldiskostnaði barna, og er þess vegna ákvæðið í algeru ósamræmi við stefnu frv., enda er það eina ákvæði frv., sem má segja að ekki sé þar inn sett með fullan fjandskap við alþýðu þessa lands fyrir augum.

Ef litið er á, hvernig ráðstafanir þessar verka gagnvart bændum, liggur það í augum uppi, að á s. l. vetri var kaup bóndans í verðlagningu landbúnaðarafurða rýrt jafnmikið og kaup verkamanna, en kauprýrnunin hjá verkamönnum var, eins og ég hef áður bent á, 13.4% frá umsömdu kaupi. Við það bætist svo, að með sérstökum stjórnarráðstöfunum á s. l. hausti var bændum meinað að fá þá uppbót á verðlag á sínum búvörum, sem skapar þeirra kaup, sem þeir vissulega áttu tilkall til samkvæmt þeim samningum, sem þá voru í gildi um búvöruverð. Enn sem komið er hafa þeir enga leiðréttingu á því fengið. Enda þótt vonir standi nú til, að til þess muni draga, um það er lýkur, að það verði að einhverju bætt, þá sitja þeir samt enn uppi með þann skaða, sem þarna var á þeim unninn.

Í verðlagningu landbúnaðarvara nú mun það vera stefnan, að þær eigi að hækka fyrir hækkuðum tilkostnaði, en kaup bóndans eigi enn að sitja óbreytt og á þeim lið fái hann enga upp-

bót til þess að bera uppi sinn aukna heimiliskostnað. Hér situr bóndinn því algjörlega við sama borð og launþegarnir og verður fyrir kjaraskerðingu til jafns við þá. En við þetta bætist svo, að öll tilhneiging ríkisstj. er til þess að vanreikna tilkostnað í atvinnurekstri, bæði sjávarútvegs og landbúnaðar, og má búast við, að af þeim sökum verði bóndinn einnig fyrir nokkurri kjaraskerðingu.

Þá stendur sérstaklega á um ýmiss konar framkvæmdir hjá bændastéttinni. T. d. er öll bændastéttin hér á Suðurlandi undir þá sök seld, að hún er nýbúin að reisa sér mjög stórt og mikið mjólkurbú til vinnslu á sínum afurðum. Á þessu búi hvíla nú mjög miklar skuldir. Verulegur hluti þeirra eru óumsamdar skuldir, sem vaxtahækkunin, sem fyrirhuguð er, mun fljótlega leggjast með verulegum þunga á. Að nokkru eru þessar skuldir í erlendri mynt og munu þess vegna hækka af þeim sökum. Nú sem stendur greiða allir bændur á Suðurlandi 10 aura á hvern lítra af sínu mjólkurverði til þess að byggja upp þetta bú. Fyrirsjáanlegt er, að þetta gjald hlýtur að hækka enn frá þessu og rýra þar með kjör bóndans sérstaklega umfram það, sem hin almenna kjaraskerðing rýrir hans kjör, þó að ekki sé nú á það minnzt, að við þessu á hann að taka nú ofan í hallæri, sem gengið hefur hér yfir Suðurland með þeim óþurrkum, sem allir vita að hér voru í sumar og bezt sést á þeirri minnkuðu framleiðslu, sem nú er á mjólkurafurðum. Hafa væntanlega allir hv. þm. veitt því athygli, að nú stendur fyrir dyrum að flytja inn landbúnaðarvörur til landsins, og munu þegar hafa verið gerð kaup á 100 tonnum af dönsku smjöri.

En þó mun enn ótalinn sá liðurinn, sem líklegur er til að valda bændastéttinni þyngstum búsifjum, en það er hin minnkandi kaupgeta, sem fyrirsjáanlega verður í kaupstöðum landsins, þar sem bændur eiga markaðsvon fyrir sínar vörur. Það er þess vegna augsýnilegt, að hér er alveg með sérstökum hætti vegið að bændastéttinni og það ekki í einu höggi, heldur er látið ríða að henni hvert höggið á fætur öðru.

Ekki sakar að minnast þess, til þess að stjórnarvöldin þó viti það og geri sér grein fyrir því, að með þessum ráðstöfunum, gengisfellingunni, er greinilegt, að sá sjóðurinn, sem þýðingarmestur er fyrir íslenzkan landbúnað, ræktunarsjóður, verður hreinlega gerður gjaldþrota. Hann á að standa undir miklu af erlendum lánum, sem hann hefur þegar sett í útlán hér innanlands, án þess að viðkomandi skuldunautar hans séu bundnir af gengisbreytingum, og mun ræktunarsjóður því, ef ekki verður með sérstökum hætti hlaupið undir bagga með honum, hljóta að verða að draga saman eða leggja niður sína starfsemi, og ætla ég ekki að lýsa því hér, hver áhrif það mundi hafa á framleiðslu íslenzkra matvæla eða íslenzkra landbúnaðarvara.

Þá gildir það jafnt um þá, sem í sveit og við sjó búa, að allir þeir aðilar, sem hafa framkvæmdir á prjónunum, t. d. þeir bændur í sveitum, sem nú eru að byggja sér nýbýli, eða þeir kaupstaðabúar, sem nú eru að byggja hús yfir höfuð sér, munu vissulega fá kúluna kembda, þegar ráðstafanir þær, sem ríkisstj. ætlar að koma í framkvæmd, leggjast á með sínum þunga, því að það er alkunna, að vöruverðshækkun verður mjög mikil. Í frv. ríkisstj. er það haft eftir fræðimönnum, að sú hækkun muni nema 13—14% á almennu verðlagi, að því er bezt verður skilið.

Ég hygg, að hér sé ekki tekinn til greina nema lítill hluti af þeim verkunum, sem þessi lagasetning og þær, sem með henni eru boðaðar, koma til með að hafa.

Á árinu 1950 var lagður fyrir nokkuð svipaður útreikningur og þá var dýrtíðaraukningin metin 11%. Á þremur fjórðungum hins fyrsta árs, sem sú gengisfelling var í gildi, nam þó raunveruleg verðhækkun 27%, að því er vísitalan mældi, og var það þó margra grunur, að sú vísitala væri ekki til þess fallin að mæla alla þá verðhækkun, sem raunverulega varð. Í því tilfelli reyndist því nokkuð nálægt vegi að margfalda áætlun þeirra sérfræðinga, sem þáv. ríkisstj. vitnaði í, með 2½ til þess að fá út hina raunverulegu verðhækkun.

Ég ætla, að hér á hafi engin breyting orðið, og að nær lagi væri að ætla, að sú verðhækkun, sem hér er talin líkleg, ætti að margfaldast enn með 2½ til þess að komast í eitthvert samhengi við raunveruleikann, og liggur þá fyrir, að hin almenna verðhækkun mundi að meðaltali nema fram undir 40%.

Ég sé, að hæstv. viðskmrh. setur upp þess háttar svip, sem gefur til kynna, að honum finnist talan, sem ríkisstj. hefur skrifað í sitt frv., líklegri en sú, sem ég hér nefni. Ég tel þess vegna ekki úr vegi að bregða upp fyrir bæði honum og öðrum hv. þm. mynd af því, hvernig ein ákveðin ríkisstofnun hefur metið, að verðlag mundi breytast á þeim vörum, sem hún þarf að nota til byggingarframkvæmda. Mér er kunnugt um, að sú stofnun telur við fyrstu yfirsýn, að eftirtaldar byggingarvörur muni hækka eins og hér segir: Timbur, mótatimbur, muni hækka úr 50 kr. hvert kúbíkfet í 75 kr., en þar er um að ræða 50% verðhækkun. Þá metur sú sama stofnun, að sement frá sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi muni hækka um nálægt 43%, þ. e. a. s. úr 755 kr. tonnið í 1080 kr. Sama stofnun telur, að járn, steypustyrktarjárn, muni breytast í verði úr kr. 4.20 kg í 7 kr., en það er yfir 60% hækkun. Í því mun samt vera einhver erlend verðhækkun auk þeirra hækkana, sem af þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum ríkisstj. stafa.

Ég hef að sjálfsögðu ekki haft nein tækifæri til þess að sannprófa, hvernig þessar áætlanir standast. En hitt er mér kunnugt um, að þær eru gerðar af stofnun, sem leitaðist við það eitt að áætla sinn kostnað, eins og hann raunverulega mundi verða. **(Gripið fram í:** Hvaða stofnun er þetta?) Það getur hæstv. ráðh. fengið að vita, en ég veit ekki, hvort ég hef umboð til þess á þessu stigi að skýra frá því. En ég get bent hæstv. ráðherra á það, að þessar upplýsingar eru gefnar í fjvn. Alþingis, og ef hann vildi heimsækja nefndina, þá efast

ég ekkert um það, að honum verður skýrt frá því, hvaða stofnun það er. En sökum þess, að sú stofnun sagðist ekki geta tekið ábyrgð á þessum tölum, þá bað hún sérstaklega um, að hún yrði ekki borin fyrir því, að svona yrði þetta, en þetta var engu að síður hennar áætlun.

Þeir húsbyggjendur, sem eru í miðju kafi með sínar byggingar, og þeir, sem byggja nýbýli í sveitum, fá sannarlega að kenna á þessu. Og það er ekki nema von, að ríkisstjórnin telji ástæðu til þess, þegar fyrirsjáanlega margir húsbyggjendur munu tapa eignum sínum, munu tapa húsum sínum, verða að selja þau, og margir nýbýlabyggjendur munu flosna upp, — þá er ekki nema von, að ríkisstj. finnist ástæða til þess að biðja menn nú um að sýna skilning á þessu og hafast ekkert að gegn þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. fyrirhugar. Það mun sannarlega ekki af veita, að henni verði sýndur skilningur, ef hún á að koma þessum áformum sínum fram.

En er þá hreint engin ástæða til þess að gera neitt í íslenzkum efnahagsmálum? mætti spyrja. Ég hef þegar sýnt fram á það, að þær ástæður, sem ríkisstj. telur brýnastar og svo þýðingarmiklar, að hjá þessu verði ekki komizt, eru haldlaus rök. Hitt vil ég viðurkenna, að það væri gott, ef hægt væri að líða nokkuð um okkar gjaldeyrisverzlun. Það er auðvitað hægt að gera með tvennu móti: Annars vegar með því að þrengja svo að lífskjörum fólksins, að það hafi ekki kaupgetu til þess að kaupa þær vörur, sem nútímaheimili telur sér nauðsynlegar. Það er leið ríkisstjórnarinnar. En hins vegar er einnig sú leið að fara ekki þannig að, heldur líta á hinn enda málsins, þ. e. reyna að auka svolítið við þann gjaldeyri, sem við höfum yfir að ráða.

Framleiðsluaukning kemur að engu haldi, segir í frv. ríkisstj., vegna þess að kerfið, sem við búum við, er svo vitlaust. Þá erum við búin að fá þá kenningu hingað inn í Alþingi, sem dagblað annars stjórnarflokksins, Alþfl., boðaði okkur fyrir nokkrum árum, en það var sem sagt, að ef síld fiskaðist sæmilega vel, mundi landið fara á hausinn.

Kannske eru þessar ráðstafanir gerðar af því, að það fiskaðist sæmilega vel síld í sumar. En ég hef hins vegar sýnt hér fram á, að ef kerfið, sem við búum við gagnvart útflutningsverzluninni, þ. e. a. s. útflutningssjóður og lögin um hann, ef það kerfi er orðið ónýtt, vegna þess að bætur þess séu meiri en það hefur möguleika til að hafa tekjur fyrir, þá er um það að sakast við þá ríkisstj., sem sat hér á s. l. ári, og þann þingmeirihluta, — hún hafði reyndar ekki þingmeirihluta, en hún hafði nákvæmlega helming þm., sem hún studdist við, — og svo þá aðila, sem veittu henni brautargengi með hjásetu, en það gerði Framsfl. Ég vil gjarnan endurtaka það í áheyrn ráðh., því að ég held, að það hafi enginn ráðh. verið hér staddur í þingsal, þegar ég sagði það í hið fyrra sinn, að á því ári, 1958, sem vinstri stjórnin, ríkisstj. Hermanns Jónassonar, bar ábyrgð á setningu laga um útflutningssjóð og á setningu fjárlaga, hafði útflutningssjóður svo ríflegar tekjur, að hægt var að láta hann greiða nokkuð af sínum fjármunum í ríkissjóð, og það var gert og sjóðurinn stóð við það. En þegar Alþýðuflokksstjórnin, með stuðningi Sjálfstfl. og hjásetu Framsfl. gerði sínar ráðstafanir um útflutningssjóð á s. l. vetri, hækkaði sú stjórn bætur sjóðsins svo mikið, að nú segir stjórnin sjálf, að tekjur hrökkvi þar ekki fyrir gjöldum og þess vegna sé kerfið ónýtt. Það er þess vegna ekki við aðra að sakast en núv. stjórnarflokka um það, að kerfið dugir ekki lengur. Það væri að sjálfsögðu nauðsynlegt að bæta úr þessum ágalla, ef hann er raunverulegur. Ég held þess vegna, að það hefði verið vitið meira að reyna að draga svo úr bótum, að til þessa þyrfti ekki að koma, heldur en að láta ríkissjóð hirða meginið af tekjum þessa sjóðs, hætta niðurgreiðslunum, lækka gengið og láta þar af leiðandi þjóðina bera þá skatta, sem útflutningssjóður áður bar og ekki var jafnað niður á þjóðina með rýrnuðum lífskjörum.

Það er mikið einkenni á öllum þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið boðaðar, að stjórnarvöldin virðast telja, að ef einhvers staðar kemur upp galli í okkar efnahagskerfi, þá eigi að leiðrétta hann með því að spretta upp talnadálkum í einhverjum bókum á kontórum. Það er mjög einkennandi fyrir hugsanagang stjórnarinnar. Ef það er of lítið af gjaldeyri, þá á að rífa upp bókhaldið og færa skýrslur og skrár með öðrum hætti. Það er álíka ráð eins og þegar Bakkabræður ætluðu að bera sólskin í trogum inn í húsið sitt. Bæði ég og fjöldamargir ræðumenn fleiri hafa sýnt fram á það, að þessar ráðstafanir auka ekki okkar tekjur, þær auka ekki okkar gjaldeyristekjur. Þær eru alls ómegnugar til þess, þær fara í gagnstæða átt. Hvers konar uppspretta á höfuðbókum stjórnarráðsins eða á gjaldeyrisreikningum þjóðarinnar jafnar ekki neitt af því, sem hér er talið vanta.

Alþingi og ríkisstjórn hafa á síðari árum raunar gert ærið fáar ráðstafanir til þess raunverulega að bæta íslenzkan þjóðarbúskap. Stjórn og Alþingi hafa gert fáar ráðstafanir, sem í eðli sínu eru efnahagsráðstafanir fyrir íslenzka þjóðarbúið. Ein hefur þó verið gerð, og hún er stór, og hennar njótum við nú í sívaxandi mæli, en það er útfærsla landhelginnar. Það var efnahagsmál fyrir Ísland. Henni eigum við m. a. að þakka stórbættan afla á síðustu árum. Skilningur hæstv. ríkisstj. á því er sá, sem ég hef hér áður lýst, að hæstv. forsrh. reyndi — og notaði til þess rangar tölur, eins og þessari hæstv. ríkisstj. raunar virðist vera svo einkar tamt — að sanna það, að landhelgisstækkunin væri liður í okkar vandræðum, liður í okkar fjárhagsvandræðum. Það er bókstaflega eina stóra efnahagsráðstöfunin, sem við höfum gert á síðari árum. Hún færir okkur auknar tekjur, vaxandi afla með hverju ári. Þá bjartsýni hefur ríkisstj. auðvitað ekki tileinkað sér að líta á þetta mál sem framtíðargrundvöll að batnandi hag, eins og hún þegar hefur þó sýnt sig vera, — en fyrirgefum

henni það. Hún telur betri efnahagsráðstöfun að skrá íslenzka peninga með öðrum hætti en verið hefur og telur það einhverja lækningu.

Ég vil benda á, að fyrir þessu þingi og fyrir því síðasta hefur líka legið frv., sem er raunverulegt efnahagsmálafrv. Það er frv., sem ég og fleiri alþm. flytjum um það að leyfa með eðlilegum hætti og skynsamlegum takmörkunum veiðar á flatfiski á Íslandsmiðum, en þetta er raunverulega bannað nú, okkur til hins mesta tjóns, bæði efnalega og alla vega. Ég leyfi mér að fullyrða, að samþykkt þess frv. mundi færa okkur verulega auknar gjaldeyristekjur.

Þá vil ég benda á það, að íslenzki fiskiflotinn er sífellt að verða búinn betri og betri tækjum, þannig að aflabrögð hans verða stöðugt öruggari. Og þá vil ég ekki sízt benda á það, að einmitt nú stöndum við alveg á þröskuldi þess að geta komizt upp á lag með nýja tegund af veiðum, sem vafalaust getur gefið okkur a. m. k. hundrað, ef ekki hundruð milljóna í auknum gjaldeyri, og á ég þar við það, sem komið hefur í ljós, að nú er íslenzki fiskiflotinn að komast upp á lag með að veiða vetrarsíld í vörpu.

Við stöndum þess vegna ekki frammi fyrir neinni þeirri eymd, sem ríkisstj. vill vera láta. Þvert á móti, ef við hefðum stjórn á okkar þjóðfélagi, sem vildi líta raunhæft á okkar möguleika og ekki væri mörkuð þeirri þröngsýni, svartsýni og afturhaldssemi, sem núv. ríkisstjórn vissulega er, þá þyrfti hér vissulega ekki að stíga þau öfugspor, sem hér er stefnt að.

Ég skal viðurkenna, að það eru ýmsir gallar á uppbótaleiðinni, þó að hún sé vissulega miklum mun betri en sú gengisfelling, sem hér er farið fram á. Helzti gallinn á uppbótakerfinu er sá, að það er ákaflega illhægt að ákveða rekstrargrundvöll fyrir fiskiðjuna í landinu með þeim hætti, að þar verði á jafnvægi milli hinna smáu og hinna stóru. Ef ákveðinn rekstrargrundvöllur er markaður, er hætt við því, að annaðhvort muni ske, að hin smærri frystihús og verkunarstöðvar geti ekki haldið starfrækslu sinni svo sem bezt yrði á kosið, eða að hinir stærstu aðilar þar í tækju óhóflegan gróða á sinni starfsemi. Ég tel þess vegna, að út úr uppbótakerfinu þurfi að taka fiskverkunina og að það þurfi að þjóðnýta hana, reka hana á svipaðan hátt og síldarverksmiðjur ríkisins nú eru reknar. Auðvitað er halli á þeim, þegar aflabrestur er. Það mundi líka verða á frystihúsunum. En með því að slíkur rekstur væri þjóðnýttur, rekinn af þjóðarbúinu sjálfu, væri hægt að jafna þar svo á milli vinnslunnar, að hvergi þyrfti að koma til vinnslustöðvunar, og mætti nota hagnaðinn, sem verður þar, sem bezt gengur, til þess að tryggja það, að rekstur verði þó með eðlilegum hætti, þar sem minna er um og þar sem reksturinn er fjárhagslega erfiðari.

Ég held, að slíkar ráðstafanir ásamt þjóðnýtingu á vissum þáttum innflutningsins, eins og t. d. olíuverzluninni, væru ólíkt heilbrigðara bjargráð fyrir þjóðina en það, sem ríkisstj. leggur hér fyrir og kallar viðreisn. Ég held, að það væri þarft verk að forða þessari þjóð frá viðreisn þeirrar íhaldsstjórnar, sem nú situr að völdum.

Það kann vel að vera, að gengið sé skakkt skráð. Ég vil ekki halda því fram, að skráning íslenzkrar krónu, eins og hún er í dag, sé endilega rétt eða nein óumbreytanleg tala. En ég sé ekki, að hér reki þann nauður til að breyta þeirri skráningu, sem ríkisstj. vill vera láta, og auk þess held ég, þótt mörgum kunni að hafa fundizt rök hv. 5. þm. Norðurl. v. vera kannske umdeilanleg um það, að hér sé gengið of langt á gengisfellingarbrautinni, að þau rök séu ekki haldminni en þau rök, sem ríkisstjórnin nú færir. Það er í rauninni býsna táknrænt dæmi, sem sá virðulegi þm. tók, að hér er í rauninni sá munur á till. hans og ríkisstjórnarinnar, að önnur er líkust því, að sá maður, sem stöðvar farartæki sitt í bratta og veit, að það muni renna aftur á bak, láti stein við hjólið á því og leggi hann 20 m frá farartækinu, eins og Björn Pálsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., vildi vera láta, en hann lagði til aðra gengislækkun nokkru minni og taldi sig þá leggja steininn svo sem eins og metra frá farartækinu. Í báðum tilfellum mundi vagninn renna aftur á bak og steinar þeirra 5. þm. Norðurl. v. og ríkisstj. reynast kannske álíka haldlitlir, þó að hitt beri að játa, að steinn 5. þm. Norðurl. v. sé kannske öllu líklegri til þess að forða hruninu, sem hér er að stefnt og hér vofir yfir.

En ef það á bara að vera smekksatriði, að rangt skráð gengi megi ekki vera, þá held ég, að hæstv. ríkisstjórn ætti að athuga sitt eigið gengi hjá þjóðinni. Ég er hræddur um, að það sé líka rangt skráð í dag. Ég held, að hún ætti þá bara að rjúfa þing og efna til kosninga og fá sitt gengi skráð upp á nýtt og sjá, hvort hún situr á rétt skráðu gengi í dag.

Nei, hér er að því stefnt að bæta enn við það ranglæti, sem framið var í fyrravetur gagnvart þeirri þjóð, sem eykur stöðugt framleiðsluna og er þrátt fyrir óstjórnina í landinu nálægt því að rífa okkur yfir alla erfiðleika hérna. Hún fékk í sinn hlut 13.4% kauplækkun í fyrravetur, sem henni var lögþvingað. Nú er líka svo komið, að af því að þjóðinni láðist þá að stemma á að ósi, þá er hér enn haldið áfram á sömu brautinni. Og þegar sú þjóð, sem hélt sig um skeið — og kannske ekki með mjög röngu — vera með fram undir beztu lífskjör, er þekktust í heiminum, tekur að bera sig saman við aðrar þjóðir, þá kemur allt annað upp á teningnum, enda hefur á sama tíma, sem íslenzk lífskjör hafa verið látin ganga aftur á bak, flestar þjóðir í nálægð við okkur tekið nokkur framfaraspor.

Þegar hæstv. viðskmrh. gerir hér samanburð á launakjörum danskra verkamanna og norskra verkamanna og svo aftur þeirra, sem hér vinna, þá þarf hann, til þess að fá þar nokkurn samjöfnuð, að láta íslenzka verkamanninn vinna 9 klst. lengur á viku en þann danska og nær þó ekki jöfnuði. Og það var eins og mér fyndist á honum, að þetta teldi hann eðlilegt og

sanngjarnt. En þó að hann kannske telji það eðlilegt og sanngjarnt, þá verður þjóðinni aldrei láð það, þó að hún telji, að hér sé engin sanngirni á ferðum.

Við höfum líka gott og glöggt dæmi af því, hvernig lífskjör íslenzku þjóðarinnar hafa verið þrúguð að undanförnu og þó mest væntanlega með þeim ráðstöfunum, sem hér eru á ferðinni, ef þær taka lagagildi. Færeyingar hafa ekki verið taldir til þeirra þjóða, sem lifðu í miklu óhófi eða hefðu óskaplega góð lífskjör. Þvert á móti hafa þeir verið taldir standa í lífskjörum mjög að baki Íslendinga. Nú er svo komið, að Færeyingar segja: Við viljum ekki vinna á íslenzkum skipum, nema við fáum tryggðar 1500 danskar krónur á mánuði, því að það fáum við á skipum hjá Bretum, á skipum hjá Vestur-Þjóðverjum, á skipum hjá Norðmönnum, og við getum fengið það hvar sem er. — En þá svara íslenzkir útgerðarmenn og segja: Við getum ekki borgað ykkur þetta, því að þetta er meira en það, sem íslenzkir sjómenn hafa. — Þá vitum við, hvað íslenzkir sjómenn hafa, eða a. m. k. hvað íslenzkum sjómönnum er ætlað að hafa eftir þær ráðstafanir, sem hér eru á ferðinni.

Sú viðreisn, sem hér er á döfinni, er ekki viðreisn á íslenzku atvinnulífi, það stendur með blóma í dag. Það er ekki heldur viðreisn á lífskjörum íslenzkrar alþýðu, þótt þar þyrfti vissulega nokkurrar viðreisnar við. Það er viðreisn fátæktar og eymdar í landinu, það verður ekki misskilið. Og samkvæmt því mun íslenzk alþýða sjálfsagt haga sér gagnvart þeim áformum, sem hér eru fyrirhuguð og kölluð eru viðreisn.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 96 og 98, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þegar rætt er um frv. það um efnahagsmál, sem hér er til umr., er rétt að gera sér grein fyrir aðdraganda þess og undirbúningi, en hann er lengri en þinghléið eitt. Það sjá að vísu allir, að ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa ákveðið að gera í efnahagsmálum, eru í algeru ósamræmi við kosningayfirlýsingar þeirra s. l. haust. Hins vegar eru þær í fullu samræmi við yfirlýsingar Sjálfstfl. í desember 1958, en þeim var af skiljanlegum ástæðum ekki flíkað fyrir kosningar.

Þegar þessar till. í efnahagsmálum eru komnar fram, verður líka að fullu ljóst hlutverk ríkisstj. Alþfl. á s. l. ári og þáttur Alþfl.-forustunnar í undirbúningi þeirra.

Hinn 17. des. 1958 birti Morgunblaðið flokksstjórnarsamþykkt Sjálfstfl., þar sem gerð var grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í efnahagsmálum um næstu framtíð. Þar var því lýst yfir, að fyrsta skrefið í þessari áætlun væri lækkun á kaupi launþega og annað skrefið væri svo stórfelld gengislækkun, að allir útflutningsatvinnuvegir yrðu reknir með gróða án uppbóta. Og á landsfundi Sjálfstfl. sagði hæstv. núv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta, þegar hann ræddi um gengislækkun:

„Ef hins vegar sigla í kjölfarið samsvarandi kauphækkanir og hækkun verðlags innlendrar framleiðsluvöru, rynni gengislækkunin út í sandinn, og er þá verr farið en heima setið."

Stefna Sjálfstfl. var þannig greinilega mörkuð haustið 1958. Gengislækkun og kaupbinding var það, sem koma skyldi. Þetta var stefna Sjálfstfl. haustið 1958, og við fall vinstri stjórnarinnar eygði Sjálfstfl. leið til þess að koma henni í framkvæmd. Og þessari stefnu Sjálfstfl. hefur verið skipulega framfylgt, síðan Alþfl.-stjórn íhaldsins tók við völdum á Þorláksmessu 1958. Sjálfstfl. stóð þá að því að styðja til valda einlita stjórn Alþfl., sem skyldi framkvæma fyrsta skrefið í þeirri áætlun stórgróðaliðsins á Íslandi að ná til sín stærri hluta þjóðartekna en tekizt hafði til þess tíma, — stjórn, sem skyldi hafa það hlutverk á hendi að lækka kaup almennings niður í það, sem hæfilegt þætti að binda það í, þegar gengislækkunin yrði framkvæmd. Og ríkisstjórn Alþfl. lét það verða sitt fyrsta verk að lækka laun launþega um sem nam 10 vísitölustigum. Kaup launþega var lækkað um 600—800 kr. á mánuði, og þær fjárhæðir voru fluttar óskertar í vasa atvinnurekenda, sem lögðu ekkert af mörkum. Alþb. hélt því þá þegar fram, að þessi kauplækkun væri aðeins fyrsta skrefið í átt að framkvæmd á stefnu Sjálfstfl. En því var harðlega mótmælt af forustumönnum Alþfl., að þessi ráðstöfun stæði í nokkru sambandi við stefnuskrá Sjálfstfl., Alþfl. væri að framfylgja sinni eigin stefnu, hann væri að stöðva dýrtíðina og binda endi á verðbólguna. Ef launþegar tækju þessum kauplækkunum vel, væri hag þeirra borgið, því að Alþfl. mundi standa gegn öllum verðhækkunum og forða almenningi frá frekari kjaraskerðingu. Alþb. varaði alveg sérstaklega við þessum áróðri. Alþb. hélt því fram, að Alþfl. setti á svið sýndarbaráttu við dýrtíðina til þess eins að hljóta í þeim kosningum, sem í vændum voru, fylgi, sem dygði til þess að fá Sjálfstfl. og Alþfl. meirihlutavald á Alþingi, og þar skyldu síðan stigin næstu skrefin, gengislækkun og kaupbinding.

En Alþfl.-menn voru ekki alveg á þessu máli, að viðurkenna samstöðu sína með Sjálfstfl. eða hið rétta og eina hlutverk ríkisstjórnarinnar. Þeir settu á svið kosningabaráttu við Sjálfstfl., svo skoplegt sem það sýnist í dag. Hagur launþega um alla framtíð átti að ráðast algerlega af því, hvort þeir kysu Alþfl. eða Sjálfstfl. Alþb. varaði launþega alvarlega við þessum skollaleik, sem nú er svo augljós. Við frambjóðendur Alþb. héldum því fram, að Alþfl. væri að misnota sér til framdráttar þann einlæga vilja alþýðunnar að stöðva verðbólguna, alveg á sama hátt og hann misnotaði fyrir kosningar 1956 þann almenna vilja launþega að standa saman í einu kosningabandalagi gegn íhaldinu. Þá setti Alþfl. á svið ásamt Framsfl. kosningabandalag, sem þessir flokkar kölluðu Umbótabandalag og átti að vera vörn og skjól alþýðunnar í landinu um alla framtíð.

Þessir flokkar áttu þá að vera orðnir einn flokkur. Þetta bandalag var kosningablekking og leystist upp á næsta kjörtímabili, eins og efni stóðu til.

Sama er að segja um stefnu ríkisstj. Alþfl. árið 1959. Hún miðaðist aldrei við annað en koma fram fyrsta atriðinu úr stefnuskrá Sjálfstfl. um kauplækkun. Á þann hátt að fá launþega til að trúa því, að með því að lögbjóða kauplækkun væri stjórnin að vinna bug á verðbólgunni, tókst vorið 1959 að skerða laun almennings án verulegrar mótspyrnu. Vöruverð var greitt niður fram yfir kosningar og látið líta svo út, að ríkisstj. leyfði engar verðhækkanir. Fyrir fram undirbúnar aðgerðir voru vandlega duldar fram yfir kosningar. Alþb. varaði við þessari blekkingarstefnu Alþfl. og sýndi fram á, að kauplækkunarráðstafanir hans vorið 1959 væru ekki til hagsbóta fyrir launþega í nútíð og framtíð, heldur væru þær aðeins fyrsta skrefið í skipulagðri samstöðu Alþfl. og Sjálfstfl. um skerðingu lífskjara íslenzkrar alþýðu og áformum um yfirdrottnun auðstéttarinnar á Íslandi. Kosningabarátta milli þessara flokka væri því hræsnin einber, því að Alþfl.-forustan væri staðráðin í að mynda að kosningum loknum ríkisstjórn með Sjálfstfl., ef Alþfl. fengi nógu mikið fylgi í kosningunum til þess að geta með sínu þingliði bætt við því, sem á vantaði hjá íhaldinu, til þess að þingmeirihluti væri fyrir hendi. Síðan mundi þessi væntanlegi þingmeirihluti sjá um framkvæmd á næsta atriði í stefnuskrá Sjálfstfl. frá í desember 1958, gengislækkun og kaupbindingu. Þessum staðhæfingum mótmælti Alþfl.-forustan þá eindregið og hélt því fram, að stefna ríkisstj. væri sérstök stefna Alþfl. og stæði í engu sambandi við fyrirætlanir Sjálfstfl. frá flokksstjórnarfundinum. Hið eina, sem launþegar þyrftu að gera, væri að tryggja áhrif Alþfl., þá væri tryggt stöðugt og fast verðlag, enginn vanskilavíxill væri til og frekari kjaraskerðingar ekki þörf, eða eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði: „óbreytt verðlag, óbreytt ástand".

Það reyndist því miður svo, að þessi áróður Alþfl. dugði vel. Það kom í ljós, að launþegar virtust hafa í of ríkum mæli trúað því, að þeir væru nú búnir að leggja fram sinn skerf í efnahagsmálum, kjör þeirra væru nú tryggð, ef Alþfl. fengi ráðið. Þessi áróður Alþfl. um stöðvun verðbólgunnar og fast verðlag dugði þannig til þess, sem til var ætlazt, þ. e. að þinglið Alþfl. varð nógu fjölmennt til þess að það tryggði stefnu Sjálfstfl. meiri hluta á Alþingi, varð sá liðsauki Sjálfstfl., sem Morgunblaðið hafði vænzt. Tilganginum var náð, og þá var sýndarríkisstj. Alþfl. lögð niður og hinir raunverulegu stjórnendur komu fram í dagsljósið, og tóku opinberlega við stjórninni. Nú var ekki þörf á neinum feluleik meir, kosningarnar voru afstaðnar.

Alþfl., sem hafði þótzt bera hag launþega fyrir brjósti fyrir kosningar, þóttist hafa stöðvað verðbólguna og gaf fögur loforð um baráttu gegn öllum verðhækkunum, gekk með rýtinginn í erminni í allt sumar. Nú er hann hafinn á loft. Nú á að framkvæma annað atriðið í stefnuskrá Sjálfstfl. Nú hafa þessir flokkar lagt fram hér á Alþingi frv. um gengislækkun og afnám vísitöluuppbótar á kaup. Nú er komið fram það frv., sem Alþb. varaði kjósendur við í sumar og Alþfl. þá afneitaði.

Ég hef talið ástæðu til að rekja sérstaklega, hversu illa er fenginn sá liðsauki, sem Sjálfstfl. styðst við hér á hv. Alþ., og ég fullyrði, að þessi liðsauki hefði alls ekki dugað til meirihlutavalds, ef Alþfl. hefði gengið til kosninga með þetta frv. sem opinbera stefnuskrá. Sama má segja um þingstyrk Sjálfstfl. Kosningastefnuskrá Sjálfstfl. var engu síður en Alþfl. í hrópandi mótsögn við þetta frv., og nægir í því sambandi að minna á kjörorðin „Stöðvun verðbólgunnar, uppbygging atvinnuveganna, stéttafriður, aukin framleiðsla og bætt lífskjör", þótt frv. sé hins vegar, eins og ég hef áður rakið, í algeru samræmi við flokksstjórnarsamþykkt Sjálfstfl., sem birtist í Morgunblaðinu 17. des. 1958, en henni var ekki flíkað í kosningabaráttunni. Má því öllum vera ljóst, að þótt þetta frv., með þeirri stórfelldu lífskjaraskerðingu, sem það hefur í för með sér hjá alþýðu manna, verði samþ. af meiri hluta Alþingis, þá nýtur það engan veginn stuðnings meiri hl. þjóðarinnar og er þá knúið fram gegn vilja meiri hluta launþega.

Ýmsir í röðum verkalýðsins voru vegna stefnu vinstri stjórnarinnar farnir að gera sér vonir um, að þeirri reglu yrði haldið af ríkisstjórnum, sem síðar tækju við, að hafa samráð við verkalýðsfélögin um mikilvægar ráðstafanir í efnahagsmálum. Ríkisstj. Alþfl. lét sig þó hafa það að afnema þessa hefð, sem var að skapast og hefði verið verkalýðsfélögunum mikilvæg og þjóðinni nauðsynleg. Ráðstafanir Alþfl. í fyrravor voru gerðar algerlega án samráðs við verkalýðsfélögin, og sama er upp á teningnum, þegar þetta frv. er flutt, og svo mikil er fyrirlitning ríkisstj. á verkalýðsfélögunum, að hæstv. fjmrh. fullyrðir í útvarpi, að það hafi svo sem ekki vantað, að samráð væri haft við verkalýðsfélögin, vitandi það manna bezt, að efnahagsmálatillögurnar voru þá fyrst lesnar upp fyrir fulltrúum verkalýðsfélaganna, þegar þær voru fullbúnar og frágengnar, en það er talin kappnóg virðing við verkalýðsfélögin, þegar kosningum er lokið. Það er naumast þörf að minnast á það, að í þessu atriði sem öðrum hafði Alþfl. áður aðra stefnu, en þeirri stefnu hefur nú verið kastað ásamt öðru, til þess að hann geti talizt samkvæmishæfur hjá íhaldinu.

Hinn 3. nóv. 1949 sagði þáv. form. flokksins, með leyfi hæstv. forseta: „Í þriðja lagi tók ég fram, að Alþfl. teldi ófrávíkjanlegt í samræmi við stefnu sína og uppbyggingu, að samráð yrði haft milli hans og launastéttanna um úrræði, sem gripið væri til, og þau einu úrræði gæti Alþfl. valið, sem verkalýðshreyfingin og launastéttirnar yfirleitt gætu sætt sig við og vildu una."

Já, nú er stefna Alþfl. önnur og uppbyggingin sjálfsagt líka. A. m. k. varðar núv. form. flokksins lítt um það, hvort launastéttirnar

yfirleitt geti sætt sig við ráðstafanir hans í efnahagsmálum eða vilji við þær una.

Nú þarf ekki samráð við verkalýðinn á Íslandi um ráðstafanir í efnahagsmálum. Nú er rýtingurinn á lofti. Nú eru kosningaloforðin um festingu á verðlagi og stöðvun verðbólgu lögð til hliðar. Þau hafa náð þeim eina tilgangi, sem þeim var ætlað, og í staðinn er með frv. þessu stefnt að stórkostlegri hækkun á verðlagi en dæmi eru til áður, meiri hækkun en fólk almennt fær trúað.

En stöðvunarstefna Alþfl. og Sjálfstfl. er þó ekki algerlega lögð á hilluna, en hún er þrengd mjög frá því fyrir kosningar. Henni er nú beint að einu einasta marki, kaupstöðvun. Hið einasta eina, sem má ekki hækka, er kaup almennings. Gagnvart því er stöðvunarstefna hinna ábyrgu og kjörkuðu í fullu gildi. Alþfl. staðfestir dirfskuna og áræðið og kjarkinn frá í vor með því að ráðast enn þar á garðinn, sem hann er lægstur.

Vísitöluuppbót á kaup á að afnema, og kaup verkafólks skal bundið við það lágmark, sem ríkisstj. Alþfl. lækkaði þau í vor. Þar með hefur stjórnin ákveðið þau lífskjör, sem almenningur skal búa við. En sýnt er, að útgjöld þeirrar meðalfjölskyldu, sem reiknað er með í vísitölugrundvellinum, munu hækka um nálega 13500 kr. á ári. Á móti þeirri hækkun koma *fjölskyldubætur og niðurfelling tekjuskatts*, samtals um 6800 kr., og hækka því útgjöld fjölskyldunnar um nálega 6700 kr. á ári eða úr 59300 kr. í 66 þús. kr. á ári.

Laun verkamanns fyrir 8 stunda vinnu eru nú um 48 þús. kr. á ári, og vantar því um 18 þús. kr., til þess að endarnir nái saman, ef ekki kæmi til eftirvinna, en til viðbótar dag*vinnunni þarf verkamaðurinn 600 eftirvinnu*tíma á ári, til þess að jöfnuður fáist eftir gengislækkunina, eða um 230 eftirvinnustundum fleiri á ári en áður.

Enn verri eru horfurnar, ef fjölskyldan hefur staðið í húsakaupum eða byggingarframkvæmdum, því að í þessu dæmi er ekki gert ráð fyrir nema 11400 kr. á ári til húsnæðis eftir gengislækkunina, en sá liður verður annars miklum mun hærri. Svo sem sýnt hefur verið fram á í umræðum hér á Alþingi, mun samþykkt þessa frv. valda samdrætti í atvinnulífinu, en hverfi eftirvinnan, þá verða kjör almennings komin niður á hungurstig, en það virðist ekki valda stjórnarherrunum miklum áhyggjum.

Hæstv. menntmrh. lýsti því hér áðan í fögrum orðum, að ríkisstj. ætlaði sér að forða almenningi frá stórkostlegri skömmtun og víðtækum höftum, sem hefðu þann tilgang að minnka innflutninginn, en á því að minnka innflutninginn taldi hann hina mestu nauðsyn, og hann á að minnka, en ekki með skömmtunum eða höftum. Hvernig hugsar ríkisstj. sér að skera niður neyzluna, en það telur hún höfuðatriðið, enn meira atriði en að auka útflutninginn? Frv. um efnahagsmál er svarið við því. Ríkisstj. ætlar ekki að beita skömmtunarseðlum. Nei, hún ætlar að skerða svo mjög kaupmátt launa, að hin tóma pyngja komi í stað skömmtunarseðlanna. Það á ekki að nota skömmtunarseðla, þannig að hver maður fái sinn skammt af innflutningnum. Nei, þeir, sem hafa fjárráðin og fá þau aukin með ráðstöfunum ríkisstj., skulu fá það, sem þeir vilja, en hin tóma pyngja hinna skal sjá um, að innflutninginn verði hægt að skera niður.

Skömmtun með skömmtunarseðlum er slæm, en skömmtun hinnar tómu pyngju er þó verri. En með hinni stórfelldu kjaraskerðingu fær ríkisstj. óskadraum sinn uppfylltan, þann óskadraum, sem birtist í eftirfarandi setningu eins hv. þm. Sjálfstfl. í blaði hans í sumar og mér er sérlega minnisstæð, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrsta skrefið er að koma á jafnvægi í búskaparháttum einstaklinga.“ Í umræðum hér að undanförnu hafa stuðningsmenn ríkisstj. stundum verið að taka það fram, að þegar talað væri um það, að þjóðin hefði lifað um efni fram, þá ættu þeir ekki við einstaklingana, en í þessari setningu var ekki verið að fela það.

Í frv. ríkisstj. er rækilega gengið þannig frá hnútunum, að hækkanirnar skuli einungis eiga við vöruverð, en ekki laun. En afnám vísitöluuppbóta skal hins vegar eiga einungis við um laun. Það eru til aðrar vísitöluuppbætur en á laun og þær eiga að haldast. Helmingur af húsnæðismálasjóðslánum er bundinn við *vísitölu, og afborganir skulu hækka með hækkaðri vísitölu*, og þær vísitöluuppbætur eiga að haldast. Þegar allt vöruverð hækkar og vísitöluuppbætur eru skornar af launum, þá skulu launþegar, sem þá hafa enn minni afgang frá brýnustu lífsnauðsynjum, greiða vísitöluuppbætur á afborganir húsnæðismálasjóðslána vegna hækkaðs vöruverðs til launþega.

Af fáu hafa stjórnarflokkarnir gumað meira á undanförnum árum en umhyggju fyrir æskunni. Fyrir fáum mánuðum svall þessi elska á ungu fólki svo í brjósti forustumanna stjórnarflokkanna, að henni varð að veita útrás í sérstökum ástarbréfum til ungs fólks. Einkum beindist þessi fyrirhöfn að þeim, sem náð höfðu 21 árs aldri. Þeim var bréflega skýrt frá því, að þeir flokkar, sem nú fara með völd, hefðu hvor fyrir sig á engu meiri áhuga en því, að ríkisvaldið beinlínis legði sig fram um að auðvelda ungu fólki að eignast þak yfir höfuðið og stofna heimili.

Eftir að þessu unga fólki var svo gefinn kostur á að kvitta fyrir fyrirheitin með einum litlum krossi á blað, hefur ástin birzt í verki, í því frv., sem hér er til umræðu. Og sýnist nú sem ást þessi á ungu fólki og húsnæðisleysingjunum hafi reynzt hverfulli en sumir ætluðu að verða mundi og hafi jafnvel snúizt upp í ást og umhyggju fyrir allt öðrum aðilum, sem enga hagsmuni eiga sameiginlega með þeim, sem þarfnast mest húsnæðis og minnsta hafa getuna til að eignast það.

Áður en unga fólkinu hefur svo mikið sem gefizt tími til að *týna bréfunum frá í haust*, birta ríkisstjórnarflokkarnir frv. um efnahagsmál, sem setur ungu fólki og launþegum öllum stólinn fyrir dyrnar um húsbyggingar.

Byggingarefni skal hækka í verði um 40—

50%, lánsfé skorið niður og vextir stórlega hækkaðir, á sama tíma og allar lífsnauðsynjar hækka auk þess stórlega í verði.

Það fólk, sem að undanförnu hefur lagt vonglatt í slíkt stórvirki að byggja íbúð, eftir að hafa reiknað út, hvern afgang það hefði af launum sínum til að standa undir vöxtum og afborgunum, og oft var einmitt bjartsýnt í áætlunum sínum í trausti þess, að heldur yrðu möguleikarnir bættir, fær nú allt í senn: stórhækkun á verði nauðsynjavöru, vísitölubindingu á kaupi, stórfellda vaxtahækkun og niðurskurð á lánsfé. Þetta fólk hefur unnið nótt með degi til að koma upp húsum sínum og hefur rækilega kynnzt því, að í því basli hefur ekki frekar en endranær gilt kjörorð stórkaupmannsins í Reykjavík: Bara hringja — svo kemur það. — En á því, sem þetta frv. boðar, hefur það ekki átt von.

En það þarf ekki mikla spámenn til að sjá, að hverju er stefnt. Hér halda þeir um stjórnvölinn, sem að því stefna, að eignir margra safnist á fárra hendur.

Og hvað um það unga fólk, sem dvelst erlendis við nám, þegar erlendur gjaldeyrir hækkar nú stórlega í verði? Við vitum, að margt af þessu fólki hefur hlotið aðalnámsstuðning sinn frá venzlafólki sínu. Nú eru lífskjör launþega með þessu frv. svo stórlega skert, að geta efnalítilla foreldra til að veita börnum sínum fjárhagsstuðning við nám verður engin eða a. m. k. margfalt minni en áður. En hver er þá afstaða ríkisvaldsins í höndum þeirra manna, sem í sumar höfðu slíka ofurást á ungu fólki? Hleypur ríkisvaldið ekki undir baggann og eykur stuðning sinn við námsfólk? Ónei, það er nú öðru nær. Ríkisstjórnarflokkarnir þykjast þó láta það fá jafnmikið og áður, því að í grg. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um íslenzka námsmenn erlendis gildir að sínu leyti svipað og um farmenn og flugmenn, að þeir hafa getað keypt erlendan gjaldeyri á sérstaklega hagstæðu gengi. Þau fríðindi munu nú að sjálfsögðu falla niður. Hefur verið ráð fyrir því gert í fjárlagafrv., að námsmönnum verði þetta bætt að nokkru með því, að námsstyrkirnir hækki í sama hlutfalli og verð hins erlenda gjaldeyris, þannig að styrkirnir geti haldizt óbreyttir í erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir gengisbreytinguna.“

Styrkir til námsfólks erlendis námu á fyrra fjárlagafrv. 3 millj. og 40 þús. kr. Þá var námsgjaldeyririnn greiddur með 30% yfirfærslugjaldi, og kostaði hver dollar þá kr. 21.22. Fyrir þessar 3 millj. og 40 þús. kr. fengust þá 143 þús. dollarar. En á hinu nýja fjárlagafrv. nema styrkirnir 4 millj. 625 þús. kr., en nú á dollarinn að kosta 38 kr. Fyrir þessar 4 millj. 625 þús. kr. fást þá 121 þús. dollarar, það er 22 þúsundum dollara minna en áður eða 836 þús. kr. minna en áætlað var á fyrra fjárlagafrv. Þetta er nú stuðningurinn við námsfólkið. (Gripið fram í.) Það munar þá sáralitlu.

Reynslan af ástarbréfum stjórnarflokkanna verður ungu fólki dýr og því sárust, sem veitt hefur þeim meirihlutavald á Alþingi. En það er fyrir miklu að læra af reynslunni, og sá, sem einsetur sér að gera ekki sömu villuna tvisvar, er á réttri leið.

Þegar Sjálfstfl. og Alþfl. hafa við samningu þessa frv. skammtað íslenzkri alþýðu lífskjör um næstu framtíð, hefur ekki þótt nóg að gert með gengislækkuninni einni saman, þótt hún sé hin mesta, sem um getur, og komi í kjölfar stórfelldrar kauplækkunar s. l. vor, heldur eru gjöld og skattar, sem áður voru látin koma í staðinn fyrir gengislækkun, látin haldast og söluskatturinn stórlega hækkaður og án efa miklu meira en frv. gerir ráð fyrir. Í frv. er reiknað með, að innheimtur söluskattur, sem skilað er til ríkisins, nemi af vörusölu og þjónustu 280 millj. kr. En hitt vita allir, að sá skattur verður raunverulega miklum mun hærri og mismunurinn rennur til verzlunarinnar. Af því hafa menn fulla reynslu. Söluskattur í smásölu verkar því að talsverðu leyti sem hækkun á álagningu og rennur til kaupmanna. Er þetta eitt lítið dæmi um, hverra hagsmuna er gætt, þegar frv. þetta er samið. Þetta virtist jafnvel Alþýðuflokksmönnum vera ljóst fyrir 10 árum, en þá sagði hæstv. núv. sjútvmrh. í umræðum á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„En hann (þ. e. a. s. almenningur) vill í fyrsta lagi ekki, að þessar byrðar séu lagðar á eins og gert er með gengislækkunarlögunum, og hann vill allra sízt, að versti skattur úr dýrtíðarlögunum sé framlengdur, því að ég fullyrði, að sá af sköttum dýrtíðarlaganna, sem almenningi er tilfinnanlegastur, er söluskatturinn, og hann kemur allra verst við, en það er einmitt hann, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að framlengja.“

Nú á ekki aðeins að framlengja hann, heldur stórlega hækka hann. Þarna lýsir Alþfl. yfir því, að allir skattar séu betri en söluskatturinn. En það hefur greinilega farið eins um þá kenningu og hina, sem eitt sinn gilti líka þar, að allt er betra en íhaldið. Þetta eru nú hvort tveggja orðnar úreltar kenningar í Alþfl.

Allmjög hefur komið hér til umræðu þáttur hagfræðinga ríkisstjórnarinnar í frv. þessu. Má heita ömurlegur hlutur hinna hagfræðilærðu manna, að við stétt þeirra og fræði skuli jafnan vera kenndar þær afturhaldsráðstafanir, sem gerðar eru með gengislækkunarlögum á Alþingi. Aldrei heyrist, að þeir hafi nokkru sinni á það bent, að afla mætti tekna með öðru móti en því að seilast í létta pyngju hinna lægst launuðu. En hvar stendur það í hagfræðibókum, að gróðinn skuli jafnan friðhelgur? Og á móti hvaða hagfræðilögmáli stríðir það, að innflutnings- eða útflutningsverzlunin megi vera í höndum almennings? Hvort stríðir það fremur gegn heila eða hjarta hinna hagspöku? Eru þeir á sama stigi þekkingar í fræðum sínum og Galdra-Loftur, að hún nýtist aðeins hinu illa? Skortir þá kjarkinn að líta upp úr bókunum og horfast í augu við stritandi líf, svo að þeir megnuðu að beita þekkingunni í þágu hins góða og friðhelgi gróðans yrði rofin? Hver öfl eru það, sem trufla svo hagspekingana í særingum sínum, að þeir ná eigi tökum á því, sem duga mætti til góðs,

og þeirra ráð yrðu þau, að pyngja hins snauða nyti friðhelgi, en eigi gróðinn.

Sú er nú ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna og hagfræðinga þeirra að taka fram fyrir hendurnar á þjóðinni í uppbyggingarstefnunni og knýja hana með lagasetningu til að draga úr framkvæmdum og framförum, svo að kaupgeta almennings skerðist þá enn að miklum mun. Í framsöguræðu hæstv. forsrh. og í grg. frv. hafa þessar ráðagerðir í rauninni verið afsakaðar með því einu að skírskota til greiðsluhalla við útlönd og greiðslubyrði landsins nú og í næstu framtíð. Þegar í næstu ræðum eftir ræðu hæstv. forsrh. og einkum þó í ræðu hv. 4. þm. Austf. (LJós) var sýnt fram á, að þær tölur, sem stjórnin vitnaði í um greiðsluhalla og greiðslubyrði, eru stórlega úr lagi færðar í grg. frv. og auk þess annarlegar ályktanir dregnar af tölunum. Þar sem hér er um að ræða atriði, sem frv. byggist í rauninni á, en samþykkt þess mundi hafa skelfilegar afleiðingar fyrir fjöldann allan af alþýðufólki í landinu, bjóst ég nú satt að segja við því, að í svarræðu hæstv. forsrh. yrði reynt að koma fram með einhver gagnrök um þessi atriði. Ég hef ekki setið marga fundi á hv. Alþingi, og það er e. t. v. skýringin á því, að ég undraðist svarræðu hæstv. forsrh. En hefði ég ekki m. a. fyrir áralanga aðstoð hins konunglega hirðljósmyndara Morgunbl. þekkt hæstv. forsrh., þá mundi ég hafa ætlað, að hér færi maður húsavillt og hefði ætlað að færa upp gamanleik í Iðnó. Svo einhæf var ræðan af bröndurum og svo gersneydd var hún svörum við þeim ádeilum á frv., sem mestu máli skiptu, þ. e. varðandi greiðsluhallann og áhrif hans, og ég held, að það hefði verið hollt, að sem flest af því alþýðufólki, sem ríkisstj. hefur ákveðið að skuli bera allar byrðarnar af efnahagsmálaráðstöfununum og lítur þessi mál alvarlegum augum, hefði heyrt þá ræðu. Síðan hafa margar ræður verið fluttar, og enn hafa ekki komið fram gagnrök varðandi þessi atriði, sem tekin væru gild. Hins vegar hefur það gerzt, að einn af hagfræðingum þeim, sem taldir hafa verið standa í nánustum tengslum við ríkisstj., hefur opinberlega staðfest flest af því, sem stjórnarandstaðan hefur flutt fram varðandi þessi atriði, sem frv. í raun og veru byggist á.

Ég er sannfærður um, að allur almenningur, sem þessar ráðstafanir bitna á, bíður eftir fullnægjandi svörum um þessi mál. Hann krefst veigameiri raka en enn hafa verið flutt fyrir því, að gerðar séu þær afdrifaríku aðgerðir í efnahagsmálunum, sem frv. fjallar um. Mælgin um frelsi í viðskiptum og aukið vöruval er alþýðu manna ekki sú draumsjón, að hún sætti sig við, að þetta frv. verði samþ. með þeim rökum einum, sem fram hafa komið því til stuðnings. Ég held, að almenningur sé enn á sömu skoðun og hæstv. menntmrh. var, er hann sagði eftirfarandi hér á Alþingi árið 1951, með leyfi hæstv. forseta:

„Fylgjendur hinna frjálsu viðskipta telja það aðalatriðið, að búðirnar séu fullar, þótt almenningur geti lítið keypt. Það liggur við, að þeir telji velmegunina þeim mun meiri, sem meira er af vörum í búðunum, en minna hjá almenningi. Það er þessi stefna, þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstj. er nú að leiða yfir Íslendinga."

Ég held, að þessi orð eigi við enn í dag. Það er þessi stefna, þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstj. er að leiða yfir Íslendinga í dag. Og ég held, að það sé enn fremur hægt að bæta við um þá flokka, sem að ríkisstjórninni standa, því, sem þessi sami hæstv. ráðh. sagði á Alþingi hinn 26. febr. 1951 um þáv. ríkisstjórnarflokka, sem felldu gengið árið 1950 og framkvæmdu viðlíka ráðstafanir og ríkisstj. ætlar sér nú, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir allt er þó eitt gott um hæstv. ríkisstjórn. Flokkarnir, sem að henni standa, villa nú ekki lengur á sér heimildir. Undanfarin ár hefur stundum verið erfitt að sjá, hvað hver flokkur í raun og veru vildi. Nú hafa Íslendingar fengið stjórn, sem hefur hreina stefnu, hreina íhaldsstefnu."

Átta mánuðum seinna minntist síðan þessi sami hæstv. ráðh. á það í útvarpsumræðum, að um vorið hefði hann kallað ríkisstj., sem framkvæmdi gengislækkunina, fyrstu hreinu íhaldsstjórnina, sem setið hefði á Íslandi um aldarfjórðung, en það, sem síðan hefði gerzt, eftir að gengislækkunarlögin komu til framkvæmda, hefði ekki aðeins staðfest þessi ummæli, heldur leitt í ljós, að sú gengislækkunarstjórn væri mesta afturhaldsstjórn, sem fengið hefði völd á Íslandi. Og hann sagði að lokum, að öll þau spor, sem sú ríkisstjórn hefði stigið, væru spor aftur á bak. Þessi lýsing hæstv. menntmrh. var fyllilega sannleikanum samkvæm. En sporin hræða, og ég er þess vegna fullviss, að sú gengislækkunarstjórn, sem nú situr að völdum, muni engu síður og jafnvel í enn frekara mæli reynast ekki aðeins hrein íhaldsstjórn, heldur verði hún mesta afturhaldsstjórn, sem fengið hefur völd á Íslandi, þótt með sé talin sú ríkisstj., sem felldi gengið árið 1950, og öll þau spor, sem hún stígur, verði spor aftur á bak.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að leiðrétta mjög bagalega missögn í ræðu hv. þm., sem var að ljúka máli sínu. Hann fór þar rangt með tölur, sem ég efa ekki að hann hefur gert af misgáningi, þótt óþarfi hefði átt að vera, og vildi ég strax leiðrétta það, sem hann sagði um þau efni.

Hann sagði, að í fjárlagafrv. væri gert ráð fyrir því, að styrkir til íslenzkra stúdenta erlendis beinlínis lækkuðu verulega í erlendum gjaldeyri, og væri þetta í ósamræmi við það, sem sagt hefði verið í ræðum og blöðum að tilætlunin væri. Hann sagði, að í fjárl. fyrir síðasta ár væru veittar 3 millj. kr. til íslenzkra stúdenta erlendis, en í þessum fjárl., sem nú liggja fyrir, væru veittar 4.6 millj. króna, og reiknaði síðan út, að fyrir 4.6 millj. kr. fengjust svo og svo miklu færri dollarar en fyrir 3 millj. kr. Þetta dæmi var rétt reiknað. En tölurnar, sem hann lagði til grundvallar, eru rangar, eins og greinilega kemur fram, ef fjár-

lagafrv. er lesið. Það stóð í fjárl. síðasta árs: „Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis og við Háskóla Íslands 3 millj. kr.“ Þær skiptust þannig, að 2 millj. voru til stúdenta við erlenda háskóla og 1 millj. var framlag til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands. Þær 4.6 millj. kr., sem nú eru veittar til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis og við Háskóla Íslands, skiptast þannig, eins og greinilega kemur fram í textanum við frv., að 3.6 millj. eru til stúdenta erlendis og 1 millj. óbreytt framlag til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands. Styrkurinn til stúdentanna erlendis breytist því úr 2 millj. í 3.6 millj., en ekki úr 3 millj. í 4.6 millj., og hækkun úr 2 millj. í 3.6 millj. er nákvæmlega hin sama hlutfallslega og verður á því gengi, sem stúdentarnir þurfa að greiða með. Það koma til nákvæmlega jafnmargir dollarar, pund, mörk eða danskar krónur eða hvað sem er út úr 2 millj. kr. upphæðinni í fyrra og 3.6 millj. kr. upphæðinni, sem nú er gert ráð fyrir.

Það var alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að þó að hér sé gert ráð fyrir því, að íslenzkir stúdentar erlendis geti eftir sem áður fengið í námsstyrki sömu upphæð í erlendum gjaldeyri og þeir hafa haft hingað til eða höfðu á s. l. ári, þá kemur mjög til athugunar að reyna að bæta hér enn frekar um, og er það til athugunar hjá ríkisstj., hvort ekki sé unnt að hækka þessa upphæð enn frekar. Þó er þess að geta, að undanfarin ár hefur orðið mjög veruleg hækkun á styrkjum til íslenzkra stúdenta erlendis og þeirra, sem stunda nám í háskólanum hér. En eins og ég sagði áðan, það kemur sannarlega til athugunar og er til athugunar hjá ríkisstj. að hækka þessa upphæð enn umfram það, sem gert er í fjárlagafrv., sem liggur fyrir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hæstv. viðskmrh. var að upplýsa, virðist 7. landsk. þm. (GeirG) vera fullnuma í þeirri talnafræði, sem Alþb.-menn temja sér nú á hv. Alþingi.

En út af þeim orðum, sem hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) sagði í sinni ræðu hér áðan um, að færeyskir sjómenn vildu ekki vinna fyrir okkur, þá er þetta mesti misskilningur hjá þessum hv. þm. Það voru ekki færeyskir sjómenn, sem vildu ekki koma hingað til að vinna hjá okkur, það var trúbróðir hans, Erlendur Patursson, sem tók þá afstöðu. Og í því sambandi langar mig til þess að spyrja þennan hv. þm. og skoðanabræður hans um það, hvort þeim sé kunnugt um nokkra íslenzka aðila, sem hafi haldið að þessum manni að taka þá afstöðu, sem hann tók, þegar hann kom hingað heim að semja, — ekki við þá aðila, sem hann átti að semja við, íslenzku sjómannafélögin, heldur við útgerðarmenn. Ég geri þetta að gefnu tilefni, vegna þess að málgagn þessa hv. þm. er eina málgagnið, sem hefur tekið upp vörn fyrir framkomu þessa manns.

Hér í gær var birt eða kom fram álit hv. fjhn. Þessi hv. n. var þríklofin, og þó að ég sé nú að öðru leyti sammála og samþykkur þessu frv., þá er ég ekki að öllu leyti sammála samflokksmanni mínum, hv. 6. landsk. (BK), um það, sem hann fór með, og mun koma að því síðar. En hv. 1. þm. Norðurl. v. lék sér að mjög miklum og fáránlegum blekkingum í sinni ræðu, svo að ekki sé meira sagt. Ég vissi fyrr, að framsóknarmenn gátu verið skakkeygir á sannleikann, en að þeir læsu þær staðreyndir sannleikans, sem koma fram í þessari hvítu bók ríkisstj., með lokuðum augum, það vissi ég ekki, fyrr en ég heyrði þennan hv. þm. tala. (Gripið fram í.) Hann vitnaði hér í og hafði mikið gaman af að lesa úr töflu 6 í skýrslunni um samanburð á fjölskyldubótum og útgjaldaaukningu vegna gengisbreytingar og sagði, að aukning útgjalda vegna 11% hækkunar verðlags væri fyrir eins barns fjölskyldu 6650 kr., og svo skildi hann ekkert í því, sem á eftir fór, að fyrir tveggja barna fjölskyldu væru það 6650 kr. líka. Og hann var alveg standandi hlessa, þegar það var fyrir 3 barna fjölskyldu aðeins 6800 kr. Nú veit ég, að þessi hv. þm. er bæði sjóndapur og ellimóður eins og flokkurinn hans, en það er vísað í þessum línum niður blaðsíðuna, og þar kemur skýringin. Ég ætla að lesa þessa skýringu fyrir þennan hv. þm., og hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er sýnd sú aukning, sem verður á útgjöldum fjölskyldu, sem hefur sömu útgjöld og grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar gerir ráð fyrir, 60500 kr. fyrir tveggja barna fjölskyldu. Útgjöld 3, 4 og 5 barna fjölskyldu eru talin hærri en þetta, sem nemur núgildandi fjölskyldubótum. Hækkun verðlags um 11% er við það miðuð, að öll hækkun vísitölunnar vegna gengisbreytingarinnar verði 13%, en niðurgreiðslur á kornvörum, kaffi og sykri lækki þetta um 2 stig.“

Til þess að útskýra þetta betur fyrir þessum ágæta þm., þegar hann fer nú að halda fundi heima í sínu kjördæmi, þá get ég lesið fyrir hann hér líka, hvað barnafjölskyldur í hans kjördæmi og á hans verðlagssvæði fá í þessar uppbætur, en þar er 1 barns fjölskylda með 2600 kr., 2 barna fjölskylda með 5200 kr. og 3 barna fjölskylda með 7800 kr. Eftir að ég hef gefið honum þessar upplýsingar, veit ég, að hann fer að skilja, hvernig þessi tafla er byggð upp.

En þessi hv. þm. hafði till. fram að færa. Hann hafði till. fram að færa um það, að þessu mikilvæga máli væri vísað til n. og þessi n. ætti að vera skipuð 8 mönnum, tveimur frá hverjum flokki. Það er gamla framsóknarlýðræðið, sem þar átti að ríkja. Og hann hafði eina brtt. við frv. að gera, og sú brtt. var fólgin í því að leggja niður alla innflutningstolla á landbúnaðarbifreiðum, jeppum og þess háttar. Það var ekki að furða, þó að einn kunningi minn, sem ég mætti hér frammi, — hann var að koma ofan af þingpöllum eftir þessa ágætu ræðu, — hann færi með vísu fyrir mig, sem ég ætla að fara með fyrir þennan hv. þm., því að ég veit, að hann er gamansamur, en vísan er á þessa leið:

Þeir eltu hann á tíu hjóla trukkum,
og aðra tvo þeir höfðu og til vara,
en Skúli bara sat í jeppa sínum
og vissi ekki, hvert hann var að fara.

Frv. hæstv. ríkisstj. um efnahagsmál felur í sér stórkostlega stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar. „Megintilgangur ríkisstj. og stuðningsflokka hennar er sá að skapa framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár. Með þessu telur stjórnin, að atvinnuöryggi sé bezt tryggt til frambúðar og líklegri skilyrði sköpuð fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og þar með batnandi lífskjörum. Um leið og þessar nauðsynlegu breytingar til viðreisnar í atvinnulífinu eru gerðar, telur ríkisstj. sjálfsagt að gera víðtækar breytingar til bóta í félags- og skattamálum. Með því er byrðunum, sem verða af hinum óhjákvæmilegu breyt., dreift sem réttlátast á þjóðarheildina og hagsmunir þeirra verndaðir, sem framar öðrum ber að forða frá kjaraskerðingu, en það eru barnafjölskyldur, aldrað fólk og öryrkjar."

Svo segir í hinu ágæta frv.

Þegar þess er gætt, hljóta fullyrðingar hv. stjórnarandstæðinga að vekja furðu, svo að ekki sé meira sagt, meðal þjóðarinnar. Þessar fullyrðingar og staðhæfingar hafa ekki aðeins átt sér stað í umræðum hér á hæstv. Alþingi, heldur einnig á fundum utan Alþingis og í blaðaskrifum. Síendurteknar staðhæfingar um, að upphaf þeirra vandamála, sem nú er glímt við, sé að finna hjá núverandi hæstv. ríkisstj. eða þá hjá bráðabirgðastjórn Alþfl., eru settar fram með hroka og sjálfbirgingshætti, í þeim eina tilgangi að villa og blekkja almenning í landinu og fá launþega til að taka neikvæða afstöðu til þessara mála, til þessara viðreisnaráforma, löngu áður en þau eru kunn. Stjórnarandstæðingar láta nú hver eftir annan þá fullyrðingu í ljós, að þegar vinstri stjórnin fór frá, hafi verið þvílíkt afbragðsástand í fjármálum þjóðarinnar, að dæmi annars slíks hafi ekki þekkzt á byggðu bóli. Það eina, sem skyggt hafi á, hafi verið sú viðleitni þáv. stjórnarandstöðu að segja þjóðinni sannleikann um hið raunverulega ástand efnahagsmálanna, svipta af þeim verðarvoð stjórnleysis og fyrirhyggjuleysis.

Ég hef oft verið með mönnum á minni stuttu ævi, sem umgengust sannleikann töluvert frjálslega. En ég veit, að vellygni Bjarni hefði frekar verið orðaður við sannleiksást heldur en hitt, hefði samtíðarfólk hans fengið að hlýða á málflutning sumra hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefur orðið alltíðrætt um prik eitt með tveim endum, sem hann kallar uppbótaprik. Þegar þess er gætt, að þessi hv. þm. er sú galdrakerling íslenzkra fjármála, sem allra frekast hefur riðið á þessu priki óheiðarlegs og úrelts uppbótakerfis, þá má vera, að skýringin sé fundin á ofsa hans gegn því, að þetta galdraprik hans sé brennt. En þegar það er athugað, að hann og aðrir framsóknarmenn hafa gefið þær yfirlýsingar, að þeir vildu afnema uppbótakerfið í áföngum, fæ ég ekki skilið læti þeirra gegn því, að þetta sé einmitt gert nú. Það eru fleiri en hv. framsóknarmenn, sem hafa bent á það réttilega, að tilheyrandi uppbótafarganinu séu niðurgreiðslurnar innanlands og að þær séu annar aðalþáttur þessa fargans. Það er því fyllilega komið á móti framsóknarmönnum, þegar núv. ríkisstj. afnemur þetta syndakerfi í áföngum og byrjar á því að afnema útflutningsuppbæturnar. Framsóknarmenn þurfa ekkert að óttast. Kýlið hér innanlands verður einnig skorið í burt, — í áföngum, eins og þeir óska.

Þegar þessi hv. þm. og 7. þm. Reykv. (ÞÞ) reyna að telja þjóðinni trú um það, eins og helzt hefði mátt skilja á sumum ræðum þeirra, að Marshall, sem Marshallhjálpin er kennd við, hafi verið framsóknarmaður og fé hafi þess vegna fengizt heim, þá hlær fólk. En þegar þessir herrar ásamt 4. landsk. (HV) taka sér í munn sérstaka vorkunnsemi og samúð með iðnverkafólki, þá blöskrar mér. Skyldu hv. alþm. vera búnir að gleyma þeim viðtökum, sem þetta sama fólk fékk hjá málgögnum þessara þáverandi stjórnarherra, er það fór fram á lágmarksbætur á lítil laun? Ætli það hafi t. d. gleymt því, að hv. 7. þm. Reykv. sagði í blaði sínu, Tímanum, að atvinnurekendur hefðu fært þeim kauphækkanir á gulldiski, eða því, að forseti Alþýðusambandsins sagði í skýrslu sinni í sambandi við launahækkun iðnverkafólks, með leyfi hæstv. forseta, að „af Iðjurausn atvinnurekenda hefði lagt pólitíska þef, sem stéttvíst verkafólk teldi til lítils fagnaðar."

Ég skal fúslega taka undir það, að þessu fólki og mörgu öðru, sem líkt er ástatt fyrir, veitir ekki af sínu og þótt meira væri. Þess vegna er ég m. a. fylgjandi frv. þessu, að ég veit, að eftir tiltölulega skamman tíma er hægt að koma til móts við þetta fólk með raunhæfum kjarabótum, ef þessi viðreisnaráform takast. En þessir hv. þm. ættu ekki eingöngu að fordæma fyrirhugaðar aðgerðir að óreyndu, — aðgerðir, sem eru beinlínis gerðar til að bæta þessu og öðru launafólki lífskjörin, heldur ættu þeir að taka undir fordæminguna á núgildandi svikakerfi, sem sannanlega hefur tekið kjarabætur vinnandi fólks jafnóðum aftur í sínhækkandi vöruverði og aukinni verðbólgu.

Ef hv. 7. þm. Reykv. ber í hjarta sínu einlæga ósk til þess að bæta kjör þeirra einstaklinga, sem öðrum fremur verða illa úti vegna væntanlegra aðgerða, þá vil ég benda honum á, að það er einn aðili, sem hefur hér í umr. um þetta mál á hæstv. Alþingi gefið tvisvar athyglisverða yfirlýsingu fyrir sig og væntanlega stéttarbræður sína. Sá, sem gaf þessa yfirlýsingu, er hv. 5. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, samflokksmaður Tímaritstjórans, en orðrétt var yfirlýsingin hjá honum við 1. umr. á þessa leið: „Ég og minir missum ekkert. Ég vil missa eins og hinir og hef betri efni á því." Ég skal fúslega aðstoða og tel það beinlínis skyldu mína að aðstoða hv. 7. þm. Reykv. við að sannreyna, hvort ekki mætti finna einmitt þarna eða annars staðar nóg til þess að bæta hin skertu lífskjör einstaklinga í verkalýðsstétt. Ég er að vísu ekki trúaður á einlægni hans

til þess að gera þetta. Honum fannst a. m. k. ekki ástæða til þess að taka þessi ummæli Björns Pálssonar upp í blaði sínu, þótt ræðan væri birt í heild að öðru leyti.

Staðhæfingar hv. 7. þm. Reykv. og fleiri stjórnarandstæðinga um, að við sjálfstæðismenn höfum sýnt svik við okkar eigin kosningastefnuskrá, sýna tvennt: annars vegar dulið traust samfara ótta um, að Sjálfstfl. tækist þrátt fyrir allt að koma henni í framkvæmd á þessum tveimur mánuðum, sem hann hefur verið við stjórn, en hins vegar ótrúlega óskammfeilni að taka í sinn munn til árása á aðra staðhæfingar um svikna stefnuskrá, því að aldrei í íslenzkri stjórnmálasögu hafa orð og eiðar verið jafnfreklega brotnir og einmitt af þessum núverandi stjórnarandstæðingum, og mætti þó víðar leita. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þann svikaferil frekar nú, en vil hins vegar benda á þá staðreynd, sem a. m. k. okkur sjómönnum er kunn, að til þess að koma skipi örugglega í höfn, þarf oft að sigla erfiðan sjó. Við sjálfstæðismenn höfum gert okkar stuðningsmönnum það fyllilega ljóst, að til þess að ná þurru, föstu landi í okkar efnahagsvandræðum, verður um ágjafir að ræða. Þeir hafa ekki verið leyndir neinum staðreyndum né logið til um þær við þá. Þeir vita vel, að til þess að ná þessu takmarki, bættum lífskjörum, þarf meira en innantóm loforð forustumanna, það þarf samstöðu fjöldans, og þá samstöðu hefur Sjálfstfl., og í henni er styrkur Sjálfstfl. fólginn.

Sú meginstaðhæfing stjórnarandstöðunnar, að fyrirhugaðar aðgerðir skapi ekki aðeins samdrátt, heldur einnig atvinnuleysi, stendur gegn fullyrðingum þeirra, sem að frv. standa, um, að ef haldið sé áfram á sömu braut, þá bíði okkar atvinnuleysi og hrun. Kommúnistar byggja sínar staðhæfingar á því ástandi, sem ríkti fyrst eftir gengislækkunina 1950, eins og ég mun aðeins víkja að síðar, sem stafaði af stórlega versnandi viðskiptakjörum og válegum aflabresti. Kommúnistar hafa hins vegar margviðurkennt nauðsyn þess að draga stórlega úr fjárfestingu og að auka framleiðsluna með öllum hugsanlegum ráðum.

Framsóknarmenn halda því hins vegar fram, að það eigi að halda áfram og helzt auka alls kyns fjárfestingu, þá sé vandinn leystur, samfara gengislækkun, sem þeir telja í alla staði hina eðlilegustu og æskilegustu.

Fylgjendur frv. byggja sín rök á því, að í fyrsta lagi liggi við, að landið sé að komast í greiðsluþrot erlendis, og í öðru lagi, að gjaldeyrisskortur muni innan skamms tíma leiða til samdráttar í framleiðslu og allri atvinnu landsmanna. Það ástand, sem af þessu skapast, leiðir af sér versnandi lífskjör almennings vegna skorts á atvinnu og skorts á innfluttum neyzluvörum, og fyrsta óhjákvæmilega ráðstöfunin til viðreisnar er að binda endi á greiðsluhallann við útlönd. Þetta telur ríkisstjórnin að aðeins sé hægt að gera með yfirdráttarheimild þeirri, sem getið er um í frv. Orsakir þessa greiðsluhalla eru röng gengisskráning og útlán banka umfram sparifjáraukningu. Ef þessar meginorsakir eru fjarlægðar, helzt greiðsluhallinn, eins og réttilega var tekið hér upp í kvöld af hv. 6. þm. Sunnl., hann helzt alveg jafnt þótt útflutningsframleiðslan og gjaldeyristekjur aukist. En þegar eðlilegt ástand hefur skapazt í efnahagsmálum, eins og þetta frv. stefnir að, verður viðhorfið það, að framleiðsluaukning mun beinlínis stuðla að því að skapa skilyrði til að mynda nauðsynlegan gjaldeyrisforða samhliða bættum lífskjörum og aukinni fjárfestingu.

Ekki aðeins í þeim löndum, sem sannreynt hafa að ágæti sínu það efnahagskerfi, sem við erum nú að reyna að skapa okkur, heldur og hjá okkur Íslendingum hafa allir starfandi stjórnmálaflokkar það sem höfuðmál á sinni stefnuskrá að fyrirbyggja atvinnuleysi, hafa atvinnu fyrir alla. Þessu vandamáli hefur ekki verið til að dreifa í mörg ár hjá okkur, en hins vegar stórkostlegur hörgull á, svo að til vandræða horfir nú sem endranær, að fá fólk til að starfa að útflutningsframleiðslunni.

Það er því auðfundið áróðursbragðið, þegar því er haldið fram, að með þessum viðreisnaráformum hæstv. ríkisstj. sé stefnt markvisst að því að skapa atvinnuleysi og að fyrirhugaðar vaxtahækkanir ásamt auknu aðhaldi í óarðbærri fjárfestingu séu nefnd sem dæmi fyrir því. Mér finnst ekki langsótt í gagnrök gegn þessu. Ef þessar aðgerðir stjórnarvaldanna sýna einhver merki um atvinnuleysi, sé ég ekki annað en það sé auðvelt að slaka til á þeim aftur til þess að fyrirbyggja þennan voða. Ég get ekki stillt mig um að skjóta þeirri spurningu hér inn til hv. þm. Alþb., hvort þeir hafi vísvitandi verið að stefna að atvinnuleysi, þegar þeir lögðu fram tillögur sínar í vinstri stjórninni vorið 1958, er byggðust að meginefni til á því að herða mjög á öllum fjárfestingarframkvæmdum. Voru þeir að vinna að því að koma á atvinnuleysi? Eða kannske vakti eitthvað svipað fyrir þeim og núv. hæstv. ríkisstjórn?

Ef litið er á hvort áðurnefndra atriða um sig, þá er búið hér í hv. d. að margsýna fram á, að mikið af þeim lögboðnu vöxtum, sem í dag gilda, eru algerlega óraunhæfir. Þá munu vaxtahækkanirnar mjög stuðla að aukningu sparifjár, og það er eitt af meginstefnuatriðum ríkisstjórnarinnar. Og þegar aðeins þess er gætt, verkar sú fullyrðing hlægilega, að stefnt sé að atvinnuleysi, þar eð meginsjónarmið stjórnarvaldanna er sparifjáraukning til heilbrigðrar fjárfestingar. Atvinnuleysi og sparifjáraukning geta aldrei farið saman. Breytingar á vöxtum hafa verið notaðar víðs vegar um heim til þess að hafa áhrif á efnahagsjafnvægi þjóðanna. Þegar ofþensla er, reyna stjórnarvöld að draga úr henni með vaxtahækkun, en ef til samdráttar kemur, er framleiðslan örvuð með lægri vöxtum. Þetta hefur verið notað með góðum árangri undanfarin ár í nágrannalöndum okkar og nú nýlega í Danmörku. Vextirnir hér á Íslandi hafa verið mjög lágir, miðað við efnahagsástandið. Afleiðingin hefur verið ofsaleg ásókn í lánsfé, ekki aðeins í nauðsynlega fjárfestingu, heldur

líka í alls kyns verðbólgubrask. Það er því í meira lagi skrýtið að heyra þá menn, sem telja sig höfuðfjendur hvers konar brasks, berjast gegn viðleitni ríkisstj. á þessu sviði. Þessir menn eru því að berjast gegn atvinnuleysi braskara. Þeir eru að berjast gegn atvinnuleysi afætulýðsins, sem þeir eru alltaf að tala um. Þeir eru að berjast gegn atvinnuleysi hjá verðbólgukóngum. Þeir eru ekki að berjast gegn atvinnuleysi hjá verkalýð.

Það hefur verið réttilega bent á, að námsfólk og það fólk, sem þegar hefur hafið eða nýlokið við húsbyggingu og bjargazt við víxillán, að þetta fólk verði hart úti. Hæstv. viðskmrh. minntist hér á námsfólkið, sem verið er að athuga um, hvort ekki sé hægt að veita frekari hjálp. En með það fólk, sem stendur í byggingum og er með mikið af sínu lánaða fé bundið í víxillánum, þá er fullur skilningur hjá stjórnarflokkunum til að hjálpa þessu fólki, og það hefur nú þegar verið skipuð n. innan þingflokka stjórnarflokkanna til þess að athuga um breytingar á húsnæðismálastjórnarlöggjöfinni, m. a. með það fyrir augum að greiða úr þessum vanda.

Ef þetta frv. fer í gegn, þá má vissulega segja, að það verði tilfærsla á vinnuafli, enda stefnt að því að gera útflutningsframleiðslunni kleift að taka til sín sem mest af þeim nýju starfskröftum, sem alltaf eru að bætast á vinnumarkaðinn, eins og á að vera í ört vaxandi þjóðfélagi. Þessum nýju starfskröftum á auðvitað líka að vera persónulegur hagur í því að hverfa að þessari þýðingarmiklu framleiðslu frekar en öðrum störfum. Það er ekki þess vegna um neina samdráttarstefnu að ræða, heldur mætti kannske frekar tala um stefnubreytingu. Það er verið að gera breytingu frá fjárfestingu til framleiðslu. Allt hjal stjórnarandstöðunnar um atvinnuleysisstefnu er bara markleysa og þvæla.

Það eru a. m. k. þrír af hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem voru jafnframt allir ráðherrar í vinstri stjórninni, sem hafa haldið uppi herfilegum blekkingum um hlut sjómanna í þeim viðreisnaraðgerðum, sem nú á að framkvæma, og segja þeirra hlut vera hinn versta. Hv. 4. landsk. sagði hér í hv. d. við 1. umr., að að dómi hans væru sjómenn verst leiknir með „kjaraskerðingaráformum ríkisstj.". Það er skýrt tekið fram í frv., í fyrsta lagi, að frjálsir samningar ráði eftir sem áður milli atvinnurekenda og launþega. Ég veit, að flokksbræður þessa hv. þm. hafa orðið fyrir vonbrigðum, er ósannindi þeirra undanfarnar vikur um fyrirhugaðar kaupbindingar stóðust ekki og þar með látin eiga sig sú leið „efnahagslegrar viðreisnar", sem vinstri stjórnin valdi sér og hófst einmitt með kaupbindingu. Í öðru lagi lýsir ríkisstj. yfir í frv. sínu, að togaramenn hafi sérstöðu, samanborið við aðra launþega. Þeir hafi á undanförnum árum orðið fyrir tekjurýrnun, sem beinlínis standi í sambandi við útfærslu landhelginnar. Ríkisstj. telur því ekki réttlátt, að ráðstafanir, sem gerðar eru með framtíðarhagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum, bitni beinlínis á einni stétt manna, og stangast þetta nú örlitið á við fullyrðingar hv. 6. þm. Sunnl. hér áðan um, að ríkisstj. gæti ekki viðurkennt það gagn og þau gæði, sem þjóðin gæti haft af landhelginni. Og það er jafnframt talið í frv., að bætt afkoma togaranna vegna gengisbreytingarinnar geri kleift að hækka tekjur togarasjómanna. Og í samræmi við meginstefnu sína í þessum málum telur ríkisstj. jafnframt eðlilegt, að samningar séu frjálsir, ekki síður á þessu sviði en öðrum. Laun togarasjómanna munu því hækka. En um þýðingu ákveðins fiskverðs í þessu frv. getur orkað tvímælis. Það getur bæði verið til hins betra og verra. Ef togarasjómenn fá t. d. 10% launahækkun eða hafa til jafns við bátasjómenn, sem náð hafa mjög sæmilegum kjörum undanfarið, hvort sem það verður með fiskverði eða fastakaupi, þá er í rauninni verið að veita þeim stórkostlega réttarbót, sem þeir hafa að vísu átt lengi inni, en ekki náð út fyrr, einmitt vegna hins úrelta uppbótakerfis, og þessar ráðstafanir munu gerbreyta til hins betra mannahaldi á íslenzka togaraflotanum og það óheillavænlega ástand, sem ríkt hefur á togurunum, hverfa. En í staðinn skapast aðstaða til þess að keppa aftur við aðrar greinar framleiðslunnar á heilbrigðum grundvelli.

Í þessum sem öðrum áformum ríkisstj. ríkir einmitt kjörorðið: Aukin útflutningsframleiðsla og bætt lífskjör. Ef ábyrgir verkalýðsleiðtogar telja ríkisstj. með þessu vera að fara inn á braut kaupbindingar og kjaraskerðingar, þá verða þeir um leið að viðurkenna, að togarasjómenn hafi búið við þrælakjör undirokaðra á vinstristjórnartímabilinu. En þessir herramenn, þegar þeir tala um sjómenn, gleyma einni stétt þeirra, og það eru farmenn. En það gerir hins vegar hæstv. ríkisstj. ekki. Hún viðurkennir í frv. sérstöðu þeirra í þessu máli, og í samræmi við það eru að hefjast samningaviðræður milli sjómanna og útgerðarmanna farskipa og togara. En hvernig höguðu þessir sömu menn sér gegn farmönnum, þegar þeir framkvæmdu sína síðustu gengislækkun? Páv. hæstv. félmrh., forseti Alþýðusambandsins, 4. landsk., bannaði, hann bannaði, að þessum illa launuðu sjómönnum væri birt bréf Jónasar Haralz, þar sem tvímælalaust var viðurkennt, að þeirra kjör hefðu rýrnað langt fram yfir aðra launþega við aðgerðir vinstri stjórnarinnar. Það var ekki þá, sem þessir sjómenn þurftu að taka upp hinar hörðu stéttarfélagsaðgerðir, sem hv. 4. landsk., forseti Alþýðusambandsins, og skoðanabræður hans eru að boða. Þessi saga um farmennina er alveg sérstakur kapituli út af fyrir sig í sögu þessara verkalýðsforingja.

Það eru ýmsir úr stjórnarandstöðunni, ekki síst hv. 4. landsk., sem mikið hafa rætt um snarvitlausa útreikninga þeirra hagfræðinga, sem núv. ríkisstj. styðst við, og telja sig þess vegna vera á móti öllum þeim aðgerðum, sem nú á að framkvæma og byggjast á starfi þessara manna. En hafa þeir alltaf haft þessa skoðun? Hafa þeir alltaf talið hagfræðinga þá óþroskuðu kjána, sem þeir telja nú? Og þá er ég kominn að því atriði í framsöguræðu

hv. 6. landsk., sem ég get alls ekki verið sammála honum um, en það er það traust, sem hann lýsir yfir að hann hafi á hv. 4. landsk., forseta Alþýðusambandsins, vegna ummæla hans við 1. umr. Ég hef alls ekki þetta traust á þessum manni, ekki einungis eftir það, hvernig hann hefur talað hér í hv. Nd., heldur hvernig hann hefur talað síðustu ár. Ég veit, að hv. 6. landsk. hefur ekki haft í huga, þegar hann flutti ræðu sína, gamla máltækið: Oft er flagð undir fögru skinni.

Árið 1958 gekkst Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir því, að stofnuð var samvinnunefnd launþegasamtakanna, með aðild Landssambands verzlunarmanna og Sambands bankamanna og Iðnnemasambandsins. Alþýðusambandið gerðist óbeinn þátttakandi að þessu samstarfi, en mun síðar hafa skorið sig út úr og fengið Torfa Ásgeirsson hagfræðing til að vinna fyrir sig að hagskýrslum. Nú er rétt að taka það fram strax, að hagfræðingur þessi hefur oft áður unnið að hagfræðilegum rannsóknum fyrir Alþýðusambandið, og er þess skemmst að minnast, að í skýrslu Hannibals Valdimarssonar, forseta Alþýðusambandsins, um verkfallið 1955 getur hann um starf Torfa fyrir Alþýðusambandið þá og segir, að skýrslur hans hafi styrkt mjög aðstöðu verkfallsmanna og aldrei hafi verið gerð tilraun til að vefengja þær. Á hinu sögufræga þingi Alþýðusambandsins haustið 1958 var nokkur hluti af starfi Torfa, sem hann vann fyrir Alþýðusambandið, lagður fyrir þingið í skýrsluformi. Þessum skýrslum var auðsjáanlega ætlað ákveðið hlutverk, enda fagnaði þáv. hæstv. forsrh. þessum vísi að hagdeild, þegar hann kom í sína bónorðsför á þingið, og hann hvatti þingheim mjög að kynna sér þessar skýrslur. En forseti Alþýðusambandsins, hv. 4. landsk. þm., sagði þingheimi, að slíkar skýrslur væru meginstoðin undir kröfum verkalýðsins, annars væru allar kauphækkanir teknar af honum jafnóðum aftur.

Þegar ég fór að blaða í þessum skýrslum eftir þær umræður, sem orðið hafa um efnahagsfrv. hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi og þær fullyrðingar nokkurra hv. þm. um, að hagfræðingar hverrar ríkisstj. höguðu útreikningum sínum og niðurstöðum eftir því, sem ráðandi ríkisstj. óskaði eftir hverju sinni, þá las ég innganginn að skýrslu Torfa, sem ber fyrirsögnina „Þjóðarframleiðsla Íslendinga 1950—1958", með sérstakri athygli og rakst þar m. a. á atriði, sem ég tel nauðsynlegt að rifja upp fyrir þá verkalýðsunnendur og leiðtoga, sem hér hafa farið með ýmsar mjög hæpnar fullyrðingar. Þessi hagfræðingur byrjar á því að samþykkja það, sem við sjálfstæðismenn höfum alltaf fullyrt, að megnið af innistæðufé Íslendinga erlendis í stríðslok hafi verið notað til uppbyggingar atvinnuvegunum, en ekki í óhófseyðslu stríðsgróðamanna, eins og ýmsar málpípur framsóknarmanna hafa haldið fram. Og þá kemur hann að því máli, sem mjög hefur komið við sögu hér í umr. að undanförnu, en það er gengislækkunin 1950. Hann viðurkennir þær staðreyndir, sem fyrir lágu og orsökuðu hana, eða orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengislækkunin í marz 1950 var viðurkenning þeirrar staðreyndar, að viðskiptakjörin höfðu snúizt okkur í óhag."

Þarna kemst hagfræðingur Alþýðusambandsins að ólíkri niðurstöðu, svo að ekki sé sterkara tekið til orða, við þá hv. alþm., sem teljast málsvarar eða vilja telja sig málsvara launþega hér á Alþingi.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa lokakaflann úr þessari grg. þessa hagfræðings, sem ber nafnið „Ráðstöfunarfé þjóðarinnar":

„Þótt þjóðin, þegar til lengdar lætur, geti ekki haft annað til ráðstöfunar en verðmæti sinnar eigin framleiðslu, þá getur þessu snúið öðruvísi við um stutt eða löng árabil. Það hafa verið örlög okkar Íslendinga, að við höfum haft um lengri tíma til ráðstöfunar fé, sem við höfum ekki aflað okkur með eigin samtímavinnu. Sé litið yfir tímabilið frá 1944, en þá áttum við sem hæstar innistæður erlendis, þá höfum við haft til ráðstöfunar auk verðmæta okkar eigin framleiðslu, reiknað á gengi 1958 í milljónum króna: Innistæðufé í árslok 1944 ca. 2000, gjafafé frá Bandaríkjunum 1948—1953 ca. 750, Marshalllán sömu ár 130, fastur yfirdráttur hjá Greiðslubandalagi Evrópu 110, lán hjá Alþjóðabankanum 140, lán hjá Export Import Bank í árslok 1957 300, stutt vörukaupalán, aðallega í Vestur-Evrópu, 300, aukning lausaskulda bankanna 80, ýmislegt 120, samtals ca. 3930 millj. kr.

Þetta yfirlit er að mestu miðað við árslok 1957, og sé bætt við þeim lánum, sem við höfum tekið á þessu ári, mun vera óhætt að áætla, að heildarfúlgan sé 4200—4300 millj. kr., miðað við núverandi gengi á erlendum gjaldeyri. Með öðrum orðum sagt," segir hagfræðingur Alþýðusambandsins, „við höfum haft á þessum árum til ráðstöfunar aukalega fé, sem slagar hátt upp í að samsvara verðmæti allrar þjóðarframleiðslunnar á einu ári." Og hann heldur áfram: „Sé horft fram á við, þá er augljóst mál, að þetta lántökuskeið er senn runnið á enda og við blasir tímabil, þar sem þjóðin, í staðinn fyrir að hafa til ráðstöfunar allt verðmæti sinnar eigin framleiðslu og að auki 5—10% af erlendu fé, aðeins hefur til umráða eigin framleiðslu að frádregnum vöxtum og afborgunum hinna erlendu lána."

Og lokaorðin í þessari skýrslu hagfræðings hv. 4. landsk. hljóða á þessa leið: „Hins vegar mæla sterk rök með því, að barátta samtakanna fyrir bættri afkomu almennings og þá sérstaklega launþega breytist á næstu árum með tilliti til þessara staðreynda."

Svo mörg voru þau orð.

Og nú vil ég spyrja hv. 4. landsk., forseta Alþýðusambandsins: Hvað skyldi hinn hagfræðilegi ráðunautur hans sjálfs meina með þessum síðustu orðum? Finnst honum, að þessi hagfræðingur haldi fram „allt í lagi" kenningu sinni? Er þetta í samræmi við þær kenningar kommúnista og Framsóknar í dag, að hinni efnahagslegu viðreisnarstefnu núverandi rík-

isstj. eigi að mæta með verkföllum og nýrri kaupskrúfu? En kannske svarið finnist í því, sem á eftir fór á hinu sögufræga þingi Alþýðusambandsins? Það skyldi þó aldrei vera eftir allt, að Hannibal sjálfur hafi átt það heiti, sem hann nú gefur ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar og verið sjálfur hörmungarspámaður og hrunkóngur? Við skulum líta aðeins nánar á þann kafla.

Það komu meðal annarra tveir frægir gestir á þetta þing í boði forseta Alþýðusambandsins, þáverandi hæstv. félmrh. Annar þessara gesta var þáverandi efnahagsráðunautur vinstri stj. og núverandi ráðuneytisstjóri, Jónas Haralz. Hann flutti þarna stórmerkilega ræðu, sem fulltrúar 30000 launþega hlustuðu á agndofa, því að þarna fengu þeir fyrst að vita, að hið helsjúka efnahagskerfi, sem vinstri stjórnin tók við, væri nú á banabeði sínum, og þarna var þeim í fyrsta sinn sagt hreint út um, hve mikil vá stæði fyrir dyrum, og þarna var í fyrsta skipti blekkingarhulu vinstri stjórnarinnar svipt algerlega til hliðar. Jónas Haralz staðhæfði í þessari ræðu, að þjóðin eyddi meiru en hún aflaði. Og hv. 4. landsk. þarf ekki að reyna að telja mönnum trú um, að þessi setning hafi fyrst séð dagsins ljós við tilkomu núv. hæstv. ríkisstj. Hann vissi vel um þessa staðreynd í tíð vinstri stjórnarinnar. Því eru þær fullyrðingar hans nú helber uppspuni eins og svo margt annað. Og efnahagsráðunautur vinstri stjórnarinnar vitnaði í þessar sömu skýrslur og ég gerði áðan. Hann sagði, að erlend lán gætu verið raunhæf, og hann sagði, að nauðsynlegt væri að fyrirbyggja þær víxlverkanir, sem vísitölukerfið skapaði. Síðan sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjaldeyrisstaðan er svo slæm, að ekki þýðir lengur að sækja út. Ef ekki verður staðnæmzt og dregið úr fjárfestingarkappinu um skeið, verða afleiðingarnar mjög örar kauphækkanir og verðhækkanir á víxl, sem munu valda a. m. k. 270 stiga framfærsluvísitölu í nóvember 1959 eða a. m. k. 20—30% hækkun."

Finnst ykkur, hv. alþm., að þarna hafi verið allt í lagi?

Og Jónas Haralz hélt áfram að ræða við þessa fulltrúa, á fjórða hundrað að tölu, sem komu hvaðanæva af landinu, og hann sagði orðrétt: „Stærsta hagsmunamál ykkar í dag er að koma í veg fyrir þessa öru þróun." Eru nú þessi orð í samræmi við kenningar kommúnista og framsóknarmanna í dag, ef þeir telja höfuðnauðsyn á því að koma verðbólguhjólinu í gang aftur og brjóta niður viðreisn stjórnarinnar?

En skyldi svo þessi efnahagsráðunautur ekki hafa bent launþegum á neinar leiðir til þess að stöðva þessa óheillavænlegu þróun? Jú, hann hélt áfram sinni ræðu og sagði, að það væri ekki hægt með sama vísitölukerfi. Hann sagði, að það yrði að endurskoða fjárfestingarstefnuna og draga úr þeirri fjárfestingu, sem skapaði ekki aukin útflutningsverðmæti eða gjaldeyrissparnað. Og hann sagði í þriðja lagi, að þetta væri ekki hægt með breytingu á tekjuskiptingu, því að þá þegar væri gengið svo nærri atvinnufyrirtækjunum, að ekki væri hægt að ganga lengra, og hjá sjávarútveginum væri það þegar komið of langt. Og hann lauk máli sínu með því að segja, að ef ekki fengist frestur til stöðvunar, væri skrefið stigið fram af brúninni. Þetta var nú sagt á „allt í lagi"-tímabili vinstri stjórnarinnar.

Þessum gesti var annar gestur, að vísu ekki jafnmerkilegur, samferða í þessa heimsókn, þáv. hæstv. forsrh., 2. þm. Vestf., og hann hélt líka ræðu. Hann fagnaði líka hagskýrslum Hannibals, sem ég vitnaði í áðan, og hann hélt áfram og sagði, að undanfarið — og þannig mundi það verða án gagngerðra breytinga — hefðu öll verkföll farið á einn veg, þann, að kjarabæturnar hefðu verið teknar strax aftur til þess að halda framleiðslunni gangandi. Hann minntist lítillega á hinn eilífa hala allra ríkisstjórna undanfarin ár, en gat ekki þeirrar nafngiftar, sem í upphafi ársins 1957 var á þessum hala. Þá kölluðu sumir ráðh. vinstri stjórnarinnar þetta íhaldshala, en hins vegar mun þessi hali nú bera nafn á meðal almennings, sem kallar hann „loðnu rófuna hans Lúðvíks". Nei, það var fyrst í þessari ræðu Hermanns Jónassonar, sem fólk fékk að kynnast verkum hinna erlendu sérfræðinga, sem vinstri stjórnin fékk til landsins til þess að vinna m. a. að úttekt þjóðarbúsins. Og Hermann sagði líka, að það þyrfti að endurskoða vísitölukerfið og taka keðjuverkunina út úr. Orðrétt lauk hann ræðu sinni með þessum orðum: „Sannið þið til, þótt þetta mistakist, þá er þetta framtíðin." Þetta sagði Hermann um þessar fyrirhuguðu aðgerðir þeirra þá, þegar hann reyndi að fá þing Alþýðusambandsins til að gefa eftir 17 vísitölustig, svo að enn einn fresturinn fengist til þess að vinna að lausn efnahagsmálanna á grundvelli þess, sem ég hef þegar vitnað í úr ræðu Jónasar Haralz.

En hvað sagði forseti Alþýðusambandsins, hv. 4. landsk., sem nú prédikar, að allt sé í lagi, með sínum glæsibrag? Var hann ekki á móti þessum og öðrum aðgerðum, sem nauðsynlegar þóttu haustið 1958, vegna þess að allt væri í lagi? Nei, hann lýsti sig fylgjandi þeim með því að mæla eindregið með, að tilmæli hæstv. forsrh. væru samþykkt. Fyrir 14 mánuðum var Hannibal Valdimarsson og hagfræðingar hans fylgjandi því að taka út keðjuverkun vísitölunnar. Og fyrir 14 mánuðum var Hannibal fylgjandi því að draga úr fjárfestingunni, sem nú á að skapa svo gífurlegt atvinnuleysi. Og fyrir 14 mánuðum viðurkenndi Hannibal, að frekari breyting á tekjuskiptingunni gagnvart atvinnuvegunum væri óraunhæf, það hefði þegar verið gengið of langt. Og á þessu tímabili flökraði Hannibal ekki við gengisfellingu, sbr. yfirfærslugjaldið, sem verkar nákvæmlega eins, og eins og sést á tilvitnunum mínum í skýrslu Torfa hagfræðings Ásgeirssonar, hagfræðings Alþýðusambandsins, en þar styrkir hann Hannibal í þessum skoðunum sínum, og sjálfsagt hefur hagfræðilegi aðalráðunautur vinstri stjórnarinnar, Haraldur Jóhannsson, ekki dregið úr andlegri uppörvun Hannibals, ef dæma má eftir hinum nýútkomna ritlingi,

sem hann hefur samið. En eins og fólk veit, þá er Haraldur Jóhannsson aðalefnahagsmálasérfræðingur kommúnista hér á landi, og hann var einkaráðgjafi Lúðvíks Jósefssonar sjútvmrh. í vinstri stjórninni, og dálæti og trú kommúnista á starfi þessa manns sést á því, að þeir gerðu hann að formanni útflutningssjóðs. En í þessum ritlingi sínum viðurkennir hann allt í senn, að þjóðin hafi lifað um efni fram á undanförnum árum, að íslenzka krónan hafi verið skráð á fölsku gengi og að efnahagsmálastefna vinstri stjórnarinnar hafi hrundið af stað skriðu nýrrar verðbólgu. Þessi maður talar af hreinskilni, en það er ólíkt trúbræðrum hans hér á landi og hér á hæstv. Alþingi, sem algerlega hafa söðlað um á síðustu 14 mánuðum.

Hvað skyldi valda þessari breyttu afstöðu í dag? Hvað skyldi valda því, að það, sem þessir herramenn töldu sjálfsagt 1958, þegar þeir voru í stjórn, er talinn þjóðfélagslegur glæpur í dag? Er munurinn aðeins sá, að hv. 4. landsk. var í ráðherrastól þá með öðrum flokksbróður sínum, en er nú í stjórnarandstöðu? Getur virkilega verið, að efnahagslegu sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar eigi nú að fórna vegna valdadrauma þessara metorðagjörnu tækifærissinna? Er þá allt mærðarvæl kommúnista um hag launþega eintóm sýndarmennska, sem fer bara eftir valdaaðstöðu þeirra í þjóðfélaginu á hverjum tíma? Ég veit, að ekkert eitt þessara atriða getur gefið svarið. En ef við lítum til baka til þess ástands, sem skapaðist í Mið-Evrópu á þriðja tug þessarar aldar, þegar mikill hluti þeirra efnaminni borgara, sem þó allir áttu eitthvað, tapaði aleigu sinni í óðri verðbólgu, þá sést, að sú upplausn, sem þá átti sér stað, var upphafið að stefnu þeirra til öfgaaflanna til hægri og til vinstri, en það er undir þeim kringumstæðum, sem þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari, enda staðfestist þá, eins og hér var minnzt á í umræðunum í gær, spádómurinn úr kommúnistaávarpinu um, að stórir hópar þeirra stétta, sem fyrir þessu verða, hrapi niður á öreigastigið og skapi grundvöll þeirrar byltingar, sem kommúnistar stefna að. Undrar nú nokkurn, þó að framsóknarmenn séu hreyknir af þessari þróun?

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 102, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Á árum heimsstyrjaldarinnar síðari varð til kaldhæðnislegt orðtak: blessað stríðið. Það mun fyrst hafa verið mælt af munni einfeldnings, en eins og talað út úr hjörtum margra þeirra, sem glöddust yfir þeim miklu fjárfúlgum, sem ýmsum bárust þá í hendur, einkum þeim, sem fengust við margs konar fésýslu. Á sama tíma varð til annað orðtak, sem fyrst og fremst má rekja til forustumanna Sjálfstfl., en það er: blessuð verðbólgan.

Í kjölfar peningaflóðs stríðsáranna fylgdi strax verðbólga. Margir ábyrgir og hugsandi menn hræddust hana frá upphafi og vildu sem fyrst stemma þar á að ósi. Forustumenn Sjálfstfl. vildu ekki á það hlusta. Þeir töldu verðbólguna góða, a. m. k. að vissu marki. Þeir sögðu hana góðan liðsmann jafnaðarmennskunnar, þannig að hún dreifði stríðsgróðanum út á meðal fólksins. Þetta sjónarmið réð viðhorfum og viðbrögðum Sjálfstfl. á þeim árum, og í samræmi við það fékk verðbólgan að þróast óáreitt.

Í umræðum um þetta mál urðu þó sjálfstæðismenn að viðurkenna að nokkru falsrök sín um ágæti verðbólgunnar. En lengra náði þó ekki viðurkenningin en svo, að ef verðbólgan kæmist á hættulegt stig, þá væri létt og vandalaust að ráða niðurlögum hennar. Formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., sagðist treysta sér til þess með einu pennastriki. Það er því alveg víst, að Sjálfstfl. ber flokka mest ábyrgð á því, hve efnahagsmál þjóðarinnar eru geigvænleg nú að þeirra sögn, því að sá veldur miklu, sem upphafinu veldur.

Forustumenn þessa flokks vildu ekki láta sér segjast, meðan tími og tækifæri var til, og höfðu að leiðarljósi gróðasjónarmið fjáraflamannanna. Það var því rökrétt afleiðing þessa viðhorfs, að í stjórnartíð formanns Sjálfstfl. á stríðsárunum óx verðbólgan eitt sinn á fáum mánuðum um nálægt 90 stig.

Það má því segja, að verðbólgupúkinn hafi einlægt átt hauk í horni, þar sem Sjálfstfl. er. Púkinn hefur ætíð setið á fjósbitanum hjá þeim og þrifizt vel, og fjósamaðurinn, formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., virðist ekki hafa haft mikinn áhuga á að rýra velgengni hans. Hvað sem um þetta er frekar að segja, þá tel ég það sögulega staðreynd, að enginn stjórnmálaflokkanna sé eins nátengdur verðbólguskrúfunni fyrr og síðan og Sjálfstfl. Og síðasta átakanlega dæmið þar um er framkoma flokksins og viðbrögð gagnvart efnahagsráðstöfunum vinstri stjórnarinnar, sem þeir beittu sér frá upphafi gegn með leyfilegum og óheimilum meðulum, m. a. með því að hleypa af stað kauphækkunum, sem þeir svo tóku aftur frá verkamönnum, þegar þeir náðu völdum og mynduðu hina frægu leppstjórn sína.

Viðhorf Sjálfstfl. virðist mótast af skefjalítilli valdagræðgi og blindri andstöðu gegn þeirri stefnu vinstri stj. að hamla upp á móti frekari áhrifum dýrtíðarinnar og stöðva hana, reisa varnargarð gegn henni með alhliða uppbyggingu atvinnulífsins og þá ekki síst í hinum dreifðu byggðum við sjó og í sveit, auka atvinnuöryggið og láta fjármagnið þjóna fólkinu til hagsældar fyrir það.

Sjálfstfl. var ljóst, að þótt sigur hans með falli vinstri stj. væri mikill, þá varð að treysta hann með aukinni sundrung vinstra sinnaðs fólks og tryggja sér sem bezt áfram þau öfl svokallaðra verkalýðsflokka, sem þeir höfðu notið að í úrslitaorustunni við vinstri stjórnina. Að dómi Sjálfstfl. varð strax að ganga á milli bols og höfuðs á öllum hugsanlegum möguleikum þess, að vinstri flokkarnir gætu aftur fljótlega skipað sér saman reynslunni ríkari en áður. Byrjunarskrefið var að mynda stjórn Al-

þýðuflokksmanna og gera Alþfl. þannig háðan sér fyrir ófyrirsjáanlega framtíð og síðan án tafar að bjóða verkalýðsflokkunum svokölluðu upp á samning um kjördæmamálið, og með því var stofnað til tveggja illvígra kosninga. Í öll þessi hjaðningavíg gekk svo dýrmætur tími, eða í allt tæpt ár, — tími, sem stjórnarflokkunum bar að nota til að reyna að ná bjarglegu samkomulagi um efnahagsmálin við hina flokkana. Þess í stað hélt Sjálfstfl. öllu á floti á fölskum forsendum. Þeir eyddu upp stórum sjóðum ríkissjóðs, söfnuðu miklum skuldum á vegum útflutningssjóðs, og þeir drógu stórlega úr öllum verklegum framkvæmdum frá því, sem var í tíð vinstri stjórnarinnar. Þeir hindruðu nauðsynlegan innflutning rekstrar- og framkvæmdavara, en juku innflutning hátollaðs óþarfavarnings og eyddu til þess dýrmætum gjaldeyri.

Allan tímann fram yfir síðari kosningar var svo páv. stjórn látin segja, að allt væri fjárhagslega í lagi og verðbólgan stöðvuð. Þessar blekkingar áttu að draga atkvæði að stjórnarflokkunum og munu eitthvað hafa gert það. En nú hefur ríkisstj. snúið við blaðinu. Nú hefur hún hafið áróður fyrir, að allt sé um koll að keyra, og hæstv. forsrh. lét í vetur hafa það eftir sér, að ný fjáröflunarþörf ríkissjóðs og útflutningssjóðs, ef haldið væri áfram eftir sömu leiðum og farnar hafa verið, næmi um 250 millj. kr. Ekki var sú fregn góð. En hvað var það á móti því, sem koma skal, þótt ekki sé tekið tillit til annarra aðgerða í efnahagsfrv. en þeirra, sem snerta beinar álögur.

Hinn 20. nóv. s. l. var svo Alþingi kvatt saman, ekki til að heyra skýrslu um fjárhag ríkissjóðs eða efnahagsástæðurnar, eins og þær voru þá, og því síður til þess að fá að heyra till. um væntanlegar efnahagsráðstafanir og ræða þær. Nei, aðeins til þess að uppfylla lagaform um samkomudag Alþingis, svo að hægt væri að reka þingið aftur strax heim. Svo ætlaði stjórnin að leggjast fyrir og hugsa, því að nú ætlaði Sjálfstfl. að grípa til pennastriksins sællar minningar, og stjórnarstuðningsliðið mátti ekki einu sinni koma þar nærri, því að það gat truflað. Þeirra þáttur átti aðeins síðar að vera já og amen. Þetta er nú lýðræðið eftir lýðræðislegustu kosningar, sem farið hafa fram hér á landi að sögn stjórnarflokkanna. Hlutverk hinna óbreyttu þm. stjórnarliðsins átti ekki að vera annað en það að hlýða, hinna að skipa fyrir. Aðeins sterkasta forustulið úr innsta hring fékk að fylgjast með, og svo voru tilkvaddir hjálparkokkar, eftir því sem sagt er, færustu hagfræðingar, vafalaust ágætir menn út af fyrir sig. En þeim var stillt upp fyrir spurningum, hvaða ráð væru við þessum og hinum vandanum, þegar leysa átti hann eftir fyrir fram ákveðnum sjónarmiðum. Og hagfræðingarnir slógu upp í sínum fræðidoðröntum og fundu svör, eins og þegar heittrúarmaður slær upp í Bibliunni, Gamla testamentinu, og fær þar að hans dómi fullnægjandi svör við vissum eilífðarspursmálum. Og svörunum fylgdi kannske það, að svona hefði líkur vandi verið leystur í Þýzkalandi eða Frakklandi eða jafnvel, sem bezt var að einhverju leyti, í Bandaríkjunum. Þar hefði þetta reynzt dável eða kannske ágætlega.

Það bendir margt til þess, að hin furðulega samsuða þessa frv. sé á þennan hátt meira eða minna barin saman eftir erlendum fyrirmyndum, án þess að nægilega sé þess gætt, hvað fært er og við á hér hjá okkur. Svo eru till. auðvitað kryddaðar einræðislegu sjónarmiði skefjalauss kapítalisma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt með því að fara að ræða efnahagsfrv. yfirleitt í einstökum atriðum. Það hefur t. d. mjög skilmerkilega og rökvíslega verið gert af 1. þm. Norðurl. v. En ég vil gera í þessu eina undantekningu og víkja nokkuð að 33. gr. frv.

Í 33. gr. er gert ráð fyrir, að vald það, sem Seðlabankinn hefur nú til að ákveða út- og innlánsvexti banka og sparisjóða, skuli framvegis einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaganna. Raunhæft er hér aðeins um að ræða íhlutun um innlánsvexti innlánsdeildanna, því að þær reka ekki neina útlánastarfsemi. Um innlánsvexti í kaupfélögunum segir svo í samvinnulögunum, með leyfi hæstv. forseta: „Vextir af inneignum félagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild ellegar viðskiptareikningi, skulu eigi vera hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum.“ Virðist samkv. þessum lögum tilætlunin, að heimilt sé að láta innstæðueigendur sjálfa njóta nokkurs hluta af því hagræði, sem félagsstarfsemin hefur af innstæðum þessum, samanborið við að greiða bönkum útlánsvexti af sömu upphæð. Örfá kaupfélög munu hafa notað sér þessa heimild að vissu marki, en flest munu hafa fylgt innlánsvöxtum bankanna. Þessi fyrirhugaða breyting á heimild til vaxtagreiðslu af innlögum í innlánsdeild virðist ástæðulaus og að mínum dómi óeðlileg. Eftir stendur svo, að heimilt er að greiða hærri vexti af innstæðum í stofnsjóði og í viðskiptareikningi, hærri en í innlánsdeild, og virðist augljóst, að slíkt er samræmislaust og verður ekki skilið af þeim, sem vilja líta raunhæfum augum á málið.

Þá er í sömu gr. þessa frv. gert ráð fyrir þeirri breytingu á samvinnul. hvað varðar ákvæði um innlánsdeildir kaupfélaganna, að hér eftir skulu innlánsdeildirnar eiga bundnar innstæður í Seðlabankanum á sama hátt og bankar og sparisjóðir. Mun til þess ætlazt, að þessum ákvæðum verði þegar beitt og það verði á valdi ríkisstjórnar og Seðlabanka, hve hin bundna innstæða skuli á hverjum tíma vera há. Í samvinnul. er þetta ákvæði um innlánsdeildir kaupfélaganna, með leyfi hæstv. forseta: „Samvinnufélögin hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeildir, er taka við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé.“

Í grg. þessa frv. er sagt, að réttlátt og eðlilegt þyki, að ákvæðið um, að Seðlabankinn hafi vald til að binda hluta af sparifjárinnlögum banka og sparisjóða, nái einnig til innlánsdeilda kaupfélaganna. Hér er af furðulegri vangá eða öðru verra tvennu ólíku blandað saman.

Eðli og markmið með sparifjárinnlögum í banka og sparisjóði annars vegar og innlögum í innlánsdeildir kaupfélaganna hins vegar er í mörgum veigamiklum atriðum tvennt ólíkt. Sameiginlegt er, að sparifjáreigendur afhenda reiðufé sitt til þeirrar innlánsstofnunar, sem þeir hafa gott traust til og greiðir þeim eftir settum reglum hæstu fáanlega innlánsvexti. En þá skilur leiðir. Innstæðueigendur hjá banka og sparisjóði hafa ekki frekari hagsmuna að gæta og engan íhlutunarrétt eða áhrif um, hvernig þessi stofnun notar það fé, meðan það er í hennar vörzlu. Vilji sparifjáreiganda þar kemur ekki til greina, heldur það eitt, hvernig hlutaðeigandi lánsstofnun getur á sem öruggastan hátt og arðvænlegastan fyrir sig ávaxtað fé, um leið og hún náttúrlega reynir að beina fénu inn á þær brautir, sem hún telur farsælar og eðlilegar frá hennar sjónarmiði. Markmiðið með innlögum í innlánsdeild kaupfélaganna er samkv. ákvæðum samvinnulaganna aðeins eitt. Það er að ávaxta sparifé félagsmanna á þann hátt að nota það sem rekstrarfé og þar með í þágu sameiginlegrar starfsemi hlutaðeigandi félagssamtaka. Þetta er eina markmiðið með innstæðufé í innlánsdeild, og er kaupfélaginu óheimilt að hafa það til útlána til Péturs og Páls á sama hátt og bönkum og sparisjóðum. Samvinnumaðurinn, sem leggur sparifé sitt inn í innlánsdeild síns kaupfélags, veit fyrir fram, til hvers féð verður notað. Hann veit, að hann fær eins háa vexti og fást í bönkum og sparisjóðum. Hann veit, að með því að geyma spariféð á þennan hátt gerir hann félagi sínu mögulegra en ella að fullnægja kröfum og þörfum félagsmanna í viðskiptalegu tilliti og gerir sitt til að bæta rekstraraðstæður þess, og hann veit, að á þann hátt stuðlar hann að því, að hann njóti betri kjara og fullkomnari þjónustu af hendi síns kaupfélags. Hann veit, að með þessu leggur hann sinn skerf fram til að efla og auka uppbygginguna á félagssvæði sínu, sem kemur honum og félögum hans til góða á þann hátt, sem þeir óska. Sparifjáreigandi, sem er samvinnumaður og hefur þetta sjónarmið, kýs að fá að ráða því sjálfur, hvað mikið hann leggur af sparifé sínu í innlánsdeild síns kaupfélags. Hann kýs að fá að gera það án þess, að óviðkomandi aðili grípi þar inn í á óviðurkvæmilegan hátt. Hann vill hafa frjálsan ákvörðunarrétt um ráðstöfun á fé sínu, eins og hann hefur haft fram að þessu, og hann vill einn fá að ráða því, hvenær hann tekur fé sitt út úr innlánsdeild.

Einstaklingum er heimilt að fara með handbært fé sitt eftir geðþótta. Þeir mega geyma það í handraðanum, eins og kallað er, þeir mega lána það kunningja sínum, nota það til atvinnurekstrar, hvort sem það er iðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður eða verzlun, svo að eitthvað sé nefnt. Enginn maður hefur verið skyldaður til að geyma hluta af sparifé sínu eftir vissum reglum eða lagaákvæðum, þegar undan er skilinn skyldusparnaður ungs fólks.

Einstaklingurinn má geyma sparifé sitt á viðskiptareikningi hjá kaupfélagi eða kaupmanni. Kaupmaðurinn, heildsalinn og eigandi í hlutafélagi má óátalið hafa alla sína lausu fjármuni í rekstri sinna fyrirtækja. En félagar í samvinnufélögum eiga ekki eftir þetta að njóta sama réttar. Slíkt misrétti er óþolandi og óþekkt í lýðfrjálsu landi og ber vott um blygðunarlausan fjandskap við samvinnufélögin.

Innstæðufé félagsmanna í innlánsdeildum kaupfélaganna nemur samtals allhárri upphæð. Þetta fé þjónar einu og sama verkefni, eins og áður er sagt, þótt skammt hrökkvi, m. a. vegna sívaxandi verðfalls peninga, og þá ekki sízt eftir að hin stórkostlega verðrýrnun peninga verður yfir dunin, sem nú er í uppsiglingu samkv. þessu efnahagsfrv. stjórnarinnar. Kaupfélögin munu því yfirleitt standa nú enn fjær því markmiði en fyrir allmörgum árum, að sjóðir þeirra og vörzlufé geti í náinni framtíð fullnægt veltufjárþörfinni, en það er markmið, þótt fjarlægt sé. Í stað þess, að til mála geti komið, að hægt sé með valdboði að draga fé út úr rekstri kaupfélaganna, hafa þau bæði fyllstu þörf og rétt til að fá rekstrarlán hjá bönkum eins og önnur fyrirtæki, og því frekar sem starfsemi kaupfélaganna er fjölþættari og þýðingarmeiri fyrir einstaklinga og þjóðarheildina en sum önnur, sem góð eru þó talin. Segja má, að oft hafi verið þörf í þessu efni, en nú er nauðsyn.

Því er ekki að neita, að mörgum samvinnumanninum hefur stundum þótt bænheyrsla lánsstofnana misbrestasöm, þegar kaupfélögin hafa átt í hlut, jafnvel þótt ekki hafi verið um að ræða nema rekstrarlán til stutts tíma. Út í þetta skal ekki farið hér frekar, og ef útlán viðskiptabankanna eiga nú framvegis, m. a. fyrir tilstuðlan Seðlabankans, að beinast enn meira en áður inn á þjóðhagslega nauðsynlegar brautir, þá ætti ekki að vera ástæða til að kvíða því, að hlutur samvinnufélaganna verði áfram fyrir borð borinn í útlánastarfsemi bankanna.

Að mínum dómi er ákvæði þetta í 33. gr. frv., sem varðar innlánsdeildir kaupfélaganna, ástæðulaust dæmi um þann anda, sem svífur yfir vötnunum í mörgum atriðum þessa frv. Þar er ráðgert — ég vil segja á ósvífinn hátt — að ráðast með lagaboði gegn því, að samvinnumenn fái að njóta sömu mannréttinda og aðrir landsmenn. Tilgangurinn er e. t. v. auðsær. Með þessu á að reyna að lama samvinnufélögin og það einmitt á þeim erfiða tíma, sem þetta frv. boðar að nú eigi að fara í hönd. Kaupfélögin, samtök fólksins, sem hefur stofnað þau og á þau, vilja núverandi ráðamenn ofsækja, þótt þeir viti, að samvinnufélögin hafa reynzt fólkinu ómetanleg stoð í sókn að bættum lífskjörum og treyst og aukið möguleika þess í atvinnuuppbyggingu byggðarlaganna víðs vegar um land. Og ef til vill felst í þessu að nokkru ástæðan fyrir viðhorfi ráðamanna í þessu efni. Það er fjármagnið undir geðþekkri stjórn íhaldsins, sem á nú að ná yfirhöndinni, en ekki samtök fólksins.

Þá er einræðisandi frv. ekki síður athyglisverður, og má nefna sem dæmi, að nú ætlar ríkisstj. að taka sér einræði um vaxtakjör og lánstíma í öllum stofnlánasjóðum ríkisins og

þar með þverbrjóta allar reglur, sem í þessu efni hafa gilt frá upphafi, þ. e. að Alþingi eigi og geti eitt um þessi mál fjallað.

Það væri freistandi að minnast á eitthvað fleira, einhver fleiri atriði, t. d. þá aðferð, sem við á að hafa til að slíta vísitöluna úr tengslum við kaupgjaldið, og mun sýna sig, að slík vinnubrögð í jafnviðkvæmu máli kunna ekki góðri lukku að stýra.

Að bera fram svona efnahagsfrv. að meginefni til og anda, eru að mínum dómi hreinir glæfrar, án þess að hafa leitað víðtækari samstöðu og almennari um málið. Og það er ástæða til að ætla með tilliti til þessara vinnubragða, að þetta mál sé dauðadæmt. Og hvar stendur þá þjóðin á eftir, ef allt rennur strax út í sandinn eftir að gengi íslenzkrar krónu hefur verið fellt jafngífurlega og ráðgert er?

Heildarmynd af afleiðingum þessa frv., ef samþykkt verður, er að mínum dómi ófögur. Það boðar skerðingu almennra mannréttinda fyrir suma þegna þjóðfélagsins. Það boðar upphaf að löggjafar- og valdaafsali af hálfu Alþingis í hendur ríkisstjórnar. Það boðar yfirleitt stóraukið vald peningamanna og fjármagnsins í landinu. Það boðar samdrátt atvinnuveganna, minnkandi framleiðslu og flutning atvinnutækja yfir á hendur hinna fésterku. Það boðar afnám atvinnuþróunar síðari ára víðs vegar um land. Það boðar stöðvun á nýbýlamyndun og hættu á eyðingu óuppbyggðra jarða. Og það boðar yfirleitt algera stöðnun í vélvæðingu landbúnaðarins. Það boðar atvinnuleysi með því böli, sem því fylgir. Það boðar, að eignalitlir menn geta tæplega framvegis komið sér upp þaki yfir höfuðið, og um leið boðar það stóraukna hættu á, að fátækir menn missi nýbyggðar íbúðir sínar og þær, sem eru í smíðum. Og lengra og lengur mætti upp telja um hinn válega boðskap frv.

Í fáum orðum sagt: frv. boðar eyðingarstefnu, það er hin dauða hönd, sem fólkið óttast að muni leggjast yfir alla eðlilega, nauðsynlega og réttláta framþróun í landinu.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 95 og vil vekja athygli hv. d. á því, að þskj. hefur verið prentað upp aftur.

1. brtt., sem er breyt. við 4. gr., er ekki hugsuð sem nein efnisbreyting, heldur þótti eftir nánari athugun skera betur úr að tiltaka ákveðinn mánaðardag, 28. janúar, og sýnt, að með öðrum hætti mundi í ýmsum tilvikum geta orðið ágreiningur um túlkun þessarar greinar.

2. brtt. miðar að því að undanþiggja nýja og þurrkaða ávexti 30% innflutningsgjaldi og mun hafa í för með sér 10% verðlækkun á þessum vörum frá því, sem nú er.

3. brtt. n., við 31. gr. frv., er ekki heldur efnisbreyting. Það liggur í hlutarins eðli, að aðilum, þ. e. a. s. lánveitendum og lántakendum, hefur verið heimilt að semja um breytilega vexti innan þess hámarks, sem heimilt er á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, enda kemur þessi skilningur skýrt fram í skýringum við þessa grein frv., en þar segir m. a.: „Ákvæði þessarar greinar eru ekki því til fyrirstöðu, að samið sé um vexti af skuld með vöxtum, er séu breytilegir í samræmi við almennar vaxtabreytingar. Hins vegar gera þau ekki kleift að breyta eldri lánssamningum, þar sem vextir eru fastákveðnir.“ Meiri hl. n. þótti hins vegar rétt að taka efni þessarar skýringar við frvgr. upp í frvgr. sjálfa, ekki aðeins til að taka af allan vafa um túlkun þessarar greinar, heldur miklu fremur til ábendingar fyrir almenning um þá samningsmöguleika, sem í þessu eru fólgnir.

Augljóst er, að fyrirhugaðar eru vaxtahækkanir jafnt á innlánsvöxtum sem útlánsvöxtum til þess að stuðla að jafnvægi í peningamálum, en gert er ráð fyrir því, að þessi vaxtahækkun sé nauðsynleg aðeins um skamma hríð. Það er því ástæða til þess að láta möguleikana um breytilega vexti koma vel fram, til þess að menn bindi sig ekki á löng lán, einkum byggingalán eða fasteignalán, með óbreytilegum vöxtum á þeim tíma, sem vextir eru hæstir, sem kannske verður aðeins um skamma hríð.

Þá er það brtt. sama meiri hl. á þskj. 102. Þessi till. er fram komin vegna þess, að æskilegt er talið að kveða nánar á um meðferð gjaldeyris til greiðslu á umboðslaunum og fleira, sem borizt hefur bönkunum undanfarið. Hafa sumir móttakendur slíkra greiðslna ekki veitt þeim viðtöku í von um, að þeir geti selt gjaldeyrinn á nýju gengi, þegar frv. er orðið að lögum. Rétt þykir að miða hér við þann dag, sem tilkynning berst hérlendum banka um greiðsluna, og nýja gengið gildi við kaup á gjaldeyri, sem tilkynning berst um eftir 16. febr. 1960. Með þessu ákvæði er því tekinn af allur vafi um það, frá hvaða tíma skuli greiða nýja gengið á slíkar greiðslur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að víkja ofur lítið að því, sem sumir hæstv. ráðh. hafa sagt um þá ræðu, sem ég flutti hér við 1. umr. Ég hef ekki talað síðan í þessu máli og taldi ekki ástæðu til þess að tala oftar en einu sinni við 1. umr., þó að ég hefði ástæðu til að svara mörgu, vegna þess að ég sá, að það mundi vera hægt að koma því við að svara því, sem sérstök ástæða væri til að svara, við 2. umr. málsins. Hef ég þess vegna dregið að taka til máls á nýjan leik og mun draga saman í örfá orð það, sem ég sé ástæðu til þess að víkja að í ræðum annarra.

Ég hélt því hér fram í þessari ræðu, sem ég flutti við 1. umr., að í þessu frv. og stefnu stjórnarinnar fælist gífurlegur samdráttur í þjóðarbúskapnum, sem hlyti að hafa í för með sér stórfellda kjaraskerðingu og samdrátt á atvinnu og væntanlega atvinnuleysi, ef þetta áform hæstv. ríkisstj., sem nú hefur verið lýst fyrir þingheimi, heppnaðist. Ég benti á, að ástæður þær, sem hæstv. ríkisstj. færir fyrir þessum ósköpum, eru hreinar tylliástæður. Það er minni vandi nú í efnahagsmálum en oft hefur áður verið. En á hinn bóginn er ætlunin að nota tækifærið núna til þess að koma fram alveg nýrri stefnu í þjóðmálum, sem miðar við

að draga úr öllum þjóðfélagslegum stuðningi við almenning í landinu, en efla peningavaldið í landinu að sama skapi. Það er látið í veðri vaka m. a., að það þurfi að leggja út á þessa braut til þess að rétta gífurlegan greiðsluhalla við útlönd, og alveg sérstaklega hefur því verið lýst yfir í umræðunum, að það væri nauðugur einn kostur að draga stórkostlega saman og þjóðin yrði að þrengja að sér á allar lundir, vegna þess að það væri ekki lengur hægt að fá framkvæmdalán erlendis. Ég hélt því fram, að þetta væri hreinn tilbúningur, og ég held því fram enn, að þetta sé hreinn tilbúningur. Ég spurði þá að því, hver hefði lýst því yfir, að ekki væri hægt að lána Íslandi meira, nema tekin væri upp sú íhaldsstefna, sem gert er ráð fyrir í þessum tillögum. Hver hefur sagt það? Hæstv. ráðh. hafa ekki svarað þessari spurningu, enda er ég viss um, að það hefur enginn sagt. Þetta er tylliástæða, búin til af hæstv. ríkisstj. til að hafa að skálkaskjóli fyrir þeim aðförum, sem nú er verið að hefja í landinu. Eða hver trúir því, að það séu allar dyr lokaðar fyrir Íslandi nú allt í einu til þess að fá framkvæmdalán, en allar dyr upp á gátt til þess að fá eins mikið og stórt eyðslulán og ríkisstj. bara sýnist? Eða það kalla ég, þegar bollalagt er að taka eyðslulán, ef svo vill verkast, allt að 20 millj. dollara eða 780 millj. króna.

Í sambandi við þessa ræðu, sem ég flutti hér við 1. umr., kvaddi hæstv. dómsmrh. sér hljóðs, og hann sagði, að það, sem ég hefði haldið fram um þessi efni, væri furðulegt og alveg í mótsögn við það, sem ég hefði sagt fyrir nokkrum árum um þessi efni, og síðan hóf hæstv. ráðh. að lesa hér upp langa ræðukafla eftir mig um efnahagsmál og erlendar lántökur. Og um hvað voru þessir kaflar, sem hæstv. ráðh. var svona hrifinn af og þótti svona mikill fengur í að fá inn í þessar umræður? Um hvað voru þeir?

Á annan bóginn var því þar haldið fram, að menn skyldu vara sig á því, að land eins og Ísland gæti ekki fengið ótakmarkað lán, bara eins og mönnum sýndist á hverjum tíma, alveg ótakmarkað lán til framkvæmda. Þetta fannst hæstv. dómsmrh. stórfelldur fengur, að ég skyldi nokkurn tíma hafa sagt, að það gætu verið takmörk fyrir því, hvað land eins og Ísland gæti tekið mikið lánsfé í einu til framkvæmda og gæti ekki fengið ótakmarkað lán. Enn fremur var í þessum ummælum minnt á, að fjárfestingin gæti orðið of mikil, og þessi ummæli munu hafa verið frá 1947, sum af þeim, og þá sagði ég, að fjárfestingin væri of mikil og þyrfti að draga úr henni. Þetta fannst hæstv. dómsmrh. líka stórfellt innlegg í þetta mál, sem hér liggur fyrir, að ég skyldi nokkurn tíma hafa sagt, að fjárfestingin gæti orðið of mikil. Sennilega er hugsanagangur hæstv. dómsmrh. þannig, að af því að ég tók það fram, að það gætu verið takmörk fyrir því, hvað land eins og Ísland gæti fengið mikið framkvæmdalán, þá hlyti það að vera þannig nú, að Ísland gæti engin framkvæmdalán fengið, og af því að ég hafði einhvern tíma varað við því, að fjárfestingin væri of mikil, þá ætti að slá fjárfestinguna niður eða draga úr henni um mörg hundruð millj. á ári, eins og hæstv. ríkisstjórn gerir ráð fyrir í þeim till., sem hér liggja fyrir.

En það er fróðlegt að athuga í þessu sambandi, hvers vegna ég var á þessum árum að benda þjóðinni á, að það væru takmörk fyrir því, hvað land eins og Ísland gæti fengið mikil framkvæmdalán í einu. Hvers vegna var ég að benda á það þá? Það var vegna þess, að það voru þá til menn hér, sem héldu því fram, að lántökur vinstri stjórnarinnar til framkvæmda væru hreinn hégómi, og fundu vinstri stjórninni helzt það til foráttu, hversu lélegan og lítinn aðgang hún ætti að erlendum lánum samanborið við það, sem þjóðin þyrfti, og samanborið við þann aðgang að erlendum lánum, sem aðrir hefðu. Hverjir voru það, sem héldu þessu fram? Sjálfsagt ekki þeir, sem nú segja, að þjóðin verði að herða sultarólina vegna þeirra framkvæmdalána, sem vinstri stjórnin tók. Það geta ómögulega verið þeir, sem héldu þessu fram. Það er alveg óhugsandi.

Jú, það getur margt skeð. Það voru einmitt þeir, sem héldu þessu fram. Það voru m. a. hæstv. dómsmrh. og hæstv. núverandi forsrh., sem héldu þessu fram og sögðu: Þjóðin hefur hleypt til valda mönnum, sem geta ekki útvegað það erlenda lánsfé, sem þjóðin þarf, en það hefðu aðrir getað. Og svo bjuggu þeir til sögu um, að núverandi hæstv. forsrh. hefði getað fengið hjá dr. Adenauer, forsrh. Þýzkalands, 450 millj. kr. lán á einu bretti og hefði ekki hikað við að taka það og þar að auki á annað hundrað millj. kr. að láni í Bandaríkjunum til virkjunar Sogsins. Og út frá þessum skáldsögum var svo sunginn sá söngur, að það væri bara hreinn hégómi, sem tekið væri að láni. Menn hefðu kosið til þess að standa fyrir málefnum landsins fólk, sem ætti ekki neinn aðgang að lánastofnunum eða lánum yfirleitt utan landssteinanna. Mönnum hefði verið nær að kjósa þá. Þeir mundu hafa verið búnir að taka 600 millj. kr. að láni minnst, á sama tíma sem vinstri stjórnin tók kannske ekki nema eins og helminginn af þeirri fjárhæð. En nú koma þessir loddarar, sem þennan leik léku hér á árunum, fyrir örfáum árum, og segja, að framkvæmdalántökurnar séu í þann veginn að steypa Íslandi á höfuðið. Haldið þið, að nokkrum manni detti í hug að taka þessa menn alvarlega eða það, sem þeir segja um efnahagsmál landsins, — menn, sem eru orðnir uppvísir að svona loddaraleik í þessum efnum bæði fyrr og síðar?

Þá voru skáldaðar sögur um, að þeir ættu aðgang að mörg hundruð millj. kr. lánum hér og þar, sem þeir mundu hiklaust taka. En núna eru búnar til sögur um, að Ísland geti hvergi fengið lán, — búnar til sögur um það. Það er sams konar tilbúningur og hitt, sem handa þjóðinni var matreitt á sínum tíma, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. En nú á það við að búa til þessa sögu til að reyna að hræða þjóðina inn á þá stefnu, sem þeir hafa nú tekið upp og á að vera í því fólgin að hætta framkvæmdalántökum, taka eyðslulán í staðinn og

þrengja að mönnum hér innanlands og gerbreyta um efnahagsmálastefnu í þá átt, sem ég og fleiri höfum verið að lýsa.

Þetta eru þokkalegar aðfarir — eða hitt þó heldur. En þannig er þetta. Það er ekki vitund meira að marka þessar sögur, sem nú eru sagðar um lokaða möguleika til, að Ísland geti fengið framkvæmdalán, en lygasögurnar, sem þeir bjuggu til hér á árunum um, að alls staðar væru þeim opnar dyr til þess að fá mörg hundruð millj. ísl. kr. fyrirhafnarlaust. Vitanlega hafa alltaf verið takmörk fyrir því, hvað hægt er að fá af framkvæmdalánum fyrir land eins og Ísland. Samt sem áður hefur alltaf verið hægt að fá þessi lán og er auðvitað enn hægt að fá framkvæmdalán, ef stjórnin vildi snúa sér að því, enda er skemmst að minnast þess, að rétt áður en vinstri stjórnin fór frá, hafði hún undirbúið 6 millj. dollara framkvæmdalántöku í Bandaríkjunum, sem núverandi ríkisstj. hefur ekki þorað að hætta við að taka. Það má segja, að það sé að leggjast nokkuð lágt að halda því fram, eins og nú er gert, að jafnskjótt og þessir menn settust í ráðherrastólana, hafi horfið gersamlega allt lánstraust Íslands. Það hefur þá gerzt um leið, því að það lá fyrir um það leyti, sem vinstri stjórnin fór frá, að það var hægt að fá framkvæmdalán.

Þá vil ég ofur lítið fara hér inn á greiðsluhallann við útlönd, eins og hann er túlkaður í því áróðursriti, sem fylgir sjálfu frv. og kallað er grg. og nú hefur verið sérprentað á kostnað landsmanna og sent inn á hvert heimili á landinu. En það er algerlega óheimil fjártaka af ríkisstjórnarinnar hendi af almannafé. Þar er því haldið fram alveg hiklaust, að það hafi verið stórkostlegur halli á þjóðarbúskapnum, og nokkuð mikið í því sambandi talað um eyðslulán. En dálítið er nú farið að draga niður í hæstv. ríkisstj. varðandi þessar fjarstæður, því að hæstv. viðskmrh. játaði hér í dag, að það væri kannske réttara að kalla framkvæmdalántökurnar fjármagnsinnflutning heldur en halla á þjóðarbúskapnum. Þetta er veruleg framför, og eiginlega ætti nú hæstv. ríkisstjórn að gefa út eins konar viðauka við bókina Viðreisn með þessari nýju túlkun og nýja viðhorfi ríkisstjórnarinnar, — eins konar viðbót, sem hún gæti sent í eftirsendingu, um, að það væri villa í bókinni, að það væri ekki svona mikill halli á þjóðarbúskapnum eins og þar væri gert ráð fyrir, hann væri nokkrum hundruðum milljóna kr. minni. Það væri nefnilega misskilningur, það hefði mest af þessu verið framkvæmdalán og ætti að heita fjármagnsinnflutningur, en ekki halli á þjóðarbúskapnum.

Við skulum athuga ofur lítið þennan málflutning nánar í framhaldi af því einmitt, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Ekki hafði hann sig nú í að gera grein fyrir því, hvað mikið af hallanum, sem þeir telja á þjóðarbúskapnum, væri raunverulega vegna framkvæmdalánanna. En það er máske hægt að taka af honum ómakið í því að nokkru leyti. En áður en ég kem að því, vil ég benda á eitt, sem hæstv. viðskmrh. sagði í sínum málflutningi og er alveg einstakt. Hann sagði, að ég hefði mótmælt því, að það væri svo stórfelldur halli á þjóðarbúskapnum, og ég hefði byggt á því, að erlendu lántökurnar hefðu verið lægri en heildarfjárfestingin, þess vegna væri alveg sjálfsagt að kalla þær framkvæmdalántökur. Þetta er algerlega rangt hjá hæstv. ráðh., að ég hafi nokkru sinni viðhaft slíkan málflutning. Ég hélt því fram, að hér væri um framkvæmdalán að ræða að mestu leyti, vegna þess að lánin sjálf, lánsféð sjálft eða mótvirði þess í ísl. peningum hefði gengið beint í framkvæmdir á Íslandi. Og þau lán ein, sem þannig eru notuð, kalla ég framkvæmdalán.

En það væri kannske fróðlegt í þessu sambandi að upplýsa það, áður en lengra er farið út í þetta mál, hvernig hlutfallið hefur verið á undanförnum árum á milli heildarfjárfestingar í landinu og erlendra lántaka, og er þá talinn með allur innflutningur á erlendu lánsfé, hvort sem hann er í formi langra lána eða stuttra lána. Ég vil því upplýsa það, að á árunum 1956—58 var fjárfestingin að meðaltali 1479 millj., en þá námu erlendar lántökur árlega frá 7—12% af heildarfjárfestingunni, þannig að frá 88—93% af fjárfestingunni var greitt af fjármunum landsmanna sjálfra á þessum árum, sem framkvæmdalántökurnar hafa verið mestar. Þetta er ákaflega athyglisverður hlutur og því ákaflega stórfellt átak, sem hér hefur átt sér stað í fjárfestingarmálum. Er fróðlegt t. d. að bera þetta saman við tímabilið 1950—53, þegar þjóðin naut mikils gjafafjár erlendis frá, en þá nam gjafaféð — lán voru þá sama sem engin — frá 15—25% af fjárfestingunni. Á síðari árum hefur því, þrátt fyrir stórkostlega aukna fjárfestingu, minni hluti af henni verið fjármagnaður eða borgaður með erlendu fé en áður. Þjóðin hefur því ekki aðeins aukið fjárfestingu sína á þessu tímabili, heldur hefur hún einnig í vaxandi mæli kostað aukna fjárfestingu af sínu eigin fé. Þetta eru náttúrlega út af fyrir sig mjög athyglisverðar tölur fyrir þá, sem halda því fram, að á undanförnum árum hafi verið stórkostlegur halli á þjóðarbúskapnum.

En víkjum þá nánar að hallanum og lántökunum sjálfum og reynum að skoða, hvað hæft er í þeirri fullyrðingu, sem t. d. hæstv. fjmrh. lét sér um munn fara í fjárlagaumræðunum nú fyrir skemmstu, þar sem hann leyfði sér að segja, að minnstur hluti af lántökum undanfarinna ára hefðu verið framkvæmdalán. Ég verð að segja, að mér blöskraði alveg, annaðhvort sú óskammfeilni eða sú vanþekking, því að annaðhvort hlýtur það að vera, sem kom fram í þessum ummælum hæstv. fjmrh.

Við skulum líta á árin 1956—58, því að á þeim árum hefur lánsfjárnotkunin verið mest og þeim hefur verið tíðræddast um þetta tímabil og sagt, að á því tímabili hafi svona stórfelldur halli verið á þjóðarbúskapnum, og það sé ekki sízt vegna hans, sem menn þurfi nú að leggja að sér. Á þessum árum er hallinn á þjóðarbúskapnum talinn í grg. þeirra rúmar 600 millj. kr., og mikið hefur verið fjargviðr-

azt út af því, að þá hafi myndazt rætur að miklu meini. En ef við nú skoðum lántökur erlendis á þessu árabili og lítum yfir þær, eins og gert er í nál. 1. minni hl. fjhn. á þskj. 97, þá lítur dæmið þannig út, með leyfi hæstv. forseta, — ég les upp lista yfir þær lántökur, sem fóru fram á þessum árum:

Það er lán vegna ræktunarsjóðs, raforkusjóðs, fiskveiðasjóðs og sementsverksmiðju 65.3 millj. Lán til flökunarvélakaupa 17.6 millj. Lán vegna hafnargerðar á Akranesi 6.7 millj. Lán vegna Sogsvirkjunar og raforkusjóðs 81.6 millj. Lán vegna Sogsvirkjunar 36.4 millj. Lán vegna raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs 81.6 millj. Lán vegna raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs 32.9 millj. Lán vegna Sogsvirkjunar og rafmagnsveitna ríkisins 27.7 millj. Lán vegna frystihúsa og fleiri framkvæmda 1.9 millj. Lán vegna Flugfélags Íslands til flugvélakaupa 33 millj. Lán vegna kaupa á 12 skipum 50 millj. Lán vegna framkvæmda landssímans 9 millj. Lán vegna rafmagnsveitna ríkisins, vélakaup í virkjanir, 4.8 millj. Lán vegna Akraneshafnar 1.4 millj. Lán vegna Strætisvagna Reykjavíkur 600 þús. Og lán vegna bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 2.9 millj. Eða samtals 453.4 millj. Og þetta eru allt framkvæmdalán. Ekkert af þessu eru eyðslulán. Eða hver þorir að halda því fram, að þær framkvæmdir, sem ég hef minnzt á, hafi verið eyðsla? Þar að auki eru án ríkisábyrgðar á þessu sama tímabili: Eimskipafélag Íslands, Eimskipafélag Reykjavíkur og Samband ísl. samvinnufélaga, skipakaupalán, samtals 108 millj. Þarna eru framkvæmdalán og skipakaupalán á þessu tímabili rúmar 560 millj., og afborganir af eldri lánum eru á þessu tímabili 136 millj. En þær eru líka taldar með í „hallanum" á þjóðarbúskapnum hjá stjórninni.

Svo kemur hæstv. fjmrh. fram á Alþingi og leyfir sér að segja annað eins og það, að erlendar lántökur á síðari árum hafi að minnstu leyti verið framkvæmdalán, og öll hersingin leyfir sér að gefa út bók á kostnað ríkissjóðs til þess að halda því fram, að á þessum árum hafi verið stórkostlegur gjaldeyrishalli og halli á þjóðarbúskapnum.

Þá skulum við athuga ofur lítið árið 1959, því að ég skoðaði áðan árin 1956—58. Um þau lesum við þann fróðleik, — ég vil biðja menn að taka eftir því, — lesum við þann fróðleik í nál. og bókinni, sem kostuð hefur verið af almannafé til þess að dreifa út um landið, sem hér greinir, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýsingar liggja enn ekki fyrir um það, hver hallinn hafi verið á árinu 1959, en gera má ráð fyrir, að hann hafi ekki verið lægri en 350 millj. kr. Af þeirri upphæð voru 92 millj. jafnaðar með eyðingu gjaldeyriseigna og myndun gjaldeyrisskulda og hinn hlutinn eða um 260 millj." — takið eftir því, af þeirri upphæð voru 260 millj. jafnaðar „með erlendum lánum opinberra aðila og einkaaðila."

Síðan er getið um birgðaaukninguna á móti. En ég hef spurt hæstv. viðskmrh. eða réttara sagt: ég hef krafizt þess að fá þann lista um erlendar lántökur, sem hlyti að standa að baki þessarar tölu, því að það er sagt hér í grg. og hinu fræga riti, að erlendar lántökur hafi orðið á árinu 260 millj. kr. Ég hefði viljað fá þennan lista til þess að geta skoðað, hvort hér hafi verið um framkvæmdalán eða eyðslulán að ræða, alveg eins og ég hef nú gert varðandi árin 1956—58. En með því, sem ég hef sagt um þau, er gersamlega hrakið allt það, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram um þessi ár. Og hæstv. ráðh. tók vel í að gefa mér þessar upplýsingar, en síðar skeði það, að hann rétti mér blað í dag, þar sem eftirfarandi upplýsingar eru um árið 1959, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er snertir greiðslujöfnuðinn fyrir 1959 telur hagfræðideild Landsbankans", — ég vil taka það fram, að það er sú deild, sem á að fylgjast með greiðslujöfnuðinum og á að bera ábyrgð á þeim tölum, sem gefnar eru til upplýsingar um þau efni, — „að því er snertir greiðslujöfnuðinn fyrir 1959 telur hagfræðideild Landsbankans ekki mögulegt að gefa neinar upplýsingar um hann að svo stöddu." En haldið þið, að hæstv. ríkisstj. sé í nokkrum vandræðum, þó að þessi deild geti ekki að svo stöddu gefið nokkrar upplýsingar um þessi efni? Því segir hér í framhaldi af þessu: „Talan 350 millj. er áætlunartala, sem byggð er á því, sem nú er vitað um helztu liðina í greiðslujöfnuðinum, þ. e. útflutning, innflutning og varnarliðstekjur. Þessi tala getur að sjálfsögðu breytzt verulega, þegar nákvæmar upplýsingar liggja fyrir."

Ég hef marggengið á hæstv. viðskmrh. og sagt við hann: Það hlýtur þó að vera til einhver listi á bak við þessa tölu um lántökur ársins 1959. — En hann hefur nú upplýst, að það er enginn slíkur listi til. Það hefur einhver tekið sér fyrir hendur að áætla þessar tölur á hné sér og gefa síðan þær upplýsingar, sem eru í nál. og bókinni, sem send hefur verið öllum landsmönnum. Þannig eru heimildirnar, sem notaðar eru fyrir því að sigla út með aðrar eins ráðstafanir varðandi þjóðarbúskap landsmanna og þessar till. hæstv. ríkisstj. eru. Svona eru grundvallaðar fullyrðingar þessara manna um hinn gífurlega halla á þjóðarbúskapnum, sem þurfi að setja allt á annan endann í landinu til þess að jafna. Sú stofnun í landinu, sem hefur þessi efni með höndum, segir berum orðum, eða það er haft eftir henni berum orðum í skýrslu frá ríkisstj. sjálfri, „að því er snertir greiðslujöfnuðinn fyrir 1959 telur hagfræðideild Landsbankans ekki mögulegt að gefa neinar upplýsingar um hann að svo stöddu."

Ef við svo athugum þessa hluti ofur lítið nánar, get ég ekki stillt mig um það að minnast í því sambandi, — nú, ég sé, að það hefur einhver tekið Alþýðublaðið, sem ég skildi hér eftir áðan í því skyni, — þá get ég ekki komizt hjá því að minnast ofur lítið nánar á þessi vinnubrögð öll og hvernig þeim er háttað. Við munum nú öll eftir því, hvernig málflutningurinn hefur verið í sambandi við útflutningssjóðinn. Það var sagt allt s. l. ár, að útflutn-

ingssjóðurinn væri fullur af peningum, en nú er okkur sagt, að það vanti stórfé í útflutningssjóðinn, og allt annað hefur verið eftir þessu. Við þekkjum blekkingarnar um greiðslujöfnuðinn, sem hafa nú verið afhjúpaðar stig af stigi hér síðustu daga, og satt að segja eru engu líkar af því, sem ég hef séð flutt fram til stuðnings stjórnarathöfnum þau ár, sem ég hef komið nálægt þjóðmálum. En það, sem ég nú upplýsi, sýnir mönnum, að það er svo sem fullt samræmi í þessum vinnubrögðum. Því var nefnilega þannig háttað, að í októbermánuði s. l. benti eitt af blöðum landsins á, að það virtist vera að verða nokkuð mikill gjaldeyrishalli á árinu 1959. Þá rauk ríkisstj. upp til handa og fóta, enda átti þá að fara að kjósa, og áhrangurinn varð sá, að það komu langar skýringar frá hagfræðideild Landsbankans. Í þessum skýringum er keppzt við að draga frá þeim halla, sem virtist vera eftir tölunum, m. a. framkvæmdalánin. Það er keppzt við það þá að draga framkvæmdalánin frá hallanum. Það er ekki verið að því núna, þegar verið er að gera upp hallann á þjóðarbúskapnum eða hallann við útlönd. Það vissu allir, að það var ríkisstjórnin, sem átti hlut að því, að það kæmi fram þessi svokallaða leiðrétting, til þess að þjóðin skyldi ekki hafa þá hugmynd, að það væri gjaldeyrishalli. Þjóðin mátti ekki þá hafa þá hugmynd, að það væri nokkur verulegur halli á viðskiptunum við útlönd. Menn máttu ekki hafa þá hugmynd fyrir kosningar. Menn urðu þá að líta svo á, að það væri alveg nógur gjaldeyrir, alveg eins og menn urðu þá að halda, að það væru nógir peningar í útflutningssjóðnum. Niðurstaðan af því, sem þarna er í skýrslunni, er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar búið er að leiðrétta gjaldeyrisstöðuna með því að taka þessa liði út úr," — m. a. framkvæmdalánin, sem máttu ekki blandast saman við þá, — „verður útkoman sú, að gjaldeyrisstaðan verður + 77.4 millj. í sept., en ekki + 221.7. En í sept. 1958 var gjaldeyrisstaðan 81.9 óleiðrétt og + 61.2 leiðrétt."

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „Samkvæmt þessu hefur gjaldeyrisstaðan aðeins versnað um 16.2 millj. frá sept. 1958 til sept. 1959."

Ja, mikið hefur hallað undan síðan. Það eru meiri ósköpin, sem hafa dunið yfir síðan, bara síðan í okt. í haust. Síðan hefur allt farið á annan endann, þannig að það þarf hvorki meira né minna en að snúa öllum þjóðarbúskapnum við út af þessum ósköpum, sem hafa dunið yfir eftir kosningarnar.

Síðan segir: „Eftir er þá að taka tillit til þess, að birgðir af útflutningsafurðum eru nú 93 millj. kr. meiri en í fyrra." Það er önnur rúsínan, þannig að ef birgðaaukningin hefði ekki verið, þá hefði gjaldeyrisstaðan að dómi þessarar hagfræðideildar líklega verið um 60 millj. kr. betri en árið áður.

En nú er komið og okkur sagt, þó að hagfræðideild Landsbankans segist ekkert geta sagt, að greiðsluhallinn við útlönd hafi orðið 350 millj. á árinu 1959. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Og svona loddaraleikur? Var þetta allt ósatt, sem hagfræðideild Landsbankans sagði í októbermánuði í haust? Var það bara allt saman ósatt? Eða er eitthvað bogið við það, sem hæstv. ríkisstj. leyfir sér að halda fram í grg. fyrir efnahagsmálafrv. — eða í bókinni Viðreisn, sem hún fyrir fé landsmanna sendir inn á hvert heimili? Það er eitthvað meira en lítið bogið við það, sem í bókinni stendur.

Það þýðir ekkert að vera með neinar vífilengjur í sambandi við þessi mál. Það er öllum augljóst fyrir löngu, að það er ekki heil brú í þeim upplýsingum, sem hæstv. ríkisstj. leyfir sér að bera á borð fyrir þjóðina sem rök fyrir einhverjum alvarlegustu ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem nokkurn tíma hafa verið áformaðar á Íslandi.

Það er líka meira en furðulegt, að það skuli geta komið fyrir, þegar sagt er í grg. fyrir svona frv., að erlend lán hafi aukizt um 260 millj., — og ég veit ekki, hversu nærri lagi sú tala kann að vera, — að þá skuli ekki vera hægt að fá lista yfir lánin, en það er ekki hægt, og þó skuli menn leyfa sér að setja í opinbert plagg slíka niðurstöðu, sem byggist ekki á neinu öðru en hreinni ágizkun. Hvernig á að sundurliða það, hve mikið af þessu voru framkvæmdalán og hve mikið af þessu voru önnur lán, þegar ómögulegt er að fá lista yfir lánin? Hvers vegna er ekki hægt að fá lista yfir þessi lán? Er það til þess, að hæstv. ríkisstjórn geti fullyrt það, sem henni sýnist, um það, hvers konar lán þetta hafi verið? En hvernig er hægt að koma því heim og saman, að gjaldeyrishallinn hafi verið þangað til í sept. 16 millj., eins og hagfræðideild Landsbankans greinir, en sé nú kominn upp í 350 milljónir?

Ég skal taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þessar tölur um lántökur, sem ég las hér áðan úr nál. 1. minni hl., eru miðaðar við tekin lán á þessum árum. En þannig er með lánin, að þau koma ekki ævinlega inn á sama árinu. Þau eru ekki ævinlega öll borguð inn á sama árinu og þau eru tekin, þannig að það gengur dálítið á misvixl. En ég hef líka athugað um innkomin lán á þessum sömu árum, árunum 1956—58, og útkoman verður nær alveg hin sama, og ég gæti, ef ég vildi þreyta þolinmæði þm., lesið hliðstæðan lista fyrir þessi ár yfir það, sem er hreinlega inn komið í bankana af lánsfé, og niðurstaðan mundi verða mjög svipuð þeirri, sem ég las áðan. Þá mundi koma í ljós, að þau lán, sem þá komu inn á vegum þess opinbera, voru öll saman framkvæmdalán, ekki í þeim skilningi, að þau kæmu inn í þjóðarbúskapinn og einhverjar og einhverjar fjárfestingarframkvæmdir stæðu þar á móti, óskyldar lánunum, heldur fjárfestingarlán í beinni merkingu, bókstaflegri merkingu, þannig, að annaðhvort gekk gjaldeyririnn til þess að kaupa efni til tiltekinna framkvæmda eða þá gjaldeyririnn var seldur fyrir vörukaup og andvirði hans

innanlands gekk til þess að greiða kostnaðinn við Sogsvirkjunina og aðrar framkvæmdir innanlands.

Það er ekki mjög leiðinlegt hlutverk, sem hæstv. núverandi fjmrh. leikur í þessu. Hann stóð alveg ráðalaus höndum uppi sem formaður í Sogsvirkjunarstjórninni og gat ekkert fé útvegað. Ríkisstjórnin fyrrverandi gekk í að útvega lán til Sogsvirkjunarinnar. Sogsvirkjunin átti ekki grænan eyri til þess að leggja í framkvæmdirnar, og allt var komið í eindaga. Þá var gengið í það að útvega lán, ekki aðeins fyrir erlenda kostnaðinum, heldur líka fyrir nær öllum innlenda kostnaðinum í Sogsvirkjunina. Það stóð ekkert á því, að þegar búið var að útvega peningana, þá kom þessi hæstv. ráðh. með skóflu og fór að pjakka í jörðina og láta taka myndir af sér, þar sem hann væri að byrja á þessu stórkostlega mannvirki. Það stóð ekkert á því, að hann kæmi með skófluna, en aðrir höfðu útvegað fjármagnið. Nú kemur þessi hæstv. ráðh. og deilir með hörðustu orðum tungunnar á þá, sem stóðu fyrir því að útvega þessa fjármuni til Sogsvirkjunarinnar, og kallar þetta alveg ófeiminn eyðslulán og halla á þjóðarbúskapnum. Vitaskuld er nákvæmlega eins ástatt með þann hluta af Sogsvirkjunarláninu, sem fór fyrir innlendum kostnaði, eins og aðrar fjárhæðir, sem gengu í aðrar framkvæmdir. Þetta kallast víst ekki óheilindi — eða hitt þó heldur.

Hæstv. dómsmrh. tók undir þetta líka, og var kannske ekki tiltökumál. Ég veit ekki, hvort hann hefur nokkuð kynnt sér þetta. Hann sagði líka, að meginhluti af lánunum mundi hafa verið eyðslulán. En meðal lánanna er t. d. lán, sem Eimskipafélag Íslands hefur tekið til skipakaupa. Mér skilst, að hæstv. ráðh. sé að nafninu til a. m. k. í stjórn Eimskipafélagsins. Þetta er því eitthvað ámóta smekklegt og hjá hæstv. fjmrh., þegar hann talar um eyðsluláníökurnar. En skipakaupalán eru stórfelldur liður í þessum lántökum á undanförnum árum, hundruð millj. samtals á öllu tímabilinu.

Þá hafa þessir ráðh. verið að ræða um það, hversu ótilhlýðilegt væri að gera ráð fyrir því, að gjaldeyrislán kynni að festast, verða að föstu láni, sem erfitt yrði að standa skil á. Eru þessir menn alveg búnir að gleyma EPU-skuldinni og hvernig hún er til komin? Hún er til komin alveg á sama hátt eða hliðstæðan og það gjaldeyrislán, sem þeir eru nú spenntastir fyrir að taka. Hún er þannig til komin að mestu leyti, að það var stofnuð yfirdráttarskuld, einmitt yfirdráttarskuld, eins og þeir hafa svo sérstaka ánægju af að tala um, — það eigi að vera yfirdrættir, yfirdrættir séu svo meinlausir, þeir greiðist eftir stutta stund, það geti ekki verið neitt hættulegt að taka yfirdrætti. Það var eins konar yfirdráttur, sem tekinn var hjá EPU til þess að greiða fyrir almennum viðskiptum, m. a. að byggja upp vörubirgðir í landinu, og það var gert í sambandi við ráðstafanir, sem áttu að vera til jafnvægis í þjóðarbúskapnum og urðu til jafnvægis um nokkra stund. En hvernig fór svo með þennan yfirdrátt? Það fór þannig með þennan yfirdrátt, að jafnvægið hélzt ekki og yfirdrátturinn festist og er ógreiddur enn í dag, 120 millj. kr., og ef hægt er að tala um eyðslulán frá undanförnum árum, þá er það einmitt þessi yfirdráttur, sem festist á þennan hátt, nákvæmlega sams konar og sá, sem þeir hugsa sér að taka nú, en bara svo pínulítill, samanborið við þetta risalán, sem þeir hafa hugsað sér að taka, ef þeim býður svo við að horfa. Finnst mönnum þetta ekkert varhugavert? Ekki sízt þegar þess er nú gætt, að þessi yfirdráttarskuld, sem þeir ætla að stofna til, á að greiðast til baka eftir stuttan tíma, og það er treyst á, að hún greiðist til baka af sjálfu sér, vegna þess að sá samdráttur verði, sem hæstv. ríkisstj. efnir til með þessum tillögum. En þegar þess er gætt, að samdrátturinn, sem hæstv. ríkisstj. efnir til með þessum till., nemur um það bil 1000 millj. á einu ári eða um 20% af þjóðartekjunum, dettur þá einhverjum í hug, að þessi áætlun heppnist í framkvæmdinni? Hún hlýtur að fara út um þúfur. Hún er algerlega dauðadæmd.

Þetta er hrein fásinna, að hægt sé að draga svo saman, og þess vegna verður niðurstaðan sú, ef þeir kasta sér út í þetta skuldaævintýri, að þeir hljóta að missa þessi mál úr böndunum, — það er svo gálauslega og óviturlega til þeirra stofnað, — þeir hljóta að missa þau úr böndunum, og því miður verður niðurstaðan sú, að mikið af skuldinni stendur þá eftir. En hvað hafa þeir þá gert? Hvað hafa þeir þá aðhafzt, þessir menn? Hvernig verður aðstaða Íslands til þess að fá framkvæmdalán framvegis, ef fest verða nokkur hundruð millj. í gjaldeyrisskuld ofan á þá skuld, sem fest hefur verið hjá EPU? Það er ekki svo, að þessir menn ætli sér að flytja inn á móti þessu skip eða koma upp arðbærum framkvæmdum. Nei, það verður þvert á móti, á sama tíma og skuldin stofnast, dregið stórkostlega úr fjárfestingunni, — ekki dregið nokkuð úr fjárfestingunni og haldið áfram fjörmiklum framkvæmdum, eins og ég orðaði þetta, þegar ég ræddi um að draga dálítið úr fjárfestingunni hér á árunum og hæstv. dómsmrh. vísaði til, — nei, ekkert slíkt, heldur dregið stórkostlega úr fjárfestingunni, um leið og skuldirnar verða stórauknar.

Ég benti á það í minni ræðu á dögunum, að í þessum ráðstöfunum öllum saman gætu ekki falizt minna en 12—13 hundruð millj. kr. álögur brúttó. Ég byggði þá á innflutningsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem sýnilega er allt of lág, því að það er óhugsandi, að hún geti haldið þjóðinni í þeim kút á þessu ári, að innflutningurinn verði eins lítill og hún gerir ráð fyrir. Það er ekki hægt. Þess vegna voru mínar áætlanir um álögurnar mjög lágar og þær lægstu tölur, sem hægt er að nefna í þessu sambandi. Og ég hafði dregið frá lækkunina á tekjuskattinum og fjölskyldubæturnar og aðrar bætur, sem ríkisstj. hugsaði sér. Þá varð útkoman sú, að ætlun stjórnarinnar væri, eins og ég orðaði það, að draga úr neyzlu og fjárfestingu um meira en 1000 millj. kr. á einu ári.

Hæstv. viðskmrh. gerði þetta nokkuð að um-

talsefni hér í dag, og hann reyndi ekki að vefengja þessa uppsetningu að öðru leyti en því, að hann sagði, að ég hefði gert allt of mikið úr þeim verðhækkunum, sem stöfuðu af vaxtahækkuninni, vegna þess að það væri ekki ætlunin, sagði hæstv. ráðh., að vaxtahækkunin kæmi inn í verðlagið. Það er furðulegt, að nokkur hagfræðingur skuli viðhafa svona orðalag. Hvað ætli stjórnin ráði við það? Dettur nokkrum manni í hug, að það sé hægt að hækka vexti t. d. upp í 12%, sem sumir segja að eigi að koma til greina, án þess að það komi inn í allan framleiðslukostnað og allt verðlag í landinu? Ég býst ekki við, að hæstv. viðskmrh. kenni nemendum sínum í hagfræðideild háskólans svona speki, þó að okkur sé ætlað þetta. Þetta þykir nógu góð hagfræði handa okkur hér á hv. Alþingi. Vitanlega er slíkt með öllu óhugsandi. Það gæti skeð, að slíkt væri hægt einhverja litla stund, og þó alls ekki hægt stundinni lengur. Það þarf ekki að gera því skóna.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það yrði líka að draga það frá, að innlánsvextir ættu að hækka mikið og það kæmi ýmsum til góða sem tekjur. Og satt er það, það þarf að taka það til greina. En hæstv. viðskmrh. veit vel, að sparifjáreigendur í landinu eiga ekki nándar nærri allt það fjármagn, sem hér er í útlánum. Það er margt fleira, sem kemur til greina. Auk þess verður vitanlega stórfelldur munur á út- og innlánsvöxtum, þannig að hér verður um miklar fjárhæðir að ræða, sem koma inn sem verðhækkun. Það er því algerlega ómögulegt að sýna fram á, að mínar áætlanir um verðhækkunaráhrif frv. og þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. gerir, séu á nokkurn hátt ýktar. Hugsunin er því sú að draga saman neyzlu og fjárfestingu um rúmar 1000 milljónir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri algerlega rangt að kalla þessa fjárhæð eða það, sem hér væri um að ræða, álögur á þjóðina, það væri meinleg villa, og breiddi sig mikið yfir það. Það væri meinleg villa, vegna þess að hér væri aðeins um tilfærslu að ræða innan þjóðfélagsins, sagði hæstv. ráðh.

Við skulum athuga þennan hugsanagang ráðh. pínulítið. Það er hans hugsanagangur, að ef lagðir eru á skattar og aðrar álögur í einhverju formi, þá megi alls ekki kalla það álögur, ef féð er borgað út aftur, — takið eftir því: ef féð er borgað út aftur innan þjóðfélagsins, þá eru það ekki álögur. Eftir þessum skilningi hæstv. ráðh. hafa aldrei verið lagðar hér á neinar álögur. Hvar búast menn við, að svona málflutningur endi? Það eru ekki álögur, ef féð rennur aftur til einhvers annars. En hvað ætli þeim muni finnast, sem eiga að verða fyrir þessum álögum og mæta þessum verðhækkunum með óbreyttum tekjum? Og í þessu sambandi vil ég leyfa mér að rifja upp, að um leið og þessi verðhækkunaráhrif eru látin koma fram, á kaupgjald að vera óbreytt í krónutölu og vinnutekjur bænda, sjómanna og fiskimanna eiga að vera óbreyttar í krónutölu. Og því er lýst yfir, að útlán í landinu eigi ekki að hækka nema að því leyti, sem beinn sparnaður í bönkunum vex. Þeir, sem taka laun, og svo bændur og fiskimenn, þetta er meginþorri þjóðarinnar, og þessi meginþorri þjóðarinnar á að hafa óbreyttar tekjur í krónutölu, þó að álögurnar, þ. e. verðhækkunin, hljóti að nema rúmum 1000 millj. Svo kemur hér einn af ráðh. og segir, að það sé alger blekking að tala um álögur í þessu sambandi, vegna þess að þetta eigi að ganga út og inn í þjóðarbúinu.

Það má kannske gera ráðh. það til geðs að hætta að kalla þetta álögur á þjóðina og kalla það í staðinn álögur á almenning. Skilur hann það þá? Skilur hann það þá, ef það eru kallaðar álögur á almenning? Auðvitað eru þetta ekkert annað en álögur á þá, sem eiga að hafa óbreyttar tekjur. Þessi verðhækkunaráhrif hljóta að koma fram. Það má því gjarnan gera hæstv. ráðh. það til geðs, ef þetta hefur verið orðað á einhvern hátt villandi með því að tala um álögur á þjóðina, og því má gjarnan, til þess að sýna fyllstu nákvæmni í málinu, kalla þetta álögur á almenning.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væru tvær hliðar á öllu þessu og einhver hlyti að fá þessa fjármuni. Vill ekki hæstv. ríkisstjórn gefa okkur skýrslu um það, hverjir eigi að fá þessar 1000 millj., sem á að færa til, eins og ég fór fram á hér við 1. umr.? Ég fór þá fram á, að hæstv. ríkisstj. gæfi skýrslu um það hér á hv. Alþingi, að hve miklu leyti þessar 1000 millj. ættu að verða minnkun á fjárfestingu og að hve miklu leyti lækkun á neyzlu. Það hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess að svara þeirri spurningu. En það getur verið full ástæða til þess út frá því, sem hæstv. ráðh. sagði, að spyrja hann að því, hvort stjórnin hafi þá ekki gert yfirlit um, hverjir fá þessar 1000 millj., fyrst það er svo nauðsynlegt að dómi ráðh. að hafa það svo fast í huga eins og hæstv. ráðh. lagði áherzlu á, að það sé alltaf einhver, sem tekur við því, sem á annan er lagt eða frá öðrum er tekið. Hverjir eru það, sem eiga að fá þessa fjármuni?

Ég benti á það í ræðu minni um daginn, að það vottar ekki fyrir því, að þeir ríku í þjóðfélaginu eigi að leggja nokkuð sérstaklega fram í sambandi við þann uppskurð á öllu þjóðlífinu, sem á að efna til í þessu sambandi. Það vottar ekki fyrir því. En það skyldi þó aldrei vera, að þeir ættu að fá eitthvað af þessum 1000 millj. í sinn hlut? Einhverjir hljóta það að vera samkv. kenningu hæstv. ráðh., sem eiga að taka við þessu, fyrst það er óhugsandi að hans dómi að taka nokkuð frá einum öðruvísi en annar fái það.

Að vísu má kannske búast við, að þeir hugsi sér dæmið þannig, að það eigi að safnast strax á þessu ári gjaldeyrisinnstæða. Það getur vel verið, að þeir hugsi sér það, þetta eigi að koma þannig fram að einhverju leyti. En að hve miklu leyti hafa þeir hugsað sér, að þetta kæmi fram sem ný gjaldeyrisinnstæða? Ráðh. var að tala um, að það ætti að rétta hallann við útlönd, sem hefði verið 200 millj., sem er auðvitað allt saman hreinar blekkingar, eins og hér hefur verið sýnt fram á. En hvað á þá að verða um 800 millj. eða svo?

Hæstv. ráðh. sagði, að það sýndi, að það væri eitthvað bogið við þennan málflutning minn og annarra varðandi þessar 1000 millj., að 1 milljarður væri 20% af áætluðum þjóðartekjum. Mikið var, að hann fann það. En það er nokkuð seint séð. Er þetta ekki einmitt það, sem ég var að benda á um daginn alveg sérstaklega, að ekkert sýndi betur, hvílík fásinna það væri, sem hæstv. ríkisstj. væri að leggja út í, en einmitt þetta, að álögurnar og verðhækkunin, sem menn ættu að bera bótalaust, næmi 20% af þjóðartekjunum? Halda menn, að þetta sé hægt? Hvernig á svona lagað að vera framkvæmanlegt? En þetta sýnir einmitt, hvílík fásinna það er, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið hafa sig út í. Ég veit raunar ekki, hvernig á að orða þetta eða hvað það er, sem hefur skeð. Og einmitt vegna þess, hve þessi áætlun er öll mikil fjarstæða, þá er gjaldeyrislántakan sérstaklega hættuleg, vegna þess að þetta getur ekki staðizt. Ef menn flana út í að taka mörg hundruð millj. kr. að láni erlendis í því trausti, að svona löguð áætlun hljóti að skila því til baka alveg sjálfkrafa eins og vél, hvar endar slíkt? Það hlýtur að enda í stórkostlegri skuldaaukningu við útlönd, án þess að nokkrar framkvæmdir komi þar í móti.

Lét hæstv. ríkisstjórn aldrei reikna fyrir sig þetta dæmi? Á hvaða punkt í þessu máli horfði stjórnin þannig, að hún dáleiddist svo gersamlega, að hún missti allt samhengi? Lét hún aldrei skoða það, hvaða afleiðingar það hefði í þjóðarbúskapnum, ef reynt væri að leggja á 370 millj. í nýjum álögum, hækka verðlag um 700—800 millj. með gengisbreytingu og vextina upp í 12%, og ætlazt til, að tekjur meginþorra þjóðarinnar væru óbreyttar í krónutölu, nema að því leyti sem þær minnkuðu vegna minnkaðrar atvinnu? Á hvaða punkt í þessu máli hefur stjórnin horft, að hún skuli ímynda sér, að þetta sé hægt? Og heldur hún, að þetta geti verið viðreisn? Það er eitthvað hrapallegt við þetta mál, það er eitthvað undarlegt, sem erfitt er að átta sig á. Hvernig getur það skeð, að jafnskynsamir menn og óneitanlega eiga hér hlut að máli skuli hafa dáleiðzt svo gersamlega og tapað öllum áttum? Auðvitað lokuðu þeir sig inni. En ég hélt, að þeir hefðu þó a. m. k. séð út um gluggana, þannig að þeir hefðu átt að geta áttað sig á því, hvar þeir voru staddir.

Hæstv. fjmrh. var ákaflega státinn yfir því í fjárlagaumr., að þessar ráðstafanir, sem hér er stungið upp á, ættu að innleiða stórbreytingar á þjóðfélagi Íslendinga, orðaði hæstv. ráðherra þetta. Og sannast að segja er það því miður þannig, að hæstv. ráðh. hefur rétt fyrir sér. Ef þessar ráðstafanir ná fram að ganga, hafa þær í för með sér stórbreytingar á þjóðfélagi Íslendinga, m. a. þær, að verðbólguhjólið veltur vafalaust áfram með meiri hraða en nokkru sinni fyrr vegna þess, hversu þessi áætlun er gersamlega út í hött og óframkvæmanleg.

Í annan stað munu ýmsar þær breytingar, sem gerðar eru um leið, sérstaklega það að draga svo stórkostlega úr alls konar stuðningi við uppbygginguna víðs vegar um landið, hafa stórbreytingar í för með sér, a. m. k. í bili. En sá þáttur í þessu máli mun ekki standa lengi, vegna þess að þótt hæstv. ríkisstj. haldi núna, að hún geti komizt upp með að afnema svo að segja í einu vetfangi marga þýðingarmestu þættina í þeim stuðningi, sem þjóðfélagið hefur veitt þegnunum, eins og t. d. vaxtahlunnindin við að koma upp sjálfstæðum heimilum bæði í sveit og við sjó og önnur slík hlunnindi, þó að hún haldi, að hún geti komizt upp með þetta og annað fleira af sama tagi, sem í þessu máli er, þá stenzt það ekki til lengdar. Það verður ekki þannig brotið niður fyrirhafnarlítið á örfáum vikum, sem byggt hefur verið upp á mörgum áratugum. Þeir geta komið þessu fram núna, af því að þeir komu aftan að fólki. Þeir sögðu ekki fyrir kosningarnar núna, að það ætti að kjósa þá til þess að draga stórkostlega saman allar verklegar framkvæmdir í landinu. Þeir sögðu það ekki. Og þeir sögðu ekki heldur fyrir þessar kosningar, að það ætti að kjósa þá til þess að hækka t. d. vextina af stofnlánunum til landbúnaðar, sjávarútvegs og íbúðabygginga og annað slíkt. Nei, nei, þeir héldu þessu öllu vandlega leyndu.

En þessi stefna, sem núna er komin fram, mun verða til þess, að línurnar í íslenzkri pólitík skýrast. Og það er hægt að gera svona einu sinni, en ekki aftur. Það munu þeir eiga eftir að reyna, sem að þessu standa.

Hv. frsm. fjhn., 6. landsk. þm. (BK), flutti hér allmikla og langa ræðu, sér í lagi langa ræðu, í dag og rakti þar sögulega þessi mál mjög frá sínu sjónarmiði. Og hann sagði eitthvað á þá lund, að aðdragandinn að þessu öllu saman hefði verið myndun Alþýðuflokksstjórnarinnar haustið 1958. Það er auðvitað alveg rétt. Og hann útlistaði það, að þá hefði ekki verið hægt að framkvæma aðalstefnubreytinguna í þessu efni, heldur hefði verið um undirbúningsráðstafanir að ræða, þá strax. Þetta vitum við að er alveg rétt. Þeir þorðu nefnilega ekki að sýna, hvað fyrir þeim vakti raunverulega, fyrr en búið var að kjósa í síðari kosningunum. Það var ekki fyrr en þá, sem áætlanirnar voru dregnar upp og byrjað að framkvæma þær. Í kosningunum var öllu snúið öfugt, Sjálfstfl. sagði, að menn skyldu kjósa hann til þess að bæta lífskjörin, og það var ekkert talað um það þá, að þjóðin lifði um efni fram. Það var ekki minnzt á það, ekki einu orði. Og Alþfl. sagði, að það ætti að kjósa hann til þess að stöðva dýrtíðina. Og þá var t. d. ekkert minnzt á það heldur af hendi Sjálfstfl. að lögbanna vísitöluna. Þvert á móti. Það var einn aðalliðurinn í kosningaáætluninni, að það skyldi leitað samkomulags við stéttasamtökin um það að hætta að nota vísitöluna á sama hátt og verið hafði. Og allt var á þessa lund.

Það var ekki fyrr en eftir kosningarnar, sem hægt var að fara að sýna, hvað fyrir þessum flokkum raunverulega vakti, og ekki heldur fyrr en búið var að breyta kjördæmaskipuninni.

Að þessu leyti dró hv. þm., að mínu viti, upp algerlega rétta mynd af þróuninni, þó að hann

gerði það á nokkuð annan hátt en ég hef gert hér. Hann hafði að þessu leyti algerlega rétt fyrir sér. En nú er ekkert um að villast, hvað fyrir þeim hefur vakað frá öndverðu, og það hefur komið fram, að allt það, sem framsóknarmenn sögðu um þeirra fyrirætlanir, hefur reynzt hárrétt. Og það hefur vakið mikla athygli, — athygli, sem er alls ekkert þægileg fyrir þá, sem standa fyrir þessum málum, en samt er ómögulegt að komast fram hjá.

Það hefur verið látið liggja að því hér í þessum umræðum, samhliða þessum málflutningi um greiðsluhallann við útlönd og greiðsluhallann á þjóðarbúskapnum, að það verði núna að leggja út í þessar gífurlegu ráðstafanir vegna þess, hvernig viðskilnaður vinstri stjórnarinnar hafi verið í efnahagsmálum inn á við. En allt eru þetta rangfærslur, eins og bezt sést á því, að þegar Sjálfstfl. gerði eins konar úttekt á þeim málum, um það leyti sem valdasamsteypan nýja tók við, þ. e. a. s. þegar Sjálfstfl. myndaði Alþýðuflokksstjórnina á Þorláksmessu sællar minningar, þá var gerð úttekt um þessi mál, og þá var það niðurstaða hagfræðinga Sjálfstfl., og ég býst við, að hv. 6. landsk. þm. hafi verið þar einna fremstur í flokki, því að hann er hagfræðimenntaður maður, — þá varð það niðurstaðan af þeim athugunum öllum saman, að það, sem þyrfti að gera í efnahagsmálunum, væri að taka til baka grunnkaupshækkunina, sem Sjálfstfl. hafði barið fram þá um sumarið.

Þetta var þegar Sjálfstfl. sendi mönnum reikning og á honum stóð: An: Ofborgað kaup. Nokkur hundruð milljónir. En þá átti líka eftir útreikningi hagfræðinga Sjálfstfl. að verða nokkurn veginn jöfnuður.

Og þegar svo Alþýðuflokksstjórnin tók við, voru ráðh. hennar óþreytandi allt s. l. ár, alveg fram í október, að lýsa yfir því, að allt væri í jafnvægi, menn skyldu engar áhyggjur hafa, það væri allt í jafnvægi. Heldur skýtur þetta ónotalega skökku við allar þessar fullyrðingar nú allt í einu um það, að þjóðin sé á gjaldþrotabarmi og hafi verið það líka, þegar þeir voru að gefa þessar lýsingar á ástandinu. Halda þessir menn, að nokkrum detti í hug að leggja nokkuð upp úr því, sem þeir segja um þessi efni? Nei, því fer alls fjarri. Því fer alls fjarri, að nokkrum manni detti í hug að taka mark á þeim. Það eru alveg jafnmiklar ýkjur og öfgar nú á annan bóginn eins og þá voru að hinu leytinu. Staðreyndunum er bara algerlega snúið við eftir því, hvernig það passar fyrir ímyndaða hagsmuni þessara valdastreitumanna. Ef þeir halda, að það passi fyrir sitt valdastreitusjónarmið að halda því fram t. d., að það séu allt of lítil lán tekin erlendis, það eigi að vera miklu meira, þá halda þeir því fram. Ef þeim virðist það passa að búa til þær sögur, að landið geti ekki fengið nein lán, þá er bara að gera það. En upp úr því, sem þeir segja um þessi efni, er vitaskuld ekkert leggjandi, enda áreiðanlega vandfundinn sá maður nú, sem nokkuð leggur upp úr þeim upplýsingum, sem þeir gefa um þessi efni. Og þar mega þeir sannarlega sjálfum sér um kenna og sjálfum sér einum.

Ég hjó eftir því hér á dögunum, þegar hv. viðskmrh. var að svara mér, en hann hefur nú tekið hér tvær lotur undanfarna daga til þess að svara mér og fleirum, þá hélt hann því fram, að afstaða vinstri stjórnarinnar hefði þýtt 5—6% kjaraskerðingu. Og mér skilst helzt, að þetta hafi átt að þýða, að það sem núna stæði til að gera, væru bara smámunir og snerti menn aðeins smávægilega hjá því, sem þá hefði verið gert. Mér fannst þetta undarleg fullyrðing hjá hæstv. viðskmrh., og ég held, að hann hljóti að hafa að einhverju leyti gleymt samhenginu í þessum málum, því að sannleikurinn er sá, að hér var ekki um neitt slíkt að ræða. Það voru felld niður með lögum 9 vísitölustig, en 5% grunnkaupshækkun kom í staðinn og vísitöluákvæði í samningum ekkert skert að öðru leyti. Þetta ætla ég, að hæstv. ráðh. hljóti að muna við nánari íhugun. Öllu var slegið á frest um það, hvað ætti að gera í vísitölumálinu. Þetta var það, sem vinstri stj. gerði. Síðan greindi menn um haustið á um það, hvað gera skyldi, því miður. Og þá voru það uppástungur sumra, að rétt væri fyrir launastéttirnar að slaka til um nokkur vísitölustig, jafnvel allt upp í 15, og var talið af hagfræðingunum, að hægt væri að koma því þannig fyrir, að því þyrfti ekki að fylgja rýrnun á kaupmætti tímakaupsins frá því, sem það var í október 1958. Þannig var t. d. afstaða Framsóknarflokksins.

Ég vil alveg mótmæla því, að af hendi vinstri stjórnarinnar hafi nokkru sinni verið gerðar till. eða framkvæmdar ráðstafanir, sem hafi falið í sér nokkuð, sem nálgaðist 5—6% kjaraskerðingu. Ég vil líka staðhæfa, að framsóknarmenn hafa aldrei lagt fram neina till., sem komst nokkuð nálægt því. Mér finnst það sannast að segja vera nokkuð langt seilzt að reyna að mæla því, sem nú stendur til, bót með því að halda slíku fram.

Ég vil að lokum aðeins minnast örfáum orðum á einstakar greinar frv.:

Fyrst vil ég minnast á, að í grg. er sagt frá því, að ríkisstjórnin hafi tekið upp samtöl við Bandaríkjastjórn um það að borga, mér skilst helzt einhvers konar bætur til Íslands vegna gengisbreytingarinnar. Það er ákaflega óljóst sagt frá þessu í grg., og það mun hafa verið spurt um hér í umr., hvernig þetta væri hugsað og hvað það væri, sem hæstv. ríkisstjórn hefði farið fram á í þessum samningum. En hæstv. ráðh. hafa áreiðanlega ekkert að þessu vikið og engar upplýsingar um þetta gefið. Mig langar til þess að spyrja þá um, hvernig þetta mál er vaxið, hvað þeir hafa farið fram á í þessu sambandi og hvernig þetta mál stendur.

Þá vil ég vekja athygli á því enn þá einu sinni, þó að aðrir hafi gert það á undan mér, vegna þess, hvað það er nýstárlegt og þýðingarmikið, að í þessu frv. er gert ráð fyrir 5% skatti á allan útflutning í landinu.

Og það er sagt, að þessi skattur eigi að leggjast í sjóð, sem eigi að ganga til þess að greiða

hallann á útflutningssjóðnum, þennan halla, sem enginn veit enn þá hver er, því að það er sagt frá því á þann hátt í grg. og annars staðar, þar sem þetta hefur borið á góma af hendi hæstv. ríkisstj., að það er ómögulegt að botna í neinu. Og sennilegast þykir mér, að það þurfi að hafa þetta svona villandi um útflutningssjóðinn vegna þess, hve hæstv. fyrrverandi forsrh. og hans menn töluðu stórkostlega af sér á s. l. ári um útflutningssjóðinn. Það er ekki einleikið, hvað allt er haft villandi og flókið, sem um afkomu þess sjóðs kemur nú fram. Og þetta mun nú vera skýringin.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að þessi skattur, — það eru hvorki meira né minna en 120 millj. á ári, — eigi að renna í þennan halla. Þetta ákvæði um skattinn er ekki tímabundið í lögunum. Ég vil benda mönnum á það. Þessi skattur heldur áfram, nema því aðeins að hann sé með sérstökum lögum numinn úr gildi. Og það er ekki annað að sjá en hæstv. ríkisstjórn ætli sér, þegar fram líða stundir, að láta myndast þarna sjóð, láta myndast þarna sjóð af útflutningsgjaldinu, sem hún geti ráðstafað eins og henni sýnist. Eða hvað ætlar hún að gera við þessa peninga, ef hún situr svo lengi, að hallinn á útflutningssjóðnum verði greiddur upp? Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. lýsi því yfir, skýrt og skorinort, að hún telji sig ekki hafa heimild til þess að ráðstafa þessum sjóði að neinu leyti, eftir að búið er að greiða hallann á útflutningssjóðnum. Og ef hæstv. ríkisstj. vill ekki gefa slíka skýlausa yfirlýsingu, þá er eitthvað óhreint við þetta mál. Þá er það hugsunin að smeygja hér inn skatti á útveginn, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér síðan, kannske með stuðningi þingmeirihluta síns, að fara með eftir sinni vild. Ég held, að það sé algert einsdæmi að lögleiða þannig gífurlegar álögur á útflutninginn, 120 millj. á ári, án þess að það sé skýrt tekið fram, til hvers verja megi fénu. En það er alls ekkert sagt um það, utan það, sem stendur um að greiða hallann á útflutningssjóði.

Ég vil fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún gefi þessa yfirlýsingu, og ég mun taka það til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki sé rétt, að það komi fram brtt. um það að tímabinda eitthvað þessar álögur, þannig að það geti ekki komið til mála, að slíkir fjármunir séu innheimtir og stjórnin geti ráðskað með þá eftir vild.

Þá vil ég minnast á það sem þýðingarmikið atriði í þessu máli, að gert er ráð fyrir að hætta alveg að greiða uppbætur á fiskafurðir. Þetta er þungt högg, kannske róthögg á smábátaútveginn víða. Það hafa verið greiddar séruppbætur á steinbít og ýsu og smáfisk og sumarveiddan fisk. Þessi veiðiskapur er ákaflega þýðingarmikill fyrir mörg byggðarlög, stórfelldur liður í þeirra atvinnulífi, — byggðarlög, sem sannarlega þurfa að haldast í byggð og þjóna sínu hlutverki í þjóðarbúskapnum. Ég þori ekki að fullyrða, að verðlag á þessum fiski, sem hér er um að ræða, lækki beinlínis til útgerðarinnar, ef ofan á verður að fara eftir till. stjórnarinnar og fella þennan sérstaka stuðning alveg niður. En það eitt er alveg víst, að verðlag á þessum fiski lækkar stórkostlega í hlutfalli við framleiðslukostnað. Þetta er gífurlegt áfall fyrir þennan atvinnurekstur. Og ég held því alveg hiklaust fram, að þessi atvinnurekstur eigi fullan rétt á sér, þó að hann þurfi sérstakan stuðning umfram ýmsar aðrar atvinnugreinar.

Er það raunverulega meining ríkisstj. að sinna þessu máli ekki neitt, látast ekki þekkja þetta eða vita um þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi? Ég vona ekki, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að athuga þetta mál gaumgæfilega, áður en málið fer hér úr hv. deild.

Þá vil ég þessu næst minnast á greinina um breytingarnar á okurlögunum. Það er meira en lítið táknrænt fyrir fyrirætlanir stjórnarinnar, að hún þarf að breyta okurlögunum til þess að setja þá vexti, sem hún vill. Það er dálítil lýsing á ráðagerðum hennar.

Ég vil taka fram, að þegar það á undanförnum árum stundum hefur komið til greina að hækka vexti og nota það sem aðferð í peningapólitíkinni, hefur Framsfl. ævinlega beitt sér á móti því. Og menn úr öðrum flokkum hafa einnig verið á móti því oft og jafnvel kannske alltaf upp á síðkastið. Framsfl. hefur ekkert breytt um skoðun í þessu og álítur, að það eigi alls ekki að hækka vextina, alls ekki, það sé stórhættuleg ráðstöfun, bæði fyrir framleiðsluna og uppbygginguna í landinu, að gera slíkt.

Í þessu sambandi vil ég alveg sérstaklega leggja áherzlu á, að Framsfl. telur það óhæfu og hneyksli, blátt áfram hneyksli, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, að setja inn í þetta frv. eina lagagr., sem á að breyta fjöldamörgum lagabálkum um stofnlán til atvinnuveganna og til íbúðalána. Og í þessari lagagr. er ráðgert, að þessum lagabálkum öllum sé kollvarpað og ríkisstj. veitt heimild til þess að setja vexti og lánstíma hjá þessum stofnlánasjóðum eins og henni sýnist. Þetta tel ég hneyksli. Þessi löggjöf hefur verið byggð upp með áratugastarfi hér á Alþingi, ein grein eftir aðra, og er mjög þýðingarmikill liður í þjóðarbúskapnum, einmitt þannig, að þessir lágu vextir og tiltölulega langi lánstími gera þúsundum manna í landinu mögulegt að verða sjálfstæðir framleiðendur og eignast eigin heimili, sem annars mundu þess engan kost eiga. En það er einmitt þetta, sem þeir geta ekki þolað, sem nú standa fyrir málum á þjóðarbúinu. Þeir vilja efla peningavaldið í landinu þannig, að framvegis verði þetta fólk að leita á náðir þess, en geti ekki fengið þjóðfélagslegan stuðning til þess að verða sjálfstæðir framleiðendur eða eignast eigin heimili. En einmitt af því, að þessi vaxtapólitík hefur verið rekin hér á undanförnum áratugum, hefur íslenzkt þjóðfélag byggzt upp allt öðruvísi en mörg önnur þjóðfélög hér í grennd. Það er einmitt af þessum ástæðum m. a., sem hér er svo tiltölulega margt af sjálfstæðum atvinnurekendum á Íslandi, en tiltölulega lítið af auðkóngum, sem fólkið á allt sitt

undir. Og það er einmitt vegna þessarar starfsemi, sem tiltölulega fleiri eiga sitt eigið húsnæði á Íslandi en í nokkru öðru landi.

En þessa starfsemi á að slá niður. Það er einn liðurinn í þessu frv. Og svo er verið að færa það fram, — það var einhver að bögglast við að færa það fram sem ástæðu fyrir þessari algeru stefnubreytingu, að það væri halli á einhverjum af þessum stofnlánasjóðum. Eins og það sé nokkuð nýtt. Auðvitað hlýtur að verða halli á þessum stofnlánasjóðum. Það þarf að leggja þeim fé. Það þarf að leggja þeim af almannafé, til þess að þeir geti lánað með lágum vöxtum, jafnvel þó að þeir þurfi að taka lán með hærri vöxtum. Það er engin uppgötvun, engin ný bóla. Það eru ekki nema örfá ár síðan t. d. ríkissjóður tók við 33 millj. af skuldum íbúðalánasjóðsins yfir á sig til þess að gera sjóðnum fært að halda áfram að lána með lágum vöxtum. En þessi klíka, sem nú hefur sölsað undir sig völdin, mundi ekki hafa leyst þetta á þessa lund. Nei, hún ætlar að leysa þetta og önnur slík mál með því að hækka vextina. Það er vitaskuld hægt að leysa vandamál ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs sveitanna og fleiri þessara sjóða á alveg nákvæmlega sama hátt og þetta vandamál íbúðalánasjóðsins var leyst, og þannig á að leysa þau. Ríkið getur mjög vel tekið á sig nokkuð af skuldum þessara stofnana, án þess að það verði tilfinnanlegt fyrir ríkisbúskapinn, og ekki nema eins og pínulítið brot af þeirri gífurlegu hækkun, sem nú verður á fjárlögunum.

Vaxtabyrði ríkissjóðs hefur farið lækkandi. Þau lán, sem ríkissjóður stendur sjálfur undir, hafa lækkað, og það er alveg vandalaust að leysa þessi mál á þessa lund, enda skal enginn halda, að það, sem hér liggur á bak við, sé einhver sérstakur kvíði um, að það sé ekki hægt að útvega, eins og verið hefur, þetta fé, sem þarf til þess að halda lágu vöxtunum. Menn skulu ekki halda það. Það er ekki það, sem liggur á bak við þessa pólitík. Það dettur heldur engum manni slíkt í hug, sem athugar, að þeir menn, sem hér standa að þessu, hækka útgjöld fjárlaganna án þess að depla augunum um 300—400 millj. á einu ári. Það er ekki það, sem hér er um að ræða. Nei, það er allt annað. Það þarf að þeirra dómi að kveða þessa pólitík niður, vegna þess að hún samrýmist ekki þeirri hugsun, að þessi þjóðfélagsstuðningur verði að hætta, fjármagnið eigi að ráða, gróðasjónarmiðið eigi að ráða, svona lagaður þjóðfélagsstuðningur eigi engan rétt á sér. Og það er grátlegt að horfa upp á, að Alþfl., sem fram að þessu hefur talið verkamannabústaðalöggjöfina t. d. eitt af sínum aðalafrekum, skuli nú koma og leggja það til á hv. Alþingi að nema þá löggjöf í raun og veru úr gildi, og fela ríkisstj., hver sem hún svo er, að valta og skalta með vextina og lánstímann á verkamannabústaðalánunum.

Hvað eru þessir menn eiginlega að fara? Hafa þeir ekki gert sér grein fyrir því, hvað er að ske með þessu?

Ég vil fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún taki þessa grein út úr frv., fallist á að taka hana út úr frv., og ef hún að athuguðu máli raunverulega vill halda þessu til streitu, að hún flytji þá frv. um breytingar á þeim lagabálkum, sem hafa verið settir um þessi mál, til þess að Alþingi geti á þinglegan hátt og eðlilegan fjallað um það, hvort eigi að breyta þessum lagabálkum eins og hæstv. ríkisstj. hefur í huga. En hitt er algerlega ósæmilegt, að hv. Alþingi standi frammi fyrir því að eiga að taka afstöðu til þessara þýðingarmiklu mála í einni grein í lagabálki, sem fjallar um öll möguleg önnur efni. Ég veit, af hverju hæstv. ríkisstj. gerir þetta. Hún vill setja sem allra flest í þetta frv. til þess að þvinga Alþingi, ekki bara stjórnarandstæðinga, heldur líka og ekki síður sína eigin þm. Hún vill með því þvinga sína eigin þm. til þess að ganga inn á ýmislegt, sem þeir ella mundu alls ekki ljá máls á, — með því að setja það inn í þetta mál og halda því fram við þá, að þeir verði að samþ. það sem einn lið í þessari áætlun. Hæstv. ríkisstjórn er alveg ljóst, að sumir af þessum þm. mundu aldrei hafa fallizt á sum þessi atriði, ef þau hefðu verið flutt sem sérmál.

En ég segi: Þessi málsmeðferð er ósæmileg og óþingleg og óviðeigandi með öllu. Þetta er beinlínis gert til þess að koma í veg fyrir, að frjáls skoðanamyndun á Alþingi geti orðið um þessi atriði. Það er engin tilviljun, að hæstv. ríkisstj. hnýtir þessu inn í þetta mál. Það er gert í þessu skyni.

Það er áreiðanlega full ástæða til þess að vara hæstv. ríkisstj. við því að berja þetta mál fram með þeim litla meiri hl., sem hún hefur hér á hv. Alþingi. Það væri miklu hyggilegra fyrir hæstv. ríkisstj. að fallast á þá starfstilhögun, sem stungið er upp á í þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér hefur verið lögð fram af hv. 1. minni hl. fjhn., þar sem stungið er upp á því, að kosnir séu úr þingflokkunum menn til þess að íhuga þessi mál og þær upplýsingar, sem fyrir liggja, og skila bráðabirgðaáliti innan þriggja vikna.

Það er ekkert annað en fjarstæða, sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hélt hér fram í dag, að óhugsandi sé að fallast á þessa starfsaðferð, vegna þess að það liggi svo mikið á. Það er alveg misskilningur og fjarstæða. Það er vel hægt að gefa sér þetta tóm til þess að reyna að komast að heppilegri niðurstöðu en þeirri, sem hæstv. ríkisstj. hefur komizt að. Öll framleiðsla í landinu er í fullum gangi og þess vegna nægilegur tími til stefnu, og þetta væru að öllu leyti miklu gæfulegri vinnubrögð en þau, sem hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér.

En ég vil að lokum aðeins segja, að ef hæstv. ríkisstj. á hinn bóginn vill ekki taka í þessum efnum neinum sönsum og ber þetta mál fram með þessum litla meiri hluta, sem hún hér hefur, og jafnvel með því að þvinga sitt eigið stuðningslið á þann hátt, sem ég hef lýst, — því að auðvitað er það hrein þvingun að safna saman í eitt mál svo mörgum óskyldum greinum sem hér er gert og heimta síðan af mönnum, að þeir segi já eða nei við því öllu saman, — ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera þetta,

berja þetta fram, þá verður það vitaskuld upphaf að stórfelldri pólitiskri baráttu í landinu um meginstefnur í íslenzkri pólitík. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þær ráðstafanir, sem því fylgja, eru ekki aðeins frv. til laga um að gera ráðstafanir til stutts tíma og til að leysa dægurvanda, heldur er hér kastað hanzkanum og byrjað á stórfelldri sókn af hendi þess meiri hluta, sem hér er núna, stórfelldri sókn til þess að breyta alveg undirstöðuatriðunum í íslenzkum þjóðarbúskap. Verði horfið að því ráði að berja þetta fram, þá hlýtur það að verða upphaf stórfelldrar baráttu á næstu missirum og næstu árum. En ég vara líka við því að gera þetta vegna þess, að þessar till. eru óframkvæmanlegar, eins og sýnt hefur verið fram á í þessum umræðum.

Forseti (JóhH): Umræður hafa nú staðið lengi, og það er nokkuð liðið á nótt. Það er hins vegar áform forseta að freista þess að ljúka þessari 2. umr. nú í nótt. Hún hefur staðið um það bil í 17 klukkutíma og stjórnarandstaðan haft til umráða nærri 12 tíma af því, og mér finnst þess vegna ekki fjarri lagi að mælast nú til þess við hv. þm., sem eiga eftir að tala hér og kveðja sér hljóðs í kvöld, að þeir reyndu eftir föngum að stytta mál sitt, án þess að nokkur till. sé gerð um það að takmarka umræður.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef haldið eina ræðu við þessa umr. og talaði þá í rúma þrjá stundarfjórðunga. Ég ætlaði að láta þá ræðu duga og þykir því í raun og veru fyrir því að þurfa að tefja starfstíma hv. d., þegar þetta er áliðið nætur. En hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefur nú talað í rúma sjö stundarfjórðunga og satt að segja látið sér um munn fara mjög margt þess konar, að ég fæ ekki orða bundizt. Ég mun hins vegar ekki freista þess að gera þessari sjö stundarfjórðunga ræðu þau skil, sem hún í raun og veru ætti skilið, heldur láta mér nægja að drepa á aðeins örfá atriði, sem telja má meginatriði í ræðu hans, og skal með ánægju verða við þeim tilmælum forseta að hafa það mál mitt sem allra stytzt.

Hv. þm. ræddi í fyrsta kafla ræðu sinnar um hallann á greiðsluviðskiptunum undanfarin ár og erlendu lántökurnar. Allra fyrst í þessum kafla sagðist hann aldrei hafa mælt með því, að öll fjárfesting í landinu væri afgreidd með erlendum lánum, slíkt væri að sjálfsögðu fjarstæða. Þarna talaði fyrrv. fjmrh. Auðvitað er þetta fullkomlega rétt, sem hann sagði og vildi leggja áherzlu á að væri skoðun sín, að auðvitað kæmi ekki til mála að greiða alla fjárfestingu landsmanna með erlendum lánum. En Adam var ekki lengi í Paradís. Allt í einu kastaði þm. af sér klæðnaði hins fyrrv. fjmrh. og varpaði yfir sig skikkju hins óprúttna áróðursmanns stjórnarandstöðunnar, því að hvernig hélt svo hv. þm. áfram? Hann sagði: Ríkisstjórnin telur halla áranna 1956—58 vera um 600 millj. kr. Og svo sagði hann: Hvaða lán voru tekin á þessum árum? Hann las upp lista yfir þessar lántökur úr nál. hv. 1. minni hl. fjhn. — og sjá: Summan af lántökum þessara ára var samkvæmt listanum 562 millj. kr. Svo spurði hv. þm. með miklum þótta: Hver þorir að halda því fram, að þetta séu eyðslulán? Og þetta átti að vera afsönnun á því, að lántökur þessa tímabils gætu að nokkru leyti verið það, sem ég vil kalla hallalán, það væru allt saman framkvæmdalán, af því að hægt væri að benda á framkvæmdir, sem þessi lán hefðu beinlínis gengið til þess að greiða kostnaðinn við. M. ö. o.: þingmaðurinn sagði svo að segja orðrétt: Þessi lán eru framkvæmdalán, af því að andvirði þeirra hefur gengið beint til ákveðinna framkvæmda. — En nú spyr ég þennan hv. þm. og alla hv. þdm.: Ef tekin væru lán til þess að greiða allan kostnað við framkvæmdir í landinu, eru það þá ekki með alveg sama hætti framkvæmdalán? Ef fjárfesting í atvinnufyrirtækjum og öðrum skyldum framkvæmdum á einu ári er 1000 millj. kr. og erlendar lántökur hafa á sama ári numið 1000 millj. kr., teknar til þess að greiða þessar framkvæmdir, þá er þetta samkv. þessari seinni skilgreiningu hv. þm. framkvæmdalán. M. ö. o.: þegar hann hefur áróðurinn, afneitar hann því, sem hann byrjaði ræðu sína með, að segjast aldrei hafa mælt með því, að til mála geti komið, að öll fjárfesting sé greidd með erlendum lánum.

Hvað eru framkvæmdalán í sannleika sagt? (Gripið fram í.) Nú hef ég orðið og ætla að tala í kortér, ekki sjö kortér eins og hv. þm., og bið hann að lofa mér að tala á meðan. Ég segi: Hvað eru framkvæmdalán? Framkvæmdalán eru lán, sem skila arði í krónum og gjaldeyri. Þau þurfa líka að skapa gjaldeyri jafnhratt og nemur greiðslu vaxta og afborgana af lánunum. Í þriðja lagi, og það er mergurinn málsins: Greiðslubyrðin vegna lánanna, að viðbættum innlendum kostnaði framkvæmdanna, má ekki verða meiri en nemur heilbrigðum sparnaði þjóðarinnar. Þetta er sú eina skynsamlega skilgreining, sem hægt er að gefa á því, hvort lán séu framkvæmdalán eða ekki.

Hv. þm. gerði enga tilraun til þess að sýna fram á, að öll þessi 562 millj. kr. lán stæðust þessa skilgreiningu. Það er þó mergurinn málsins. Mergurinn málsins er sá, hvort þm. telur eðlilegt að greiða jafnhátt hlutfall af kostnaði við þessar framkvæmdir og hér er um að ræða. Því sleppti hann. Spurningin er auðvitað, hvort afborganir og vextir af erlendu lánunum, að viðbættum innlenda kostnaðinum við framkvæmdirnar, við fjárfestinguna, séu meiri en vænta megi að heilbrigður sparnaður þjóðarinnar geti staðið undir. Ef þetta hlutfall er hærra, verður afleiðingin annars vegar verðbólga innanlands og hins vegar halli af lántökum erlendis. Þetta eru algerlega ómótmælanlegar staðreyndir, kannske svolítið torskildar, þegar þær eru settar fram í jafnstuttu máli og hér er um að ræða, en óhagganlegar og viðurkenndar af öllum, sem til þekkja, og algerlega viðurkenndar af hv. þm., meðan hann var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn a. m. k.

Nú er spurningin, hvort hægt sé að leiða einhver rök að því, að lántökur þessara ára standist ekki þessa skilgreiningu að öllu leyti. Vextir og afborganir af erlendum lánum námu á árinu 1957 rúmum 5% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, 1958 tæpum 6% af gjaldeyristekjunum, en 1959 má telja, að vextir og afborganir hafi verið komin upp í um 9% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, einmitt vegna hinnar auknu greiðslubyrði af þessum lántökum, 1960 sé það hlutfall komið yfir 10% og 1961 mun það fara yfir 11% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Það er augljóst hverjum manni, sem vill skilja það og vill setja sig inn í það, að þegar svona hátt hlutfall af gjaldeyristekjum þjóðarinnar bætist við innlenda kostnaðinn af fjárfestingunni, verður mjög erfitt, svo að ég kveði ekki sterkara að orði, að standa undir þessu með heilbrigðum sparnaði innanlands. Það er hægt að standa undir greiðslubyrði af erlendum lánum, sem nemur 4, 5, 6 kannske 7% af gjaldeyristekjunum til viðbótar innlenda kostnaðinum. En þegar þetta hlutfall er komið upp í 9, 10 eða 11%, er augljóst, að það er ekki hægt nema með stórkostlegum erfiðleikum. Það er þetta, það eru þessar tölur um hina sívaxandi greiðslubyrði á árunum 1959, 1960 og 1961, sem hafa verið merkið um, að hér sé komið of langt. Það eru þessar tölur, sem eru beinlínis sönnun fyrir því, að nokkur hluti, — ég segi ekki og hef aldrei sagt allar lántökurnar, — að nokkur hluti, að verulegur hluti þessara erlendu lántaka á árunum 1956—58 séu ekki heilbrigð framkvæmdalán, heldur hallalán, afleiðing af jafnvægisleysi inn á við, sem valdið hafi greiðsluhalla og skuldasöfnun út á við.

Hv. þm. gerði enga tilraun til þess að rökstyðja staðhæfingu sína um það, að lánin séu öll framkvæmdalán, með þessum hætti, sem þó er eini mælikvarðinn, sem hægt er að beita. Hann beitti aðeins hinum mælikvarðanum, að telja upp framkvæmdir, sem hefðu kostað jafnmikið og erlendu lánunum nam. En eins og ég sagði í dag og sagði aftur áðan, mætti með nákvæmlega sama hætti telja 1000 millj. kr. erlenda lántöku, þegar fjárfesting er framkvæmd fyrir 1000 millj., allt saman framkvæmdalán, þó að þm. hafi byrjað ræðu sína á því að segja, að slíkt næði auðvitað engri átt.

Þm. fór nokkrum orðum um þær upplýsingar, sem standa í texta frv. um hallann 1959, og vildi vefengja mjög þá áætlun, sem þar stendur. Tekið er skýrt fram, að það sé áætlun um, að hallinn muni væntanlega hafa orðið á því ári ekki minni en 350 millj. kr. og þar af hafi verið jafnað með erlendum lántökum um 260 millj. kr. Hann spurði, hvort til væri listi um lántökurnar. Það er hægt að sjá nú þegar, eins og ég hef tjáð honum síðdegis í dag, notkun hinna stærstu opinberu lána, svo sem ICA-lánanna, það liggur fyrir. Það, sem gerir endanlegt uppgjör á þessu ári sérstaklega torvelt, er, að á því hefur verið um sérstaklega miklar lántökur einkaaðila að ræða. En það er aðeins furðuleg tilætlunarsemi af manni, sem þekkir jafnvel til og hv. þm., að ætlast til þess, að 12. febr. 1960 geti legið fyrir fullkomnar upplýsingar um greiðslujöfnuðinn 1959. Það er furðuleg tilætlunarsemi. En það, sem hann gerði þessa tölu sérstaklega tortryggilega með, voru staðhæfingar, sem mig alveg rak í rogastanz yfir. Hann vitnaði í skýrslu, sem Landsbankinn hafði gefið út snemma á s. l. ári til þess að leiðrétta rangar tölur um gjaldeyrisstöðuna í dagblaðinu Tímanum, og sagði, að niðurstaða Landsbankans hefði verið sú, að gjaldeyrisstaðan frá september 1958 til september 1959 hefði aðeins versnað um 16 millj. kr. Svo sagði hv. þm.: Að hugsa sér, þetta var sagt fyrir kosningar: Gjaldeyrisstaðan versnaði um aðeins 16 millj. kr., en nú er sagt: Greiðsluhallinn var 350 millj. kr. — Hér er verið að gefa í skyn, að einhver skyldleiki sé með tölum um breytingar á gjaldeyrisstöðu og greiðsluhalla. Ef hv. þm. hefur ekki hreinlega mismælt sig þarna, er hér um svo dæmalausa tilraun til blekkingar að ræða, að ég segi það aftur: mig rak í rogastanz. Greiðsluhalli myndast að sjálfsögðu af tveimur meginstærðum: annars vegar af lántökum erlendis og hins vegar breytingu á gjaldeyrisstöðu. Greiðsluhallinn myndast af þessum tveimur aðalstærðum: annars vegar af lántökum erlendis og hins vegar breytingum á gjaldeyrisstöðu. Mjög er misjafnt, hversu mikill hluti hvor þátturinn um sig er í greiðsluhallanum á hverjum tíma. T. d. á árinu 1955, þegar greiðsluhallinn var talinn 148 millj. kr., var breyting á gjaldeyrisstöðunni 131 millj., en lántökurnar aðeins 16 millj. kr. Það er mjög eðlilegt, þegar svo mikill halli, svo mikil neikvæð breyting hefur orðið á gjaldeyrisstöðunni á einu ári, að það geti ekki haldið áfram á næstu árum, enda var það svo á árinu 1956, að þá var neikvæða breytingin á gjaldeyrisstöðunni ekki nema 75 millj., en erlendu lánin voru þá komin upp í um 90 millj. kr. 1957 breytist þetta enn. Þá var neikvæða breytingin á gjaldeyrisstöðunni enn þá minni, lánstraust bankanna erlendis er að þrjóta. Þá var neikvæða breytingin á gjaldeyrisstöðunni ekki nema 32 millj., en erlendu lántökurnar voru komnar yfir 200 millj. kr. Og 1958, það ár, sem hv. þm. var að vitna í að hluta áðan, var ástandið þannig, að þá batnaði gjaldeyrisstaðan samkv. þeim fylgiskjölum, sem fylgja þessu frv., um 31.2 millj. kr., — hún batnaði samkv. upplýsingum, sem hann hefur fyrir framan sig, um 31.2 millj. kr., en erlendar lántökur náðu hins vegar á því ári 239 millj. kr., svo að greiðsluhallinn í þeirri merkingu, sem lögð hefur verið í það orð, nam 208 millj. kr. Með hliðsjón af því endanlega uppgjöri um árið 1958, sem hér liggur fyrir og prentað er sem fylgiskjal, þar sem gjaldeyrisstaðan batnar um 32 millj., þó að gert sé upp með greiðsluhalla upp á 208 millj. kr., á þm. ekki að koma sérstaklega á óvart, þó að gerð sé áætlun um árið 1959, þar sem gjaldeyrisstaðan hefur líka batnað, en samt um verulegan greiðsluhalla að ræða, af því að um bæði miklar opinberar lántökur hefur verið að ræða og þó alveg sérstaklega um óvenjulega miklar einkalántökur að ræða í sambandi við skipakaup, en skipa-

innflutningur jókst á þessu ári um ca. 60 millj. kr. Þess vegna er engum blöðum um það að fletta, að hér gerði þm. — ég vona óviljandi — tilraun til þess að kasta ryki í augu þeirra, sem á hlustuðu.

Þá gerði hv. þm. hina svonefndu EPU-skuld að umræðuefni og spurði: Hvers vegna festist EPU-lánið? Það ætti þm. bezt að vita sjálfur, því að hann átti verulegan þátt í þeim ráðstöfunum, sem gerðu það að verkum, að það lán festist, en auðvitað gerði hann það eingöngu af því, að það var hægt að festa það. Um þetta atriði ræddi ég við 1. umr. og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það nánar. Þm. veit vel frá sinni fjmrh.-tíð, að samningarnir um EPU-lánið voru frá upphafi þannig, að það gat festst, og fyrst það gat festst, þá átti þm. sinn mikla þátt í því, að það var fest. Samningarnir um yfirdrættina hjá Evrópusjóðnum nú eru hins vegar þannig, að ekki er gert ráð fyrir, að slík lán geti festst. Það meginmunurinn á þessum lánum og EPU-láninu.

Þá lét hv. þm. í ljós mikla undrun yfir því, að ég skyldi hafa sagt, að ekki væri gert ráð fyrir því, að hækkun vaxtanna gengi inn í verðlagið. Hann bætti þó við alveg réttilega, að því aðeins gæti slík staðhæfing staðizt, að vaxtahækkunin ætti að vera til bráðabirgða aðeins, en það er einmitt sannleikurinn um þessa vaxtahækkun, sem hér er verið um að tala. Það er sannleikurinn um hana. Henni er ætlað að standa til bráðabirgða aðeins. Auk þess hefur enn engin ákvörðun verið um það tekin, hversu miklu vaxtahækkunin muni nema. Allir útreikningar um ákveðna byrði á þjóðina eða almenning af því eru því alveg út í bláinn, út í hött, og er bezt að spara sér þá, þangað til ákvörðunin um vaxtahæðina hefur verið tekin.

Þá endurtók hv. þm. fyrri ummæli sín um 1000 millj. kr. álögurnar, á þjóðina, eins og hann sagði áður, en almenning, eins og hann vildi segja núna. Ég ræddi þetta mál í dag og skal ekki eyða tíma hv. d. svona seint á nóttu til þess að ræða þetta ræki lega. Ég skal aðeins svara þessum ummælum hans nú með því að minna hann á, að þegar við sátum saman í ríkisstj. Hermanns Jónassonar, gerði þáverandi stjórnarandstaða nákvæmlega sams konar útreikninga og hann leikur sér nú að. Og hver var niðurstaða þeirra? Niðurstaða þeirra, reiknað upp á nákvæmlega sama hátt, var sú, að stjórn okkar hv. þm. hefði lagt á þjóðina eða almenning 1200 millj. kr. álögur. Ég gerði einu sinni tilraun til þess í útvarpsumræðum að sýna fram á, að þessi útreikningur væri byggður á algerum hugtakaruglingi, og ég man ekki betur en hv. þm. hafi þá verið sæmilega ánægður með málflutning minn. Ég mun aldrei gleyma hneykslun hans, sem við vorum algerlega sammála um, á þessum útreikningum, þeir voru rangir í grundvallaratriðum. Og samt sem áður lætur hv. þm. sér sæma að endurtaka núna alveg nákvæmlega sams konar útreikninga. (**EystJ:** Hvað er rangt við þetta?) Það útskýrði ég í útsvarpsumræðu einu sinni 1958, það útskýrði ég í dag og vil ekki þurfa að taka kortér núna til viðbótar á næturfundi til þess að ræða það frekar. En til þess að undirstrika, að þetta hlýtur að vera rangt, að hver skynsamur maður á að geta séð, að þetta er rangt, nægir að minna á, að ef þetta væri rétt, útreikningar stjórnarandstöðunnar 1958 og útreikningar stjórnarandstöðunnar nú, þá hafa verið lagðar á þjóðina á s. l. fjórum árum byrðar, sem nema 2200 millj. kr. Getur það verið rétt? Er hægt að leggja á eina þjóð, er hægt að leggja á almenning á fjórum árum 2200 millj. kr.? Það jafngildir því að lækka tekjur þjóðarinnar um helming, því að að meðaltali munu tekjurnar á þessu tímabili hafa verið einhvers staðar á milli 4000 og 4500 millj. kr. Að lækka tekjur þjóðarinnar um helming á fjórum árum, er það hægt, er það framkvæmanlegt? (**EystJ:** Kaupið hefur hækkað á móti.) Það skiptir ekki máli, ekki í þessu sambandi, og ég skal minna hv. þm. á það, að sú kauphækkun, sem hann gerði ráð fyrir og við gerðum ráð fyrir í stjórn Hermanns Jónassonar varð 1958, var 5%. Það var kauphækkunin, sem þá var gert ráð fyrir. Vöruverðshækkunin var þá áætluð 11%. Þetta man þm. jafnvel og ég man það. M. ö. o.: á móti 11% áætlaðri verðhækkun átti að koma 5% kauphækkun, helmingurinn af verðhækkuninni átti að bætast. Hinn helmingurinn átti að vera álögur. Það voru raunverulegar álögur eða hefðu orðið, ef allt hefði farið að áætlun okkar tveggja þá. Áætlað var, að visitalan mundi hækka um 19 stig, 9 stig voru bætt með 5% kauphækkuninni, en 10 stig átti að fara fram á við alþýðusamtökin að þau gæfu eftir bótalaust. Þessi 10 stig reyndust meira, því að verðhækkunin var meiri en gert var ráð fyrir. Það kom í ljós, þegar leið fram á sumarið, að dómi Framsfl., að nauðsynleg eftirgjöf væri 15 stig, þ. e. a. s. um 7% af vísitölunni, eins og hún var þá, og það er skjalfest í till. Framsfl. frá stjórnarkreppunni í desember 1958, að flokkurinn taldi eftirgjöf 15 stiga nauðsynlega, — 15 stiga, sem svarar sem sagt til um það bil 7% af vísitölunni, eins og hún var þá. Af þessu má marka það, hvað kauphækkunin, sem hv. þm. talaði um áðan í sínu framíkalli, skiptir miklu máli í þessu sambandi.

Þetta staðfestir aðeins það, sem ég hef haldið fram áður, að sú kjararýrnun, sem þessar ráðstafanir munu hafa í för með sér, sem mér dettur ekki í hug að andmæla að muni eiga sér stað, vegna þess að gera á tilraun til þess að jafna greiðsluhallann við útlönd, er sízt meiri en sú kjararýrnun, sem við hv. þm. vorum sammála um vorið 1958 að væri nauðsynleg. Hún er mjög svipuð, af ósköp eðlilegum ástæðum, því að ástandið er í heild mjög svipað nú og það var þá.

Þá gerðum við hv. þm. sameiginlega tilraun, sem ég taldi þá og tel enn að hafi verið allrar virðingar verð, til þess að leiðrétta greiðsluhallann gagnvart útlöndum með því móti að láta verðlagið hækka um 11%, en bæta það ekki nema um 5% í kaupinu. Sú tilraun var skynsamleg, hún var allrar virðingar verð, en hún var brotin á bak aftur, m. a. af samstarfs-

flokki okkar í ríkisstj., Alþb. Það var ekki okkar sök, að sú tilraun var brotin á bak aftur. En í eðli sínu var hún nákvæmlega sama eðlis og ráðstafanirnar núna. Það er sá munurinn á, að þá var hv. þm. ábyrgur ráðh., sem skildi vandamálið fullkomlega, nú er hann í stjórnarandstöðu. Ég er viss um, að hann skilur vandamálið nú nákvæmlega jafnvel og hann gerði þá. Það er ég alveg sannfærður um. Ég þekki hann nóg til þess, að ég veit það, og honum hefur ekkert farið aftur síðan vorið 1958. Það hefur engin breyting orðið á honum, það hefur aðeins orðið breyting á aðstöðu hans. Frá því að vera ábyrgur ráðherra er hann nú orðinn áróðursmaður í stjórnarandstöðu. Það er eini munurinn. Í því ljósi verður að skoða allt, sem hann segir um þetta mál.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Sitt hvað mundi hv. núverandi stjórnarflokkum hafa þótt athugavert við efnahagsmálafrv. það, er hér liggur fyrir til umræðu, ef Framsfl. eða vinstri stjórnin hefði flutt það fyrir 2 árum. Mér finnst ekki úr vegi að leiða hér örfá vitni úr hópi hv. stuðningsmanna núverandi ríkisstj. og formælenda frv. til þess að bregða ljósi yfir, hverjar afleiðingar muni verða í fjármálum og þjóðlífi okkar, ef svo ógæfusamlega fer, að frv. verður samþ. Ætla ég, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar dragi ekki í efa dómgreind og þjóðhollustu þessara vitna, þannig að á þeim sé fullt mark takandi.

Fyrsta vitnið, sem fær sér sæti í vitnastúkunni, er hæstv. núverandi viðskmrh., en 14. maí 1958 mælti hann svo hér í þessari hv. d., með leyfi hæstv. forseta:

„Í nútímaþjóðfélagi, eins og það er hér á Íslandi, er vald launþegasamtakanna svo mikið, að skynsamlegri stefnu í efnahagsmálum verður varla fylgt, nema hún hafi beinan eða óbeinan stuðning launþegasamtakanna. Launþegasamtökin þurfa annaðhvort að styðja þessa stefnu eða að minnsta kosti eira henni, ef hún á að hafa von til þess að geta borið góðan árangur. Það er varla hægt að stjórna til lengdar í fullkominni andstöðu við launþegasamtök landsins, nema þá að gera það með ofbeldi."

Hvort mundi nú fremur vera, að hæstv. ríkisstjórn telji frv. sitt um efnahagsmálin núna ekki skynsamlega stefnu í efnahagsmálum eða hún hugsi sér að stjórna með ofbeldi, svo að notuð séu eigin orð hæstv. viðskmrh., því að það þarf varla um það að efast, að launþegasamtökin í landinu eru á móti þessari stefnu í efnahagsmálunum, sem nú á að innleiða.

Annað vitnið, sem ég vil nefna, er hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ). Hann mælti hér í þessari hv. deild sama dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er talað um, að fjárfestingin í landinu sé of mikil, og það má vel vera, að svo sé. Hins vegar hlýtur alltaf fjárfesting að vera mikil í landi, sem á svo margt ógert eins og við eigum hér á Íslandi. En það er a. m. k. eitt, sem ekki má koma fyrir, og það er, að óhæfilega verði dregið úr fjárfestingu til þeirra þarfa, sem skila okkur gjaldeyrisverðmætum í þjóðarbúið, þ. e. a. s. til framleiðsluatvinnuveganna." Og enn fremur: „Það, sem mér hrýs hugur við í þessu sambandi er það, að þetta frv. hefur í för með sér svo stórkostlegar nýjar álögur."

Ég held nú, að álögurnar, sem þá voru lagðar á, séu smávægilegar móts við það, sem nú skal koma.

Síðasta vitnið, sem ég ætla að nefna, er hv. 11. þm. Reykv. Hann sagði einnig sama dag hér á hinu hv. Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er það þannig, að um það er í sjálfu sér ekki nema gott eitt að segja, að mikil fjárfesting eigi sér stað í þjóðfélaginu, því að slíkt er einmitt undirstaða áframhaldandi framfara."

Það skyldi þó aldrei vera, að hæstv. núv. ríkisstj. líti svo á, að undanfarið hafi verið svo miklar framfarir, að nú sé nóg komið af þeim, að vinstri stjórnin hafi stuðlað að svo mikilli uppbyggingu og framförum, að við höfum ekki með meira að gera að sinni. Ég býst raunar varla við, að núv. hæstv. ríkisstj. vilji a. m. k. við það kannast, að vinstri stjórnin hafi áorkað svo miklu til heilla fyrir land og lýð. Hitt veit ég, að fjöldi óbreyttra kjósenda núv. stjórnarflokka kunni að meta verk hennar og harmaði, að dagar hennar urðu ekki fleiri. Það munu fáar ríkisstjórnir, sem setið hafa að völdum hér á landi, hafa verið jafnvinsælar meðal almennings af verkum sínum, og það var einmitt þess vegna, sem Sjálfstfl. greip til jafnvafasamra ráðstafana, hvað heiðarleik snertir, til þess að koma henni frá völdum. Sjálfstfl. þorði ekki að eiga það á hættu, að vinsældir vinstri stjórnarinnar héldu áfram að vaxa. Hann sá þá, hvað mundi bíða hans. Því hrópaði hann á kosningadaginn í haust: „Aldrei framar vinstri stjórn." Bara flokksstjórn Sjálfstfl. Burt með allt lýðræði. — Og frv. það, sem nú er hér til umræðu, er markvisst spor á þeirri leið, en fyrsta sporið var afnám kjördæmanna á s. l. ári. Það var undirstaðan, sem Sjálfstfl. ætlaði að byggja sitt einræði á. Í krafti þess valds, sem afnám kjördæmanna veitti honum, á nú að færa efnahagsmál þjóðfélagsins í það form, sem honum hentar. Um það ber þetta efnahagsmálafrv. glöggt vitni.

Það er yfirvarp eitt, að íslenzka þjóðin sé orðin svo illa stödd efnalega, að það þurfi að leggja jafnþungar byrðar á sem þetta frv. boðar. M. a. er það ljóst af hinum misræma málflutningi hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvmrh. við 1. umr. þessa máls fyrir viku. Hæstv. forsrh. átti varla til nógu svartan lit til þess að mála fjandann á vegginn nógu ferlegan í framsöguræðu sinni, enda kannske varla von, rúmum mánuði eftir að það höfðu verið reyttar af honum flugfjaðrirnar. En hæstv. sjútvmrh. var hins vegar að túlka fyrir þingheimi, að það væri nú ekki mikið, sem vantaði, til þess að endarnir næðu saman hjá ríkissjóði og útflutningssjóði. Alþfl. hefði ekki skrökvað miklu s. l. haust, þegar hann sagði, að útflutningssjóður hefði aldrei staðið betur og að ekki liti út fyrir halla hjá ríkissjóði.

Það er einn og aðeins einn meginþráður í þessu frv. Það er að þrengja að þeim, sem

minna mega sín, en skapa hinum, sem sterkari eru fjárhagslega, mikla möguleika til þess að koma ár sinni enn betur fyrir borð. Peningavaldið á að færast á færri manna hendur, þeirra, sem eru hinn ráðandi kjarni Sjálfstfl. Þar er segullinn, sem til sín á að draga. Það á að draga úr framkvæmdum, stöðva uppbyggingu úti um landið, bæði með því að minnka útlán og hækka vexti og með því að valda mjög mikilli verðhækkun uppbyggingar- og rekstrarvara, en það leiðir óhjákvæmilega af sér gífurlegri gengisfellingu, sem ætluð er, og auknum sköttum. Það mun sannast, að verðhækkanir verða verulega meiri en formælendur frv. vilja vera láta. Og á hverjum mun það bitna fyrst og fremst? Það bitnar fyrst og fremst á þeim, sem skemmst eru komnir á veg með að koma fyrir sig sæmilegri afstöðu til afkomu. Það bitnar á þeim, sem eru að eða eiga eftir að eignast þak yfir höfuðið, þeim, sem eru að byggja sér hús eða eiga það eftir. Það bitnar á þeim mörgu verkamönnum þessa lands, sem erfiðasta aðstöðu hafa til að vinna fyrir sínu daglega brauði. Og það bitnar á þeim enn þá allt of mörgu smáu bændum þessa lands, sem enn hafa of lítinn bústofn, lítinn húsa- og vélakost. Það á að taka umbótaþrá þessara manna allra kverkataki.

Hvernig heldur hæstv. ríkisstj., að þeir mörgu bændur, sem enn hafa verulega miklu minni bústofn en vísitölubú, geti byggt yfir sig og búfé sitt eða keypt sér nauðsynlegar vélar, þegar t. d. dráttarvélar munu hækka um allt að 50% frá því, sem nú er? Er Sjálfstfl. nú búinn að gleyma því, hvað hann úthrópaði vinstri stjórnina fyrir að leggja 55% yfirfærslugjaldið á rekstrarvörur landbúnaðarins og sjávarútvegsins 1958? Hann var ekki þá að túlka málið á þann hátt, sem eðlilegra var, að vinstri stjórnin hlífði þessum atvinnuvegum við þessum verðhækkunum, svo lengi sem unnt var. Nú ætlar Sjálfstfl. að valda þessum atvinnuvegum allmiklu meiri verðhækkunum.

Það er sama, hvaðan maður fréttir af landinu, afkoma landbúnaðarins var lakari s. l. ár en næstu árin þar áður. Bændur áttu erfiðara með að slétta reikninga sína um s. l. áramót en verið hefur síðustu árin. Það munu fáir skilja, á hvaða forsendum sú vísitala byggðist, er var óbreytt s. l. ár. Ég ætla, að hún hafi aldrei sýnt rangari mynd en á s. l. ári. Nú spyr ég hæstv. ríkisstjórn: Er hún máske búin að tileinka sér þá kenningu, þann boðskap, sem útvarpað var um gervallt landið 1. maí s. l., að það megi fækka bændum landsins um helming? Efnahagsmálafrv. vekur grun um, að henni sé ósárt um, þótt þeim fækki a. m. k. nokkuð.

Ég sagði áðan, að það væri einn meginþráður í þessu frv., sá að valda enn meiri misskiptingu þjóðarteknanna en nú er og þar með eignaskiptingu þjóðfélagsþegnanna, og skal ég koma svolítið nánar að því. Síðasta atriði kosningastefnuskrár Sjálfstfl. í haust sagði að vísu nokkuð annað. Það hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: Efnahagslegt sjálfstæði þjóðfélagsborgaranna verði tryggt með eignamyndun öllum til handa.“ Það er nú að vísu engin undantekning með þetta atriði kosningastefnuskrár Sjálfstfl., þó að það sé brotið. Þau eru flest þverbrotin með þessu efnahagsmálafrv.

Það er vissulega engin tilviljun, það er staðreynd, þegar litið er yfir landið, að þar sem framfarirnar eru mestar, þar sem lengst er komið uppbyggingunni og efnahagslegu jafnvægi, það er þar, sem samvinnufélögin, kaupfélögin eru öflugust og hafa starfað lengi. Samvinnufélögin hafa verið meginaflgjafi framfaranna og uppbyggingarinnar um hinar dreifðu byggðir þessa lands. Þessi samtök fólksins í landinu hafa verið og eru ein þýðingarmesta undirstaða uppbyggingarinnar. Það er því vafalaust ekki nein tilviljun, heldur liður í hinni markvissu stefnu Sjálfstfl., sem ég áðan nefndi, að samkv. þessu frv. á nú að fara að draga hluta af innlánsdeildum kaupfélaganna hingað til Reykjavíkur. Það mun áreiðanlega ekki verða árangurslaust í þjónustu þess tilgangs að þrengja að fólkinu úti um landið og draga úr uppbyggingunni þar.

Þá mun það ekki heldur missa marks, það ákvæði frv. að leggja í vald núv. hæstv. ríkisstjórnar að ákveða vaxtakjör og lengd lána úr stofnlánasjóðum atvinnuveganna, byggingarsjóðum og raforkusjóði. Hitt undrar mig, að hæstv. núv. ríkisstj. skuli vera svo handviss um, að ráðherrastólarnir verði til langrar framtíðar setnir af sömu flokkum og nú, að rétt sé með einni lítilli lagagrein að breyta grundvallaratriði 6 lánasjóða á þann veg, að hv. Alþingi afsali til ríkisstj. beinu löggjafaratriði. Það er að vísu í samræmi og fullu samræmi við þá stefnu hæstv. ríkisstj., sem ég hef verið að lýsa hér, en þó að mínum dómi eitt djarfasta sporið, sem hún stígur í þessu frv. Ég held, að það ætti að vera öllum ljóst, að þótt ástæða kunni að vera til að breyta almennum vöxtum við og við til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem aðstæður breytast, þá sé það óhæfa, að föst lán til uppbyggingar við sjó og í sveit séu sömu breytingum háð.

Ég hef hér aðeins drepið á örfá atriði, af því að ég hef ekki áhuga fyrir að lengja þessar umræður mikið, enda útlit fyrir, að það sé tilgangslítið. Hæstv. ríkisstjórn hefur gefið sig furðulítið að því að hlusta á stjórnarandstöðuna. Það er líka eini sparnaðurinn, sem sjáanlegur er, að slíta ekki ráðherrastólunum. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að vera allt of viss um sinn málstað. Ég tel, að hún ætti að láta svo lítið, ekki aðeins að hlusta á okkur, heldur líka ætti hún að taka tillit til þess, sem við viljum gera í þessu máli. Það er vissulega alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. sagði 1958, það er varla hægt að stjórna í fullkominni andstöðu við launþegasamtökin í landinu, hvað þá ef margir aðrir snúast gegn þessari fyrirhuguðu stefnu til viðbótar.

Það mál, sem hér liggur fyrir, er svo stórt í sniðum og afdrifaríkt, að ég vil alvarlega vara ríkisstjórnina við að treysta um of á, að „vér einir vitum“, hvað rétt er að gera. Um

þetta mál veitir vissulega ekki af að reyna að skapa samstöðu, leitast við að finna þann grundvöll, sem hægt væri að sameina þjóðina um. Verði þessi leið, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að farin verði, reynd, er of djarft teflt. Stökkið, sem hún ætlar að stökkva með þjóðina í fanginu, er svo hátt, að það er vonlítið, að hún komi slysalaust niður.

Ég vænti, að hæstv. ríkisstjórn noti komandi helgi til þess að endurskoða ákvarðanir sínar í efnahagsmálunum og að þegar hún kemur undan feldinum á mánudagsmorguninn, þá verði hún komin að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að fara að ráðum okkar framsóknarmanna og reyna að ná sem víðtækustu samstarfi til lausnar á þeim vanda, sem við er að fást í efnahagsmálunum. Sú leið ein mun leiða til farsællar lausnar efnahagsmálanna.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að nefna hér atriði úr ræðu hæstv. viðskmrh., þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, þegar hann var að tala um álögurnar, sem hefðu falizt í bjargráðunum. Ég verð nú að segja það eins og er, að ég hef aldrei skilið það, að efnahagsmálaaðgerðir eða aðgerðir í efnahagsmálum væru gerðar án þess að ná einhverju af tekjum, sem ættu að festast, og mér er það fullkomlega ljóst, að það er ekki hægt að leggja álögur á þjóðina, nema þær byrðar lendi á henni misjafnlega miklar, og þær verða ekki bættar upp nema með aukinni framleiðslu. Það er það eina, sem getur gert það að verkum að létta byrðunum aftur af þjóðinni. En út af því dæmi, sem hann nefndi hér, þá er það svo, að þegar þeir sjálfstæðismenn hafa verið að reikna út álögurnar, sem fælust í „bjargráðunum", þá var meginmunur á útreikningi þeirra og hv. 1. þm. Austf., vegna þess að hann tók það skýrt fram í sinni ræðu hér við 1. umr. málsins, að hann tæki út úr dæminu það, sem gengi inn og út á útreikningnum í sambandi við atvinnuvegina. Það hefur hins vegar aldrei verið gert í útreikningum þeirra sjálfstæðismanna, þar hefur dæmið verið gert upp í heild. Og það má hver trúa því, sem trúa vill, að það séu meiri álögur, sem eru fólgnar í því að hækka yfirfærslugjaldið á erlendum gjaldeyri frá 16% í 55%, eins og almenna gjaldið var, heldur en nú frá 55% upp í 132%. Þar við bætist, að nú eru lagðir á nýir skattar, sem var ekki gert 1958. Ef þetta er réttur útreikningur hjá hæstv. ráðh., þá held ég, að það hafi komið einhver skekkja inn í dæmið, sem hann þurfi að endurskoða.

Nei, hér er ekki um neitt sambærilegar álögur á þjóðina að ræða. Þessu til viðbótar má svo geta þess, að 1958 var álögunum mætt með kauphækkun að nokkru, sem ekki á að gera nú. Ég ætla svo tímans vegna ekki að fara lengra út í þessa ræðu hæstv. ráðherra.

Hv. 12. þm. Reykv. talaði hér í fyrsta sinn í kvöld. Eitt af því, sem hv. þm. byrjaði hér á, var skáldskapur. Ég held, að hv. 12. þm. Reykv. ætti að fara til flokksbróður síns, hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm), og læra eitthvað af honum í þeirri fræðigrein, því að auðheyrt var á öllu, að þm. átti þar nokkuð ólært, og hygg ég, að hv. þm., Jón Pálmason, gæti miðlað honum nokkru af þekkingu sinni á skáldskap.

Þá talaði þessi hv. þm. um hroka og sjálfbirgingshátt. Ég held, að hv. þm. hefði átt að láta þetta orð niður falla. Enn fremur talaði hann um það, að hann hefði kynnzt mönnum, sem umgengust sannleikann með frjálslyndi. Það var auðheyrt á ræðu þessa hv. þm., að þetta hafði hann tileinkað sér. Það var mjög mikið frjálslyndi í því, hvernig hann umgekkst sannleikann. Það var ekki verið að hugsa um að fara þar neina troðna eða beina braut.

Sem sýnishorn um ræðu þessa hv. þm., vil ég benda á það, að hann sagði, að stjórnarandstaðan væri þekkt að því að rjúfa orð sín og eiða. Ekki taldi þm. ómaksins vert að finna þessum orðum sínum stað. Nei, það var látið liggja á milli hluta um það, heldur var því bara slegið fram, og það var látið nægja.

Það var nokkuð gott hjá hv. 12. þm. Reykv. að fara að tala um kauphækkunina hjá Iðjufólkinu 1958. Það dæmi var gott sýnishorn af stjórnarandstöðu þeirra sjálfstæðismanna og mjög gott einmitt, að það skyldi vera rifjað upp nú. En hvað hefur skeð síðan þessi kjarabót fór fram, sem hann taldi að hefði verið nauðsynlegt, að þetta fólk fengi? Það hefur gerzt hér á hv. Alþingi, að laun þessa fólks voru lækkuð í fyrravetur um 5.4%. Sjálfstæðismenn stóðu að því, og ég hef ekki orðið var við, að þessi hv. þm. eða þeir sjálfstæðismenn aðrir hafi reynt að rétta hlut Iðjufólksins eftir það. Og nú ætlar þessi hv. þm. að standa að því, að kjör þessa fólks verði miklu meira rýrð með þeim aðgerðum, sem nú á að gera. Nú er ekki ástæða til að bjóða upp á neinar kjarabætur handa þessu fólki. Nú eru lágu launin þess nógu há til þess að mæta dýrtíðinni, sem hv. þm. nú stendur að. En það, sem hefur gerzt, er þetta, að Sjálfstfl. er nú í stjórnaraðstöðu, en ekki stjórnarandstöðu.

Þá talaði þessi hv. þm. um, að það, sem við værum að gera, og það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði lagt hér til, væri að fella niður innflutningsgjald af jeppabifreiðum. Ekki taldi hv. þm. þetta gott. Nú ætla ég að segja þessum hv. þm., því að hann vissi nefnilega ekki, hvað hann var að fara, að þetta gjald er ekki á jeppabifreiðunum. Þetta 135% gjald, sem er í þessu frv., er ekki á þeim. Og ég er alveg viss um það, að hæstv. landbrh. mun halda því fram, að það eigi ekki að leggja þetta gjald á þær, og ég verð að segja það, að ég hef búizt við því, að hæstv. ráðh. mundi hugsa þannig, að þetta gjald yrði ekki á jeppabifreiðar lagt. En við töldum það tryggara, framsóknarmenn, að flytja um það till. hér á hv. Alþ., af því að við reiknuðum með, að sá hugsunarháttur væri til hjá þeim sjálfstæðismönnum, að það gjald skyldi einnig lagt á jeppabifreiðar, þó að við byggjumst ekki við því þá, að frá því yrði sagt hér á hv. Alþingi nú, að sá vilji væri til staðar, eins og þessi hv. þm. gerði. En það var mjög gott, að það skyldi koma fram, þó að það kæmi

fram í þeirri mynd, að hann vissi alls ekki, hvað hann var að fara, þessi hv. þm., þegar þetta skauzt upp úr honum.

Það voru fleiri upplýsingar, sem þessi hv. þm. gaf, og það var m. a. það, að nú væri verið að undirbúa kjarasamninga við farmenn og togarasjómenn. Það er gott, að það skuli vera upplýst hér á hv. Alþingi, að þeir skuli þegar vera að hefjast, kjarasamningar til handa fólkinu í landinu, vegna þeirra aðgerða, sem nú á að fara að samþykkja, og gætu þá fleiri á eftir farið.

Þá kom þessi hv. þm. að því að skýra frá því, sem gerðist á síðasta Alþýðusambandsþingi. Þar var hann fulltrúi, og hann skýrði frá því, að honum hafi verið ljóst eftir ræðu ráðuneytisstjórans núv. í efnahagsmrn., Jónasar Haralz, að afkoma þjóðarinnar væri með þeim hætti, að það stefndi í voða, sem sagt um sjálfstæði og fjárhagslega afkomu hennar, hún væri á brúninni og ekkert nema fara fram af, ef ekki væri að gert. En samt var það nú svo, að þegar þessum hv. þm. varð það ljóst, að þjóð hans átti svo mikið í veði, var í svo mikilli hættu, þá vildi hann ekki leggja það á sig að bíða í einn mánaðartíma eftir því að taka verðlagsuppbótina á kaupið sitt. Það var ekki meiri þjóðhollusta af hans hendi þá, þó að hún eigi að vera til staðar nú. Þetta er kannske gott sýnishorn um hugsunarhátt hv. 12. þm. Reykv.

Þá talaði þessi hv. þm. um vextina. Þeir áttu ekki að koma illa við fólkið í landinu. Veit ekki þessi hv. þm., hverjir það verða, sem fyrst verða fyrir barðinu á vaxtahækkuninni? Það verða ekki þeir, sem hafa breiðu bökin. Það verður almenningur í landinu. Það er fólkið, sem er á sama aldursskeiði og þessi hv. þm., sem hefur verið að brjótast í því að koma þaki yfir höfuð sér. Það er þetta fólk, sem vaxtahækkunin í landinu kemur fyrst og fremst við. Og það var þetta fólk, sem hv. þm. átti víst við, þegar hann talaði um afætulýð. Þannig er talað um það fólk, sem hefur lagt nótt við dag til þess að byggja yfir sig og sína. Þannig er komið fram við það fólk, sem hefur ekki verið gert neitt í til þess að koma málum þess áfram í sambandi við húsnæðismálin nú s. l. ár, að bæta fyrir það um lánsútveganir. Við höfum gert tilraun til þess, framsóknarmenn, aftur og aftur, að það yrði komið til móts við þetta fólk og það yrði gert eitthvert átak í þessum málum. Sjálfstæðismenn höfðu ekki áhuga í málinu, nema meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Og svo kemur þessi hv. þm. og talar um afætulýð, þegar verið er að tala um húsbyggjendur. Ég held, að þessi hv. þm. ætti að fara sér hægar, þegar hann fer næst af stað.

Í sambandi við það, sem fram kom hér í ræðum þm. og ráðh., eftir að ég talaði hér á laugardaginn, þarf ég að taka nokkur atriði fram. Hæstv. sjútvmrh. er nú fjarverandi. Það er nú svo með okkar ágætu hæstv. ríkisstjórn, þó að hún talaði um það í haust, að hún hefði ekki vinnufrið, meðan þing sæti, vegna þess að hún yrði að vera hér á þingfundum, þá eru hæstv. ráðh. ekki alltaf að tefja sig á því, t. d. voru ráðherrastólarnir allir auðir í gær, þegar frsm. 1. minni hl. flutti sína framsöguræðu. Þessi hæstv. ráðh. gerði nokkra aths. í sambandi við ræðu mína hér á laugardaginn. Það, sem ég tók fram í þeirri ræðu, og því hefur ekki verið mótmælt, var, að það er ekki aðgerða þörf í efnahagsmálum nú vegna vinstri stjórnarinnar. Ég hélt því líka fram þá, að þeir Alþýðuflokksmenn hefðu haldið því fram, að þeir hefðu stöðvað dýrtíðina, og ég leiddi þá fram vitni, sem var ekki ómerkara en hæstv. viðskmrh. Ég hélt því fram í þessum umræðum, að fólkið í landinu hefði litið svo á, að þeim hefði tekizt þetta verk, að stöðva dýrtíðina í landinu, og þess vegna væri ekki annað að gera en halda áfram á þeirri braut. Ég vil til viðbótar því, sem ég þá nefndi, minna á það, að Alþýðubl. átti samtal við hv. 10. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, um ástandið í þessum málum, 16. okt. s. l., og þá sagði hv. þm.: „Við krefjumst óbreytts ástands.“ Það var þeirra lóð á vogarskálarnar. Og ég held því fram hiklaust, að þeir hafa túlkað svo sín mál, Alþýðuflokksmenn, að þeim hafi tekizt að stöðva dýrtíðina, og fólkið hafi trúað því.

Þessu til viðbótar vil ég taka hér eitt vitni enn þá og það er tekið upp úr Alþýðublaðinu 8. okt. s. l., og þetta vitni er Jóhanna Egilsdóttir. Blaðið átti samtal við frú Jóhönnu Egilsdóttur, og fórust henni þá m. a. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hróflað verður við vöruverðinu til hækkunar, hvort sem það er gert með beinum verðhækkunum eða svokölluðum niðurgreiðslum, þá förum við af stað. Það er líka augljóst mál, að þá fara allar stéttir af stað, þá verða vinnudeilur, þá verða verkföll, þá verða kauphækkanir. Það getur enginn efazt um það, hver yrði afleiðingin. Engin önnur en sú, að vízlhækkanirnar hæfust á ný. Þessari fjögurra ráðherra stjórn Alþýðuflokksins hefur tekizt að stöðva dýrtíðina. Ef Alþingi hækkar allt, þá er bezt, að aðrir flokkar beri ábyrgð á því en Alþýðuflokkurinn.“

Ég tek það enn fram, að þetta var skoðun fólksins, sem kaus Alþfl. í haust, og það er þýðingarlaust fyrir þá Alþýðuflokksmenn nú að halda því fram, að þetta hafi ekki verið þeirra málflutningur þá.

Þá vil ég drepa ofur lítið á það, sem þessi hæstv. ráðh. talaði um stöðu ríkissjóðs og stöðu útflutningssjóðs. Í sambandi við stöðu ríkissjóðs vil ég minna á það, að hér á hv. Alþingi í fyrravetur fluttum við framsóknarmenn tillögu um það, að 25 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs yrði ráðstafað til uppbyggingar í landinu, til húsnæðismálastofnunar, veðdeildar Búnaðarbankans og byggingarsjóðs Búnaðarbankans.

Þegar fjárlög voru afgreidd hér í apríl s. l., kom till. frá fjmrh. um það að taka inn á þau 25 millj. kr. nákvæmlega, sem væri greiðsluafgangur ríkissjóðs 1958 umfram greiðsluhallann 1957. Það var nákvæmlega sú upphæð, sem við gerðum till. um að ráðstafað yrði. Meira væri ekki til skipta. Ef þetta væri samþykkt, væri till. þýðingarlaus.

En hvað gerist nú? Það var sagt frá því núna,

að þessi greiðsluafgangur hafi orðið 48 millj. umfram greiðsluhallann 1957. Ég verð því að segja það, að yfirlit, sem var gefið hér um afkomu ríkissjóðs s. l. ár, tek ég með nokkrum fyrirvara, eftir að standa frammi fyrir því, að fjvn. Alþingis voru gefnar þessar upplýsingar og hv. Alþingi, eftir að nærri 4 mánuðir voru liðnir af árinu 1959, enda hefur það nú vakið athygli mína, að sá kafli úr ræðu hæstv. fjmrh., sem fjallaði um greiðsluafkomuna 1959, hefur ekki sézt á prenti enn þá, það kemur síðar. En ég bíð, þangað til ég fæ frekari grg. um niðurstöðu ársins. Það hefði sýnt sig, að greiðsluhalli hefði orðið, ef þetta hefði ekki farið fram úr áætlun.

Þá er það um útflutningssjóð, sem ýmsar upplýsingar koma fram. Hæstv. ráðh. upplýsti það hér á fundi fyrra laugardag, að hallinn væri 30 millj., þegar sjóðsyfirlitið hefði verið gert upp. Svo hefði verið tekið tillit til þess, sem væri ekki komið til greiðslna, en vitað væri um, inn og út. Og þá kom það út, sem sagt er frá í grg. þessa frv. En svo bætti hæstv. ráðh. þessu við, að greiðslur, sem inntar voru af hendi árið 1959, voru tilheyrandi árunum 1958 og 1957 upp á 347 millj. kr. Og þá get ég ekki betur séð, þegar á þetta er litið, en að þá sé 270 millj. kr. hallinn orðinn öfugu megin, það hefði orðið greiðsluafgangur hjá útflutningssjóði á þessu ári, ef hann hefði tekið við hreinu borði árið áður. Þess vegna verður það nú afskaplega skrýtin rökfræði, að það þurfi að gera allar þær ráðstafanir, sem nú á að gera, vegna erfiðleika útflutningssjóðs. Ofan á þetta bætist svo, og ráðh. tók það fram, að birgðirnar í landinu hafa stórkostlega aukizt og ameríska lánið var óyfirfært að mestu á s. l. áramótum.

Þessar upplýsingar gaf hæstv. ráðh. hér s. l. laugardag, og nú er ég ekkert að rengja það, að ráðherrann fer með rétt mál. En þá segi ég bara: Hvers vegna er þá verið að þessu öllu saman, ef staða útflutningssjóðs var svo góð, að það hefði orðið greiðsluafgangur hjá útflutningssjóði, *ef ekki hefðu komið* til eldri skuldbindingar? En í framhaldi af þessu vil ég vitna hér í eina skýrslu, sem líka er samin af hagfræðingum og a. m. k. á ábyrgð hæstv. fyrrv. ríkisstj., og það er grg., sem hæstv. ríkisstj. lét fylgja frv. um útflutningssjóð á þinginu 1959. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytzt úr 34 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958."

Svona var þingheimi tilkynnt að staða útflutningssjóðs hefði breytzt á árinu 1958. Og svo kemur hæstv. ráðh. nú og segir: Við eigum að taka við hala upp á 347 millj. kr. — Og það er meira sagt í þessari grg. Þar er því haldið fram, að sjóðurinn mundi verða hallalaus með því kerfi, sem hann átti að búa við, ef ekki hefðu orðið hækkanir umfram það, sem þeir gerðu ráð fyrir.

Ég verð því að segja það, þegar maður hefur þessar og aðrar upplýsingar, að meira að segja í sömu grg. eru tölur, sem munar 90 millj. á, þá er ekki gott að henda reiður á því, og það er eitthvað óhreint á hreinu borðunum. Ég held því enn fram, að ef þeirra aðgerða er þörf, sem nú er stefnt að, er það af því, að það hefur farið úr böndunum, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. ætlaði sér að gera. Það eru engin rök fyrir því önnur en þau, nema þá sé verið að leggja álögur á þjóðina að óþörfu.

Í sambandi við það, sem fram kom hér í ræðu hv. þm. á laugardaginn, vakti það athygli mína, að hér kom fram hv. þm. og mælti því bót, að það ætti með einni lítilli lagagrein að afnema vald lánastofnana, eins og ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs og slíkra stofnana. Og hver haldið þið, að þessi hv. þm. hafi verið? Það var hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm), maður, sem tilkynnti það, að hann sæti í bankaráði Búnaðarbankans. Hann sagði hv. þingheimi frá því, að hann væri í bankaráði Búnaðarbankans, og hann vildi leggja það til, að ríkisstj. væri gefið það vald að ákveða vaxtakjör og lánstíma þessara sjóða.

Hv. þm. gat haft sína skoðun á því, hvort það ætti að hækka vexti sjóðanna eða ekki. En það átti að gera eftir eðlilegum leiðum, það átti að breyta lögunum um stofnanirnar, en ekki með þessum hætti, sem hér er stefnt. Hv. Alþingi hefur ákveðið um lánakjör þessara stofnana með lagasetningu, en það hefur ekki verið falið neinni ríkisstjórn. Það er furðulegt, að hv. þm. skyldi leyfa sér að halda því fram, að þetta væri hugsanleg leið, sem þarna er farið fram á.

Þá er það nokkuð skemmtilegt atriði, þegar þeir sjálfstæðismenn nú eru að tala um yfirfærslugjaldið, og þá er mikið talað um, að við framsóknarmenn höfum staðið að því og það sé gengislækkun. En þeir gleyma alveg að segja frá því, að þeir sjálfir voru á móti málinu, og það, sem þeir hafa deilt á þessa löggjöf, var fyrst og fremst yfirfærslugjaldið. Það er því ekki undarlegt, þó að þeir tali digurbarkalega um það nú.

Það er talað um það, að nú eigi að verða meira frjálsræði í landinu en áður hefur verið. Já, það verður vafalaust afar mikið frjálsræði, t. d. fyrir peningastofnanir eins og sparisjóði, þegar nú á að fara að fyrirskipa þeim héðan úr Reykjavík, hvað þeir megi lána. Það á að fara að fyrirskipa þeim, hvað lánsfjáraukningin megi vera mikil, það á að fara að segja þeim fyrir um vaxtakjör og annað því um líkt, og það á að fara að kalla til Reykjavíkur hluta af sparifjármynduninni, sem á sér stað þar.

Ég tók það fram í minni fyrri ræðu, að þessi ráðstöfun gæti orðið þess valdandi ásamt öðru, sem hæstv. ríkisstj. er að beita sér fyrir, að heil byggðarlög væru í hættu, og ég hef fengið upplýsingar um það úr mínu héraði, að vaxtamismunurinn, sem myndast við þá vaxtabreytingu, sem er nú fyrirhuguð, þó að það liggi ekki fyrir nú, hvað vextir skuli vera háir, en miðað við líkur missir sparisjóður Mýrasýslu þar allar sínar tekjur umfram rekstrarkostnaðinn og meira en það.

Yfirleitt er það svo hjá sparisjóðunum, að þar er um föst lán að ræða, en lítil víxilviðskipti. Og eftir því sem þessi viðskipti eru meiri

hluti af viðskiptum sparisjóðanna, er hættan meiri. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa horft á þessa hlið málsins.

Þá þætti mér gaman að fá upplýsingar um það, hvort vísitöluútreikningurinn, sem nú á að vera, er til þess gerður að geta innheimt vaxtahækkun hjá því fólki, sem hefur fengið lán úr húsnæðismálasjóði, vegna þess að þar er það ákvæði til staðar, að vísitala skuli reiknuð á lán, ef hæstv. ríkisstj. vildi gera svo vel að upplýsa mig um þetta.

Þá vildi ég enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hér í fyrravor var samþ. það ákvæði í sambandi við afgreiðslu útflutningssjóðslaganna, að það skyldi verða úthlutað 100 leyfum til atvinnubílstjóra hér á landi. Eftir því sem ég bezt veit, voru þessar leyfisveitingar ekki nema 50 talsins. Þær fóru fram seint á þessu sumri, og mér er kunnugt um það, að nokkur eða verulegur hluti af þessum bílum er ókominn til landsins enn. Stafar það m. a. af því, að stálverkfallið í Ameríku tafði afgreiðsluna. Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Eiga nú þessir innflytjendur að fá sína bíla á því verði, sem fyrir lá, þegar pöntunin og afgreiðslan var gerð, eða á verðbreytingin að koma á? Ég óska eftir því, að þessu verði svarað.

Þá vil ég vekja athygli á því, að það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi láta sér detta í hug að leggja stórkostlegan nýjan skatt á benzínið ofan á þann skatt, sem það tók úr útflutningssjóði, án þess að ætla að láta hann ganga til samgöngubóta í landinu. Það gerir hæstv. ríkisstjórn ekki, og meira að segja ætlar hún svo þar á ofan að láta standa óbreytt fjárframlög á fjárlögum til samgöngumála. Ég vona nú, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér og stjórnarliðar og samþykki þess vegna till. okkar framsóknarmanna um þetta efni.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Það er boðað hér, að það eigi að taka upp niðurgreiðslu á sykri, kaffi og kornvöru. Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér framkvæmdina í þessu máli? Á að taka upp skömmtun á sykri og kaffi? Ef ekki verður tekin hér upp skömmtun á þessum vörum, á þá að greiða niður sykrið til sælgætisgerðanna? Mér er sagt, að kaffi geti verið mjög góð gjaldeyrisvara, og væri þess vegna hægt að flytja það úr landi, ef þessi síður væri upp tekinn, og mig langar til að fá upplýsingar um það: Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að framkvæma þetta atriði og sömuleiðis með kornvöruna?

Þá spurði ég um það hér í umræðunum fyrir viku, hvort það ætti að halda áfram niðurgreiðslu á áburði, eins og gert var s. l. sumar. Mig vantar upplýsingar um þetta og vildi gjarnan fá þær.

Það var mjög táknrænt og eðlilegt, sem hv. frsm. meiri hl., hv. 6. landsk. (BK), sagði hér í gær. Hann sagði: Þegar gerður er samanburður á lífskjörunum fyrir og eftir þessar breytingar, þá á ekki að bera það saman við það, sem er, vegna þess að ástandið, þau lífskjör, sem við búum við í dag, eru fengin að láni. Það á að bera saman það, sem hefði orðið, ef þetta hefði ekki skeð. Og það, sem hefði orðið, sagði þessi hv. þm., var óðaverðbólga, greiðsluhalli, atvinnuleysi og alger gjaldeyrisskortur. — Þetta var það, sem þessi hv. þm. taldi að þyrfti að bera saman, til þess að aðgerðirnar, sem nú ætti að fara að gera, væru sambærilegar. En það skyldi nú ekki vera þetta, sem stefnt væri að með aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. ráðh. úr ríkisstj. og hennar lið hafa sett fram mikla útreikninga um, hvað kjaraskerðingin í landinu mundi verða mikil í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir, og það hefur ekki verið há tala, sem þeir hafa fundið út, þegar þeir voru búnir að gera dæmið upp. Í sambandi við þá útreikninga dettur mér í hug, að einn af stuðningsmönnum stjórnarliðsins var staddur á flokksfundi fyrir nokkru og var að skýra þessi mál þar. Á fundinum kvaddi sér hljóðs einn af forustumönnum flokksins á staðnum, og hans lokaorð voru þetta: Við þurfum ekki útreikning frá hagfræðingum ykkar um kjaraskerðinguna. Buddan okkar segir til um hana, og hún mun verða ólygnust. — Og það mun verða reynsla þjóðarinnar, að buddan segir til um þá kjaraskerðingu, og hún mun reynast allt önnur en hæstv. stjórnarliðar vilja vera láta.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal reyna að taka ekki mikið af svefntíma hv. þm., þó að ég hafi ekki áður tekið til máls. Það mikla mál, sem er hér til umræðu nú, hefur verið rakið svo lið fyrir lið, að ég sé ekki ástæðu til að gera það, en vil aðeins halda mér við þá þætti þess, sem snerta beint verkafólkið og aðra launþega í þessu landi.

Áður en ég vík að þessu, vildi ég aðeins svara með örfáum orðum ræðu, sem hv. 12. þm. Reykv. hélt hér í kvöld. Ég ætla ekki að fara langt inn á þá ósmekklegu og hrokafullu ræðu. Hann vildi telja, að ræða Jónasar Haralz á síðasta þingi Alþýðusambandsins hefði verið eins konar stefnuræða fyrir okkur Alþýðubandalagsmenn.

Þetta er auðvitað víðsfjarri. Ræða Jónasar Haralz átti þvert á móti að vera rök fyrir því, að verkafólkið féllist á kauplækkun. Á móti þessu börðumst við Alþýðubandalagsmenn á Alþýðusambandsþinginu og ekkert síður forseti sambandsins en aðrir.

Þessi hv. þm., sem þá var fulltrúi á þessu sambandsþingi, tók einnig þessa afstöðu og hafði þá eins og aðrir sjálfstæðismenn að undanförnu verið harðvítugur kaupkröfumaður og var það einnig á þessu sambandsþingi. Það vissu allir, að Sjálfstfl. var þá mikill kaupkröfuflokkur og sjálfstæðismennirnir í verkalýðsfélögunum ekki síður. Þetta hefur nú snúizt við hjá þessum hv. þm. í það, að hann er nú orðinn boðberi kauplækkunar og kjaraskerðingar, líka fyrir þá, sem hann helzt telur sig bera fyrir brjósti, sjómannastétt þessa lands.

Sú kjaraskerðing, sem felst í þessu frv., er tvíþætt. Það er í fyrsta lagi hin beina launalækkun, og í öðru lagi skerðing, sem leiðir af

þeirri samdráttarstefnu, sem allt frv. mótast af og hlýtur að hafa í för með sér, ef framkvæmt verður, minnkandi atvinnu og atvinnuleysi.

Fyrir ári voru nýgerðir samningar verkalýðsfélaga ógiltir með lagaboði hér frá hinu háa Alþingi. Með því var skertur löghelgaður réttur verkalýðsfélaganna til frjálsra samninga við atvinnurekendur. Þetta var þá gert með því að fella niður þau ákvæði úr samningum verkalýðsfélaganna, að greiða skyldi fulla vísitölu á kaup, og 10 vísitölustig voru felld niður bótalaust.

Nú er höggvið aftur í sama knérunn, en í enn stórfelldari mæli. Og okkur er sagt, að þetta frv. eigi að miða að því að auka frelsi, — ekki frelsi þeirra mörgu, sem réttur er á brotinn með þessu sama frv., — það er ef til vill frelsi fyrir hina fáu stóru á kostnað hinna mörgu og smáu.

Með gengislækkuninni er leitt nýtt dýrtíðarflóð yfir landið. Allar vörur hljóta að stórhækka í verði, en samkv. ákvæðum 23. gr. frv. á jafnframt að afnema allar vísitölugreiðslur á kaup. Það þýðir, að verkafólkið á að hafa sömu laun í krónutölu og allur þungi verðhækkananna að koma óbættur á herðar þess.

Það hefur margt verið rætt um vísitöluna, og margt mætti um hana segja. Og það er síður en svo, að ég hafi ekki þar ýmislegt að að finna. Engu að síður er það rétt, sem sagt hefur verið hér í þessum þingsal, að vísitalan hefur verið eini réttur hins fátæka manns á undanförnum árum.

Þegar menn tala um vísitöluna, er mönnum ákaflega gjarnt að snúa við orsökum og afleiðingum, að kauphækkanirnar vegna vísitölunnar hafi verið orsökin. Þetta er rangt. Það eru verðhækkanirnar á vörunum, sem eru orsökin. Við höfum ávallt orðið að bíða, mismunandi langan tíma, hin síðari ár þrjá mánuði, eftir að verðbreytingarnar hafa orðið, og þá hefur kaupið verið látið hækka í samræmi við þær verðhækkanir, sem þegar eru komnar.

En þó að vísitalan sé numin úr gildi á kaupið, þá er hún í raun og veru ekki numin úr gildi að öllu leyti. Þetta frv. gerir t. d. ráð fyrir því, að öll atvinnufyrirtæki eigi að fá greiddan hækkaðan rekstrarkostnað og ekki aðeins núna, heldur að sjálfsögðu framvegis. Áfram eiga að vera vísitöluverðbréfin, sem menn hafa orðið að taka til sinna húsbygginga, þó að menn fái ekki vísitöluna á kaupið, áfram á að taka vísitölu á þau verðbréf. En þau fyrirtæki í landinu, sem eiga ekki að fá upp borinn aukinn rekstrarkostnað, skulum við segja, það eru alþýðuheimilin. Á þau eiga verðhækkanirnar að koma óbættar með öllum sínum þunga.

Hafa hv. alþm. gert sér ljóst, að það er verið að fremja illvirki með því að skerða kjör fólks, sem hefur frá 3 til 5 þús. kr. á mánuði? Í þessum bæ og í þessu landi er margt fólk, bæði einstaklingar og fjölskyldur, sem verða að láta sér nægja þetta kaup til framfæris. Það eru engin rök til fyrir því að skerða kjör eða laun þessa fólks, og það trúir því enginn í raun og veru, að verkafólkið hafi tekið til sín of stóra sneið, eins og hv. 6. landsk. sagði hér í gær. Staðreyndirnar eru þvert á móti þær, að þjóðarframleiðslan hefur vaxið á undanförnum árum, en kaupmáttur launanna hefur lækkað, og það er staðreynd, að hlutur launþeganna í þjóðartekjunum hefur minnkað. Og þetta frv. miðar að því að gera eigna- og tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu mun ranglátari en verið hefur. Hinir ríku eiga að verða ríkari, hinir fátæku fátækari. Að vísu fylgja sárabætur með. Ég skal ekki orðlengja um þær. Það er ekki hár tekjuskatturinn á láglaunafólki, sem betur fer, og alþýðutryggingarnar hefðu fyrir löngu þurft að lagfærast, og loksins þegar lagfæringin kemur, þá verður hún að mestu leyti tekin aftur um leið.

Hæstv. forsrh. sagði hér í framsöguræðu sinni, að með fjölskyldubótunum hefði ríkisstj. gengið eins langt og hægt væri til að jafna tekjuskiptinguna almenningi í hag. Þetta er sagt, þó að yfirlýst sé um leið, að nú eigi að leggja á mun hærri nýja tolla en nemur þessum 152 millj. kr., sem fara eiga í almannatryggingar, og þetta er gert ofan á allt annað, sem almenningur nú er látinn taka á sig.

En kaupið er ekki bundið, segja menn. Ja, það heitir svo.

Forsrh. sagði hér einnig í frumræðu sinni, að ríkisstjórnin mundi ekki hafa önnur afskipti af samningum atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna en þau að ráðleggja og leiðbeina. Hverjar mundu nú þessar ráðleggingar og leiðbeiningar verða? Í grg. frv. og í öllum ræðum hæstv. ráðherra hefur það berlega komið fram, að kauphækkun má ekki eiga sér stað, eins og sakir standa. Og hvenær halda menn, að kauphækkun mætti eiga sér stað, að áliti þessarar ríkisstjórnar ótilneyddrar? Ef einhverjum atvinnurekanda skyldi nú verða það á að viðurkenna, að hann gæti vel borgað hærra kaup til síns verkafólks, og vildi bæta því upp þær verðhækkanir, sem orðið hafa, þá er honum bannað það með lögum. Viðurlögin eru allt að 500 þús. kr. sekt. Og hve langt er á milli lögbanns við greiðslu dýrtíðaruppbótar á kaup og banns við hækkun grunnkaups? Þó að það yrði gert, mundi sjálfsagt verða sagt eftir sem áður: Samningsfrelsið er óskert. Mínir elskanlegu, þið megið semja, þið megið gera nýja samninga, en þið megið bara ekki semja um hærra kaup. — Og ætli það fari ekki einnig að styttast í, að ný þrælalög um athafnafrelsi verkalýðshreyfingarinnar verði sett? Við vitum ósköp vel í verkalýðshreyfingunni, hver er hugur atvinnurekendasamtakanna og forustumanna Sjálfstfl. til breytinga á vinnulöggjöfinni með það fyrir augum að þrengja samningsrétt og samningsfrelsi og athafnafrelsi verkalýðsfélaganna.

Hinn þáttur kjaraskerðingarinnar, sem leiðir af samdráttarstefnunni, kemur auðvitað fyrst og fremst fram í því, að atvinnan minnkar. Menn hafa, við skulum segja á s. l. ári og á undanförnum árum, vegna mikillar atvinnu getað bætt sér upp kauplækkun með lengri vinnu, með auknum þrældómi og með því að allir fjölskyldumeðlimir, sem vinnufærir hafa verið, hafa getað unnið. Ef stefna þessa frv.

verður framkvæmd, þá þrengist um þessa möguleika, og það er óhjákvæmilegt, að atvinnan minnkar, enda einn liður, bókstaflega einn liður í allri þessari áætlun.

Kjaraskerðingin verður því margföld, í fyrsta lagi vegna kauplækkunarinnar, og síðan, og það sem er jafnvel miklu alvarlegra, vegna minnkandi atvinnu eða atvinnuleysis.

Formælendur þessa frv. keppast nú um það að neita því, að til atvinnuleysis geti komið. Þetta var okkur einnig sagt 1950. Gengislækkunin 1950 átti að verða til þess að tryggja atvinnuöryggið. En hver var reynslan? Hún sýndi allt annað. Veturinn 1951—52 voru um 2000 manns atvinnulausir í Reykjavík samkv. skráningu verkalýðsfélaganna. Hv. 12. þm. Reykv. sagði, að þetta hefði verið vegna aflabrests og óáranar. Já, óáran var. En það var af völdum stjórnarvaldanna, og það var ekki fyrst og fremst aflatregða, sem þarna hafði mest áhrif. Hvar kom atvinnuleysið fyrst og fremst fram? Sérstaklega í byggingariðnaðinum, alls konar verkstæðum í bænum og í iðnaðinum alveg sérstaklega. Og svo segir þessi hv. þm., að m. a. sé hann með frv. af umhyggju fyrir iðnverkafólkinu. Er honum ekki ljóst, að einmitt þessi hópur manna verður einna þyngst fyrir barðinu á afleiðingum þessa frv., fyrst og fremst vegna þess, að það eru tiltölulega langflestir í þeirri starfsgrein, sem verða að bera kauplækkunina algerlega óbætta, og að atvinnuleysið herjar þarna fyrst?

Það voru þá til menn, sem vildu ekki játa staðreyndir. Hæstv. þáv. viðskmrh., Björn Ólafsson, lýsti því yfir hér á Alþingi, að það væri ekkert atvinnuleysi í Reykjavík. Ég var í hópi þeirra hafnarverkamanna, sem þá um veturinn, gráan vetrarmorgun, gengu upp í Arnarhvol til þess að sanna þessum þáv. ráðherra, að atvinnuleysið væri til, og því var ekki eftir það neitað.

Við skulum vona, að það hendi ekki, að til atvinnuleysis komi. En ef hin mikla ógæfa, atvinnuleysið, á eftir að koma yfir verkafólk þessa lands, þá veit hvert mannsbarn, að það hefur vísvitandi verið leitt yfir þjóðina, og það verður þung ábyrgð á herðum þeirra manna, sem þar eiga sökina.

Það er mikið spurt nú hér í þingsölunum: Hvað gerir verkalýðshreyfingin? Ég ætla ekki hér á þessu stigi málsins að gefa neinar yfirlýsingar þar um. En við skulum líta á söguna. Og þeir menn, sem staðið hafa að samningu þessa frv. og mótun þeirrar stefnu, sem þar kemur fram, sem það hafa gert án þess að hafa í huga, hvernig verkalýðurinn, hvernig verkalýðshreyfing þessa lands hefur brugðizt við, þegar svipuð mál hafa verið á ferðinni, þeir hefðu sannarlega átt að byrja á því að lesa þann kafla sögunnar.

Verkalýðshreyfingunni hefur tekizt á liðnum árum að tryggja að mestu hlut félaga sinna þrátt fyrir ítrekaðar árásir á lífskjörin. Henni hefur tekizt að velta því af sér aftur. Er ástæða til að ætla, að henni takist þetta ekki nú?

Hækkun verðlags án uppbóta á laun, þ. e. a. s. nýtt dýrtíðarflóð, mun verkafólkið ekki þola. Ég vil í þessu sambandi vitna í forustumenn í verkalýðshreyfingunni, sem hv. þm. stjórnarflokkanna ættu ekki að hafa ástæðu til þess að rengja.

Í sumar sem leið, síðsumars, hélt verkalýðshreyfingin ráðstefnu til þess að hugleiða sín samningamál. Svo til öll verkalýðsfélög gátu sagt upp samningum sínum á haustmánuðum. Þessi ráðstefna, sem var mjög fjölsótt hvaðanæva af landinu, gerði einróma þá samþykkt, að samningum skyldi sagt upp, til þess að vera við öllu búnir, vegna þess að mönnum fannst og allir voru sammála um, að þegar ríkisstj. og Alþingi færu að fjalla um efnahagsmálin, þá væri betra, öruggara fyrir verkalýðshreyfinguna að vera ekki með bundna samninga. Allir voru sammála um þetta. Menn bjuggust við því, að þegar efnahagsmálin kæmu á dagskrá, þá mundi verða stefnt að ráðstöfunum, sem hefðu verðhækkanir í för með sér, verðhækkanir, sem hefðu áhrif á afkomu allra launþega í landinu. Nokkru fyrir kosningarnar síðustu hafði Alþýðublaðið af þessu tilefni viðtöl við nokkra forustumenn verkalýðshreyfingarinnar. Mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, aðeins að vitna örstutt í þessi viðtöl.

Það er viðtal við varaforseta Alþýðusambandsins, hv. 10. þm. Reykv., sem því miður getur ekki komið því við að vera viðstaddur hér á Alþingi við umr. þessa máls sökum veikinda. En ég hef ekki ástæðu til að halda, að hugur hans til verðlags- og kaupgjaldsmála hafi breytzt frá því, sem hann sagði um þessi mál, bæði á ráðstefnum verkalýðsfélaganna og einnig í þessu viðtali, og er þar mjög greinilega tekið til orða. Það er verið að ræða um verðlagsmálin, um hættuna á því, að vöruverð hækki, og viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar, og hann svarar því til, að það sé engin lausn til önnur en sú, að stöðvunin haldi áfram, þ. e. að vöruverð haldist óbreytt, að svo miklu leyti sem við getum sjálf ráðið við, og að laun fari eftir verðlaginu. Í niðurlagi þessa viðtals segir blaðamaðurinn: „Nú hefur dýrtíðarflóðið verið stöðvað.“ — „Já, og við styðjum þá stefnu af alefli. Við viljum ekki láta söguna endurtaka sig. Framsókn heimtaði verðhækkanir, Sjálfstfl. þorði ekki annað en samþykkja það. Alþfl. heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur.“ Þannig voru ummæli þessa hv. þm. þá.

Það var talað við fleiri áberandi forustumenn úr verkalýðshreyfingunni, úr röðum Alþfl. Svar þeirra allra var á einn veg. Allir sögðu: Verði verðhækkunum hleypt af stað, verður svar verkalýðshreyfingarinnar eitt, að hún muni gera gagnráðstafanir.

Hér í þessari hv. d. á sæti einmitt einn af þeim mönnum, sem viðtal var við og lét orð falla á sama veg. Þessi maður, hv. 1. landsk. þm., hefur nú skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. og lagt blessun sína yfir allt, sem í þessu frv. felst. Ég efast um og veit raunar, að hann hefur ekki til þess neitt umboð þeirra fjölmennu launþegasamtaka, sem hann er forsvarsmaður fyrir, þ. e. a. s. Bandalags starfsmanna ríkis og

bæja. Móðir þessa hv. þm. var ein úr hópi þeirra, er spurðir voru á þessum tíma í Alþýðublaðinu, og ég held, að spurningunni: „Hvað gerir verkalýðshreyfingin?“ sé vel svarað með orðum frú Jóhönnu Egilsdóttur, formanns verkakvennafélagsins Framsóknar. Blaðamaðurinn spyr: „Þið viljið ekki una neinum hækkunum á vöruverði.“ „Nei, það er afskorið með öllu. Ef hróflað verður við vöruverðinu til hækkunar, hvort sem það er gert með beinum verðhækkunum eða svokölluðum niðurgreiðslum, þá förum við af stað. Það er líka augljóst mál, að þá fara allar stéttir af stað, þá verða vinnudeilur, þá verða verkföll og þá verða kauphækkanir. Það getur enginn efazt um þetta.“

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál, sem hér er á dagskrá, fyrr en nú, en kann nú ekki við annað samt en láta skoðun mína í ljós, en mun þó ekki lengja umræður neitt úr hófi fram.

Ég býst við, að það hafi fleiri tekið eftir því en ég, að við þær umr., sem hér hafa orðið, og þau blaðaskrif, sem orðið hafa um efnahagsmálafrv. það, sem hér er til 2. umr., hefur hæstv. ríkisstj. hrósað sér mjög af þeim kjarki, sem hún hafi þurft að taka í sig og hafi beitt til þess að bera þetta frv. fram. Mér finnst það nú kannske vera mannlegt af hæstv. stjórn að hrósa sér fyrir áræði sitt og fyrir úrræði sín, ef úrræði skyldi kalla, því að ég er viss um, að það gera ekki aðrir. Ég skal að vísu viðurkenna, að það er allsérkennilegur kjarkur, sem kemur fram í því að taka þá kollsteypu, sem hæstv. stjórn hefur tekið. Það þarf þó nokkurn kjark til þess að hafa endaskipti á sjálfum sér, en mér sýnist, að það hafi sú stjórn gert, sem sagði, eða þeir menn, sem skipa þessa hæstv. stjórn, sem sögðu í haust fyrir kosningarnar, að allt væri hér í lagi í efnahagsmálum þjóðarinnar, en nú nokkrum mánuðum síðar, þegar þeir hafa fengið völdin í hendur, leggja á þjóðina slíkar drápsklyfjar sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Þessi hæstv. stjórn, eða þeir menn, sem skipa þessa hæstv. stjórn, skömmuðu sumir hverjir, a. m. k. sjálfstæðismennirnir, á sínum tíma vinstri stjórnina fyrir að hafa tekið erlend lán til framkvæmda, og þeir kalla það nú eyðslulán. En þeir láta það verða svo sitt fyrsta verk að semja við erlenda fjármálastofnun um 800 millj. kr. lántöku og lofa því í staðinn að kaupa alls konar vörur, sjálfsagt bæði þarfar og óþarfar, af þeim þjóðum, sem lánið veita. Ég tel, að það þurfi líka kjark til þess að boða samdrátt og stöðvun í framkvæmdum og atvinnulífi þjóðarinnar, en það gerir hæstv. stjórn á þann hátt að boða afnám okurlaganna, svo að hún geti ákveðið vexti svo háa sem henni sýnist og takmörkun á útlánum bankanna, svo að þeir, sem vilja starfa að atvinnurekstri og framleiðslu, geti ekki fengið eða notað lánsfé. Ég kalla það að hafa endaskipti á sjálfum sér að nefna slíkan boðskap bjargráð, og ég undrast, að greindir og reyndir menn skuli gera slíkt.

Stjórn fjármála og efnahagsmála hefur alltaf verið vandaverk, og auðvitað eru einstaklingum og ríkisstjórnum mjög mislagðar hendur um slíkt viðfangsefni. Hjá okkur Íslendingum er að mínum dómi ekki nema um eina leið að ræða, til þess að við getum búið við allgott efnahagslegt öryggi. Það er sú leið að halda áfram að efla atvinnulíf okkar til lands og sjávar, efla hina fornu atvinnuvegi, landbúnaðinn og sjávarútveginn, og styðja og koma í framkvæmd nýjum atvinnuvegum, eftir því sem hentar bezt landsháttum og viðskiptum við önnur lönd.

Við höfum fram á síðustu áratugi búið í vanyrktu landi, og það er varla hægt að segja, að þjóðin hafi átt þak yfir höfuð sér, hvað þá meira. Við höfum orðið að byggja framkvæmdir okkar upp með erlendu lánsfé, sem eðlilegt er. Við hljótum að verða að halda þessu áfram, því að við getum ekki af eigin rammleik beizlað auðlindir landsins og gert okkur þær undirgefnar nema fá til þess fé að láni frá þeim þjóðum, sem stærri eru og á undan okkur í uppbyggingu. Svo fámenn þjóð sem Íslendingar eru enn getur ekki safnað stórfé til framkvæmda. En við megum auðvitað ekki gera okkar framkvæmdir og haga okkar þjóðarbúskap skipulagslaust. Við þurfum að gera skynsamlegar áætlanir um þjóðarbúskap okkar og framkvæmdir og standa við þær. Þá skapast festa í atvinnulífi og flóttinn frá framleiðslunni hverfur. Þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, munu hins vegar valda upplausn í framleiðslunni og flótta, a. m. k. frá vissum þáttum hennar.

Á undanförnum árum hefur margt og mikið verið gert til umbóta í sveitum þessa lands. Bændurnir hafa ræktað og byggt upp á jörðum sínum, og það hafa verið reist dýr sláturhús, frystihús og mjólkurbú og byggt upp dýrt flutninga- og dreifingarkerfi fyrir mjólkina. Þrátt fyrir þessar miklu framkvæmdir, sem búið er að koma upp, er þó enn meira eftir að gera. Sérstaklega er enn eftir að byggja mikið í sveitunum og vélvæða landbúnaðinn enn betur en enn er orðið. Það er fyrirsjáanlegt, að efnahagsmálafyrirætlanir hæstv. ríkisstj. munu stöðva að fullu og öllu framkvæmdir hjá bændunum, og ég hygg, að flótti muni hefjast úr sveitum landsins vegna þessara ráðstafana. Verðhækkunin, sem núna verður á vélum og byggingarefni, mun stöðva vélakaup bændanna og byggingarframkvæmdir, og hækkun sú, sem verða mun á rekstrarvörum landbúnaðarins, hlýtur óhjákvæmilega að leiða til samdráttar í framleiðslunni, enda þótt gert sé ráð fyrir hækkun á afurðaverði til samræmis, sérstaklega þegar þess er gætt, að rekstrarlán verða ófáanleg og ótakandi, þótt þau fengjust, vegna hinna háu vaxta, sem nú er gert ráð fyrir.

Ég verð að segja það, að ég öfunda ekki hæstv. landbrh. af hans hlutverki í þessari hæstv. ríkisstjórn. Hann taldi bændum trú um það, þegar vinstri stjórnin var við völd, að hún vildi troða niður af þeim skóinn. Og hann bað bændur í haust, fyrir kosningarnar, um traust og fylgi og kvað þeim þá mundi betur vegna, ef hann og hans flokkur kæmist til valda. Ég

minnist þess sérstaklega, hversu hann á framboðsfundum lýsti því í Suðurlandskjördæmi, að Mjólkurbú Flóamanna væri illa statt, og taldi vera um óstjórn þar að ræða. En þar er nú nýlokið miklum byggingarframkvæmdum, sem kostað hafa stórfé á okkar íslenzka mælikvarða. Fé til þeirra framkvæmda hefur Landsbankinn lánað, og erum við bændur austanfjalls þakklátir fyrir þá vinsamlegu afstöðu, sem ráðamenn þeirrar stofnunar hafa sýnt fyrirtæki okkar, mjólkurbúinu, að hafa látið því í té lánsfé. En vitaskuld hefði sú stofnun, mjólkurbúið, þurft á ódýrara lánsfé að halda og þarf nauðsynlega á ódýrara lánsfé að halda en hún hefur haft.

Hæstv. landbrh. hét bændum því, þegar hann var að biðla til þeirra um fylgi í kosningunum á s. l. hausti, að hann mundi beita sér fyrir útvegun ódýrari lána. Ég vil halda því fram, að hæstv. landbrh. hafi fullan vilja í þessu efni. En sýnilegt er, að hann hefur þó látið hafa sig til þess að taka þátt í og bera ábyrgð á ráðstöfunum, sem ganga í þveröfuga átt við kosningaloforð hans í haust og verða munu Mjólkurbúi Flóamanna svo hættulegar og þeim hundruðum bænda, sem þar eiga hlut að máli, að ekki verður séð fyrir endann á því, hvernig þeim voða, sem þar blasir nú við augum, verður afstýrt.

Þá vil ég minnast nokkuð á þá fyrirætlun, sem hæstv. stjórn vill fá lögfesta, en það er ákvæði 33. gr. frv. um, að Seðlabankinn geti innkallað verulegan hluta af því sparifé, sem innlánsdeildir kaupfélaga geyma og ávaxta fyrir fólk í dreifbýli landsins. Þetta fé er yfirleitt starfandi í framkvæmdum úti um land sem rekstrarlán bænda og smáútvegsmanna, sem húsbyggingarlán í þorpum og kaupstöðum og sem rekstrarfé kaupfélaganna. Fátt eða ekkert í efnahagsmálafrv. er jafnofbeldiskennt og þetta ákvæði. Fjármagn, sem myndazt hefur vegna framleiðslu og vinnu fólks úti um land og þar hefur verið notað til umbóta á lífskjörum fólks og um leið þjóðarinnar allrar, skal nú tekið úr höndum þeirra, sem varðveita það, þeirra stofnana, sem fólkið hefur falið að geyma þetta fé og ávaxta það. Þetta kalla ég ofbeldi við byggðir landsins og fólkið þar. Ég tel, að engin ríkisstjórn megi gera sig seka um slíkar ofbeldistilhneigingar við fólkið úti á landsbyggðinni. Landið þarf allt að vera í byggð. En þetta ásamt öðru af svipuðu tagi mun leggja landið í auðn, ef ekki verður horfið frá þessari fyrirætlun.

Kaupfélögin og samvinnufélögin úti um landið eru þær stofnanir, sem eru fólkinu eins konar lífakkeri, og ef þessar stofnanir verða rúnar því rekstrarfé, sem þær hafa haft til umráða, spariskildingum fólksins, sem þarna býr, þá er grundvöllurinn undir atvinnulífinu á þessum svæðum þorrinn.

Ég verð að segja það, að mig furðar á því, að hæstv. landbrh., sem er hér á Alþingi fulltrúi fyrir dreifbýlishérað og eini ráðherrann í ríkisstj., sem á heima utan þéttbýlisins hér við Faxaflóa, skuli geta verið í þeirri stjórn, sem þannig vegur að hagsmunum dreifbýlisins og þeirra, sem búa í sveitum landsins. Litilli þjóð er auðvitað meiri vandi á höndum um fjármál sín en stærri þjóðum er. Íslenzku þjóðinni er því lífsnauðsynlegt að vera samhent og samtaka, þegar gera þarf meiri háttar úrræði í efnahagsmálum. Vinstri stjórnin gerði sér þetta ljóst og leitaði samstarfs við hinar vinnandi stéttir í landinu, framleiðendur og launþega. Stjórnarandstaða Sjálfstfl. nagaði rætur þess meiðs, sem farinn var að vaxa af samstarfi stéttanna í efnahagsmálum þjóðarinnar undir forustu vinstri stjórnarinnar. Og nú ætla þeir sömu menn, sem grófu undan þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, að byggja upp nýjar ráðstafanir, sem kosta flesta framleiðendur og launþega þungar fórnir. Þetta gera þessir herrar án samráðs við þá aðila, sem verða að taka á sig þungann af þessum ráðstöfunum. Þetta finnst mér vera glæfraspil, því að svo mikið er í húfi. Ég álít því, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að beita sér fyrir víðtæku samstarfi stétta og flokka um úrræði, sem tryggðu bætt lífskjör og blómlegt atvinnulíf.

Það frv., sem hér liggur fyrir, mun ekki ná því marki að tryggja slík bætt lífskjör, heldur mun það skapa ný stórkostleg vandamál á næstu mánuðum og árum, sem ég óttast að þrengi kost þjóðarinnar svo tilfinnanlega, að erfitt verði úr að bæta. Hvað viðvíkur þeirri stétt, sem ég tilheyri, bændastéttinni, þá óttast ég, að nú hefjist sá flótti úr sveitunum, að bráðlega verði að áhrínsorðum ummæli Guðjóns Sigurðssonar, sem hann mælti 1. maí á s. l. vori, að það þyrfti að fækka bændum landsins um helming.

Ég minnist þess, að hæstv. landbrh. talaði mikið um það á framboðsfundum í haust, sem hann kallaði Framsóknarskatta. Þá átti hann við 55% yfirfærslugjaldið, sem sett var 1958. Hann gaf í skyn, að þessir skattar yrðu afnumdir og gróða- og gullöld mundi hefjast hjá bændastéttinni, þegar hann og hans flokkur tækju við völdum, enda „leiðin til bættra lífskjara“ að kjósa Sjálfstfl. Nú sjá bændur, hvernig þeir voru blekktir með loforðum hæstv. landbrh. og fleiri stjórnarliða. Nú er hæstv. landbrh. og hans félagar að spinna þann fjötur, sem verða mun bændastétt þessa lands eða atvinnuvegi þeirra bændanna, landbúnaðinum í heild, helfjötur, og fer þá hvort tveggja saman, afnám hinna fornu goðorða, sem Sjálfstfl. og fylgifiskar hans á s. l. sumri komu í kring, og eyðing þeirrar stéttar, sem í þúsund ár þraukaði í landinu og varðveitti þar hina goðkynjuðu tungu okkar og geymdi gegnum eymd og áþján rétt núlifandi kynslóðar til erfða og óðalsréttar í þessu góða og fagra landi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að minnast ofur lítið á það hér, hvernig hv. sjálfstæðismenn höguðu málflutningi sínum á undanförnum missirum og m. a. hæstv. landbrh. Og hann minntist í því sambandi á áróður þeirra út af 55% almenna yfirfærslugjaldinu, sem náði til allra vara eða flestra vara, þ. á m. rekstrarvara landbúnaðarins, og þessi hæstv. ráðh. var svo ósvífinn að

kalla Framsóknargjaldið. Og það átti að vera til þess að sýna illvilja Framsfl., að þetta gjald yfir höfuð hefði nokkurn tíma komið til mála. Og þeir töluðu um þessi efni eins og þetta gjald hefði verið lögleitt algerlega ófyrirsynju og væri óþarft, og þeir, sem á þá hlýddu, gátu ekki annað álitið en Sjálfstfl. mundi beita sér fyrir því að afnema þetta Framsóknargjald, ef honum yrði þess auðið að ráða einhvern tíma einhverju um löggjafarstarf Íslendinga. Svo mikið var við lagt í þessu efni, að ef hér hefði verið um heiðarlega menn að ræða og heiðarlegan málflutning, þá hefði auðvitað ekkert annað átt að geta komið til mála en að þeir, sem að þessum málflutningi stóðu, tækju sér það fyrir hendur sem fyrsta verk, þegar þeir gátu ráðið, að afnema þetta gjald. Það var bókstaflega skorin upp herör út af þessu, og hafði hæstv. núv. landbrh. eins konar forustu í þessu eða það var eins konar sérgrein hans í Sjálfstfl. að standa fyrir þessum rógi.

Þetta gekk svo langt, að ástæða er til þess að rifja upp eitt dæmi, sem ég þekki persónulega í sambandi við þetta. Og það er til þess að sýna mönnum m. a., hvernig svona vinnubrögð verka stundum, og hvert tjón einstökum mönnum getur orðið að svona loddaraspili. Ég þekki sem sé bónda, sem tók þennan málflutning hæstv. núv. landbrh. þannig, að hann hætti við að kaupa dráttarvél, sem hann ætlaði að kaupa vorið 1958, og ætlaði að bíða eftir því, að núv. hæstv. landbrh. kæmist til áhrifa og lækkaði verðið á dráttarvélunum og afnæmi „Framsóknargjaldið“ á dráttarvélunum. Og þessi maður er ekki búinn að kaupa dráttarvél enn. Hann er enn að bíða eftir því, að núv. hæstv. landbrh. beiti sér fyrir því að fella gjaldið niður. Og hann hefur verið í góðri trú, þessi maður. Hann varð bara fyrir þeirri ógæfu að leggja trúnað á málflutning núv. hæstv. landbrh. Hann var auðvitað hans flokksmaður.

En hvað gerir hæstv. landbrh. nú? Hann ætlar ekki aðeins að láta þetta 55% gjald standa, heldur ætlar hann að hækka verðlagið á dráttarvélunum um nálega 50% ofan á „Framsóknargjaldið“ og allt verðið, sem fyrir var. Hvað halda menn nú, að þessi bóndi, sem trúði þessum hæstv. ráðherra og hans málflutningi, muni bíða mikið tjón af því að hafa tekið málflutning hæstv. ráðh. sem góða og gilda vöru? Hvað verða það margir tugir þúsunda, sem hann skaðast á þessari framkomu hæstv. ráðherra? Og þetta er víst áreiðanlega ekki eina dæmið um það tjón, sem svona framkoma getur valdið. Það er alveg áreiðanlegt. Mér er bara persónulega kunnugt um þetta dæmi. Hvað ætlar hæstv. landbrh. að gera fyrir þennan mann? Hvað getur hann gert fyrir hann? Getur hann bætt fyrir þetta óhapp, þetta tjón, sem hann hefur valdið? Ég spyr.

Nei, það væri nauðsynlegt fyrir þessa menn, sem svona hafa hagað sínum málflutningi, að gera sér grein fyrir því gífurlega tjóni, sem þeir hafa gert í ótalmörgum greinum með þessari framkomu, og taka það til greina framvegis.

Mér dettur líka annað í hug í sambandi við þetta. Hugsið ykkur bara annað eins tjón og það, sem hvíta bókin, Viðreisn, sem þeir nú hafa gefið út, getur valdið landinu. Áróðurinn í bókinni, t. d. um hallann á þjóðarbúskap Íslendinga, og hinar margvíslegu röngu og villandi upplýsingar, sem þar eru gefnar til þess að sverta efnahag Íslendinga í augum þeirra, sem lesa bókina, þær eru gefnar út í hvítri bók af ríkisstjórn Íslands og eiga að skoðast sem heimild um efnahagsástand landsins. Haldið þið, að það séu ekki þokkaleg meðmæli í augum þeirra, sem Íslendingar eiga undir að sækja efnahagsmál sín í öðrum löndum, að þeir fái í hendur slíkt plagg frá ríkisstjórn landsins? Ætli það hefði ekki verið þjóðnýtara verk fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja vinnu í það að sýna fram á þá stórfelldu uppbyggingu, sem hér hefur átt sér stað á undanförnum áratugum, og hve það lánsfé, sem Íslendingar hafa fengið, hefur verið hyggilega notað, heldur en að taka sér fyrir hendur að búa út þann óhróður um efnahagsmál sinnar eigin þjóðar, sem í þessum bæklingi er að finna? Ég held það. Og sannleikurinn er sá, að það verður aldrei með tölum talið, það tjón, sem hæstv. ríkisstj. er nú þegar búin að gera landinu með þessum áróðri.

Auðvitað er það ekkert sérstaklega létt verk að afla erlendis þess gífurlega fjármagns, sem þjóð eins og Íslendingar þurfa að fá að láni til þess að geta notfært sér þá möguleika, sem landið hefur að bjóða og sjórinn við strendurnar. Og það er ekkert alls kostar létt verk að fá erlenda forráðamenn fjármagns til þess að skilja það, að 170 þús. manns hér norður við Íshaf séu þess megnugar að ávaxta stórfelldar fjárhæðir og standa í skilum með vexti og afborganir, þegar þess er t. d. gætt, að þetta er litlu meiri mannfjöldi en byggir litlar borgir í stærstu meginlöndum. Það er oft nokkuð erfitt verk að sýna fram á, að það sé eðlilegt, að þessi litla þjóð fái tiltölulega stórar fjárhæðir að láni og sé þess megnug að standa í skilum með vexti og afborganir.

En það er hægt að sýna fram á þetta, ef menn segja satt, ef menn segja satt um möguleika Íslands, um það, hvernig þjóðin hefur hagað sínu starfi í landinu, og um þá reynslu, sem erlendir aðilar hafa haft af viðskiptum sínum við Íslendinga. Enn þá hefur það aldrei komið fyrir, að ekki hafi verið staðið í skilum með vexti og afborganir af opinberum lánum á Íslandi. En haldið þið, hv. þm., að það verði léttara verk að koma þessu sjónarmiði á framfæri og fá þá, sem hér standa fyrir málum í öðrum löndum, til þess að sjá þessa hluti í réttu ljósi, þegar sjálf ríkisstj. gefur út aðrar eins bókmenntir og þær, sem við höfum fengið hér nú alveg nýlega í áróðurspésa ríkisstjórnarinnar? Það er sannarlega illa farið, að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa gripið til þessa óyndisúrræðis.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða hér við hæstv. viðskmrh. fremur en orðið er varðandi álögur á þjóðina, sem felast í þessu frv. Hann hefur ekki getað bent á neina veilu í því reikningsdæmi, sem ég hef brugðið upp í þessu sambandi. Þess er ekki heldur að vænta, því að

það er alveg rétt sett upp að öllu leyti. Það þarf ekkert um það að deila. Verðhækkun og álögur geta ekki orðið minni í heild en ég hef greint, og það getur ekki komið annars staðar niður en á þeim meginþorra landsmanna, sem á að hafa óbreyttar tekjur í krónutölu, og þó mun lægri en nú er vegna þess samdráttar á atvinnu, sem fyrirhugaður er. Þessu er alveg óhugsandi að hnekkja, hversu langar ræður sem menn halda. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, þó að einhverjir hafi áður brugðið upp villandi dæmum af allt öðrum ráðstöfunum fyrir löngu. Það er ekki það, sem hér skiptir máli. Það, sem skiptir máli, er að kryfja til mergjar það reikningsdæmi, sem nú liggur fyrir. Og það er ekkert annað en útúrsnúningur að vera að vísa í einhver gömul dæmi og í veilur, sem í þeim kunna að hafa verið. Það, sem skiptir hér máli, er það, sem nú á að gera, og hvernig það verkar.

Þá var ráðh. ákaflega hneykslaður yfir því, að ég skyldi ekki hafa gert nógu nákvæman greinarmun á því, sem kallað væri greiðsluhalli við útlönd, annars vegar og hins vegar gjaldeyrisaðstöðunni. Hann var mjög hneykslaður yfir þessu. En ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. í því sambandi og benda honum á þessa yfirlýsingu, sem ég las úr Alþýðublaðinu frá hagfræðideild Landsbanka Íslands. Til hvers ætli þáv. ríkisstj. og stjórnarblað hennar hafi lagt svona mikla áherzlu á, að þessi yfirlýsing kæmi fram og að það væri hrakið rétt fyrir kosningarnar, að það væri stórfelldur halli á gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, eins og hafði verið bent á í því blaði, sem hann tilgreindi? Hvers vegna ætli þáv. ríkisstj. hafi lagt svona mikla áherzlu á þetta? Jú, ég hygg, að það sé ósköp einfalt mál, hvernig á því stóð. Það var af því, að þáv. ríkisstj., sem þessi hæstv ráðh. átti sæti í, vildi láta það koma fram, hvað landið stæði vel út á við undir þeirra forustu. Eða var það kannske af einhverjum öðrum ástæðum, sem það var lagt slíkt ofurkapp á að hrekja, að það væri verulegur halli á þessum viðskiptum? Og hvernig samrýmist þessi viðleitni, sem þarna kemur fram, hvernig samrýmist hún því, sem þessir sömu menn leyfa sér að halda fram nú, að það hafi orðið 350 millj. kr. greiðsluhalli eða halli á þjóðarbúskapnum árið 1959? En í október var lagt þetta ofurkapp á, að þjóðin fengi þá mynd af málinu, að það væri ekki 140 millj. kr. halli, eins og hafði verið minnzt á í einu blaði, heldur væri hann aðeins 16 millj.

Það má skilja minna en þessi stökk fram og aftur í þessari túlkun, sem er líka í nákvæmu samræmi við alla framkomu í þessu máli, annars vegar á s. l. ári og hins vegar nú, þegar verið er að reyna að hræða þjóðina til þess að fallast á þá stefnubreytingu í efnahagsmálum, sem hér er meiningin að knýja fram, því að það er ekki hægt að kalla þetta öðru nafni en því, að það séu tilraunir til þess að hræða þjóðina til þess að fallast á slíkt, — sá áróður, alveg tilefnislausi áróður um greiðsluhalla og halla á þjóðarbúskapnum, sem hér er uppi hafður.

Hæstv. viðskmrh. talaði hér æðilangt mál um þessar kenningar, um hallann á þjóðarbúskapnum, og fór út í hárfínar skilgreiningar á því, hvað væru eyðslulán og hvað væru uppbyggingarlán eða framkvæmdalán. Og mér skildist á hæstv. ráðh. einna helzt, að hann teldi t. d. þær lántökur, sem framkvæmdar væru til þess að standa undir — við skulum segja mannvirkjum eins og Sogsvirkjuninni, eyðslulántökur að því leyti, sem þær gengju til að greiða vinnulaun innanlands eða því líkt. Þessum skilningi hæstv. ráðh. á lántökum mótmæli ég gersamlega. **(Menntmrh.:** Þetta er líka misskilningur.) Ja, ef þetta var ekki meiningin, þá var ómögulegt að fá nokkra glóru í það, sem hæstv. ráðh. sagði. Þar við situr. (Gripið fram í.) Ég hlustaði mjög nákvæmlega. Máske hann vildi þá hér á eftir gera tilraun til þess að útskýra þetta betur fyrir þeim hv. þm., sem hér eru nú. Mér finnst, að það væri full ástæða til þess, að hann gerði það. En ef þetta hefur ekki verið það, sem hæstv. ráðh. meinti, þá fékk ég enga glóru í það, sem hann sagði. Ef það hefur verið þetta, sem hann meinti, þá mótmæli ég því. En hafi það ekki verið þetta, sem hann meinti, þá skil ég ekki, hvað okkur ber á milli.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að þessar lántökur, sem hér er um að ræða og ég gerði grein fyrir, gengu allar beint í tiltekin verk. Það voru ekki neinar almennar lántökur og einungis hægt að vísa í á móti almennar framkvæmdir. Þær voru allar ætlaðar og gengu beint í tiltekin verk. **(Menntmrh.:** Gjaldeyririnn líka?) Gjaldeyririnn gekk til almennra þarfa að sumu leyti, en mótvirði gjaldeyrisins gekk til verkanna. Ég var einmitt að gizka á það áðan, að það væri þetta, sem hæstv. ráðh. meinti, að hann vildi kalla þetta eyðslulántökur, vegna þess að gjaldeyririnn gekk til annars, en mótvirðið aftur til Sogsvirkjunarinnar, en þá greip hann fram í og sagðist alls ekki hafa átt við það. Nú grípur hann aftur fram í og segist hafa átt við það. Ég gef því alveg á bátinn að skilja, hvað hæstv. ráðh. á við, nema því aðeins að hann fáist til að útskýra þetta nánar. Og ég skora raunar á hann að gera það. Mér finnst, að það ætti að koma í þingtíðindum, þótt fáir séu nú hér viðstaddir.

En með þessum upplýsingum, sem hér hafa verið gefnar, fellur alveg um sjálfa sig hvorki meira né minna en meginástæða hæstv. ríkisstjórnar fyrir þeirri árás, sem hér er gerð, því að það er upplýst, að það hefur ekki verið neinn stórfelldur greiðsluhalli eða halli á þjóðarbúskapnum. Það er upplýst í málinu, því að það er ekki halli á þjóðarbúskapnum, þó að tekin séu framkvæmdalán.

Hæstv. ráðh. var að tala hér um, hvað menn álitu um, ef það væri allt í einu horfið að því ráði að taka alla þá fúlgu að láni erlendis, sem gengi til fjárfestingar á einhverju tilteknu ári. Þetta er bara út í hött. En hitt væri þýðingarmeira, að hæstv. ráðh. legði sér það á minni, sem ég upplýsti hér í kvöld, að erlendar framkvæmdalántökur námu, eða réttara allur innflutningur á erlendu lánsfé inn í landið nam

frá 7—12% af heildarfjárfestingunni árin 1956—58. Það er þess vegna algerlega ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. — (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. er alltaf að taka fram í. Ég vil nú segja eins og hann sagði við mig áðan: ég er að tala núna. Og ef hæstv. ráðh. hefur löngun til þess að bæta hér einhverju við, þá getur hann það á eftir. Það er nógur tími til þess, enginn tímaskortur, svo að hæstv. ráðh. getur komið á framfæri öllum þeim athugasemdum, sem honum sýnist, og því ástæðulaust fyrir hann að vera að grípa fram í þessar fáu mínútur, sem ég tala, ekki sízt þegar þess er gætt, að þessi hæstv. ráðh. og einn af stuðningsmönnum ríkisstj. töluðu hér nærri því allan daginn í dag, en ætla okkur svo að tala hér blánóttina. Þessi hæstv. ráðherra og einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar töluðu hér alveg frá miðjum degi til kaffis og meira til, allan ungann úr deginum, en ætla okkur svo nóttina til þess að koma okkar sjónarmiðum á framfæri, bæta því svo ofan á að setja hér tvo ráðh. á vakt, en allir hinir fara að sofa. En slíkt er auðvitað ekkert annað en móðgun við þingið, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér slíkt. (Gripið fram í.) Já, það er móðgun við þingið, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og aðrir þeir, sem standa fyrir þessu máli, skuli leyfa sér að fara héðan í burtu af þinginu og ætlast til þess, að málið sé rætt, án þess að þeir séu viðstaddir. **(Gripið fram í:** Þeir hafa verið hér.) Það er ekki nóg, að þeir hafi verið hér, þeir eiga að vera hér núna, enda sýna sig afleiðingarnar af því, sem ég skal koma að örfáum orðum í lokin. Hér fást sem sé ekki svör. Hér fást ekki svör við þeim fyrirspurnum, sem bornar eru fram, og engu líkara en hæstv. ráðherrar, sem á vakt eru, heyri alls ekki það, sem sagt er. Hv. 1. þm. Vesturl. spurði hér margs áðan í sinni ræðu, og hvorugur sá ráðh., sem á vaktinni er, hefur gert nokkra minnstu tilraun til þess að svara hv. þm. eða því, sem hann spurði um.

Ég ætla hér að rifja upp tvennt, sem ég spurði um og alls ekki hefur verið minnzt á, frekar en það hafi alls ekki komið fram. Ég spurði hæstv. ráðh. að því hér í kvöld, hvað það væri, sem hæstv. ríkisstj. hefði farið fram á við Bandaríkjastjórn í sambandi við gengisbreytinguna. Því er lýst yfir í grg. frv., að það standi yfir samningar við Bandaríkjastjórn um einhvers konar bætur vegna gengisbreytingarinnar og viðskipti Bandaríkjastjórnar við Íslendinga. Hvað er það, sem hæstv. ríkisstjórn hefur farið fram á í þessum samningum? Og hvernig standa þessir samningar? Það hefur meira að segja verið gefið í skyn hér í þessum umræðum, að það hilli undir einhver sérstök úrslit í þessum viðtölum. Við eigum heimtingu á því hér á Alþingi að fá að vita, hvað ríkisstjórnin hefur farið fram á í þessu sambandi í nafni Íslands. Og raunar hefur hæstv. ríkisstj. náttúrlega ekki nokkra heimild til þess að ákvarða það án samráðs við Alþingi, upp á hverju er stungið í máli eins og þessu, — enga heimild til þess. Það er að fara algerlega á bak við Alþingi. Það átti að ráðgast um það þá við Alþ., hvað skyldi gert í þessu, upp á hverju skyldi stungið, og hafa samráð við Alþ. um slíka samninga. Ég spyr enn: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert í þessu? Og ég vona, að ég fái svar. Ég býst ekki við því, að það verði tækifæri til þess að fá svar við þessari fsp. við 3. umr. Það er ákveðið, að það skuli vera útvarpsumr., og útvarpsumr. er þannig háttað, eins og við vitum, að það er alveg tiltekinn tími, sem útvarpsumr. stendur, og þar er ekki svigrúm fyrir nein orðaskipti af þessu tagi, eins og því t. d. að fá svar við fsp. Ég spyr þess vegna, og ég vil fá svar.

Enn fremur spurði ég, bað um, fór fram á, að hæstv. ríkisstj. gæfi yfirlýsingu í sambandi við 5% skattinn á útflutninginn. Ég benti á, að þessi skattálagning er alveg furðulega sérstæð. Það er hvorki meira né minna en um 120 millj. að ræða. Það er sagt, að þetta skuli renna í útflutningssjóð til að greiða hallann, þennan halla, sem samkv. upplýsingum á s. l. ári var alls ekki til, — það er nú mál út af fyrir sig, — eigi að renna til að greiða hallann. En það er ekkert ákvæði um það í frv., að þessi skattur skuli falla niður, þegar þessi halli hefur verið greiddur. Hann á að halda áfram, skatturinn. Og hvað er ætlun hæstv. ríkisstj. að gera við peningana, þegar búið er að greiða hallann? Ég bað hæstv. ríkisstj. um að gefa yfirlýsingu um það, að þessir fjármunir yrðu alls ekki notaðir til neins annars en þess að greiða halla útflutningssjóðs. Og ég vil enn fara fram á það, að hæstv. ráðh. gefi slíka yfirlýsingu. Ef þeir gefa ekki slíka yfirlýsingu, þá hlýtur að verða að líta svo á, eins og ég sagði í nótt, að það sé einhver bakþanki í þessu hjá hæstv. ríkisstjórn, eitthvað óhreint í þessu. Og ég verð að segja, að mér sýnist Alþingi eiga alveg skýlausan rétt á því að fá hreina yfirlýsingu um þetta mál.

Ég vil svo að lokum minna aðeins á eitt atriði. Ég hef farið fram á það í þessum umræðum, að hæstv. ríkisstj. vildi fallast á að taka greinina um alræðisvald ríkisstj. til handa í vaxtamáli stofnlánadeildanna út úr frv., til þess að þetta mál geti fengið þinglega meðferð. En það eitt kalla ég þinglega meðferð, að þetta sé sett í frumvörp við þá lagabálka, sem þarna er um að ræða. Nú hefur komið fram í umr., jafnvel síðan ég talaði hér í kvöld, atriði, sem gerir þessa ósk enn eðlilegri en áður, og það er, að hæstv. viðskmrh. lagði áherzlu á, að almenn vaxtahækkun, sem fyrirhuguð væri, hún væri ætluð til bráðabirgða. Það væri ætlazt til þess, að hún yrði fljótlega tekin til baka, að það yrði hægt að lækka vextina aftur. Þetta skýtur vitanlega enn sterkari rökum undir, að þessar fyrirætlanir um hækkanir á vöxtum stofnlánasjóðanna séu teknar til endurskoðunar. Hvaða ástæða getur verið til þess, jafnvel frá sjónarmiði þessara manna, að fara að hækka vexti af lánum til langs tíma, stofnlánum til langs tíma, vegna þess að þeir hækki almenna vexti til bráðabirgða? Í slíkri hugsun er ekkert samhengi. Og ég vil þess vegna enn á ný endurtaka þessa ósk og alveg sérstaklega fara fram á að fá svar við fsp. minni um samningana við Bandaríkjastjórn

og hreina yfirlýsingu um, að 5% skatturinn á útflutninginn verði ekki undir neinum kringumstæðum notaður til annars en greiðslu á halla útflutningssjóðs.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 13. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 97 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ.

nei: BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

Brtt. 91 felld með 31:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP.

nei: HB, EðS, JPálm, EOl, EmJ, EystJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, HÁ, HS, IngJ, JP, JR, LJós, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BK, BBen, JóhH.

GH, GeirG, GíslG, GJóh, JSk greiddu ekki atkv.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, JóhH.

nei: HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 95,1 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 98,1 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG.

nei: BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

3 þm. (AGb, HV, KGuðj) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 21:12 atkv.

9. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 95,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.

11.—15. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 98,2 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl.

nei: EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, JPálm, JóhH.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Vegna síðasta hluta þessarar till. tel ég ástæðu til að taka það fram, að hvað jeppa og vörubifreiðar snertir er ekki ætlazt til, að nein breyting verði með hinum nýju lögum frá því, sem áður hefur gilt. Ég segi nei við till.

16. gr. samþ. með 21:8 atkv.

Brtt. 98,3 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, JóhH.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 20:11 atkv.

18.—22. gr. samþ. með 21:3 atkv.

Brtt. 98,4 felld með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk.

nei: MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, JóhH.

BP greiddi ekki atkv.

3 þm. (AGb, HV, KGuðj) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að þetta sé svo sjálfsagt atriði, að hvaða ríkisstj. sem situr að völdum reyni samkomulag milli launþega og framleiðenda um stöðvun vísitöluhækkunar á milli kaupgjalds og verðlags, að það sé alveg óþarfi að setja það í lög, og segi ég því nei.

23. gr. samþ. með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

nei: HB, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

BP greiddi ekki atkv.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

25.—26. gr. samþ. með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SI, BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, JóhH.

nei: ÞÞ, ÁÞ, HB, EðS, EOl, GH, GeirG, GJóh, HS, JSk, LJós.

SkG, BP, EystJ, GíslG, HÁ greiddu ekki atkv.

3 þm. (AGb, HV, KGuðj) fjarstaddir.

27.—28. gr. samþ. með 21:3 atkv.

29.—30. gr. samþ. með 21:12 atkv.

Brtt. 95,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SI, BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, JóhH.

nei: SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós.

3 þm. (AGb, HV, KGuðj) fjarstaddir.

32. gr. samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, JóhH.

nei: HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

33. gr. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BK, BBen, JPálm, EmJ, JóhH.

nei: GJóh, HÁ, HS, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG.

BF greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (HV, KGuðj, AGb) fjarstaddir.

34.—37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 102 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH.

nei: LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, JSk.

3 þm. (KGuðj, AGb, HV) fjarstaddir.

Á 31. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (útvarpsumr.) (A. 103).

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Málið, sem hér er til umræðu, frv. stjórnarinnar um efnahagsmál, er í aðalatriðum orðið kunnugt þeim Íslendingum, sem á því vilja vita skil. Kjarni þess er sá, að lagt er til, að viðurkennt sé sannvirði krónunnar, eins og sérfræðingar telja það vera í dag. Jafnframt því eru gerðar ýmsar ráðstafanir, sem áður hafa ekki verið gerðar á Alþingi, til að reyna að forðast, að krónan falli að nýju, og loks er gert ráð fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr byrði almennings af vöruverðshækkun og alveg sérstaklega þeirra, sem verst eru settir, t. d. með stórfelldri hækkun fjölskyldubóta, lækkun tekjuskatts, verzlunarfrelsi o. fl. Mun nánar að því vikið af öðrum.

Mál þetta hefur nú verið ýtarlega rætt á Alþingi. Flestir þm., sem kvatt hafa sér hljóðs um það, hafa talað í 1—3 klst. og sumir oft. Ég get þessa, svo að menn skilji betur, að erfitt er að gera málinu tæmandi skil í stuttri ræðu. En nokkra höfuðdrætti er hægt að sýna.

Mörg undanfarin ár höfum við Íslendingar eytt miklu meira en við öfluðum, og eftir að eigin fé og gjöfum Bandaríkjanna á vegum Marshall-hjálparinnar lauk, hefur afleiðingin orðið skuldasöfnun erlendis. Þessi greiðsluhalli eða skuldasöfnun nam á árunum 1955—58 hvorki meira né minna en 776 millj. kr. Enn verri er þó afkoman á síðasta ári, en þá varð aukning skuldanna um 350 millj. kr. Skuldaaukningin síðustu 5 árin er því yfir 1100 millj. kr., og er þá miðað við aðeins 16 kr. verð á dollara. Það þýðir, að miðað við meðalgengi vinstri stjórnarinnar er skuldaaukningin um 2000 millj. kr., en yfir 2500 millj., sé miðað við arf vinstri stjórnarinnar, þ. e. a. s. gengið, sem nú á að viðurkenna. Þetta svarar um 500 millj. kr. skuldaaukningu árlega síðustu 5 árin.

Hversu geigvænlegur þessi greiðsluhalli er, skilst bezt á því, að vegna hans þurftu Íslendingar á síðasta ári að verja 9% af öllum gjaldeyristekjum þjóðarinnar í vexti og afborganir af þessum skuldum. Og á næsta ári vex þessi baggi upp í 11—12% af öllum gjaldeyristekjunum, en það jafngildir 16% af andvirði allrar útflutningsvöru okkar. M. ö. o.: Íslendingar verða á næsta ári að greiða 1 kr. af hverjum 8—9 af öllum gjaldeyristekjunum upp í þessar skuldir, en 1 af hverjum 6, sé miðað við andvirði útflutningsvörunnar.

Enn betur skilja menn þó, hvernig komið er fyrir okkur, þegar athugað er, að á árunum 1951—55 þurftum við aðeins 1 kr. af hverjum 33 af gjaldeyristekjunum í þessu skyni. Alls nam sú upphæð þá 30 millj. kr. á ári. Í ár verður hún 163 millj., að ári 183 millj. kr. miðað við 16 kr. verð á dollar, en nærri 430 millj. kr. miðað við það gengi, sem vinstri stjórnin arfleiddi okkur að og viðurkenna á með þessu frv.

Ég bið hv. hlustendur að festa sér í minni, að það eru 430 millj. kr., sem við þurfum á næsta ári að greiða í vexti og afborganir af þessum eyðsluskuldum. Til samanburðar er, að rekstrarútgjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur eru á þessu ári áætluð aðeins um 200 millj. kr. Með þessu erum við dýpra sokknir í skuldafenið en nokkur önnur þjóð í heimi, ef til vill að einni undanskilinni.

Von er, að þeir, sem valda, framsóknarmenn og kommúnistar, séu kokhraustir og láti sem allt sé í stakasta lagi og eiginlega helzt engra aðgerða þörf.

Afleiðingin er hins vegar sú, að síðustu árin hefur engin alþjóðastofnun, sem gegnir því hlutverki að lána þjóðum, sem mörg verkefni eiga óleyst eins og við, getað lánað Íslendingum og ekki heldur þær, sem við eigum sjálfir aðild að. Þetta er dómur hlutlausra um helstefnu vinstri stjórnarinnar. Lán vinstri stjórnarinnar voru fengin frá öðrum og af annarlegum ástæðum, sem bezt er að ræða sem minnst um.

Annan óhugnanlegan drátt í þessari eymdarásjónu sjá menn á gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar. Í árslok 1954 áttu bankarnir hreina frjálsa gjaldeyriseign að upphæð 220 millj. kr. Í árslok 1959 er hún uppétin og í staðinn komin skuld, sem nemur 65 millj. kr., og er þá skuldin við EPU, sem nemur 110 millj. kr., ekki meðtalin. Í frjálsum gjaldeyri hefur staðan þannig á þessum 5 árum versnað um 285 millj. kr. Samtímis hefur staðan versnað um 15 millj. kr. í jafnkeypislöndunum, eða samtals um 300 millj. Ofan á þetta bætist svo, að í síðasta mánuði versnaði enn um 35 millj. eða alls um

335 millj. kr. á 5 árum. Var þá hver eyrir uppétinn og allar yfirdráttarheimildir bankanna notaðar til hins ýtrasta. Sýnir fátt betur, hversu botnlausu kviksyndi við erum í. Enn er hér reiknað með 16 kr. dollar. Séu þessar 335 millj. umreiknaðar í arf vinstri stjórnarinnar, gengið, sem nú á að viðurkenna, nemur upphæðin rúmum 780 millj. kr.

Alls námu yfirdrættir bankanna í janúarlok 150 millj. kr., eða rúmum 7 millj. dollara miðað við 16 kr. dollarann. Talið er, að Íslendingar verði að eiga minnst 20 millj. dollara gjaldeyrisvarasjóði, ef sæmilegt á að heita. Hér munar því yfir 1000 millj., miðað við nýju skráninguna.

Með þessu eru Íslendingar einnig á sviði gjaldeyrisstöðunnar orðnir verst stæðir allra þjóða, sem við þekkjum til.

Það er því engan veginn of mælt, þegar sagt er, að þjóðin riði á barmi greiðsluþrots og geti hvergi fengið lán að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum.

Hvað sem menn segja, hlýtur öllum að skiljast, að á þessari braut getum við ekki gengið áfram. Við verðum að stöðva okkur, byrja að greiða eyðsluskuldirnar í stað þess að auka þær og létta með því af okkur ofurþunga vaxta og afborgana. Þetta vita allir og vilja líka flestir hafa að leiðarljósi. En þá rekum við okkur á þá óþægilegu staðreynd, að það er ekki hægt nema með því að gerbreyta öllu efnahagskerfinu, vegna þess að bótakerfið, sem við nú búum við, hefur einmitt byggzt á erlendum lántökum til kaupa á hátollavörum. Þetta er kjarni málsins.

Að rétt sé með farið, skilst bezt á því, að ef flutt er út fyrir 100 kr., verður útflutningssjóður að greiða útflytjendum í meðalbætur tæpar 87 kr. Þegar svo flutt er inn fyrir þessar 100 kr., fær útflutningssjóður ekki sínar 87 kr. endurgreiddar, heldur aðeins rúmar 68 kr. meðaltekjur. Tapið getur útflutningssjóður aðeins unnið upp með tvennum hætti:

1) Að tekin séu erlend lán, en einkum þó étnir upp sjóðir og notaðir yfirdrættir. Af erlendum lánum þarf sjóðurinn aðeins að greiða 55 kr. af hverjum 100 kr., af hinu ekkert, í stað 87 kr. af útflutningsvörum landsmanna, en fær þó sömu tekjurnar af innflutningnum, eða 68 kr. af hverjum 100 kr.

2) Að flutt sé inn mikið af hátollavörum — lúxus, því að þá fær sjóðurinn miklu meira en ofannefndar 68 kr. meðaltekjur af hverjum 100 kr.

Allt var þetta vinstri stjórninni vel ljóst, þegar hún felldi krónuna undir fölsku heiti í maí 1958 um 35—46%. En hún þorði ekki að meðganga það, vegna þess að ef svo yrði gert, töldu kommúnistar sig tilneydda að fara úr stjórninni. Vinstri stjórnin vissi, að uppbótakerfið gekk með banvænan sjúkdóm. Hún gerði sér fulla grein fyrir, að með öllu var óhugsandi að afla fjár til bótanna nema með miklum innflutningi á hátollavöru, sem greiða varð með erlendum lánum. Að svo sé, sést bezt á því, að á árinu 1958 ákvað vinstri stjórnin að flytja þessar hátollavörur inn fyrir 226 millj. og afla þess fjár með lántöku. Reyndin varð svo sú, að þrátt fyrir lántökurnar gat hún ekki séð af meiri gjaldeyri í lúxusinn en 190 millj. Svipað fór fyrir Alþfl.-stjórninni. Hún varð að ætla 212 millj. í þessu skyni, en gat þó aldrei flutt inn fyrir meira en 190 millj. vegna gjaldeyrisskorts. En allt sannar þetta, að allir vissu fyrir löngu, að erlend lán og hátolla-lúxus-innflutningur voru skilyrði þess, að bótakerfið gæti haldið áfram.

Nú er þessari sögu lokið. Kerfi, sem lifir á lánum og lúxus-innflutningi, er dautt, þegar lán fæst ekki lengur að óbreyttu kerfi. Og það er einmitt þannig ástatt fyrir okkur Íslendingum í dag. Okkur lánar enginn, nema við hættum að riða á glötunarbarminum og reynum a. m. k. að snúa inn á brautina, sem liggur til bættra lífskjara. Þetta sker úr.

Sér til gamans geta menn svo hugsað sér, að við hefðum enn reynt að feta okkur áfram á glæfrabraut uppbótanna. Við hefðum þá orðið að leggja nýja árlega skatta á þjóðina að upphæð 250—300 millj. kr. án þess að afnema aðra skatta, eins og nú er gert. Ella gátu ríkissjóður og útflutningssjóður ekki staðið í skilum og það jafnvel þótt einhver erlend lán hefðu fengizt. Af þessu leiddi hreina kjaraskerðingu, sem nam 5—6%, annars hefði þurft nýja svipaða skatta í lok þessa árs. Allir sjá, hvert það stefnir. En auk alls þessa hefðum við svo enn setið uppi með þetta dauðadæmda bótakerfi, sem leikur þjóðina því verr, sem það stendur lengur, vegna þess að það ýtir undir þá framleiðslu, sem verst ber sig, og færir með því allt heilbrigt efnahagslíf úr skorðum, sökkvir þjóðinni æ dýpra í fen skulda og skatta og endar á því að leiða yfir hana hrun, atvinnuleysi og hörmungar.

Þessa 5—6 stiga kjararýrnun hefðu menn orðið að þola alveg bótalaust, jafnt fjölskyldumenn sem öryrkjar og aldrað fólk, sem nú eiga að fá fullar bætur, jafnframt því sem sú hækkun vísitölunnar um 13 stig, sem leiðir af þessu frv., verður greidd niður í 3 stig.

En, segja menn, allar aðkeyptar vörur stórhækka í verði. Satt er það. En er það nokkuð nýtt? 1950 var krónan lækkuð um 42.6%. Gengisfelling vinstri stjórnarinnar nemur í dag 35—46%. Sú krónulækkun, sem nú er verið að viðurkenna, nemur þó ekki meira en frá 20—34%. Lækkun krónunnar nú er m. ö. o. aðeins nokkur hluti af lækkuninni 1950 og af lækkun vinstri stjórnarinnar. Sú hækkun vöruverðs, sem nú skeður, er því miklu minni en þá varð, þótt benda megi á örfáar vörutegundir, sem af sérstökum ástæðum hækka meira.

Það er eðlilegt, að menn kvarti undan verðhækkunum nú sem fyrr. En það er óeðlilegt og óskiljanlegt, að kvartað sé meira nú er 1958, því að þá var gengisfallið miklu meira en nú. Og það stappar nærri óskammfeilni, þegar þeir æðrast nú og reyna að æra almenning út af krónulækkuninni, sem bæði lækkuðu krónuna miklu meira 1958 og auk þess bera höfuðábyrgð á, að enn er krónan fallin. Gildir þetta jafnt um Alþb. sem Framsókn.

En hvað sem þessu líður, — menn kvíða verðhækkunum, og það er von. Og nú er spurt: Þarf að skerða kjörin?

Ég hef þegar sýnt fram á, að bótaleiðin, þótt fær hefði verið áfram í eitt ár eða svo, sem ekki var, hefði skert kjörin miklu meira, beint og óbeint. En rétta mynd af úrræðum okkar fá menn þó ekki án samanburðar við, hvað orðið hefði, ef stjórnina hefði skort þekkingu og þrek til að reyna að skera fyrir rætur meinsins, eins og ætlað er með þessum aðgerðum. Þessi samanburður fæst, ef þjóðin lætur blekkjast til andstöðu við þessi úrræði. Þau munu þá fara út um þúfur, og þá mun þjóðin fá réttan skilning á þeim mönnum, sem nú eru að villa henni sýn. En sú reynsla verður dýrkeypt, svo dýrkeypt og örlagaþrungin, að öllum, sem sjá voðann fram undan, er skylt að verja þjóðina gegn honum, hvað sem það kostar. Til leiðbeiningar er mönnum hollt að gera sér ljósa grein fyrir, að undanfarin 5 ár hefur þjóðin árlega eytt 500 millj. kr. meira en hún hefur aflað. Það þýðir, að vinir okkar og þá fyrst og fremst Bandaríkjamenn hafa árlega lánað hverju mannsbarni á Íslandi um 3000 kr. til kaupa á hátollavöru — lúxus. Á 5 manna fjölskyldu nemur þetta 15 þús. kr. árlega, ef miðað er við arf vinstri stjórnarinnar, 38 kr. verð á dollara. Nú, þegar enginn vill lengur lána okkur til að lifa um efni fram, fær þjóðarbúið árlega til ráðstöfunar upphæð, sem er sem svarar 15 þús. kr. minni á hverja 5 manna fjölskyldu. Þann niðurskurð á tekjunum verða því menn að horfast í augu við, hvort sem fall krónunnar verður viðurkennt eða ekki. Sagan er þó lengri. Nú snýst hjólið nefnilega við. Nú fá menn ekki eyðslulán lengur. Nú verður hið opinbera hins vegar að taka af hverjum gjaldþegn nokkurn hluta teknanna til greiðslu upp í skuldir þjóðarinnar. Þar bætist við þessar 15 þús., sem ég nefndi.

Þetta er hollt, að menn hafi hugfast, þegar þeir kveða upp dóm yfir þeim bráðabirgðabyrðum, sem nú eru á þá lagðar.

Rétt er að vekja athygli á, að það er í meginefnum rangt, þegar reynt er að telja fólki trú um, að þessi voðalega skuldasöfnun stafi fyrst og fremst af skipakaupum og annarri slíkri fjárfestingu. Þetta sést m. a. á því, að Íslendingar hafa ekki ráðizt í neitt annað eða meira í tíð vinstri stjórnarinnar en árið áður, og var skuldasöfnunin þá ekki nema 130 millj. kr. Allar þjóðir verða líka að freista þess að láta árlegar tekjur standa undir viðhaldi og eðlilegri aukningu framleiðslutækjanna, auk vissra stærri framkvæmda, a. m. k. að nokkrum hluta. Þetta hefur okkur láðst. Það er ásetningssynd. Vinstri stjórnin vildi ekki, að Íslendingar sniðu sér stakk eftir vexti. Hún vildi taka lán, — eyðslulán, — beinlínis vegna þess að án mikils innflutnings á hátollavörum, sem greiddar voru með erlendum lánum, gat bótakerfið ekki staðizt, en a. m. k. kommúnistar héldu og halda í það dauðahaldi. Ber hvort tveggja til, að þeir óttast, að án þess dragi úr hófi úr viðskiptum Íslands við löndin austan járntjalds, sem þó er alveg ástæðulaust, en auk þess þora þeir ekki að meðganga krónulækkun, nema undir fölsku heiti.

Með þessum fáu orðum vona ég, að mér hafi tekizt að sýna, hversu hörmulega við Íslendingar erum komnir og hverjir valda. Ég vona líka, að þrátt fyrir það moldviðri, sem upp er þyrlað, skiljist öllum hugsandi mönnum, að við eigum ekkert val. Það, sem gera þarf, er þetta:

1) Að viðurkenna sannvirði krónunnar, eins og vinstri stjórnin skildi við hana, skammbitna, smáa og skörðótta.

2) Að tryggja, að þessi neyðarráðstöfun komi sem léttast niður á almenningi, einkum þeim, sem minnst burðarþol hafa.

3) Að hlaða varnargarð um krónuna.

Allt þetta er gert með því frv., sem hér er til umræðu.

Sérfræðingar okkar hafa eftir ýtarlegar athuganir talið, að lækkunin yrði að vera minnst 20—34%, og verða þá 38 kr. í bandarískum dollar. Með þessu er ætlað að afnema bótakerfið og reka atvinnuvegi landsmanna styrkja- og hallalaust.

Með niðurgreiðslum á kaffi, sykri og kornvöru, en einkum þó svo stórfelldri breytingu á tryggingalöggjöfinni, að sumir kalla, að skapað sé nýtt þjóðfélag, eru léttar byrðar almennings, og verða hjón með þrjú börn á framfæri, öryrkjar og aldrað fólk með öllu skaðlaust af þessum ráðstöfunum. Hefur aldrei fyrr neitt svipað verið aðhafzt hér, þegar Alþingi hefur viðurkennt gengislækkun. Eru þá ótaldar breytingar á tollum og sköttum, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir við 1. umr. fjárlaga og mörgum eru til mikilla hagsbóta, svo sem niðurfelling tekjuskatts af almennum launatekjum.

Í þessum umr. hefur auðvitað verið skipzt á spjótalögum. Einna verstu skeinuna fékk hv. 1. þm. Austf. hjá hæstv. menntmrh., enda bitast kunnugir bezt. Ljóstraði ráðh. mörgu áður ókunnu upp um vinstri stjórnina og sannaði, að flestar staðhæfingar Eysteins Jónssonar nú stangast algerlega á við skoðanir hans og fullyrðingar þá, og sýndi, að þessi fyrrv. fjmrh. hefur látið hafa sig í það að fara með furðulegt fleipur í veigamestu þáttum þessa mikla máls.

Af öðrum meiri háttar mönnum fékk hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, einna verstan áverka. Hann hefur með alkunnri mælsku sinni skýrt fyrir okkur, að við stefnum norður og niður. Innan skamms takist okkur að leggja allt í rúst, sem við á síðustu tveim áratugum með glæsilegum stórhug og atorku höfum byggt upp sjálfum okkur til lofs og dýrðar, en öllum erlendum til mikillar undrunar.

Hv. 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, brá brandi sínum og geigaði ekki. Hann gerði sér lítið fyrir og las upp nál. þessa sama þm., þegar krónan var felld 1950. Þá spáði Einar Olgeirsson hruni og flagi, alveg eins og nú. Hvernig rættust þeir spádómar? spurði Gísli Jónsson. Þannig, sagði Gísli, að samkv. eigin orðum Einars Olgeirssonar hafa framfarirnar aldrei frá landnámstíð verið jafnmiklar og þennan áratug og

þann næsta á undan. Ætli spádómar Einars reynist ekki eitthvað svipað raunhæfir nú? spurði Gísli Jónsson ósköp góðlátlega. Ég heyrði Einar Olgeirsson aldrei svara þessu. Honum verður annars sjaldan orðfall. Hvorki vinnst mér tími til né hef ég áhuga á að endurtaka hér höfuðatriðin úr þeim 30—40 klukkustunda umræðum, sem fram hafa farið um þetta mikilvæga mál hér í hv. d. En hitt nefni ég, af því að það skiptir höfuðmáli, að andstæðingar okkar eru ósammála um allt, sem á veltur í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Eysteinn Jónsson verðskuldar, að unnendur krónulækkunar taki hann í dýrlingatölu. Hann felldi krónuna beint og óbeint 1939, 1950, 1951, 1955, 1956 og 1958, svo að dæmi séu nefnd. Ég segi þetta ekki til ámælis. Ég skýri aðeins frá staðreyndum.

Einar Olgeirsson hefur hins vegar alltaf staðið gegn því, að viðurkennt yrði það fall krónunnar, sem að verulegu leyti stafar af óraunhæfum kauphækkunum, sem hann og hans flokkur bera mesta ábyrgð á.

Eysteinn Jónsson hefur verið að burðast við að skrifa ævisögureyfara í tveim bindum, sem heita Byggðastefnan og Uppbyggingarstefnan. Fjalla þeir um vilja Sjálfstfl. og Framsfl. til að beina fjárstraumnum út í strjálbýlið. Þykist Eysteinn nú óttast, að við ætlum að bregðast þeirri hugsjón okkar, og lætur byggja andstöðuna gegn þessu máli á því.

Þessa stefnu Eysteins Jónssonar kallar Einar Olgeirsson hins vegar „snarvitlausa fjárfestingarstefnu" og aðalbölvaldinn í efnahagslífi þjóðarinnar.

Ekki er nú samkomulagið gott. Hvernig lízt fólki á að fela þessum sundurþykku samherjum að stýra málefnum þjóðarinnar? Það er seigt í líftaug þjóðarinnar, þoli hún þau átök, sem þar verða, ég segi bara það.

Þetta er rétt að menn athugi nú, þegar þessar fylkingar eru að síga saman í því skyni að brjóta niður varnargarða þjóðarinnar. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir, að takist þeim þetta, er ekkert fram undan nema alger glundroði, m. a. vegna þess, að Framsókn og kommúnistar eru ósammála um allt annað en að vilja hrifsa til sín völdin. Þegar þessi mynd blasir við augum, skilst bezt alger uppgjöf Framsóknar í málinu, þegar flokkurinn í nál. sínu hefur þá einu till. fram að bera, að þingflokkarnir nefni tvo menn hver í nefnd, sem innan þriggja vikna segi okkur, hvað við eigum helzt að gera. Í 30—40 klukkustundir er stjórnarandstaðan búin að vera að húðskamma okkur fyrir, að ekki sé heil brú í till. okkar, sem við höfum þó ásamt með sérfræðingum okkar unnið að svo að segja dag og nótt undanfarna mánuði. Í þeim á engin heil brú að vera, ekkert nema svik við þjóðina og illmennskan ein. Er ekki ósköp líklegt, að við látum sannfærast á þremur vikum, aðeins ef flokkarnir skipa nefnd? Og um hvað eigum við svo að sannfærast? Það, sem kommúnistar segja? Eða það, sem Framsókn krefst? Ekki er hægt að þjóna báðum, úr því að þeir eru algerlega á öndverðum meið í aðalefnunum. Eða ætla kannske báðir að kyngja öllum stóryrðunum og gleypa okkar till. í ofanábót til bragðbætis, aðeins ef þeir fá að komast í n. með okkur? Eða er það kannske ríkisstj., sem þeir meina og langar í? Þeir ættu sjálfir að skipa n. til að athuga, hvort slík framkoma á örlagastundu í lífi þjóðarinnar sýnir þjóðhollustu, — hvort þetta athæfi sé yfirleitt samboðið nokkrum hugsandi og ábyrgum manni.

Till. Framsfl. sannar þrennt:

1) Hann er í aðalefnum sammála úrræðum okkar og getur því ekki borið fram neinar sjálfstæðar tillögur.

2) Honum er ljóst, að þjóðin krefst aðgerða, heimtar, að henni sé vísað til vegar — frá glötunarbarminum og til öryggis og bættra lífskjara.

3) Að flokkurinn vill og þarf að komast í ríkisstjórn.

Og nú langar mig að spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að menn tala eins og verið sé að leiða þjóðina í ógæfu, þegar nú er af þekkingu og þreki gerð öflug tilraun til björgunar og viðreisnar?

Sjálf viðurkenningin á lækkun krónunnar og þar af leiðandi hækkun vöruverðs getur ekki verið ástæðan. Þetta hefur þjóðin margreynt og það í miklu stærri stíl en nú. Framsókn hefur líka staðið að öllum krónulækkunum, og jafnvel kommúnistar léðu fúsir sitt lið bæði 1956 og 1958, af því að þeir voru í stjórn.

En hvað er það þá eiginlega, sem nú er um að vera? Það, sem veldur, er:

1) Að báðir andstöðuflokkar okkar setja það ofar hagsmunum þjóðarinnar að freista þess að afla sér aukins fylgis.

2) Að Framsfl. sýnist hafa fengið eins konar óðavaldabólgu — liggja lífið á að komast í stjórn og það tafarlaust. Hvernig á því stendur, veit ég ekki með vissu og fullyrði því ekkert um það.

En það bið ég þjóðina að athuga, að þessir gömlu gengisfellingarfrömuðir þora ekki að ráðast á gengisfellinguna. Það er of gegnsætt. Árásunum er þess vegna beint að því, sem nú á að gera til þess að reyna að tryggja framtíð krónunnar. Vaxtahækkun, verzlunarfrelsi, gjaldeyrisvarasjóðir, jafnvel skattalækkanir og yfirleitt allt, sem á að verja gegn svokölluðu árlegu krónufalli, er ófrægt og nítt á alla vegu. Á þetta alveg sérstaklega við um hækkun vaxta. Það er eins og lífið liggi við, að ekki takist að reisa varnargarð um verðgildi krónunnar. Þó ættu þessir menn að vita, að löngu er áníðslan á sparifjáreigendur orðin með öllu óþolandi og beinlínis þjóðhættuleg. Þetta fólk, sem með ráðdeild hefur lagt krónu við krónu og með því lagt allan grundvöll efnahagslífsins, á líka sinn rétt. Auðvitað er engum gleðiefni, að skuldugir menn, enda þótt margir séu vel stæðir og sumir ríkir, að ekki séu nefndir þeir efnalitlu, séu hart leiknir. En verður ekki harmagrátur kommúnistanna yfir hækkun útlánsvaxta dálítið hlægilegur, þegar höfð eru í huga þeirra eigin orð um, að þeir ríku hafi

allt fé almennings að láni? Finnst mönnum umhyggja kommúnista fyrir þeim ríku ekki helzt til mikil? Og hvað segja svo sparifjáreigendur, allir hinir mörgu, sem þurft hafa að þola sílækkandi verðgildi spariskildinga sinna? Finnst þeim ekki anda óhugnanlega kalt til sín, að kommúnistar og raunar ekkert síður Framsókn skuli alveg ganga af göflunum út af því, að þeir skuli nú eiga að fá verulega vaxtahækkun?

Mig langar að heyra þetta atriði varið hér í kvöld.

Eystein Jónsson skilja allir betur. Hann stýrir nefnilega alltaf eftir sama áttavitanum.

Án efa ræður það nokkru um ofsa andstæðinganna út af bráðabirgðavaxtahækkuninni, að þeir vita, að í bili er hún óvinsæl hjá mörgum. Þá er að ganga á lagið. Hvað sem öðru líður, ættu það þó a. m. k. að vera öllum skuldugum sárabætur, að verið er að bæta eilítið úr löngu misrétti gegn sparifjáreigendum. En auk þess eiga allir, þegar rétt er á litið, þá sameiginlegu hagsmuni, að traustið á krónunni vaxi og það traust bregðist ekki. Það er ekki eingöngu *mesta hagsmunamál sparifjáreigenda*, heldur líka athafnamanna, sem með vaxandi sparifjáreign þjóðarinnar fá rýmri aðgang að rekstrarfé. Enginn á þó meira í húfi en æska landsins. Megi hún treysta krónunni, lærir hún að spara. Þá leggur unga fólkið krónu við krónu til kaupa á íbúð og innbúi. Og þá frelsum við næstu kynslóð frá að bera kinnroða vegna athæfis okkar.

En það skulu menn vita, að bresti Íslendinga þrek til átaks, væflumst við áfram á gjábarminum, endar sá harmleikur með því, að aðrir sjá aumur á okkur og forða okkur frá hörmungum og hruni með því að taka okkur til skuldaskila og afgreiða okkur með eftirgjöfum og ölmusum. Er það þetta, sem Íslendingar vilja? Er þetta í samræmi við íslenzkan þjóðarmetnað og þjóðarsál? Nei, og aftur nei. Þjóð, sem um aldaraðir hefur barizt fyrir frelsi og fullveldi, segir sig ekki til sveitar á öðrum áratug lýðveldisins. Svo hundflatir leggjast Íslendingar aldrei fyrir fætur Mammons, enda þótt hann sýnist ætla að verða okkur skeinuhættari en fátæktin.

Ég skora á landsmenn alla að ljá okkur fast fylgi og fullan atbeina. Við gerum það eitt, sem er heillavænlegast, og við vitum, að alls engin önnur úrræði til úrbóta en þau, sem hér eru fram borin, eru til.

Við vitum, að það er hægt að villa mönnum sýn, espa til andstöðu, úlfúðar og jafnvel verkfalla. Okkur er vel ljóst, að auðveldara var að stinga höfðinu í sandinn. En hafa ekki Íslendingar líka oft metið áræðið? Jú, vissulega. Og enn skal því treyst, að menn sýni þessum till. samúð og a. m. k. biðlund. Þjóðin á allt undir því.

Stjórnir koma og stjórnir fara. Það skiptir minnstu. En þjóðir, sem of lengi ganga á hinum breiða vegi andvaraleysis, þær leika sér að fjöregginu — fjárhagslegu og pólitísku sjálfstæði sínu.

Íslendingar! Teflum ekki því, sem við lengst höfum barizt fyrir og mest metum — sjálfstæðinu — í tvísýnu. Ef illa fer, mundum við allir vilja allt til vinna til þess að höndla hnossið að nýju. En þá er það langsennilegast um seinan. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frv. það, sem hér er til umræðu, varðar meir alla alþýðu þessa lands en nokkurt annað mál svipaðs eðlis, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um langt árabil. Í áróðursbæklingi, sem dreifa á um allar jarðir á kostnað ríkisins, hafa stjórnarflokkarnir í fullu blygðunarleysi kennt frv. við viðreisn, og hér á Alþingi hafa þeir verið margorðir um viðreisnartill. þess.

Þetta er hið mesta öfugmæli. Með frv. er þvert á móti stefnt að því að rífa niður þau lífskjör, sem íslenzkri alþýðu hefur tekizt að afla sér með mætti samtaka sinna og verkalýðshreyfingin hefur stuðlað að, þegar hún hefur getað haft áhrif á stefnu stjórnarvaldanna í atvinnu- og verðlagsmálum.

Aðalefni þessa frv. er að fella gengi íslenzku krónunnar, svo að einn dollar jafngildi 38 kr. Með þessari ráðstöfun er nýju dýrtíðarflóði hleypt yfir landið, stærri bylgju en nokkru sinni áður. Allt verðlag hækkar stórlega, og *þessar hækkanir á almenningur að taka á sig* bótalaust, því að jafnframt gengisfellingunni á að banna með lögum, að launþegar fái upp borinn aukinn framfærslukostnað í hækkuðu kaupi, eins og þeir eiga rétt til samkv. samningum stéttarfélaganna og gildandi lögum. Það á að lögbanna, að kaup sé greitt samkv. vísitölu.

Hér er því ekki aðeins verið að lögbjóða mikla kauplækkun, heldur er hér einnig á ferðinni ósvífin árás á samningsfrelsi verkalýðshreyfingarinnar.

Formælendur þessa frv. hafa lítið gert að því undanfarið að nefna hlutina réttum nöfnum, og auðvitað kalla þeir þetta atriði ekki þeim nöfnum, sem ég hef gert. Ónei, þeir eru sakleysið sjálft á svipinn og segja aðeins, að verið sé að koma í veg fyrir vixlhækkun verðlags og launa.

Í full 20 ár hafa launþegar í þessu landi búið við það fyrirkomulag að fá hækkaðan framfærslukostnað bættan í kaupi eftir vísitölu, annaðhvort með samningum við atvinnurekendur eða eftir lögum, nema hvort tveggja hafi verið. Ævinlega hefur verðlagið hækkað fyrst og kaupið síðan sem afleiðing verðhækkananna, en ekki öfugt, eins og reynt er að halda að fólki.

Þetta fyrirkomulag hefur verið sjálfsögð ráðstöfun, til þess að réttur hins vinnandi manns væri ekki fyrir borð borinn. Og hvernig halda menn, að ástandið hefði verið undanfarna tvo áratugi, ef þetta fyrirkomulag hefði ekki verið í gildi, jafnmiklar verðhækkanir og orðið hafa? Engum dettur í hug, að verkalýðshreyfingin hefði þolað þær bótalaust. Halda menn þá, að vinnufriðurinn hefði verið tryggari, framleiðsl-

an meiri og afköstin betri, ef verkalýðshreyfingin hefði þurft að sækja hvern einasta eyri með síendurtekinni kaupgjaldsbaráttu? Auðvitað ekki. En hvað hefur þá breytzt? Þeir, sem trúa, að verkalýðshreyfingin sé í dag veikari, ættu að skoða hug sinn betur, áður en þeir hætta á að eiga allt undir því.

Þegar verkalýðshreyfingin gerir samninga við atvinnurekendur, er gengið út frá ákveðnu vöruverði. Breytist verðlagið, á kaupið einnig að breytast.

Nú á að snarhækka allt verðlag, en jafnframt er sagt við verkamanninn, sjómanninn og bóndann: Kaup þitt á ekki að hækka, eins og samningar og lög mæla fyrir. Það á að vera hið sama í krónutölu eftir sem áður. — Það jafngildir að taka frá hinum vinnandi manni hluta af því, sem hann annars hefði borið úr býtum. Ég eftirlæt mönnum að gefa slíkum verknaði nafn.

En formælendur frv. hafa reynt að afsaka sig hér með því, að stéttasamtökin hafi tekið til sín stærri sneið úr þjóðarbúinu en þau máttu. Þessi fullyrðing hefur ekki við rök að styðjast. Það er þvert á móti staðreynd, að þjóðarframleiðslan hefur farið sívaxandi á liðnum árum, en kaupmáttur launanna hefur ekki aukizt, nema síður væri, og hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum hefur farið minnkandi, en ekki stækkandi. Afraksturinn af aukinni framleiðslu hefur því farið annað en til þeirra.

Ein af afleiðingum þessa frv. hlýtur óhjákvæmilega að verða sú, að skipting þjóðarteknanna verður mun ranglátari en áður og þá ekki síður eignaskiptingin. Þar græða stóreignamenn og skuldakóngar á kostnað launafólks og sparifjáreigenda, en einmitt þetta er táknrænt fyrir alla stefnu frv., að gera aðstöðu hinna sterku sterkari á kostnað þeirra, sem minna mega sín.

Í grg. frv. er gert ráð fyrir, að vísitalan muni hækka um 13% vegna gengislækkunarinnar einnar.

Með hliðarráðstöfunum, sem eru aðallega fólgnar í auknum fjölskyldubótum og niðurgreiðslum á innfluttum vörum, er talið, að hækkun vísitölunnar muni ekki nema meira en tæpum 3 stigum.

Við höfum áður kynnzt hagfræðilegum útreikningum af þessu tagi, og þeir hafa aldrei staðizt. Er rétt að minnast útreikninga hagfræðinganna er gengislækkunin var framkvæmd árið 1950. Þá fullyrtu þeir, að vísitalan mundi ekki hækka nema um 11 stig. En reynslan var bara sú, að hún hækkaði um meira en tvöfalda þá upphæð.

Fullyrðingar hagspekinganna munu ekki heldur standast nú, og líklegt má telja, að svipuð skekkja eigi eftir að sýna sig og varð 1950.

En hve miklu teljum við þá, að kjaraskerðingin nemi? Þessu er að sjálfsögðu ekki hægt að svara nákvæmlega, og auk þess kemur skerðingin mjög misjafnlega niður. Ef reiknað er með sömu fjölskyldustærð og lögð er til grundvallar við útreikning vísitölunnar, þ. e. a. s. hjón með 2.2 börn og sömu útgjaldaupphæð, eða 60900 kr. á ári, og sömu skiptingu þessarar upphæðar í neyzluflokka og gert er í vísitölunni, má gera ráð fyrir, að útgjöld þessarar fjölskyldu hækki um nálega 13700 kr., eða sem svarar 23%.

Í sárabætur á þessi fjölskylda að fá niðurfellingu á tekjuskatti, sem nemur 1100 kr., og 5500 kr. í fjölskyldubætur, eða samtals 6600 kr. Þegar þessi upphæð er dregin frá útgjaldaaukningunni, sem nam 13700 kr., verða eftir 7100 kr., eða ca. 11% sem bein kjaraskerðing.

Rétt er að taka það fram, að þessi fjölskyldustærð verður fyrir tiltölulega minnstri skerðingu vegna þess, hve háar fjölskyldubætur hún fær sem beina aukningu. Það er hin mesta blekking, þegar því er haldið fram, að fjölskyldur með fleiri börn verði fyrir tiltölulega minni skerðingu, því að auðvitað aukast útgjöldin einnig, því fleiri sem börnin eru.

Stórir hópar verða að taka á sig alla kjaraskerðinguna, allar verðhækkanirnar, algerlega bótalaust. Á þetta einkum við um alla námsmenn, þ. á m. iðnnema, stúlkur í verksmiðjum og verzlunum og fjölda annars láglaunafólks, sem svo til engan tekjuskatt hefur borið og fær því alls engar bætur.

Um sárabætur þær, sem almenningur á að fá til að draga úr sárasta broddi kjaraskerðingarinnar, er þetta að segja: Auðvitað fagna því allir, að almannatryggingar eru endurbættar og auknar. Þess er mikil þörf og hefði þurft að gera fyrir löngu. En gallinn er bara sá, að loks þegar lagfæra á tryggingarnar, er viðbótin að mestu tekin aftur með afleiðingum gengislækkunarinnar. Tekjuskatturinn hefur aldrei verið þyngsta byrðin á láglaunafólki. Og við þetta hvort tveggja er svo því að bæta, að auk gengislækkunarinnar á að leggja nýja skatta og tolla á almenning, sem nemur hærri upphæð en samanlagðri upphæð, er til almannatrygginga á að fara, 152 millj. kr., og þeim 75 millj. kr., sem talið er að lækkun tekjuskattsins muni nema. Með sanni má því segja, að tekið sé með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni.

Í undangengnum umræðum um þetta mál hafa verið leidd sterk rök að því, að öll stefna frv. miði að samdrætti í atvinnulífinu, og verði hún framkvæmd, mun óhjákvæmilega draga úr atvinnu og jafnvel hætta á atvinnuleysi.

Það, sem gert hefur það að verkum, að alþýða manna hefur haft bærilegar tekjur á undanförnum árum, er hin mikla atvinna, sem hér hefur verið. Minnkandi atvinna, að ég nú ekki tali um atvinnuleysi, mundi vera miklu þungbærari kjaraskerðing öllu verkafólki en hin beina kauplækkun.

Formælendur frv. hafa hver eftir annan svarið fyrir, að stefna þess gæti leitt til atvinnuleysis. Við skulum vona, að þeir hafi rétt fyrir sér. Fátt hræðilegra gæti hent alþýðuheimilin en að vofa atvinnuleysis birtist á ný.

En ótti okkar er ekki ástæðulaus. 1950 var einnig svarið fyrir, að atvinnuleysið gæti orðið

afleiðing gengislækkunarinnar. En hver varð reyndin? Veturinn 1951—52 voru skráðir 2000 atvinnuleysingjar hér í Reykjavík. Við óttumst, að enn kunni svo að fara. En verði svo, þá veit fólkið, að sú ógæfa hefur vitandi vits verið leidd yfir þjóðina af valdamönnum hennar.

Afstaða verkalýðshreyfingarinnar til verðhækkana hefur ávallt verið ein og hin sama, að þola þær ekki bótalaust. Þetta sjónarmið mótaði hugi fulltrúanna, er sóttu ráðstefnu þá, sem verkalýðsfélögin héldu í ágúst í sumar. Fulltrúar þessir voru víðs vegar að af landinu og með ólíkar stjórnmálaskoðanir. En þeir samþykktu allir sem einn að ráðleggja verkalýðsfélögunum að segja upp samningum sínum, vegna þess að þeir óttuðust, að í uppsiglingu væru ráðstafanir í efnahagsmálunum, sem gætu leitt til verðhækkana.

Nokkru eftir þessa ráðstefnu hafði Alþýðublaðið tal af nokkrum forustumönnum Alþýðuflokksins í verkalýðshreyfingunni um verðlags- og kaupgjaldsmál.

Einn af þeim, sem rætt var við, var varaforseti Alþýðusambandsins, hv. 10. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson. Yfirskrift viðtalsins var: „Aðvörun til stjórnmálaflokkanna og þjóðarinnar á síðustu stundu.“ Og honum fórust m. a. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ef dýrtíðarflóðinu verður aftur hleypt yfir þjóðina, þá erum við lausir allra mála. Við munum hefja okkar varnarráðstafanir þegar í stað. Þetta er aðvörun til stjórnmálaflokkanna, en það er um leið aðvörun til þjóðarinnar í heild.“ Þannig mælti Eggert Þorsteinsson.

Frú Jóhanna Egilsdóttir, form. verkakvennafélagsins Framsóknar, svaraði blaðamanninum á þessa leið, þegar hann spurði, hvort verkakonur vildu una hækkun á vöruverði: „Nei, það er afskorið með öllu. Ef hróflað verður við vöruverðinu til hækkunar, hvort sem það er gert með beinum verðhækkunum eða svokölluðum niðurgreiðslum, þá förum við af stað. Það er líka augljóst mál, að þá fara allar stéttir af stað, þá verða vinnudeilur, þá verða verkföll, þá verða kauphækkanir. Það getur enginn efazt um þetta.“

Þannig mælti formaður verkakvennafélagsins Framsóknar fyrir nokkrum mánuðum. En orð þessara forustumanna eru ekki í minna gildi í dag en þau voru þá.

Ýmis verkalýðsfélög hafa þegar rætt efni þessa frv. og gert sínar samþykktir. Þær eru allar á einn veg: félögin mótmæla frv. og vara við afleiðingum af samþykkt þess. Undir þessar aðvaranir vil ég eindregið taka. En verði frv. að lögum, á alþýðan í landinu, til sjávar og sveita, þann kost einan að fylkja sér einhuga til varnar gegn hinum illu afleiðingum laganna, en fyrir eflingu atvinnuveganna og réttlátari skiptingu þjóðarteknanna, sem tryggi henni batnandi lífskjör.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstjórnin boðar nýja stefnu í efnahagsmálum. Hin nýja stefna er fólgin í eftirfarandi ráðstöfunum:

1) Gengislækkun, sem jafngildir almennri verðhækkun, 25—50%.

2) Allir tollar og skattar uppbótakerfisins gamla skulu standa áfram, en auk þess skal nú hækka tolla og leggja á nýjan söluskatt, samtals 400 millj. kr.

3) Kaup skal standa óbreytt í krónutali, hvað sem allri dýrtíð líður.

4) Ný stefna er boðuð í peningamálum. Útlán skulu minnka, vextir hækka og sérstaklega tekið fram, að lán til framleiðslu skuli minnka og stofnlán til framleiðsluframkvæmda verði óhagstæðari. Taka skal hluta af sparifé fólks úti á landi og geyma það í Seðlabankanum í Reykjavík. Þá er boðaður samdráttur í innflutningi vara til landsins, sem nemur 20%, og sem innsigli á stefnuna boðar ríkisstj. svo, að tekið verði 800 millj. kr. erlent lán, sem einvörðungu skuli varið til almennrar eyðslu, en megi alls ekki fara til framkvæmda.

Þessi er nýja stefnan í efnahagsmálunum. Hvaða rök færir ríkisstjórnin fyrir þessari nýju stefnu? Rökin eru aðallega þessi:

1) Greiðsluhallinn við útlönd. Sagt er, að greiðsluhallinn hafi s. l. 5 ár numið 200 millj. kr. á ári, eða um 1000 millj. kr., þjóðin sé því sokkin í botnlausar skuldir erlendis og gjaldþrot blasi við.

2) Greiðslubyrðin af erlendu lánunum er orðin þjóðinni óbærileg, segir ríkisstjórnin.

3) Uppbótakerfið var úr sér gengið, það beinlínis lifði á erlendum lántökum, er sagt. Útflutningssjóður hlaut að verða rekinn með tapi, vegna þess að hann greiddi um 87% meðalútflutningsbætur, en fékk ekki nema 69% tekjur af innflutningi. Hið margfalda gengi var hættulegt.

Þetta eru aðalrök ríkisstj. fyrir málinu og þau, sem hún vill réttlæta hinar gífurlega háu álögur með. Við skulum athuga þessi rök nokkru nánar.

Er það rétt, að gjaldeyrishallinn hafi numið 1000 millj. kr. s. l. 5 ár? Nei, það er alrangt. Samkv. opinberum skýrslum hagfræðideildar Landsbankans er greiðsluhallinn árin 1954—58, en það eru síðustu 5 árin, sem skýrslur eru til um, 584 millj. kr., en ekki 1000 millj. kr. Með þessum tölum um greiðsluhallann er þó sagan ekki nema hálfsögð. Í þessum tölum er ekki reiknað með birgðaaukningu, sem orðið hefur á tímabilinu, og ekkert getið um hinn sérstaka innflutning vegna stórframkvæmda, sem unnið var að í landinu á þessum tíma.

Við skulum líta nánar á gjaldeyrisuppgjör ársins 1958, en hagstofan hefur nýlega sent frá sér greinargerð um það. Það uppgjör varpar nokkru ljósi yfir málið. Öll gjaldeyrisútgjöld ársins 1958 eru talin 1626 millj. kr., en allar innkomnar gjaldeyristekjur 1536 millj. kr. Greiðsluhalli er því talinn bókhaldslega 90 millj. kr. En þess ber að gæta, að á þessu ári jukust birgðir af útflutningsvöru í landinu um 90 millj. kr. Sé sú gjaldeyrisframleiðsla, sem liggur í auknum birgðum, talin með, kemur í ljós, að við öfluðum jafnmikils gjaldeyris árið 1958 og við ráðstöfuðum. Þetta ár var því ekki um neinn hallabúskap að ræða. En svo má ekki

gleyma hinu, að í gjaldeyrisútgjöldum þjóðarinnar árið 1958 eru taldar 100 millj. kr. vegna sérstakra stórframkvæmda, sem unnið var að á því ári. Þannig er á því ári talinn til útgjalda stórfelldur innflutningur vegna Sogsvirkjunarinnar nýju, vegna stórfelldra skipakaupa, vegna sementsverksmiðjunnar, vegna annarra raforkuframkvæmda, sem þá var unnið að. Árið 1958 var því síður en svo nokkurt hallabúskaparár.

Uppgjör ársins 1959 liggur ekki enn fyrir, en það eitt er vitað um það ár, að þá jókst fiskaflinn um 11% frá árinu 1958, og gjaldeyristekjur þessa árs ættu því að hafa hækkað um 120—130 millj. kr., ef allt er talið.

Fullyrðing ríkisstj. um greiðsluhallann er því hin argasta blekking og byggð á fölskum tölum.

Þá er að víkja að annarri röksemd ríkisstj. fyrir hinni nýju stefnu, greiðslubyrðinni við útlönd. Greiðsla vaxta og afborgana af hinum erlendu lánum er orðin óbærileg, segir stjórnin. Í grg. ríkisstj. fyrir frv. er birt tafla, sem sýnir, að greiðslur vaxta og afborgana hafi numið 5.1% árið 1957 og 5.7% árið 1958 af gjaldeyristekjunum, en muni nema 9.4% árið 1959 og 10.5% árið 1960.

Hér er um hreinar tölufalsanir að ræða. Það liggur skýrt fyrir, að gjaldeyrisuppgjör fyrir árið 1959 er ekki fyrir hendi enn og auðvitað enn þá síður fyrir árið 1960. En ríkisstj. áætlar gjaldeyristekjur ársins 1959, og hvernig er sú áætlun gerð?

Ríkisstj. veit, að gjaldeyristekjur ársins 1958 voru 1536 millj. kr., og auk þess í birgðaaukningu 90 millj. kr. Heildargjaldeyristekjurnar voru því raunverulega 1626 millj. árið 1958. Árið 1959 varð 11% aukning fiskaflans, og gjaldeyristekjur hefðu því átt að hækka um 120—130 millj. kr., eða verða 1746—1756 millj. kr. En ríkisstj. áætlar þær 1466 millj. kr., eða stórum minni en 1958. Þannig er farið með staðreyndir. Þannig eru tölurnar látnar segja ósatt.

Einn af hagfræðingum þeim, sem ríkisstj. annars hefur haft miklar mætur á, enda er hann mikill gengislækkunarmaður, hefur nýlega birt athugasemdir við þessa röksemdafærslu ríkisstj., og honum hefur sýnilega blöskrað óskammfeilnin.

Þessi hagfræðingur er dr. Benjamín Eiríksson. Hann segir alveg umbúðalaust, að greiðsluhallinn stafi ekki af hallabúskap, heldur fyrst og fremst af stórframkvæmdum. Hann segir, að enginn vafi geti leikið á því, að þjóðin standi betur að vígi nú til þess að standa undir greiðslum vaxta og afborgana með öll sín nýju tæki en hún til dæmis gerði árið 1951. Þannig hrynja til grunna aðalröksemdir ríkisstjórnarinnar fyrir nýju stefnunni, ef við þeim er blakað.

Og þá kemur þriðja aðalröksemdin fyrir frv. ríkisstj.: Uppbótakerfið er dauðadæmt, það gat ekki þrifizt, nema tekin væru erlend lán í sífellu. — Hér er um algera blekkingu að ræða. Erlend lán, sem tekin voru til framkvæmda, höfðu engin áhrif á hag útflutningssjóðs. Hann greiddi 55% á slík erlend lán og fékk tekjur, sem námu 55% af innflutningi vegna þeirra lána. Það er alger misskilningur, að halli hafi þurft að vera á útflutningssjóði, þó að meðalbætur hans á útflutning hafi verið 87%, en meðaltekjur af innflutningi 69%. Útflutningssjóður hafði beinar tekjur frá ríkissjóði, sem svo aftur hafði tekjur af innflutningi, og auk þess hafði svo útflutningssjóður aðstöðu til þess að skattleggja sérstaklega allan gjaldeyri frá Keflavíkurflugvelli.

Hið margfalda gengi, sem ríkisstj. talar um að hafi verið á innflutningi, á allt að haldast áfram samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Mismunandi gjald á innflutningi verður því áfram, þrír flokkar hátollavöru verða áfram, niðurgreiðslur verða áfram á sykri og kaffi, og allar útflutningsuppbætur eru ekki heldur lagðar niður. Samkvæmt lögum, sem ríkisstj. setti rétt fyrir jólin, verða greiddar útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að af gamla uppbótakerfinu skal þetta standa áfram:

1) Uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur verða áfram í gildi.

2) Niðurgreiðslur á innlendum vörum verða 265 millj. kr., eins og þær voru, en til viðbótar kemur niðurgreiðsla á erlendum vörum, 40 millj. kr.

3) Allir tollar og skattar uppbótakerfisins skulu standa áfram.

4) Mismunandi gjöld á innflutningi skulu vera áfram.

Þannig hrynja öll rök ríkisstj. fyrir hinni nýju stefnu eins og spilaborg, ef andað er á þau.

Ríkisstj. hefur gripið til þess óyndisúrræðis að taka fé ríkissjóðs ófrjálsri hendi til að gefa út áróðursrit fyrir hinni nýju stefnu sinni. Áróðursritið er sent inn á hvert heimili í landinu sem hvít bók. Í þessari bók gefur að líta ýmsar furðulegustu röksemdir, sem sézt hafa frá opinberum aðilum á Íslandi.

Þannig er gefin skýring í hvítu bókinni á hinu stórhættulega ástandi í peningamálum þjóðarinnar. Þar segir orðrétt: „Alls jukust endurkaup Seðlabankans um 187 millj. kr. árið 1958, og um 213 millj. kr. árið 1959. Þessi eini þáttur lánanna hefur því aukizt á þessu tímabili um nærri 90% og tvímælalaust verið ein meginorsök hinnar miklu peningaþenslu, sem þá átti sér stað.“ Sem sagt, sú staðreynd, að aflinn jókst árið 1958 og 1959 og birgðir af framleiddri útflutningsvöru urðu meiri, orsakaði alla ógæfuna. Hefði aflinn orðið minni og engar birgðir safnazt fyrir, þá hefði allt verið í himnalagi. Það hefði farið heldur laglega fyrir okkur, ef sumarsíldveiðin hefði orðið eins mikil og á hinum gömlu og góðu síldarárum 1943 og 1944, þá hefði hlaupið heldur betur þensla í peningakerfið, og auðvitað hefði það sprungið samkvæmt þessari kenningu.

Á öðrum stað í hinni hvítu bók standa þessi spaklegu orð: „Greiðsluhallinn hlýtur að haldast, hversu mikið sem útflutningsframleiðslan og gjaldeyristekjurnar aukast.“ Og enn er sagt: „Það er meira að segja ekki ósennilegt, að auk-

in framleiðsla og auknar tekjur geti beinlínis leitt til aukinnar fjárfestingar og þannig aukið hallann.“ Já, hvílíkt ástand hjá þjóðinni! Auknar gjaldeyristekjur, sama hvað þær aukast mikið, meiri framleiðsla, slíkt gæti beinlínis fært allt á bólakaf, eða m. ö. o.: óhöpp þjóðarinnar og vandinn í efnahagsmálunum stafa af of miklu fiskiríi. Það er heldur uppbyggilegt að senda slíkan fróðleik sem þennan inn á hvert heimili í landinu og kosta hann úr ríkissjóði!

Allur málflutningur stjórnarflokkanna hefur verið hinn furðulegasti í sambandi við þetta mál. Það er t. d. ekki langt síðan hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði orðrétt á þessa leið í ræðu hér á Alþingi: „Af öllum þeim sköttum, sem íslenzka ríkið innheimtir nú af borgurunum, má telja söluskattinn óvinsælastan allra. Það, sem fyrst og fremst er ranglátt við söluskattinn, er, að hann leggst hlutfallslega jafnt á allar þær vörur, sem hann er innheimtur af, hvort sem þær eru nauðsynjavörur eða algerar óhófsvörur,“ sagði ráðh. En nú leggur þessi ráðherra til að leggja á nýjan söluskatt upp á 280 millj. kr. Á stefnuskrá Alþfl. segir, að hann sé á móti neyzlusköttum, en nú leggur hann til, að tollar á nauðsynjavörum séu hækkaðir.

Fyrir nokkrum mánuðum lýsti Alþfl. yfir, að hann berðist gegn dýrtíðinni. Hann krafðist þess, að kaup yrði greitt í samræmi við verðlag, og verkalýðsleiðtogar flokksins tilkynntu hver af öðrum, að ef verðlag hækkaði, þá skyldi kaupið verða hækkað. En nú á að skella yfir gífurlegri verðhækkun, en banna kauphækkanir samkv. framfærsluvísitölu.

Útkoman af stefnu og áróðri Alþfl. er þessi: Söluskatturinn er verstur, og því veljum við hann. Tollar eru á móti stefnuskrá flokksins, og því skulu þeir hækka. Alþfl. er á móti dýrtíð, og því skal verðlagið hækkað. Laun skulu fylgja verðlaginu, og af því þarf að afnema vísitöluna. — Þannig afhjúpa Alþýðuflokksforingjarnir sig sem aumkunarverða loddara.

Og ekki er málflutningur sjálfstæðismanna merkilegri. Árin 1957 og 1958 barðist Sjálfstfl. fyrir kauphækkunum og sagði, að vondir kommúnistar lægju á kjörum verkamanna. Í ársbyrjun 1959 lögbatt Sjálfstfl. kauplækkun, líka hjá lægst launuðu verkamönnunum. Árin 1957 og 1958 fáraðist Sjálfstfl. yfir getuleysi vinstri stjórnarinnar við lánsútvegun erlendis. Morgunblaðið minnti þá á, að Ólafur Thors hefði getað fengið og ætlaði að taka 400 millj. kr. lán í Vestur-Þýzkalandi. En nú segja þeir sjálfstæðismenn, að landið sé komið í botnlausar skuldir erlendis, svo að við blasi gjaldþrot út á við. Og til þess svo að undirstrika alvöru flokksins í þessum efnum boðar nú forsrh. þau tíðindi, að hann ætli að taka 800 millj. kr. eyðslulán erlendis, og þannig ætlar hann víst upp úr því lánakviksyndi, sem hann var að tala um hér áðan.

Er nú hægt að flengja sjálfan sig á öllu eftirminnilegri hátt en þetta? Atvinnulíf þjóðarinnar er eins og margbrotin vél. Það að hafa lært hagfræði og kunna á reikningsstokk er ekki það sama og kunna á vél atvinnulífsins. Þar þarf meira til að koma. Nú á að fikta við þessa vél að ráðum þeirra, sem eru harla ókunnugir atvinnuvegum þjóðarinnar. Þegar þeim er sagt, að þær ráðstafanir, sem þeir nú ætla að gera, muni m. a. leiða til þess, að allur togarafloti landsins hætti veiðum fyrir heimamarkað og muni sigla út með fiskinn unninn, því að það muni skila eigendum skipanna meiri gróða, þá gleypa þeir vind af undrun. Þegar þeim er bent á, að hækkun vaxta og lækkuð lán til framleiðslunnar muni leiða til þess, að sjávarafurðir verði minna unnar í landinu, saltfiskur t. d. fluttur út óverkaður, svo að sloppið verði undan gífurlegri vaxtabyrði í marga mánuði, þá verða sérfræðingarnir alveg hissa.

Af því fikti, sem nú á að gera, hlýzt þetta í stuttu máli: Verðhækkanir, verkföll, framleiðslustöðvanir, minnkandi gjaldeyrisöflun, rýrnandi þjóðartekjur, og meðan á þessu stendur, á þjóðin að lifa á 800 millj. kr. erlenda láninu.

En er þá allt í lagi í efnahagsmálum landsins? mun margur spyrja. Nei, því fer fjarri, að allt hafi verið eins og það átti að vera. En slíkt heljarstökk sem ríkisstj. ætlar nú að taka nær auðvitað engri átt. Það, sem gera þurfti, var þetta:

1) Við áttum að koma föstu skipulagi á okkar þjóðarbúskap, eins og flestar þjóðir hafa gert að meira eða minna leyti. Þannig áttum við að stjórna fjárfestingunni í landinu, en láta ekki hendingu ráða, hvað gert var. Með heildarstjórn á þjóðarbúinu mátti spara útgjöld, sem nú hafa farið í óarðbæra hluti.

2) Setja átti upp nýtt og öflugt gjaldeyriseftirlit, sem tryggði þjóðinni, að hún fengi að njóta þess gjaldeyris, sem hún raunverulega hefur aflað. Það er alkunna, að gjaldeyri hefur verið skotið undan sem tugum og jafnvel hundruðum millj. nemur á ári.

3) Taka átti upp skattaeftirlit, sem drægi til skatts þær 400—500 millj. kr., sem Gylfi Þ. Gíslason hefur áætlað að gróðamenn og atvinnurekendur landsins skjóti undan skattframtölum. Með því að láta þessa aðila greiða skatt, hefði verið auðvelt að lækka skattinn á lágum tekjum.

4) Gera átti innflutningsverzlunina ódýrari og hagkvæmari fyrir þjóðina, eins og Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Haralz og Ólafur Björnsson sögðu 1947 að væri nauðsynlegt. Þá blöskraði þeim, að heildverzlanir voru orðnar 172, en nú eru þær yfir 300. Nú eru fleiri heildverzlanir að ráðstafa gjaldeyri landsmanna en tala allra okkar fiskiskipa er á aðalvetrarvertíðinni, sem afla þessa sama gjaldeyris.

5) Það þarf með kerfisbundnum ráðstöfunum að draga úr rekstrarkostnaði atvinnuveganna. Það á að minnka rekstrarútgjöld fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og annars atvinnurekstrar og bæta hag þeirra með aukinni framleiðni, en án þess að lækka laun þeirra, sem vinna að framleiðslunni.

6) Það á að vinna áfram skipulega að framleiðsluaukningu, bæta kjör sjómanna og ann-

arra, sem vinna beint að framleiðslunni, byggja áfram ný framleiðslufyrirtæki og aðstoða framleiðsluna með auknum vísindalegum rannsóknum. Möguleikar okkar til aukinnar framleiðslu eru stórkostlegir. Margir tugir nýrra fiskiskipa eru að bætast í flotann. Þau eru stærri og betur útbúin en þau eldri. Þessi nýju skip munu færa okkur aukna framleiðslu, en ekki aðeins aukin útgjöld, eins og reiknimeistararnir halda. Ný veiðitækni er að koma til sögunnar. Ekki þætti mér ósennilegt, að síldveiði okkar gæti tvöfaldazt eða þrefaldazt á skömmum tíma. Og ný, ónotuð fiskimið full af flatfiski og öðrum góðfiski verða eflaust tekin í notkun bráðlega.

Þannig höfum við alla möguleika til framleiðsluaukningar, ef vél atvinnulífsins verður ekki stöðvuð með fikti þeirra, sem nú ráðgera grundvallarbreytingar á gangi hennar, en í veg fyrir slíkt verður almenningur í landinu að koma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Íslendingar eru fámennasti hópurinn í heiminum öllum, sem gerir tilraun til þess að halda uppi sjálfstæðu menningarríki. Og íslenzkt fullveldi er ekki nema rúmlega 40 ára gamalt. Þegar Íslendingar voru að berjast fyrir sjálfstæði sínu, töldu margir útlendingar slíka hugmynd fjarstæðu, jafnfátt fólk gæti aldrei haldið uppi sjálfstæðu menningarríki, hvað þá við þau skilyrði, sem eru hér á landi, svo norðarlega á hnettinum og svo fjarri öðrum ríkjum.

En reynslan hefur sýnt, að þessir menn höfðu rangt fyrir sér. Íslendingar hafa gætt þess sjálfstæðis, sem þeir áunnu sér, og eru aðilar að margs konar alþjóðasamstarfi. Þeir hafa með dugnaði, atorku og vinnusemi hagnýtt sér gæði sjávar og lands og nútímatækni með þeim hætti, að lífskjör eru hér og verða áfram jafngóð og gerist með nálægum þjóðum í Vestur-Evrópu.

Okkur hefur tekizt að koma hér á réttlátu þjóðfélagi, þar sem allir hafa verk að vinna. Atvinnuleysi er óþekkt, og hér er hvorki til auður né örbirgð í sama skilningi og lagður er í þau orð í öðrum og stærri ríkjum. Allt þetta hefur vakið athygli og aðdáun annarra þjóða. Á nokkrum áratugum hafa Íslendingar komið á fót mjög fjölbreyttri útflutningsframleiðslu. Afurðir hennar eru á boðstólum víða um heim og eru margar hverjar með því bezta, sem þekkist sinnar tegundar í veröldinni, svo sem hraðfrystu fiskflökin og Norðurlandssíldin.

Þá hefur hitt ekki síður vakið furðu margra úti í hinum stóra heimi, hvern skerf þessi fámenni hópur hér norður við heimsskaut hefur getað lagt til heimsmenningarinnar, ekki aðeins í fornöld, heldur einnig nú á dögum. Við eigum heimsfræg skáld. Við eigum tónlistarmenn, sem teljast til hinna fáu útvöldu á sínu sviði. Verk málara okkar sóma sér í sýningarsölum heimsborga. Við eigum leikara, sem standa stéttarbræðrum sínum með margfalt stærri þjóðum á sporði. Við eigum vísindamenn, sem getið hafa sér orð á alþjóðavettvangi. Og þannig mætti lengi telja. Allt er þetta ánægjulegt, og allt er þetta þjóðinni til sóma.

En nú spyr ég: Er það þeirri þjóð, sem þessu hefur afrekað, í raun og veru samboðið að búa við slíkt skipulag í peninga- og gjaldeyrismálum, að gjaldeyrir hennar, íslenzka krónan, fáist ekki skráður í einum einasta banka í víðri veröld? Er það Íslendingum samboðið að hafa hjá sér slíkt skipulag, að íslenzka krónan sé talin verðlaus pappírsblöðill í öllum viðskiptalöndum okkar? Er það þjóðarstolti okkar alveg óviðkomandi, að hvergi nokkurs staðar úti um víða veröld sé hægt fyrir Íslending að fara inn í banka og skipta á sínum eigin gjaldeyri og gjaldeyri þeirrar þjóðar, þar sem hann er staddur? Getum við horft upp á það kinnroðalaust, að útlendur ferðamaður, sem kemur hingað og fer í banka til þess að skipta gjaldeyri sínum, komi þaðan út aftur og segi við sjálfan sig eða kunningja sína, að í raun og veru hafi bankinn haft af sér fé, hann fái minna fyrir gjaldeyri sinn í bankanum en allir viti að sé verðmæti hans? Við erum nú eina þjóðin í Vestur-Evrópu, sem býr við slíkt ástand í gjaldeyrismálum, og við skulum ekki ganga þess dulin, að í augum umheimsins er það vottur þess, að við höfum ekki reynzt færir um að stjórna efnahagsmálum okkar á þann hátt, sem fullvalda menningarþjóðir gera nú á dögum.

Ég segi þetta, sem ég hef nú sagt, til þess að vekja athygli á, að það, sem ríkisstj. leggur til að gert sé í efnahagsmálum þjóðarinnar, er ekki aðeins gert til þess að koma atvinnu- og viðskiptalífi hennar á heilbrigðan og traustan grundvöll. Þar er ekki aðeins um að ræða að stíga stórt spor fram á við í tryggingamálum og skattamálum. Þar er ekki aðeins um það að ræða að auka vöruúrval í verzlunum, bæta þjónustu og draga úr skriffinnsku. Þar er einnig, og það skiptir sannarlega ekki minnstu máli, um það að ræða að þvo af okkur blett, að koma því til leiðar, að við getum horft framan í aðrar þjóðir sem frjálsir og heiðarlegir menn, er höfum sams konar gjaldeyri og aðrar þjóðir, gjaldeyri, sem hefur gildi í alþjóðaviðskiptum, en er ekki talinn verðlaust pappírsgagn. Það er takmarkið að koma á skipulagi í gjaldeyrismálum, sem gerir heilbrigð viðskipti með gjaldeyri möguleg, en er ekki gróðrarstía fyrir brask og svartan markað.

Segja má, að aðalatriði þeirra ráðstafana, sem ríkisstjórnin leggur til að gerðar verði, séu fimm:

1) Rétt gengisskráning.
2) Heilbrigð stefna í bankamálum og fjármálum ríkisins ásamt nokkurri vaxtahækkun til bráðabirgða.
3) Afnám vísitölukerfisins.
4) Afnám hafta á mestum hluta innflutningsverzlunarinnar.
5) Stórfelld aukning almannatrygginga og afnám skatta á almennar launatekjur.

Meginrökin fyrir nauðsyn þessara ráðstafana eru þessi: Rétt gengisskráning er nauðsynleg til þess að tryggja sem mestan vöxt þjóðarframleiðslunnar og sem bezt lífskjör, þegar til

lengdar lætur. Heilbrigð stefna í bankamálum og fjármálum ríkisins er nauðsynleg til þess að halda fjárfestingu innan þeirra marka, sem svarar til sparnaðar þjóðarinnar og erlendra lána til arðbærra framkvæmda, og koma þannig í veg fyrir verðbólgu innanlands og greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Hækkun bæði útláns- og innlánsvaxta í bráð er nauðsynleg til þess að takmarka eftirspurn eftir lánsfé og auka sparnað, í því skyni, að síðar verði auðveldara að fullnægja heilbrigðri eftirspurn eftir lánsfé. Afnám hafta í innflutningsverzluninni er nauðsynlegt til þess að auka vöruúrval og bæta þjónustu, þannig að Íslendingar eigi völ á svipuðum vörum og neytendur í nágrannalöndum. Það er nauðsynlegt að afnema vísitölukerfið, af því að það færir launþegum engar varanlegar kjarabætur, engar varanlegar hagsbætur, heldur stuðlar að hækkunum kaupgjalds og verðlags á víxl, færir launþegum fleiri krónur, en ekki bætt kjör. Stórfelld aukning almannatrygginga, m. a. fimmföldun á fjölskyldubótum og nær helmingsaukning á ellilífeyri, er nauðsynleg til þess að tryggja barnafjölskyldum, gömlu fólki og öryrkjum óbreytt kjör þrátt fyrir þá verðhækkun, sem óhjákvæmilega verður á erlendum vörum. Afnám skatta á almennar launatekjur er nauðsynlegt til þess að leiðrétta það misrétti, sem innheimta tekjuskattsins hefur skapað undanfarin ár.

Ég hef sagt, að allar þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar. En þið kunnið að spyrja, góðir hlustendur, hvers vegna þær séu nauðsynlegar. Ég skal svara því í tveimur setningum. Þær eru annars vegar nauðsynlegar vegna þess, að þjóðin í heild hefur um mörg undanfarin ár notað meira en hún hefur framleitt og tekið að láni erlendis til arðbærra og heilbrigðra framkvæmda. Þær eru hins vegar nauðsynlegar vegna þess, að efnahagskerfi það, sem við höfum búið við, kerfi uppbóta, styrkja, gjalda og hafta, dró úr heilbrigðum vexti þjóðarframleiðslunnar og bauð ýmiss konar spillingu heim.

Nú er ekki óeðlilegt, að einhverjir ykkar segi sem svo: Þetta segja málsvarar ríkisstj., en talsmenn stjórnarandstöðunnar segja allt annað. Hverju eigum við að trúa? Hvorir hafa rétt fyrir sér? — Til þess að auðvelda mönnum að dæma um þetta er rétt að athuga, hvað núverandi stjórnarandstaða sagði og gerði, þegar hún var sjálf í stjórn. Það er reynsla hér — og raunar ekki aðeins hér, að það, sem stjórnmálamenn og flokkar segja og gera, þegar þeir eru í stjórn, er í miklu nánara samræmi við raunverulega stefnu þeirra en hitt, sem þeir kunna að segja, þegar þeir eru utan stjórnar og bera enga ábyrgð. Af þessum sökum er mjög fróðlegt að athuga orð og gerðir Framsfl. og Alþb., þegar þessir flokkar voru í stjórn nú síðast.

Vandinn, sem nú er við að etja í efnahagsmálunum, er í grundvallaratriðum hinn sami og við var að etja á dögum ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar. Skömmu eftir að sú ríkisstjórn tók við völdum, fékk hún hingað til lands tvo sérfræðinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington, og gerðu þeir ýtarlega athugun á efnahagsmálunum. Í ársbyrjun 1958 fóru enn fram ýtarlegar athuganir, og starfaði að þeim nefnd íslenzkra hagfræðinga, sem allir þáv. stjórnarflokkar höfðu til þess starfs valið. Þessar athuganir leiddu til sömu niðurstöðu og athuganir sérfræðinga á vegum núv. ríkisstj. hafa leitt, en þær eru þessar: Róttækar aðgerðir í efnahagsmálunum eru nauðsynlegar, vegna þess að þjóðin notar meira en hún framleiðir og fær að láni til arðbærra framkvæmda og vegna hins, hve styrkja-, gjalda- og haftakerfið hefur skaðleg áhrif á vöxt þjóðarframleiðslunnar, þegar til lengdar lætur.

Þessar niðurstöður voru vel kunnar öllum ráðh. í stjórn Hermanns Jónassonar að heita má frá upphafi þeirrar stjórnar, og við þessi vandamál var stjórnin að glíma allan starfstíma sinn. Ástæða þess, að tilraunir þeirrar ríkisstj. til þess að sigrast á þessum vanda báru ekki árangur, þegar á allt er litið, var fyrst og fremst djúptækur skoðanamunur á milli Framsfl. annars vegar og Alþb. hins vegar. Annar flokkurinn vildi ráðast á eina hlið vandans, hinn á aðra hlið hans, en hvorugur flokkurinn var reiðubúinn til þess að standa að þeim samræmdu heildaraðgerðum í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar voru til þess að ráða við vandamálið. Þetta kemur mjög skýrt fram í þeim efnahagsmálatill., sem ráðh. Framsfl. og Alþb. lögðu fram í ríkisstj. vorið 1958, áður en aðalráðstafanir ríkisstj. Hermanns Jónassonar f. efnahagsmálum voru gerðar. Frá þessum till. skýrði ég við 1. umr. þessa máls og skal nú rifja upp aðalatriði þeirra.

Till. Framsfl. báru þess vott, að flokkurinn gerði sér ljósa grein fyrir hinum alvarlegu afleiðingum styrkja- og gjaldakerfisins á þróun atvinnulífsins. Í samræmi við þetta var kjarni till. sá, að lagt skyldi 90% yfirfærslugjald á allan seldan gjaldeyri og greiddar sömu bætur á allan keyptan gjaldeyri. Þetta jafngilti beinni lækkun gengisins um 39%. Hins vegar var Framsfl. algerlega andvígur takmörkun á fjárfestingu opinberra aðila og útlánum banka. Hann vildi halda uppi þenslunni í atvinnulífinu án tillits til þess, að hún hlaut að leiða til verðbólgu innanlands og greiðsluhalla út á við. Verðbólgunni innanlands átti að halda í skefjum með afnámi vísitölukerfisins, og greiðsluhallann út á við átti að jafna með stórfelldum erlendum lántökum.

Till. Alþb. sýna hins vegar, að flokkurinn hafði ekki skilning á göllum bóta- og gjaldakerfisins. Það mátti umfram allt ekki koma á einu gengi, hvorki beint né óbeint. Vísitölukerfinu skyldi haldið. Hins vegar viðurkenndu ráðh. Alþb. hættuna af greiðsluhallanum gagnvart útlöndum og verðbólgunni innanlands og vildu draga úr þeirri hættu með minnkun framkvæmda og takmörkun á bankaútlánum.

Ekkert hefur komið fram um það, að þessir flokkar hafi skipt um skoðun síðan vorið 1958. Þeir hafa þvert á móti lagt áherzlu á, að svo sé ekki. Niðurstaðan er því sú, að Framsfl. er fylgjandi gengislækkun, en Alþb. á móti henni. Hins vegar er Framsfl. á móti takmörkun fjárfestingar og bankaútlána, en Alþb. fylgj-

andi henni. Framsfl. vill afnema vísitölukerfið, en Alþb. halda því.

Um hina aðra þætti í efnahagsmálatill. ríkisstj. er það að segja, að Framsfl. hefur marglýst því yfir á undanförnum áratugum, að hann sé fylgjandi sem mestu afnámi hafta í innflutningsverzluninni, en Alþb. jafnoft, að það sé fylgjandi sem mestum höftum í innflutningsverzluninni. Framsfl. hefur aldrei haft neinn sérstakan áhuga á aukningu almannatrygginga, en Alþb. hefur hins vegar verið fylgjandi henni. Hið eina í till. ríkisstj., sem þessir tveir flokkar stjórnarandstöðunnar virðast hafa verið sammála um undanfarin ár að vera á móti, er afnám tekjuskattsins á almennar launatekjur. En það er spá mín, að þeir muni samt báðir greiða atkv. með því.

Ég hef minnt á till. ráðh. Framsfl. og Alþb. vorið 1958 til þess að sýna fram á, að hvorugur flokkurinn var þá á móti öllum atriðum þeirrar stefnu, sem ríkisstj. nú fylgir. Það er ekki fjarri lagi að segja, að Framsfl. hafi þá verið fylgjandi öðrum helmingi hennar, en Alþb. hinum. Höfuðástæða þess, að vinstri stjórnin klofnaði, var einmitt þessi djúptæki skoðanamunur á milli Framsfl. og Alþb. Skoðun Alþfl. var þá eins og nú, að það, sem nauðsynlegt væri að gera, væri að breyta genginu og draga úr fjárfestingunni, en gera jafnframt ráðstafanir til tekjujöfnunar með aukningu almannatrygginga og afnámi tekjuskatts. Sjálfstfl. var í grundvallaratriðum sömu skoðunar. Þess vegna var eðlilegt, að þessir tveir flokkar tækju höndum saman um stjórn landsins, en hinir tveir flokkarnir, Framsfl. og Alþb., yrðu utan stjórnar, enda voru þeir ósammála okkur um sinn hvorn helminginn í þeirri stefnuskrá, sem við vildum fylgja, og sín á milli ósammála um bókstaflega allt, sem máli skipti.

Mér er til efs, að nokkurn tíma hafi verið í stjórnarandstöðu á Alþingi tveir flokkar, er hafi verið jafnósammála um öll grundvallaratriði og flokkar stjórnarandstöðunnar eru nú, og það ekki einungis um innanlandsmál, heldur einnig utanríkismál. Það skiptir miklu, að þjóðin geri sér ljóst, að þeir eru svo ósammála um grundvallaratriði, að þeir geta ekki stjórnað landinu saman. Ef þessar ráðstafanir verða brotnar á bak aftur utan Alþingis, eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa hótað, yrði hér algert öngþveiti. Stjórnarandstöðuflokkarnir vilja fara hvor í sína áttina. Ríkisstjórn þeirra gæti enga heildarstefnu haft. Það yrði hentistefna, þar sem allt mundi reka á reiðanum og öllu yrði stefnt í óefni. Slíkt væri e. t. v. ekki alveg fjarri skapi þeim öflum, sem mestu ráða í Alþb. En hvað segja greindir og ábyrgir kjósendur Framsfl.? Gætu þeir hugsað sér að bera ábyrgð á slíku stjórnarfari?

Framsfl. hefur í þessari hv. d. lagt til, að efnahagsmálafrv. sé afgr. með rökst. dagskrá, sem jafngildir vantrausti á ríkisstj., og er þar gert ráð fyrir víðtækara samstarfi um lausn málanna. Þetta minnir óneitanlega dálítið á það, þegar minnihlutastjórn Sjálfstfl. bar fram frv. um gengislækkun árið 1950 og Framsfl. bar fram vantraust á þá stjórn og felldi hana, en myndaði ríkisstjórn með Sjálfstfl. strax á eftir og samþykkti gengislækkunarfrv. óbreytt. Endurminningin um þetta undirstrikar aðeins það, sem ég sagði áðan, að það getur reynzt sitt hvað, sem sumir gera í stjórn og stjórnarandstöðu, og það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að dæma sjálf með eigin dómgreind um málin, en láta ekki áróður hafa of sterk áhrif á sig.

Ég skal nú víkja að nokkrum meginatriðum í málflutningi stjórnarandstöðunnar.

Því hefur verið haldið fram, að í þessum ráðstöfunum felist voveiflega mikil gengislækkun krónunnar. Eins og kunnugt er, hefur ekki verið eitt gengi á krónunni, heldur mörg. Ef miðað er við meðalgengi krónunnar í útflutningi, nemur gengislækkunin 20%, en sé miðað við meðalgengi hennar í innflutningi, nemur gengislækkunin 34%.

Ríkisstj. Hermanns Jónassonar hækkaði bæði útflutningsbætur og yfirfærslu- og innflutningsgjöld mjög verulega, og getur enginn ágreiningur verið um, að það jafngilti gengislækkun. Sú gengislækkun, sem ríkisstjórn Hermanns Jónassonar framkvæmdi og allir flokkar hennar, Framsfl., Alþb. og Alþfl., samþykktu, nam 30% og var hin sama í útflutningi og innflutningi. Gengislækkun krónunnar á starfstíma ríkisstj. Hermanns Jónassonar var því meiri en sú gengislækkun, sem nú er lagt til að framkvæmd verði. Þegar þetta er haft í huga, er ekki undarlegt, þótt ýmsum finnist tómahljóð í hinum háværu andmælum fulltrúa Framsfl. og Alþb. gegn gengisbreytingunni nú.

Það hefur verið sagt, að með gengisbreyt. nú séu lagðar um 1000 millj. kr. álögur á þjóðina. Þetta er rangt. Á dögum vinstri stjórnarinnar reiknaði þáv. stjórnarandstaða út, að álögur hennar á þjóðina næmu 1200 millj. kr. eða — ef alveg eins væri reiknað og stjórnarandstaðan gerir nú — 800 millj. kr. En dettur nokkrum í hug, að þessar tvær ríkisstj., sem allir fjórir flokkar þingsins hafa staðið að, leggi samtals um 1800 millj. kr. álögur eða byrðar á þjóðina, þ. e. a. s. rýri kjör hennar um næstum helming? Þarf að segja meira til að leiða í ljós, hvílík fjarstæða hér er á ferðinni? Hitt er annað mál, og á það hefur ríkisstj. enga dul dregið, heldur þvert á móti sagt það af fullri hreinskilni og vill, að þjóðin viti það og skilji, að samfara þessum ráðstöfunum verður þjóðin að taka á sig nokkra byrði. En hún er ekki 1000 millj., heldur 150—200 millj., eða 3—4% af þjóðartekjunum, eins og þær eru nú taldar, miðað við gamla gengið. Þessi byrði eða þessar álögur eru ekki afleiðing gengisbreytingarinnar í sjálfu sér, heldur afleiðing þess, að greiðsluhallinn gagnvart útlöndum hverfur, að það er ætlunin, að þjóðin hætti að nota meira en hún framleiðir, að viðbættum heilbrigðum erlendum framkvæmdalánum. Þess vegna verður innflutningurinn að minnka. Það rýrir auðvitað lífskjör okkar, ef við notum minni útlendar vörur en við höfum gert, en þetta er óhjákvæmilegt. Það er engin leið til, sem gerir okkur kleift að halda nú áfram að nota meiri útlendar vörur en við öflum

okkur gjaldeyris til að kaupa. Við gætum hvergi fengið meiri útlend lán til að halda slíku áfram. Þótt við gætum það, ættum við ekki að gera það. Það samrýmist ekki hagsmunum okkar. Það samrýmist ekki heldur sóma okkar.

Stjórnarandstaðan talar eins og þessi kjaraskerðing sé alveg óþörf og eitthvað alveg nýtilkomið. A. m. k. Framsfl. gerði sér nauðsyn hennar ljósa vorið 1958. Þá varð ríkisstj. sammála um ráðstafanir, sem vitað var að mundu hafa í för með sér um 10% hækkun verðlags, en því átti að mæta með aðeins 5% hækkun á launum. Það var eindregin skoðun Framsfl. þá, að launþegasamtökin ættu að gefa eftir af kaupi sínu sem svaraði meginhluta þess eða helzt því öllu, sem á vantaði, að verðhækkunin yrði bætt að fullu, en það voru þá 10 vísitölustig. Þetta þýddi álíka kjaraskerðingu og nú er farið fram á að þjóðin taki á sig. Þessi kjaraskerðing átti að eiga sér stað án þess, að gerðar væru samhliða jafnstórfelldar ráðstafanir til tekjujöfnunar og felast í aukningu almannatrygginganna og niðurfellingu tekjuskattsins.

Ég geri ráðherrum Alþb. áreiðanlega ekki rangt til, þótt ég segi það sem skoðun mína, að þeir hafi þá ekki heldur talið nokkra eftirgjöf á kaupi fjarstæðu og viðurkennt þar með í raun og veru nauðsyn nokkurrar kjaraskerðingar, þótt þeir hafi hins vegar orðið undir í flokki sínum, sem beitti sér síðan gegn þessum ráðstöfunum og eyðilagði þær, með þeim árangri, að enn er vandinn óleystur.

Í þessu sambandi má geta þess, að tölur þær, sem hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, nefndi áðan í ræðu sinni um útgjaldaaukningu vísitölufjölskyldunnar, eru alveg úr lausu lofti gripnar. Hann spáði því, að vísitalan mundi hækka um 20%. Nákvæmar athuganir hafa sýnt, að hún muni hækka um 13% vegna gengisbreytingarinnar, en lækka hins vegar um 10% vegna bótaaukningar almannatrygginganna og niðurgreiðslu vöruverðs.

Þá hefur því verið haldið fram, að tímakaup íslenzks verkamanns sé aðeins helmingur lágmarkskaups bandarísks verkamanns, ef miðað er við nýja gengið, og sé þetta tákn þess, hvernig íslenzki verkamaðurinn sé nú leikinn, þar eð lágmarkskaup bandarísks verkamanns sé 38 kr. á klst., en íslenzka verkamannsins kr. 20.67. En þá er þagað um, við hvaða verðlag bandarískí verkamaðurinn býr. Fyrir vörur eins og kjöt og kaffi verður hann að greiða helmingi meira, fyrir mjólk þrisvar sinnum meira og fyrir fisk fimm sinnum meira en hinn íslenzki verkamaður. Auk þess nýtur hann ekki almannatrygginga í sama mæli og íslenzkur verkamaður. Með þessu er ég þó ekki að segja, að kjör íslenzks verkamanns séu jafngóð og bandarískra verkamanna yfirleitt, því miður. Tekjur bandarískra verkamanna eru hærri en verkamanna í Vestur-Evrópu yfirleitt og miklu hærri en kaup verkamanna í löndum Austur-Evrópu. Þau lönd, sem eðlilegast er að við berum okkur saman við í þessum efnum, eru hin Norðurlöndin. Samanburður sýnir, að vikutekjur íslenzks verkamanns eru nokkru lægri en vikutekjur dansks verkamanns, en hins vegar nokkru hærri en norsks verkamanns. Er þá að vísu miðað við þrem stundum lengri vinnutíma og 6 tíma eftirvinnu hér, en hins vegar við lágmarkskaup íslenzks verkamanns, en meðalkaup í Danmörku og Noregi, þar sem kaup, sem er talsvert hærra en lágmarkskaupið, hefur áhrif á meðaltalið. Þessi samanburður sýnir, að enginn teljandi munur er á kjörum íslenzkra verkamanna og stéttarbræðra þeirra í Noregi og Danmörku, og er það raunar eins og allir, sem þekkja til í þessum löndum, vita. Á það má og benda, að fjölskyldubætur verða hér samkv. hinum nýju till. miklu hærri en þær eru í Noregi og Danmörku.

Þá er sagt, að afleiðingin af ráðstöfunum þessum muni verða atvinnuleysi. Af öllu því, sem sagt hefur verið um till. ríkisstj., er þessi staðhæfing fjarstæðukenndust. Allir vita, að mörg undanfarin ár hefur verið hér skortur á vinnuafli. Hér hafa starfað nokkuð á annað þúsund útlendinga, bæði karlar og konur. Ég fullyrði, að í engu landi í Vestur-Evrópu er nú jafnmikið bil milli ríkjandi ástands á vinnumarkaðnum og atvinnuleysis. Ef eitthvað gerist á næstu mánuðum, sem bendi til þess, að óeðlilegur samdráttur verði á einhverju sviði atvinnulífsins, er áreiðanlega nógu mikið svigrúm og nógu mikill tími til þess að grípa til gagnráðstafana, þannig að ekki komi til atvinnuleysis, og það yrði að sjálfsögðu gert. Það er frumatriði í stefnu ríkisstj. að tryggja, að sérhver vinnufús hönd hafi verk að vinna. Atvinnuleysi má aldrei verða framar á Íslandi. Það er einmitt m. a. til þess að tryggja, að hér þurfi ekki að koma til atvinnuleysis vegna gjaldeyrisskorts og framleiðslustöðvunar, að ríkisstj. beitir sér nú fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún gerir.

Þessar ráðstafanir, sem nú standa fyrir dyrum, eru víðtækustu ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nokkurn tíma hafa verið gerðar á Íslandi. Þær eru ekki víðtækar vegna þess, að gengisbreytingin sé meiri en áður hefur tíðkazt. Þvert á móti, hún er minni. Þær eru ekki heldur víðtækar vegna þess, að kjaraskerðingin, sem nauðsynleg er í bráð, verði talin sérstaklega mikil. Hún nemur 3—4% af þjóðartekjunum. Nei, þessar ráðstafanir eru víðtækari en áður annars vegar vegna þess, að með þeim er afnumið kerfi, sem hlaðið hafði utan á sig skriffinnsku og var orðið undirrót sérréttinda og margs konar spillingar. Í staðinn á að koma sams konar kerfi og allar nágrannaþjóðir okkar í Vestur-Evrópu búa við, hvort sem þeim er stjórnað af vinstri sinnuðum eða hægri sinnuðum flokkum. Hins vegar eru ráðstafanirnar víðtækar vegna þess, að þær snerta ekki eingöngu hag og afkomu útflutningsframleiðslunnar, heldur felast einnig í þeim róttækar ráðstafanir til tekjujöfnunar með stórfelldari aukningu almannatrygginga en áður hefur verið gerð í einu spori og meiri lækkun tekjuskatts en nokkurn tíma hefur verið framkvæmd.

Það er nauðsynlegt, að þjóðin geri sér alveg ljóst, um hvað nú er að velja í efnahagsmál-

unum. Valið er ekki milli þess ástands, sem verið hefur hér undanfarinn áratug, annars vegar og þessara ráðstafana hins vegar. Því tímabili, að við getum eytt meira en við öflum á sama tíma með því að eyða erlendum inneignum, fá erlenda fjárhagsaðstoð eða safna erlendum skuldum, er beinlínis lokið. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að öll þau lán, sem þjóðin hefur tekið undanfarin ár, hefðu betur verið ótekin. Þau hafa sumpart verið heilbrigð framkvæmdalán, en að miklu leyti hafa þau verið óheilbrigð hallalán. Það eru slíkar lántökur, sem verða að hætta. Annars fáum við engin framkvæmdalán framar.

Tölur þær, sem hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, nefndi í ræðu sinni áðan til þess að sýna fram á, að um alls engan halla hafi verið að ræða undanfarin ár, hafa áður verið hraktar lið fyrir lið hér á hinu háa Alþingi, og eyði ég ekki tíma mínum í það atriði nú.

Það er ómótmælanlegt, að við verðum að draga nokkuð saman seglin. Spurningin er aðeins um, hvernig við eigum að gera það. Ríkisstjórnin hefur lagt fram till. sínar um, hvernig það skuli gert. Hvorugur stjórnarandstöðuflokkanna hefur lagt fram nokkrar heildartill. um, hvernig þeir vilji láta gera það.

Ég held því ekki fram, að leið ríkisstj. sé hin eina, sem hugsanleg sé. Það er til önnur leið. Hún er sú að halda uppbóta- og innflutningsgjaldakerfinu og vísitölukerfinu, en herða stórkostlega á gjaldeyris- og innflutningshöftum og taka upp skömmtun ýmissa nauðsynja. Það væri hægt að reyna að eyða hallanum gagnvart útlöndum með harðvítugu haftakerfi. En það yrði þá að vera viðtækara og strangara en við höfum nokkurn tíma áður þekkt. Viljum við þetta heldur? Þetta virtist vera leið Alþb. vorið 1958. En er það leið okkar hinna? Viljum við verða eina þjóðin í Vestur-Evrópu, sem býr við ströng höft í gjaldeyris-, innflutnings- og fjárfestingarmálum og skömmtun nauðsynja? Ég held, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hafni þessari leið. Ég held jafnvel, að verulegur hluti fylgjenda Alþb. hafni henni einnig. Hún mundi ekki hafa í för með sér minni kjaraskerðingu en leið ríkisstjórnarinnar. Það væri kannske hægt að láta hana hafa í för með sér eitthvað aðra tekjuskiptingu í bráð, a. m. k. á pappírnum. En skriffinnskan, sem er henni fylgjandi, og braskið og spillingin, sem hún freistar til, kemst aldrei á skýrslur, og á því hagnast aldrei hinn smái og aldrei hinn heiðarlegi, heldur bitnar það þvert á móti á þeim. Það er víst, að þessi leið mundi hafa lamandi áhrif á vöxt þjóðarframleiðslunnar og þar með rýra lífskjörin. Og það, sem kannske skiptir mestu máli, er, að hún mundi ekki verða til frambúðar, svo að fyrr eða síðar yrði að breyta hinu óraunhæfa gengi hvort eð er.

Góðir hlustendur. Við skulum öll gera okkur ljóst, að fyrir dyrum stendur að taka örlagaríkar ákvarðanir. Þegar öllu er á botninn hvolft, er það, sem mestu máli skiptir í þeim, ekki gengisbreytingin, ekki hin breytta stefna í peningamálum eða viðskiptamálum, ekki einu sinni aukning almannatrygginganna og afnám tekjuskattsins. Það, sem mestu máli skiptir, er átakið, sem þjóðin þarf nú að gera til þess að takmarka neyzlu sína og framkvæmdir við það, sem hún framleiðir sjálf og getur fengið erlendis að láni til fjárhagslega heilbrigðra framkvæmda.

Við höfum nú um alllangt skeið undanfarið notað meira en þetta og tekið það, sem umfram hefur verið, að láni erlendis, safnað skuldum hjá erlendum þjóðum. Því verðum við að hætta. Það er kjarni málsins. Þetta kostar nokkra fórn í bráð. Við þurfum að draga saman seglin sem svarar um það bil 3—4% þjóðarframleiðslunnar. En á þetta eigum við ekki og megum ekki líta eingöngu frá fjárhagslegu sjónarmiði. Við eigum ekki og megum ekki mæla þetta eingöngu með áhrifunum á pyngju okkar. Hér er um miklu meira að tefla.

Ég minnti á það í upphafi, að fullveldi okkar er ekki nema rúmlega 40 ára gamalt. Lýðveldið er ekki nema rúmlega 15 ára. Íslendingar börðust í heila öld fyrir sjálfstæði sínu. Þeirri baráttu lauk með fullum sigri. En höfum við í sannleika sagt gert okkur nógu ljóst, að stjórnarfarslegt fullveldi er ekki nema önnur hlið þess algera sjálfstæðis, sem sérhver menningarþjóð þarf að njóta. Hin hliðin er fjárhagslegt sjálfstæði. Er fjárhagslegt sjálfstæði þeirrar þjóðar traust, sem árum saman notar meira en hún framleiðir og fær mismuninn að láni hjá öðrum þjóðum? Það er skylda hvers einasta Íslendings að gera sér ljóst, að við höfum nú um mörg undanfarin ár fengið tiltölulega miklu meira fé hjá lýðræðisríkjum hins vestræna heims og þá fyrst og fremst Bandaríkjunum, bæði sem fjárhagsaðstoð og lán, en nokkur önnur þjóð í Vestur-Evrópu. Ég fullyrði, að við eigum nú ekki lengur kost á slíkum lántökum hjá þessum aðilum.

Einhverjir eru það eflaust hér á landi, sem segja, að þá sé bezt að snúa sér í austurveg og leita eftir lánum og fjárhagsaðstoð þar. Hún muni fáanleg. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að kosta kapps um að varðveita sem bezt viðskiptasambönd okkar við ríkin í Austur-Evrópu, og það er ráð fyrir því gert í till. ríkisstjórnarinnar. En það væri algerlega rangt að fara nú að leita eftir lánum eða fjárhagsaðstoð frá þessum ríkjum, af nákvæmlega sömu ástæðu og það er rangt að halda áfram að taka hallalán í Bandaríkjunum eða Vestur-Evrópu. Við eigum og verðum að hætta að reka þjóðarbúið með eyðsluhalla gagnvart öðrum ríkjum. Við þurfum að verða óháð því að taka slík hallalán hjá öðrum þjóðum, hvort sem er í vestri eða austri. Ef við hættum því ekki, er fjárhagslegt sjálfstæði okkar í hættu. Hversu lengi varðveitum við stjórnarfarslegt fullveldi okkar, ef við kunnum ekki að gæta fjárhagslegs sjálfstæðis okkar.

Við, sem erum um það bil jafngömul fullveldinu íslenzka, stöndum í mikilli þakkarskuld við þær eldri kynslóðir, sem börðust til sigurs fyrir fullveldinu. Getum við sýnt þakklæti okkar í verki á nokkurn betri hátt en þann að standa dyggilega á verði um það og berjast

jafnframt til fulls sigurs fyrir fjárhagslegu fullveldi, þannig að þjóðin sé í sannleika sjálfstæð, bæði í orði og á borði.

Það kostaði átök að tryggja þjóðinni stjórnarfarslegt fullveldi. Það kostar líka átök að tryggja henni fjárhagslegt sjálfstæði. Þær ráðstafanir, sem nú standa fyrir dyrum, eru þáttur í þeirri baráttu. Íslendingar uxu af átökunum í baráttunni fyrir fullveldinu. Það er ósk mín og von, að þeir eigi líka eftir að vaxa af þeim átökum, sem þeir nú ráðast í til þess að treysta efnahagslegt sjálfstæði sitt. — Verið þið sæl.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hér eru efnahagsmál á dagskrá. Þau eru ævarandi viðfangsefni þings og stjórnar og algengt umtalsefni manna sem eðlilegt er. Í lýsingum á efnahagsástandinu er oft gripið til stórra orða og sterkra lita. Svo er einnig um þessar mundir. Í grg. með frv., sem hér liggur fyrir, málar ríkisstj. ástandið með dökkum litum — mjög dökkum — sýnilega í þeim tilgangi að reyna að hræða fólk til fylgis við þá samdráttarstefnu, sem hún vill taka hér upp. Í grg. með frv. úir og grúir af blekkingum. Og stjórnin hefur gripið til þess ósæmilega ráðs að gefa þessa grg. sína út í sérstakri bók og taka peninga úr ríkissjóði í heimildarleysi til að borga útgáfukostnaðinn og útsendingu ritsins um land allt. Bókin er prýdd skjaldarmerki ríkisins, sjálfsagt til að reyna að fá fólk til að trúa því, að hér sé um hlutlaust fræðirit að ræða. En því fer víðs fjarri. Enginn fræðimaður mundi vilja láta kenna þetta rit við sig eða bera ábyrgð á því. Þetta er pólitískur áróður stjórnarflokkanna. Það er ástæða til að benda fólki á, hvers eðlis þessi bæklingur er. Það er mikið slys, sem hefur hent hæstv. ríkisstjórn að taka ríkisfé til slíkrar útgáfustarfsemi.

Í þessu frv. er lagt til, að gengi íslenzkrar krónu verði þannig skráð, að 38 kr. jafngildi einum Bandaríkjadollar. Að meðtöldu 55% yfirfærslugjaldinu, sem leggst á flestar greiðslur til útlanda, kostar dollarinn nú 25.30. Hækkunin á erlenda gjaldeyrinum samkv. frv. er því um það bil 50%. Innkaupsverð á útlendum vörum hækkar sem þessu nemur í íslenzkum peningum, og má af því sjá, að breytingin verður geysimikil til hækkunar á vöruverði. Í grg. frv. er birt tafla, sem á að sýna útgjaldaaukningu hjá fjölskyldufólki vegna verðlagshækkunarinnar. Sýnt hefur verið fram á áður í umr. hér í d., að þeir útreikningar eru rangir.

Í grg. frv. er því haldið fram, að því aðeins sé hægt að notast við uppbótakerfið, að mikill halli sé á greiðslujöfnuðinum eða flutt sé inn svo og svo mikið af óþarfavarningi. Hæstv. forsrh. endurtók þetta áðan. En þetta er alrangt. Það er hægt að ákveða gjaldeyrisálag og aðrar tekjur útflutningssjóðs þannig, að þær vegi á móti gjöldum sjóðsins.

Hæstv. ríkisstj. heldur því m. a. fram, að vegna halla á þjóðarbúskapnum gagnvart útlöndum þurfi að grípa til þessara stórfelldu ráðstafana. Hún birtir skýrslur um hallann, sem hún nefnir svo, en hún reiknar dæmið þannig, að allar lántökur til framkvæmda á undanförnum árum eru taldar til halla á þjóðarbúskapnum og þar með allar mestu framkvæmdir síðustu ára, svo sem sementsverksmiðjan, Sogsvirkjunin, ræktun og byggingar í sveitum, fjölda skipa o. s. frv. Langmestur hluti skuldaaukningarinnar við útlönd undanfarin ár stafar af slíkum framkvæmdalántökum. Taka má sem dæmi árin 1956—58. Í skýrslu stjórnarinnar segir, að á þeim árum hafi hallinn gagnvart útlöndum orðið samtals 627 millj. En á tímabilinu 1. júlí 1956 til ársloka 1958 voru tekin framkvæmdalán erlendis, sem námu alls yfir 560 millj., þar af án ríkisábyrgðar 108 millj. Lánunum var varið til sementsverksmiðjunnar, Sogsvirkjunar og margra annarra raforkuframkvæmda, ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, flökunarvélakaupa, flugvélakaupa, skipakaupa og hafnargerða og lítið eitt til símaframkvæmda. Sé þetta talinn halli á þjóðarbúskapnum, þá ætti að telja það halla á útgerð, ef útvegsmaður kaupir bát og tekur eitthvert lán í því sambandi, og hallabúskap, ef bóndi byggir fjós eða fjárhús og tekur einhvern hluta kostnaðarins að láni.

Og það er vitanlega röng kenning, að vegna þessara framkvæmdalána sé erfiðara en áður fyrir þjóðina að standa í skilum með afborganir og vexti af erlendum lánum. Framkvæmdirnar hafa orðið til að auka útflutning og sparað innflutning og þannig bætt aðstöðuna í viðskiptum við aðrar þjóðir.

Það væri fróðlegt að heyra, hvað af þessum erlendu lánum, sem ég nefndi, hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, telur óheilbrigð hallalán.

Þó að hæstv. ríkisstj. haldi því fram, að núverandi greiðslur af útlendum lánum séu þung byrði, vill hún samt fá heimild til að taka stórt lán erlendis, allt að 20 millj. dollara. En það á ekki að nota til framkvæmda hér, heldur venjulegra vörukaupa. Ef þetta skyldi nú verða að fastri skuld, verður aðstaðan ekki betri til að fá framkvæmdalán erlendis.

Í sambandi við þetta mál hljóta menn að spyrja, hvort svo stórkostlegar aðgerðir séu nauðsynlegar til þess, að útflutningsvöruframleiðslan og rekstur þjóðarbúsins geti haldið áfram. Er þá rétt að reyna að gera sér grein fyrir, hvernig afkoman hefur orðið árið sem leið og hvernig viðhorfið er nú.

Ríkisstj. segir í grg. frv., að áætlanir sýni um það bil 180 millj. kr. halla hjá útflutningssjóðnum s. l. ár. Þó eru upplýsingar um þetta nokkuð á reiki, því að hæstv. sjútvmrh. hefur látið orð liggja að því, að þarna mundi oftalið um 30 millj. Við fjárlagaumr. nýlega sagði hæstv. fjmrh., að hjá ríkissjóði hefði orðið 8 millj. kr. greiðsluafgangur s. l. ár, en þá var notaður tekjuafgangur frá 1958 um 43½ millj. Eftir þessu að dæma hefur hallinn hjá ríkissjóði 1959 orðið rúmar 35 millj. Sé miðað við þessar upplýsingar stjórnarinnar, má ætla, að samanlagður halli hjá útflutningssjóði og ríkissjóði árið 1959 hafi numið nálægt 200 millj. kr.

En þá er spurningin, hvort hækka þyrfti út-

flutningsuppbætur á þessu ári, ef það fyrirkomulag yrði í gildi áfram. Ríkisstj. segist miða till. sínar um gengisskráningu við það, að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, bátaútgerð til þorskveiða, beri jafnmikið úr býtum og nú. Þar með er sagt, að ekki þurfi að hækka uppbætur til þeirrar atvinnugreinar. Hins vegar er talið, að bæta þurfi aðstöðu togaraútgerðar og síldarútvegsins. Málin liggja því þannig fyrir, að með óbreyttu fyrirkomulagi er þörf fyrir viðbótartekjuöflun í útflutningssjóð og ríkissjóð. En þar er ekki um svo stórt og torleyst vandamál að ræða, að þess vegna þurfi að stofna til þeirrar miklu og háskalegu byltingar í þjóðfélagsmálum, sem ríkisstj. stefnir að. Sennilegt má telja, að ná mætti samkomulagi um nauðsynlega tekjuöflun til útflutningssjóðs og ríkissjóðs, ef stjórnarflokkarnir vildu reyna að fara þá leið.

Í þessu sambandi má nefna, að stjórnin ber sjálf fram till. um hækkanir á ýmsum gjöldum til ríkisins, svo sem aukatekjum ríkissjóðs, gjaldi af innlendum tollvörutegundum og fleiri álögum. En þar að auki vill stjórnin nú leggja á almennan söluskatt, sem hún áætlar að gefi ríkissjóði 110 millj. umfram það, sem núgildandi söluskattur gefur. Slíkur skattur er á margan hátt óheppilegur, og ætti því fremur að reyna aðrar tekjuöflunarleiðir, sérstaklega ætti að skattleggja ýmiss konar óþarfaeyðslu meira en nú er gert.

Þó að nauðsynleg tekjuöflun hefði í för með sér einhverjar almennar álögur, yrðu þær ekki tilfinnanlegar í samanburði við þau ósköp, sem yfir dynja, ef stjórnarfrv. verður samþykkt.

Það er engin þörf fyrir svona stórfelldar ráðstafanir til þess að sjá fyrir þörfum útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Það er líka ljóst, að höfuðmarkmiðið með þessu stjórnarfrumvarpi er allt annað. Með því er verið að ryðja braut nýrri þjóðmálastefnu, sem hæstv. ríkisstj. vill taka upp. Sú stefna er algerlega andstæð þeirri framfarastefnu, sem þjóðin hefur fylgt á undanförnum áratugum.

Hvað hefur verið að gerast hér á síðustu tímum? Framkvæmdir og framfarir miklar svo að segja á öllum sviðum. Framfarirnar hafa byggzt jöfnum höndum á áhuga og atorku landsmanna, sem hafa lagt sig fram við umbótastörfin, og á mikilsverðum stuðningi ríkisvaldsins. Þær hafa byggzt að meira eða minna leyti á löggjöf frá Alþingi og fjárhagslegum stuðningi ríkisins, ýmist beinum fjárframlögum eða ríkisábyrgðum, lánsfjárútvegunum og margs konar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu. Það er áreiðanlegt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vill halda áfram þessari framfaragöngu. Og það er þjóðfélaginu lífsnauðsyn. Landsmönnum fjölgar mjög ört. Þeir eru nú tæplega 174 þús. Með hlutfallslega sömu fjölgun og verið hefur síðustu árin verða landsmenn orðnir 200 þús. eftir aðeins 7 ár og 220 þús. 5 árum síðar. M. a. vegna fólksfjölgunarinnar þarf að byggja landið allt og nytja gæði þess eftir föngum, hvar sem þau eru, svo og fiskimiðin umhverfis landið. Verkefnin og möguleikarnir eru ótæmandi. Framleiðslu landbúnaðarvara þarf að stórauka til að fullnægja neyzluþörf þjóðarinnar, stöðugt vaxandi vegna fólksfjölgunar, og einnig til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Útgerðarskilyrðin batna, þegar sigur er unninn í landhelgismálinu. Og iðnaðarstöðvar þurfa að rísa í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. En til þess að unnt sé að halda við byggðinni um land allt, þurfa lífsskilyrðin og lífsþægindin að verða sem jöfnust, hvar sem menn búa á landinu. Þess vegna þarf m. a. að halda áfram að dreifa rafmagninu um byggðir landsins og skapa að öðru leyti sem jafnasta aðstöðu manna í lífsbaráttunni.

En hæstv. núv. ríkisstj. og stuðningslið hennar virðist ætla að stefna í þveröfuga átt. Um það vitnar þetta frv., boðskapur stjórnarinnar í grg. þess og fleiri till. hennar. Till. stjórnarinnar miða að því að torvelda mjög áframhaldandi uppbyggingu og hljóta að valda miklum samdrætti á mörgum sviðum athafnalífsins. Með gengisbreytingunni hækka erlendar efnivörur til bygginga ákaflega í verði og einnig vélar og tæki til atvinnurekstrar. Þá lítur út fyrir, að stjórnin ætli að beita sér fyrir því, að lánveitingar bankanna minnki, miðað við verðlag og allan tilkostnað við atvinnurekstur og framkvæmdir. Hún ætlar að hækka vexti, sennilega allmikið. Sparifjáreigendur eiga þó líka að fá vaxtahækkun. En stórum betra væri fyrir þá að búa við óbreytta vexti, en sleppa í staðinn við þá rýrnun á verðgildi sparifjárins, sem stjórnin stefnir að. Ríkisstj. vill fá vald til að ákveða vexti og lánstíma hjá stofnlánasjóðum, að því er virðist til að gera lánakjörin óhagstæðari en nú. Og þessu til viðbótar hefur stjórnin í hyggju að beita sér fyrir því, að hluti af innlánsfé í sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga um land allt, enginn veit hve stór hluti, verði tekinn inn í Seðlabankann í Reykjavík. Menn eiga ekki lengur að fá að ráðstafa þessu eigin fé sínu heima í héruðunum til hinna margvíslegu þarfa þar. Þá er gert ráð fyrir, að ríkisframlag til verklegra framkvæmda lækki, miðað við tilkostnað við þær.

Allt er þetta á eina leið. Vel geta þessar aðfarir leitt til þess m. a., að byggð eyðist í sumum héruðum meira en orðið er. Víða stendur tæpt, að byggð haldist, og sé stöðvun á nýjum framkvæmdum, er skammt til afturfarar. Enn gildir, að það er „bágt að standa í stað, og mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið". Og nú virðist eiga að þrýsta meginþorra þjóðarinnar aftur á bak.

Með stjórnarstefnunni er verið að leggja stór björg í veg fyrir fjöldann, fólkið við sjó og í sveitum, í veg fyrir sjálfsbjargarviðleitni þess og framkvæmdamöguleika. Og svo segist hæstv. ríkisstj. vera að auka frelsið í þjóðfélaginu. Meira öfugmæli getur varla.

Stjórnarstefnan leggur mikil höft á almenning með ýmsu móti. Verðhækkanirnar torvelda allar framkvæmdir, og samtímis eru lántökumöguleikar skertir og vextir hækkaðir. Þetta bitnar t. d. á unga fólkinu, sem hefur í hyggju að stofna til heimilismyndunar, einnig á öllum mönnum í kaupstöðum og kauptúnum, sem þurfa nauðsynlega að koma sér upp íbúðar-

húsum eða afla sér nauðsynlegra tækja til ýmiss konar atvinnurekstrar. Það kemur líka illa við bændurna, sem vilja halda áfram að rækta landið, reisa nauðsynlegar byggingar og afla fullkomnari tækja til að auðvelda bústörfin og auka framleiðsluna.

Vitanlega er hægt að benda á ýmsar veilur í okkar efnahagslífi. En þrátt fyrir allt mun óhætt að fullyrða, að þjóðin sé nú betur efnum búin en nokkru sinni fyrr. Auðvitað er ekki hægt að framkvæma allt í einu, sem hugurinn þráir. En það er hægt að halda áfram á þeirri braut, sem gengin hefur verið undanfarin ár. Og um það verður stjórnmálabaráttan fyrst og fremst, hvort halda skuli áfram á framfarabrautinni. Stefna núverandi valdhafa miðar að því að leiða þjóðina inn á aðrar götur.

Það hefur verið reiknað út, að verðhækkanir vegna gengisbreytingarinnar, að frádreginni hækkun á rekstrarvörum atvinnuveganna, en að viðbættum auknum álögum til ríkisins, sem ákveðnar eru samkv. fjárlagafrv., muni nema samtals um 1000 millj. kr. Vafalaust verða hækkanirnar þó meiri en þetta, því að tölur þessar eru byggðar á áætlun um vöruinnflutning, sem er óeðlilega lág. Þessir reikningar hafa ekki verið vefengdir. En ég get vel gert hæstv. viðskmrh. það til geðs að kalla þetta ekki álögur. Upp í þessa miklu fúlgu er ætlunin að láta aðeins 189 millj., sem er hækkun á bótum frá tryggingunum og niðurgreiðsla á verði nokkurra útlendra vörutegunda.

En hvaða möguleikar eru til þess að koma fram svona gífurlegri fjármunatilfærslu í þjóðfélaginu í einni svipan? Frv. er við það miðað, að verkamenn og allir aðrir launamenn, svo og bændur og sjómenn, fái enga hækkun á vinnutekjum sínum. Sennilegt er aftur á móti, að þær lækki vegna minni atvinnu við framkvæmdir. Flestir landsmanna eru í þessum stéttum, tiltölulega fáir utan þeirra. Á þetta fólk leggst meginhluti þessara gífurlegu hækkana. Hverjum kemur til hugar í alvöru, að það sé hægt að leggja svona miklar verðhækkanir á allan þorra landsmanna, án þess að þeir fái hækkun á vinnutekjum sínum? Ef þessar aðgerðir væru óhjákvæmilegar, þ. e. a. s. ill nauðsyn, þá horfði málið öðruvísi við. En það er alls ekki hægt að fallast á, að svo sé. Þær leiðréttingar, sem nauðsynlegar eru til að tryggja atvinnureksturinn, er hægt að gera með langtum minni fórnum en hér er verið að krefjast.

Reynslan hefur sýnt, að því aðeins er góðs árangurs að vænta, að víðtækt samstarf náist um úrræði í efnahagsmálunum. Við framsóknarmenn fluttum því till. við 2. umr. frv. hér í deildinni um, að nú þegar yrði skipuð 8 manna nefnd, sem í væru 2 menn frá hverjum þingflokkanna, til þess að gera till. á þessu þingi innan þriggja vikna um ráðstafanir til að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi. Samkvæmt okkar till. átti n. síðan að starfa milli þinga og leggja fyrir næsta þing heildartill. um skipan efnahagsmálanna. Þm. stjórnarflokkanna felldu þessa till. og greiddu allir atkvæði með stjórnarfrv. til 3.umr. Stjórnarflokkarnir virðast ekki kæra sig um að leita samkomulags um þessi mál, a. m. k. ekki enn sem komið er. Þeir vilja afgreiða þau með öðrum hætti.

Stjórnarflokkarnir geta vitanlega gert þetta frv. að lögum, því að þeir hafa meiri hl. á þingi, þótt lítill sé, 33 af 60 þm. Og sennilega ætla stjórnarflokkarnir að halda áfram með frv. sitt beint af augum. Önnur þingdeildin á þó eftir að fjalla um málið. Enn er því hægt að reyna samkomulagsleiðina.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég ætla ekki að ræða um það mál í heild, sem hér liggur fyrir, heldur sérstaka þætti í frv. og fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. og aðdraganda þeirra. Má vera, að ég endurtaki eitthvað af því, sem ég sagði við 1. umr. fyrir nokkrum dögum.

Á árinu sem leið gerði Alþ. umdeilda breyt., svo að ekki sé meira sagt, á stjórnarskrá lýðveldisins. Sú breyt. var í því fólgin að svipta 27 af 28 kjördæmum landsins sínum sögulega rétti til að eiga sérstakan fulltrúa á löggjafarsamkomunni og þar með því takmarkaða sjálfstæði innan ríkisheildarinnar, sem í þessu var fólgið. Og nú, eftir að búið er að kjósa í fyrsta sinn samkvæmt hinni nýju kjördæmaskipun, er hafizt handa um að setja eins konar viðbótarstjórnarskrá í efnahagsmálum, og sumt af því, sem hún mælir fyrir um, verður ekki aftur tekið.

Að því, sem nú er að gerast, standa aðeins tveir af þeim þrem þingflokkum, sem samþ. afnám kjördæmanna. Þeir tveir hafa nú þann meiri hl., sem þeir höfðu ekki samkvæmt hinni fyrri skipan, og telja sig þá ekki þurfa meira lið. Þarna missýnist þeim að vísu, því að við lausn efnahagsmála virðist ekki veita af því, að allir flokkar þingsins standi saman, ef unnt væri. Ýmsir Alþb.-menn og fleiri skilja e. t. v. betur nú, hvað þeir voru að gera með því að styðja stjórnarskrárbreyt. á sínum tíma.

Þegar kjördæmin voru lögð niður, voru sumir forstöðumenn þess verks einstaka sinnum ómyrkir í máli. Byggðavaldið var að þeirra áliti of sterkt á Alþingi. Þetta byggðavald átti að þeirra dómi sök á því, að fjármagninu var dreift um of. Of mikil fjárfesting — pólitísk fjárfesting — úti um land, sögðu þeir, og of langt að bíða ávaxtanna, þar sem menn eru að byggja upp frá grunni og bæta landið. Léleg kaupmennska að halda úti nýjum skipum á útkjálkamiðum þrátt fyrir útfærslu landhelginnar eða byggja síldarverksmiðjur á Austfjörðum. Ekki hægt á þann hátt að láta kapítalið alheimta daglaun að kvöldum.

Þetta var málefnaleg afstaða, stjórnmálastefna, þó að ég sé henni andvígur og margir aðrir. En brautryðjendur og liðsmenn þessarar stefnu létu ekki mikið yfir henni í kosningunum, létu jafnvel í veðri vaka, að hún væri ekki til, með nýju kjördæmaskipuninni væri bara verið að vernda lýðræðið eða endurreisa það, eins og hæstv. forsrh. komst að orði á gamlárskvöld.

En aðrir þóttust eygja blikur á lofti. Sumir

gátu ekki skilið, að þingmaður þeirra væri lýðræðinu hættulegur, þó að þeir fengju að kjósa hann út af fyrir sig, frekar en t. d. þm. í Bretlandi og Bandaríkjunum, sem hafa einmenningskjördæmi. Margir skildu, að hér bjó annað undir, og létu það í ljós í kosningunum 28. júní.

Glöggt er það nú, hvað þeir vildu, þessir frumkvöðlar stjórnarskrárbreyt., á árinu sem leið. Fyrstu tilburðirnir í þessa átt sögðu til sín strax í vor, þegar þessir frumkvöðlar þóttust báðum fótum í jötu standa. Þá var tilkynnt af hálfu þess flokksfélags, sem með völd fór og fer enn, að dregið yrði úr framkvæmdum samkvæmt 10 ára rafvæðingaráætluninni, m. a. hætt við vatnsvirkjun í Hornafirði, sem búið var að kaupa vélar í, strikaðar út aðrar orkuveitur á Norðausturlandi og sunnanverðum Austfjörðum. Svo komu bráðabirgðalög í haust, þar sem bændum var gert að afhenda 3—4% af búsafurðum sínum endurgjaldslaust fyrir 15. desember. Þeir, sem að því verki stóðu, hlutu að vísu andstöðu, sem varð þeim ofjarl, a. m. k. í bili. Þess er að vænta, að staðið verði við það samkomulag, sem gert var, og að ekki verði talið vænlegt fyrst um sinn að reka þá nýlendustefnu gagnvart bændum, sem reynd var með bráðabirgðalögunum. Það ber venjulega einhvern árangur að halda vöku sinni.

En stefnan, sem undir bjó við afnám kjördæmanna, heldur áfram að segja til sín, stefna þeirra, sem vilja færa saman fjármagnið, atvinnutækin og fólkið. Togaraútgerðarfélagið á Akureyri gat ekki á árinu sem leið fengið leyfi eða fyrirgreiðslu til að kaupa einn togara, þótt slík aðstoð væri veitt um sama leyti til kaupa á nokkrum togurum hér syðra. Því var neitað. En einn togaraútgerðarmaður í bænum fékk að endurnýja skip sitt til að flytja suður. Svo flytur Morgunblaðið þau skilaboð frá þessum framtaksmanni, að hann telji óhagkvæmt að gera út togara frá Akureyri. Þetta er ekki uppörvandi fyrir Norðlendinga og á víst ekki að vera það.

En stefna þeirra, sem hafa andúð á dreifingu fjármagnsins, heldur áfram að sýna sig í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og það svo að um munar. Ég ætla að nefna tvö áberandi dæmi.

Hér á landi hafa á undanförnum þrem áratugum eða rúmlega það verið byggðir upp með löggjöf nokkrir stofnlánasjóðir, sem veita affallalaus lán til langs tíma, sumir með lágum vöxtum, aðrir með vöxtum, sem eru a. m. k. lægri en þeir almennu útlánsvextir, sem nú er gert ráð fyrir. Í þessu sambandi má nefna byggingarsjóð sveitabæja, ræktunarsjóð, sem veitir lán til að rækta land og koma upp byggingum vegna framleiðslunnar, fiskveiðasjóð Íslands, sem veitir lán til fiskibáta og til að koma upp húsum og vélum til vinnslu sjávarafurða, byggingarsjóð verkamanna og íbúðarlánasjóð húsnæðismálastofnunarinnar, sem veitir lán í kaupstöðum og þorpum, og raforkusjóð. Um þessa sjóði eru mörg lög frá ýmsum tímum, og í þessum l. eru lánskjörin ákveðin. Nú er í einni grein þessa frv., sem hér liggur fyrir, lagt til, að ríkisstj. fái alræðisvald til að ákveða vexti og lánstíma hjá öllum þessum sjóðum, og þar með raunverulega numið úr gildi eitt meginatriði allra þessara laga. Og það er ekki farið dult með, að þetta sé gert til þess, að hægt sé að hækka vextina og stytta lánstímann án þess að bera það undir Alþingi, — líka hjá þeim, sem samkv. venju áttu að fá lán fyrir síðustu áramót, t. d. í byggingarsjóði og ræktunarsjóði, en hafa ekki fengið þau enn út á unnar framkvæmdir. Það mun eiga að bera því við, a. m. k. um tvo af þessum sjóðum, byggingarsjóð sveitabæja og ræktunarsjóð, að hjá þeim sé greiðsluhalli og yfirvofandi eyðing höfuðstóls vegna mismunar á kjörum tekinna lána og rekstrarlána og vegna gengisbreytingar og að þetta verði nú að leggja á bændur, þ. e. a. s. þá bændur, sem lán taka hér eftir, með því að breyta lánskjörunum. Greiðsluhalli í þessum sjóðum er skiljanlegur, enda ekki nýtt fyrirbrigði og hefur áður verið ráðin bót á. En nú virðist hið ótrúlega eiga að ske, þegar Íslendingar eru orðnir betur stæðir en fyrr, að þá sé þjóðfélaginu talið um megn að veita þann stuðning til uppbyggingar í landbúnaði sínum, sem aðrar þjóðir veita og hér var ákveðinn og staðið við á tímum fátæktar, þegar margt var enn ógert, sem nú er komið í kring.

Það kann að hljóma vel í margra eyrum að fella niður allar verðbætur á útfluttar vörur. Ekki skal ég hafa á móti því, að efnahagskerfið sé gert einfaldara en það er nú, verðbætur umfangsminni. Ég er ekki heldur haldinn þeirri hjátrú, að aldrei megi hrófla við skráningu erlends gjaldeyris eða að það sé eitthvað verra fyrir almenning en að leggja tilsvarandi varanleg aðflutnings- eða yfirfærslugjöld á vörur og yfirfærslur. En allt slíkt þarf auðvitað að gera með varúð.

Ég ræði ekki almennt þá gengisbreytingu, sem nú er fyrirhuguð, en ég vil benda á mikilsvert atriði í þessu sambandi. Í grg. frv. segir, að gengisskráningin sé við það miðuð, að þorskveiðar bátanna í heild beri það sama úr býtum og þær gera nú með öllum útflutningsbótum. Og jafnframt er upplýst, að allar greiddar útflutningsbætur séu 94.5% af heildarútflutningsverðmæti alls bátaaflans á skráðu gengi. Nú hafa verið greiddar sérbætur á smáfisk, ýsu, steinbít, kola og sumarveiddan fisk, og ef sá afli er tekinn út af fyrir sig, eru núgildandi bætur á hann miklu meiri en 94.5% af útflutningsverði hans á skráðu gengi. Að lokinni gengisbreyt. hlýtur þá verðið á þessum hluta bátaaflans að lækka til muna, ef rétt er áætlað. Þetta kemur fyrst og fremst niður á sjávarplássunum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, því að þar er sá fiskur, sem sérbótanna hefur notið, mjög mikill hluti aflans. Steinbíturinn á Vestfjörðum er nú talinn allt að helmingi bátaaflans þar, smáfiskurinn sums staðar á Norðurlandi 80—90% á vissum tímum. Ég tel, að jafnvel þótt verðuppbótakerfið verði afnumið að öðru leyti, beri að halda þessum sérbótum, a. m. k. að einhverju leyti, eða taka upp

annað fyrirkomulag jafngilt, enda ekki úr háum söðli að detta, þar sem niðurgreiðslukerfinu er haldið innanlands þrátt fyrir allt.

Nú er búið við 2. umr. þessa máls að fella till. frá Framsfl. í þessa átt. Þeir, sem á undanförnum árum hafa talað um Framsóknarýsu og Eysteinsstútung, voru þar að verki. Fiskimenn á þeim slóðum, þar sem verulegur hluti aflans er smáfiskur, ýsa eða steinbítur, eiga eftir þessu að sitja við lægra borð en aðrir. Ekki geta þeir þó valið fiskinn úr sjónum. Þeir framleiða yfirleitt góða vöru, og enginn neitar, að þörf sé á gjaldeyrinum, sem fyrir hann fæst. Hér er — og því miður ekki í ógáti — slegið á starfandi hendur í hinum dreifðu sjávarplássum fyrir norðan, austan og vestan. Mörgum mun þykja kveðjan köld, og þarna er ekki verið að hugsa um jafnvægi í byggð landsins.

Ég nefni þessi dæmi. En hér er fleira á ferðum. Nú virðist eiga að draga úr fjárfestingunni, aðallega með því að fækka þeim nógu mikið, sem hafa möguleika til að ráðast í framkvæmdirnar. Menn ætla að hliðra sér hjá þeim vanda að velja eftir nauðsyn. Þetta er fjárfestingartakmörkunin, sem koma skal. En hverjir verða eftir, þegar búið er að framkvæma valið á þennan hátt? Það verða ekki endilega þeir, sem vilja vinna þörfustu verkin og hafa þörfina mesta. Það verða ekki endilega þeir, sem eru að reyna að vernda og efla byggðina í hinum dreifðu sveitum, þorpum og kaupstöðum. Nei, þeir verða trúlega fyrst og fremst að bíða betri tíma. Og nú er það líka boðað, að fyrirskipað verði að flytja hluta af innstæðufé útibúanna, sparisjóðanna og innlánsdeilda kaupfélaganna í Landsbankann í Reykjavík.

Í frv. til fjárlaga eru ríkisframlög til hafna, nýrra vega og brúa óbreyttar upphæðir í minni krónum.

Mér kemur ekki til hugar, að þeir, sem hér standa að málum, vilji öðrum illa. Þeir telja sig sjálfsagt hafa á réttu að standa. Hér er um stjórnmálastefnu að ræða, sem sumir menn telja skynsamlega og þjóðfélaginu í heild holla, — því þjóðfélagi, sem þeir vilja skapa. Hér er um aðgerðir að ræða, sem af ráðnum hug er ætlað að hafa sín áhrif. Hver maður eða flokkur hefur rétt til að hafa sína skoðun og fylgja henni eftir. Þeim, sem á öðru máli eru, þýðir ekki að æðrast, þótt þeim þyki hönd valdhafans köld. Þeirra úrræði er að vinna annarri stefnu fylgi. Koma dagar, koma ráð. En hér er verið að hefja kalt stríð gegn lífsskoðun þeirra, sem vilja byggja landið sem víðast og hefja upp merki framtíðarinnar í hverri byggð, tengja líf sitt við landið.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, ræddi nýlega hér á Alþingi um hina góðu, gömlu daga, þegar hann var að alast upp fyrir 40—50 árum. Þá voru viðskiptin svo frjáls, sagði hann. Þá var gott að vera kaupsýslumaður. En annað fólk í landinu — var ekki eitthvað að hjá því þá? Er það ófrjálsara nú eða verr sett? Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, sagði í útvarpsræðu um fjárl., að með fyrirhuguðum ráðstöfunum í efnahags- og fjármálum væru gerðar stórbreytingar á þjóðfélagi Íslendinga, — orðrétt þannig. Þar hafa menn það. Fjárfestingarliðir sem almenn regla óbreyttir, sagði hann orðrétt um fjárlagafrv. sitt. Það þýðir, að opinberar framkvæmdir minnka um land allt. Hann skaut því líka inn í einhvers staðar, að of miklu fé væri eytt til að útrýma refum og minkum. Það er víst öldungis rétt hjá ráðh., ef stefnt er að því að fækka bændum um helming, eins og kunnur sjálfstæðismaður í Reykjavík sagði í ræðu s. l. vor.

Hér er komið að kjarna mikilla átaka, sem óhjákvæmileg eru í stjórnmálum landsins. Hér er alvara á ferðum. Þetta er ekki þras um menn eða dægurmál. Í hinni bláu bók Sjálfstfl. í vorkosningunum s. l. ár stóð með feitu letri á fremstu lesmálssíðu, með leyfi hæstv. forseta: „Tímamót í íslenzkum stjórnmálum.“ Þar á eftir segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrri kosningarnar í sumar marka lokaþátt stjórnmálatímabils í sögu þjóðarinnar, sem margir menn telja að hefjist með valdatöku Framsfl. fyrir um það bil 30 árum.“ Mikið rétt hjá þeim bláu. Framsfl. vann stórsigur í kosningum 1927. Þessi 30 ár, sem talað er um í bláu bókinni, eru mesta framfaratímabil í sögu Íslendinga. Verk þessa 30 ára tímabils tala í hverri byggð um allt Ísland. En í viðburðum ársins 1959, í viðburðum þessa árs í sambandi við ýmsa þætti þessa frv., lýstur saman tveimur andstæðum stefnum, byggðastefnunni og þeirri samdráttarstefnu í tvöfaldri merkingu, sem kemur harðast niður á hinum dreifðu byggðum. Sú viðureign á eftir að standa lengi í þessu landi. Saga hennar verður löng. Brot úr þessari sögu gerist hér í hv. Nd. Alþingis í kvöld. — Verið þið sæl.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frá ófriðarlokum höfum við Íslendingar haft til eyðslu og framkvæmda miklu meiri fjármuni en við höfum aflað með vinnu okkar og afköstum á þessum árum. Þar nægir að minna á innistæðurnar, sem til voru eftir ófriðinn, fé, sem fékkst vegna Marshall-samstarfsins, miklar lántökur hin síðari ár og framlag það, sem Bandaríkjastjórn hefur frá 1958 greitt með varnarliðsvinnunni vegna þeirrar mismununar, sem Þjóðviljinn kallar svo og þá var tekin upp á skráningu gjaldeyristekna af þeirri vinnu, og samsvarar sú mismunun í raun og veru nokkurra hundruð millj. króna gjöf frá Bandaríkjastjórn. Alls nemur þetta umframfé nokkrum þúsundum millj. kr.

Þó að eyðsla hafi verið mikil og margt farið í súginn, hefur uppbyggingin einnig verið mikil, og sízt vefengi ég það, sem hv. þm., Einar Olgeirsson, sagði í umr. á dögunum, að síðustu 20 ár væru mesta framkvæmdatímabil í sögu þjóðarinnar.

Þá hafa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar ekki sofið á verðinum eða dregið af sér í kröfugerð. Lengst af á þessum tíma hefur vísitölukerfið verið í fullum gangi og leitt til víxlhækkunar kaupgjalds og vöruverðs. Þar á ofan hefur komið hver grunnkaupshækkunin eftir aðra.

Þá hefur og verið leitazt við að standa á

móti óeðlilegri gróðamyndun fárra manna. Ströng verðlagsákvæði hafa gilt, umfangsmikið eftirlit og verðlagsdómar hafa verið settir. Enn eru í gildi öll þau ákvæði í þessum efnum, sem vinstri stjórnin sáluga setti.

Ekki hefur verið látið við það sitja að hindra óeðlilegan gróða, heldur hafa skattalög verið með þeim hætti, að jaðrað hefur við eignaupptöku. Venjulegir skattstigar eru ekki einungis mun hærri hér en annars staðar, heldur kannast allir við lögin um stríðsgróðaskatt, eignakönnun og nú síðast stóreignaskatt.

Ætla hefði mátt, að allt hefði þetta leitt til þess, að lífskjör almennings hér á landi hefðu stórbatnað á þessum árum. En að dómi hv. þm. Einars Olgeirssonar og skoðanabræðra hans fer því fjarri, að svo hafi orðið. Einar hefur oft fullyrt, að lífskjörum verkamanna hafi beinlínis hrakað frá því á árinu 1947. Og hið sama kom fram hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni áðan. Aðrir vefengja þá fullyrðingu að vísu, en engum kemur til hugar að halda því fram, að þau hafi batnað eins og efni stóðu til frá 1947.

Þetta er því athyglisverðara sem á þessum árum hefur orðið meiri framför í lífskjörum almennings í nálægum löndum en áður eru dæmi til. Þar tala menn í alvöru um, að fátæktin sé úr sögunni. Jafnvel þær þjóðir, sem verst urðu úti í ófriðnum, hafa ekki aðeins rétt sig við á ný, heldur bætt kjör borgara sinna svo, að ekki verður um deilt. Á s. l. hausti vann ríkisstjórn Breta frægan kosningasigur, þrátt fyrir það þótt hún hefði orðið landi sínu lítt til sæmdar út á við, með því að vitna til hinna miklu hagsbóta almennings á stjórnarárum hennar. Ævintýrið um endurreisn Vestur-Þýzkalands þekkja allir.

Hvernig stendur á því, að við á Íslandi, sem höfum haft ógrynni fjár úr að moða, framkvæmt mikið, notið hinnar almennu tækniþróunar, búið við sívakandi kröfugerð af hálfu verkalýðsforingja, barizt á móti milliliðagróða og haft strangari skattaákvæði en nokkrir aðrir til að tryggja jöfnun lífskjaranna, skulum þrátt fyrir allt þetta nærri hafa staðið í stað í lífskjörum eða miðað aftur á bak, eins og sumir segja, á sama tíma og aðrir hafa sótt svo fram á við sem raun ber vitni?

Hér er eitthvað meira en lítið bogið við. En skýringin er sú, að hér hefur þróazt efnahagskerfi, sem hefur orðið okkur fjötur um fót. Um orsakir þess, að það varð til, má margt segja. Þar eiga allir einhvern hlut að. Ástæðan fyrir ófarnaðinum er ekki sízt sú, að í stað þess að reyna að láta málin liggja ljóst fyrir, bæði stjórnvöldum og öllum almenningi, þá hefur verið alveg sérstök stund lögð á að vefja málin svo, að jafnvel þeir, er í forustu voru, hvað þá allur almenningur, ættu erfitt með að átta sig á, hvernig komið var og hvert stefnan lá.

Glöggt dæmi þess hugsunarháttar, sem hér hefur ríkt, er það, þegar talsmenn þess flokks, sem lengst hefur farið með völd hérlendis, segja það nú fjandskap við byggðir landsins, þegar ráðgert er að veita ekki ríkisábyrgð nema gera sér grein fyrir, hverjar líkur séu á, að sá, sem ábyrgzt er fyrir, geti sjálfur greitt skuldina. Með sama hætti er látið sem það horfi til landauðnar, eins og hv. þm. Gísli Guðmundsson talaði áðan, að menn vilja ekki lengur dylja raunverulegan hag ríkissjóðs með því að skipta honum í tvennt og fela framlög af almannafé til einstakra atvinnugreina með því að greiða þeim misháar útflutningsuppbætur, svo að nauðsynlegur samanburður verði sem erfiðastur. En slíkur samanburður hlýtur að vera undirstaða heilbrigðs mats á því, hvort ástæða sé til að veita tilteknum atvinnugreinum sérbætur, og er það mál að sjálfsögðu til athugunar og verður áfram, hvað sem samþykkt þessa lagafrv. líður.

Ráðið til þess að halda við byggð hvarvetna þar á Íslandi, sem er byggilegt, er ekki að dylja fyrir sjálfum sér með rangri bókfærslu og reikningsklækjum, hvað er verið að gera, heldur hitt, að efla samhug þjóðarinnar og skilning á því, hvað til þess þurfi að halda við því Íslandi, sem okkur hefur alið og við viljum láta börnum okkar í té.

Sjálfsagt er og, að ríkið stuðli að því, að æskufólk geti sótt nauðsynlega menntun út fyrir landsteinana. En engum er til góðs, að það sé gert með rangri gengisskráningu í stað þess að gera sér rétta grein fyrir kostnaðinum.

„Varðar mest til allra orða,
að undirstaðan sé réttleg fundin,“

sagði Eysteinn, sá er Lilju kvað.

Þetta heilræði má aldrei líða okkur úr minni. Þeir, sem viðurkenna, eins og hv. þm. Eysteinn Jónsson, að skrásetning íslenzku krónunnar sé algerlega röng, en vilja þó ekki taka afleiðingunum og finna réttan grundvöll efnahagslífsins, þeir berjast á móti því, að undirstaðan sé réttleg fundin. Í stað þess hefur verið smíðuð svikamylla þannig byggð, að útflutningsframleiðslunni er haldið við með tekjum af hátollavörum, sem þjóðin getur ekki flutt inn nema með stöðugum og sívaxandi erlendum lántökum. Greiðslubyrðin, sem af lánunum stafar, er nú þegar komin langt fram úr því, sem við getum staðið undir með sparnaði og áframhaldandi eðlilegum framkvæmdum í landinu. Þó verðum við, ef kerfinu á ekki að breyta, að halda áfram að taka ný og ný lán.

Lánsheimildir þær, sem eru í frv., eru allt annars eðlis, því að þar er einungis um að ræða öflun gjaldeyrisvarasjóðs, sem þjóðinni er brýn þörf á til truflunarlauss rekstrar atvinnuveganna. Erlendar fjármálastofnanir viðurkenna nauðsyn okkar á slíkum varasjóði, þó að halla- og eyðslulán á borð við þau, sem tekin hafa verið hin síðustu ár, séu ófáanleg, því að um nokkurra ára skeið hefur ekki verið hægt að afla lána til langs tíma með eðlilegum hætti. Þar hafa erlendar ríkisstjórnir orðið að hlaupa undir bagga, og verður hver um að dæma, hvort það muni einungis gert af umhyggju fyrir okkur eða hvort eitthvað annað ráði þar ekki síður.

Stjórnarandstæðingar láta nú, eins og fram hefur komið í umr. í kvöld, svo sem allt þetta sé í lagi, og eiga ekki nógu sterk orð til að býsnast yfir írafári og jafnvel illvilja ríkisstj.

að vilja stöðva þessa þróun. Sjálfir vita þeir þó betur, enda lætur almenningur ekki blekkja sig í þessu. Um það má vitna til aðsendrar greinar — undir dulnefni þó — í Tímanum s. l. laugardag, er nefnist „Almannarómur", og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið á allra vitorði, að svo mundi komið högum þjóðarinnar, að mikið átak þyrfti að gera til þess að koma efnahagsmálum hennar á traustan grunn. Þjóðin hefur lifað um efni fram sem heild, og þeim afleiðingum verður hún að taka nú."

Þetta sagði „Almannarómur" í Tímanum s. l. laugardag, og er ljóst, að þeir hv. þm., Skúli Guðmundsson og Gísli Guðmundsson, tóku ekki undir þann almannaróm, heldur var þeirra boðskapur allur annar. Og þó að hvorugur, Eysteinn Jónsson eða Einar Olgeirsson, vilji taka afleiðingum þess, hafa þeir báðir í umr. að undanförnu viðurkennt, að gengi krónunnar væri rangt skráð. En Einar telur það ekki til að fárast yfir, þó að bókhaldið hafi eilítið ruglazt, eins og hann komst að orði, svo mörgu sem þurft hafi að sinna. Ef bókhaldsóreiða sannast á einstaklinga, þá eru þeir teknir, sektaðir og eftir atvikum sviptir frelsi fyrir þær sakir. En þjóðinni er ekki síður en einstaklingum þörf á að vita, hvernig hún er stödd í fjárhagsefnum, og þess vegna hafa bókhald sitt í lagi.

Framsóknarmenn fárast yfir því, að ráðstafanir stjórnarinnar muni hafa í för með sér mikla tekjutilfærslu með þjóðinni, tala um 1000 millj. kr. í því sambandi, og gefa í skyn, að sú tekjutilfærsla eigi að renna til hinna ríku meðal þjóðarinnar. Tekjutilfærslan nú er þeim mun minni en hún var t. d. 1958 og 1950, þegar framsóknarmenn áttu hlut að gengislækkun, sem gengislækkunin nú er minni en hún var þá. Þá sem nú var ætlunin að búa betur en áður að framleiðslustéttunum. Núv. stjórn lætur ekki þar við sitja. Viðbótarbreytingar hennar á efnahagskerfinu og fjárl. miða allar að því að tryggja hag þeirra, sem verst eru settir.

Það er því algert öfugmæli, þegar haldið er fram, að nú sé verið að gera hina fátæku fátækari og hina ríku ríkari og efla peningavaldið í landinu. Með því að afnema hið misheppnaða vísitölukerfi, sem engum hefur orðið til góðs, og setja í þess stað fjölskyldubætur, auka greiðslur til gamalmenna og öryrkja og afnema tekjuskatta á láglaunamönnum er verið að gera eina hina mestu félagsmálaumbót, sem ákveðin hefur verið á landi hér.

En hvað með hækkun vaxtanna og þrengingu útlánanna? spyrja vafalaust sumir. Hv. þm. Einar Olgeirsson lýsti því rækilega á dögunum, að atvinnurekendur, hverju nafni sem nefnast, ættu hér yfirleitt ekki peninga, þeir ræku fyrirtæki sín með lánsfé úr bönkum. En hverjir eiga þá meginhluta þess fjár, sem bankarnir lána út? Sparifjáreigendur, allur almenningur í landinu. Og hverjir skulda mest? Það eru a. m. k. ekki hinir fátækari meðal þjóðarinnar, sem hafa tekið bankalán í trausti þess, að þeim mun meira af sparifé hennar sem þeir gætu fengið í sínar hendur, þeim mun öruggari yrði gróðinn, vegna þess að það eitt væri víst, að krónan héldi áfram að falla, og allir þeir, sem gætu komizt yfir önnur verðmæti en peninga, bættu þess vegna sjálfkrafa sinn hag, miðað við aðra. Þessar aðfarir hafa leikið sparifjáreigendur svo, að vextirnir hafa naumast eða ekki nægt til að standa undir sífelldri verðrýrnun peninganna á hverju einasta ári.

Þessi þróun verður að breytast.

Vaxtahækkun er að ýmsu leyti erfið og vandmeðfarin. Þar verður að gæta hófs og láta hana ekki standa lengur en hún þjónar tilgangi sínum. En því skulum við ekki gleyma, að tekjurnar af vaxtahækkuninni renna til sparifjáreigenda, þ. e. a. s. almennings um land allt, og almannastofnana eins og ræktunarsjóðs, byggingarsjóða og annarra slíkra, sem vegna fjármálaóstjórnar undanfarinna ára lenda í fyrirsjáanlegu greiðsluþroti, ef ekki verður að gert. En að sjálfsögðu verður eftir sem áður að halda vöxtum þeirra lægri en almennum vöxtum í landinu, og hefur engum komið annað til hugar.

Ýmsir lenda vafalaust í örðugleikum um sinn vegna vaxtahækkana. Stjórnin hefur sérstaklega í huga, hverjar ráðstafanir er hægt að gera til að tryggja hag þeirra, sem hafa verið að koma upp yfir sig eigin íbúðum og eru í lánsfjárörðugleikum. Það er mál fyrir sig. En því má enginn gleyma, að allir þeir, sem búnir eru að fá föst verðmæti, standa nú betur að vígi hlutfallslega en áður, miðað við hina, sem peningana eiga. Þess vegna er eðlilegt, að hér verði nokkur jöfnuður á gerður.

Hv. þm. Skúli Guðmundsson sagði, að betra hefði verið fyrir sparifjáreigendur að sleppa við þá verðrýrnun sparifjár, sem leiddi af gengislækkun. Betur hefði farið á, að hv. þm. hefði gætt þessa heilræðis, þegar hann var mikill valdamaður á árum vinstri stjórnarinnar, því að það er einmitt atferli hennar, sem gerir óhjákvæmilegt að viðurkenna nú þá gengislækkun, sem þá raunverulega varð.

Þá er það og fjarstæða, að verið sé að níðast á einhverjum með því að láta sömu lög gilda um innlánsdeildir kaupfélaga og aðra sparisjóði. Þegar lögleitt var skattfrelsi sparisjóða fyrir nokkrum árum, þótti sanngjarnt, að eigendur í innlánsdeildum kaupfélaga nytu þá skattfrelsis eins og aðrir sparifjáreigendur. Þeir, sem vilja njóta hlunninda, verða einnig að taka á sig skyldu, þegar á þarf að halda þjóðarinnar vegna. Nú er sagt, að þarna sé einungis um að ræða rekstrarfé þessara félaga og þar með í rauninni mannanna sjálfra. En hverjir aðrir, sem hafa eigið fé í rekstri, njóta skattfrelsis af því fé?

Þá er talað um það, að þetta fé eigi að draga til Seðlabankans í Reykjavík úr byggðum landsins. En beinlínis er til þess ætlazt að lána þetta fé aftur til útflutningsframleiðslunnar um allt land, í því skyni, að hún geti haldizt af fullum krafti. Þar verða allir að leggja sitt fram. Þar tjáir engum, allra síst þeim, sem sérstakra hlunninda njóta, eins og skattfrelsis, að skorast undan að leggja sinn skerf af mörkum.

Ein af meginfjárhagsorsökum til þess, að fyrri ráðstafanir í efnahagsmálum hafa ekki til frambúðar náð tilgangi sínum, var sú, að bankarnir gættu ekki hófsemi í útlánum, svo að fjárfesting varð of mikil. Meira að segja það fé, sem sagt var að væri lánað til framleiðslu, var í raun og veru í mörgum tilfellum sett í annarlega fjárfestingu. Þess vegna er takmörkun útlána nú óhjákvæmileg.

Framsóknarmenn segja: Gengisbreyting kann út af fyrir sig að vera í lagi, enda vefengdi hv. síðasti ræðumaður, Gísli Guðmundsson, það alls ekki. Þeir segja: Með henni höfum við oft verið áður, en við viljum bara alls ekki breyta til um stefnu. — Þessi var og er skoðun framsóknarmanna. Þar eru þeir samkvæmir sjálfum sér. En fyrri ráðstafanir entust jafnilla og raun ber vitni vegna þess, að ekki var breytt um stefnu. Það dugir ekki hvað eftir annað með fárra ára millibili að taka afleiðingunum af því, að búið er að fella gengið, en gera ekki jafnframt ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að gengisfellingin haldi áfram, heldur leggja jafnvel grundvöll að framhaldi hennar með ráðstöfunum, sem gerðar eru, jafnskjótt og viðurkennd er afleiðing hins fyrri ófarnaðar. Það er sú stefnubreyting að koma í veg fyrir hinar stöðugu, siendurteknu ráðstafanir ár frá ári, fyrst bráðabirgðaráðstafanir og síðan viðurkenningu undanfarinna gengisfellinga á nokkurra ára fresti, sem hér er ætlunin að gera.

Andstæðingar þessa máls segja, að með þessu eigi að stofna til yfirráða peningavaldsins í landinu. Meiri fjarstæða er ekki til. Það er einungis að því stefnt að koma málum okkar í sama horf sem sjálfsagt þykir t. d. á Norðurlöndum, sem til fyrirmyndar eru talin um efnahags- og félagsmál. Verðlagseftirlit, skattlagning og yfirstjórn bankamála skilja ríkinu eftir ærna möguleika til áhrifa á atvinnulífið, sams konar áhrifa og tíðkast í öllum lýðfrjálsum löndum, þó að hætt sé að beita höftum og bönnum til að drepa framkvæmdaþrek manna í dróma.

Hér er spurningin um það, hvor eigi að ráða málum borgaranna, fólkið sjálft, einstaklingarnir, eða nokkrir ofureflismenn stjórnmálatogstreitunnar. Það, sem hér er um að ræða, er, hvort menn vilja halda við nefndafarganinu, auka skriffinnsku, setja á ný og harðari höft en nokkru sinni áður með þeim afturkipp í framför lífskjaranna, sem við höfum sorglegan vitnisburð um hér á landi, eða taka upp sams konar stjórnarhætti og fjármálakerfi og bezt hefur gefizt með öðrum lýðfrjálsum þjóðum. Til þess að ná þessu marki þarf nokkrar fórnir í bili, og er þá einkum reynt að vekja óánægju æskumanna, þeirra sem eiga að erfa landið. En vilja þeir taka við efnahagslega ósjálfstæðu landi? Trúa þeir á, að stjórnarfarslegt frelsi haldist lengi, eftir að efnahagslegt sjálfstæði er úr sögunni? Vilja æskumenn Íslands una ofurveldi misviturra stjórnarherra, eða óska þeir eftir að mega verða sinnar eigin gæfu smiðir?

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Háttvirtu tilheyrendur. Þjóð vor sem heild hefur ekki lifað um efni fram. Þvert á móti. Hún hefur aldrei skapað sér eins miklar eignir og á undanförnum tveimur áratugum, enda hefur íslenzk alþýða undanfarið unnið lengur en nokkur alþýða nágrannalandanna og sett þriðjung allra þjóðarteknanna í fjárfestingu. Það eru hins vegar til menn í landinu, sem lifað hafa um efni fram, en það eru einmitt þeir, sem eiga að græða á því frv., sem hér liggur fyrir.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, reyndi að blekkja hér áðan um komandi aukningu dýrtíðarinnar. Hann ætti að láta það vera. Árið 1950 var sagt, að vöruverðshækkun af völdum gengislækkunarinnar yrði aðeins 11 stig. Hún varð 27 stig. Skyldi það ekki verða svipað nú og Eðvarð Sigurðsson réttilega reiknaði út hér áðan?

Hæstv. viðskmrh. talaði fögur orð um að varast nýjar lántökur. Hann leggur um leið til að taka 800 millj. kr. eyðslulán. Það er sitt hvað orð og gerðir hjá þeim fagurmála ráðh.

Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskmrh., sagði, eins og Ólafur Thors, hæstv. forsrh., að ekki yrði atvinnuleysi. Verkalýður Íslands veit betur. Hann man 2000 atvinnuleysingja í Reykjavík 1951, eftir gengislækkunina þá, minnkun íbúðabygginganna niður í 280 á árinu 1951 úr 634 árið 1946 og það, að enginn togari var keyptur til landsins í sjö ár. Það er einmitt tilgangur lánsfjárskortsins, sem skapa skal, að koma á atvinnuleysi, sem auðvaldinu finnst mátulegt.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sá það fyrir í ræðu sinni hér áðan, að stjórn hans mundi falla á þessu máli, en óttaðist stjórnleysi. Hann þarf ekkert stjórnleysi að óttast. Ef ríkisstj. aðeins þorir að rjúfa þing, þegar aðgerðir hennar hafa verið dauðadæmdar af almenningi, þá mun það sýna sig, að íslenzk alþýða mun skila inn á þing stjórnhæfum meiri hluta. Íslenzk alþýða er nú orðin reynslunni ríkari. Við Alþb.-menn vöruðum í kosningunum í fyrra við þessum árásum á lífskjörin, sem nú eru fram komnar. Íslenzk alþýða mun nú varast þá flokka, er gera vilja skortinn að skömmtunarstjóra á Íslandi og stöðva þá aflefingu framleiðslulífs vors, sem er grundvöllur allra bættra lífskjara.

Ólafur Thors, hæstv. forsrh., sagði, að enginn hefði viljað lána Íslandi nú og því yrði að ganga að þeim afarkostum alþjóðaauðvaldsins í París, sem í þessu frv. felast. 1956 sagði Ingólfur Jónsson, þáv. viðskmrh., líka, að enginn vildi lána Íslandi. Þegar vinstri stjórnin tók við völdum, sýndi það sig hins vegar, að alls staðar var hægt að fá lán til gagnlegra framkvæmda. Það lítur út fyrir, að enginn flokkur hafi eins slæmt lánstraust úti í heimi og Sjálfstfl. Um erlend lán er annars aðeins eitt að segja: Það er óhætt að taka þau, ef þau fara til aukinnar gjaldeyrisframleiðslu eða gjaldeyrissparnaðar, en það er hættulegt að taka þau til eyðslu, eins og núverandi óhappastjórn leggur til.

Sigurður Ingimundarson, hv. 1. landsk., mun tala hér á eftir mér. Hann er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Opinberir starfsmenn eru enn það illa settir, að þeir hafa ekki verkfallsrétt. Engum ríður því meir á að viðhalda vísitölu á kaupgreiðslu en þeim. En hvað gerir þessi formaður þeirra? Hann greiðir atkvæði með afnámi vísitölu á kaupgreiðslur og skilur opinbera starfsmenn eftir varnarlausa. Hann lýsti því yfir í Alþýðubl. 6. okt., fyrir kosningar, að ef flóðgáttir verðhækkunarinnar yrðu opnaðar, þá mundi engin stétt standa hjá. Nú opnar hann sjálfur flóðgáttir dýrtíðarinnar, er veltur inn yfir almenning með samþykkt þessa frv. Vill ekki þessi formaður varnarlausustu launþegasamtakanna verja það nú, hvi hann opnar flóðgáttirnar og situr ekki einu sinni hjá, heldur ræðst á kjör allra opinberra starfsmanna?

Góðir Íslendingar. Peningavald vesturveldanna hefur sagt íslenzkri alþýðu, allri þjóð vorri, stríð á hendur. Þetta frv. er stríðsyfirlýsing þess. Auðmannastétt Reykjavíkur dragnast til að flytja það, hikandi og tvíráð, í þeirri hugmynd að eiga ekki annarra kosta völ. Aðeins andlegar afturgöngur og örfáir braskarar fylgja því af áhuga. Þetta frv. er hjá þeim flokkum, er fremja það nú, heljarstökk aftur á bak, aftur í tíma atvinnuleysis, okurs og fátæktar. Engum þessara heljarstökksmanna dettur í hug, að þeir komi standandi niður. En þeir stökkva samt. Voldugir aðilar alþjóðaauðvaldsins í París og Washington heimta, að íslenzkri þjóð sé kippt burt af þeirri braut, sem hún hefur verið að ryðja sér síðustu 18 árin, og ríkisstj. ætlar að reyna að hlýða.

Vér Íslendingar höfum verið að vinna kraftaverk á síðustu 18 árum. Með eindæma atorku alþjóðar höfum við verið að hefja okkur upp úr atvinnuleysi og fátækt, vinna upp á einni kynslóð það, sem aldaáþján nýlendukúgunarinnar svipti okkur. Það hefði þurft sósialistíska búskaparhætti til að vinna það verk, ef vel átti að vera. Með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, samkv. stórhuga áætlunum um nýtingu auðlindanna, með þjóðnýtingu utanríkisverzlunarinnar og stærstu fiskiðjuveranna hefði oss tekizt undir víðsýnni forustu verkalýðshreyfingarinnar að gera Ísland að fyrirmyndarlandi um lífskjör og félagsleg réttindi. Við höfum reynt þetta án þessara forsendna, og því hefur það oft gengið skrykkjótt. En þrátt fyrir allt hefur mikið unnizt á sakir atorku okkar þjóðar og ekki sízt vegna viðskiptasambandanna við kreppulaus lönd sósialismans. Við höfum jafnvel um hríð útrýmt atvinnuleysinu, þessum óhugnanlega fylgifiski auðvaldsskipulagsins, sem þjáir öll auðvaldslöndin í kringum okkur. Við höfum knúið það fram, að atvinnutækin væru fyrst og fremst rekin til þess að tryggja framleiðslu þjóðarinnar og vinnu verkalýðsins, en ekki bara fyrir gróða atvinnurekendanna.

En hinir voldugu herrar í Washington og París hafa litið þessa viðleitni vora hornauga. Þeim hefur fundizt það hættulegt alþjóðaauðvaldinu, að Íslendingar fari sínar eigin götur, ekki sízt ef þær lágu í austurveg. Þeim háu herrum finnst, sem Vilhjálmi kardínála forðum daga, ósæmilegt, að Ísland þjóni ekki undir gróðakonunga alþjóðaauðvaldsins sem öll önnur auðvaldsríki í veröldinni, og þeir sendu sína legáta hingað til landsins að boða tröllatrúna á gróðavonina sem einu hvötina til atvinnulífs, — og kenna oss að rækta ekki kartöflur. Og þeir stefndu utan ráðherrum vorum til Parísar og hétu að lána þeim 800 millj. kr. í vörulán til landsins, ef við létum að óskum þeirra og aðhylltumst þeirra stefnu. Og í þessu frv. birtist dagskipun drottnanna í París. Járnkló peningavaldsins skal aftur læsa sig um Ísland. Land vort skal aftur innlimast í kreppukerfi kapítalismans, þar sem afurðir okkar eru að falla í verði, eru að verða óseljanlegar, ef ekki beinlínis er sett á þær bann eins og af bandamönnum vorum, Bretum. 800 millj. kr. vörulánið, sem má ekki nota til framkvæmda, heldur aðeins til eyðslu, á að verða skuldafjötur-inn, sem hlekkjar oss við hringavaldið eins og kotbóndann við einokunarkaupmanninn forðum. Það á að verða sú hengingaról, sem herðist að hálsi vorum, ef vér hyggjumst að ganga braut efnahagslegs sjálfstæðis og atvinnulegrar uppbyggingar eftir eigin leiðum. Peningurinn og rentan af honum skal aftur leitt til öndvegis á Íslandi, en manngildið og vinnugildið rýrt að sama skapi. Okrið skal gert að stjórnarstefnu, en atvinnuleysið að framtíðarhorfum.

Vinnulaun íslenzkra verkamanna og sjómanna skulu með þessu lækkuð niður fyrir allt, sem sæmilegt er. Amerískur háseti á flutningaskipum, er hingað siglir, hefur 400 dollara á mánuði eða 15200 kr., en íslenzkur farmaður á að una við 3600 kr. Kaup hafnarverkamanna á Íslandi og í New York var 1947 hið sama, 1 dollar og 40 cent. Eftir þessa gengislækkun hefði amerískur verkamaður 3 dollara um tímann eða 114 ísl. kr., en íslenzkur Dagsbrúnarmaður, sem var jafningi hans 1947, hefði þá 20 kr. eða rúman hálfan dollar. En lágmarkslaun í Bandaríkjunum eru 1 dollar á klukkustund eða 38 ísl. kr. eftir Alþfl.-genginu, og þau laun eru lögboðin til verndar samtakalausum svertingjum gegn óhóflegu arðráni ósvífinna atvinnurekenda. Vinnulaun íslenzks verkamanns væru með þessu frv. lækkuð niður í það að vera helmingurinn af lögboðnu lágmarkskaupi fátækustu svertingja Suðurríkjanna. Það kemur í þessu sambandi ekki málinu við, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að íslenzk króna fær hlutfallslega meiri kaupmátt en dollarinn, af því að hann er skráður of hátt með þessu þrælagengi. Hitt er aðalatriðið, að fyrir amerískan auðhring, sem fjármagn vill festa á Íslandi, yrði eftir þessa gengislækkun íslenzkur verkamaður helmingi arðvænlegri til arðráns en verst launaði verkamaður Bandaríkjanna. Og til þess er hinn ljóti leikur gerður. Það á að gera Ísland aftur arðvænlegt sem nýlendu, sem heimsauðvaldið ágirnist til fjárfestingar, og þetta heimsauðvald hugsar sér að slíta um leið viðskiptasambönd Íslands austur á við, sem verið hafa horn-

steinn atvinnuöryggisins. Þá er Ísland einangrað og ofurselt auðhringavaldinu á ný. Og til þess að ná því þokkalega takmarki og ofurselja erlendu auðvaldi orkulindir Íslands og tryggja því, að íslenzkt vinnuafl væri eitt hið ódýrasta í heimi að amerísku mati, á nú að svipta íslenzkan verkalýð og alla launþega þeirri sæmilegu lífsafkomu, sem alþýðan með mikilli vinnu og ötulli baráttu hefur áunnið sér.

Gegn þessu mun íslenzk alþýða rísa. Hún hefur alla þessa öld, við hlið beztu menntamanna Íslands, rutt þjóðinni brautina með hörðum höndum sínum út úr örbirgð fyrri alda til bjargálna batnandi hags. Íslenzk verkalýðs- og launþegasamtök munu ekki una því að láta hrinda sér niður í atvinnuleysi og armæðu fyrri áratuga. Það þarf enginn þjóðmálaleiðtogi, er þekkir Íslendingseðlið, að ganga að því gruflandi, að harðstjórn peningavaldsins verður mætt með öllu því harðfylgi, sem alþýðusamtökin hafa yfir að ráða.

Við skulum muna það, verkamenn og bændur, að íslenzkir búkarlar hafa áður gert sig svo digra gagnvart útlendu valdi að vilja einir ráða, er loðnir leppar erlendrar áþjánar vildu þröngva kosti vorum, og það er auðveldara nú að hrinda slíkum árásum en nokkru sinni fyrr í sögu vorri. Ef íslenzk atvinnurekendastétt ætlar nú að aðhyllast okurstefnu erlends valds, lánsfjárskort og kaupkúgun, sem sína stefnu, þá getur hún sjálf borið fjanda sinn. Þeir, sem það vilja, geta þá neitað sjálfum sér um lán og okrað hver á öðrum og knífað við sjálfa sig kaupið. Íslenzkir verkamenn munu ekki gefast upp, heldur berjast.

Þeir flokkar, er þvinga nú þetta frv. fram í umboði erlends valds, valda með því þjóðarógæfu og fella yfir sjálfum sér þungan áfellisdóm. Kaupkúgunarstefna þessa frv. verður heljarstökk Alþýðuflokksforingjanna út úr íslenzkri verkalýðshreyfingu. Okurstefna þessa frv. er rýtingsstunga Sjálfstfl. í bak íslenzks atvinnulífs. Það er á ábyrgð þessara flokka, að fylkingar síga nú saman til ægilegustu stéttaátaka íslenzkrar sögu. Það gat enginn búizt við, að íslenzk alþýða mundi krjúpa á kné og afhenda að erlendu valdboði rétt sinn til sómasamlegs lífs. Þvert á móti, íslenzk alþýða mun svara að fornra höfðingja hætti: „Heyra má ek erkibiskups boðskap, en ráðinn em ek í at hafa hann at engu.“

Alþýða Íslands ætlar, að hún viti sjálf bezt, hvernig þessu landi skuli stjórnað í alþjóðar þágu, og miklu betur en erlendir drottnar og allir mammonsprestar þeirra. Ég vara hæstv. ríkisstj. við að fremja þann óvinafagnað til að geðjast Atlantshafsbandalaginu og auðvaldi þess að knýja þetta frv. fram með naumum þingmeirihluta og gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar. Þjóð vor þarf frið, en ekki það innbyrðis stríð, sem nú er stofnað til. Þjóð vor þarf samhjálp og sameiginlegt átak vor allra, eldmóð og stórhug til að lyfta því grettistaki, sem bíður vor, en ekki þá ísköldu harðstjórn peninganna, sem mun kyrkja íslenzkar framfarir og innlima Ísland í kreppukerfi hins hnignandi kapítalisma. Því ber Alþingi Íslendinga að fella þetta frv. En verði það samþykkt, þá verið við því búin, alþýðumenn og konur um land allt, að taka á móti. Látum auðvaldið eitt bera þá bagga, er það nú bindur öðrum.

Verkamenn og launþegar um land allt, hvar sem þið hafið hingað til verið í flokki, sameinizt, mótmælið sem einn maður þeirri aðför, sem nú er gerð að lífskjörum ykkar, frelsi og atvinnuöryggi. Og ef mótmælin duga ekki og engu viti verður komið fyrir auðvaldið og þjóna þess, þá takið höndum saman allir sem einn og hnekkið þeirri harðstjórn peningavaldsins, sem nú á að innleiða á Íslandi. Sýnum alþjóðaauðvaldinu, að hér á Íslandi búa menn, sem hvorki lúta boði þess né banni, en fara sínar eigin leiðir, sjálfum sér og þjóð sinni til farsældar. — Góða nótt.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Vandi efnahagsmálanna verður ekki leystur, nema þing og þjóð geri sér ljósa galla uppbótakerfisins og nauðsyn réttrar gengisskráningar. S. l. ár var gjaldeyrir keyptur af útflytjendum með að meðaltali 86.7% uppbótum, en seldur innflytjendum með 68.5% álagi, miðað við skráð gengi. Það, sem hér er að gerast, er einfaldlega það, að í hvert skipti, sem þjóðin flytur út 169 fiska, flytur hún inn verðmæti, sem svarar til 187 fiska. Hún skiptir á milli sín 18 fiskum meira en á land kemur. Það er engum blöðum um það að fletta, að þetta er ekki hægt nema með sífellt versnandi gjaldeyrisstöðu í einhverju formi, hvernig sem stjórnarandstaðan reynir að túlka flóknar skýrslur og tölur strútsstefnu sinni til framdráttar.

Það veit hvert mannsbarn, að heimili getur ekki til lengdar eytt 187 kr. í hvert skipti sem það aflar 169 kr. Enginn kaupmaður né kaupfélag getur né dettur í hug að selja þær vörur að staðaldri á 169 kr., sem það kaupir á 187 kr. En stjórnarandstaðan stingur höfðinu í sandinn upp fyrir öll skilningarvit, og við það er stefna hennar kennd, strútsstefnan.

Minni stjórnarandstöðunnar ætti ekki að raskast við það, þó að hún stingi höfðinu í sandinn, og verður afstaða stjórnarandstæðinga og málflutningur þeim mun furðulegri, ef rifjuð er upp afstaða þeirra frá vinstristjórnarárunum, og þó að minni þeirra væri farið að dofna, ætti það ekki að koma að sök, því að hæstv. dómsmrh. las hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum ummæli hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, frá þeim árum, þar sem hann fullyrðir, að skráning krónunnar sé algerlega röng og að ekki sé hægt að framkvæma ótakmarkaða fjárfestingu fyrir erlent lánsfé, án þess að þjóðarbúið sporðreisist gersamlega og slíkt mundi leiða til gjaldeyriskreppu. Nú kveður við annan tón í hv. þm. Nú er gengið rétt skráð, efnahagsráðstafanirnar að mestu eða öllu óþarfar, hægt er að fá nóg erlend lán, engin gjaldeyriskreppa, óhófleg fjárfesting sporðreisir ekkert og hófleg fjárfesting kölluð samdráttarstefna.

Er furða, þó að menn spyrji: Hvenær var öllu þessu kippt í lag? Er ekki hv. þm. minn-

ugur þess, að stefna vinstri stjórnarinnar beið algert skipbrot vegna neikvæðrar afstöðu kommúnista, sem kærðu sig ekkert um það að lappa upp á vestrænt lýðræðisskipulag, kærðu sig ekki um að taka á sínar herðar ábyrgðina á þjóðnauðsynlegum aðgerðum, sem óþægilegar væru fyrir lýðskrumsmöguleika þeirra? Á þeim árum sagði hv. 1. þm. Austf., sá mæti og lengst af ábyrgi stjórnmálamaður, setningu, sem lengi mun í minnum höfð: Er hægt að æra fólk svo með neikvæðum rógi, að enginn þori að gera neitt af ótta við róginn? — Þessi orð hv. þm. áttu við bumbuslátt páv. stjórnarandstöðu, sem auglýsti daglega í rammagreinum stórkostlegar verðhækkanir, sem leiddi af aðgerðum vinstri stjórnarinnar og jafngiltu a. m. k. 30% gengisfellingu, þó að sú gengisfelling væri ekki kölluð réttu nafni. Það, sem nú er verið að gera, er kannske fyrst og fremst það, að verið er að skrásetja gengisfellingu vinstri stjórnarinnar, kalla hana réttu nafni. Manni getur runnið til rifja að heyra þennan hv. þm. berja nú áróðursbumbur kommúnista. Uppbótakerfið er gallað, ekki aðeins vegna þess, að það byggist á stöðugum greiðsluhalla við útlönd, heldur einnig vegna þess, að það kerfi beinir framleiðslunni inn á það svið, þar sem hæstar eru uppbætur, í stað þess að nauðsynlegt er að beina fjármagni og vinnuafli inn á þau svið, sem mest gefa í aðra hönd, miðað við tilkostnað á vinnustund, svo að sem mest verði til skiptanna, ekki úr ríkissjóði, heldur af raunverulegum verðmætum, sem aflað er með sölu á erlendum markaði. Kerfið er því kjararýrnunarkerfi og orsakar sjálfa gengisfellinguna, hvort sem hún er skráð á hverjum tíma eða ekki.

Dauðadómur þessa kerfis var kveðinn upp með verðbólgusprengingunni 1. des. 1958. Vinstri stjórnin hafði legið undir feldi frá því í nóv. 1957 og þar til í maí 1958, í sjö mánuði, en ráðstafanirnar með öllum verðhækkununum entust til 1. des., eða í 6 mánuði, og enduðu með skelfingu, eins og frægt er orðið af uppgjafaryfirlýsingu 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar, þegar hann rauf stjórnarsamstarfið.

Meðan vinstristjórnarflokkarnir lágu undir feldi, lögðu þeir hver um sig fram skriflegar till., sem áttu að miða að endanlegri lausn vandans, að svo miklu leyti sem um endanlega lausn getur verið að ræða á sviði þessara mála.

Þegar þessar till. eru athugaðar, hvað kemur þá í ljós? Jú, það kemur í ljós, að Framsfl. lýsti þá göllum uppbótakerfisins nákvæmlega eins og núverandi ríkisstjórn og sérfræðingar hennar gera nú. Þeir vildu skipta um kerfi. Þeir vildu gengisfellingu. En þeir vildu ekki fallast á nauðsynlegar hliðarráðstafanir, svo sem auknar almannatryggingar og lækkun tekjuskatts, eða á annan hátt rétta hlut launþega og annarra þeirra, sem versta aðstöðu höfðu í lífsbaráttunni. Kommúnistar lögðu fram málamyndatillögur, sem leystu engan vanda, en samdráttartill. voru það eigi að síður. Þeir vildu takmarka stórlega lánveitingar, stórauka innflutning á hátollavörum, en minnka innflutning á nauðsynjavörum og ná gjaldeyrisjafnvægi á þann hátt, minnka fjárfestingu og framkvæmdir í landinu og taka 100 millj. kr. lán í Rússlandi. En nú heimta þeir meiri útlán, minni hátollavöru, meiri framkvæmdir.

Hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, er kunnugt um hin fornu ummæli, að engin borg er óvinnandi, ef asni klyfjaður gulli kemst inn um borgarhliðið. Gegn þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur boðað með aðstoð færustu íslenzkra hagfræðinga og annarra sérfræðinga, hefur hv. þm. teflt fram hinu austræna hagkerfi í tveggja og þriggja klst. ræðum að undanförnu, — hagkerfi, sem mér er ekki kunnugt um að nokkurt einasta þjóðríki í allri veröldinni hafi kosið yfir sig í frjálsum kosningum. En þó verður að segja því hagkerfi það til hróss, að þar sem það nær einu sinni fótfestu, þar fær það 99% greiddra atkvæða í kosningum, og þar þurfa ekki launþegar að standa í löngum verkföllum á grundvelli frjáls samningsréttar. Þar er allur vafi tekinn af í því efni með hersýningum 1. maí, á hátíðisdegi launþega.

Ríkisstjórn Emils Jónssonar stöðvaði það, að lengra yrði haldið á braut uppbótakerfisins, stöðvaði vöxt verðbólgunnar og þar með frekari gengisfellingu en orðin var. Það er staðreynd, að ef ekkert hefði verið gert, hefði vísitalan nú um áramótin verið orðin 270 stig og fella hefði þurft gengið í 60 kr. fyrir bandarískan dollar, ef viðurkenna hefði átt það ástand nú.

Í ljósi þessara staðreynda verða skiljanleg ummæli hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, er hann sagði við 2. umr. hér í d.: Það er minni vandi að ráða bót á efnahagsmálunum nú en oft áður. — Það er rétt hjá hv. þm. Það er auðveldara nú, vegna þess að stjórnarstefna Alþfl. og stuðningur Sjálfstfl. sparaði þjóðinni 22 kr. gengisfellingu á hvern dollar á einu ári, og Alþfl. má vel una við það, ef það er auðveldara nú en í des. 1958, þegar hv. þm. gafst sjálfur upp við að ráða bót á vandanum. Ríkisstjórn Emils Jónssonar tókst þetta vegna þess, að þess var gætt að dreifa byrðunum réttlátlega á allar stéttir og komið var í veg fyrir, að nokkur stétt hagnaðist sérstaklega á ráðstöfununum. En hvernig er þessu varið nú? Er að því stefnt, að enginn græði sérstaklega á þeim, sem er frumskilyrði þess, að þjóðin sætti sig við nauðsynlegar aðgerðir?

Bátaútvegurinn er óánægður, af því að hann veit, að nú verður hann að standa á eigin fótum. Togaraeigendur hafa borið fram sárar umkvartanir við ríkisstjórnina, og hraðfrystihúsin sjá eftir uppbótakerfinu. Fyrir helgina las ég eftirfarandi í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta:

Í fyrsta lagi: „Flestallir kaupfélagsstjórar og forráðamenn SÍS sátu fund í Reykjavík um helgina. Uggur var í mönnum um væntanlegar efnahagsaðgerðir.“

Á öðrum stað í fyrirsögn: „Þjarmað að íslenzkum iðnaði.“

Á þriðja stað: „Kaupsýslumenn af öllum stærðarhlutföllum, heildsalar, stórsalar, smásalar og umboðssalar, fjölmenntu í salarkynni

á Hótel Borg í gærkvöld, því að Kaupmannasamtök Íslands höfðu boðað þar til fundar um efnahagsmálin. Framkvæmdastjóri samtakanna sagði m. a., að hann teldi hlut kaupsýslumanna fyrir borð borinn í gengislækkunartill. ríkisstjórnarinnar, ríkisstj. gerði sér litla grein fyrir því, sem heitir verzlunarkostnaður, og lítill skilningur ríkti á hlutverki verzlunar.“

Slík ummæli og undirstrikun Þjóðviljans virðist vissulega benda til þess, að byrðunum verði dreift á alla, og er það höfuðnauðsyn.

En nú munu e. t. v. margir spyrja: Hvernig stendur á því, að stjórnmálamenn eru að leggja byrðar á alla þjóðina, hækka vöruverðið við sjálfa sig og alla kjósendur sína? Svarið getur ekki verið nema eitt. Það hlýtur að vera þjóðarnauðsyn, sem er ekki hægt að láta dragast lengur. Sjúklingurinn, sem gengur undir uppskurð, gerir sér ljóst, að enda þótt holskurðurinn sé óþægilegur, er hann ekki meinið sjálft, heldur aðgerð til þess að nema meinið brott. Á sama hátt er gengisfelling ekki meinið sjálft, heldur aðgerð til þess að nema burt mein úr efnahagslífi þjóðarinnar. En í báðum tilfellum getur sjúklingurinn miklu um batann ráðið eða a. m. k. komið í veg fyrir bata, en það væri óviturlegt.

Það er rétt, að menn geri sér það ljóst, að allar ríkisstjórnir s. l. 15 ár hafa glímt við verðbólguna og efnahagsvandamálið. Allar hafa þær orðið að gera það með einhverjum kjaraskerðingum. Framsfl. og Sjálfstfl. framkvæmdu stórfellda gengisfellingu 1950. Vinstri stjórnin jók uppbótakerfið ár frá ári, og hafði það í för með sér miklar verðhækkanir, skerti vísitöluna tvisvar, og hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, forseti Alþýðusambandsins, stakk upp á vísitöluskerðingu í þriðja sinn í nóvemberhefti Vinnunnar 1958. Núverandi ríkisstj. framkvæmir gengisfellingu. En ráðstafanir núverandi ríkisstj. eru þó um það sérstæðar, að þeim fylgja mjög þýðingarmiklar hliðarráðstafanir til aðstoðar þeim, sem verst eru settir í lífsbaráttunni. Þannig hagnast elli- og örorkulífeyrisþegar á ráðstöfununum, því að þeir fá 44% hækkun. Stærri barnafjölskyldur hagnast einnig á aðgerðunum, því að þær fá 2600 kr. fjölskyldubætur með hverju barni. Talið er, að kjaraskerðingin nemi 3% hjá vísitölufjölskyldunni, og er þá ekki tekið tillit til niðurfellingar á tekjuskatti og lagfæringar á útsvari. Afnám tekjuskatts á almennar launatekjur og mjög lágir skattar á fyrstu 20—30 þús., sem umfram eru, eru mjög mikil kjarabót fyrir alla launþega og mun í mörgum tilfellum vega upp á móti þeirri kjaraskerðingu, sem minni fjölskyldur og einstaklingar verða fyrir.

Þær efnahagsráðstafanir, sem framkvæmdar hafa verið undanfarin 10 ár og ég hef nú rakið, hafa að sjálfsögðu verið misjafnar og allar umdeilanlegar, og engin ríkisstj. hefur ráðizt í þær að nauðsynjalausu. Allar hafa þær miðað að því að tryggja rekstur atvinnuveganna og þar með atvinnuöryggi og velferð þjóðarinnar. En allar hafa þær orðið óábyrgum áróðri stjórnarandstöðunnar að bráð. Og nú er gerð hörð hríð að viðreisnartill. ríkisstjórnarinnar.

Núverandi ríkisstjórn lætur ekki hræða sig frá því að gera skyldu sína, og hún treystir því, að þjóðin hafi lært nægilega mikið af reynslu undanfarinna ára til þess að gjalda varhuga við óábyrgum áróðri stjórnarandstöðunnar. Það er brýnasta nauðsyn í íslenzkum stjórnmálum að kenna íslenzkri stjórnarandstöðu velsæmi og þjóðhollustu. Ríkisstjórnir eru að sjálfsögðu misjafnar. En stjórnarandstaðan hér á landi bregzt ávallt hlutverki sínu. Í því efni verður þjóðin að taka í taumana. Efnahagsaðgerðir eru að jafnaði erfiðar fyrir almenning. En það er háskalegt og vítavert, að stjórnarandstaðan skuli vitandi vits og af ráðnum hug neyta allrar orku sinnar og beita öllum sínum áróðurstækjum til þess að auka á erfiðleika þjóðarinnar með því að koma í veg fyrir það, að aðgerðirnar beri árangur. Hefur stjórnarandstaðan engar skyldur við kjósendur sína? Þetta er þeim mun vítaverðara, að hún hefur ekki bent á neinar leiðir út úr vandanum, aðeins reynt að flækjast fyrir. — Verið þið sæl.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. seinasti ræðumaður var að rifja upp ýmis ummæli, sem Eysteinn Jónsson hefði sagt, slitin algerlega úr sambandi. Það mun sýna sig, að ef ummæli Eysteins Jónssonar eru lesin í heild, er ekki um neitt ósamræmi að ræða hjá honum fyrr og nú. En ég held, að þessum hv. þm. væri nær að rifja það upp, sem hann sagði sjálfur fyrir seinustu kosningar, og bera það saman við það, sem hann er nú að gera. Það mundi vissulega koma þá í ljós, að þessum hv. þm. er annað betur gefið en efna loforð sín.

Það munu vafalaust margir ætla af öllum bölsöng hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. um erlendu framkvæmdalánin, sem hafa verið tekin undanfarin ár, að það sé eitthvert aðaltakmark ríkisstjórnarinnar að stöðva skuldasöfnunina við útlönd. Hvað segir svo frv. það, sem hér liggur fyrir, um þennan tilgang hæstv. ríkisstjórnar? Þar segir í stuttu máli það, að ríkisstj. fer fram á heimild til stærri lántöku erlendis en nokkru sinni hefur áður verið stofnað til. Stjórnin vill hvorki meira né minna en fá heimild til að mega auka erlendu skuldirnar um 760 millj. kr. Þetta fé ætlar hún ekki að nota til framkvæmda, heldur eingöngu til vörukaupa. Hér er m. ö. o. stefnt að því að auka erlendu skuldirnar meira en nokkru sinni fyrr og það eingöngu vegna eyðslu. Og svo á þjóðin að leggja trúnað á það, að stjórnin ætli að vinna gegn erlendri skuldasöfnun. Er hægt að komast öllu lengra í ósönnum og blygðunarlausum áróðri?

Hæstv. menntmrh. sagði, að hér ætti nú að framkvæma sömu efnahagsstefnu og í nágrannalöndunum. Lítið sýnishorn þess sannleika er það, að stjórnin ráðgerir að hafa útlánsvexti meira en helmingi hærri en viðgengzt í þessum löndum. Hins vegar verður kaupmáttur verkamannalauna minni hér en þar eftir gengisbreytinguna.

Af hálfu sjálfstæðismanna hefur verið reynt að halda því fram, að þeir erfiðleikar efna-

hagsmálanna, er nú væri glímt við, stöfuðu frá tíð vinstri stjórnarinnar. Til að afsanna þetta nægir að benda á eftirfarandi:

Þegar vinstri stjórnin lét af völdum haustið 1958, lét Sjálfstfl. hagfræðinga sína gera sérstaka úttekt á ástandi efnahagsmálanna. Útkoma þeirra var sú, að hægt væri að tryggja áfram rekstur atvinnuveganna án nýrra tolla og álaga, ef kaupið væri lækkað um 6%, eða m. ö. o. sú kauphækkun tekin aftur, er Sjálfstfl. og fylgifiskar hans höfðu knúið fram fyrr á árinu. Þessi kauplækkun var svo lögleidd á seinasta þingi, og þar með átti að vera tryggt, að atvinnuvegirnir gætu starfað án frekari álaga á almenning. Það gerðist svo síðar, að stjórn Emils Jónssonar jók niðurgreiðslur og uppbætur milli 250 og 300 millj. kr. umfram það, sem átti sér stað í tíð vinstri stjórnarinnar. Með því var stofnað til hallans, sem nú er glímt við, og er hann sannarlega orðinn til í stjórnartíð Alþfl. og Sjálfstfl., en rekur ekki að neinu leyti rætur til vinstri stjórnarinnar.

Talsmenn stjórnarinnar hafa verið að hampa því, að Framsfl. hafi tvívegis staðið að gengislækkunum áður og því sé óeðlilegt, að hann sé ekki með gengislækkun nú. Þessu er því að svara, að það nýstárlega í þessu máli er ekki sjálf gengislækkunin, enda þótt hún gangi úr hófi fram. Það stórfelldasta í þessu máli er sú algera stefnubreyting í efnahagsmálum, sem ætlunin er að framkvæma. Aldrei áður hefur það verið gert allt í senn: að lækka gengið, hækka stórkostlega söluskatt og aðrar álögur, hækka vextina stórkostlega, draga úr útlánum bankanna, skerða stórlega opinber framlög til verklegra framkvæmda o. s. frv. Gegn slíkri samdráttarstefnu hefur Framsfl. jafnan barizt og telur hana háska fyrir land og lýð. Það er því fullkomlega í samræmi við afstöðu hans fyrr og síðar, að hann beitir sér hart gegn þessu frv.

Talsmenn Sjálfstfl. hafa raunar haldið því fram, að með þessu frv. verði stefnt að því að draga úr höftum og auka frjálsræði manna. Öllu meira öfugmæli hafa ekki verið sögð. Undantekningarlítið allar ráðstafanir, sem felast í þessu frv., torvelda og takmarka framtak allra þeirra einstaklinga, sem eru ekki því betur staðir fjárhagslega eða njóta ekki sérstakra hlunninda í bönkunum. Vaxtahækkunin, skerðingin á útlánum bankanna, nýju álögurnar, þetta allt eru ný höft á framtak og frjálsræði manna. Þetta frv. er tvímælalaust mesta haftafrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir Alþingi. Höft fátæktarinnar og höft peningavaldsins eru hér leidd til öndvegis. Framtak allra verður skert, nema nokkurra fárra útvalinna, er fá enn meira svigrúm en ella. Aldrei hefur Sjálfstfl. sýnt það betur en nú, að hann vill ekki stuðla að einkaframtaki hinna mörgu, heldur aðeins gefa fáum útvöldum sem mest olnbogarúm. Þrátt fyrir allt sitt glamur um, að hann sé flokkur allra stétta, er hann mesti stéttaflokkur landsins, flokkur braskara og yfirgangsmanna, er þola ekki framtak og sjálfsbjargarviðleitni hins óbreytta manns.

Hér í umræðunum hefur verið greinilega sýnt fram á það, að þær ástæður, sem ríkisstj. færir fram fyrir frv., eru falsrök ein. Það þarf engar sérstakar neyðarráðstafanir vegna erlendu lánanna, sem hafa verið tekin undanfarin ár, því að þau hafa öll farið til framkvæmda, er skila beint eða óbeint miklu meiri gjaldeyristekjum en nemur vöxtum og afborgunum af þeim. Það þarf heldur engar slíkar ráðstafanir, er hér eru ráðgerðar, til að mæta hallanum af útflutningskerfinu, enda er hér gert ráð fyrir fjórum sinnum meiri álögum eða millifærslum en hæstv. forsrh. taldi nauðsynlegt fyrir 2½ mánuði. Þá taldi hann þörf 250 millj. kr. álaga eða millifærslu í þessu skyni, en hér er um a. m. k. fjórfalda þá upphæð að ræða.

Það er því mjög vel ljóst, að hér er mörgum sinnum lengra gengið í samdrætti og kjaraskerðingu en nokkur þörf er fyrir. Þegar þannig er sýnt, að ekki er þörf þessara ráðstafana vegna erlendu skuldanna né afkomu útflutningsatvinnuveganna, hljóta menn að spyrja: Hver er þá hinn raunverulegi tilgangur ríkisstjórnarinnar? Ekki getur hæstv. ríkisstj. verið að ráðast í þessar aðgerðir út í bláinn og efna til stórfelldra stéttaátaka og baráttu í hreinu hugsunarleysi. Þetta er vissulega rétt. Hæstv. ríkisstj. og þeir, sem ráðum hennar ráða, hafa alveg ákveðinn tilgang með þessu máli. Tilgangurinn er sá að nota hinar tiltölulega viðráðanlegu aðgerðir, sem þarf að gera vegna útflutningsatvinnuveganna, til að koma fram alveg nýrri þjóðfélagsstefnu og nýjum þjóðfélagsháttum á Íslandi. Stundarerfiðleikar atvinnuveganna eru notaðir sem skálkaskjól til að koma þessari stefnu fram.

Hver er sú þjóðfélagsstefna og þeir þjóðfélagshættir, sem er takmark hæstv. ríkisstj. með þessu frv.? Því hefur hæstv. forsrh. svarað skýrt við 1. umr. Hæstv. forsrh. orðaði þetta efnislega á þessa leið: Ég vil fá aftur þá góðu tíma, þegar ég var ungur. — Í þessum anda og í þessum tilgangi er líka frv. hæstv. ríkisstjórnar samið. Takmarkið er að færa okkur 30—40 ár aftur í tímann til þeirra þjóðfélagshátta, sem þá ríktu.

Það var í kosningunum 1927, sem ein mestu þáttaskipti urðu í íslenzkri sögu. Þá voru íhaldsöflin brotin svo á bak aftur, að þau hafa aldrei þorað að sýna sitt rétta andlit aftur fyrr en nú. Á þeim 33 árum, sem síðan eru liðin, hefur orðið alger breyting á þjóðfélagsháttum á Íslandi. Það hefur í raun réttri risið upp hér nýtt þjóðfélag, stórum betra og réttlátara en það, sem fyrir var. Í stuttu máli sagt er það aðalsmerki þessa þjóðfélags, að hér eru nú tiltölulega langtum fleiri efnalega sjálfstæðir einstaklingar en í öðrum löndum, almenn fátækt minni og mikil auðsöfnun líka minni. Eignaskiptingin og tekjuskiptingin er jafnari á Íslandi en víðast þekkist. Það, sem hefur hjálpað til að skapa þetta þjóðfélag, er einkum tvennt. Önnur meginástæðan hefur verið samhjálp fólksins, samvinnufélög, verkalýðsfélög, iðnaðarmannafélög, ásamt mikilli opinberri aðstoð til styrktar einkaframtaki og félagsframtaki, t. d. fiskveiðasjóður, ræktunarsjóður, ýmsir byggingarsjóðir o. s. frv. Hin meginástæðan hefur verið sú, að einkaframtak og

atorka hinna mörgu einstaklinga hefur verið leyst úr læðingi og þeir kappkostað að komast úr fátækt til bjargálna. Þetta tvennt í sameiningu hefur gert það að verkum, að á Íslandi hafa sennilega orðið meiri verklegar framkvæmdir og meiri umbætur á lífskjörum almennings en í nokkru öðru landi á sama tíma.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt markvisst að því að brjóta þessa þjóðfélagshætti niður. Í staðinn á að endurreisa þá þjóðfélagshætti, sem voru hér fyrir 30—40 árum og hæstv. forsrh. saknar svo mjög og þráir að komi hér að nýju, eins og þeir þm. munu minnast, er hlýddu á hina grátklökku ræðu hans í hv. deild fyrra laugardag. Þetta á að gerast með því að þrengja kjör alls almennings í landinu, en bæta aðstöðuna fyrir fáa útvalda. Þetta á að gerast með því að færa til, svo að notuð séu orð hæstv. menntmrh., hvorki meira né minna á þessu ári en 1000 millj. kr. frá almenningi og í vasa tiltölulega fárra einstaklinga og fyrirtækja. Þetta á að gerast með því að innleiða að nýju ein ægilegustu höft allra hafta, höft fátæktarinnar og höft peningavaldsins. Þetta á að gerast með því að láta bankana hlúa að nokkrum útvöldum, líkt og Kveldúlfi í gamla daga, meðan þeir verða svo lokaðir öllum almenningi. Þetta á að gerast með því að þrengja á margvíslegan hátt að framtaki hinna mörgu máttarminni einstaklinga, eins og þeirra, sem nú standa í íbúðarbyggingum, svo að hinir fáu útvöldu fái enn meira svigrúm en ella. Og þetta á alveg sérstaklega að gera með því að þrengja kost og kjör unga fólksins í landinu, svo að það standi ekki í vegi hinna fáu útvöldu.

Það, sem hér er um að ræða, eru því raunverulega ekki ráðstafanir, sem gerðar eru vegna erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það, sem hér er um að ræða, er að taka upp alveg nýja þjóðfélagshætti, hverfa frá þjóðfélagi hinna mörgu efnalega sjálfstæðu einstaklinga til hins gamla þjóðfélags, þar sem flestir voru fátækir, en örfáir stórríkir.

Þessar staðreyndir verða menn að gera sér ljósar. Hver sá einstaklingur, sem vill ekki láta troðast niður í svað fátæktarinnar, verður að rísa gegn þeirri stefnu, sem þetta frv. boðar. Hver sá einstaklingur, sem vill hafa frelsi og möguleika til að verða bjargálna og efnalega sjálfstæður, verður að snúast hér til varnar. Hver sá, sem vill ekki una höftum fátæktar og peningavalds, verður að snúast hér til mótspyrnu. Og alveg sérstaklega verður unga fólkið í landinu að rísa upp til andspyrnu, ef það vill ekki endurreisa hér þjóðfélag þeirra hafta, fátæktar og peningavalds, sem þjakaði forfeður þess og dró þrek og dáð úr þjóðinni. Þau átök, sem hér eru fram undan, kalla á sameinaða baráttu allra þeirra, sem vilja ekki hverfa aftur til hins gamla tíma. Í þeirri samstilltu baráttu eiga ekki aðeins stjórnarandstæðingar heima, heldur allur þorri þess fólks, er veitti stjórnarflokkunum brautargengi í seinustu kosningum. Þetta fólk gaf stjórnarflokkunum ekkert umboð til að framkvæma þá afturhaldsstefnu og auðvaldsstefnu, sem í frv. þessu felst. Stjórnarflokkarnir lofuðu einmitt því gagnstæða fyrir kosningarnar. Þeir lofuðu að stöðva verðbólguna, en efna í stað þess til meira dýrtíðarflóðs en nokkru sinni hefur átt sér stað. Þeir lofuðu að efla uppbygginguna, en hyggja nú á margs konar ráðstafanir til að torvelda hana og takmarka. Kjósendur, sem hér hafa verið sviknir af stjórnarflokkunum, geta því ekki átt samleið með þeim lengur. Þeir eiga því nú að skipa sér í fylkingu þeirra, sem vilja ekki una þeirri afturhaldsstefnu, sem í þessu frv. felst. Þeir eiga því fulla samleið með stjórnarandstöðunni, a. m. k. meðan hæstv. ríkisstjórn heldur afturhaldsstefnu sinni til streitu.

Það er óhjákvæmilegt, að það hlýtur að valda hinni hörðustu baráttu, ef reynt verður að framkvæma þá afturhalds- og auðvaldsstefnu, er felst í þessu frv. Framsóknarmenn hafa því gert tilraun til þess hér í hv. d., að reynt yrði að ná samkomulagi um efnahagsmálin á breiðum grundvelli eða með samstarfi allra þingflokkanna. Stjórnarherrarnir hafa hafnað þessari sáttatilraun með háðs- og storkunarorðum. Vera má þó, að sigurbrosið fari af þeim, áður en lýkur. En með því að vilja ekki neitt samkomulag, bera þeir einir ábyrgð á því, sem á eftir kemur. Þau átök, sem kunna að vera fram undan, verða þá knúin fram af stjórnarherrunum vitandi vits og verða algerlega háð á ábyrgð þeirra. Og er það kannske það, sem þessi fámenna þjóð þarfnast helzt, að verða klofin í harðvítugustu baráttu, eingöngu vegna þess, að stjórnarherrarnir vilja knýja fram þjóðfélagsstefnu, sem meiri hluti þjóðarinnar er áreiðanlega andvígur og er alger andstæða þeirra loforða, er þeir gáfu fyrir seinustu kosningar?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, JóhH.

nei: BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

Frv. afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 16. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er nú á dagskrá til 1. umr. í hv. Ed. Alþingis, hefur verið rætt ákaflega mikið, eins og allir hv. þm. vita, undanfarna daga í hv. Nd., og raunar, að ég held, meira en títt er um mál, enda er málið efnismikið og eðlilegt, að menn greini á um ýmis atriði þess.

Umr. í Nd. lauk, eins og menn vita, með útvarpsumr. í gærkvöld. Ég teldi það að bera í

bakkafullan lækinn og raunar nærri að misbjóða þolinmæði þessarar hv. deildar, ef ég færi nú að flytja hér einhverja langa framsöguræðu. Ræðurnar, bæði þær, sem ég hef flutt og aðrir, hafa líka ýmist verið prentaðar orðrétt eða efnislega skýrt frá þeim í flokksblöðum allra þingflokkanna.

Efni þessa máls er í aðalatriðum það, að það er mat ríkisstj. og þeirra alþingismanna, sem hana styðja, að með engu móti verði undan því komizt að viðurkenna það fall, sem raunverulega er orðið og lengi hefur verið á krónunni, það sem sumpart var viðurkennt af vinstri stjórninni svonefndu og sumpart ekki, en öllum hefur þó verið kunnugt um, að réði ríkjum hér á landi, og þá samtímis að afnema allt það uppbótakerfi, sem ég held nú að flestum sé ljóst að ekki er hægt að búa við lengur af rökum, sem hafa verið margframfærð í öllum umræðum um málið.

Af sjálfsögðu leiðir nokkra verðhækkun af þessari breytingu, og á einstökum vörum er hún verulega mikil. Þar á ég fyrst og fremst við þær vörur, sem áður voru að því leyti greiddar niður, að á þeim hvíldi aðeins 30% yfirfærslugjald, þegar meginreglan var sú, að yfirfærslugjaldið væri 55% og að meðaltekjur útflutningssjóðs væru 68.5% af innflutningnum.

Til þess svo að reyna til hins ýtrasta að draga úr þeim byrðum, sem af þessari breytingu leiðir fyrir almenning í landinu, — en ætlað er, að verðlagshækkunin nemi 13 vísitölustigum, — hefur verið gripið til þess ýmist að greiða niður áfram erlendar vörur, þ. e. a. s. kaffi, sykur og kornvörur, en áður voru allmiklu fleiri vörutegundir greiddar niður, en auk þess hefur verið gerð alveg grundvallarbreyting á félagsmálalöggjöfinni, eins og það hefur verið orðað af sumum, að hér sé skapað nýtt þjóðfélag með þessum hætti. Þetta er gert til þess, að þungi þessarar breytingar þurfi ekki að bitna á þeim, sem verst eru settir. Á ég þar við fjölskyldumenn, öryrkja og aldrað fólk. En talið er, að með þeirri breytingu, sem felst í væntanlegri nýrri löggjöf um félagsmálin, beri þetta fólk allt það sama úr býtum þrátt fyrir vöruverðshækkunina, og er að því er fjölskylduna áhrærir þar miðað við 60 þús. kr. árstekjur.

Allir vita, að meðlag með þriðja barni er samkvæmt núgildandi ákvæðum á fyrsta verðlagssvæði 1166 kr. Með fyrsta og öðru barni er hins vegar ekkert meðlag. Nú er hins vegar líka ætlunin að taka upp þann hátt, að niðurgreiðslur séu jafnar með fyrsta, öðru, þriðja barni og áfram. Ætlað er þannig, að meðlagið með hverju barni á ómagaframfæri verði 2600 kr., þannig að fjölskylda með þrjú börn fær þá 7800 kr. með sínum þremur börnum, en hafði áður aðeins 1166 kr.

Tilsvarandi hækkanir eru svo fyrir aldrað fólk og öryrkja.

Í sambandi við þetta hefur orðið að gera ýmiss konar breytingar á löggjöf um tekjur ríkissjóðs, sem einnig leiðir af því, að útflutningssjóður verður lagður niður, og hann tekur þá við ýmsum þeim tekjustofnum, sem áður runnu til útflutningssjóðs. Um leið tekur ríkissjóður við kvöðum, sem hvíldu á útflutningssjóði, og ég á þar auðvitað fyrst og fremst við niðurgreiðslur á innlendum vörum, en þær námu og er ætlað að nemi 265 millj. kr. á ári.

Ég ætla ekki að fara út í að rekja breytingar á skattalöggjöfinni, tollalöggjöfinni. Stórvægilegasta breytingin er sú, að til viðbótar þeim fríðindum, sem ég hef nefnt, er ákveðið, að tekjuskattur á almennum launatekjum falli niður, þannig að barnlaus hjón fái 70 þús. kr. skattfrjáls, en síðan 10 þús. kr. með hverju barni skattfrjálsar, þannig að hjón með þrjú börn fá þá 100 þús. kr. skattfrjálsar. Þetta kostar ríkissjóðinn væntanlega um 110 millj. kr. Niðurfelling á 9% söluskattsgjaldinu kostar ríkissjóð væntanlega um 114 millj. kr. Þetta eru 224 millj. Til þess að jafngilda því er svo ætlað að leggja á nýjan söluskatt, sem á að vera 3% í staðinn fyrir 9% áður, en miklu almennari, og ætlað er að gefi af sér 280 millj. kr. Það er auðvitað óviss áætlun, en af þeim tekjum eiga bæjar- og sveitarfélög að fá 20% eða 56 millj. kr., þannig að þessar þrjár tölur eða þessi þrjú afsöl, sem ríkissjóður þar með gefur, tekjuskatturinn 110 millj., 9% söluskatturinn 114 millj. og 20% af nýja söluskattinum 56 millj., jafngilda þeim 280 millj., sem ætlað er að 3% söluskatturinn gefi.

Þetta er í aðalefnum það, sem fyrir mönnum vakir. Jafnframt eru ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar í sambandi við þetta og þá fyrst og fremst í því skyni að reyna að forðast, að krónan falli í gildi nær árlega, eins og verið hefur að undanförnu, ýmist með nýjum, stórfelldum skattaálögum, sem í raun og veru eru krónufall, eða með því að þetta krónufall sé viðurkennt, eins og ég tel að hafi verið, þegar yfirfærslugjaldið var lögleitt 1958.

Við teljum allir, sem að þessu frv. stöndum, að það sé afar þýðingarmikið að reyna að búa þannig um hnútana, að nú verði stöðvað á ógæfubrautinni, svo að ekki þurfi eiliflega að vofa yfir fólki sá mikli ótti, sem auðvitað hvílir þungt á mörgum, þegar horft er til fortíðarinnar og þessa tíða verðfalls peninganna. Sumar af þeim ráðstöfunum verða áreiðanlega ekki vinsælar í bili og þó nokkuð misjafnt kannske. Ég hef einna mest orðið var við, að menn kvíða vaxtahækkun, þeir sem skuldugir eru. En þar til jafnvægis kemur svo allur hinn mikli fjöldi sparifjáreigenda, sem þar fær bætt nokkuð sinn hlut og mjög að maklegleikum, og ég hirði ekki um að vera að rökstyðja það, af því að allir vita þau meginrök, að sparifjáreigendur hafa búið við ákaflega skarðan hlut undanfarin ár, þannig að árum saman hafa vextirnir eiginlega ekki nægt til þess að jafngilda rýrnun krónunnar, sem samtímis hefur orðið. Ég veit, eins og ég segi, að þær ráðstafanir, sem þar verður að gera, eru óvinsælar af sumum, og við því er ekkert að gera. Þeim er ætlað að standa einhvern tíma, en þeirri skipun verður létt af og vöxtum aftur breytt, þegar við teljum, að vaxtahækkunin hafi náð tilgangi sínum. Jafnframt því veit ég, að viss

þrenging á útlánum bankanna verður einnig ýmsum þungbær. Það skilja allir, sem í atvinnurekstri standa. En við því er heldur ekkert að gera. Það er talið af öllum, sem til þekkja, nauðsynlegt.

Ég er nú í raun og veru farinn að láta freista mín af innri þörf, enginn hefur beðið mig um það, að segja meira um málið en ég ætlaði mér. Ég hygg þó, að ég hafi ekkert sagt í raun og veru annað en það, sem allir hv. þm. vita, og mér á að vera vorkunnarlaust að vera fámáll um málið að þessu sinni, þó að ég auðvitað vel geti skilið, að ýmsir hv. þm., sem hafa ekki átt kost á að tala um það, telji það eitt samboðið virðingu deildarinnar og sinni eigin virðingu, að þeir tali hér um málið, til þess að fyrirbyggja þann misskilning, að málið eigi ekki að ræðast alveg jafnt í Ed. og í Nd.

Ég hef auðvitað óteljandi rök fram að færa fyrir þessu máli, en eins og ég segi, ég ætla hér að láta staðar numið. Ég leyfi mér að mælast til þess, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til hv. fjhn., og tel að mörgu leyti vel farið, að afgreiðsla þess dragist ekki úr hófi, því að slíkt ástand sem ríkir er ekki æskilegt til langframa. Ég mælist því til þess, að hv. d. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að flýta fyrir málinu. En sem sagt ég skil vel, að það verði nú hver að meta þann hraða, sem þar á að vera á, eftir því, hvernig hann lítur á það frá sínu sjónarmiði. Annars vegar er þörfin á hraða og hins vegar mikilvægi málsins og nauðsyn þess, að það geti ræðzt hér í hv. d. eins og annars staðar eða eins og í hv. Nd.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Við Íslendingar höfum um árabil átt við tvenns konar efnahagsvandamál að etja: annars vegar verðbólguna innanlands og hins vegar greiðsluhallann í viðskiptum við útlönd. Verðbólguvoðinn var mestur, þegar vinstri stjórnin lét af völdum í árslok 1958. Minni hl. ríkisstj. Alþfl., sem þá tók við, tókst að bægja voðanum frá, enda náði hún meiri árangri í baráttunni við þennan vágest en nokkurri annarri ríkisstjórn hafði áður tekizt. Þessari stjórn tókst að skapa jafnvægi innanlands og stöðva víxlhækkanir verðlags og launa. Með þessu var skapaður traustari grundvöllur en áður til þess að snúa sér að lausn hins vandamálsins, sem er gjaldeyrishallinn, enda þolir lausn hans nú enga bið af öðrum ástæðum.

Í frv. þessu um efnahagsmál felst afnám uppbóta- og styrkjakerfisins, sem við höfum búið við í nokkuð breytilegum myndum í næstum því heilan áratug. Innan vinstri stjórnarinnar átti það sér mikinn hljómgrunn hjá Alþfl. og Framsfl. að afnema þetta kerfi, en kommúnistar stóðu gegn því. Er það eftirtektarvert, hversu kommúnistar, sem áður fyrr ásökuðu Alþfl. iðulega um kák, eru sjálfir ragir við að taka djarfar ákvarðanir í efnahagsmálum. Þeir leggja miklu meiri áherzlu á að fela vandamál efnahagslífsins heldur en að leysa þau. Af kommúnistum var því aldrei neins sérstaks að vænta um góðar undirtektir við skynsamlegar till. í efnahagsmálunum.

Til framsóknarmanna hefði maður hins vegar viljað gera eitthvað meiri kröfur. Að vísu eru undirtektir þeirra litlu betri en kommúnista. En maður hefur samt á tilfinningunni, að það sé fremur af öðrum ástæðum en skilningsskorti. Framsóknarmenn geta ekki með góðu móti sætt sig við þá tilhugsun, að núv. ríkisstjórn takist að leiða yfir þjóðina heilbrigðari efnahagskerfi en hún hefur búið við um langt skeið. Framsfl. hefur oft tekið þátt í gengisfellingu, þegar hann hefur átt aðild að ríkisstjórn, og hann vildi einnig fella gengið í tíð vinstri stjórnarinnar. Hann á því nokkuð erfitt um vik með að gagnrýna gengisbreytingu nú. Sumir forustumenn flokksins segjast líka alveg vera með gengisfellingunni sjálfri, en þeir séu bara á móti afleiðingunum. Þetta er raunar hliðstætt og að vera með því að veita aukið fé til skólabygginga, en vera á móti aukinni menntun.

Framsfl. er raunverulega eins og skip, sem siglir í þoku. Það getur enginn áttað sig á, hvert skipið er að fara, nema þeir, sem þar eru innanborðs. Þokuhjúpinn, sem þeir hafa sveipað um sig, kalla þeir uppbyggingarstefnu. Eysteinn Jónsson hefur brugðið upp þokuljósi og skýrt frá því, að einn þáttur uppbyggingarstefnunnar sé byggðastefnan. Það voru mjög greinargóðar upplýsingar. Annars má segja um afstöðu þeirra framsóknarmanna, að hún sé mjög fálmkennd og þeir viti raunverulega ekki sitt rjúkandi ráð. Sem dæmi má nefna, að formaður þingflokks framsóknarmanna, Eysteinn Jónsson, sagði í þingræðu fyrir jólin, að örðugleikarnir væru nú enn meiri en þegar vinstri stjórnin gafst upp, en í þingræðu eftir jólin sagði hann, að vandinn væri núna mun minni en oftast áður.

Hinar fyrirhuguðu efnahagsráðstafanir munu hafa í för með sér nokkra hækkun á vöxtum, bæði innláns- og útlánsvöxtum. Ekki er þó meiningin, að vextir breytist á lánum með föstum vöxtum, sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laganna. Vaxtabreyting hefur að sjálfsögðu víðtæk áhrif í þjóðfélaginu og snertir beinlínis að einhverju leyti hagsmuni fjöldamargra landsmanna. Þeir, sem fengið hafa lán á undanförnum árum, hafa vegna síminnkandi peningaverðgildis og að óbreyttum vöxtum ávallt grætt á kostnað hinna, sem lagt hafa peningana til, þ. e. a. s. sparifjáreigendanna í landinu. En hvaða fólk er þetta, sem leggur sparifé til? Það eru yfirleitt ekki atvinnurekendur og eignamenn. Þeir leggja ekki fé sitt í banka, heldur hafa það í rekstri, festa það í fyrirtækjum og taka svo lán til viðbótar til að halda rekstrinum gangandi. Það er því fyrst og fremst almenningur í landinu, sem leggur sparifé til, en hins vegar atvinnurekendur, sem taka það að láni, þó að undanteknum lánum til íbúðabygginga. Þeir, sem lagt hafa peninga sína í banka og sparisjóði, hafa alltaf verið að tapa, en hinir, sem hafa fengið féð lánað, hafa alltaf grætt. Það er vissulega

réttlátt að hamla gegn þessari þróun og rétta hlut sparifjáreigenda með vaxtahækkun. Vaxtahækkunin mundi verða hvatning til aukins sparnaðar, jafnframt því sem hún drægi úr eftirspurn eftir lánsfé. Af því leiddi svo, að óarðbær fjárfesting minnkaði, en það er einmitt nauðsynlegt að draga úr henni og beina því fjármagni og vinnuafli, sem losnar við það, að arðbærri fjárfestingu og þá fyrst og fremst fjárfestingu, sem skapar gjaldeyristekjur eða sparar gjaldeyriseyðslu.

Ég vildi t. d. taka dæmi af manni, sem langaði til þess að byggja sér bílskúr fyrir 50 þús. kr. Sjálfur á hann 30 þús. kr. í banka og ætlar sér svo að taka 20 þús. kr. víxillán til viðbótar. Þegar vextirnir hækka, fer hann áreiðanlega að hugsa sig um tvisvar. Hann sér fram á, að það er meiri hagur fyrir hann en áður að láta 30 þús. standa áfram í bankanum og dýrara fyrir hann en áður að taka 20 þús. kr. lánið. Hann hættir svo við að byggja, og bankinn heldur 50 þús. kr. meira en ella til þess að lána til framleiðsluatvinnuveganna. Bílskúrinn verður ekki byggður upp fyrst um sinn, og framsóknarmenn geta að vísu sagt með sanni, að þarna hafi uppbyggingarstefnan beðið ósigur.

Þegar á heildina er litið, er enginn vafi á því, að vaxtahækkunin bitnar á atvinnurekendum, en almenningur nýtur yfirleitt góðs af henni. Það skal skýrt tekið fram, að vaxtahækkunina verða atvinnurekendur að bera einir. Kaupmenn og iðnrekendur fá t. d. ekki að hækka verð á vöru sinni eða framleiðslu, til þess að vega upp á móti vaxtahækkuninni, sem þeir verða að þola, enda væri þá brotið gegn megintilgangi vaxtahækkunarinnar, ef svo væri gert. Af vaxtabreytingunni leiðir það, að sparifé vex og auðveldara verður að fá lán en áður, þó að það verði jafnframt dýrara. Hvað skyldu mikil verðmæti hafa farið forgörðum við það, að menn hafa þrátt fyrir brýnustu þörf alls ekki getað fengið nauðsynleg lán eða hafa þurft að bíða eftir lánum í mjög langan tíma? Er það ekki margfalt hagfelldara t. d. fyrir mann, sem er að reyna að ljúka við húsbyggingu, að geta strax fengið 30—40 þús. kr. lán, sem hann vanhagar um, þótt með hærri vöxtum sé en áður, heldur en þurfa að bíða mánuðum saman eftir láninu eða eiga þess jafnvel engan kost að fá það og þurfa svo jafnvel að leita á náðir okrararanna. En okrararnir eru einmitt sú stétt manna, sem verður fyrir mestri kjaraskerðingu vegna vaxtahækkunarinnar. Skyldi maður ekki hafa trúað því að óreyndu, að andstæðingar stjórnarinnar teldu sig þurfa að standa vörð um hagsmuni þeirrar stéttar.

Í frv. þessu er lagt til að afnema vísitöluuppbætur á laun, þannig að verkalýðsfélögum og vinnuveitendum sé bannað að semja um, að kaupgjald fylgi vísitölu. Þetta er róttæk till. og mjög athyglisverð. Kæmist hún í framkvæmd, yrði fellt úr gildi launakerfi, sem við höfum búið við í um það bil tvo áratugi. Er óhætt að slá því föstu, að í því kerfi sé að sumu leyti engin eftirsjá. Þegar t. d. erlend vara hefur hækkað í verði, sem leitt hefur af sér hækkaða vísitölu og hækkuð laun, þá hefur sú kaupgjaldshækkun ekki grundvallazt á aukinni getu innlendra atvinnuvega til að greiða meiri laun en áður. Kaupaukningin hefur hins vegar byggzt á aukinni þörf launþegans til þess að mæta auknum útgjöldum mældum eftir mælistiku vísitölunnar. Þess konar launahækkun er ekki reist á nægilega traustum grunni, því að þegar til lengdar lætur, er það auðvitað greiðslugeta atvinnuveganna, sem ákvarðar kaupmátt launa að mestu. Atvinnuvegirnir hafa bætt sér upp auknar launagreiðslur af þessum sökum með auknum styrkjum frá þjóðinni allri og þar með ekki sízt launþegunum sjálfum. Það, sem launþegarnir hafa þannig móttekið með annarri hendinni, hafa þeir þurft að afhenda með hinni. Vísitöluuppbætur á kaupið hafa því stundum orðið launþegunum nokkurs konar hefndargjöf. Vísitölukerfið hefur mjög stuðlað að sífelldum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds og þar af leiðandi ýtt undir óheillavænlega þróun í efnahagsmálum. Vísitölukerfið var líka komið út í hreinar öfgar. Allt milli himins og jarðar var beint eða óbeint vísitölubundið. Allir áttu að fá allt uppborið samkv. vísitölu, sem auðvitað jafngilti því, að verðgildi slíkra bóta hvarf jafnharðan sem dögg fyrir sólu. Vísitöluuppbætur á kaup leiddu líka til þess, að ríkisvaldið neyddist hvað eftir annað til þess að fara út á þá hálu braut að falsa framfærsluvísitöluna. Einnig varð ríkisvaldið nokkrum sinnum að grípa til þess ráðs að skerða vísitöluuppbætur með lögum til þess að reyna að afstýra stórfelldri verðbólguþróun. Sá tryggingagrundvöllur, sem vísitölukerfinu var upphaflega ætlað að vera launþegunum, hefur því raskazt að allverulegu leyti.

Á hinn bóginn verður það að viðurkennast, að það er æði stórt stökk að ætla sér að afnema vísitöluuppbætur á laun algerlega á fáeinum dögum. Að vísu mætti segja, að það væri ekki ranglátt, eins og málum háttar nú, þar sem svo að segja öll verkalýðsfélög landsins eru með lausa samninga og verkalýðsfélögin vita, er þau ganga til nýrra samninga, um vísitölubannið og geta tekið tillit til þess við samningsgerðina. Hætt er þó við, að verkalýðsfélögin reyni að mæta afnámi vísitöluuppbótanna á þann hátt að gera samninga til enn skemmri tíma en áður og hafa uppsagnarmöguleika sem oftast fyrir hendi. Slík þróun yrði áreiðanlega mjög óheillavænleg og stefndi alveg í öfuga átt. Því tel ég, að þegar málið er krufið til mergjar, komi í ljós, að þarna þurfi að finna skynsamlegan meðalhófsveg. Það ætti að heimila verkalýðsfélögunum að semja um takmarkaðar vísitöluuppbætur, enda sé það skilyrði sett fyrir þessari heimild, að gildistími samningsins fari ekki niður úr ákveðnu lágmarki.

Það er engum vafa undirorpið, að þessar efnahagsráðstafanir hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir þjóðina. En það er einmitt

styrkleikamerki, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar skuli hreinskilnislega játa þessa staðreynd frammi fyrir þjóðinni.

Veikleiki ýmissa efnahagsráðstafana fyrri ára hefur m. a. verið sá, að viðkomandi ríkisstjórnir hafa ekki þorað að segja sannleikann og hafa reynt að dylja afleiðingarnar fyrir þjóðinni og reynt að blekkja hana.

Samkv. útreikningum munu þessar ráðstafanir leiða til 13 stiga hækkunar á framfærsluvísitölunni, sem nú er 100 stig, ef engar gagnráðstafanir væru gerðar. Miðað við vísitöluneyzlu yrði þá kjaraskerðingin 13%. Ber þess þó að geta, að ekki er reiknað með neinni hækkun húsaleigu, en telja má líklegt, að hún hækki eitthvað, þegar lengra frá líður og hækkunaráhrif efnahagsaðgerðanna eru að fullu komin í ljós. Hinar fyrirhuguðu mótaðgerðir draga hins vegar svo verulega úr kjaraskerðingunni, að meðalkjaraskerðing allrar þjóðarinnar verður aðeins um 3% miðað við vísitölugrundvöllinn.

Þessar mótaðgerðir eru:

1) Niðurgreiðsla á kaffi, sykri og kornvörum, sem lækkar vísitöluna um 1.6 stig. Þessarar niðurgreiðslu verður öll þjóðin aðnjótandi.

2) Stórauknar fjölskyldubætur, þannig að 2600 kr. verða greiddar yfir árið með hverju einasta barni undir 16 ára, hvar sem er á landinu. Þessara stórfelldu fjölskyldubóta verða 30 þús. fjölskyldur með 58 þús. börn á framfæri aðnjótandi. Þessar greiðslur leiða til lækkunar vísitölunnar um 8.5 stig.

3) Hækkun elli- og örorkulífeyris frá því, sem nú er, um 44%, auk þess sem ellilífeyrisþegum fjölgar vegna rýmkunar skerðingarákvæðanna. Bótaaukninga þessara njóta um 12 þús. manns. Þessar auknu bætur koma ekki fram í vísitölu.

4) Afnám og lækkun tekjuskatts. Tekjuskattur verður alveg felldur niður af almennum launatekjum og lækkaður verulega á öðrum. Niðurfellingarinnar verða 48 þús. gjaldendur aðnjótandi, en lækkunarinnar njóta 15 þús. gjaldendur. Ef eiginkonur og börn gjaldendanna eru meðtalin, verður sá hópur, sem fríðindanna nýtur, talsvert á annað hundrað þúsund manns.

5) Lækkun útsvara. Fyrirhugað er að veita 50 millj. kr. af söluskattinum til bæjar- og sveitarfélaga. Mun þetta framlag að sjálfsögðu gera flestum bæjarfélögum kleift að lækka útsvör sín eitthvað. Væri ekki fjarri lagi að áætla, að útsvarslækkun hjá einstaklingum gæti af þessum sökum numið 15—20%. Þessi lækkun kemur að sjálfsögðu ekki fram í vísitölu.

Af framangreindri upptalningu er ljóst, að öll þjóðin verður meira og minna aðnjótandi þeirra hlunninda, sem veitt eru til að vega upp á móti kjaraskerðingu vegna hækkaðs vöruverðs. Þessar gagnráðstafanir koma að vísu nokkuð misjafnlega niður á mönnum. Gamalt fólk, öryrkjar og barnmargar fjölskyldur fá kjaraskerðinguna að fullu bætta, enda getur enginn neitað því, að þar sé garðurinn lægstur. En ef við tökum t. d. einstakling með 60 þús. kr. hreinar tekjur, sem fær ekki neinar bætur úr tryggingunum og ekki heldur fær tekjuskattinn að fullu felldan niður, þá lækkar samt sem áður tekjuskattur hans væntanlega úr 2040 kr. í 500 kr., og vegur sú lækkun ein upp á móti 2.5% kjaraskerðingu. Þegar tekið er tillit til niðurgreiðslu á kaffi, sykri og kornvörum svo og væntanlegrar útsvarslækkunar, mundi kjaraskerðing þessa einstaklings og annarra, sem svipað er ástatt um, aldrei verða meiri en 5—8%.

Þeir, sem mesta kjaraskerðingu verða að þola, eru hátekjumennirnir eða hinir ríku, eins og líka réttmætt er. Þetta er augljóst mál, þegar þess er gætt, að gengisbreytingin hefur miklu meiri hækkunaráhrif á erlendar vörur en innlendar. Innlendu vörurnar eru yfirleitt nauðsynjavara, sem allir verða að kaupa, ríkir sem fátækir. Það, sem hátekjumaðurinn kaupir og neytir umfram lágtekjumanninn, er hins vegar miklu fremur erlendur varningur, og því verður kjaraskerðing hins fyrrnefnda mun meiri, miðað við svipaðar neyzluvenjur áður. Kostnaðurinn af því að eignast og reka einkabifreið hækkar t. d. miklu meira en almennur framfærslukostnaður. Fullyrðingar andstæðinganna um, að hinum ríku sé hlíft, eru því algerlega út í bláinn.

Ein helzta röksemd stjórnarandstæðinga gegn efnahagsráðstöfununum er sú, að þær muni leiða til atvinnuleysis. Ekki er þetta látið nægja, heldur er það borið blákalt fram, að það sé einmitt tilgangurinn með þessum ráðstöfunum að framkalla hæfilegt atvinnuleysi til þess að halda verkalýðnum í skefjum.

Svona ásakanir eru í sjálfu sér svo fráleitar, að þær eru ekki svaraverðar. Samt skal ég fara um þetta nokkrum orðum.

Hætta á atvinnuleysi getur ekki verið fyrir hendi, þegar þess er gætt, að okkur vantar nú um það bil 1000 manns til þess að manna togarana og bátana til fulls og auk þess eru í smíðum skip og bátar, sem veitt geta hundruðum manna atvinnu.

Rétt gengisskráning hefur líka þau áhrif, að ýmis verk, sem áður borgaði sig að láta framkvæma erlendis, verða nú unnin hér heima. Má þar til dæmis nefna skipaviðgerðir. Nú fyrir skömmu hófst t. d. stórfelld flokkunarviðgerð á strandferðaskipinu Esju hér í Reykjavík. Þessi viðgerð mun veita járniðnaðarmönnum atvinnu, sem nemur hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum króna, einmitt á þeim árstíma, sem atvinnutekjur þeirra eru rýrastar. Ef gengisbreytingin hefði ekki verið í vændum, hefði öll þessi viðgerð á skipinu farið fram utanlands. Við gengisbreytinguna mun samkeppnisaðstaða innlendra skipasmíðastöðva gagnvart erlendum stöðvum af slíku tagi stórbatna, og atvinna í þessari grein mun aukast stórlega, enda er það ekki vansalaust, að fiskveiðaþjóð eins og við Íslendingar skuli ekki að mestu smíða fiskibáta sína sjálf.

Undan því hefur verið kvartað, að ekki hafi verið höfð nein samráð við verkalýðssamtökin og þá fyrst og fremst Alþýðusamband Íslands við undirbúning þessara ráðstafana. Slíkt sam-

ráð er erfiðara í framkvæmd og minna virði en margur hyggur. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að vegna skipulagsannmarka getur hvaða verkalýðsfélag í landinu sem er leikið lausum hala, hvað sem miðstjórn Alþýðusambandsins segir eða ráðleggur, og höfum við af því beiska reynslu. Í öðru lagi er það staðreynd, því miður, að íslenzkir verkalýðsleiðtogar láta flokkssjónarmið oftast ráða meiru um gerðir sínar en fagsjónarmið. Forseti Alþýðusambandsins er t. d. formaður stjórnmálaflokks, og varaforseti þess er þingmaður annars stjórnmálaflokks. Slíkir menn lesa efnahagsmálafrv. að sjálfsögðu með flokksgleraugu á nefinu. Rödd verkalýðshreyfingarinnar verður því aðeins sterk, að forustumenn hennar verði alls ekki vændir um að taka mismunandi afstöðu eftir því, hvaða flokkar fara með völd í landinu hverju sinni.

Samráð við verkalýðssamtökin þyrftu líka helzt að geta verið á hagfræðilegum grundvelli. Hins vegar vita allir, að íslenzk verkalýðssamtök hafa enga hagfræðinga í sinni þjónustu.

Ég hefði t. d. álitið það mjög heppilegt, ef Alþýðusamband Íslands hefði fengið hingað lánaða í eina til tvær vikur tvo af færustu hagfræðingum verkalýðssamtakanna á Norðurlöndum til þess að láta þá yfirfara og gagnrýna efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar með hagsmuni verkalýðsins fyrir augum. Þessa menn hefðu verkalýðssamtökin getað spurt ýmissa mjög mikilvægra spurninga, svo sem: Er gengisbreyting skynsamleg? Er nauðsynlegt að skerða kjörin? Er réttmætt að afnema vísitöluuppbætur á kaup? Hvaða áhrif hefur vaxtahækkunin o. s. frv.? Og síðast, en ekki síst: Stefna þessar efnahagsráðstafanir í rétta átt frá hagsmunasjónarmiði verkamannsins? Á svör þessara manna og leiðbeiningar hefði áreiðanlega verið hlustað með miklu meiri athygli en á verkfallshótanir kommúnista. Ég hika ekki við að fullyrða, að ef slíkir sérfræðingar hefðu fundið efnahagsmálafrv. ríkisstj. eitthvað til foráttu, hefði verið tekið fyllsta tillit til þess.

Þeir menn, sem tefla skák, skilja vel, að það er reginmunur á því að leika af sér peði eða fórna peði. Fórnin byggist á hagsmunamati, framsýni og djörfum áætlunum. Þeir hagsmunir, sem látnir eru af hendi, eiga margfaldlega að vinnast upp, þegar fram líða stundir. Það er því hroðaleg skammsýni, þegar sum verkalýðsfélög eru nú að lýsa því yfir í tilefni af væntanlegri kjaraskerðingu, að þau geti engu fórnað. Í nærri því heilan áratug höfum við búið við uppbóta- og styrkjakerfi í ýmsum myndum. Á þessu tímabili hafa orðið miklar framfarir og mikil framleiðsluaukning. Á þessum tíma hafa verið teknar í notkun áburðarverksmiðja, sementsverksmiðja og tvö stór raforkuver, og skipastóllinn hefur aukizt mikið. Þrátt fyrir þetta eru menn sammála um, að á þessu tímabili hafi kjör launafólks yfirleitt ekki batnað og kaupmáttur launa ekki aukizt. Verkafólk og launþegar hafa verið í varnaraðstöðu allt tímabil uppbóta- og styrkjakerfisins. Ein meginástæðan fyrir þessu er sú, að þetta kerfi veitir atvinnurekendunum tækifæri til að varðveita gróðann, en skella töpunum yfir á þjóðina, og dregur þannig úr viljanum til að halda uppi hagsýnum og heilbrigðum rekstri. Það er því ekkert álitamál fyrir verkalýðinn, að uppbóta- og styrkjakerfinu verður að varpa fyrir borð og taka upp nýtt kerfi, sem gerir það óhjákvæmilegt, að atvinnurekendur borgi sjálfir sín eigin töp og greiði úr eigin vasa þær kjarabætur, sem ávinnast.

Menn kunna nú að spyrja, hvort það sé ekki að fara úr öskunni í eldinn að taka upp nýtt efnahagskerfi, sem hefjist með kjaraskerðingu. Þessu er til að svara, að skerðing lífskjaranna er fórn, sem mun bera margfaldan ávöxt í framtíðinni. Þessi fórn er færð til þess að rétta af gjaldeyrishallann og til þess að koma á traustu jafnvægi og festa hina nýju skipan betur í sessi. Þegar fram líða stundir, mun svo ávinningurinn koma í ljós, og þá mun þjóðin sjá, að sú fórn, sem færð hefur verið, hefur leitt af sér ríkulegt endurgjald.

Það er skoðun mín, að það þurfi alls ekki að líða mjög langur tími, þar til verkalýðurinn getur fengið kjör sín bætt á raunhæfum grundvelli í formi kauphækkana. Það, sem mest á ríður í kjarabaráttunni, er að forðast mistök fortíðarinnar.

Í verkföllunum miklu árið 1955 átti verkalýðurinn vissulega rétt á bættum kjörum, en kröfurnar, sem voru gerðar, voru svo öfgakenndar og hóflausar, að maður gat naumast trúað því, að þær væru settar fram af ábyrgum mönnum, en þá var krafizt 30—40% kjarabóta. Afleiðingin varð líka eitt lengsta og harðasta verkfall á síðari áratugum. Í kjölfar verkfallsins fylgdu svo verðhækkanir sem átu kjarabæturnar að mestu upp á skömmum tíma.

Árið 1958 var líka háð kjarabarátta. Kom þá að vísu lítið til verkfalla. Atvinnurekendur gengu mjög fljótlega inn á kaupkröfur verkalýðsfélaganna, sem voru nú hóflegri en áður, en þó gerðu atvinnurekendur þetta með því ófrávíkjanlega skilyrði, að þeir fengju strax að hækka verð á vörum sínum og þjónustu sem kauphækkununum næmi. Var þetta skilyrði samþykkt af stjórnarvöldunum illu heilli. Það fór því að lokum svo, að það var fólkið sjálft, sem varð að borga sínar eigin kauphækkanir.

Ekki eingöngu verkalýðurinn, heldur þjóðin öll mun hafa lært af reynslunni. Hún mun ekki telja neina eftirsjá í uppbóta- og styrkjakerfinu, með því misrétti og þeirri spillingu, sem því hefur fylgt. Þjóðin mun ekki heldur harma afnám innflutningshafta. Þjóðin skilur, að kjaraskerðingin, sem fylgir þessum efnahagsráðstöfunum, er aðeins stundarfyrirbrigði. Hún skilur líka, að ómetanlegar réttarbætur, eins og afnám tekjuskattsins og stórfelld aukning almannatrygginganna, munu á hinn bóginn hafa varanlegt gildi.

Með hinu nýja efnahagskerfi er verið að uppræta spillingaröflin og leysa úr læðingi

allt það heilbrigðasta og þroskavænlegasta, sem í þjóðinni býr. Þess vegna göngum við fram í trúnni á bjartari framtíð.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál mikið, og ég geri ráð fyrir því, að auðvelt sé að verða við þeirri ósk, að það taki ekki ýkja langan tíma að ljúka afgreiðslu málsins hér í þessari hv. deild. Það hefur verið sagt margt og mikið um þetta mál. En þegar ég hlustaði á útvarpsumr. í gærkvöld, kom mér sannast að segja í hug, þegar ég hlustaði á *mótsagnirnar, hvernig það mundi* vera fyrir almenna kjósendur að átta sig á málinu eftir þær útvarpsumræður og þær staðhæfingar, sem þar voru settar fram, og átti hæstv. forsrh. þar óskipt mál. M. a. var fullyrt í gærkvöld, að kjaraskerðingin væri 3%. Svo kemur hér sjálfboðaliði, sem þekkir sjálfsagt vel inn á þessi mál, og segir, að kjaraskerðingin sé 5—8%, þ. e. hv. 9. landsk., sem talaði núna áðan, svo að það er ekki alveg ónýtt að halda áfram að ræða málin, ef þessu ætlar að halda áfram. En um ráðstafanirnar ætlaði ég samt sem áður að fara nokkrum orðum út frá sjónarmiði mínu og míns flokks.

Ég held satt að segja, að eitt af því allra skaðlegasta við þessar ráðstafanir sé það, að *þær komu eins og þrumuveður yfir þjóðina.* Það er enginn okkar neinn sérfræðingur í því að stjórna, og okkur fer það allmisjafnlega úr hendi. En þeir, sem stjórna, hafa fundið það, þeir finna það, að ef maður siglir sínu skipi upp í strauminn móti skilningi þjóðarinnar, þá er erfitt að stjórna. Það mun reynast þannig. Þess vegna þarf alltaf að búa þjóð undir það, sem verið er að gera, og fá hana til að skilja það með tiltölulega löngum fyrirvara, hvað á að gera og hvað er nauðsynlegt að gera. Þetta fullyrði ég, að er eitt af því allra nauðsynlegasta við það að stjórna þjóð, svo að vel fari. Og það er engin von til þess, að íslenzka þjóðin sé á nokkurn hátt undir það búin að taka á móti þessum ósköpum, alveg þvert á móti.

Það var farið fram á ýmislegt á undanförnum árum, *eins og ég kem síðar að.* Það var tiltölulega ekki mikið, sem var talið að þyrfti að fara fram á við Alþýðusamband Íslands veturinn 1958 — og það að áliti hagfræðinga, ég kem aðeins að því síðar. En þó tekur út yfir, að allt seinasta ár — það verður varla of oft sagt — er þjóðinni sagt, að allt sé í bezta lagi. *Hér sitja menn á Alþingi, eins og varaforseti* Alþýðusambands Íslands, Eggert Þorsteinsson, og Sigurður Ingimundarson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og svo eru Jón Sigurðsson, Jóhanna Egilsdóttir, — allt þetta fólk fullyrðir með þeim ofboðslegustu tilburðum, sem til eru, í blöðum, að ef nokkur breyting verði á *stöðvunarpólitík Alþfl. frá því,* sem verið hafi, þá sé verkalýðshreyfingunni allri að mæta, annað komi ekki til mála. Þetta er birt á nokkurra daga fresti og hvað eftir annað sagt. Hvernig í ósköpunum getur nokkrum manni komið til hugar að gera þá kröfu, að verkalýðshreyfing, sem þannig er búin undir þessar breytingar, geti tekið þeim með þögn og þolinmæði og geti blátt áfram trúað því, að þær séu nauðsynlegar? Það er verið að krassa yfir þetta, eins og var gert í ræðu hv. 9. landsk., með því að segja, að þessi stöðvun hafi gert svo mikið gagn, það hafi verið svo miklu auðveldara að ráða við þetta eftir á, eftir að Alþýðuflokksstjórnin hafi setið við völd. Þetta er vitanlega skröksaga og hún greinileg. Það er alveg vandalaust að stjórna þannig að eyða af þeim birgðum, sem ríkið á í tekjuafgöngum, og safna skuldum og borga niður dýrtíð, það breytir engu til eða frá, það getur hvaða stjórn sem er, og það var það, sem Alþfl.-stjórnin gerði. Og staðreyndirnar liggja nú fyrir, bæði um tekjuafgang ríkisins frá 1958, sem hún eyddi, og svo hallann, sem hún skilur eftir sig, sem að vísu er ekki upplýst frekar en sumt annað, hvað er mikill.

Það er þess vegna alveg augljóst mál, að eftir þær yfirlýsingar, sem birtar voru fyrir kosningarnar og menn trúðu almennt, þá er naumast hægt að hugsa sér, að það sé hægt að skapa meiri glundroða í þjóðfélaginu en fleygja inn byltingarkenndum ráðstöfunum eins og þeim, sem hér á að gera. Það er varla hægt að gera neitt af *hálfu* ríkisstj., sem er líklegra til að skapa glundroða, segi ég. Þessum yfirlýsingum, — menn skulu athuga það vel, — þeim var trúað í kosningunum, yfirlýsingum Jóns Sigurðssonar, Jóhönnu Egilsdóttur, Sigurðar Ingimundarsonar og Eggerts Þorsteinssonar, og það var búizt við því, að við þær yrði staðið. Ég mætti einum ágætum Alþfl.-manni, sem var að fara til þess að kjósa í *seinustu kosningum, og hann sagði:* Nú er kosið í fyrsta sinn um stjórnarstefnu, stöðvunarstefnuna. Mér dytti ekki í hug, sagði hann, að fara á kjörstað, ef það væri ekki einmitt þetta núna, að nú er kosið um stöðvunarstefnuna, nú er kosið um stjórnarstefnu, sem er varanleg eftir kosningar, ef við styðjum hana nógu rækilega.

Þess vegna er það, að það er álitið, þó að *ég sé ekki að vísu sérstaklega fær um að dæma* um það frekar en aðrir, að hér hafi verið farið ákaflega óskynsamlega að og það eigi eftir að sýna sig, eins og ég færi nánari rök að, að hér sé mjög óskynsamlega stjórnað. Það er ekki þetta eitt, sem kemur fram. Það, sem almenningur sér gægjast í gegnum missagnirnar, er t. d. þetta: Hver getur upplýst, hver er hallinn á útflutningssjóði? Hver getur upplýst það? Ég er búinn að reyna að fá upplýsingar um það hvað eftir annað, og þeim ber aldrei saman. Skýrslum ber ekki saman um það, hvort upphæðin sé þetta eða hitt. Svo kemur fyrrv. forsrh. og ber það blákalt fram, að þessar tölur séu rangar, hallinn sé miklu minni. Fólk fær ekkert að vita um það, hver sé hallinn á útflutningssjóði. Þó má segja, að það sé eitt af grundvallaratriðunum fyrir því, að það þarf að gera stórfelldar ráðstafanir, hver sá halli er. Ég fullyrði, að það hefur ekki tekizt að fá að vita það, þannig að tölunum beri saman.

Og þetta, sem ég nefndi áðan, er staðhæft

við fólk af hæstv. forsrh., og það er satt að segja eftir útreikningum hagfræðinganna, að kjaraskerðingin, almenna kjaraskerðingin, sé ekki meiri en 3%. Svo kemur hér maður, sem er gagnkunnugur þessum málum á marga lund, hv. 9. landsk., og segir, að hún sé 5—8%.

Okkur var sagt fyrir kosningarnar, að það væri allt í lagi, og eftir kosningarnar er okkur skýrt frá því, að það sé 250 millj. kr. halli, sem þurfi að jafna á árinu 1960, 250 millj., sem þurfi að afla í auknum tekjum til útflutningssjóðs og ríkissjóðs, til þess að hægt sé að standa undir þeim útgjöldum, sem nauðsynleg séu til þess að framfleyta framleiðslunni. Ég skal nú ekkert segja um það, hvort þessi tala er rétt eða ekki. Ég get ekki fært öruggar sannanir fyrir því, að hún sé of há, — öruggar sannanir, segi ég, — en mér hafa fundizt allar líkur benda til þess, að fullyrðingarnar um það, að allt væri í bezta lagi um útflutningssjóð og ríkissjóð, fyrir kosningarnar séu álíka ósannar og seinni talan, sannleikurinn liggi þarna á milli.

Fyrir kosningarnar þurfti sem sagt að gylla fyrir kjósendum, að allt væri í bezta lagi, allt væri komið í lag, og það væri óhætt að trúa stjórninni fyrir því að stjórna áfram. Þess vegna var sagt, að allt væri í lagi. Eftir kosningar þurfti að hræða þjóðina til að taka á móti ráðstöfunum, sem yfir dundu, og þá er þetta sagt, þá er blaðinu snúið við.

Hæstv. viðskmrh., — ég kem kannske síðar að því, — var að tala um það í gærkvöld í útvarpinu, að það væri ákaflega erfitt að trúa stjórnarandstöðu, hún væri ákaflega óáreiðanleg alltaf, stjórnarandstaðan. En ég verð nú að segja það, að eftir þá reynslu, sem maður hefur af ríkisstj. Alþfl. seinasta árið, eina árið, sem hún stjórnaði, þá komu svo margar yfirlýsingar frá henni og hennar mönnum, að óáreiðanlegri yfirlýsingar hafa ekki komið frá neinni stjórnarandstöðu en þeirri stjórn, svo að það fer nú að verða erfitt, ef ekki er hægt að trúa stjórnarandstöðunni, því að það liggja sannanir fyrir því, að þær upplýsingar, sem ég nefndi áðan, að þær yfirlýsingar voru alveg rangar miðað við staðreyndir.

Nú sagði hæstv. forsrh. í gærkvöld, að það hefði ekki verið hægt að jafna þennan halla nema með nýjum álögum, sem mundu hafa numið 5—6%, sem væri meira en þyrfti að taka með þeirri gengisbreytingu, sem lögð er til, en er ólíkt minna en það, sem hv. 9. landsk. lýsti yfir áðan, að kjaraskerðingin væri 5—8%. En ég geri ráð fyrir því, enda gerðum við framsóknarmenn ráð fyrir því, þegar Alþfl.-stjórnin tók við, að það mundi verða nokkur tekjuhalli á útflutningssjóði og ríkissjóði samanlagt, og það kemur okkur ekki á óvart, að svo sé. Þess vegna er það, að ef við erum spurðir að því, hvort við viljum engar ráðstafanir gera, hvort við viljum halda því fram, að það hafi engar ráðstafanir þurft að gera núna í haust, þá svara ég því á þann veg, að það þurfi vitanlega að gera ráðstafanir.

Samkv. þeim útreikningum, sem ég hef frá hagfræðingum yfir þessi mál, — þeir voru frá Jónasi Haralz, þeir reikningar voru gerðir seint á árinu 1958, — komst hann að þeirri niðurstöðu, eins og kunnugt er og ef ég man rétt, að verkalýðurinn þyrfti að falla frá 11 vísitölustigum, Alþýðusambandsþingið þyrfti að falla frá 11 vísitölustigum, til þess að hægt væri að halda sömu lífskjörum og voru í okt. 1957 og í febrúar 1958. Þessu neitaði Alþýðusambandið, eins og kunnugt er. Og hér þætti mér gaman að skjóta því inn í, þegar verið er að hafa eitt og annað eftir mönnum, að ég hef tekið eftir, að það er búið að tala um það 10—20 sinnum, að ég hafi sagt á Alþýðusambandsþingi, að ef þetta væri ekki gefið eftir, þá færi allt fram af brúninni. Ég held, að það sé rétt, að ég láti það standa hér í þingtíðindunum, að þetta eru alger ósannindi. Þetta sagði ég aldrei, enda datt mér ekki í hug, að slíkt ástand væri yfirvofandi, svo sem líka kom á daginn að ekki var. En hagfræðingurinn orðaði þetta á þessa lund, og ég tók fram, að ég teldi þetta nokkuð mikið sagt, m. ö. o. þveröfugt við það, sem skýrt er frá opinberlega. Það er alveg í samræmi við það, sem er sagt um verkföllin 1955, að ég hafi örvað til þeirra. Það eru hrein ósannindi. Ég hef aldrei örvað til verkfalla, hvorki þá né endranær, heldur talað alveg þveröfugt við það, sem er sagt, og er það til í ræðu, meðan á verkföllunum stóð, og er í þingtíðindum hér og er hægt að vitna til, hvenær sem ég kæri mig um. Þetta er nú aðeins innskot. — En þessu var hafnað, segi ég, og þetta eru þær seinustu skýrslur, sem við höfum frá hagfræðingum um þessi mál, því að hitt eru útdrættir, sem eru settir fram meira í áróðursskyni.

Við álítum þess vegna, að það hafi þurft að gera ráðstafanir, og spurningin er þá, hvernig ráðstafanir átti að gera.

Við drögum enga dul á það frekar nú en áður, að við höfum verið þeirrar skoðunar og erum þeirrar skoðunar, að það, sem þurfi að gera fyrst og fremst, sé að auka, byggja upp og bæta og gera verðmætari framleiðsluna alhliða. Þetta verður að vera fyrsta boðorð hverrar stjórnar í þessu landi, þar sem svo margt er ógert og möguleikarnir svo miklir. Það átti að draga úr framkvæmdum, sem mega bíða. Það er alrangt, að Framsfl. hafi nokkurn tíma haldið því fram, að framkvæmdir ættu að ganga með einhverjum ofsahraða, þó að þær væru fyrirsjáanlega of miklar og of hratt farið. Hinu höfum við haldið fram, að það ætti að draga úr framkvæmdum, sem megi bíða, án þess að skapa atvinnuleysi og án þess að peningavaldið í landinu ráði því, hvað framkvæmdirnar fari hægt eða hratt og hvaða framkvæmdir eru gerðar. Enn fremur álítum við, að það hefði mátt leggja enn nokkuð á óþarfari varning og með þessu hefði mátt ná endunum saman.

Við álítum, að um þetta og lausn, sem yrði meira til frambúðar, hefði átt að hafa sem víðtækast samstarf milli flokkanna, hvort sem sömu flokkar og nú eða einhverjir aðrir hefðu setið í ríkisstjórn. Það er nú siður hér í þessu landi, að menn eru skammaðir fyrir það að fara úr stjórnum og segja af sér. Þá rjúka þeir

burt og gefast upp. Og ef þeir tala um samstarf, þá eru þeir skammaðir fyrir það, að þá muni langa til þess að komast í ríkisstjórn. En það er nú eitt af því broslega hjá þjóð, sem er þrátt fyrir sína miklu hæfileika stundum dálítið skrýtin — eða a. m. k. þeir, sem tala fyrir hennar hönd í þessum málum. En ég álít, að það sé staðreynd, sem ekkert þýðir að ganga fram hjá og er engin fullyrðing, heldur staðreynd, að þegar Sjálfstfl. var haldið utan við, þá gerði hann allt, sem hann gat, til þess að spilla stjórnarfari í landinu. Hann gerði það. Þetta er náttúrlega svo oft og mörgum sinnum skjallega staðfest, að það þýðir ekkert að mótmæla því. Hann framdi skemmdarverk í stjórnarandstöðunni til þess að koma stjórninni frá. Segjum svo, að hann hafi álitið þetta rétt, því að hann hugsi sem svo, að tilgangurinn helgi meðalið, stjórnin væri það léleg og skaðleg, eins og hann hefur haldið fram, vinstri stjórnin, að það væri leyfilegt að nota þessi meðul. En ég gæti trúað því, að það hvarflaði kannske að einhverjum sjálfstæðismanni núna, að það hefði verið vafasamt að nota þau og að það gæti verið, að með svona vinnuaðferðum gagnvart verkalýðnum og svona áróðri gagnvart verkalýðnum sé hægt að ala upp þannig verkalýðshreyfingu, að kanónurnar fari að skjóta sjálfar og það manns eigin kanónur í félögunum. Þess vegna er það alveg ljóst, ef á að leysa þetta mál með viðtæku samstarfi, þá er slík reynsla fyrir því frá þessum flokki séð.

Nú halda andstæðingarnir því fram, að við séum alveg eins. Ég er nú ekki farinn að sjá fram á það, að við höldum uppi slíkum prédikunum eins og Sjálfstfl. hefur haldið. Það hefur ekki verið okkar siður. En hvað sem því líður, þá er það alveg bersýnilegt, að þessir tímar, sem vinstri stjórnin sat, þar sem talsvert var fengizt við vandasöm mál, sköpuðu þá reynslu, að það verði að leysa þessi mál á sem víðtækustum grundvelli. Og a. m. k., hvað sem þessu líður með flokkana, þá þarf, eins og ég kem dálítið síðar að, að leysa þau á víðtækari grundvelli að því er snertir stéttirnar.

Það þýðir ekkert að staglast á því, að Framsfl., þegar allt hafi verið komið í öngþveiti, hafi verið að biðja Sjálfstfl. um aðstoð til að stjórna. Það, sem við óskuðum eftir, var víðtækara samstarf, til þess að skemmdarverkastarfið a. m. k. hyrfi og menn sæju sæmd sína í því að vinna saman að þessum málum. Ég álít, að það hefði þurft að gera.

En það er annað. Menn segja nú sem svo: Það hlýtur að koma í ljós, og það hlýtur hver maður að sjá og einnig framsóknarmenn, að þessi leið, sem ég benti þarna á, aukning framleiðslunnar, að draga úr óþörfum framkvæmdum, spara, eftir því sem unnt er, leggja á einhverjar álögur til viðbótar, án þess að þær íþyngi um of, — vitanlega hlýtur að koma að því, að þetta er ekki hægt, þess vegna er þetta ekkert nema bráðabirgðalausn. Og þá segja menn sem svo: Þegar þessa leið þraut, hvað þá? Það er ekki neitt launungamál, og það kannast þeir við, sem sátu í þeirri ríkisstj., sem ég veitti forstöðu, að það var gert ráð fyrir því, þegar 55% gjaldinu var komið á, yfirfærslugjaldinu, og svo jafnhliða 30% gjaldinu á þær vörur, sem var verið að koma í veg fyrir að hækkuðu í verði, þá var gert ráð fyrir því, að ef þyrfti að gera frekari ráðstafanir, yrði gengisbreyting farin í áföngum. Og meira að segja, þó að ég álíti ekki rétt að nefna nein nöfn hagfræðinga, voru til hagfræðingar, sem sögðu sem svo: Þessi leið er auðveld héðan af. Það þarf ekki að prenta nema einn staf í lögunum. Ef þjóðin eyðir meira en hún aflar og jafnvægið hverfur, þá þarf ekki annað en breyta 55% í 60 eða 65 og 30% í 35, þá er hægt að laga jafnvægið að nýju með þessum breyttu tölum. — Þetta er raunverulega á vissan hátt hreyfanlegt gengi, og með þessu er auðvelt að láta verkalýðinn skilja í samstarfi við hann, hvað það þýðir, þegar lifað er um efni fram, sýna það reikningslega í sambandi við þessa fyrirhuguðu gengisbreytingu í áföngum eða leiðréttingu eða hvað maður vill kalla það. Við höfum margsagt það, framsóknarmenn, menn mega gjarnan kalla það gengisbreytingu okkar vegna. Þeir erlendu sérfræðingar, sem hingað komu, sögðu vitanlega, að það mætti ekki koma á gengisbreytingu með því að leggja á jafnhátt innflutningsgjald og útflutningsgjald, það er aðeins fyrirkomulagsatriði. En um þetta var raunverulega rætt, og í sambandi við það var samið frv., sem ég lét semja sem forsrh. um hagdeild ríkisins, og jafnframt leitað til verkalýðsfélaganna, að þau kæmu á hjá sér hagráði launamanna, til þess að þetta hagráð launamanna gæti unnið með ríkisstj. og hagdeild ríkisins að því að rannsaka, hvað væri hagkvæmt í efnahagsmálunum fyrir launastéttirnar á hverjum tíma. Þetta var gert vegna þess, að það hafði sýnt sig, að 19 manna nefndin og aðrar nefndir, sem voru skipaðar í skyndi án þess að setja sig að staðaldri inn í efnahagskerfið, áttu eðlilega mjög erfitt með að setja sig inn í málin á stuttum tíma, og þess vegna var fyrirhuguð þessi hagdeild, sem ekki varð af, vegna þess að ríkisstj. fór frá völdum. Það er þess vegna alveg rétt hjá 9. landsk., sem sagði hér, að það væri eitt af því allra nauðsynlegasta, ef á að skapast hér sæmilegt ástand í verkalýðshreyfingunni, að hún kæmi sér upp slíkri hagdeild. Og er nú furðulegt, að slíkt skuli ekki hafa verið gert, því að eitt af okkar mestu skáldum, Þorsteinn Erlingsson, talaði fyrir 40 árum í Dagsbrún og benti þá á, hvað það væri nauðsynlegt fyrir þá að hafa hagfræðinga sér til aðstoðar og mennta verkalýðinn og launamennina hagfræðilega.

Með þessu móti, að hafa hreyfanlegt gengi og koma upp hagráði launamanna og hagdeild ríkisins, sem ynnu saman, þá er enginn efi á því, að þá hefði verið byrjað á leið, sem líklegt er að hefði getað leitt til þess, að með skilningi hefði verið hægt að leiðrétta gengið í áföngum, unz fullu jafnvægi var náð, og það álít ég að hefði verið miklu ráðlegra en að gera það heljarstökk, sem hér hefur verið

gert og — eins og ég kem síðar að — er því miður að öllum líkindum dæmt til þess að mistakast.

Ég álít, alveg án tillits til þess, hvort maður vill velja gengisbreytingarleiðina eða ekki, að valin hafi verið með þessari gengisbreytingu, eins og hún er gerð, einhver skaðlegasta leiðin, sem hugsanlegt var að velja, og ég skal reyna að færa rök að því. Gengisbreytingin er gerð með fjölda byltingarkenndra kjaraskerðingarákvarðana í ofanálag.

Við framsóknarmenn vildum, eins og ég sagði áðan, gengisleiðréttingu í áföngum og í sambandi við hana ráðstafanir, sem væru gerðar í samráði við verkalýðinn og launastéttirnar.

Það er vitanlega hárrétt, sem sagt var af einum þm. Alþb. hér í þessari hv. d., þegar rætt var um þessi efnahagsmál 1958, að það væri ekki gengisbreytingin sjálf, sem er aðalatriðið, — hún er ekkert annað en meðal til að jafna metin, — en það, hvernig hún er gerð, það er aðalatriðið. Hún í sjálfri sér er ekki aðalatriðið, heldur hvernig hún er gerð. Þó að við, eins og hæstv. viðskmrh. hefur minnzt á, töluðum um það í ríkisstj., hvort við ættum að gera gengisbreytingu eða ekki og þá ekki neitt svipaða gengisbreytingu, eins og ég kem að síðar, og hér er gerð, heldur án þeirra ægilegu skerðingarákvæða, sem eru í sambandi við þessa gengisbreytingu, þá liggur fyrir, þó að við hugsuðum okkur að gera það þannig, álit frá hagfræðingi, sem ég hygg að flestir taki nokkurt mark á í sambandi við þessi mál, þar sem hann segir: Ef þið tryggið ykkur ekki nokkurn veginn vinnufrið og samtök verkalýðsins nokkurn veginn um það, að ekki verði hækkað kaup á eftir, þá eruð þið hreint og beint að vinna skaðræðisverk með gengisbreytingunni. — Ég hygg, að þetta álit sé til. Og þó að ætti að gera gengisbreyt. jafnvel í áföngum og þó að ætti að gera gengisbreyt., sem meiri hefði verið, með einu átaki, en með öllum hugsanlegum ráðstöfunum, sem verkalýðurinn krafðist að gerðar væru í sambandi við hana, til þess að létta lífskjörin, og með engum skerðingarákvæðum, eins og ég kem síðar að, þá var þetta hans álit.

Annars ætla ég ekki að tala um og hef ekki gert það að umtalsefni, hvernig afstaða flokka þeirra, sem ég vann með í ríkisstjórn, var í einstökum málum. Ég held, að ég hafi aldrei, — og það er af eðlilegum ástæðum, — skýrt frá því, og ég ætla ekki að fara inn á það heldur hér. En ég get þó ekki stillt mig um að segja það, vegna þess að það hefur verið fullyrt, og það er þess vegna að gefnu tilefni, að Alþfl. hafi verið með gengisbreytingu í þeirri ríkisstj., er hann sat í og ég veitti forstöðu, að sannleikurinn var sá, að hjá báðum flokkunum var orðið gengisbreyting eins og guðlast, og vildi hvorugur nefna það. En það rétta í málinu — og það verður aldrei of oft sagt — er ekki það, hvort gerð er gengisbreyting eða ekki gengisbreyting, heldur hvernig hún er gerð. Þegar athugað er, hvað mikið er talað um það, hvað andstæðingarnir, stjórnarandstaðan og við, sem flytjum hér mál, séum óheiðarlegir í málflutningi, þá hefur hæstv. viðskmrh. tekið af mér ómakið, að ég þurfi að staðfesta það með öðrum skýrslum en hans, hvað við framsóknarmenn lögðum til. Hann segir í ummælum, sem eiga að vera niðrandi um Framsfl., að Framsfl. hafi verið með gengisbreyt., — og nú bið ég menn að taka eftir: en hann skildi aldrei og vildi aldrei ganga inn á þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru jafnhliða gengisbreyt., og það var að draga nægilega mikið úr framkvæmdum og gera fleiri ráðstafanir í sambandi við það, — einmitt þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar og við lítum mjög alvarlegum augum. Sannleikurinn var sá, að þetta er að sumu leyti satt og að sumu leyti ósatt. Við vildum ráða því, úr hvaða framkvæmdum yrði dregið. Við vildum láta minnka framkvæmdir, eins og ég sagði áðan, án þess að það kæmi til atvinnuleysis, og velja úr þær framkvæmdir, sem helzt mættu bíða. Á þann hátt vildum við draga úr framkvæmdum. Hér er reginmunur á. Þegar dregið er úr framkvæmdum núna samkv. frv., sem hér liggur fyrir, þá ræður stjórnin engu um það, hverju verður frestað, hvaða framkvæmdum, ef hún ætlar að láta það vera frjálst, eins og gefið er í skyn, — hvort það verður byggð upp framleiðsla eða byggt upp hótel fyrir nokkra tugi milljóna hér suður í Aldamótagörðum, það ræður stjórnin ekkert við, eða hvort allar okkar framkvæmdir meira og minna stöðvast, þannig að komi til atvinnuleysis.

Það, sem við aldrei vildum í sambandi við gengisbreytingu og hefði aldrei dottið í hug að taka þátt í og skiljum ekki, hvernig mönnum dettur í hug að framkvæma, það er að bæta stórálögum ofan á gengisskerðinguna, eins og gert er. Okkur datt aldrei í hug, að ríkisstj. tæki sér einræði til þess fyrst að hálfloka stofnlánasjóðunum, eins og ræktunarsjóði, byggingarsjóði og mörgum fleiri sjóðum, sem eru taldir í frv. Fyrst á að loka þeim með því að láta þá ekki fá fjármagn og síðan taka sér vald til þess að hækka vexti á því litla, sem kannske verður lánað, til þess að stöðva svo að segja allar framkvæmdir við sjó og í sveit, sem hafa fengið fjármagn úr þessum stofnlánasjóðum. Okkur datt þetta aldrei í hug. Þetta er alveg rétt hjá viðskmrh., okkur datt aldrei í hug að fallast á þetta. Okkur datt aldrei í hug að fara að taka stofnlánasjóði kaupfélaganna utan af landi, sem hafa verið uppistaðan í framkvæmdum úti í dreifbýlinu og uppbyggingu úti um landið, að taka þá og leggja þá inn í banka í Reykjavík. Það er að vísu sagt, að það eigi að lána þeim það úti um landið ekki síður en öðrum. Okkur datt aldrei í hug — og það er alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh. — að setja okurvexti á minnkandi útlán. Hér og í mörgu öðru er þessi reginmunur. Þetta segir hann, að við framsóknarmenn höfum aldrei viljað fallast á og við höfum aldrei léð máls á, en ber það hins vegar á Alþb., að það hafi viljað makka um þetta, en það er þess að svara því.

Það eru notuð alls konar rök í þessum málflutningi, og sýnir rétt myndina af því, að þegar talað er um vextina, eru ýmist notuð

rökin fyrir því þannig, að það eigi að draga saman, ellegar þá að þetta sé gert fyrir sparifjáreigendur. En þegar verið er að tala um, að það sé gert fyrir sparifjáreigendur til þess að bæta þeim upp það, sem þeir hafi tapað og tapi, þá eru þetta litlar sárabætur og hafa verið veittar með öðrum hætti áður. En þegar talað er um hækkaða vexti til útlána, þá er sagt, að þetta eigi bara að standa stutt, þá er búið að gleyma sparifjáreigendunum, og síðan er sagt hér, að kaupmenn og iðnrekendur og aðrir eigi að bera þetta. Þetta er nú bezt að segja einhverjum öðrum en okkur, sem erum svona dálítið reyndir í því, hvernig hefur tekizt að láta þá bera þetta. Sannleikurinn er sá, að þessir okurvextir hellast yfir þá, sem geta ekki velt þeim af sér aftur. Þeir hellast með þeim þunga yfir fólk, sem hefur nýlega keypt sér íbúðir og er með laus lán, hverju nafni sem þau nefnast, öðru en þá í seldum skuldabréfum. Þau hellast yfir fólk með þeim þunga, að það er vafasamt eða næstum víst, því miður, að fjöldi af fólkinu, sem núna berst í bökkum, getur ekki haldið húsnæði sínu, eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar. Þar kemur það niður. Og það kemur niður líka á öllum almenningi gegnum vextina, sem þeir, sem geta velt þeim af sér, framkvæma, því að vitanlega koma þeir fram í hækkandi vöruverði og það fer einnig á bak almennings.

Svo koma þeir með þau broslegu rök, og það sýnir nú eitt m. a., hvað þetta er hlægilegt, að við framsóknarmennirnir séum verndarar okraranna, því að það séu einu mennirnir, sem fari illa út úr þessu. Ég hefði nú haldið, að einn af þeim gáfuðu mönnum, sem dálítið hefur fengizt við þessi mál, vissi betur. Ég sá samtal við hann í einu virðulegu blaði hér, og hann sagði: Nú er peningamarkaðurinn frjáls og salan á þessari vöru, sem heita peningar, gengur vitanlega miklu betur. — Og það er áreiðanlegt, að hann veit betur en hv. 9. landsk. Hann hefur bæði reynslu og þekkingu og þar á ofan mikla hæfileika til að skilja það, sem er að gerast, og auðvitað leiðir það af sjálfu sér, að þegar vextir hækka upp í 10—12%, þá hækkar bara hitt enn þá meira og þar upp fyrir, það gefur að skilja, þegar þeim er gefinn laus taumurinn.

Ofan á þetta er gert það, sem við álítum að sé vafasamt að gera með lögum og hefur verið minnzt hér á, og það er binding vísitölunnar, og það sýnir eitt m. a., hvernig flokkarnir, og þar á Sjálfstfl. hlut að máli, standa við sínar kosningastefnuskrár. Það stóð í kosningastefnuskránni, að það skyldi leita samkomulags milli launastéttanna og atvinnurekendanna um afnám vísitölunnar. Það er fyrsti liður í stefnuskránni. Og síðar flytja framsóknarmenn brtt. við þetta, sem er nákvæmlega eins orðuð og var í stefnuskrá Sjálfstfl. fyrir kosningar, — takið eftir: fyrir kosningar. Og hún er kolfelld. Nú er ég ekki að halda því fram, að vísitalan sé einhver blessun, þvert á móti. Ég held því ekki fram. En ég held því fram og álít, að það sé komin nokkur reynsla fyrir því bæði innanlands og utan, að það sé bezt að reyna að gera þetta með samkomulagi við launastéttirnar sjálfar. Við komumst ekki lengra en það að semja við launastéttirnar og fá þær til þess að skilja þann málstað, sem við erum að berjast fyrir, fá þær til að taka þátt í því með okkur og laga málstaðinn í hendi, þannig að hann sé skynsamlegur bæði fyrir þær stéttir og þjóðfélagið í heild.

Það er eftirtektarvert, þegar við byrjuðum á því nú í tíð vinstri stjórnarinnar að rannsaka verkalýðslöggjöf á Norðurlöndum, hvað haldið þið, að hafi komið í ljós? Haldið þið, að það hafi komið í ljós, þar sem búið er að gera svona geysilegar takmarkanir á verkföllum eins og þar er búið að gera, að löggjöfin sé sett af þingunum? Nei, hún er sett að mestöllu leyti í samræmi við reglur, sem verkalýðshreyfingin hefur sjálf sett sér um verkföll. Inn á þessar leiðir verður að leiða íslenzka verkalýðshreyfingu og treysta því, að það sé hægt, og það er enginn efi á því, að það er hægt, ef beitt er þolinmæði, svo og að það verði engin mistök til að byrja með, fleiri en eitt og fleiri en tvö, eins og ég sjálfur hef dæmin upp á.

En það má ekki gefast upp við þetta. Það verður að ná þessu með samtökum, og dæmið frá Norðurlöndum, þar sem er meiri takmörkun á verkföllum en víðast annars staðar, sýnir, að þau hafa sjálf búið sér til þessar reglur. Þau hafa m. a., eftir því sem ég veit bezt, a. m. k. á sumum Norðurlandanna, vísitölu, að vísu með öðru fyrirkomulagi en hér, þannig að þegar vísitalan hefur breytzt að vissu marki, falla þeirra 3 ára samningar eða bara 2 ára samningar, — eftir því sem ég veit bezt, eru það 3 ára samningar núna, voru að koma því á fyrir tveimur árum, — þá falla þeirra samningar úr gildi og ríkisstj. verður að setjast niður og semja við þá um málið að nýju.

Þess vegna er það, að ákaflega þýðingarlítið er að ætla sér að gera þetta á þennan hátt. Við álítum, framsóknarmennirnir, að það hefði verið skynsamlegra um þetta eins og fleira í þessu máli að reyna að leita samráðs og samþykkis, ef unnt væri, við verkalýðshreyfinguna til þess að nema þetta burt. Við sjáum, að voldug ríki, sem hafa voldugt ríkisvald, verða að beygja sig fyrir einu og öðru. Við skulum taka bara Bandaríkin. Við skulum hugsa um stálverkfallið nýlega. Þeir þora ekki einu sinni að beita því ákvæði, sem er í bandarískum lögum, að fresta verkfallinu um nokkra daga, þó að það sé heimilt samkvæmt landslögum, og þeir reyna sannarlega ekki síður en aðrir að fara með lempni, miklu meiri lempni en farið er hér í þessu frv. og miklu víðar en snertir þetta eina atriði um vísitöluna.

Það, sem er gert með þessu, er að leggja á stórar álögur, loka svo að segja stofnlánadeildunum, draga stofnlánasjóði samvinnufélaganna til Reykjavíkur, setja á okurvexti, samdrátt opinberra framkvæmda, — og allt þetta miðar í þá átt, að hér er um íhalds- og samdráttarstefnu að ræða. Það á að herpa þjóðfélagið saman. Þetta er stefnan. Og þess vegna er það, að þetta á ekkert skylt við gengisbreytingu, sem hægt er að gera með ýmsu

móti. Hér er samhliða gengisbreytingunni farið inn á alveg nýja — eins og þeir hafa sagt sjálfir — þjóðfélagsstefnu, íhaldsstefnu, eins og við þekktum hana í sinni verstu mynd fyrir nokkrum áratugum, þá stefnu að láta allt leita jafnvægis sjálft, sem við þekkjum afleiðingarnar af, bæði hér á landi og um víða veröld í heimskreppunni eftir 1930.

Þetta er það, sem á að gera. Það á að hafa litlar framkvæmdir og hafa þær af handahófi. Og það er ekkert launungarmál, það vitum við, sem höfum heyrt þessa stefnu prédikaða mörgum sinnum, að það þarf hæfilegt atvinnuleysi. Það á að vera hæfilegt atvinnuleysi, það tilheyrir þessari stefnu. Þó að það sé sagt hér hvað eftir annað í útvarp og annars staðar, að það komi vitanlega ekki til mála að verði atvinnuleysi, þá tilheyrir það, það er einn þátturinn í kerfinu.

Ég játa, að það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að þessa stefnu skildi Framsfl. aldrei, hefur aldrei skilið og vildi ekki skilja, — eða þó heldur hitt, hann skilur hana of vel til þess að vilja nokkurn tíma fallast á hana.

Það er ekki hægt að neita því, að ef fólkið í landinu tæki möglunarlaust við þessari kjaraskerðingu og treysti sér til að þola hana og vildi þola hæfilegt atvinnuleysi, þá er hægt að stjórna eftir þessum leiðum. En við álítum satt að segja, að þetta kosti allt of mikinn sársauka fyrir fólkið í þessu landi, allt of mikla kjaraskerðingu, til þess að hægt sé að halda uppi slíkri stjórnarstefnu sem þessari.

Ég hjó eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, að eina leiðin, sem til væri, væri þessi leið, — eina leiðin, sem til væri, væri sú, sem farin væri. Og það er náttúrlega eitt af mörgu, þar sem ekki ber vel saman, að rétt eftir að hæstv. forsrh. hafði sagt, að þetta væri eina leiðin, sem til væri út úr ógöngunum, þá sagði viðskmrh. í útvarpinu í gær, — og tel ég ekki neinn vafa um, að það er það rétta, — hann segir: Ég vil þó ekki halda því fram, að þetta sé eina leiðin, sem um er að velja. **(Forsrh.:** Hina kallaði hann ófæru.) Hina kallaði hann lélegri en þá leið, sem farin væri, en það var hans dómur. En hann lokaði ekki fyrir það, að til væru fleiri leiðir en þessi. Hann sagði, að það væru til fleiri leiðir, og nefndi eina leið, sem hann fordæmdi. En það eru vitanlega til fleiri leiðir en sú, sem hann tók þar sem dæmi og dæmdi úr leik. Hann nefndi, að það væri til sú leið að hafa fjárfestingareftirlit og sjá um, að ekki yrðu of miklar framkvæmdir, og enn fremur að hafa innflutningseftirlit, þannig að gjaldeyrir eyddist ekki úr hófi fram, en taldi, að þjóðin mundi síður vilja það en þær leiðir, sem hann og aðrir í hæstv. ríkisstjórn hafa valið.

Sannleikurinn er sá, að gallarnir, sem eru á þessari leið, sem valin er, eru þeir, að það er reynt að leita jafnvægis að íhalds- og samdráttarleiðum með harkalegri kjaraskerðingu og eftir þeim kennisetningum, sem tilheyra þessari leið. Kjaraskerðing verður vitanlega af gengisbreytingunni sjálfri, ef til vill úr hófi fram. Það er talað um verðlagseftirlit. Við þekkjum nú verðlagseftirlitið, sem höfum tekið þátt í því að reyna að halda því uppi, hvað það er auðvelt, og við getum ímyndað okkur það, að verðlagseftirlit í stjórn, þar sem Sjálfstfl. ræður a. m. k. mestu, — við getum alveg gert því skóna, hvernig það verðlagseftirlit verður. T. d. er núna byrjað að selja ýmsa hluti 50% hærra en þeir kosta samkv. nýja genginu, þó að það sé ekki búið að flytja hlutina inn, svo að ballið er byrjað að selja vörurnar, sem eru í landinu, fyrir hækkað verð. Þrengingin verður enn fremur, eins og ég sagði áðan, vegna vaxtahækkana og gífurlegra álagna. Það er ekki auðvelt að reikna út, hvað öll þessi kjaraskerðing verður mikil. Því er haldið fram af hæstv. viðskmrh., að þetta sé ekki nema 200 millj., því að það sé það, sem þurfi að jafna í greiðsluhallanum við útlönd. En þetta eru vitanlega engin rök, eins og það eru engin rök hjá hæstv. ráðh., að gengisbreytingin sé bara tilflutningur. Hvers vegna ætti ekki að gera þá gengisbreytinguna enn þá meiri, sé hún bara tilflutningur? Það skiptir þá ekki neinu máli, hvort hún er mikil eða lítil, hún er bara tilflutningur. Og það er enginn, sem hefur sannað það og getur sannað það á þessu stigi, hvort gengisbreytingin er hæfileg kjaraskerðing til þess að jafna þessar 200 millj. Það er vitanlega ekkert annað en fjarstæða.

En ofan á allt þetta er leiðin nú alls ekki, eins og hæstv. forsrh. sagði hér, hrein leið. Það er alls ekki afnám á öllum þessum skaðræðisaðferðum, sem hafðar hafa verið áður. Og slíka fullyrðingu kom hv. 9. landsk. með hér líka áðan. Það er búið að gera samning um það að greiða niður útfluttar landbúnaðarafurðir og það svo mikið, að það má nema allt að 73 millj. kr. á ári. Þar er ein grein framleiðslunnar undir sömu reglum og hefur verið undanfarið. Það á að greiða niður innanlands. Það hefur verið margsýnt fram á það, að niðurgreiðsla innanlands er sama og uppbætur á útflutning, því að ef ekki er greitt niður innanlands, skapast dýrtíð, hækkaður framleiðslukostnaður og útilokað, að það sé hægt að selja vöruna út fyrir það, sem kostar að framleiða hana í landinu. Þetta, að greiða niður til þess að minnka framleiðslukostnaðinn innanlands, er því ekkert annað en uppbæturnar í öðru formi. Og enn fremur á að greiða niður nauðsynjavörur, sem fluttar eru frá útlöndum. Ég veit ekki, hvað við það tíðkast, en ekki kæmi það mér neitt á óvart, þó að mér væri sagt, að það væri sjaldgæft og bæri ekki vott um neitt sérstaklega heilbrigt fjármálakerfi.

Það er því langt frá því, að með þessum ósköpum, sem yfir okkur dynja, með þessum byltingarkenndu ráðstöfunum sé afnumið í heild það kerfi, sem áður var. Línurnar hafa ekki skýrzt meira en það, að við erum með niðurgreiðslu, eins og ég hef sagt, á innfluttum vörum, niðurgreiðslur á innlendum vörum, sem samsvara því að borga uppbætur á útflutning, og beinlínis með uppbætur á útflutning samkv. samningum við bændur.

Það er vitanlega ekkert nema gott um það

að segja, að mönnum verði ívilnað með skatti, þeim sem minna mega sín og lægri hafa tekjur. Ég er ekki búinn að sjá það frv., sem boðað er um stighækkandi skatt, en ekki kæmi mér það á óvart, þegar skattstiginn kemur, að þeir, sem hafa háar tekjur, kynnu að græða 5 þús. á nýja skattstiganum, meðan sá, sem er láglaunamaður, græðir 1 þús., því að vitanlega verður um nýjan skattstiga að ræða, þegar yfir í hátekjur kemur, og er heldur ekkert við því að segja, þó að honum verði breytt. En það þarf ekki alltaf að vera að tala um þennan geysilega ávinning fyrir lágtekjumenn. Hann verður vitanlega meiri fyrir hátekjumenn, þó að gott verði, að þessi ívilnun komi lágtekjumönnum að gagni um leið. En þetta er vitanlega allt annað en stóð í stefnuskránni fyrir kosningarnar. Í stefnuskránni fyrir kosningarnar var það hjá Alþfl. algert afnám á tekjuskattinum, og til sannindamerkis um, hvað þetta væri stórkostlegt, var birt skýrsla yfir, hvað það kostaði og hvað það væri margmennt lið, sem þyrfti til að leggja á og innheimta tekjuskattinn. Þetta voru önnur rökin. Nú eru lágtekjumennirnir teknir út úr, allt kerfið helzt, og kostnaðurinn við að innheimta leifarnar verður jafnmikill og að innheimta sem sagt allan skattinn. Og hin rökin voru þau, að þessi skattur væri hvort sem er svo mikið svikinn. Voru það lágtekjumennirnir, launamennirnir, sem sviku skattinn? Þurfti að afnema skattinn á þeim vegna þess? Aðalrökin voru þau, að þetta væri svo mikið svikið, að það þyrfti að afnema það vegna þess.

Nú vita það allir, og maður þarf ekki að spyrja um það, að þeir menn, sem svíkja ekki skatt, það eru launamennirnir, með þann skatt, sem á að afnema. Það liggur á borðinu um tekjur þeirra. (Gripið fram í.) Já, þá var að hafa hina eftir, sem svíkja skattinn, — þeir mega halda því áfram. Það eru lagleg rök þetta. M. ö. o.: það á að afnema hann vegna þess, að það séu svo mikil skattsvik. Svo sleppa þeir — réttilega segi ég — lágtekjumönnunum við skatt, þar sem það liggur á borðinu, hvað þeir eiga að greiða, og þeir svíkja ekki skatt, en þar sem skattsvikin eru líklegust, þegar kemur í efri stigann, það á að haldast, sem var þó talað um að væri aðalgallinn á kerfinu.

Ofan á afnámið á þessu er sett upp annað kerfi. Það er söluskatturinn, sem viðskmrh. hæstv. réðst mest á áður. Og það er eins og fleira hjá blessuðum Alþfl., að maður getur reiknað út nokkurn veginn örugglega, að því, sem hann hefur helzt verið á móti áður, því er hann mest með núna. Það er nokkurn veginn föst regla. Það er eins og stendur í þeirri frægu vísu, sem var kveðin hér einu sinni á Alþingi, að vísu ekki um Alþfl., heldur um aðra menn. Og svo kemur söluskatturinn í staðinn. Og hvað haldið þið, að kerfið verði nú stórt, sem þarf til þess að innheimta söluskattinn, í viðbót við hitt kerfið, sem á að standa? Hvað haldið þið, að það verði stórt? Ég sá hér í einu blaði, og það var lesið upp af einum hv. alþm. í útvarpsumræðunum í gær, að samvinnufélögin hefðu komið og kvartað hér í einum bæ á landinu undan söluskattinum, því að það hefði sýnt sig, að þegar söluskattur í smásölu gilti þar seinast, þá borgaði kaupfélagið á staðnum jafnháan söluskatt og allir kaupmennirnir, en hafði ekki nema örlítið brot af allri verzluninni. Þessu var sagt frá í einu blaði. Það er líka vitanlegt, að þetta er skattur á menn, sem borga — sem betur fer mikill meiri hluti — heiðarlega sinn söluskatt. En það er ekki auðveldara að koma neinum skatti undan en honum. Söluskatturinn verður skattur á þjóðina, án þess að komi nema hluti af honum inn í ríkissjóðinn. Það þarf meira en lítið eftirlitskerfi og meiri löghlýðni og meiri dugnað lagaeftirlitsins en er á Íslandi til þess að framfylgja slíkum skattalögum.

Það er ekkert nema gott um það að segja, að aukinn hefur verið barnalífeyrir, eins og oft hefur verið tekið fram. En náttúrlega er ekki hægt að segja beinlínis, að það sé heilbrigðiseinkenni á þjóðfélagi, að það þurfi að setja upp reglur um það að gefa öllum með fyrsta barni, þó að það séu menn, sem hafa hundruð þúsunda í tekjur og eiga milljónir í eignum. Það væri kannske erfitt að koma þessu öðruvísi fyrir. En sem betur fer, eru ýmsir svo vel efnum búnir í þessu þjóðfélagi, að þeir hafa nú efni á því án þess að fá meðgjöf, opinbera meðgjöf með fyrsta barninu, að sjá um það sjálfir. Þetta er vitanlega til mikilla bóta fyrir fátækar barnafjölskyldur og kannske erfitt að koma því fyrir á annan hátt. En eins og reglan er nú sett þarna, þá er ekki hægt að segja, að það sé beinlínis vottur um heilbrigt þjóðfélag, að þetta skuli þurfa að vera þannig. **(Forseti:** Á hv. þm. ekki töluvert mikið eftir af ræðu sinni enn þá?) Það verður alltaf tíu, tuttugu mínútur. **(Forseti:** Er þá ekki sama, þótt hv. þm. fresti henni núna til dæmis?) Þá geri ég það. En áður en ég fresta ræðunni, vildi ég segja það, að þessar sárabætur, sem veittar eru, þær eru áreiðanlega, eftir því sem ég og aðrir hafa reiknað þær og það allýtarlega, miklu minni hluti af kjaraskerðingunni en fullyrt er af hæstv. ríkisstjórn. Það hef ég séð af dæmum manna, sem eru glöggir reikningsmenn og hafa reiknað sitt eigið dæmi nákvæmlega, manna með lágar tekjur. — Þá get ég lokið máli mínu að sinni. [Frh.]

Forseti (SÓÓ): Það er nú nokkuð liðið á fundartímann, enda þurfa þm. nú að hverfa frá í bili. Hæstv. forsrh. mæltist til þess í lok framsöguræðu sinnar, að mál þetta fengi nokkuð hraða afgreiðslu í þessari hv. deild. Ég vildi nú verða við þessum tilmælum hæstv. forsrh., án þess þó að gera neitt til þess, að hv. þdm. fái ekki tækifæri til þess að ræða málið, eftir því sem hugur þeirra stendur til.

Nú hefur hv. 2. þm. Vestf. (HermJ frestað sinni ræðu, og þar að auki eru tveir hv. þdm. á mælendaskrá, og ef til vill eru fleiri, sem ætla sér að taka til máls við þessa umr. Ég mun því fresta þessum fundi nú þangað til kl. 9 í kvöld til þess að freista þess þá að ljúka

þessari umr., ef mögulegt er, og koma málinu til nefndar. Fundinum er þá frestað til kl. 9 í kvöld. — [Fundarhlé.]

Hermann Jónasson [frh.]: Herra forseti. Ég var þar kominn í máli mínu, að ég taldi mig hafa sýnt fram á, að þessar ráðstafanir, sem hér er fyrirhugað að gera, eru mjög óskynsamlegar og kjaraskerðingin, sem þær valda, miklu meiri en gert er ráð fyrir í grg.

Ég hafði rakið það, hvernig hæstv. ríkisstj. notar fjármálaráðstafanir, sem þarf að gera, til að koma á íhalds- og samdráttarstefnu. Það leynir sér ekki, þegar þessar ráðstafanir eru raktar, að við það er allt miðað. Þetta andlit hefur íhaldið í þessu landi ekki þorað að sýna grímulaust í marga áratugi, þangað til kjördæmabreytingin var komin á og það náði samstarfi við Alþfl.

Það er unnið þannig að þessu máli, bæði formlega, hvernig það er sett fram án samstarfs við launastéttirnar, og efnislega, eins og ég hef sýnt fram á, að það er beinlínis til þess lagað að verða litið á það sem ögrun við þjóðina. Það er sagt jafnframt við þjóðina: Ef þú hreyfir þig, ef þú möglar, eins og hæstv. forsrh. hefur sérstaklega oft tekið fram í sínum ræðum, þá munuð þið fá að kenna á því. Það verður voðalegt ástand. — Þetta virðist vera dálítið skylt því, þegar vissir menn ráðast að öðrum og segja: Upp með hendurnar. Ef þú hreyfir þig, hefur þú verra af. — Hér er stöðugt verið með hótanir á lofti, hverju þjóðin eigi von á, ef hún mögli. Það er líka eins og verið sé að gera gys að almenningi með sumum röksemdafærslunum, og hef ég drepið á það fjarstæðukennda í þeim mörgum.

En um eina röksemdina hef ég ekki rætt enn og ætla að ræða í þeim lokaorðum, sem ég læt hér falla. Það er um lánin. Það er sagt, að þessar ráðstafanir séu gerðar vegna þess, að ekki megi taka meiri lán, þjóðin sé ekki fær um að standa undir þessum lánum. En samt sem áður hefur stjórnin látið það verða sitt fyrsta verk að útvega sér heimild til þess að taka allt að 800 millj. að láni, eða nánar tiltekið 760 millj., að ég hygg, en segir svo jafnframt við almenning: Við tökum ekkert lán, — ekkert lán.

Þetta er álíka röksemdafærsla og ef tveir bændur, Pétur og Páll, höguðu sér á eftirfarandi hátt. Við skulum segja, að Páll tæki lán, 80 þús. kr. lán, til að byggja yfir bústofn sinn og búa betur í haginn fyrir sjálfan sig og sinn rekstur, — hann tæki lán úr einhverjum sjóði til þess að geta komið þessu verki í kring. Hann hefur tekið lán. Það er hliðstætt því, sem gert hefur verið af þeim stjórnum ýmsum, sem setið hafa hér undanfarin ár. En svo skulum við segja, að annar bóndi fer í kaupstaðinn og segir við kaupmanninn eða kaupfélagið: Ég er svo illa stæður, að ég þarf að fá að taka nauðsynjar mínar út í skuld, allt að 80 þús. kr., næsta ár. — Og hann gerir það. Hann hefur ekki tekið lán, heldur hefur sá, sem tók lán til framkvæmdanna, tekið lán, en þessi maður, sem hefur fengið skrifað í reikning hjá sér daglega úttekt fyrir búið, hefur ekki tekið lán.

Annars álít ég, að þetta lán, sem talað er um sem gjaldeyrisvarasjóð og er það á vissan hátt, beri vott um, að það sé eins og stjórnina gruni, að hún muni þurfa á því að halda, ekki kannske fyrst og fremst til vörukaupa, ef allt gengi að óskum, heldur er eins og stjórnina óri fyrir því, að það muni verða einhver óróleiki út af þessu máli, og það sé vissara að hafa aðstöðu til þess að geta keypt nauðsynjar og geta greitt nauðsynlegar greiðslur, ef eitthvað kynni að koma fyrir. Við höfum heyrt talað um þessa tegund af lánum áður annars staðar, þar sem svipaðar ráðstafanir hafa verið gerðar, og þau hafa stundum verið kölluð eins konar herkostnaður, sem þarf að hafa til að grípa til, ef illa fer, ef þannig er unnið, að líklegt er, að þannig fari.

Annars skal ég engu spá um það, enda er ég alls ekki til þess fær, hvernig þessum málum lyktar. Og ég mun hvorki hvetja launastéttirnar eða þjóðina né letja til þess að gera sínar ráðstafanir. Þjóðin mun fá að reyna þessar ráðstafanir, og hún mun gera sínar ráðstafanir. Stéttirnar munu gera sínar ráðstafanir án tillits til þess, hverju er spáð. En ég óttast það og leyni ekki þeim ótta, að ég álít að þessar ráðstafanir séu gerðar svo klaufalega og svo harkalega farið að og með alls konar blekkingum unnið, að það sé hætt við, að þetta endi því miður í átökum. Og mér kæmi það alls ekkert á óvart, þó að svo færi, að um það bil, að stríðslánið er upp étið og safnað þeim skuldum, sem þar er fengin heimild til, verði stjórnin öll og það gæti orðið endirinn. **(Forsrh.:** Eru þetta ekki hroðaleg tíðindi?) Það hefur a. m. k. forsrh. sagt þjóðinni nú undanfarið, að það séu hroðaleg tíðindi, því að mér skilst, að það sé enginn lifandi maður til, sem geti tekið við, ef þessi stjórn fer. (Gripið fram í.) Það vita nú náttúrlega fleiri um eitt og annað. En ég skal ekkert endurtaka af þessu, og það væri óskandi, að svona færi ekki. En eins og að þessu hefur verið unnið, er ekkert óeðlilegt, þó að svona fari.

Hins vegar hygg ég, að það sé mála sannast um það, sem þjóðinni hefur verið sagt, að engir séu færir um að taka við, hvorki flokkar né menn, ef þessi stjórn fari, — að það sé mála sannast, að flestir séu líklegir til að gera skynsamlegri ráðstafanir en þær, sem hér eru gerðar, — það sé ekki einn, heldur flestir aðrir. Og ég kvíði því ekki neitt, hvernig sem þetta fer, að þjóðin hafi ekki þrek til þess, — þessi þjóð hefur sýnt það áður, — hún hafi þrek til þess, eftir að hún er búin að kasta af sér þeirri íhaldsstefnu og samdráttarstefnu, sem hér er til stefnt, að reisa sig við að nýju.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Og þetta eru hvorki óskir né spádómar, sem ég ber hér fram, en mér þykir þannig til þessa máls stofnað, að það sé illmögulegt, að öðruvísi fari en ég hef nú sagt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú lagt fyrir þessa hv. d. efnahagsmálafrv. ríkisstj. til 1. umr., og ég verð að

segja það, að hæstv. forsrh. gat varla haft framsöguræðuna takmarkaðri á allan hátt en hann hafði hana. **(Forsrh.:** Maður hefur nú ekki meira vit en guð gaf.) Ja, meira var það í hv. Nd., því að hérna fór ekki nema 13½ mín. í framsöguræðuna hjá hæstv. ráðh., og hann nefndi það eitthvað sjálfur, að mig minnir, að þetta kynni nú að þykja hálfgerð óvirðing við deildina. **(Forsrh.:** Eyðist, þá af er tekið.) Er nú svona komið?

Þetta mál er stórbrotnara en flest önnur frv., sem lögð hafa verið fyrir hæstv. Alþingi í seinni tíð. Þetta snertir hagsmuni hvers einasta mannsbarns í landinu og margra — fjölmargra — á mjög tilfinnanlegan hátt. Það boðar, að upp skuli tekin gömul efnahagsmálastefna, sem var mestu ráðandi hér fyrir fyrri heimsstyrjöld og nokkuð eftir hana. Þessi stefna boðar dýrtíð, stórkostlegan samdrátt í framkvæmdum, lánsfjárkreppu á flestum sviðum og stöðvun kaupbreytinga eftir mælikvarða dýrtíðarinnar.

Þm. þessarar hv. deildar hafa að sjálfsögðu fylgzt nokkuð með þeim umr., sem fram hafa farið í hv. Nd. um þetta mál. Þeir eru því að sjálfsögðu orðnir nokkuð kunnugir þeim röksemdum hæstv. ríkisstj., sem fluttar eru fyrir þeirri stefnu, sem hér er boðuð. Það hefur verið deilt oft hart á hæstv. ríkisstj. vegna þeirra byrða, sem hún leggur á þjóðina með þessum aðgerðum. Sá ráðh., sem einna helzt tók að sér að svara þeim ádeilum í hv. Nd., var hæstv. viðskmrh., enda er hann hagfræðingur og mun því hnútunum kunnugastur hvað þetta snertir. Í ræðu, sem hann hélt í hv. Nd. s. l. föstudag, gerði hann þessu nokkur skil, og blað hans, Alþýðublaðið, birti útdrátt úr ræðunni daginn eftir. Fyrirsögn blaðsins var stór, hún var alveg geigvænlega stór, menn vissu ekki til, að Alþýðublaðið ætti til svona stórt letur, enda mun það hafa fengið það lánað hjá Morgunblaðinu. En fyrirsögnin var: „Engar álögur við afnám bótakerfis.“ Engar álögur við afnám bótakerfis. Þetta eru mikil tíðindi og góð. Þetta er alveg eins og í fyrra, fyrirsagnirnar voru þá t. d. á þessa leið: Stöðvun verðbólgu án nýrra skatta. — Nákvæmlega sama línan. Hann vinnur sannarlega fyrir launanum sínum, ráðh. sá, sem kemur með svona till. En lesi maður útdrátt Alþýðublaðsins úr þessari ræðu hæstv. viðskmrh., kemur nokkuð annað upp á teningnum. Alþýðublaðið hefur eftir hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í eðli sínu er gengisbreytingin alls engin byrði fyrir þjóðina í heild, ekki frekar en innheimta yfirfærslu- og innflutningsgjalda til greiðslu útflutningsuppbóta er nokkur byrði fyrir þjóðina í heild. Í báðum tilfellunum er um að ræða endurskiptingu á þjóðartekjunum, flutning á tekjum frá einni atvinnugrein til annarrar, frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar.“

Þannig fórust hæstv. ráðh. orð, eftir því sem Alþýðublaðið segir.

Manni dettur nú í hug, þegar hæstv. ráðh. talar um, að hér sé ekki um neinar byrðar að ræða, hvað hæstv. forsrh. hafi þá átt við í haust, þegar hann var að tala um 250 millj. kr. byrðar. En er hæstv. viðskmrh. að neita því með þessum ummælum sínum, að verið sé að leggja byrðar á þjóðina? Nei, hann er ekki að gera það. Hann er aðeins að neita því, að verið sé að leggja byrðar á þjóðina í heild með gengisbreytingunni. Hins vegar játar hann, að verið sé að leggja byrðar á nokkurn hluta þjóðarinnar. Og hann segir, að það sé gert með því að flytja tekjur frá einni atvinnugrein til annarrar, frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar, svo að notuð séu orð hæstv. ráðherra sjálfs.

En eru þá till. hæstv. ríkisstj. lofsverðar fyrir það, að í þeim felast byrðar fyrir suma þjóðfélagsþegnana, en hagsbætur fyrir aðra? Þær gætu verið það, till. gætu verið lofsverðar með þessum hætti, þ. e. a. s. ef byrðarnar eru lagðar á þá, sem bezt geta borið þær, og ef hagsbæturnar ganga til hinna, sem verst eru settir. En eru það till. hæstv. ríkisstj. nú? Ég býst við, að mönnum finnist eitthvað annað.

Hæstv. ríkisstj. stendur í flutningum. Hún er að flytja, — flytja tekjur frá einni atvinnugrein til annarrar, frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar, segir hæstv. ríkisstjórn. En til hverra er hún þá að flytja tekjur, og frá hverjum er hún að taka tekjur, því að á annan hátt getur hún ekki verið að flytja tekjur á milli? Er hún að flytja tekjur frá hinum ríku til hinna fátæku? Er hún að flytja tekjur frá þeim, sem lifa um efni fram, til hinna, sem lifa ekki um efni fram? Er hún að flytja tekjur til verkamanna, iðnaðarmanna, launamanna yfirleitt, til bænda eða sjómanna? Eiga þeir að búa við betri kjör á eftir? Hæstv. ríkisstj. játar í grg. með þessu frv., að svo muni ekki verða. Hún segir þvert á móti í þessari grg., að þeir einu launamenn, sem fái álögurnar upp bættar, séu þeir, sem eigi nógu mörg börn. Alveg rétt. Nú vita menn, að ríkir menn geta líka átt börn, svo að réttlátur jöfnuður fæst ekki með því einu saman. Fjölskylduuppbætur eru sannarlega réttmætar, ef þær eiga að mæta álögum á láglaunafjölskyldur.

Hæstv. ríkisstj. er ekki að flytja tekjur til láglaunamanna, ekki einu sinni til fjölskyldumanna. Þeir, sem flest eiga börnin, kunna að fá álögurnar upp bættar að einhverju leyti, og kem ég þó betur að því síðar, en heldur ekki meir. Það er líka erfitt að ræða frekar um þær að þessu sinni, þar sem enn er ekki komið fram frv. hæstv. ríkisstjórnar um breyt. á tryggingalöggjöfinni.

Meðal frumstæðustu þarfa fjölskyldumanna er að eignast þak yfir höfuðið. Fyrir hér um bil 40 árum voru það tiltölulega fáir menn, sem létu sig dreyma um slíkan munað. Í sveitum landsins urðu menn þó að gera það, því að þar var ekki um leiguhúsnæði að ræða. Þar leituðust bændur við að ráða fram úr vandanum með því að koma sér upp moldarkofum. Í þeim húsakynnum er fjöldi núlifandi Íslendinga uppalinn. Í bæjunum var leiguhúsnæði athvarf hinna efnalitlu. Á síðustu áratugum hefur orðið hér mikil breyting á. Í sveitunum eru torfbæirnir horfnir. Í bæjunum býr nú

mikill meiri hl. manna í eigin íbúðum. Þessar framfarir eru ómetanlegar og hafa tvímælalaust bætt mjög heilsufar þjóðarinnar, enda eru íbúðir manna til sjávar og sveita mun betri nú en húsakynni embættismanna voru fyrir nokkrum áratugum.

Eitt af fyrstu viðfangsefnum nýgiftra hjóna er að eignast íbúð. Mörg hjónaefnin fresta giftingu jafnvel um nokkurn tíma til að geta ráðizt í þessar framkvæmdir. Hvernig er aðstaða ungra, efnalitilla hjóna til að koma sér upp íbúð nú, og hvernig verður þessi aðstaða þeirra eftir „viðreisnarráðstafanir" hæstv. ríkisstjórnar?

Ég skal taka raunverulegt dæmi af ungum hjónum hér í Reykjavík, sem eru núna að byrja íbúðarbyggingu, og ég skal sýna fram á, hvernig þau sjálf líta á þær hagsbætur, sem viðreisn hæstv. ríkisstjórnar færir þeim.

Áætlaður byggingarkostnaður íbúðarinnar er 350 þús. kr. Hjónin hyggjast greiða þennan byggingarkostnað á eftirfarandi hátt: með láni úr byggingarsjóði húsnæðismálastofnunarinnar 70 þús. kr., með eigin framlagi, sem er aðallega vinna við bygginguna, 70 þús. kr., með fjárhagsaðstoð frá foreldrum 50 þús. kr. og með bráðabirgðalánum, aðallega víxillánum til skamms tíma, 160 þús. kr. Þannig er byggingarkostnaðurinn fenginn. Árleg útgjöld þessara hjóna af þessum lánum eru nú þessi: Afborganir af 70 þús. kr. byggingarsjóðslánum 3733 kr. Afborganir af 160 þús. kr. víxillánum og bráðabirgðalánum til tíu ára 16 þús. kr. Vextir af 70 þús. kr. byggingarsjóðslánum eru á fyrsta ári 4375 kr. Og vextir af 160 þús. kr. bráðabirgðalánum, 7% vextir, eru 11200. Alls eru afborganir og vextir af byggingarlánunum, eins og nú er ástatt, 35308 kr., og er þá reiknað með vöxtunum eins og þeir eru fyrsta árið.

Það er óneitanlega djörf áætlun hjá þessum ungu hjónum að ætla sér að greiða sem svarar tæplega 3000 kr. á mánuði í vexti og afborganir af íbúðarlánunum, þótt sú upphæð fari smálækkandi vegna afborgana. En af því að maðurinn hefur haft 60—70 þús. kr. árstekjur, þá býst hann við að geta þetta, þegar hann þarf ekki lengur að eyða fristundum sínum í vinnu við bygginguna og getur farið að vinna eftirvinnu fyrir sæmilegt kaup. Þannig reiknaði hann þetta dæmi.

En hvernig lítur þetta dæmi út hjá þessum ungu hjónum, eftir að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. eru komnar til framkvæmda? Hvað hækkar byggingarkostnaðurinn, og hvað hækka árleg útgjöld hjónanna vegna íbúðarinnar? Um þetta hef ég leitað mér upplýsinga hjá byggingameisturum hér í bænum, auk þess sem ég hef aflað mér upplýsinga um væntanlegar verðhækkanir á byggingarefni.

Ég hef fengið þau svör hjá byggingameisturunum, að byggingarefnið geti ekki verið minna en 35—40% af byggingarkostnaðinum nú, og ég hef fengið þær upplýsingar um væntanlegar verðhækkanir á byggingarefni, að allt erlent byggingarefni muni hækka um 45—48 og jafnvel 50%. Talið er, að varla sé hægt að áætla minni hækkun á byggingarefni almennt, sem er langsamlega mest útlent, en 43%. Séu þessar upplýsingar réttar, þá stenzt það ekki, sem sagt er í grg. þessa frv., að byggingarkostnaður muni ekki hækka nema um 10—11%. Ef byggingarefnið er ekki nema 30% af byggingarkostnaðinum og ef verðhækkunin á byggingarefninu er ekki að meðaltali nema 35%, þá er hægt að fá út 10—11%, það er alveg rétt. En hækki byggingarefnið um 43% og sé byggingarefnið nú 35% af byggingarkostnaðinum, þá hækkar byggingarkostnaðurinn um 15%, og það ætla ég að sé nær sanni.

En ég skal reikna með þessari 11% hækkun, sem hæstv. ríkisstj. segir að muni verða, og sjá, hvernig dæmið lítur út hjá hjónunum, hver hækkunin verður á íbúðinni þeirra og hve mikið árleg útgjöld þeirra vaxa.

Ef byggingarkostnaður þessarar íbúðar hækkar ekki nema um 11%, þá nemur það 38500 kr., en ef hann hækkar um 15%, þá nemur það 52500 kr. Og hvar eiga þessi ungu hjón að fá þessa upphæð? Samkv. stefnu hæstv. ríkisstj. á að draga úr lánveitingum, svo að ekki þarf að búast við, að hjónin fái hærri lán úr byggingarsjóðnum. Ekki getur eigið framlag hjónanna orðið meira við það, að dýrtíðin vex, en kaupið á að standa í stað. Og sama er að segja um fjárhagsaðstoð foreldranna. Ekki þarf heldur að reikna með víxillánum í bönkum. Sennilegast er, að vegna þessarar hækkunar á íbúðinni verði hjónin að hætta við að byggja.

En við skulum gera ráð fyrir því bezta, að þau fái einhvers staðar víxillán eða einhvers konar bráðabirgðalán með víxilvöxtum til þess að geta komið íbúðinni upp og að þau lán verði að meðaltali til 10 ára. Nú er boðuð vaxtahækkun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, — vaxtahækkun, sem hún ræður alveg sjálf, á að fá alræðisvald til að ákveða, og það er talað um það almennt, og það hefur verið rætt um það hér á hæstv. Alþingi, að þessi vaxtahækkun eigi að nema því, að víxilvextir hækki úr 7% upp í 12%. Sé þetta rangt, þá skal ég sannarlega taka til greina leiðréttingu, ef hún kemur fram.

Hver verður þá hækkun á útgjöldum hjónanna vegna ráðstafana þessara, sem nú er verið að gera? Ég skal reikna með 11% hækkuninni á íbúðinni, eins og hæstv. ríkisstj. segir að hún muni verða. Afborgun af lánum vegna þessarar hækkunar á byggingarkostnaðinum nemur 3850 kr. á ári, ef þeim tekst að fá þessi lán til 10 ára að meðaltali. Vextir af þessum sömu lánum eru á fyrsta ári, ef þau verða að borga 12% vexti, 4620 kr., og vaxtahækkun af 160 þús. kr. lánunum, sem ég áður taldi, ef vextirnar hækka úr 7% í 12%, verður á fyrsta ári 8000 kr. M. ö. o.: minnsta hækkun á árlegum útgjöldum hjónanna vegna þessara ráðstafana er 16470 kr. En hækki byggingarkostnaðurinn upp í 15%, sem mér sýnast vera miklar líkur til, þá hækkar þessi upphæð upp í allt að 20 þús. kr. Og þetta er í viðbót við 35 þús. kr. útgjöld, sem hjónin bjuggust við að taka á sig.

Ég skal taka það fram, að vaxtagreiðslur

fara lækkandi vegna afborgana, svo að fyrrnefnd upphæð, um 52 þús. kr., er komin niður í 39 þús. kr. árleg útgjöld hjónanna eftir 5 ár, ef þau geta komið íbúðinni upp og hækkun byggingarkostnaðar reynist ekki nema 11%. En á hverju eiga þessi ungu hjón að lifa, ef þau eiga að taka á sig þessa útgjaldaaukningu? Þótt þau hafi 65 þús. kr. árstekjur, geta þau ekki tekið á sig 52 þús. kr. árleg útgjöld, og þótt það væri eitthvað minna en það. **(KK:** Flýta sér að eiga börn.) Ég skal koma að því seinna, hvað þau græða mikið á börnunum. Reyndar stoðar lítið að vera að reikna það út, hvað þessi hjón muni þurfa að greiða á ári í afborgun og vexti af byggingarlánum eftir 5 ár, ef þau stranda strax á fyrsta ári með að koma upp þaki yfir höfuðið vegna þessara ráðstafana. Og ég verð að segja, að það eru litlar líkur til þess, að það þýði neitt fyrir þessi ungu hjón að hugsa um að koma upp íbúðinni, því að það er útilokað.

En það eru ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli enn. Það er fleira, sem hæstv. ríkisstj. er með á prjónunum. Það er fleira en þetta, sem ég hef nefnt í þessu dæmi. Í fyrsta lagi vita menn, þótt ekki snerti það þessa hæstv. ríkisstj., að B-lán byggingarsjóðs eru vísitölutryggð, og hækki vísitalan, þá hækka þessi lán sjálfkrafa, og um leið hækka afborganir og vextir af þeim lánum. Ekki hef ég reiknað með neinni slíkri hækkun í þessu dæmi. Í öðru lagi: samkv. þessu frv., sem liggur fyrir, á að fá hæstv. ríkisstj. alræðisvald til að hækka vexti í ýmsum sjóðum, þ. á m. í byggingarsjóði húsnæðismálastofnunarinnar. Og það þarf varla að efast um það, að til þess er hæstv. ríkisstj. að fá þetta vald, að hún ætlar að nota það. Þá hækka útgjöld á fyrrnefndri íbúð vegna þessarar vaxtahækkunar, en ég hef ekki reiknað með neinni slíkri hækkun. Í þriðja lagi er samkv. þessu frv. fyrirhugað, að hæstv. ríkisstj. fái alræðisvald um það að stytta lánstímann í þessum byggingarsjóði. Ef hún gerir það, þá vaxa afborganirnar á ári hverju, en ekki hef ég reiknað með neinni slíkri hækkun. Í fjórða lagi hlýtur samdráttarstefna sú, sem nú er boðuð, að valda minnkandi atvinnu, sem fyrst og fremst bitnar á aukavinnu manna, sem greidd er mun hærra verði en dagvinna. Falli niður aukavinna þessara manna, þá eru möguleikar þeirra, sem byggja, stórkostlega skertir, bæði til þess að leggja fram eigið framlag og til þess að greiða afborganir og vexti. Og loks má nefna það, að fjöldi ungra manna á ekki von á neinni fjárhagsaðstoð frá foreldrum, sem hér er þó reiknað með og á hvorki að bera afborganir né vexti. Það er algengt, að þetta unga fólk verði að bjargast af sjálfsdáðum, það hefur ekki til annarra að snúa sér. En þegar svo er ástatt, þá vandast málið fyrir þeim. Þegar svo er ástatt, þá eru litlar horfur fyrir þetta fólk að ætla sér að koma yfir sig íbúð, þegar tillit er tekið til hækkunar byggingarkostnaðar, hækkunar vaxta, styttingar lánstíma í byggingarsjóðunum, vaxandi dýrtíðar, minnkandi atvinnu og óbreytts kaupgjalds.

Ég hef rakið hér allýtarlega, hvers konar „viðreisn“ tillögur hæstv. ríkisstj. eru fyrir fjölskyldumann með 60—70 þús. kr. árstekjur, sem er nú að ráðgera að koma sér upp íbúð. Það er fljótsagt, að vonir slíkra manna um íbúðarbyggingu eru með öllu þurrkaðar út, og það er sama, hvort um er að ræða fjölskyldu hér í Reykjavík, í kaupstöðum, í kauptúnum eða í sveitum. Dæmi þetta, sem ég hef nefnt, á alls staðar við í öllum aðalatriðum.

Mig undrar, að tveir stjórnmálaflokkar skuli hafa getað náð samkomulagi um svo kaldrifjaða meðferð á ungum og efnalitlum fjölskyldum. Það á hér við: „Frá þeim, sem ekkert hefur, skal tekið verða jafnvel það, sem hann hefur.“

Hæstv. ríkisstj. segist vera að framkvæma tekjuflutning frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar. Ég hef sýnt hér mynd af því, hvernig þessir flutningar ganga fyrir sig hvað snertir þá, sem byggja. En hæstv. ríkisstj. segist líka vera að framkvæma tekjuflutning frá einni atvinnugrein til annarrar. Ég vil taka dæmi úr atvinnulífinu. Útgerðarmaður ætlar að kaupa sér fiskibát, sem kostar með núverandi verði á erlendum gjaldeyri um 3 millj. kr. Hann á von á því, að fiskveiðasjóður láni honum ⅔ hluta af verði bátsins eða um 2 millj. Sjálfur þarf hann að geta lagt fram eina millj. kr. En þegar þetta frv. er orðið að lögum, kostar báturinn 4½ millj. kr. Ef fiskveiðasjóður lánar eftir sem áður ⅔ hluta andvirðisins, þá eru það 3 millj., en kaupandinn verður að borga úr eigin vasa hálfa aðra milljón, eða ½ millj. kr. meira en hann þurfti áður. Hvaðan fær hann þessa peninga? Ekki mun vera ætlazt til þess, að hann fái bankalán fyrir þessari hækkun. Á hann þá að taka þessa hálfu milljón úr eigin vasa? Og hvaða möguleikar eru til þess, að hann geti það? Er ekki langliklegast, að útgerðarmaðurinn verði að hætta við að kaupa bátinn? Allur erlendur rekstrarkostnaður fiskibáta, eins og olía, veiðarfæri o. fl., hlýtur að hækka í verði við þessar ráðstafanir, um allt að 50%. Lánsfé til þessara hluta ætla ég að hafi verið alltakmarkað að undanförnu, þrátt fyrir það að ekki hefur verið neitt bann við því, að bankar láni til þessara hluta. En samkvæmt stefnu hæstv. ríkisstj. verður ekki annað séð en nú eigi að neita með öllu að lána meira til þessa rekstrarkostnaðar útgerðarinnar en áður var. Hvaðan á þá útgerðarmaðurinn að taka fé til þess að greiða verðhækkunina á þessum nauðsynjum útgerðarinnar? Á hann líka að taka það úr eigin vasa?

Svo sem kunnugt er, hefur útflutningssjóður greitt sérstakar bætur á smáfisk, einstakar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs. Þessar bætur hafa verið misháar eftir fisktegundum, veiðitíma og verkunaraðferðum. Þessar sérbætur hafa byggzt á því, að miklu dýrara er að vinna þennan fisk í útflutningsvöru en annan fisk, og auk þess fæst hlutfallslega mun minni útflutningsvara úr þessum fiski, sem notið hefur sérbótanna, en öðrum fiski. Veiði og vinnsla þessa fisks hefur fyrst og fremst byggzt á þessum sérbótum. Í grg.

þessa frv. er gerð grein fyrir þessum sérbótum, og sést á þeirri skýrslu, að þær eru ekkert hégómamál fyrir útgerð í þeim landshlutum, þar sem verulegur hluti aflans er fiskur, sem nýtur þessara bóta. Eins og kunnugt er, hafa útflutningsuppbætur á bátafisk numið að meðaltali 94½%, en útflutningsbætur t. d. á steinbít, ýsu og flatfisk, veiddan eftir 15. maí, hafa komizt allt upp í 143.1%, eins og segir í grg. frv. Samkv. þessu frv. eiga allar þessar sérbætur á fisk að falla niður eins og útflutningsuppbætur yfirleitt. Gengisbreytingin á að bæta upp útgerðinni að fullu þær 94½% uppbætur, sem bátaútgerðin fær að meðaltali. En hún bætir að sjálfsögðu ekki upp að fullu þær vörur, sem hafa notið hærri bóta en þetta. Hvað verður þá um útgerð í þeim sjávarþorpum, þar sem meira en helmingur aflans hefur notið sérbóta og það allt upp í 143%? Þessar fiskveiðar hljóta að búa við mjög skarðan hlut, fáist ekki breyting á frv. hvað þetta snertir. Hér er því ekki aðeins um tekjuflutning hæstv. ríkisstjórnar að ræða milli þjóðfélagsstétta og atvinnugreina, eins og hæstv. ríkisstj. orðar það. Hér er hreinlega um tekjuflutning að ræða milli landshluta, þar sem sumir landshlutar búa að því að veiða þennan fisk.

Fulltrúi Framsfl. í hv. fjhn. Nd. flutti brtt. við þetta frv. á þskj. 98 um heimild fyrir ríkisstj. að greiða þessar sérbætur áfram. Þessa till. felldu stuðningsmenn stjórnarinnar í Nd. allir með tölu. Ég gerði mér nú vonir um, að hv. þingmenn Vestfjarða mundu taka nærri sér að fella þessa till., en sú von brást. Engum landshluta munu þessar sérbætur hafa orðið meira virði en Vestfjörðum vegna hinnar miklu steinbítsveiði, sem þar er, en steinbítur er sú fisktegund, sem notið hefur hæstu sérbóta. Þessi brtt. mun verða flutt aftur í þessari hv. d., og reynir enn á Vestfjarðaþm., hvernig þeir taka þessu hagsmunamáli Vestfirðinga.

S. l. sunnudagskvöld barst mér símskeyti frá Ísafirði. Skeytið var frá Útvegsmannafélagi Ísfirðinga fyrir hönd útvegsmanna á Vestfjörðum. *Ég tel rétt, að ég lesi þetta skeyti upp,* með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirfarandi símskeyti sent Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Vegna fyrirsjáanlegs verðfalls steinbíts með niðurfellingu tegundabóta samkvæmt efnahagsmálatillögum ríkisstjórnarinnar viljum við sérstaklega taka fram: steinbítsafli Vestfjarðabáta undanfarið hefur verið fullur helmingur alls vertíðarafla. Með tilliti til loforða stjórnarvalda í janúar s. l. um, að hlutur bátaútvegsins skyldi eigi skertur frá því, sem var árið 1959, krefjumst vér þess, að hráefnisverð á steinbít haldi sama hlutfalli við þorskverð og var á s. l. ári.

Fyrir hönd útvegsmanna á Vestfjörðum.
Útvegsmannafélag Ísfirðinga."

Samkvæmt þessu skeyti segja útvegsmenn á Vestfjörðum, að fyrirsjáanlegt sé verðfall á steinbít með niðurfellingu tegundabótanna samkv. efnahagsmálatill. ríkisstj. Þeir segja einnig, að fullur helmingur vertíðaraflans þar sé steinbítur. Það er þá fyrirsjáanlegt verðfall á fullum helmingi aflans við Vestfirði. Þeir krefjast þess, að hráefnisverð á steinbít haldi sama hlutfalli við þorskverð og var á síðasta ári. Og loks byggja þeir þessa kröfu sína á því loforði stjórnarvaldanna í janúar s. l., að hlutur bátaútvegsins skyldi eigi skertur frá því, sem hann var í fyrra.

Fáist ekki leiðrétting á frv. í þessa átt í þessari hv. d., þá er verið að skerða stórkostlega hlut útgerðarmanna og sjómanna á Vestfjörðum, eins og segir í skeytinu. Og þá eru stjórnarvöldin að bregðast því loforði, sem þau gáfu útgerðarmönnum í janúar í vetur. Það mun verða tekið eftir því á Vestfjörðum, hvernig verður snúizt við væntanlegri brtt. við þetta frv. hér í þessari hv. deild.

Eitt af boðorðum hæstv. ríkisstjórnar er það, að tekjuskattur skuli afnuminn á almennum launatekjum. Það mun vera líka einn liðurinn í stefnunni að flytja tekjur frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar, og sjálfsagt mun vera ætlazt til þess, að þetta verði skilið á þann veg, að þarna sé þó sannarlega verið að flytja tekjur frá hinum ríku til hinna fátækari.

Höfuðröksemd hæstv. ríkisstj. fyrir afnámi tekjuskatts er sú, að skattaframtöl séu fölsuð og stórkostleg skattsvik eigi sér stað. Þó er ekki ætlun hæstv. stjórnar að afnema tekjuskattinn, heldur á að hækka persónufrádrátt, svo að menn með lægri tekjur þurfi ekki að greiða tekjuskatt. *Hins vegar þurfa menn að* skila skattframtölum eins og áður, og hálaunamenn svo og félög og fyrirtæki verða að greiða tekjuskatt eftir sem áður. Skattstofur og skattanefndir verða að starfa eins og fyrr, svo að ekki verður um sparnað að ræða hjá ríkinu í skrifstofukostnaði við þetta. Meira að segja kostnaðurinn við álagningu og innheimtu á hverri milljón tekjuskatts getur orðið um það bil helmingi hærri á eftir en áður. Það er ekkert verið að horfa í það. En hverjir græða þá á þessari niðurfellingu tekjuskattsins? Þar sem ekki er hægt að svara þessari spurningu af neinni nákvæmni, fyrst frv. er ekki komið fram, skal ég aðeins ræða eina hlið þessa máls.

Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað, að tekjur ríkisins lækki vegna lækkunar á tekjuskatti um 75 millj. kr., miðað við fjárlög 1959. En á þá ríkissjóður ekki að fá neitt í staðinn? Jú, hann á að fá söluskatt í staðinn. Talað er um, að þessi söluskattur muni eiga að nema 3% á alla vörusölu og þjónustu. Og hverjir bera svo þennan nýja söluskatt? Söluskattinn bera auðvitað allir, sem kaupa vörur og þjónustu, líka láglaunamennirnir, sem eiga að sleppa við tekjuskattinn. Lækkun tekjuskattsins á að nema 75 millj. kr., eins og ég gat um áðan, en nýi söluskatturinn á að nema 280 millj. kr. eða hér um bil fjórum sinnum hærri upphæð. Í hvers þágu er verið að framkvæma þessi skipti á sköttum, að taka upp söluskatt, en lækka tekjuskatt? Ef hjón með tvö börn hafa 60 þús. kr. árstekjur og nota ¾ hluta þeirra til að kaupa fyrir vörur og þjónustu, þá greiða þau 1350 kr. í söluskatt, ef hann verður 3%, en samkvæmt núgildandi skattalögum mundu þau greiða um 1100 kr. í tekjuskatt. Söluskatturinn étur þá upp tekjuskattinn og 250 kr. betur.

Þetta eru skiptin fyrir hjónin með tvö börn og 60 þús. kr. tekjur. En væru þessi hjón með 90 þús. kr. tekjur og keyptu sama magn af vörum og þjónustu, þá slyppu þau við 4800 kr. tekjuskatt, en greiddu þessar 1350 kr. í söluskatt og græddu á þessu 3450 kr. Hagnaðurinn af því að fá söluskatt í staðinn fyrir tekjuskatt er enginn fyrir láglaunamennina, en þó nokkur fyrir þá, sem betur eru launaðir, og langsamlega mestur fyrir þá hálaunuðu, því að þeir, sem hafa að undanförnu greitt kannske 40—50 þús. kr. í tekjuskatt, munu áreiðanlega ekki eiga að greiða mjög háan skatt eftir nýju væntanlegu skattalögunum.

En þá kem ég að skattsvikunum. Þeir, sem hafa ekki hærri tekjur en svo, að þeir komast ekki í tekjuskatt, hagnast ekkert á því að skila röngum framtölum. Skattsvik af þeirra hálfu eru því útilokuð, því að þeir verða að greiða söluskatt í staðinn, og undan honum komast þeir ekki, þar sem þeir verða að borga hann um leið og þeir kaupa lífsnauðsynjar sínar. En hvað er þá um hátekjumennina, sem verða að greiða einhvern tekjuskatt áfram, og hvað um fyrirtæki, sem skattalækkunin á ekki að ná til? Er engin hætta á neinum skattsvikum þar? Og svo söluskatturinn. Hann skilar sér náttúrlega allur upp á eyri frá þeim, sem innheimta hann af almenningi. Ja, þar þarf ekki að líta eftir. Þar eru engin skattsvik! Enn ber hér að sama brunni, að hér er um flutning tekna að ræða, ekki frá hinum ríku til hinna fátæku, heldur öfugt.

Í aths. með þessu frv. er nokkuð rætt um hækkun verðlags, sem leiði af samþykkt þessa frv. Orðalag allt um þessa hluti er býsna óákveðið í aths. frv. Skal ég drepa á örfá dæmi um það, hvernig orðalagið er. Á bls. 20 í grg. frv. segir: „Að svo komnu máli verður ekki um það sagt með nákvæmni, hversu mikil verður hækkun útsöluverðs einstakra vörutegunda.“ Nei, það verður ekki sagt með neinni nákvæmni. Neðar á bls.: „Séu teknar þær innfluttu vörur, sem í vísitölunni eru, verður meðalhækkun þeirra sennilega 25%. Innlendar landbúnaðarafurðir munu væntanlega hækka um 12%. Hins vegar verður hækkun vísitölunnar allrar líklega ekki meiri en 13%. Áætlað er, að gengisbreytingin hafi í för með sér 10—11% hækkun á byggingarkostnaði. Búast má við einhverjum öðrum hækkunum, svo sem hækkun tryggingarsjóðsgjalds, sjúkrasamlagsgjalds, útvarpsgjalds o. fl. Þessar hækkanir, sem eru gengisbreytingunni óviðkomandi, nema líklega um það bil einu stigi.“ Og neðst á bls. 21: „Sú aukning fjölskyldubóta og þær niðurgreiðslur á innfluttum neyzluvörum, sem að framan hefur verið lýst, munu draga mjög úr þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem breyting gengisskráningarinnar að öðrum kosti hefði í för með sér. Er gert ráð fyrir, að hækkunin verði 3% í stað 13%.“

Þannig úir og grúir af dularfullu orðalagi, sem ómögulegt er að henda neinar reiður á. En eftir alla þessa varnagla í grg. er þó einu slegið föstu á bls. 22. Þar stendur: „Með þessum ráðstöfunum er það tryggt, að kjör fjölskyldna, sem hafa um 60 þús. kr. tekjur og í eru þrjú eða fleiri börn, verða ekki skert og ekki heldur kjör ellilífeyrisþega og öryrkja.“ Þetta er tryggt, ekkert af hinu var tryggt.

En þótt hæstv. ríkisstj. vilji ekkert fullyrða um það, hversu mikil verður hækkunin á útsöluverði vara, hvort hún verður 25% á innfluttum vörum og 12% á landbúnaðarvörum eða eitthvað meira, hvort vísitalan hækkar um 13%, 14% eða eitthvað miklu meira, hvort byggingarkostnaðurinn hækkar um 11% eða ríflega það, hvort kjaraskerðingin verður 13% eða 3% eða engin, — þótt hæstv. ríkisstj. vilji ekkert af þessu fullyrða, þá fullyrðir hún þó eitt, þetta, sem stendur á bls. 22, að það sé tryggt, að kjör fjölskyldnanna versni ekki. Þau verða ekki skert, ekki um eyri. En hvernig getur hæstv. ríkisstj. fullyrt þetta, fyrst hún gat ekkert fullyrt um hitt, forsendurnar að þessu? Er annars ekki viðbúið, að þetta orðalag sé allt haft með ráðnum hug? Ef þessar hækkanir allar verða kannske miklu meiri en þetta, þá getur hæstv. ríkisstj. sagt á eftir: Við fullyrtum aldrei neitt um þetta, þetta voru bara áætlaðar tölur.

Ég á einna lakast með að skilja það, að innfluttar vörur hækki ekki nema sennilega um 25%, þar sem flestar nauðsynjavörur erlendis frá hljóta að hækka um 45—50% komnar til landsins, að ég nú ekki tali um vörurnar, sem á að borga niður, en þær hækka vegna gengisbreytingarinnar um 70 og yfir 80%. En þær á að borga niður. Ekki veit ég, hvað þeir ætla að borga mikið niður. Það er hægt að borga þær svo lítið niður, að hækkunin verði allmikil á þeim. Og til eru vörur, sem verða ekki borgaðar niður, en hækka þó alldrjúgt, vörur, sem allur almenningur notar, sérstaklega börn, unglingar og vinnandi fólk. Nefna má bómullarefni í fatnað. Það hækkar um 77.4%, gúmmískófatnaður hækkar um 78.4% og gúmmístígvél hækka um 87%, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Þetta eru sannarlega vörur, sem almenningur notar, og það kemur við fólk að taka á sig þessar hækkanir, jafnvel þó að þetta verki kannske ekki mikið í vísitölunni. En hitt er rétt, að öll fínni efni, silki og þess háttar, krep og hvað það heitir, það hækkar ekki svona mikið, og fínni skótegundir hækka ekki svona mikið.

Þá hefur mér fundizt athyglisvert orðalag hér á bls. 21, þar sem rætt er um áhrif gengisbreytingarinnar á lífskjörin. Þar stendur: „Sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, sem að framan er getið, sýnir þau áhrif, sem gengisbreytingin mundi hafa á lífskjör almennings.“ Á að skilja þetta svo, að það sé gengisbreytingin ein út af fyrir sig, sem reiknað hefur verið með í öllum þessum tölum um hækkanir? Hefur þá verið sleppt að reikna með þeim áhrifum, sem hækkun fjárl. hefur á lífskjör almennings og þ. á m. 280 millj. kr. söluskattur?

Ég vil ekki gera ráð fyrir svo stórkostlegum blekkingum. En ég rek þó augun í það, að alltaf heldur ríkisstj. sig við 13% í þessum útreikningi. En af hverju ekki 14%? Hún er búin

að segja það á sömu bls., að vísitalan muni hækka um 14%. Af hverju sleppir hún einu prósentinu? Af því að það er ekki vegna gengisbreytingarinnar, heldur af öðrum ástæðum.

Samkv. þeirri samdráttarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. boðar og fram kemur í þessu frv. og öðrum frv. stjórnarinnar, getur varla hjá því farið, að atvinnan dragist saman í landinu. Þessi samdráttur atvinnunnar hlýtur fyrst og fremst að koma niður á aukavinnu manna. Það er kunnugt, að menn hafa haft allverulega aukavinnu, og það hefur orðið þeim drjúg tekjuöflun. Nú er eftirvinna greidd með 50% hærra verði en dagvinna. Dagsbrúnarverkamaður, sem vinnur tveggja tíma eftirvinnu á dag, fær fyrir hana 62 kr. eða eitthvað rétt nálægt því. Tapi hann þessari eftirvinnu, nemur það 1545 kr. á mánuði eða um 18500 kr. á ári. Þó yrði þetta ekki talið neitt atvinnuleysi, þvert á móti. Sá maður er talinn hafa fulla vinnu, sem vinnur 8 tíma á dag. En hefur sá fjölskyldumaður nægar árstekjur til þess að lifa á, þegar árstekjur hans lækka úr 68 þús. kr. hér um bil á ári, ef hann er með tveggja stunda eftirvinnu á dag að meðaltali, niður í 49500 kr.? Er þá tryggt, eins og stendur í grg. frv., að kjör hans versni ekki, þótt hann sé með þrjú börn? Til þess að mæta þessu atvinnutapi duga engar þriggja barna fjölskyldubætur, hækkun þeirra er ekki nema 6634 kr., og þær geta ekki mætt 18500 kr. tekjutapi, ef maðurinn tapar eftirvinnunni.

Ef hækkun fjölskyldubótanna ætti að bæta upp tveggja klukkutíma eftirvinnutap á dag, hvað þyrftu börnin að vera mörg hjá þessari fjölskyldu? Það er mjög fróðlegt að reikna það út. Til þess að mæta 18500 kr. tekjulækkun á ári, hvað þurfa börnin að vera mörg hjá fjölskyldunni, svo að hún standi rétt eftir og „tryggt" sé, að hún haldi óskertum lífskjörum, eins og stjórnin segir. Mér reiknast til, að á fyrsta verðlagssvæði þurfi börnin að vera 47. Menn geta reynt að reikna þetta, og ég skal fúslega taka sönsum, ef ég fer með rangt mál.

(Fjmrh.: Hvað þyrfti íbúðin að vera stór?) Hún verður hvorki stór né lítil, því að eftir þessar ráðstafanir getur þetta fólk ekki byggt. Ég skal gera frekari grein fyrir, hvað þessar fjölskyldubætur eru stórkostlegar, sem ríkisstj. er að boða. Hafa menn ekki tekið eftir því, að alltaf nefnir ríkisstj. þrjú börn, þegar hún er að tala um þessar væntanlegu fjölskyldubætur? Hjón með þrjú börn munu eiga að fá um 6634 kr. hækkun á fjölskyldubótunum, ef ég hef reiknað þetta rétt, sem hæstv. ríkisstj. er að boða. En hvað hækka fjölskyldubæturnar á hvert barn, eftir að komið er yfir þrjú börn, t. d. hérna í Reykjavík? Er það ekki rétt reiknað hjá mér, að þær hækki um einar 269 kr. á barn? Ef þetta er rangt, þá óska ég alveg sérstaklega eftir, að þetta sé leiðrétt hjá mér. Er það ekki rétt, að fjölskyldubæturnar eigi að hækka um einar 269 kr. á hvert barn, eftir að komin eru þrjú börn? Það munar um það! Það er ekki fyrir einum barnsskóm. Ef hjón eignuðust nú fimm börn í viðbót við þrjú, sem þau ættu áður, svo að börnin yrðu átta, þá yrði líklega glæsilegur hagur þeirra samkv. stefnu ríkisstjórnarinnar! Hvað verður hækkunin á fjölskyldubótunum fyrir þessi fimm börn, sem bætast við þau þrjú, sem áður voru? Það verða 1345 kr. yfir árið. Það er ekki ein kápa á eina telpuna. Og svo fullyrðir hæstv. ríkisstj., að hjón með þrjú börn eða fleiri fái bætt upp að fullu þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin hefur í för með sér.

Þannig sýnist mér, að innihaldið sé í þeim miklu „hagsbótum", sem fjölskyldubæturnar eiga að verða, eins og þær eru boðaðar.

Hæstv. ríkisstj. segir, að það yrði þungbært fyrir fjölskyldur að taka á sig 13% vísitöluhækkun án bóta. Ég held, að það sé alveg rétt. Ég held, að það yrði þungbært. En ég er farinn að halda, að það þungbærasta sé ekki komið í ljós. Það er, að hagur barnmargra fjölskyldna verði ægilega miklu verri á eftir en hefur verið látið í veðri vaka. Hæstv. ríkisstj. hefur auglýst svo rækilega fjölskyldubæturnar, að hún mun vera farin að treysta því, að þær geti bjargað henni út úr öllum vandanum.

Ég hef sýnt fram á, að fjölskyldubæturnar bæta ekki upp það, sem nú er í vændum. Ég hef sýnt fram á, að aðeins eftirvinnutapið yrði tilfinnanlegt fyrir margar fjölskyldur. Og ég efast ekki um, að það getur orðið þungbært fyrir hæstv. ríkisstj. að stefna þannig að atvinnutapi hjá almenningi með þeirri samdráttarstefnu, sem er meginkaflinn í þessu frv. og öðrum þeim frv., sem hún boðar. Þessi tegund af tekjuflutningi frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar, eins og hæstv. ríkisstjórn orðar það, verður áreiðanlega mörgum þungbær.

Þegar hæstv. ríkisstjórn er að rökstyðja till. sínar um þá gerbyltingu í íslenzku efnahagslífi, sem hún ætlar nú að framkvæma, þá leggur hún mestan þungann á greiðsluhallann við útlönd. Hún vítir harðlega þær erlendu lántökur, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum og varið hefur verið til framkvæmda hér innanlands. Að dómi hæstv. ríkisstjórnar eiga þessar lántökur að koma þjóðinni fram á barm gjaldþrots og örbirgðar. Ég býst við, að allir þeir, sem hlustað hafa á útvarp að undanförnu, muni seint gleyma því, sem hæstv. stjórnarsinnar hafa sagt um þennan „voða", sem nú steðji að þjóðinni og hefur gert að undanförnu.

Ég skal nefna hér eitt dæmi um það, hvernig erlend lántaka færir þjóðina fram á barm gjaldþrots, og þetta dæmi er sementsverksmiðjan, en til hennar var tekið erlent lán. Ég hef í dag aflað mér allnákvæmra upplýsinga um þessi efni og veit, að þær eru öruggar. Útgjöld sementsverksmiðjunnar á s. l. ári í erlendum gjaldeyri, að viðbættu 55% yfirfærslugjaldi, urðu þessi: Leiga á skipi til flutninga á skeljasandi um 4.3 millj., olía 4½ millj., gips, pokar o. fl. til framleiðslunnar 3½ millj., afborganir af erlendum lánum 6½ millj. og vextir af erlendum lánum 4.4 millj. Alls eru útgjöld sementsverksmiðjunnar á s. l. ári í erlendum gjaldeyri 23.2 millj. kr. Á móti þessu kemur sementsframleiðslan, sem nam á árinu sem leið 85 þús. tonnum. Þetta sement hefði þurft að flytja inn í landið, ef sementsverk-

smiðjan hefði ekki verið og ef ekki hefði verið tekið lán til að koma henni upp. Verð á erlendu sementi var í fyrra um 140 shillingar á tonnið eða í íslenzkum krónum með yfirfærslugjaldi kr. 495,80. Þessi 85 þús. tonn hefðu þá kostað í erlendum gjaldeyri 42 millj. 143 þús. kr. Gjöld í erlendum gjaldeyri voru, eins og ég sagði áðan, 23.2 millj., og gjaldeyrissparnaður sementsverksmiðjunnar á s. l. ári hefur því orðið rétt um 19 millj. kr. Þetta er þá „gjaldþrotið", sem yfir okkur vofir vegna erlendrar lántöku til sementsverksmiðjunnar. Það er 19 millj. kr. sparnaður á einu ári í erlendum gjaldeyri.

En við höfum fleiri „gjaldþrot" af þessu tagi í okkar landi. Við höfum fleiri fyrirtæki en sementsverksmiðjuna, sem tekin hafa verið til erlend lán til að koma þeim upp. Við höfum „gjaldþrotafyrirtæki" eins og áburðarverksmiðjuna, Sogsvirkjunina, fiskiskipin, kaupskipin, fiskiðjuverin, ræktunina og rafvirkjanirnar, svo að nokkuð sé nefnt. Og ætli útkoman yrði ekki eitthvað svipuð þessu og ég nefndi um sementsverksmiðjuna, ef allt væri krufið til mergjar? Á þessum stoðum stendur allt gjaldþrotatal hæstv. ríkisstj. vegna erlendu lánanna, sem tekin hafa verið til framkvæmda í landinu.

Herra forseti. Ég hef rætt hér nokkuð þann flutning á tekjum frá einni atvinnugrein til annarrar, frá einni þjóðfélagsstétt til annarrar, sem hæstv. ríkisstj. er að framkvæma. Ég hef nefnt um þetta nokkur dæmi, og ég hef sýnt með þessum dæmum, hversu skaðlegur slíkur tekjuflutningur er fyrir efnaminni einstaklinga, — einstaklingana, sem leggja mest á sig í erfiði og áhættu við framleiðslustörfin í landinu, — einstaklingana, sem eru þó mikill meiri hluti þjóðarinnar. Ég hef sýnt fram á, hversu skaðlegur þessi tekjuflutningur getur verið fyrir einstakar stéttir, fyrir einstakar atvinnugreinar, fyrir einstaka landshluta, fyrir ýmiss konar atvinnuuppbyggingu í landinu. Ég fullyrði, að þessi stefna, þessi tekjuflutningur, eins og hæstv. ríkisstj. orðar það, er skaðleg öllu jafnvægi í byggð landsins. Hún er skaðleg efnahagslegu jafnvægi milli stétta og einstaklinga.

Mér er sagt, að spilamenn iðki stundum spil eitt, sem heitir 21. Ég þekki ekki þetta spil, en mér er sagt, að í þessu spili geti menn hlotið ofsalegan gróða og auðvitað líka óskaplegt tap. Og það merkilega við þetta spil, 21, er það, að gróðinn fer ekki eftir hæfileikum manna, ekki eftir viti eða þekkingu, ekki eftir fimi eða neins konar list, gróðinn, þegar gróði verður hjá einhverjum, þá fer hann eftir tilviljun, hann fer eftir því, hvernig spilin liggja. Mér sýnist, að stefna hæstv. ríkisstjórnar sé hliðstæð spilinu 21, að hæstv. ríkisstj. sé að spila glæfraspil. Og það alvarlega við hlutina er það, að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert vald á þessu glæfraspili fremur en menn hafa í hinu spilinu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt, að langur tími fari í að ræða efni þessa frv. Í fyrsta lagi er málið stórt og snertir mjög hagsmuni ekki aðeins þjóðarheildarinnar, heldur og ekki síður hagsmuni stéttanna og raunar hvers einasta manns í landinu. Í öðru lagi er hér um að ræða tillögur, sem fela í sér óvenju gagngera stefnubreytingu, kúvendingu í efnahagsmálum okkar, ef svo mætti að orði komast. Loks bætist svo það við, að málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar mun hafa reynzt ófullkominn og eitthvað gallaður, skýrslur m. a. ófullnægjandi og jafnvel villandi, en á þeim eru niðurstöður reistar. Hefur það mjög tafið og torveldað athugun og mat á innihaldi tillagnanna. Ég mun nú víkja að nokkrum atriðum þessa mjög víðtæka og fjölþætta máls.

Á áratugnum 1930—1940 lifðum við Íslendingar ásamt öðrum vestrænum þjóðum alvarlega krepputíma. Þá ríkti hér mikið atvinnuleysi og mikil deyfð í öllum framkvæmdum. Þá varð kaupgetan lítil og flestir lifðu við þröngan kost. Þótti kreppan illt ástand, og munu fæstir, sem hana reyndu, æskja tilkomu hennar á ný. Á stríðsárunum gengu krepputímarnir yfir. Þá hvarf atvinnuleysið og mikil þensla færðist í hvers konar framkvæmdir og viðskipti. Lífskjör almennings bötnuðu vegna nægrar atvinnu, og kaupgetan óx. Það var runnið upp blómaskeið í þjóðlífinu, skeið hagsældar og framfara, tímabil, sem var alger andstæða krepputímanna gömlu.

Þetta vaxtar- og þensluskeið atvinnu- og efnahagslífsins hefur haldizt nokkurn veginn fram á þennan dag. Að vísu varð nokkur afturkippur fyrir tæpum áratug, og fór þá að brydda á atvinnuleysi og öðrum kreppueinkennum. Þó tókst þá að rétta við aftur, og síðustu árin hafa auðkennzt af nægilegri atvinnu, vaxandi framleiðslu, nægum mörkuðum erlendis fyrir afurðir okkar og hækkandi þjóðartekjum.

Það efnahagskerfi, sem þróazt hefur í vestrænum löndum, virðist undirorpið því leiða lögmáli, að almenn velmegun megi ekki standa til lengdar eða geti ekki staðið til lengdar. Samkv. því lögmáli hljóta að skiptast á kreppa og velmegun, þensla og samdráttur. Þenslunni fylgir vaxandi atvinna og batnandi kjör almennings, en samdrættinum minnkandi vinna og versnandi lífskjör. Á þetta lögmál efnahagslífsins virðast hagfræðingar trúa sem væri það óhjákvæmileg forlög. Enginn má sköpum renna. Eftir efnahagslegan blómatíma hlýtur að koma kreppa. Það er óumflýjanlegt, segja hagfræðingarnir. Og í dag standa þeir agndofa yfir því, að ekki skuli þegar skollin á kreppa á Íslandi. Líklega finnst þeim það nánast stríða á móti náttúrunnar lögmálum. Í 20 ár höfum við ekki haft af kreppu að segja hér á landi. Við höfum hamazt við að vinna, framleitt útflutningsvörur í vaxandi mæli og selt þær í austri og vestri, eftir því sem bezt hefur hentað. Máske er það einmitt vegna viðskiptanna við þjóðir mismunandi hagkerfa, að við höfum umflúið kreppuna til þessa. Hvað sem um það er, höfum við ekki haft kreppu í 20 ár, og þeim, sem trúa á óumflýjanlega hringrás kreppu og hagsældar, er ekki orðið um sel.

Æðstu prestar hagspekinnar í New York og París hafa lengi litið Ísland óhýru auga, líkt og þeir vildu spyrja: Dirfist þessi litla þjóð að brjóta í bága við lögmál vestrænnar hagfræði um hagsveiflur? Og þessir erlendu hagspekingar senda íslenzkum starfsbræðrum sínum tóninn og gera þá með því svo óstyrka, að þeir mega vart lengur vatni halda. Forstjóri Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, René Sergent, heimtar tafarlausan samdrátt í íslenzku efnahagslífi sem nauðsynlegan undanfara nýrrar kreppu. Hann segir, að við Íslendingar séum orðnir á eftir öðrum vestrænum þjóðum í þessum efnum, og mun það satt vera. Í Bretlandi og í Bandaríkjunum hefur atvinnuleysið þegar fyrir alllöngu haldið innreið sína, svo að dæmi sé nefnt. Þessi voldugi forstjóri amast mjög við viðskiptum okkar við vöruskiptalöndin, en tekur þó skýrt fram, að stofnun hans geti ekki ábyrgzt okkur nein viðskiptasvæði í þeirra stað. Yfirleitt hefur þessi mæti forstjóri allt íslenzkt á hornum sér, og þó virðist honum yfirgengilegust af öllu sú vitleysa Íslendinga að ríghalda í það að rækta hluti eins og kartöflur með gífurlegum tilkostnaði, eins og hann kemst að orði. Ég hef séð álitsgerð annars erlends hagspekings um íslenzkt efnahagslíf. Sá heitir Robert Allen og er hagfræðiprófessor í Bandaríkjunum. Beri að líta á þetta plagg hans sem niðurstöðu fræðilegrar athugunar og séu aðrir sérfræðilegir ráðunautar hæstv. ríkisstj. af sama sauðahúsi og þessi, þá hætti ég að furða mig á framkomnum og boðuðum efnahagsmálatillögum stjórnarinnar. Þessi fræðimaður byrjar nefnilega á að slá því föstu, sem hann á að sanna, sem sé því, að íslenzka þjóðin lifi um efni fram. Ótíndir leikmenn geta haft í frammi slíkar órökstuddar fullyrðingar, að ég nú ekki tali um vissa stjórnmálamenn, en í munni fræðimanna fara þær illa. En hann slær þessu sem sagt föstu strax í upphafi eins og óbifanlegu trúaratriði og dregur síðan út frá því sínar fræðilegu ályktanir.

Ýmsar fleiri staðhæfingar þessa sérfræðings koma mér spánskt fyrir sjónir, eins og t. d. sú, að landhelgisdeilan við Breta hafi stofnað mikilvægustu mörkuðum okkar í hættu. En það er nú aðeins smáatriði hjá honum. Með mörgum orðum lýsir þessi höfundur þungum áhyggjum sínum og persónulegu ógeði á viðskiptum Íslendinga við þjóðir Austur-Evrópu og viðurkennir raunar opinskátt um leið, að það ógeð sé sprottið af pólitískum, en ekki fræðilegum ástæðum. Að þessum heilabrotum loknum ber prófessor Allen fram kröfur sínar til Íslendinga. Samkv. þeim eiga þeir að lækka gengið þannig, að 50 kr. jafngildi einum dollara, hætta viðskiptum við öll vöruskiptalönd, hætta erlendum lántökum, minnka bæði fjárfestingu og eyðslu, hækka skatta, gefa verðlagið frjálst og halda kaupi niðri með því að afnema vísitölukerfið. Sérstaklega leggur hann áherzlu á, að lánastarfsemi til húsbygginga verði torvelduð, byggingarsjóður ríkisins lagður niður og lánaupphæðir lækkaðar.

Ég skal taka það fram strax, að þótt ég sé í veigamiklum atriðum ósammála þeim tveim hagspekingum, er ég hef nafngreint, þá er þó sitt hvað innan um, sem ég tel athyglisvert, og mun ég e. t. v. nefna eitthvað af því síðar. Það er ekki heldur óeðlilegt, að ég sé þeim ósammála í meginatriðum. Þeir heimta samdrátt í atvinnu- og efnahagslífi Íslendinga, svo verulegan, að til kreppu hlýtur að leiða, en það ástand óttast almenningur á Íslandi eins og pestina. Þorri þjóðarinnar vill ekki efnahagslega kreppu og viðurkennir ekki heldur nauðsyn hennar.

Síðustu árin hafa vissir íslenzkir hagfræðingar hins bandaríska hagkerfis tiplað á tánum kringum stjórnarvöldin hér, sífellt sífrandi um þær kröfur, sem erlendir meistarar þeirra blása þeim í brjóst. Sérstaklega hefur þetta endalausa nudd verið iðkað af kostgæfni í tímariti hagfræðideildar Landsbankans, Fjármálatíðindum. Á þessum árum vaxandi framleiðslu og aukinna þjóðartekna hafa þessir hagfræðingar stöðugt klifað á sama viðlaginu: Það er hrun framundan, svo framarlega sem álögur á almenning verða ekki stórlega þyngdar. Við heimtum fleiri byrðar og þyngri byrðar á herðar almennings, ella er voðinn vís. Við heimtum samdrátt og hann nægilega mikinn í efnahags- og atvinnulífi, annars föllum við í ónáð þeirra stóru og ríku í París og New York. — Þannig hafa hagfræðingarnir kyrjað sönginn í allmörg ár linnulaust og í ótal tóntegundum, og 1. des. s. l. var hann meira að segja fluttur af Jónasi Haralz sem hátíðakantata í ríkisútvarpinu. Og nú hafa þessir hagfræðingar, sprenglærðir á ameríska vísu, loks fengið viðhlítandi undirtektir. Það er engin tilviljun, að sú íslenzka ríkisstjórn, sem nú tekur undir sönginn fullum hálsi, er afturhaldssamasta ríkisstjórn, sem hér hefur setið um áraraðir.

Þessi hæstv. ríkisstj. varð til í nóvember í vetur, daginn sem hið háa Alþingi var sett. Strax tók hún sér fyrir hendur athugun á hinu voðalega ástandi efnahagsmálanna. Hún safnaði skýrslum og álitsgerðum, reiknaði og ræddi, og að því loknu settist hún niður og samdi bjargráðatillögur sínar.

Hæstv. ríkisstjórn virðist mjög hreykin af vinnubrögðum sínum. Þar hafi nú ekki verið kastað til höndum. Hún lét ráðunauta sína pæla í plöggunum og lítur síðan svo upp til þeirra, að nú mæla ráðh. vart eina setningu svo, að ekki sé í henni tilvitnun sótt til „sérfræðinganna“, en svo nefna þeir ráðunauta sína og aldrei annað.

En hverjir voru nú ráðunautar hæstv. ríkisstj. í undirbúningi bjargráðanna? Á Alþingi eiga sæti 60 menn ýmissa stétta, úr öllum flokkum og frá öllum landshlutum. Ráðfærði ríkisstj. sig við þá um lausn hins ofboðslega efnahagsvanda? Nei, ekki aldeilis. Þeir flæktust bara fyrir, létu hæstv. ríkisstj. engan vinnufrið hafa og voru því hreinlega sendir heim í sína sveit. Þannig var ekki haft samráð við hv. þm. í heild og þaðan af síður við hv. stjórnarandstöðu. Slíkt hefði þó máske ekki verið óheppilegt, þegar um annan eins vanda var að ræða. Mér er ekki kunnugt um, að hæstv. rík-

isstj. hafi leitað ráða hjá innlendum félagasamtökum. Má þó vera, að hún hafi ráðgazt eitthvað við samtök eins og Vinnuveitendasamband Íslands og Félag ísl. stórkaupmanna, en til Alþýðusambands Íslands var ekki leitað og ekki heldur til heildarsamtaka annarra launþega né til bændasamtakanna. Þannig er það víst, að ríkisstj. taldi sig ekki eiga neitt erindi við samtök fjölmennustu stéttanna í landinu um þessi mál.

Það er víst og áreiðanlegt, að íslenzka þjóðin hefur ekki verið höfð með í ráðum að þessu sinni. Ráðgjafarnir hafa verið valdir af allt öðru sauðahúsi, og má sennilega skipta þeim í þrjá hópa.

Næst hæstv. ríkisstj. standa hægrisinnaðir öfgamenn, en hreiður sitt hafa þeir í Sjálfstfl. Þessir menn krefjast stjórnmálalegs afturhvarfs til fyrri tíma, afnáms sem flestra þeirra réttinda, sem alþýðan hefur aflað sér á síðustu 40 árum, og endurreisnar hins óhefta framtaks fjáraflamanna. Þessir öfgamenn hafa lengi róið undir og hvatt til stórræða í afturhaldsátt.

Þá koma forustumenn tveggja erlendra stofnana hér mjög við sögu, en þær stofnanir eru Efnahagssamvinnustofnun Evrópu í París og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í Washington. Þessir ráðunautar hæstv. ríkisstj. hafa ekki verið myrkir í máli. Þeir hafa heimtað stórfelldan samdrátt efnahagslífsins á Íslandi, frjálst verðlag og lækkandi laun. En hvers vegna er þessum erlendu ráðunautum hæstv. ríkisstj. svo umhugað um þessa stefnu í íslenzkum efnahagsmálum, sem raun ber vitni um? Þeir lýsa sig fúsa til að aðstoða Íslendinga, en setja það skilyrði, að fyrst verði komið á kreppuástandi. Hvers vegna leggja þeir áherzlu á, að kjör íslenzkra launþega verði gerð verri en þau eru lökust í nágrannalöndunum, og hvers vegna mega Íslendingar ekki verzla bæði í austri og vestri? Líklega eru svör við þessum spurningum margþætt. Forustuþjóðir Atlantshafsbandalagsins telja sig eiga mikilla hagsmuna að gæta á Íslandi vegna legu þess og mikilvægis í hernaði. Hér þurfa þær að tryggja sín áhrif sem bezt. Fátæk þjóð og soltin, bandalagsþjóðunum háð viðskiptalega og fjárhagslega, er stórum þægilegri í meðförum og viðráðanlegri en þjóð í efnahagslegum blóma. Það er þægilegt, jafnt fyrir harðstjórn Atlantshafsbandalagsins sem auðjöfra í Ameríku, að vita af því, að í þessu landi búi alþýða manna við lakari launakjör en þeir aumustu allra í Bandaríkjunum, svertingjar Suðurríkjanna.

Efnahagssamvinnustofnunin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa sagt sín orð, og þessum ráðunautum — eða kannske öllu heldur húsbændum — hefur hæstv. ríkisstj. hlýðnazt og fengið fyrir sem fyrstu afborgun loforð um 700—800 millj. kr. lán, sem þó má ekki ganga til arðbærra framkvæmda — engan veginn, heldur til daglegrar eyðslu.

Þá er loks þriðji hópur ráðunauta, en það eru nokkrir íslenzkir hagfræðingar, sem reynzt hafa sverð og skjöldur hæstv. ríkisstjórnar hér heima fyrir. Þá nefnir hún aldrei annað en „sérfræðingana" og vitnar til þeirra seint og snemma. Það er álit sérfræðinganna, segja hæstv. ráðherrar. Þar með eru málin afgreidd og engra röksemda framar þörf. Þessir ráðunautar hæstv. ríkisstj. eru vafalaust vel heima í sinni fræðigrein og auk þess greindir menn og gegnir, þótt þeir í þetta sinn hafi látið ginna sig eins og þursa. Fræðimenn leggja aðeins fram staðreyndir, en „sérfræðingar" ríkisstj. hafa gert miklu meira. Þeir hafa m. a. hagrætt tölum gáleysislega, máske í því skyni að fá útkomu, er blekkti þreytt augu hæstv. ráðherra. Nokkur dæmi þessu til sönnunar nefndi hv. 4. þm. Austf. í ræðu sinni nýlega í hv. Nd., og skal ég ekki fara nánar út í það. Auðvitað er sá útreikningur fræðilega forkastanlegur, sem hefst á útkomunni og setur síðan upp tölur í samræmi við hana, og tæpast er það gild afsökun, að slíkt sé gert til þess að þóknast góðum og notalegum húsbændum. Sérfræðingunum ber að halda sér við réttar tölur í útreikningunum. Það var lágmarkskrafa, sem þeir þó naumast hafa uppfyllt, eins og fram kom m. a. í merkilegri ræðu hjá hv. 4. þm. Austf.

Þá hefur sérfræðingunum orðið á önnur skyssa og hún ekki betri. Þeir hafa boðað eina leið og aðeins eina leið til lausnar efnahagsvandanum. Þetta tiltæki þeirra kom m. a. berlega fram í útvarpsræðu Jónasar Haralz 1. des. í vetur. Slík vinnubrögð eru ekki fræðimannsleg. Þegar hagfræðingur tekur að boða eina ákveðna stefnu í efnahagsmálum og berjast fyrir framkvæmd hennar, hættir hann að tala sem sérfræðingur og gerist þess í stað réttur og sléttur stjórnmálamaður. Þá er sérfræðingsheiti hans orðið að fölskum fána, þótt hann hins vegar hafi auðvitað fullan rétt á að tala sem stjórnmálamaður. Hann má aðeins ekki gera það í nafni fræðigreinar sinnar.

Bandarískí prófessorinn, sem ég minntist á áðan og ekki allt of lofsamlega, tekur það skýrt fram í sinni grg. um efnahagsmálin á Íslandi, að hann sjái þrjár leiðir í efnahagsmálum Íslendinga. Fyrst nefnir hann þann möguleika að koma á kerfisbundnum áætlunarbúskap, en hann kveðst andvígur þeirri leið, ekki af hagfræðilegum ástæðum, heldur pólitískum ástæðum. Þá talar hann um annan möguleika, sem sé þann, að haldið verði áfram á svipaðri braut og gert hefur verið. Um það segir prófessor Allen m. a. orðrétt: Það er að sjálfsögðu unnt að halda áfram þá braut, sem hingað til hefur verið farin. — En hann bætir því raunar við, að sú leið muni tæpast fær án verulegrar lagfæringar. Sem þriðju leiðina talar hann loks um þær ráðstafanir, er hæstv. ríkisstj. nú hyggst gera. Ég minnist á þessi ummæli prófessorsins einungis til þess að sýna fram á, hve óafsakanlega þröngir og einhæfir okkar hagfræðingar hafa verið í ábendingum sínum og hversu fljótt þeir hafa yfirgefið fræðigrein sína í þessu máli og hoppað út í stjórnmálin.

Sérfræðingarnir hafa óneitanlega látið hæstv. ríkisstj. og hennar málpípur misnota sig herfilega í öllu þessu máli. Þeim er fengin ákveðin lausn og sett fyrir að reikna dæmið þannig,

að lausnin standist. Í þeirra nafni er það básúnað út um allar jarðir, að ekki sé til nema ein einasta leið út úr núverandi efnahagsvanda, sú leið, sem hæstv. ríkisstj. fellir sig við vegna ákveðinna hagsmuna hér og erlendis. Slíkt getur aðeins orðið til þess að lækka gengi hagfræðinganna í augum þjóðarinnar, og er það í sjálfu sér illa farið, því að öll gengislækkun er í mesta máta óæskileg.

Í vetur heimtaði hæstv. ríkisstj. vinnufrið. Hún fékk hann, lagðist undir feld og hefur líklega sofnað þar vært. Á meðan voru hagfræðingarnir látnir kanna ástand og horfur í efnahagsmálum og semja till. um nýjar ráðstafanir. Í sjálfu sér voru þetta rétt vinnubrögð, svo langt sem það náði, fyrst könnun, svo tillögur til úrbóta. En þriðji þáttur undirbúningsins gleymdist alveg eða var af öðrum ástæðum vanræktur með öllu. Það var sem sé ekki hirt um það nauðsynlega grundvallaratriði að ganga úr skugga um, hvort væntanlegar ráðstafanir væru framkvæmanlegar, hvort þær í reynd leiddu til þess árangurs, sem þeim var ætlað. Hæstv. ríkisstj. ber fram efnahagsmálatillögur sínar og hefur aðstöðu til að fá þær samþykktar. Hún veit, að hún ein ásamt handjárnuðu þingliði sínu ber ábyrgð á þeim samþykktum, sem gerðar verða. Samt hirðir hún ekki um að leita svars við þeirri spurningu, hvort ráðstafanir hennar muni reynast framkvæmanlegar og hvort hún með þeim geti náð settu marki. Framkvæmdin er þó ekkert aukaatriði, skyldi maður ætla, enda hefur hæstv. ríkisstj. hér orðið á skyssa, sem nægja mætti henni til falls.

Sænskur hagfræðingur, Erik Lundberg prófessor, segir um þetta efni m. a. í einni bók sinni: Viðfangsefni stjórnarvalda takmarkast ekki við það að ákveða hentugustu lausn efnahagsmálanna, byggða á réttu mati ríkjandi ástands og framtíðarhorfum. Það er mikilvægt athugunarefni ríkisstjórnum og þeim stofnunum, sem eiga að framkvæma stefnuna, að meta, hvað sé stjórnmálalega mögulegt. Flokkar á þingi, verkamannafélög og ýmiss konar samtök á sviði viðskipta og landbúnaðar hafa áhrif í þessum efnum, bæði bein og óbein. — Þannig farast orð þessum Svía, sem er heimskunnur hagfræðingur.

Jafnvel margnefndur prófessor Allen, sem í meginatriðum styður það, sem í till. hæstv. ríkisstjórnar felst, varar eindregið í sínu plaggi við því að rasa um ráð fram. Hann ráðleggur, að samráð og samvinna sé höfð við sem allra flesta innlenda aðila um gerð nauðsynlegra efnahagslegra breytinga, og nefnir þar m. a. alla stjórnmálaflokkana, verkalýðssamtökin, samvinnuhreyfinguna, kaupmannafélög og bændasamtök. Telur hann það bersýnilega goðgá að ætla sér að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd án vitundar og vilja stærstu félagssamtaka landsmanna. En hæstv. ríkisstjórn virðir þetta ráð prófessorsins að vettugi. Hún lætur sér nægja að þekkja óskir hins bandaríska peningavalds og vilja einstakra manna í Sjálfstfl. Þessi vísvitandi vanræksla, þetta vítaverða ábyrgðarleysi hæstv. ríkisstj. á sennilega eftir að koma henni í koll. Þar bítur þá sök sekan. Hitt er sorglegra, að þessi kórvilla getur leitt til alvarlegra áfalla, sem þá hitta sárast allan almenning í landinu, þjóðina alla og geta enda orðið henni örlagarík.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um efnahagsmálafrv., sem fyrir liggur. Því hafa þegar verið gerð allrækileg skil hér á hinu háa Alþingi og þó tæpast næg. Margt er óljóst í þessu frv. og þeirri grg., sem fylgir því, og því erfitt að átta sig til fulls á afleiðingum þess, sem koma skal. Gengi íslenzku krónunnar skal lækka meira en dæmi eru til áður. Á einn bandarískur dollar að jafngilda 38 kr. Þessi gengislækkun leiðir til stórhækkaðs vöruverðs og þar með til aukinnar dýrtíðar, og er sá glaðningur sérstaklega ætlaður neytendum í landinu. Þá færir gengislækkunin Bandaríkjaher á Íslandi álitlegan gróða, og mun hann nema ekki svo fáum milljónum dollara á ári. Þetta er kannske hrein tilviljun. En vart mun það hryggja Samúel frænda að fá þannig lækkuð sín útgjöld til vinnulauna á Íslandi. Hagfræðiprófessorinn Ólafur Björnsson kennir nemendum sínum, að gengislækkun sé að ýmsu leyti varhugaverð og að hún m. a. auki verðbólguhættu. Ætti það að vera íslenzkum verðbólgubröskurum nokkur huggun, að þeirra tími sé væntanlega enn ekki hjá liðinn, og virðist þannig sæmilega séð fyrir Bandaríkjaher og verðbólgubröskurum.

Bótakerfinu hefur verið fundið ýmislegt til foráttu, enda lofuðu stjórnarflokkarnir að afnema það. Ekki er það þó gert með tillögum hæstv. ríkisstj., heldur er því breytt. Er ætlunin sú að hætta greiðslum útflutningsbóta, hvernig sem efndirnar verða, en niðurgreiðslum vöruverðs á að halda áfram, og verður sá þáttur bótakerfisins meira að segja aukinn með því að greiða einnig erlendar vörur niður, og hafa kaffi, sykur og kornvörur verið nefndar í því sambandi.

Hæstv. ríkisstjórn er hugulsöm og á sitt af hverju í pokahorninu handa almenningi. Gömlu álögunum er haldið flestum hverjum, og ekki nóg með það, heldur eru þær þyngdar stórlega og nokkrum nýjum bætt við. Með þessu móti stórhækka óbeinu skattarnir, sem alþýða manna ber uppi. Verðtollur hækkar um 60 millj. kr., gjald af innlendum tollvörum um 24 millj., innflutningsgjald af benzíni um 40 millj., og þannig mætti áfram telja. Söluskatturinn, sem allir hafa fordæmt, verður aldeilis ekki afnuminn. Hann verður þvert á móti aukinn og margfaldaður, og er áætlað, að hann færi ríkissjóði á þessu ári 434 millj. kr., sem er nærri þreföld upphæðin frá í fyrra. Þótt útflutningssjóð eigi að leggja niður, verða tekjur hans frá almenningi ekki felldar burt, heldur skulu þær framvegis renna í hít ríkissjóðsins. Alls munu tolla- og gjaldaálögur hækka um meira en 400 millj. kr., og er það drjúg dýrtíðaraukning til viðbótar þeirri, sem gengislækkunin veldur.

Vísitölukerfið ætlar hæstv. ríkisstj. að gera óvirkt og þó ekki alveg. Það verður afnumið að því leyti, sem það snertir kaupgjald, en

heldur gildi sínu óbreyttu gagnvart verðbréfum og peningalánum. Má því segja, að fjármagninu sé gert hærra undir höfði en mannfólkinu. Vísitölukerfið var annars á sínum tíma sett launþegum til verndar, þannig að þegar verðlag hækkaði, þá skyldi kaupgjald hækka einnig eftir vissum reglum.

Launahækkun hefur ævinlega komið á eftir verðlagshækkun og því verið afleiðing, en ekki orsök dýrtíðar. Það er ein af mörgum reginblekkingum Sjálfstfl.-manna, að launahækkun hafi valdið verðbólgu og dýrtíð, og er sú blekking einn þátturinn í viðureign þeirra við launastéttirnar. Nú er lokatakmarkinu náð, kerfi kaupgjaldsvísitölu numið úr gildi, og er tilgangurinn auðvitað sá, að kaup hækki ekki þrátt fyrir vaxandi dýrtíð.

Margar aðrar eftirtektarverðar ráðstafanir eru boðaðar í till. hæstv. ríkisstj., og flestar ber þær að sama brunni. Gildandi lagaákvæði um bann við okri verða afnumin og vextir peningastofnana síðan stórhækkaðir, einkum útlánsvextir. Þetta er gert í þeim tvöfalda tilgangi að minnka lántökur og auka dýrtíð. Einnig heimtar hæstv. ríkisstj. alræðisvald til að breyta vaxtakjörum og lánstíma á lánum hjá öllum helztu fjárfestingarlánastofnunum landsins, svo sem fiskveiðasjóði, ræktunarsjóði og byggingarsjóði húsnæðismálastofnunar, og mun það gert í sama skyni. Það á að draga úr eftirspurn lána og torvelda þannig framkvæmdir almennt.

Hæstv. ríkisstjórn ber tvær skrautfjaðrir í hatti sínum, og eiga þær sýnilega að afla henni vinsælda. Aðra kallar hún niðurfellingu tekjuskatts, en hina eflingu almannatrygginga, og báðum veifar hún í grið og erg framan í tortrygginn og kvíðinn almúgann.

Niðurfelling tekjuskatts er með þeim hætti, að hjá barnlausum hjónum verða 70 þús. kr. tekjur undanþegnar tekjuskatti til ríkissjóðs og síðan heimilaður 10 þús. kr. frádráttur fyrir hvert barn. Þannig kemur þessi beini skattur til með að falla niður hjá nokkrum hluta láglaunamanna, það er rétt. En peningarnir eru samt ekki gefnir, heldur verða þeir líka teknir af þessu fólki og vel það í formi annarra skatta, óbeinu skattanna. Neyzluskattar á allar vörur hækka miklu meira en sem svarar eftirgjöfinni, og kemur það alþyngst niður á barnmörgu fjölskyldunum. Hjón, sem eiga börn 16 ára og eldri í skólum, fá engan frádrátt þeirra vegna, og framvegis sem hingað til mun ríkja það misrétti, sem í því felst, að sumir hafa aðstöðu til þess að falsa skattframtöl sín og gera það, en aðrir ekki. Auk þess er það mikið álitamál, hvort afnám beinna skatta er hagkvæmt fólki með lágar tekjur og miðlungstekjur. Það ber minna á óbeinu sköttunum, sem lagðir eru á vöruverðið, en þeir síga í. Þessi skrautfjöður reynist því ekki sérlega álitleg, þegar að er gætt.

Efling almannatrygginga yfirleitt er sannarlega góðra gjalda verð. Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, barnalífeyrir og aðrar bætur hafa til þessa verið allt of lágar, svo að þjóðfélaginu hefur verið vansæmd að. Nú hyggst hæstv. ríkisstj. gera hér bragarbót og hækka tryggingabæturnar verulega. En hækkunin á að vera misjafnlega mikil eftir tegund bóta, frá 25% til liðlega 60%. Eftir er svo að vita, hver hin raunverulega kjarabót verður, þegar dýrtíðarflóð þessarar hæstv. ríkisstjórnar er að fullu skollið á. Sjálf telur hæstv. ríkisstj. líklegt, að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar muni nema um 13% vegna efnahagsaðgerða hennar, og þá tölu leitast hún við að lækka með niðurgreiðslu á nokkrum erlendum vörutegundum. Áreiðanlega verður dýrtíðaraukningin í reynd eitthvað meiri og sennilega miklu meiri. Telja fróðir menn og raunsæir, að 30% hækkun sé nær sanni, og hafa þá m. a. fyrir sér reynsluna frá gengislækkuninni 1950.

Hæstv. ríkisstjórn þykist reikna það út, að vegna ráðstafana hennar eigi kjör ellilífeyrisþega og öryrkja ekki að skerðast. En tíminn einn mun leiða í ljós, hvort sá spádómur reynist réttur. Hitt er víst, að kjör þessa fólks koma ekki til með að batna.

Hæstv. ríkisstj. heitir því, að fjölskyldubætur skulu auknar frá því, sem nú er. Boðar hún, að 2600 kr. verði greiddar á ári með hverju barni, og er það, eins og fram var tekið í ræðu áðan, 269 kr. meira en nú er greitt með hverju barni umfram 3 í fjölskyldu. Aðalbreytingin er fólgin í því, að framvegis eiga einnig hjón með eitt barn og hjón með tvö börn að fá fjölskyldubætur, og gefur það nokkra vísbendingu um, hve gífurleg dýrtíðin muni verða að áliti hæstv. ríkisstjórnar. Býst hún sýnilega við, að láglaunamaður í fullri atvinnu geti ekki séð fyrir sér, konu sinni og einu barni, svo mikil reynist skerðing lífskjaranna. Kaupmáttur allra launa minnkar svo mikið, að lægstu launin hætta að hrökkva til fyrir brýnustu nauðsynjum lítillar fjölskyldu. Það má ekki miklu muna nú þegar, að lág laun hrökkvi til, hvað þá ef dýrtíð eykst og möguleikar til eftirvinnu hverfa.

Báðar skrautfjaðrir hæstv. ríkisstj. munu því miður reynast endingarlitlar og slitna fljótt í róti dýrtíðarinnar. Niðurfelling tekjuskatts og efling almannatrygginga er engin hagsbót, þegar allt er tekið aftur, sem veitt er, og meira til.

Hv. stjórnarflokkar höfðu boðað stefnubreytingu í efnahagsmálum, jafnvel efnahagslega byltingu. Að vísu var sá boðskapur óljós og loðinn fyrir kosningar. Öðrum þræði lofuðu þeir þá aukinni framleiðslu og bættum lífskjörum almennings, sem sé því sama og vinstri stjórnin stefndi að. En eftir kosningar varð boðskapur þessara flokka lýðum ljós. Stefnubreytingin var gagngер, um það var ekki að villast. Og nú, þegar till. hæstv. ríkisstj. liggja fyrir, er séð, hvert halda skal. Þungamiðja þessara till. er efnahagslegur samdráttur, og það er alger andstæða framleiðslustefnunnar. Vísvitandi og af ráðnum hug ætla hv. stjórnarflokkar að koma af stað samdrætti í viðskiptum og í atvinnu. Almenn lífskjaraskerðing er óumflýjanleg til þess að ná þessu marki. Þeirri skerðingu á að ná með stórfelldri gengislækkun krónunnar, hækkuðum álögum

í formi tolla og skatta, afnámi vísitölukerfisins og minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli. Kaupgeta almennings þarf að minnka, til þess að úr dragi eftirspurninni eftir erlendri vöru. Einnig verður að minnka fjárfestingu í landinu. Með því sparast innkaup erlendis frá, auk þess sem minnkuð fjárfesting dregur úr eftirspurn eftir vinnuafli. Yfir allt og um allt breiðist síðan vaxandi dýrtíð með öllum sínum þunga og lamandi krafti. Þá er þeim kyrkingi efnahagslífsins náð, sem stjórnarflokkarnir stefna að, en kreppan blasir við skammt undan niðri í öldudalnum.

Sá grátsöngur og sultarsöngur, sem stjórnarsinnar hafa uppi frammi fyrir þjóðinni, er öllum kunnur. Þjóðin lifir um efni fram, segja þeir, þjóðarbúskapurinn er rekinn með halla, erlendar skuldir eru að keyra allt í kaf, þjóðin stendur efnahagslega á hyldýpisbarmi, og nú verður hún að taka á sig nýjar byrðar, færa nýjar fórnir. Þennan söng kannast menn við. Með honum á að sætta þjóðina við örlög sín, sætta hana við þær drápsklyfjar, sem hinir vísu feður ætla að leggja á hana. Og margir trúa á það, sem í söngnum segir. Samt er hann ósannur, falskur og fjarri veruleikanum. Þjóðin er ekki illa á vegi stödd efnalega. Þjóðin er framtakssöm og ötul, og með vinnu sinni skapar hún mikil verðmæti. Hún leggur hart að sér við að koma upp góðum og heilsusamlegum húsakynnum, hún reisir orkuver og verksmiðjur af miklum stórhug og hún framleiðir í vaxandi mæli verðmæta útflutningsvöru. Hún hagnýtir sér þekkingu og tækni og verður smám saman minna og minna háð duttlungum náttúrunnar við framleiðslustörf sín. Þjóðartekjurnar vaxa nú ár frá ári, en góður tekjur eru undirstaða góðra lífskjara. Eina skynsamlega leiðin til bættra lífskjara er sú að framleiða meira og selja meira úr landi, m. ö. o. afla meiri gjaldeyris, og á þeirri leið hefur þjóðin verið síðustu árin.

Stefnubreyting sú, sem hæstv. ríkisstjórn nú beitir sér fyrir, er þjóðarheildinni engin nauðsyn, síður en svo, því að hún er henni hættuleg. Fjasið um yfirvofandi efnahagslegt hrun er óþarfa barlómur, og þetta vita þeir bezt, sem mest fjasa. Stefnubreyting stjórnarflokkanna afsakast ekki af neinni knýjandi nauðsyn. Váboðann þykjast stjórnarliðar sjá í vaxandi erlendri skuldasöfnun. Á hana benda þeir sem eitthvert órækt vitni þess, að þjóðin lifi um efni fram. Þeir benda á ógreiddu lánin, sem fóru til virkjunar fallvatna, byggingar sementsverksmiðju og allra skipakaupanna, og segja: Þarna sjáið þið, hvort þjóðin hefur ekki lifað um efni fram. — Eyðslueyri nefna þeir það lánsfé, sem lagt er í gjaldeyrismyndandi framleiðslutæki, og getur vart nokkuð verið meira öfugmæli.

Till. hæstv. ríkisstj. grundvallast á þjóðsögunni um hættulega erlenda skuldasöfnun. Á skuldasúpan samkv. kenningu stjórnarsinna að hafa orðið ægilegust á tímabilinu 1955—58, eftir verkfallið mikla, og í tíð vinstri stjórnarinnar. Það lá að, að þá keyrði um þverbak, þegar íhaldið stóð utan stjórnar. Þetta er kenningin, og sjálfsagt ber verkfallið og vinstri stjórnin alla sökina. Sérfræðingarnir studdu þessa kenningu og leituðust við að sanna hana með tölum. En svo kom babb í bátinn. Einn sérfræðinganna, Benjamín Eiríksson, hljóp út undan sér, hefur sennilega ofboðið vitleysan og rangfærslurnar. Ritaði hann grein í Tímann og Morgunbl. nýlega, þar sem hann hrakti lið fyrir lið niðurstöðu hæstv. ríkisstj. varðandi skuldahættuna. Um greiðslugetu þjóðarinnar segir hann m. a. orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn gera sér miklar áhyggjur út af því, hvort þjóðin muni geta staðið í skilum með þessar miklu greiðslur. Ég lít svo á, að hún sé betur undir það búin nú að standa undir byrði þeirri, sem greiðslur af erlendum skuldum eru, heldur en hún var, áður en þetta tímabil hófst."

Og bankastjórinn undirstrikar þessa bjartsýni sína með þessum orðum síðar í greininni:

„Ég held, að það geti ekki verið vafamál, að þjóðin er í alla staði miklu betur fær um að standa undir greiðslu 5½ millj. dollara árið 1958 en 2 millj. dollara árið 1951, einmitt vegna þess, hve miklar framkvæmdir hafa verið unnar fyrir hið erlenda fé."

Með þessum ummælum gerir dr. Benjamín hvorki meira né minna en að kippa meginstoðunum undan efnahagsmálatillögum hæstv. ríkisstj. Og hann gerir meira. Hann efast um einlægni sjálfs stjórnarliðsins í þessu máli, er það útmálar skuldahættuna. „Margir hljóta að spyrja," segir bankastjórinn, „hvort talið um skuldabyrðina sé alvarlega meint." Og í greininni leiðir hann rök að þeirri efasemd.

Nei, það er óhætt um það, að allt skrafið um yfirvofandi hrun á Íslandi er fyrirsláttur einn. Með því er verið að slá ryki í augu þjóðarinnar, villa henni sýn, dylja hinn sanna tilgang efnahagsbyltingarinnar.

Það er raunar fleira, sem styður það, að hæstv. ríkisstj. óttast ekki í raun og sannleika skuldabyrðina, m. a. það, að nú áformar hún að taka nýtt 700—800 millj. kr. erlent lán. Það lán skal ekki fara til gjaldeyrismyndandi eða gjaldeyrissparandi fyrirtækja, heldur vera vasapeningur og hreinn eyðslueyrir. Eins og sagt er um prestana, eins má segja um hæstv. ríkisstj., hún bendir á leiðina, en fer hana ekki sjálf.

En hver er þá hinn sanni tilgangur þessarar efnahagsbyltingar? Ég vil strax taka fram, að hér er að vísu ekki um byltingu að ræða, heldur gagnbyltingu. Hæstv. ríkisstj. er að innleiða afturhvarf, stökkva með þjóðina 30—40 ár aftur í tímann og skapa það ástand á ný, sem þá ríkti. Þetta er hennar mikla og veglega köllun, þessarar hæstv. ríkisstj. Hún er undir áhrifum afturhaldssamra öfgamanna í Sjálfstfl. og rammáttavilltra leiðtoga Alþfl., og hún nýtur kitlandi uppörvunar og stuðnings frá peningavaldi og hervaldi Bandaríkjanna og Bretlands. Hún veit, hvert hún er að fara, en hún stenzt ekki mátið. Nú á að stokka upp spilin í þjóðarbúinu, flytja munina til og raða þeim upp eins og bezt þótti fara á hinum góðu og gömlu dögum. Það á að fara fram endur-

skipting þjóðarteknanna, gagnger endurskipting þeirra í anda þeirra, sem nú ráða ríkjum. Að þessu áformi vék hæstv. viðskmrh. nokkrum orðum í þingræðu nýlega. Hann sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í eðli sínu er gengisbreyting alls engin byrði fyrir þjóðina í heild, ekki frekar en innheimta yfirfærslu- og innflutningsgjalda til greiðslu útflutningsbóta er nokkur byrði fyrir þjóðina í heild. Í báðum tilfellum er um að ræða endurskiptingu á þjóðartekjunum, flutning á tekjum frá einni atvinnugrein til annarrar eða einni þjóðfélagsstétt til annarrar."

Flutningur á tekjum frá einum til annars, segir hæstv. ráðh., þetta er mikið rétt. Og nú skal stokkað upp. Tekjur verða fluttar frá launastéttum, bændum, smærri kaupmönnum og smærri atvinnurekendum til hinna stóru og sterku í gróðastéttunum. Þá myndast ný stétt, þeirri lík, sem hér ríkti og drottnaði á fyrstu áratugum aldarinnar.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, og öðrum till. hæstv. ríkisstj. er í annað sinn af sömu aðilum lagt til atlögu við alþýðustéttirnar í landinu. Fyrrverandi ríkisstjórn, undir forsæti hæstv. sjútvmrh., greiddi fyrsta höggið í ársbyrjun 1959. Sú árás var einnig gerð undir fölskum fána. Loforðið var stöðvun dýrtíðar og verðbólgu. Það var haft að yfirvarpi, enda vanefnt, en það framkvæmt svikalaust, sem var aðalatriðið, að skerða kjör launþega um minnst 10% og traðka frjálsan samningsrétt þeirra.

Allt er þá þrennt er, og hvernig verður þriðja atlaga þessarar kyndugu sambræðslu Sjálfstfl. og Alþfl.? Þótt þessi árás heppnist, sem nú er hafin á lífskjör almennings, verður sitthvað eftir, er gerir þriðju atlöguna nauðsynlega.

Eitt er það að gefa verðlagið að fullu frjálst og afnema verðlagseftirlit. Þá ráðstöfun hefur hið ameríska hagkerfi þegar heimtað, og verður sú krafa varla sniðgengin til lengdar.

Þá er það að afnema leifarnar af bótakerfinu, hætta niðurgreiðslu á matvöru og láta síðan framleiðendur og neytendur um að jafna reikningana sín á milli. Það geta þeir gert án ríkisafskipta, bara að laun hækki ekki í landinu.

Loks er eitt nauðsynlegt, og það er að þrengja ofur lítið erlenda markaði, hætta viðskiptunum við Austur-Evrópu, enda hafa vestrænir vinir okkar lengi haft af þeim þungar áhyggjur.

Slíkar lagfæringar ættu ekki að kosta stjórnarflokkana mikla baráttu, eftir að allt hitt væri fengið.

Þriðju atlöguna á hendur alþýðu Íslands ætti þannig að mega gera eftir 1—2 ár.

Það hæfir ekki mér, aumum manni, að gefa hæstv. ríkisstj. ráð, en í hennar sporum mundi ég sópa efnahagsmálatill. saman og labba með þær beint inn í sorpeyðingarstöð. Þau áform, sem í till. birtast, eru hættuleg, hvernig sem á er litið. Beri hæstv. ríkisstj. hag þjóðarinnar fyrir brjósti, þá skjátlast henni, ef hún heldur, að fyrirhugaðar ráðstafanir geti haft annað en illar afleiðingar. Þær geta aldrei orðið meinlausar. Ef vinnustéttirnar rísa upp gegn framkvæmd þeirra, er verr farið en heima setið. Þá skapast glundroði og nýir efnahagslegir hnútar. Vinni hæstv. ríkisstj. hins vegar fullan sigur og komi áformum sínum fram, þá verður afleiðingin augljóslega kreppa og efnahagslegt ósjálfstæði, sem vara mun langan aldur.

Ef svo skyldi vera, sem ég enn vona að ekki sé, að eitthvað annað stýri aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar en umhyggja fyrir velferð alls almennings í landinu, þá vandast málið. Þá gæti sigur hennar komið að stundargagni þeim, sem aðgerðirnar heimtuðu, en íslenzku þjóðinni aldrei. Þá verður að treysta á giftu þjóðarinnar og vona, að kjarni hennar, alþýðustéttirnar til sjávar og sveita, fái í tæka tíð afstýrt voðanum, brotið samdráttar- og kreppustefnuna á bak aftur og innleitt á ný framleiðslu- og uppbyggingaröld hér á landi.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hafði nú í rauninni ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., heldur gera nánari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í heild við 2. umr. En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er sú, að ég tel ástæðu til þess að leiðrétta nokkrar missagnir, sem ég tel hafa komið fram í ræðum þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað.

Það virðist hafa tekizt að gera það að eins konar trúarjátningu hjá ýmsum launþegum, að gengisbreyting hljóti alltaf að breyta skiptingu þjóðarteknanna þeim í óhag. Ég tel, að hér sé um fullkomna bábilju að ræða. Í fyrsta lagi er það nú þannig, sem ekki ætti að vera ágreiningur um, að gengislækkun ein út af fyrir sig getur ekki skert hag þjóðarheildarinnar. Þjóðartekjurnar minnka ekki af þeirri ástæðu, þannig að þjóðin sem heild býr við sömu lífskjör og áður. Það, sem skeður, þegar genginu er breytt, er aðeins þetta, að verðhlutfallið á milli erlends og innlends verðlags breytist. En breytingin á þessum verðhlutföllum minnkar auðvitað ekki þjóðartekjurnar. Ef það væri þannig, að þetta ætti að breyta skiptingu þjóðarteknanna launþegunum í óhag, þá yrðu rökin fyrir því þau, að launþegar eða verkamenn verji tiltölulega meiri hluta af sínum tekjum til kaupa á erlendu heldur en aðrir þjóðfélagsþegnar. Ég hef aldrei séð borin fram nein skynsamleg rök fyrir þessu, enda virðist mér allt benda til, að líkurnar séu fyrir hinu gagnstæða. Það eru ekki verkamenn t. d., sem eru í siglingum til annarra landa, né verkamenn, sem eiga einkabíla o. s. frv. Ég tel miklu meiri líkur á því, miðað við okkar aðstæður, að einmitt eftir því sem tekjurnar eru hærri, sé tiltölulega meira af þeim varið til kaupa á erlendu heldur en ef tekjurnar eru lægri, þannig að gengisbreytingin út af fyrir sig ætti frekar að breyta skiptingu þjóðarteknanna verkamönnum í hag en hið gagnstæða.

En nú er það fleira en gengisbreyting, sem hér er um að ræða, og ég vil ekki draga neina dul á það, eins og komið hefur fram einnig í ræðum hæstv. ráðh., að þær ráðstafanir, sem

hér er um að ræða, skerða nokkuð lífskjör þjóðarinnar í heild. Það er ekki gengisbreytingin út af fyrir sig, sem veldur því, heldur annað, og þetta annað er það, að nú á að gera ráðstafanir til þess að afnema greiðsluhallann við útlönd. Það þýðir, að það fé, sem þjóðin hefur til ráðstöfunar, eins og oftar en einu sinni hefur komið fram í ræðum hæstv. viðskmrh., sem ég hef hlustað á, kemur til að minnka um 150—200 millj. eða sem nemur 3—4% af þjóðartekjunum. Það er þarna, sem skorið er af kökunni, og í þessu, sem hin raunverulega kjaraskerðing liggur.

Um það má auðvitað deila, hvort þessi kjaraskerðing sé nauðsynleg. Það verður komið undir skoðunum manna á því, hvort unnt sé að halda áfram á þeirri braut, sem hingað til hefur verið farin, að taka meiri erlend lán. Ég vil í þessu sambandi minnast á, að það er algerlega villandi að mínu áliti, þegar hv. 9. þm. Reykv. (AGl) vitnaði í þessu sambandi í grein eftir dr. Benjamín Eiríksson. Það, sem dr. Benjamín benti á í þeirri grein, var, að hann teldi, að greiðslubyrðin gagnvart útlöndum, sem nam 5.7% af þjóðartekjunum árið 1958, væri þjóðinni í rauninni ekki þungbærari en greiðslubyrðin hefði verið árið 1951, en þá var hún 2—3%, og þau rök, sem hann færði fyrir þessu, voru þau, að við værum nú miklu betur búnir að framleiðslutækjum en þá var. Um þetta atriði má auðvitað deila, og má vel vera, að dr. Benjamín hafi rétt fyrir sér í þessu efni. En það er bara ekki þetta, sem máli skiptir, heldur hitt, að greiðslubyrðin nú, tveimur árum eftir 1958, er rúmlega 10%, og sýnt, að hún yrði rúmlega 11% á næsta ári og hlýtur að fara stöðugt vaxandi á næstu árum, ef haldið verður áfram á sömu braut. Það er þetta, sem er aðalatriðið, og þeir, sem í vafa kunna að vera um afstöðu dr. Benjamíns til þessara mála í heild, hefðu átt að hlusta á ræðu þá, sem hann flutti á fundi Stúdentafélagsins s. l. sunnudag, en þar dró hann enga dul á það, að hann er sammála meginþorra íslenzkra hagfræðinga um, að einmitt þau greiðsluvandræði, sem nú er við að etja, ásamt fleiru geri þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, óhjákvæmilegar.

Hv. 4. þm. Vestf. (SE) flutti hér langa ræðu og gagnrýndi ýmislegt í frv. því, sem fyrir liggur, og reyndi eftir föngum að rökstyðja mál sitt með tölum, sem út af fyrir sig er virðingarvert. En ég get ekki gert að því, að þegar ég hlustaði á mál þessa hv. þm., þá kom mér í hug saga, sem einn ágætur framsóknarmaður sagði mér fyrir nokkru, frá stjórnmálanámskeiði fyrir unga framsóknarmenn, þar sem einn mikilhæfur leiðtogi Framsfl. var að kenna þessum ungu mönnum listir stjórnmálanna. Hann hafði eitthvað látið að því liggja, eða þannig skildu sumir ungu mannanna það, að á vettvangi stjórnmálanna gæti stundum verið nauðsynlegt að halla réttu máli. Þá stóð upp einn þessara ungu manna og sagði: Þér kennið okkur það, að ósannindi og blekkingar séu vopn, sem beita verði á vettvangi stjórnmálanna! — Þá sagði þessi mikilhæfi leiðtogi framsóknarmanna: Mikill misskilningur, ungi maður, auðvitað á maður að segja sannleikann. En það er ekki alltaf nauðsynlegt eða rétt að segja allan sannleikann. Það er stundum nóg að segja hálfan sannleikann. — Og ég verð að segja, að mér fannst sumt af þeim tölum, sem hv. þm. nefndi, einmitt vera þessu marki brennt, að það var aðeins hálfur sannleikurinn. Í því sambandi vil ég nefna, þegar hann var að áætla um þær verðhækkanir, sem stafa mundu af þessu frv. Það mundu ýmsar vörur hækka í innkaupi um 40—50%, sagði hann, og jafnvel meira. Þetta er alveg rétt, svo langt sem það nær. Þær vörur, sem fluttar eru inn með 55% yfirfærslugjaldinu, en það er það gengi, sem nú er algengast, koma til með að hækka í kringum 55% í innkaupsverði. En þetta gefur bara ekki rétta mynd af þeim verðhækkunum, sem af þessu verða, heldur ofmetur þær stórlega, og það er vegna þess, að innkaupsverðið er ekki nema nokkur hluti af útsöluverði varanna hér. Því miður höfum við ekki nákvæmar upplýsingar um það, hve miklu þessi hluti nemur, en ég man, að hagfræðinganefnd, sem ég átti sæti í og skipuð var af stjórnmálaflokkunum haustið 1946, birti í sinni álitsgerð upplýsingar um þetta frá verðlagsskrifstofunni. Þessar upplýsingar eru að vísu orðnar gamlar, en ekkert liggur fyrir um það, að þau hlutföll, sem þarna er reiknað með, hafi verulega raskazt. Samkvæmt þeim var innkaupsverð erlendra vara upp og ofan þriðjungur af útsöluverði þeirra, svo að það er auðsætt, að þar sem einmitt er nú gert ráð fyrir, að innlendur kostnaður, álagning og þess háttar, haldist óbreyttur að krónutölu, þá verði verðhækkunin ekki svo mikil sem innkaupsverðinu nemur. Það er að vísu rangt að deila með þremur í 50, jafnvel þó að við gengjum út frá þessum hlutföllum óbreyttum, því að tollar koma vitanlega til að hækka að krónutali, þannig að verðhækkunin verður nokkru meiri en því nemur. En ég hef ekki séð það vefengt með rökum, þegar því er haldið fram í grg. hæstv. ríkisstj., að verðhækkunin á erlendum vörum sem afleiðing af gengislækkuninni muni verða um 25%. Og tvennt er það, sem benda má á í því sambandi, sem bendir til þess, að þær áætlanir, sem hér eru gerðar, ofmeti verðhækkanirnar heldur en jafnvel að þær vanmeti þær. Annað er það, að gert er ráð fyrir því, að viðskiptin gagnvart útlöndum verði nú miklu frjálsari en þau áður hafa verið. Þetta ætti að skapa möguleika á því, að innkaupsverð vara lækki í erlendum gjaldeyri frá því, sem nú er. Það skapar innflytjendum meiri möguleika á hagstæðum innkaupum heldur en nú hafa verið fyrir hendi, þar sem gjaldeyrisskorturinn hefur verið svo mikill. Það skal að vísu tekið fram, að það má gera ráð fyrir því, að þessa gæti meira hvað snertir vörur, sem teljast ekki til brýnna nauðsynja. Það kemur fólki samt til góða, þó að það komi e. t. v. ekki verulega fram í vísitölunni, því að almenningur kaupir nú þessar vörur eftir sem áður. Annað atriði, sem ég tel að máli skipti í þessu sambandi og bendir til

þess, að verðhækkunin þurfi ekki að verða svo mikil sem ráð er fyrir gert, er sú staðreynd, að þegar þessir útreikningar eru gerðir, er gengið út frá óbreyttum neyzluvenjum og að menn kaupi sama magn af erlendri vöru og þeir hafa áður gert. En nú er það, sem skeður, að verðhlutföllin á milli erlends og innlends verðlags breytast, þannig að erlendu vörurnar verða tiltölulega dýrari. Þetta skapar fólki möguleika á því að nota meira innlent að tiltölu en það áður hefur gert, og má í þessu sambandi sérstaklega benda á fullunnar iðnaðarvörur. Íslenzkar iðnaðarvörur koma ekki til með að hækka til jafns við hinar erlendu, þannig að það væri hægt að spara útgjöld með því að kaupa þær í ríkari mæli en áður hefur verið.

Það var annað atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf., sem ég einnig vildi árétta, nefnilega það, er hann ræddi um fjölskyldubæturnar. Hann sagði, að fjölskyldubætur hækkuðu lítið hvað snerti fjórða barn og börn, sem þar væru fram yfir. Ég hef að vísu tölurnar ekki fyrir mér, en vefengi ekki, að hv. þm. fari rétt með þetta. En ef með þessu á að sýna þær bætur, sem barnafjölskyldurnar, sem eiga mörg börn, fá, þá er það ekki heldur nema hálfur sannleikur, því að þess er að gæta, að þessar barnmörgu fjölskyldur fá einnig hækkun fjölskyldubóta fyrir fyrri börnin, þannig að þær fá líka þessar 6600 kr., sem þriggja barna fjölskyldan fær.

Annað atriði, sem hefur komið fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, er það, að þeir halda því fram, að áhrif vaxtahækkunarinnar verði líka röskun á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu hinum fátækari og sérstaklega verkamönnum í óhag. Þetta tel ég algerlega rangt. Ég álít einmitt, að vaxtahækkunin hljóti að vera verkamönnum sem heild í hag og að nokkru bæta þeim þá kjaraskerðingu, sem þeir verða fyrir af öðrum ástæðum. Það má að vísu e. t. v. benda á einstaklinga, sem hafa lán með lausum vöxtum, einnig í verkamannastétt, sem þetta kann að koma illa við. En annars hefur því hingað til verið haldið fram og ekki sízt af þeim Alþb.-mönnum, sem út af fyrir sig er alveg rétt, að það eru yfirleitt ekki verkamenn, sem fá stór lán í bönkunum og hafa til umráða lánsfé þjóðarinnar, heldur eru það stærri atvinnurekendur og hinir efnameiri borgarar þjóðfélagsins, þannig að það verða þessir aðilar, sem koma til með að bera aðalþunga vaxtahækkunarinnar. Aftur á móti hvað snertir hina hliðina á vaxtahækkuninni, það að innlánsvextirnir vaxa, þá býst ég við, að það sé tiltölulega meira af innlánsfénu, sem efnalitla fólkið á, því að það er yfirleitt þannig með eignir þeirra, sem hafa lítil efni, að þær eru fyrst og fremst sparifé, en ef um meiri háttar eignir er að ræða, þá eru þær í hlutabréfum eða fasteignum eða öðru slíku. Auk þess má á það benda, að vaxtahækkunin ætti að þrýsta á álagninguna og geta orðið til þess að lækka vöruverðið, en hvað mikið, verður ekki sagt um. Bæði er það nú þannig, að það er skýrt tekið fram í grg., að tilætlunin er ekki sú, að vaxtahækkunin verði uppi borin í hærri álagningu, það verður ekki leyft, en við það bætist það, að þegar vextir eru orðnir talsvert hærri, þá verður dýrara að hafa vörubirgðir, þannig að kaupmenn og kaupfélög verða að losa sig við vörubirgðir sínar fyrr en ella, og leiðin til þess er ekki sú, jafnvel þó að þeim yrði leyft það, að velta vaxtahækkuninni yfir á vöruverðið, heldur einmitt að halda vöruverðinu svo lágu sem þeir telja að sé fært.

Það er auðvitað líka mikill misskilningur, að gengisbreytingin raski verulega hlutfallinu á milli launakjara íslenzkra og erlendra verkamanna. Það gerir hún ekki. Það, sem breytist vegna gengisbreytingarinnar, er aðeins það, að sá samanburðarmælikvarði, sem í þessu efni hefur verið notaður, hefur hingað til verið rangur og algerlega villandi, en verður nú nokkurn veginn réttur. Það mátti t. d. reikna það út fyrir gengisbreytinguna, að íslenzkur verkamaður væri miklu betur launaður en danskur verkamaður, ef miðað væri við dönsku krónuna á hinu skráða gengi kr. 2.36. Vitanlega var þetta algerlega villandi, því að kaupmáttur danskrar krónu svarar ekki til kr. 2.36 á Íslandi, heldur 5 eða 6 ísl. kr. Þetta var tilfellið fyrir gengisfellinguna, og það raskast ekki sem neinu nemur við gengisbreytinguna. Við verðum að hafa það hugfast, að hið skráða gengi var algerlega óraunhæft, og mátti í rauninni líkja því við gamla fasteignamatið. Það hefði með svipuðum rökum mátt halda því fram, að þegar vinstri stjórnin lét breyta fasteignamatinu og fimmfalda það, sem var út af fyrir sig skynsamleg ráðstöfun, sem enginn hafði neitt við að athuga, og hefði sennilega átt að hækka það enn þá meira, þá hefði hún með þessari ráðstöfun verið að flytja stórkostlegan hluta af þjóðareigninni yfir á hendur fasteignaeigenda. En slíku hélt auðvitað enginn viti borinn maður fram. Ég varð auðvitað ekki einum eyri ríkari fyrir það, þó að fasteignamat á húsi mínu væri fimmfaldað.

Hv. 9. þm. Reykv. vitnaði í kennslubók í hagfræði eftir mig, þar sem stendur, að gengislækkun sé varhugaverð, af því að hún geti haft verðbólguáhrif. Ég stend fyllilega við þetta. Það er vissulega alltaf hættan, sem gengislækkun fylgir, að hún eykur dýrtíðarhugarfarið, eins og það mætti orða. Út frá því sjónarmiði er önnur leið til samræmingar á innlendu og erlendu verðlagi, nefnilega hin svokallaða niðurfærsluleið, heppilegri. En ástæðan til þess, að sú leið hefur ekki verið valin nú og var ekki heldur valin 1950, var sú staðreynd, að það var hægt að sýna fram á það með rökum, sem hafa ekki verið vefengd af neinum, að niðurfærsluleiðin, ef hún ætti að koma að gagni, hlyti að hafa í för með sér þyngri byrðar, a. m. k. í bili, sérstaklega fyrir launafólk, heldur en gengislækkunarleiðin. Og ástæðan er sú, að ef maður ætti að færa innlenda verðlagið niður, þá kemur hin nauðsynlega kauplækkun fram strax, en vöruverðið kemur aðeins til með að lækka smám saman eða a. m. k. verulegur hluti af því. Aftur á

móti ef það er gengislækkunarleiðin, sem er farin, þá koma verðhækkanirnar aðeins fram smám saman. En það er einmitt vegna þess, að bæði hagfræðingunum og hæstv. ríkisstj. var þetta vandamál ljóst, að gerðar voru sérstakar ráðstafanir til þess að hamla gegn verðþenslu, og má þar fyrst og fremst nefna vaxtahækkunina.

Það er líka dálítið villandi, og það er eitt dæmið um hálfan sannleikann, þegar hv. 9. þm. Reykv. sagði, að það væri fjarri lagi að amast við því, þó að launþegar fengju vísitöluuppbót á laun, vegna þess að slíkar launahækkanir væru aldrei orsök verðbólgu, heldur aðeins afleiðing verðhækkana, sem hefðu orðið. Það er vitanlega út af fyrir sig rétt, að auðvitað kemur fyrsta launahækkunin eftir það, að dýrtíðarhækkunin hefur átt sér stað. En þessi saga er bara dálítið lengri, því að launahækkunin veldur nýrri hækkun á verðlaginu og svo koll af kolli, þannig að það er þessi vísitöluskrúfa, sem með þessu á að stöðva.

Því hefur verið haldið fram, að verðhækkunin af völdum gengislækkunarinnar verði engin 13%, heldur allt að því 30%. Auðvitað er þetta meira og minna úr lausu lofti gripið.

Það er annað atriði, sem hefur komið fram í þessu sambandi, sem ég vil gjarnan einmitt að gefnu tilefni hér í hv. d. leiðrétta. Það hefur hvað eftir annað verið sagt, að Ólafur Björnsson og dr. Benjamín Eiríksson hafi áætlað í grg. sinni fyrir gengislækkunarfrv. 1950, að verðhækkanir af völdum gengislækkunarinnar mundu verða í mesta lagi 13%, en reynslan sýndi, að verðhækkunin um næstu áramót var orðin ekki 13%, heldur 23% í des. og jafnvel 27% í jan. Þarna sjáið þið, hvernig þessir hagspekingar reikna og hvað það er að marka, er svo bætt við. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að að vísu var í grg. okkar fyrir gengislækkunarfrv. áætlun um það, hvað verðlagið mundi hækka vegna beinna áhrifa gengislækkunarinnar. Að vísu var sú áætlun ekki gerð af okkur, eins og kemur fram í grg., heldur var það byggt á áliti n., sem þá skömmu áður hafði setið á rökstólum og í áttu sæti Pétur heitinn Magnússon fyrrv. ráðh., núverandi hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason og Klemenz Tryggvason hagstofustjóri. Þeir höfðu gert áætlun um áhrif gengisbreytingar á verðlagið, og vegna þess að grundvöllurinn var óbreyttur, þá byggðum við á því. Við gerðum áætlun um þetta, hvað verðlagið mundi hækka mikið vegna beinna áhrifa gengislækkunarinnar. Hins vegar gerðum við aldrei áætlun um það og hefði aldrei dottið í hug að gera áætlun um það, hver vísitalan mundi verða þá um næstu áramót eða 10 mánuðum seinna. Út í það mundi enginn skynsamur maður fara. Það er sams konar munur á þessu eins og því að reikna annars vegar út, hvað kaffipakkinn muni hækka í verði vegna gengisbreytingarinnar, sem gerð hefur verið, sem er tiltölulega einfalt reikningsdæmi, ef maður þekkir innkaupsverð á kaffi o. s. frv., eða hins vegar að spá einhverju um það, hvað kaffið muni kosta t. d. 1. júlí n. k. Hvað kaffiverðið verður þá, það er ekki eingöngu háð þeirri gengisbreytingu, sem kann að hafa verið gerð, heldur kaffiuppskerunni í Brasilíu á þessum vetri og ýmsum öðrum meira eða minna ófyrirsjáanlegum atvikum. Og meginástæðan til þess, að verðhækkunin varð svo miklu meiri á árinu 1950 en beinlínis leiddi af gengisbreytingunni, var hin mikla hækkun á erlendu vöruverði, sem stafaði af Kóreustyrjöldinni. Kóreustyrjöldin hækkaði heildsöluverð á erlendum vörum um 40—50%, og ég býst ekki við, að neinn hv. dm. telji okkur dr. Benjamín ámælisverða fyrir það, þó að við höfum ekki séð fyrir Kóreustyrjöldina, því að félagi Stalin sá nú einu sinni ekki ástæðu til þess að trúa okkur fyrir því, að hann hefði í huga með vorinu hernaðaraðgerðir á þessum skaga þarna austur frá. Auðvitað er það eins með þær áætlanir, sem nú verða gerðar um áhrif gengislækkunarinnar á verðlagið, þó að engin ástæða sé til að vefengja þær, að það er auðvitað ekki hægt að fullyrða, að verðhækkunin geti ekki verið orðin meiri eftir 6 mánuði eða 9 mánuði eða hvað það nú er. Það geta komið fyrir óhagstæð tilvik, sem hækka þessar vörur í innkaupi. En það gagnstæða getur líka vel átt sér stað, að innkaupsverð varanna erlendis lækki, og ég hef fært nokkur rök að því, að hægt sé að öllu öðru óbreyttu að gera sér um það nokkrar vonir. En þá er það um leið skýrt, þegar hv. 4. þm. Vestf. var að gera gys að því, að það væri ekki nógu fast kveðið að orði í þessum áætlunum, að það liggur í eðli málsins, að um þetta hljóti að verða nokkur óvissa. Það er því engan veginn að ófyrirsynju, að svo er gert, því að í þessum efnum hlýtur alltaf að ríkja nokkur óvissa.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur vikið hér að einu eða tveimur atriðum úr ræðu minni og hefur lagt mikla áherzlu á það, að ég og reyndar fleiri segðu ekki nema hálfan sannleikann. En hann byrjaði ræðuna á því að segja einhverja sögu, mér skilst bara venjulega slúðursögu, af stjórnmálanámskeiði hjá framsóknarmönnum. Mig grunar, að hún sé ekki einu sinni hálfur sannleikur, því að ég held, að þessi hv. þm. þekki eitthvað meira til námskeiða hjá Sjálfstfl. en framsóknarmönnum og hann kunni að ruglast hér á flokkum.

Það, sem hann taldi ámælisvert hjá mér, er það, að ég hafi ekki sagt nema hálfan sannleika um væntanlegar verðhækkanir, þ. e. a. s. 25% verðhækkun á innfluttri vöru, þar sem verðið mundi hækka í innflutningi um 45—50%, og fór hann að kenna mér sem góður hagfræðingur, að það komi ýmislegt fleira til um verð á vöru heldur en innkaupsverðið. Það var ósköp vel hugsað af honum að kenna mér þetta, því að ég er ekki búinn að starfa nema í 23 ár við að reikna út innfluttar vörur, og var þetta því fallega hugsað. Það er því ólíklegt, að ég hafi ekki hugmynd um tolla, innflutningsgjöld, flutningsgjöld, vátryggingu

og þessa hluti. En ég sagði aldrei annað en þetta, orðrétt úr ræðu minni: Ég á einna lakast með að skilja, að innfluttar vörur hækki ekki nema sennilega um 25%, þar sem flestar nauðsynjavörur hækka um 45—50%. — Ég á lakast með að skilja, og þetta segir hv. þm., að sé hálfur sannleikur. Getur það ekki verið alveg fullur sannleikur, að ég eigi lakast með að skilja þetta?

Nú er hv. 11. þm. Reykv. kunnur að því að tala málefnalega, og ég vil síður þurfa að vera að ámæla honum fyrir málflutninginn, því að hann tekur mörgum fram í góðum málflutningi. En ég endurtek þetta, að ég á erfitt með að skilja þetta um verðhækkanirnar, af því að þetta eru nauðsynjavörurnar, sem bera minnstu innflutningsgjöldin og lægstu tollana. Það er af því, sem ég á erfitt með að skilja, að hækkunin verði ekki meiri.

Þá fann hann að því, að ég hefði gert gys að orðalagi í grg. þessa frv. Ég hélt, að það væri ekki eftir hann, orðalagið, þar sem er síendurtekið — **(ÓB:** Það er ekki eftir mig.) Nei, ég er ekki heldur að segja það; áætlað er og sennilega verður þetta og líklega verði þetta o. s. frv. Það er kannske ekki rétt að segja, að ég geri gys að því, heldur bendi ég á, að það er ekkert fullyrt um þetta í grg. frv. En það var fullyrt um einn hlut og hv. þm. sleppti því, það er fullyrt, að það skuli vera tryggt, að kjaraskerðing verði ekki hjá fjölskyldumönnum með þrjú börn eða fleiri. Þetta er fullyrt. Má ég spyrja hv. þm.: Er þetta nema hálfur sannleikur í grg.?

Loks drap hv. þm. á það, að ég hefði ekki heldur farið með nema hálfan sannleika um fjölskyldubæturnar, og villan hjá mér var sú, eftir því sem hann segir, að þeir, sem eiga mörg börn, fái líka bæturnar á fyrstu börnin, sem eru hækkaðar. Ég veit ekki til, að ég hafi dregið þetta neitt undan. Ég nefndi tölurnar, sem á að greiða á 3 fyrstu börnin, að hækkunin á fjölskyldubótunum á 3 fyrstu börnin á að verða 6634 kr., en á hvert barn, sem er umfram 3, á hækkunin að vera 269 kr., og hv. þm. staðfestir, að þetta sé rétt, enda veit ég, að það er rétt. Það er þetta, sem ég var að víta, að það er í blekkingaskyni verið að hækka fjölskyldubæturnar á fyrstu þremur börnunum, en því nær ekkert á öllum börnunum, sem þar á eftir koma. Sem dæmi um þetta skal ég nefna, eins og ég sagði áður, að hækkunin á þremur börnunum fyrstu á að vera 6634 kr., en á næstu 24 börnunum á hún að vera 6456, eða lægri upphæð. Þykir nú hv. 11. þm. Reykv. ekki blekking í þessu eftir allt skrumið og auglýsingarnar í flokksblöðum hans og Alþfl. út af þessu máli, þegar þriggja barna hækkun á að vera 6634 kr., en næstu 24 börnin eiga að fá 6456 kr.? Svona snilldarlega er þetta sett upp, svona prýðilega er auglýsingin útbúin. Og hvað mega verðhækkanirnar verða, hver má kjaraskerðingin verða fyrir fjölskyldumann með átta börn, svo að hann verði ekki fyrir halla á börnunum fimm, sem eru umfram þrjú? Vill nú ekki hagfræðingurinn fara að reikna?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:4 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 109, 111 og 113, 114, 116).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, GTh, JÁ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, SÓÓ.

nei: BjörnJ.

KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB greiddu ekki atkv.

5 þm. (KS, FRV, HermJ, JÞ, AGl) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. það, er hér liggur fyrir, og urðu úrslit málsins í n. þau, að við 3 nm., er stöndum að áliti meiri hl., mælum með samþykkt þess, en 2 nm., þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e. (KK, BjörnJ) tjá sig frv. andvíga og munu skila séráliti.

Þær hugleiðingar, sem ég sé ástæðu til að fylgja nál. úr hlaði með, munu öðru fremur snúast um það að svara tveimur spurningum, er mjög oft hefur verið varpað fram af hv. stjórnarandstæðingum í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi þeirri, er þeir spyrja, hvernig það samrýmist gefnu loforði stjórnarflokkanna og raunar allra flokka um stöðvun verðbólgunnar að leggja til gengislækkun, sem óhjákvæmilega hafi í för með sér talsverðar verðhækkanir. Hin spurningin er sú, hvernig það samrýmist loforðinu um að vísa veginn til bættra lífskjara að gera ráðstafanir, sem óhjákvæmilega hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir meiri hl. þjóðarinnar, a. m. k. í bili.

Um þetta mál hafa nú í hálfan mánuð staðið harðar deilur hér á hv. Alþingi og raunar utan þess einnig. En þrátt fyrir það, sem greinir á um, má ekki missa sjónar á því, að sumt er það þó í sambandi við þessi mál, sem er ekki ágreiningur um, hvar í flokki sem menn eru. Við erum t. d. allir sammála um það, að Íslendingum beri að skipa efnahagsmálum sínum þannig, að þeir beri sem mest úr býtum fyrir vinnu sína og framleiðslustörf, þótt ágreiningur kunni að vera um skiptingu arðsins milli stétta og einstaklinga. Það er tæpast heldur ágreiningur um það, að árangurinn af efnahagsstarfsemi okkar hefur undanfarin ár ekki verið svo mikil sem vera ætti, ef allt væri með felldu. Jónas Haralz ráðuneytisstjóri upplýsti t. d. á sameiginlegum fundum fjhn., að hlutfallið milli fjárfestingar og aukningar þjóðartekna hefði undanfarið verið óhagstæðara hjá okkur en nokkurri Vestur-Evrópuþjóð annarri. Það þýðir m. ö. o., að við fáum minni arð af því, sem við leggjum í fjárfestingu, heldur en þær. Þetta má telja mjög óeðlilegt með tilliti til þess, að þar er yfirleitt um fullbyggð lönd að ræða, þar sem okkar land er enn að verulegu leyti ónumið, þannig að hér ættu einmitt að vera meiri möguleikar á nýjum arðbærum framkvæmd-

um. Það ber ótvíræðan vott um sjúkt efnahagslíf okkar, að enda þótt við höfum s. l. 12 ár ráðstafað meira af þjóðartekjum okkar til fjárfestingar en nokkur Evrópuþjóð önnur að jafnaði, að því er ég bezt veit, þá hefur neyzlan aukizt sáralítið, sem aftur þýðir það, að lífskjörin eða kaupmáttur vinnulauna hefur nær því staðið í stað.

Hv. 4. þm Austf. (LJós) gerði það að umtalsefni í ræðu, er ég hlustaði á hann flytja við 1. umr. málsins í Nd., að kaupmáttur tímakaups járnsmiða sé nú töluvert meiri í Danmörku en hér á landi. Að vísu ber mikillar varúðar að gæta við slíkan launasamanburð í mismunandi löndum, og þá staðhæfingu, sem raunar hefur komið fram í ríkari mæli hjá öðrum hv. Alþb.-mönnum en þeim hv. þm., sem ég nú nefndi, sem yfirleitt var málefnalegri í sínum málflutningi en gerist þessa dagana á því heimili, — þá staðhæfingu, að þessi löggjöf raski hlutfallinu milli lífskjara íslenzkra og erlendra verkamanna íslenzkum verkamönnum í óhag, tel ég mig áður hafa hrakið við 1. umr. málsins hér í hv. d. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En í tilefni af þessu er að mínu áliti athyglisvert að gera samanburð á þróun kaupmáttar launa á Íslandi og í Danmörku frá því í stríðslok og þar til nú.

Eftir dvöl herskara Hitlers í Danmörku var efnahagslíf landsins í rústum. Bústofn landsmanna hafði minnkað um helming, skortur var á mörgum brýnum nauðsynjum og þær stranglega skammtaðar. Ef þá hefði verið gerður samanburður á kaupmætti vinnulauna þar og hér, er víst, að hann hefði leitt í ljós til muna betri lífskjör hér á landi. Árið 1954, eða fyrir 6 árum, gerðu hagstofur Norðurlandanna 5 samanburð á kaupmætti verkamannslauna í öllum höfuðborgum landanna. Niðurstaðan varð sú, að kaupmáttur launa var í Reykjavík svipaður og í Kaupmannahöfn, en nokkru minni en í Stokkhólmi og nokkru meiri en í Osló og Helsingfors. Það er enginn vafi á því, að á þeim 6 árum, sem síðan eru liðin, hafa bæði þjóðartekjur og neyzla vaxið meira á hinum Norðurlöndunum en hér. Þess var t. d. getið í útvarpsfrétt nýlega, að þjóðartekjur og neyzla í Danmörku hefði hvort tveggja aukizt um 10% á síðastliðnu ári.

En hvernig stendur þá á því, að við höfum þannig í efnahagslegu tilliti dregizt svo mjög aftur úr Dönum og öðrum Vestur-Evrópuþjóðum? Ekki verður því um kennt, að kaupgjald hafi hækkað hér minna en þar. Það hefur þvert á móti hækkað langtum meira hér en í nokkru öðru Vestur-Evrópulanda. Ekki er heldur ástæða til að ætla, að Íslendingar standi þessum þjóðum að baki um menntun, dugnað eða hæfileika. Nei, er ekki nærtækasta skýringin sú, að við höfum búið við sjúkt efnahagskerfi, sem reynzt hefur slíkur þrándur í götu efnahagslegra framfara, að enda þótt við höfum lagt í meiri fjárfestingu en aðrar Evrópuþjóðir, þá hafa lífskjörin batnað langtum minna hér en þar?

Andstæðingar þessa frv., sérstaklega hv. Alþb.-menn, hafa fullyrt, að hér væri verið að innleiða úrelt efnahagskerfi, eins og þeir orða það. En hvernig má það nú vera, að þær þjóðir, sem einmitt hafa á undanförnum árum búið við þetta úrelta efnahagskerfi, sem þeir kalla, hafa notið miklu meiri framfara en við höfum gert, sem búum við efnahagskerfi, nefnilega haftakerfið, sem þeir mundu þá víst kalla nýtízku hagkerfi?

Þá vaknar sú spurning, einmitt á grundvelli þessarar staðreyndar, hvort það mundi þá ekki vera þannig, þegar öllu er á botninn hvolft, að það væri betra að búa við þetta úrelta kerfi heldur en nýtízku kerfið.

En hverjar eru sjúkdómsorsakir hins íslenzka efnahagskerfis, og hvað er hægt að gera til úrbóta í því efni? Það er einmitt þetta, sem er kjarni þess vandamáls, sem hér liggur fyrir. Þau vandamál á sviði efnahagslífsins, sem allar ríkisstjórnir á Íslandi hafa átt við að etja s. l. 30 ár, eru verðbólgan og gjaldeyrisskortur, sem í rauninni á rætur sínar að rekja til verðbólgunnar. En hverjar eru orsakir verðbólgunnar? Sumir nefna í því sambandi of mikla fjárfestingu og bankalán, aðrir vísitölufyrirkomulagið og enn aðrir óbilgjarnar kröfur hagsmunasamtaka og fyrst og fremst annarra hagsmunasamtaka en þeirra, sem þeir eru sjálfir meðlimir í. Allar þær orsakir, sem nú hafa verið nefndar, hafa óefað verið hér að verki og raunar magnað hver aðra.

Ef ég ætti að gera grein fyrir persónulegri skoðun minni á því, sem ég teldi öðru fremur grundvallarorsök verðbólgunnar, þá mundi ég nefna óheilbrigða fjáröflun til fjárfestingar. Auðvitað er það síður en svo að lasta, þó að mikil fjárfesting hafi átt sér stað hér á landi. Það dettur engum í hug að halda því fram, að það sé óskynsamlegt af þjóðinni að byggja vegi, verksmiðjur, smíða skip o. s. frv. En þjóðin verður að gæta þess að reisa sér ekki hurðarás um öxl í því efni, þannig að fjárfestingin verði svo mikil, að ekki verði öðruvísi aflað fjár til hennar en þannig, að leiða hljóti til verðbólgu.

Það er með fernu móti, sem hægt er að afla fjár til fjárfestingar: Í fyrsta lagi með því að nota innlent sparifé í þágu hennar. Í öðru lagi með erlendum lántökum. Í þriðja lagi með sköttum. Og í fjórða lagi með bankaútlánum, sem eru umfram sparifjármyndun.

Ef fjárfesting er ekki meiri en svo, að afla megi fjár til hennar með innlendri sparifjármyndun, erlendum lánum og skattaálögum, leiðir hún ekki til verðbólgu. En kröfurnar um fjárfestingu hafa um langt skeið verið meiri en svo hér á landi, að fjáröflun eftir þessum leiðum hafi nægt til þess að mæta þeim. Þá hefur verið gripið til þess ráðs að sækja í Seðlabankann þá peninga, sem vantar í fjárfestinguna. Í fljótu bragði kann þetta að virðast meinlaus ráðstöfun og jafnvel gagnleg, því að hún leysir í bili a. m. k. fjáröflunarvandamál ýmissa framkvæmda, sem út af fyrir sig geta verið mjög gagnlegar. En í rauninni er hér um ráðstöfun að ræða, sem hefur eyðurverkanir í hagkerfinu. Hinn merki stjórn-

málaleiðtogi, Jón Þorláksson, kallaði þetta, að „fölsk kaupgeta væri sett í umferð", eins og hann orðaði það. Og í rauninni eru áhrifin á hagkerfið nákvæmlega þau sömu og verða mundu, ef peningafalsarar settu þannig í umferð stórkostlegar fjárhæðir. Afleiðingin verður aukin eftirspurn eftir vörum og þjónustu, án þess að aukið framboð komi á móti, og þannig verðþensla. Þetta kemur svo af stað víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, sem verða sjálfvirkar og óstöðvandi, eftir að tekið hefur verið upp vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum. Af verðþenslunni leiðir svo aukinn innflutning, hallarekstur í útflutningsatvinnuvegunum, og slíkt leiðir auðvitað til greiðsluhalla gagnvart útlöndum og gjaldeyrisskorts.

Viðbrögð stjórnarvalda við þeim vanda, sem með þessu skapast, eru venjulega fyrst í stað þau að ráða bót á gjaldeyrisskortinum með innflutningshöftum, en reyna að hemja verðþensluna með niðurgreiðslum og verðlagseftirliti. Úr hinni erfiðu aðstöðu útflutningsatvinnuveganna er reynt að bæta með uppbótum á útfluttar afurðir, mismunandi miklum eftir þörfum hinna einstöku greina útflutningsins, en fjár til uppbótanna er aflað með sköttum og tollum, einkum álögum á innfluttar vörur, sem eru ekki taldar til brýnna nauðsynja. Gengi erlends gjaldeyris er hins vegar haldið óbreyttu, og er það liður í ráðstöfununum til þess að halda hækkun verðlags í skefjum.

Þessi stefna, að reyna að halda verðlaginu í skefjum með áðurgreindum ráðstöfunum án þess að leiðrétta þá skekkju í verðlaginu, sem leiða hlýtur af verðþenslu innanlands, þó að gengið sé óbreytt, hefur hlotið nafnið stöðvunarstefna. Reynsla okkar Íslendinga í þessum efnum styður fullkomlega þá skoðun hagfræðinga, að stöðvunarstefnan er óframkvæmanleg til lengdar. Áður en langt um líður, verður slíkt öngþveiti í gjaldeyrisviðskiptum, að gengislækkun eða hliðstæðar ráðstafanir til leiðréttingar verðlagsskekkjunni verða ekki umflúnar.

Saga efnahagsbróunar s. l. 30 ára hér á landi hefur verið sífelld endurtekning þeirrar hringrásar, er hér hefur verið lýst: lánsfjárþenslu bankanna, verðbólgu og gjaldeyrisskorts, er mætt hefur verið með höftum, niðurgreiðslum og uppbótum, unz gengislækkun eða jafngildar ráðstafanir hafa orðið óhjákvæmilegar, og þessi hringrás virðist hafa gengið fyrir sig nokkurn veginn óháð því, hvaða flokkar hafa setið við stjórnvölinn hverju sinni.

Hér á landi hafa á umræddu tímabili verið framkvæmdar þrjár gengislækkanir, 1939, 1950 og 1958, þannig að allir stjórnmálaflokkar eru búnir að bera ábyrgð slíkrar ráðstöfunar. Ég álít, að það geti verið nytsamt, vilji maður gera sér grein fyrir þeim ráðstöfunum, er nú á að gera, að rifja upp aðdragandann að þessum fyrri gengislækkunum og áhrif þeirra á þjóðarhag.

Heimskreppan mikla olli tilfinnanlegu verðfalli á íslenzkum útflutningsafurðum og óhagstæðari verzlunarkjörum, þannig að verulegur greiðsluhalli varð gagnvart útlöndum. Þessu var reynt að mæta með ströngum innflutningshöftum. Jafnframt var reynt að koma í veg fyrir samdrátt og verðfall innanlands með því að halda lágum vöxtum og gera sérstakar ráðstafanir í afurðasölumálum. Kjörorð þessarar stefnu var innilokun kaupgetunnar, eins og það var orðað. Í heild var þessi stefna dauðadæmd, því að það var ekki hægt að loka kaupgetuna inni. Afleiðingin varð sívaxandi skuldasöfnun erlendis vegna halla á greiðsluviðskiptum við útlönd. Í apríl 1939 gafst stjórn Framsfl., er þá fór með völd, upp við framkvæmd stefnunnar, enda var greiðslubyrðin gagnvart útlöndum þá jafnvel orðin þyngri en hún er nú og greiðsluþrot í gjaldeyrisviðskiptum yfirvofandi. Þá var mynduð þjóðstjórnin og gengi krónunnar lækkað, svo sem kunnugt er.

Ekki verður um það sagt, hvort sú ráðstöfun hefði nægt til efnahagslegrar viðreisnar að óbreyttum aðstæðum. Á það reyndi ekki, því að skömmu síðar hófst styrjöldin, er gerbreytti viðhorfum í þessum efnum. Gjaldeyrisvandræðin hurfu nú á skömmum tíma sem mjöll fyrir sólu, og tóku í þess stað að safnast miklar gjaldeyrisinnistæður. Mikil verðbólga var öll styrjaldarárin, en fram til ársins 1942 voru verðhækkanir þó ekki öllu meiri en í nágrannalöndunum. Seinni part ársins 1942 hækkaði verðlagið á fáum mánuðum um 50% og komst þar með úr öllu samhengi við verðlag nágrannalandanna, og hefur í rauninni aldrei síðan tekizt að kippa að fullu í þann lið. Utanþingsstjórnin, er mynduð var í árslok 1942, og síðan nýsköpunarstjórnin reyndu með nokkrum árangri að halda verðlagshækkununum í skefjum með niðurgreiðslum og ströngu verðlagseftirliti. Mikið misræmi var þó milli innlends og erlends verðlags í stríðslok, þannig að krónan var verulega ofmetin, og olli það auðvitað því, að erlendu innistæðurnar gengu til þurrðar fyrr en ella. En verulegum óþægindum fór þetta þó ekki að valda fyrr en á árinu 1947, þegar gjaldeyrisinnistæðurnar þraut.

Efnahagsmálastefna ríkisstjórnar þeirrar, er mynduð var í ársbyrjun 1947 og Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. áttu aðild að, var í því fólgin eins og undanfarandi ríkisstjórna að reyna að stöðva verðbólguna án þess að leiðrétta þá skekkju í verðlaginu, sem stafaði af rangri gengisskráningu. Ríkisstj. nefndi einmitt stefnu sína stöðvunarstefnuna, og kannast menn við það nafn frá fyrri hluta valdatímabils vinstri stjórnarinnar, og er það ekki að ófyrirsynju, því að hér var í rauninni um nákvæmlega sömu stefnu í efnahagsmálum að ræða. Útflutningnum var haldið uppi með uppbótum, er miðaðar voru við mismunandi þörf einstakra greina hans, sbr. gotugjaldeyrinn, vextir voru lágir og mikil fjárfesting þrátt fyrir starfsemi fjárhagsráðs, en gjaldeyrisskortinum var mætt með stöðugt strangari innflutningshöftum. Afleiðingin varð sú, að taka varð upp stranga skömmtun nauðsynja,

á sama tíma og aðrar Evrópuþjóðir voru að afnema skömmtun hjá sér, og dugðu slíkar ráðstafanir þó ekki til að koma í veg fyrir tilfinnanlegan vöruskort með fylgifiskum hans, útbreiddum svörtum markaði, biðröðum og bakdyraverzlun.

Í árslok 1949 voru allir í rauninni orðnir sammála um gjaldþrot þessarar stefnu, enda var þá farið að gæta atvinnuleysis hér í Reykjavík vegna samdráttar hjá iðnfyrirtækjum af völdum hráefnaskorts og það enda þótt sá innflutningur væri látinn sitja fyrir öðru, þannig að látinn var heldur vera skortur á neyzluvörum, þótt til nauðsynja teldust. Þá var það, sem minnihlutastjórn Sjálfstfl. lét undirbúa gengislækkunartill., er framkvæmdar voru svo á næstu mánuðum í samstarfi við Framsfl. Var það stærsta átakið, sem til þessa hafði verið gert til þess að leiðrétta verðlagsskekkjuna og koma efnahagsmálunum í jafnvægi. Það hefur nú að vísu verið fullyrt af andstæðingum þeirrar löggjafar, að hún hafi ekki náð tilgangi sínum, og ef því hefði verið haldið fram af einhverjum, sem að þeirri löggjöf stóðu, að hún mundi leysa efnahagsvandamálin í eitt skipti fyrir öll, mætti það til sanns vegar færa. En hafi þeir verið til, þá vorum við dr. Benjamín Eiríksson, sem undirbjuggum þessar till., ekki í þeirra hópi. Því til staðfestingar vil ég leyfa mér að lesa upp örfá orð úr álitsgerð okkar, með leyfi hæstv. forseta. Svo segir í álitsgerðinni, sem fylgdi sem grg. með frv.:

„Þar sem ekkert er til, sem kalla mætti endanlega lausn afkomumála þjóðarinnar, þá virðist, að skynsamlegt sé fyrir þá, sem með ríkisstj. fara á hverjum tíma, að taka þá stefnu að búa sem bezt í haginn fyrir sem jafnasta og heilbrigðasta þróun atvinnulífsins. Og jafnvægi í atvinnu- og fjármálalífinu er ekki eitthvað, sem fæst í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf að viðhalda jafnvæginu með réttri stefnu og réttum starfsvenjum á hverjum tíma."

Það er rétt, að þess var skemmra að bíða en við höfðum gert okkur vonir um, að gera þyrfti viðbótarráðstafanir útveginum til styrktar. Bátagjaldeyririnn var tekinn upp 1951. En orsakir þess voru ekki reikningsskekkjur okkar, eins og sumir hafa viljað láta í veðri vaka, heldur hitt, að þær efnahagslegu forsendur, sem lágu til grundvallar till., breyttust í óhag vegna atvika, er enginn gat séð fyrir þá. Kom þar einkum tvennt til. Meðalafli á bát lækkaði úr rúmum 7 tonnum í róðri, er hann nam árin 1948—49, niður í rúm 5 tonn árin 1950—52, eða um nær 30%. Hér við bættist svo óhagstæð verðlagsþróun af völdum Kóreustríðsins. Þannig hækkaði verðlag innflutnings um 115% árin 1949—51, eða um rúmlega 50% umfram það, er leiddi af gengislækkuninni, þar sem verðlag útfluttra afurða hækkaði aðeins um 82% á sama tíma eða litlu meira en leiddi af gengislækkuninni, en hún leiddi til 74% verðhækkunar á erlendum gjaldeyri. Af þessu er ljóst, hve mjög viðskiptakjörin gagnvart útlöndum breyttust okkur í óhag. 30% bátagjaldeyrisálagið var þannig í rauninni ekki annað en nauðsynlegt var til að bæta bátunum aflabrestinn. En þrátt fyrir þessi óhöpp tókst að stöðva verðhækkanirnar að mestu haustið 1951, og hélzt verðlag nær óbreytt frá þeim tíma til vorsins 1955. Fóru þjóðartekjur og kaupmáttur launa vaxandi á því tímabili, og atvinna var stöðug og nóg.

En vorið 1955 hófst svo að nýju kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags eftir verkfallið mikla, svo sem kunnugt er. Pólitískar afleiðingar þessa urðu fall samstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. og valdataka vinstri stjórnar. Nú var verðlagsskekkjan aftur orðin meiri en svo, að efnahagskerfið fengi staðizt. Eftir því sem hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, var ráðh. Framsfl. og Alþfl. þetta ljóst þegar haustið 1956. Ekki náðist þó samkomulag um raunhæfar ráðstafanir í vinstri stjórninni, heldur var nú stöðvunarstefnan svokallaða frá árunum 1947—49 leidd til hásætis með jólagjöfinni frægu í árslok 1956. Ég komst svo að orði um jólagjöfina í umræðum um bjargráðafrv. vorið 1958, að frá sjónarmiði hagfræðinga mætti líkja henni við fjósvegg, sem hlaðinn væri af mér eða einhverjum öðrum, sem þekkir ekki hin réttu lögmál um undirstöðu og burðarþol slíkra veggja. Ég viðurkenndi um leið, að þeim skilyrðum væri miklu betur fullnægt hvað bjargráðafrv. snerti.

Þess gat af áðurgreindum ástæðum ekki orðið langt að bíða, að fjósveggurinn hryndi, og vorið 1958 var svo komið, að óhjákvæmilegt var að gera efnahagsráðstafanir, er hefðu í för með sér leiðréttingu verðlagsskekkjunnar, ef ekki átti að skapast algert öngþveiti í gjaldeyrismálum. Þessu var glögglega lýst í málgögnum vinstri stjórnarinnar og ræðum stuðningsmanna hennar á Alþingi.

Það kann nú að vera, að einhver þeirra, sem hlusta á mig, segi sem svo: Ja, þessi verðlagsskekkja, það er ekki annað en grillur hagspekinga. — Þeim, sem þannig hugsa eða segja, vil ég benda á það að lesa ræður sumra hv. núv. stjórnarandstæðinga í sambandi við umræður um bjargráðafrv. og annað, sem stóð í málgögnum þeirra þá. Þar er það einmitt sérstaklega skýrt, hvað verðlagsskekkjan þýðir. Það var á það minnzt, að fóðurbætirinn útlendi væri orðinn svo ódýr, að í rauninni borgaði sig ekki lengur fyrir bændurna að halda áfram að heyja, þó að þeir að vísu gerðu það af gömlum vana, enn fremur að það væri hætt að borga sig fyrir útvegsmenn að láta gera við netin sín, af því að það væri ódýrara að kaupa ný net. Og Tíminn kvað upp þann dóm um stöðvunarstefnuna, að hún hlyti að stöðva framleiðsluna fyrst og fremst, en ekki verðlagið.

Bjargráðalögin, sem voru hrein gengislækkunarlög, þó að ekki þætti hlýða að kalla þau sínu rétta nafni, voru, svo langt sem þau náðu, veruleg leiðrétting verðlagsskekkjunnar, sem var undirrót þess vanda, sem þá var við að etja. Þetta er engin ný skoðun mín á þessu máli. Hún kom fram í öllu, er ég sagði um það frv. í ræðu og riti, er það var til meðferðar í þinginu. Nú kann einhver að spyrja:

En hvernig stóð þá á því, að hv. þingmaður studdi ekki þessa till. með atkvæði sínu? — Svarið við því er það, að á bjargráðunum var sá hængur, að engar hömlur voru þar settar gegn því, að sú gengislækkun, sem í þeim fólst, leiddi til óðaverðbólgu. Þar var farið úr ösku haftakerfisins í eld óðaverðbólgunnar. Þetta frv. yrði sambærilegt við bjargráðin, ef það hefði aðeins að geyma ákvæðin um gengisfellingu og afnám uppbóta, en ekkert annað. Ég mundi ekki frekar en vorið 1958 treysta mér til þess að styðja slíka till., þannig að afstaða mín og skoðun í þessu efni eru óbreyttar frá því, sem þá var.

Það kom svo í hlut núverandi stjórnarflokka að slá botninn í bjargráðin með efnahagsaðgerðunum í janúar 1959. Reynsla okkar Íslendinga hefur ótvírætt sannað, að það væri ekki hægt að vænta neins árangurs af ráðstöfunum til stöðvunar verðbólgunni, nema verðlagsskekkjan sé leiðrétt fyrst, og nauðsyn gengisbreytingar nú er einmitt í því fólgin, að verðlagsskekkjan er enn svo mikil, að raunhæfar ráðstafanir til stöðvunar verðbólgunni verða ekki framkvæmdar án leiðréttingar á henni.

Ég tel mig þá hafa svarað þeirri spurningu hv. stjórnarandstæðinga, hvernig gengislækkunin geti samrýmzt kosningaloforði stjórnarflokkanna um stöðvun verðbólgunnar. Hún er að mínu áliti bein forsenda þess, að hægt sé að efna það loforð.

Þá er það hin spurningin, hvers vegna nauðsynleg sé nokkur kjaraskerðing í bili fyrir allstóran hluta þjóðarinnar. Í grg. frv. er gert ráð fyrir því, að miðað við vísitölu framfærslukostnaðar sé kjaraskerðingin um 3%. Hér er þó auðvitað um meðaltal að ræða, þar eð sumum er ekki ætlað að bera neina kjaraskerðingu, en aðrir, einkum þeir, er njóta ekki góðs af auknum tryggingum, bera auðvitað meira. Það er auðvitað ódýru verði keypt, þegar sumir stjórnarandstæðingar eru að leika sér að því að margfalda þessa tölu af algeru handahófi með allt að því 10 og fullyrða svo, að slík hljóti kjaraskerðingin að verða. Við slíkan málflutning þýðir auðvitað ekki að elta ólar. Og ég get nefnt annað dæmi í þessu sambandi, sem bregður skýru ljósi, sérstaklega yfir málflutning hv. Alþb.-manna í þessu efni.

Ég sá það í Þjóðviljanum fyrir nokkru, að þar var sagt, að tæpu ári eftir að gengisfellingin var framkvæmd árið 1950 hefðu atvinnuleysingjar í Reykjavík hvorki verið fleiri né færri en 2000. Ég aflaði mér nú upplýsinga um það, hvað skráðir atvinnuleysingjar hefðu flestir verið á þessum vetri. Þeir voru rúmir 400, og er þar allt með talið, bæði faglærðir og ófaglærðir, konur o. s. frv. Hin sanna tala er þarna margfölduð með 5: áttu að vera 2000 atvinnuleysingjar, en voru 400. En svo kemur líka hér annað til en gengisbreytingin, sem mundi vera eðlileg skýring á þessu. Tilfellið var, að þennan vetur voru hér óvenjulega langvarandi frosthörkur, og fékk ég staðfestingu á því á veðurstofunni, að það mundi vera rétt. Þetta leiddi svo aftur til þess, að útivinna við byggingar stöðvaðist að mestu þennan vetur, og ætli það megi ekki kenna því um alveg eins og gengislækkuninni, að atvinnuleysi var að vísu á tímabili nokkru meira en venjulega hafði verið um það leyti árs? Þetta gefur aðeins hugmynd um, hvernig málflutningnum er hagað.

En þótt kjaraskerðingin vegna þessara ráðstafana ætti þannig ekki að nema meira að meðaltali en umræddum 3%, þá hvílir auðvitað sú skylda eftir sem áður á stuðningsmönnum þessa frv. að gera þjóðinni skýra grein fyrir nauðsyn hennar. Grundvallarorsök kjaraskerðingarinnar er sú minnkun innflutningsins, sem gert er ráð fyrir. Vegna hans minnkar ráðstöfunarfé þjóðarinnar um 150—200 millj. eða um 3—4% af þjóðartekjunum. Verður niðurstaðan því svipuð og samkv. vísitöluútreikningnum, þó að hún sé fundin á annan hátt. Nauðsyn kjaraskerðingarinnar er að skoðun okkar, er styðjum þetta frv., af því sprottin, að við teljum ekki fært með tilliti til þess, hve greiðslubyrðin er orðin þung, að halda lengur áfram á þeirri braut að taka erlend lán til þess eins að slá á frest nauðsynlegri lagfæringu efnahagskerfisins.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa að vísu haldið því fram, að lán þau, er tekin hafa verið undanfarin ár, hafi eingöngu verið í þágu nauðsynlegra verklegra framkvæmda. Mér kemur í hug í þessu sambandi, þegar því er haldið fram, að lánin hafi eingöngu verið notuð til þess nauðsynlegasta, atburður, í sjálfu sér ómerkilegur, sem gerðist eitt sinn á stúdentsárum mínum í Kaupmannahöfn, þegar ég sat þar að snæðingi á matstofu stúdentanna. Það kom inn tötralegur maður og sagði: Góðir stúdentar, viljið þið nú ekki skjóta saman handa mér sínum 25 aurunum hver, ég hef nefnilega keypt útvarp með afborgunarskilmálum, og það verður tekið af mér, ef ég get ekki greitt afborgunina. — Það fóru allir að hlæja, og veslings betlaranum var kastað á dyr. Ef hann hefði haft til að bera hyggindi hins leikna stjórnmálamanns, hefði hann ekki nefnt það, að hann þyrfti að greiða afborgun af útvarpinu sínu, heldur sagzt vera svangur, og þá voru áreiðanlega meiri líkur á því, að máli hans yrði vel tekið. Og ætli það sé nú ekki eins í okkar þjóðarbúskap, að það, sem hætt hefði verið við, ef lánin hefðu ekki fengizt, væri ekki það nauðsynlegasta, heldur það ónauðsynlegasta. Ef við hefðum þurft að vera án þessara lána, hefði það auðvitað verið ónauðsynlegasta neyzlan og fjárfestingin, sem við hefðum skorið niður, en ekki það nauðsynlegasta. Þess vegna finnst mér sú skoðun miklu réttari, að þeim lánum, sem tekin hafa verið, hafi verið varið til þess, sem við helzt gátum verið án, en auðvitað ekki þess, sem við sízt gátum verið án.

Leiðin til þess að vinna þessa kjaraskerðingu upp á sem skemmstum tíma er að okkar áliti sú að gera nauðsynlegar ráðstafanir til lagfæringar á efnahagskerfinu, til þess að unnt verði að stöðva verðbólguna og auka framleiðsluna til að vega á móti því, að við höfum

minna milli handa vegna minni lánsfjárnotkunar. Til þess að fyrirbyggja sjálfvirka verðbólguþróun sem afleiðingu þessara ráðstafana er að áliti fylgismanna frv. óhjákvæmilegt um skeið a. m. k. að afnema vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum. Grunnkaup verður hins vegar eins og áður samningsatriði milli launþega og atvinnurekenda.

Í málflutningi sumra hv. Alþb.-manna hefur beint og óbeint verið látið liggja að hótunum um það, að verkalýðurinn mundi grípa *til sinna ráða, eins og það er orðað, og kollvarpa* hinu nýja efnahagskerfi. Þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvert hér er verið að fara. Það er verið að hvetja verkalýðsfélögin til þess að knýja fram nægilega miklar grunnkaupshækkanir, til þess að hið nýja kerfi skapi atvinnuvegunum ekki lengur rekstrargrundvöll. En hvað er það nú eiginlega, sem í þessu liggur? Ef grundvöllur er fyrir grunnkaupshækkun, sem atvinnurekendur geta borið sjálfir án hækkaðs verðlags eða nýrra efnahagsaðgerða, þá er sýnt, að slíkt kollvarpar ekki kerfinu. Ef hins vegar þörf verður á nýjum álögum í einhverri mynd eða ef atvinnuleysi verður, þá má auðvitað segja, *að kerfið í sinni núverandi mynd hafi ekki* náð tilgangi sínum. En er það nú þetta, sem etja á verkamönnum út í dýra verkfallsbaráttu fyrir?

Sjaldan hafa hin pólitísku úlfshár gægzt öllu greinilegar fram úr sauðargæru þeirra, er þykjast fyrst og fremst bera fyrir brjósti hagsmuni verkamanna. Verkamenn eiga að heyja dýra verkfallsbaráttu til þess að knýja fram annaðhvort nýjar efnahagsmálaaðgerðir eða atvinnuleysi. Slíkt mundi vissulega ekki þjóna stéttarhagsmunum þeirra, heldur allt öðrum hagsmunum, sem allir vita, hverjir eru.

Það er ekki tilgangur þessarar löggjafar að takmarka frjálsan samningsrétt um kaup og kjör að öðru leyti en því, að óhjákvæmilegt verður um stundarsakir að afnema vísitölufyrirkomulagið. Hins vegar er hér boðuð mikilvæg stefnubreyting í afstöðu ríkisvaldsins til vinnudeilna, og það er mjög mikilvægt, að allir launþegar geri sér hana ljósa.

Ég ætla nú ekki frá eigin brjósti — með eigin orðalagi — að fara að lýsa stefnu hæstv. ríkisstj. í launamálunum, en ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lofa grg. hæstv. ríkisstj. með frv. að tala. Í henni segir svo á bls. 23:

„Ríkisstj. telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem þetta frv. felur í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapazt grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþeginn njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkuðu kaupi. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta.“

Svo mörg eru þau orð, og er mjög mikilvægt, að launþegarnir geri sér einmitt þetta atriði sem ljósast.

Því hefur verið haldið fram af málsmetandi hagfræðingum, að erfitt væri að sameina það þrennt, að verðlag væri stöðugt, næg atvinna og frjáls samningsréttur um kaup og kjör. Einhverju af þessu þrennu yrði ávallt að fórna. Ég tel nú að vísu ekki rétt, að þessum þrem skilyrðum megi ekki fullnægja samtímis. En óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því er, að ábyrg *stefna í launamálum sé rekin af samtökum* atvinnurekenda og launþega, þannig að þau skipti ekki meira á milli sín en þeim tekjum, sem framleiðslan gefur af sér. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt, þannig að áðurgreind hagsmunasamtök ætli sér að skipta meira en verðmæti framleiðslunnar, verður öðru hvoru að fórna: hinu stöðuga verðlagi eða atvinnuöryggginu.

Vegna áhrifa pólitískra spákaupmanna innan íslenzkra launþegasamtaka er því miður ekki hægt að segja, að kaupgjaldsbarátta þeirra hafi alltaf verið ábyrg. Knúðir hafa verið fram kaupgjaldssamningar, sem framleiðslan hefur ekki getað staðið undir að óbreyttu verðlagi. *Þá hefur öðru hvoru orðið að fórna: stöð*ugu verðlagi eða atvinnuöryggginu. Og á undanförnum árum er það fyrri leiðin, sem ávallt hefur verið valin. Fyrirtækjum, sem framleiða fyrir innlendan markað, hefur verið leyft að hækka vöruverð til samræmis við kauphækkanirnar, og útflutningsframleiðslan hefur fengið hækkaðar uppbætur svo og styrki. Ekki hafa stjórnarvöldin þó hlotið fyrir þetta neinar þakkir hjá pólitískum leiðtogum verkalýðssamtakanna. Allar hækkanir á vöruverði vegna kauphækkana hafa verið nefndar hefndarráðstafanir ríkisvalds og atvinnurekenda gegn verkalýðnum. Það varhugaverða við þessa stefnu er líka það, að í rauninni býður hún heim pólitískri spákaupmennsku innan verkalýðssamtakanna. Þeir, sem æsa til kröfugerðar, sem ekki er grundvöllur fyrir, fá þannig í rauninni tvo svippi úr borðinu, annan þann að styðja kröfurnar, hinn svo að beita sér af alefli gegn þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru síðar, til þess að ekki þurfi að koma til stöðvunar vegna kauphækkananna.

Í grg., eins og ég las upp áðan, er hins vegar boðuð ný stefna í þessum efnum, — stefna, sem er í fullu samræmi við þær kröfur, sem launþegasamtökin hingað til hafa gert, að kauphækkanir, sem um væri samið, kæmu ekki fram í nýjum verðhækkunum eða hækkuðum útflutningsuppbótum. Má því ætla, hvað sem öðru líður, að launþegasamtökin, ef þau eru sjálfum sér samkvæm, muni veita ríkisstj. fullan stuðning hvað þessa afstöðu snertir. Hins vegar leiðir af þessari breyttu stefnu, að auðvitað verða launþegarnir að gæta þess, að ekki verði með kaupkröfum gengið svo nærri framleiðslunni, að hún dragist saman eða stöðvist. Ef ekki á að hækka uppbætur og ekki fæst hækkað verðlagið, þá er það gefið mál, að það getur leitt til meiri eða minni samdráttar, ef kaupkröfurnar verða meiri en

hægt er að bera að óbreyttu verðlagi, þannig að launþegunum ber að varast það, að of langt sé gengið í þessu efni. Þá mun það mjög torvelda, svo að ekki sé meira sagt, þá yfirlýstu stefnu ríkisstj., sem auðvitað kemur til með að verða óbreytt, að freista þess með öllum ráðum að halda uppi nægri atvinnu í landinu. Það hlýtur að torvelda mjög þá stefnu, og ábyrgðina á afleiðingum þess hljóta þeir að bera, sem til slíkra aðgerða hvetja.

Ef þjóðfélagið á að vera starfhæft, — því megum við ekki loka augunum fyrir, — þá verða ábyrgð og völd að fylgjast að. Sá, sem hefur vald og beitir því valdi, getur ekki mælt sig undan ábyrgð á framvindunni. Þetta á jafnt við um stéttasamtökin og hin pólitísku stjórnarvöld. Ef sú krafa er gerð á hendur stjórnarvöldunum, að þau tryggi, að ekki komi til verðhækkana af innlendum orsökum fram yfir það, sem leiðir af nauðsynlegri lagfæringu gengisskráningarinnar, þá verða samtök atvinnurekenda og verkamanna að bera ábyrgð á því, að samningar, er þau gera, skapi framleiðslunni rekstrargrundvöll.

Eitt af þýðingarmestu atriðunum í þessu frv. er það, að hér er gert ráð fyrir því, að hægt verði að gefa innflutninginn miklu frjálsari en áður hefur verið. Þetta hefur stundum verið túlkað þannig, að þarna sé um að ræða sérstaka dúsu handa kaupsýslumönnum, sem eigi að bæta þeim upp það hnjask, sem þeir kunni að verða fyrir vegna annars, sem af þessu frv. leiðir.

Það er alger misskilningur, að það að aflétta innflutningshöftunum sé einhver sérstök hagsbót fyrir kaupsýslumenn. Það, sem fyrir vakir í þessu efni, er áreiðanlega allt annað, nefnilega vonin um það, að aukin samkeppni á vörumarkaðinum muni verða til þess að lækka vöruverðið og vega þannig nokkuð á móti þeirri kjaraskerðingu, sem ráðstafanirnar að öðru leyti hafa í för með sér. Hitt er ákaflega einkennileg kenning, og ég er viss um það, að kaupsýslumenn gera sér þess a. m. k. fullkomna grein, að hún stenzt ekki, að gróði þeirra verði meiri, ef þeir selja í frjálsri samkeppni, heldur en ef þeir njóta skjóls haftanna. Það er alveg gagnstætt.

Það hafa fallið mörg þung orð í garð hagfræðinga í sambandi við þessar umræður. Við það elti ég ekki ólar. En ég held, að það sé æði fjarri lagi að ásaka íslenzka stjórnmálamenn um það, að þeir séu yfirleitt, eins og það hefur verið orðað, dáleiddir af hagfræðingunum. Sannleikurinn er sá, eins og ég hef rökstutt í yfirliti mínu um efnahagsþróunina hér á landi, að óháð því, hvaða flokkar hafa verið í stjórn, hefur stöðvunarstefnunni svokölluðu, — en það tel ég megi nota sem samnefnara þeirra bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálum, sem grafa ekki fyrir rætur meinsemdanna, — verið fylgt, þar til algert öngþveiti var annaðhvort skollið á eða alveg yfirvofandi. Fyrst þegar svo hefur verið komið, hafa hagfræðingarnir verið beðnir um að gera tillögur um jafnvægisráðstafanir.

Það, að bráðabirgðaráðstafanirnar hafa alltaf verið gerðar, svo lengi sem ekki var komið út í fullkomið öngþveiti, það stafar auðvitað ekki af vanþekkingu í þessum efnum, heldur mannlegri og skiljanlegri tilhneigingu til þess að komast hjá því að gera ráðstafanir, sem valda röskun og óþægindum. Þessar bráðabirgðaaðgerðir, þó að þær hljóti smám saman að leiða lengra og lengra út í fenið, eru þær þrautaminnstu um stundarsakir. Svo er það líka mannlegt, að þeir, sem við stjórnvölinn standa, hugsi gjarnan sem svo, ef farið verður að gera raunhæfar ráðstafanir, að þá lendir óánægjan af því á mér og mínum flokki, en hin hagstæðu áhrif þessara ráðstafana koma ekki fram fyrr en síðar, þannig að það verða jafnan eftirmenn mínir, sem koma til með að njóta góðs af því. Það er mjög mannlegt og skiljanlegt, að þannig sé hugsað, svo lengi sem það er hægt.

En í hverju hefur þá þetta öngþveiti verið fólgið? Maður heyrir oft, að það hafi verið sagt áður, að hrun og öngþveiti sé yfirvofandi, og vissulega eru hrun og öngþveiti slagorð, sem rétt er að skýra nánar. En svarið er í stuttu máli þetta:

Hrunið og öngþveitið koma fram í greiðsluþrotum gagnvart útlöndum og almennum skorti erlendra nauðsynja innanlands. Þegar gengislækkanirnar voru framkvæmdar 1939 og 1950, hafði bikar bráðabirgðaaðgerðanna í rauninni verið drukkinn í botn. Gjaldeyrisskortur var orðinn svo mikill, að ekki var hægt að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegustu neyzluvörum. Ég man t. d. sem dæmi um greiðsluvandræðin, að það kom einu sinni fyrir á stúdentsárum mínum í Kaupmannahöfn, að kröfuhafar tóbakseinkasölunnar í Kaupmannahöfn fóru fram á það við dönsku lögregluna að fá að taka lögtak í húsgögnum íslenzku sendiherraskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Þannig var þá komið í gjaldeyrismálunum. Og allir muna eftir löngu biðröðunum veturinn 1949—50, svartamarkaðnum og bakdyraverzluninni. Almenningur var beinlínis farinn að finna til líkamlegra óþæginda vegna efnahagsástandsins. Það tókst ekki heldur að skapa almenna andúðaröldu gegn ráðstöfununum, og við kosningarnar 1953 vottaði þjóðin þeim flokkum traust sitt, sem að gengisbreytingunni höfðu staðið. Þingmannatölu þeirra samanlagt fjölgaði a. m. k. um einn. Að vísu varð sigur stjórnarflokkanna minni vegna þess, að hér í Reykjavík höfðu þá komizt á fót tveir smáflokkar, sem drógu sinn frá hvorum stjórnarflokkanna, en það átti sér allt aðrar rætur en þær, að sérstök óánægja væri meðal þeirra, er að stofnun smáflokka þessara stóðu, með efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar. Um það er öllum kunnugt.

Það, sem mestu mun hafa ráðið um þetta, — því að nú er vitað, að margt gekk í óhag, eftir að gengislækkunin var framkvæmd, verðhækkanir urðu meiri en gert var ráð fyrir o. s. frv., — að almenningur bæði tók þessum ráðstöfunum vel og stjórnarflokkarnir hlutu traust þjóðarinnar við næstu kosningar, það mun einmitt hafa verið það, að í sambandi

við þessar ráðstafanir var loforð gefið um, að vöruskortinum skyldi útrýmt, og það loforð var efnt. Húsmæðurnar urðu því fegnar að þurfa ekki lengur að verja hálfum vinnudegi sínum í eltingaleik við að ná í einstakar vörutegundir og fannst þá betra að þurfa að borga vörurnar eitthvað hærra verði en var áður, enda verður því ekki neitað, að þó að það sé að vísu slæmt, að vörurnar hækki í verði, þá er þó enn verra, að þær séu ófáanlegar með öllu. Það, að sokkar verða t. d. dýrari en góðu hófi gegnir, þýðir, að ég þarf oftar að láta stoppa í sokkana, ég endi þá lengur, en betra er það óneitanlega en það ástand, er ríkti mánuðum saman á vöruskortsárunum fyrir 1950, að sokkarnir fengust alls ekki. Og það, sem sokkarnir hafa verið hér nefndir sem dæmi um, á auðvitað við um allar aðrar vörur. Já, það var einmitt vegna þess, að öngþveitið var orðið fullkomið 1939 og aftur 1950, þegar gengislækkunin var framkvæmd, að það var ekki möglað verulega gegn henni.

Það ber að mínu áliti að virða, hvað sem öðru líður, að þegar gengið var fellt vorið 1958 með bjargráðaráðstöfunum, þá hafði bikarinn ekki á sama hátt og við fyrri gengisfellingar verið drukkinn í botn. Það var ekki farið að bera á vöruskorti og bankarnir voru a. m. k. ekki enn þá komnir í algert greiðsluþrot. En vinstri stjórnin var sjálfri sér sundurþykk, og allt hlaut að verða að engu í höndum hennar, jafnvel það, sem í sjálfu sér gat horft til bóta. Því runnu þær aðgerðir hennar eins og aðrar út í sandinn.

En hvernig er ástandið í efnahagsmálum okkar nú, og hvað mundi gerast, ef fylgt væri þeim ráðum hv. stjórnarandstæðinga að fresta raunhæfum aðgerðum og reynt yrði að fleyta öllu um skeið með kákráðstöfunum til bráðabirgða?

Eitt er víst, og það er það, að sjúkdómur efnahagskerfisins er kominn á það hátt stig, að þess yrði skammt að bíða, að þjóðin færi að finna til verkjanna. Bankarnir munu, svo að ekki sé meira sagt, hafa siglt æði krappan sjó í gjaldeyrismálunum um síðustu áramót, þótt hjá því yrði komizt, að þeir þyrftu að lýsa yfir beinu greiðsluþroti. Verkirnir hefðu farið að koma í ljós á næstu mánuðum og komið fram í því sama og fyrir gengislækkunina 1950, vandræðum með útvegun nauðsynja, biðröðum og svartamarkaði og síðar atvinnuleysi í greinum, er byggja á innflutningi hráefna.

Ef stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar litu á málin eingöngu frá sjónarmiði hins kaldrifjaða stjórnmálamanns, sem aðeins hugsaði um það eitt að komast hjá pólitísku hnjaski, en ekkert um velferð og velliðan fólksins, má vel vera, að rétt hefði verið að fara að ráðum hv. stjórnarandstæðinga og lofa öllu að ganga sinn gang, þannig að stórfelldur nauðsynjaskortur yrði eftir fáa mánuði. Það hefur nefnilega komið í ljós, að svo virðist sem fólk telji, að gífurleg kjaraskerðing í mynd vöruskorts og skömmtunar sé af óviðráðanlegum orsökum, og uni henni, þar sem lítilfjörleg kjaraskerðing vegna verðhækkana sé ríkisstj. að kenna og því óþolandi. Auðvitað byggist þetta einvörðungu á vanþekkingu á efnahagsmálum, en þetta er samt hlutur, sem ekki er hægt að loka augunum algerlega fyrir. En þegar búið væri þannig að svíða jörðina í efnahagsmálum, mundu allir fagna hverjum þeim aðgerðum á komandi hausti, er fælu í sér, að aflétt yrði vöruskorti, á sama hátt og ég man að því var fagnað veturinn 1949—50, að þá komu í búðir ítalskar ljósaperur, sem kostuðu 12 kr. stk., eða nær ferfalt það verð, sem þá tíðkaðist. En skorturinn á þeirri vöru var þá orðinn svo mikill, að ég man, að háttsettur embættismaður sagði mér frá því, að hann hefði um skeið átt aðeins eina ljósaperu, sem flytja varð á milli herbergja í húsi hans, þar sem fjölskyldan hélt sig hverju sinni. Það var ekki hægt að hafa ljós nema í þessu eina herbergi. Stafaði sú verðhækkun, sem hér var um að ræða, að ljósaperurnar fóru úr 3 kr. upp í 12 kr., ekki af gengislækkuninni, því að þetta var fyrir gengislækkunina.

En það er mat okkar stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar á dómgreind þjóðarinnar, að ekki sé nauðsynlegt að taka efnahagsvandamálin þeim tökum, þannig að hún láti ekki moldviðri það, er stjórnarandstæðingar hafa þyrlað upp, villa sér sýn, svo að torveldaðar verði hinar nauðsynlegu viðreisnarráðstafanir.

Það er líklega ein mesta firra kommúnista af mörgum stórum, sem þeir hafa borið á borð fyrir fólkið í sambandi við þetta frv., þegar þeir halda því fram, að með þessu sé verið að innleiða fátækt og nú skuli hún skammta, eins og þeir orða það. Það er eins og raunveruleg fátækt sé fyrst og fremst fólgin í skorti á peningaseðlum, en ekki vörum. Eftir þessu ætti þá þýzka þjóðin aldrei að hafa verið ríkari en fyrst eftir hrunið mikla að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni, þegar gjaldmiðillinn hrundi þannig, að tímakaup verkamanns varð milljónir eða milljarðar marka, en fólkið dó úr hungri sökum matvælaskorts. Samkvæmt þessu ætti þýzka þjóðin í rauninni aldrei að hafa verið ríkari en hún var þá.

Já, við fengum smjörþef, en aðeins smjörþef af þessu ástandi, hinni sönnu fátækt, vöruskortinum, á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina og árunum 1947—50. Það eru einmitt mestu fjármálamistök okkar Íslendinga, að við höfum haldið, að hægt sé að útrýma fátæktinni með því að auka peningaveltuna.

Það er því síður en svo, að hér sé verið að innleiða fátækt og láta hana skammta. Hér er einmitt verið að koma í veg fyrir það, að hin sanna fátækt, skortur og allsleysi, verði ráðandi á okkar þjóðarheimili vegna óskynsamlegrar fjármálastefnu.

Við treystum því, að skynsemi þjóðarinnar sé næg til þess, að forðað verði efnahagslegu hruni, sem ella væri á næstu grösum, í mynd gjaldeyrisskorts, vöruskorts og síðar neyðar og allsleysis. Fyrir því er örugg vissa, að ef engar lagfæringar væru gerðar á efnahagskerfinu, mundi innan fárra mánaða skapast hér neyðarástand sökum gjaldeyris- og vöruskorts.

Ef þjóðin hins vegar tekur með skynsemi þeim ráðstöfunum, sem nú á að gera, er þess góð von, svo fremi sem ytri óhöpp ekki steðja að, að þjóðin muni á skömmum tíma vinna upp þá kjaraskerðingu, er af ráðstöfununum leiðir, og geta, eins og nágrannaþjóðir okkar, notið vaxandi þjóðartekna og batnandi lífskjara á næstu missirum.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Af hálfu formælenda þessa frv. er því haldið fram, að íslenzka þjóðin hafi um langt skeið og þó sérstaklega síðustu árin lifað um efni fram, hafi safnað óeðlilegum, hættulegum og óbærilegum gjaldeyrisskuldum og riði nú á barmi gjaldþrots og glötunar efnahagslegs sjálfstæðis af þeim sökum. Þessar ástæður leiði til þess, að óhjákvæmilegt sé, að almenningi í landinu sé lögskipað að herða að sér sultarólina, lífsnauðsynlegar framkvæmdir séu stöðvaðar, lagðar á drápsklyfjar nýrra skatta og tolla og mannréttindi mikils hluta þjóðarinnar skert.

Í þeim miklu og á margan hátt merku umræðum, sem þegar hafa orðið hér á hv. Alþingi um þetta frv., hefur sannazt, að þær forsendur þess og þeirrar stefnu, sem það boðar, eru falskar. Fyrir alþjóðaraugum og eyrum hefur hæstv. ríkisstj. undanfarna daga verið hrakin úr einu víginu í annað varðandi sjálfar höfuðforsendurnar og stendur berskjölduð að kalla. Það má heita að bera í bakkafullan lækinn að ræða miklu frekar um sjálfan grundvöllinn, sem allur þessi óskapnaður er byggður á, enda mun ég að fáu einu víkja í því sambandi.

Í grg. frv. er sagt, að breyt. á gjaldeyrisstöðu okkar á síðustu 5 árum, frá 1954 til ársloka 1959, sýni versnandi stöðu, sem nemi um 300 millj. kr., eða sem nemur 60 millj. kr. á ári að meðaltali. Hinu er sleppt, að á þessu tímabili hefur birgðaaukning fullunninna og seljanlegra framleiðsluvara aukizt úr rúmlega 100 millj. kr. í 370 millj., þ. e. a. s. ef öll birgðaaukningin hefði verið flutt úr landi fyrir s. l. áramót, væri aðeins um að ræða verri stöðu á þessum 5 árum, sem næmi 30—40 millj. kr. eða 6—8 millj. kr. að meðaltali á ári. Samkv. töflu 3 í grg. frv. er gjaldeyrisstaðan talin hafa versnað um 92 millj. kr. á s. l. ári, en það ár nam birgðaaukning útflutningsvara á annað hundrað millj. Gjaldeyrisstaða okkar versnaði því raunverulega ekki það ár, en jafnvel batnaði. Auðvitað er rétt að taka fullt tillit til þess, þegar viðskipti okkar við aðrar þjóðir eru metin, að föst erlend lán eru ekki meðtalin í gjaldeyrisstöðunni, og vissulega er það rétt, að þau hafa aukizt og munu nú nema 700—800 millj. kr. Það er hins vegar sannað, svo að ekki verður um deilt, að einmitt þessar lántökur, sem að öllu eða svo til öllu hafa gengið til öflunar framleiðslutækja, sem ýmist spara stórfelldan gjaldeyri eða skapa gjaldeyri, gera það að verkum, að geta okkar til þess að standa undir skuldbindingum okkar í gjaldeyrisviðskiptum okkar er nú meiri og betri en verið hefur síðasta áratuginn. Er framlag dr. Benjamíns Eirikssonar til þeirra umræðna, sem um þær hafa orðið, landfrægt um þessar mundir og kunnara en hér þurfi að rekja. En vissulega verður það að teljast táknrænt, að þessi aðalmeðhjálpari ásamt þeim hv. síðasta ræðumanni, sem hér talaði, við gengisfellinguna 1950 getur ekki orða bundizt um þær falsanir, sem ríkisstj. hefur í frammi, heldur ræðst fram og hrekur þær á eftirminnilegan hátt. Ekki svo að skilja, að fræðilegra sannana sé þörf í þessu efni. Brjóstvit hvers leikmanns hlýtur auðvitað að segja honum, að þegar lán er tekið til kaupa á skipi, sem skilar andvirði sínu árlega í gjaldeyri, þá er slíkt ekki gjaldeyrishalli, né heldur þegar verksmiðja er reist, sem sparar margfalt andvirði sitt á fáum árum.

Enn fáránlegra er það svo, þegar hæstv. ríkisstj. bætir greiðslum afborgana af lánum ofan á framkvæmdalánin og aukningu útflutningsbirgðanna til þess að gera myndina af greiðsluhallanum sem afskræmdasta og hryllilegasta. Ríkisstj. virðist hafa fundið upp þá frumlegu hagfræðiformúlu, að framkvæmdalán plús aukning framleiðslubirgða plús afborganir af lánum sé sama og greiðsluhalli. En enginn heilskyggn maður lætur blekkjast af svo augljósri endileysu.

En þetta þykir ekki nóg. Þegar ríkisstj. eða sérfræðingar hennar fara að meta greiðslubyrðarnar í hlutfalli við gjaldeyristekjurnar, er gripið til hreinna talnafalsana.

Í töflu 2, sem fylgir grg. frv., eru gjaldeyristekjur ársins 1959 taldar 1466 millj. kr., enda þótt nú sé með vissu vitað, að þær hafi reynzt 1700—1800 millj. kr., ef reiknað er með birgðaaukningu, sem varð á árinu.

En þrátt fyrir þær tölur, sem þannig eru fengnar, og þrátt fyrir það, að ekki er reiknað með, að við náum þeim gjaldeyristekjum, sem reynslan hefur sannað að við náðum á s. l. ári, fyrr en á árinu 1963, neyðist ríkisstj. til að viðurkenna, að við séum nú og á næstu tveimur árum í hámarki hvað greiðslubyrðarnar snertir, en úr því taki ört að léttast fyrir fæti. Hér er því, jafnvel þótt hin afskræmda mynd af gjaldeyrisbyrðunum, sem ríkisstj. dregur upp, sé lögð til grundvallar, óvefengjanlegt, að um mjög tímabundna örðugleika er að ræða, sem einvörðungu stafa af því, að lán til skamms tíma hafa verið tekin til kaupa á fiskiskipum og vélum, sem þó skila andvirði sínu í gjaldeyri miklum mun örar en tilfallandi greiðslur þeirra vegna.

Það er sagt, að þjóðin lifi um efni fram og þar verði að stemma á að ósi. Samkv. öllum venjulegum skilningi á því, hvað sé að lifa um efni fram, verður sá maður eða stofnun, sem þannig hagar viðskiptalífi sínu, fátækari með hverju árinu sem líður. Kaupi maður varanlega og góða eign eða stofni til skuldar við að koma á fót arðberandi fyrirtæki, sem vissa er fyrir að standi undir skuldinni, verður hann ekki að snauðari. Hann hefur ekki vegna þeirra framkvæmda sinna stofnað til þess ámælis, að hann lifi um efni fram. Auðvitað gildir hið sama um þjóðina alla. Þegar full-

yrðingar um, að hún lifi umfram efni, eru metnar, hlýtur að verða að taka fullt tillit til þess, hvað hún hefur eignazt á þeim tíma, sem til hinna erlendu lána var stofnað. Og það hygg ég að ekki sé hrekjanlegt, að íslenzka þjóðin hafi á síðari árum sífellt verið að efnast og það mörgum sinnum meira en nemur greiðsluhalla eða skuldasöfnun.

Á þeim 5 árum, 1954 til ársloka 1959, sem sérstaklega er vitnað til að þróunin hafi verið uggvænlegust, vegna þess að gjaldeyrisstaðan hafi þá versnað um 300 millj. kr. og gjaldeyrishalli hafi orðið um 200 millj. kr. á ári, sem reyndar er hvort tveggja alrangt, ef réttilega er skoðað, — á þessum árum nam fjárfestingin í landinu um 7500 millj. kr. eða 7½ milljarði. Á þessum árum höfum við því lagt til hliðar í varanlegar eignir, húsakost, vegi, skóla, sjúkrahús, skip, verksmiðjur og orkuver o. s. frv., upphæð, sem svarar til allra þjóðarteknanna í 1½ ár, en skuldirnar nema aðeins 1/10 hluta þessarar upphæðar. Auðvitað má ekki heldur gleymast, að það er einmitt sá hluti þessarar fjárfestingar, sem runnið hefur til framleiðsluatvinnuveganna, sem gert hefur þessa stórfelldu eignaaukningu mögulega. Opinberar skýrslur herma líka, að innlendur sparnaður í hlutfalli við heildarframleiðslu hafi á þessum árum numið frá fjórðungi og upp í þriðjung hennar.

Þessar staðreyndir sanna auðvitað, að því fer víðs fjarri, að allt sé á hraðri leið í hið neðsta um afkomu þjóðarinnar sem heildar, eins og hæstv. ríkisstj. vill láta menn halda. Þar með er þó ekki fullyrt, að ekki hefði þurft að halda betur á málum. Hin gífurlega fjárfesting hefur verið skipulagslaus og tilviljunum háð, hlutur atvinnuvega þeirra, sem standa undir framleiðslunni og gjaldeyrisöfluninni, hefur verið of lítill, en ýmis óarðbær fjárfesting því meiri. Er ekki vafa undirorpið, að skynsamleg heildarstjórn á fjárfestingunni, eins og Alþb. hefur enn án árangurs beitt sér fyrir að upp væri tekin og flutt um till. á hverju þingi eftir annað, hefði með öllu komið í veg fyrir þá tímabundnu erfiðleika, sem nú er við að etja í gjaldeyrismálunum og nú er reynt að nota sem tylliástæðu til þeirra örþrifaráða, sem verið er að grípa til af stjórnarflokkunum. Og enn mundi slík heildarstjórn á þjóðarbúskapnum auðveldlega geta jafnað metin milli gjaldeyriseyðslu og útflutningsframleiðslu, án þess að skert væru í nokkru þau lífskjör, sem almenningur í landinu hefur að undanförnu búið við.

En stjórnarflokkarnir virðast ekki ætla að læra hér neitt af reynslunni. Að því er bezt verður séð, á ríkisvaldið nú að sleppa með öllu hendinni af stjórn fjárfestingarmálanna. Á undanförnum árum hefur þó þrátt fyrir allt verið gert nokkuð til þess með ríkisafskiptum að beina fjárfestingu til útflutningsatvinnuveganna og hamla jafnframt gegn óarðbærari framkvæmdum.

Nú á hins vegar, að því er bezt verður séð, að sleppa taumhaldinu með öllu. Hér eftir á að innleiða frelsi í þessum málum. Það verður að vísu takmarkað með lánsfjárskorti og vaxtaokri, þannig að þeim, sem ekki ráða yfir miklu fjármagni, hvort sem um er að ræða einstakling, félag eða bæjarfélag, verða allar bjargir bannaðar til að koma á fót atvinnufyrirtækjum, en sá, sem hefur komizt yfir fjármagn, mun njóta fulls frelsis til að festa það í hverri þeirri framkvæmd, sem hann girnist að ráðast í, hvort sem hún samrýmist þjóðarhagsmunum eða ekki. Á máli stjórnarflokkanna heitir þetta athafnafrelsi, en er í reyndinni einræði peninganna. Þeir, sem yfir þeim ráða, eiga einir og óáreittir að beina þeim í þann farveg, sem ákjósanlegastur er frá gróðasjónarmiði augnabliksins. Slík stefna mun ekki leiða til þess, að tryggð verði sú atvinnuuppbygging, sem nauðsynleg er sem undirstaða fyrir batnandi lífskjör. Slíkt gæti því aðeins orðið, að fjárfesting í framleiðsluatvinnuvegunum væri gerð gróðavænlegri en öll önnur fjárfesting og fyrir henni greitt sérstaklega. En hvergi örlar á neinu slíku í þeim till., sem nú eru fram bornar. Þvert á móti er sjálfri undirstöðunni, sjávarútveginum, sköpuð hin mesta óvissa hvað rekstur snertir og erfiðleikar við uppbyggingu og í sumum greinum hans stefnt til algerrar stöðvunar, sem ég mun víkja að síðar.

Forsendur þessa frv. eru, eins og ég gat um í upphafi máls míns, sagðar óhæfilegar skuldir við erlendar þjóðir. Ég hef bent á, að tölulega séð er sú mynd, sem af þessu er dregin af ríkisstj., afskræmd mynd af sannleikanum. Hitt er rétt, að gjaldeyristekjur okkar þurfa að aukast verulega á næstu árum, ef vel á að fara. En öll skilyrði eru líka fyrir hendi til þess, að svo geti orðið, ef öll atvinnutæki okkar eru nýtt til hins ýtrasta og ný atvinnuuppbygging verður ekki stöðvuð. Skipastóll okkar til fiskveiða hefur á síðustu 2—3 árum vaxið um 8000 lestir, og enn eru ókomnir í gagnið bátar og togarar, sem verið er að smíða, og nemur smálestatala þeirra hartnær þeirri aukningu, sem þegar er orðin. Þessi mikla aukning framleiðslutækjanna á eftir, eftir öllum líkum að dæma, að geta haft stórfelld og betri skilyrði en áður hafa þekkzt til þess að skila miklum afköstum og vaxandi gjaldeyristekjum. Afli bátaflotans er þegar farinn að vaxa í skjóli landhelgisútfærslunnar. Fiskimenn okkar eru um þessar mundir að ná fullu valdi yfir nýrri tækni í síldveiðum, þar sem eru hin fullkomnu leitartæki og flotvarpan. Virðist nú full vissa fengin fyrir því, að alger bylting sé fram undan í síldveiðunum, tæknibylting, sem geti skilað þjóðarbúinu hundruðum millj. kr. árlega. Banni, sem nú er orðin hrein heimska, á dragnótaveiðum undir eftirliti hlýtur senn að verða af létt, og með því fæst betri nýting á smærri fiskibátum, sem þá fá tækifæri til að starfa með stórauknum árangri og leggja þjóðarbúinu mjög vaxandi tekjur.

Raunverulegar gjaldeyristekjur okkar uxu um 200 millj. kr. á árinu 1958 og svipað á árinu 1959. Allt bendir til þess, að þessi þróun geti orðið enn örari næstu árin, ef allir mögu-

leikar eru hagnýttir, og við munum ekki einasta verða vel færir um að standa undir greiðslubyrðum, sem nema 180 millj. kr. það árið, sem þær verða mestar eftir útreikningum ríkisstjórnarinnar, heldur einnig geta smám saman bætt stöðu okkar eins og nauðsynlegt er.

Með þessu frv. segist hæstv. ríkisstj. ráðast að kjarna efnahagsvandamálanna, gjaldeyrishallanum, ekki á þann hátt að stuðla á nokkurn hátt að því að hraða þessari þróun eða notfæra möguleika til aukinnar framleiðslu, því að sú stefna, sem með því er upp tekin, leiðir augsýnilega á margvíslegan hátt til samdráttar í framleiðslunni ekki síður en á öðrum sviðum, enda er það skoðun ríkisstjórnarinnar, sem kemur fram í grg., að vandinn í gjaldeyrismálunum sé ekki sá, að gjaldeyristekjurnar og framleiðslan sé ekki mikil, heldur of mikil kaupgeta.

Nei, vandinn á ekki að leysast á þennan hátt, heldur á þann hátt að draga stórlega úr innflutningi. Það er hin neikvæða lausn vandans, sem þar er valin. En hér er þó ekki aðeins um neikvæða aðferð að ræða, heldur er svo að henni staðið, að allt horfir í þá áttina, að þjóðin fjarlægist hröðum skrefum það takmark að geta verið sjálfbjarga af eigin framleiðslu.

Hjá okkur standa málin svo, að í landinu er nokkru meiri kaupgeta en svarar til möguleika okkar til kaupa á erlendum vörum. Þess vegna þurfum við, meðan svo er, að hafa nokkrar hömlur á innflutningi og láta heildarhagsmuni ráða verulega um magn og skiptingu hans. Ríkisstj. segist nú ætla að afnema þessar hömlur að mestu, en minnka innflutning á sama tíma um rúmlega 200 millj. á ári, eða nálægt 20%. En þá verður auðvitað jafnframt að skera fyrir undirrót innflutningshaftanna, þ. e. kaupgetuna. Hana á að skerða svo mikið, að jafnvægi náist, m. ö. o. að getuleysi og fátækt á að gegna hlutverki haftanna. Sá, sem fjárráð hefur, á að njóta fulls frelsis til þess að kaupa hvaða erlenda vöru sem hann girnist, hvort sem hún er þjóðinni þörf eða óþörf. Og sá snauði á að njóta hins sama frelsis til þess að horfa á þann varning, sem hann hefur enga getu til að kaupa. Hér á að gera það sama og með fjárfestinguna, vald og vilji peninganna á að taka við hlutverki vitsmunanna, fátæktin á að verða forsjá okkar og skömmtunarstjóri. Það er slík tegund af frelsi, sem stjórnarliðið boðar nú þjóðinni með þessu frv. og öðrum fyrirætlunum sínum.

Hver er svo aðferðin, sem beita á til þess að nálgast takmarkið, sem sagt er að stefnt sé að, hina neikvæðu lausn gjaldeyrismálanna og það þokkalega frelsi, sem okkur á að veitast í skjóli hennar? Um það fjallar þetta frv. og aðrar þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað eða hefur á prjónunum.

Í sem stytztu máli er aðferðin þessi: Ný skráning gengisins ásamt stórfelldum nýjum tolla- og skattaálögum og hækkuðum vöxtum á að tryggja allsherjarverðhækkun í landinu, sem nemur alls á þriðja milljarð kr., þar af hreinar álögur, sem geta ekki reynzt undir 1000 millj. kr. á ári eða ⅙—⅙ hluta allra þjóðarteknanna. Þessari óhemjulegu flóðöldu verðbólgu og dýrtíðar er ætlað að skella óbrotinni á launastéttunum. Laun þeirra eiga að standa í stað þrátt fyrir stórfelldustu verðhækkunaröldu, sem nokkru sinni hefur skollið yfir þjóðina. Jafnframt er svo stefnt að því, að atvinna og framkvæmdir dragist saman vegna minnkaðra bankaútlána, vaxtahækkunar og minni kaupgetu, einnig gagnvart innlendri framleiðslu, sem leiða mun til þess, að lífskjaraskerðing verkafólks og annarra launamanna og bænda verður enn óbærilegri. Kjör sjómannastéttarinnar verða rýrð á sama hátt og afkoma þeirra, sem stunda smáútgerð, enn meira. Loks er alveg sérstaklega vegið að framkvæmdamöguleikum úti um landsbyggðina, m. a. með þeirri árás, sem gerð er á smáútgerðina með því að afnema flesta þá fyrirgreiðslu, sem ríkisvaldið hefur veitt til atvinnuveganna og atvinnuuppbyggingarinnar þar, með því að hrifsa úr byggðarlögunum hluta af spari- og framkvæmdafé íbúanna og með því að draga stórlega úr fjárfestingu samkvæmt fjárlögum. Möguleikar ungs fólks til náms, sérstaklega erlendis og reyndar heima líka, eru skertir svo gífurlega, að það jafngildir einkarétti hinna efnameiri til menntunar. Stofnun heimila og flest framtak ungs fólks er torveldað á hinn óskammfeilnasta hátt.

Þetta eru m. a. þær fórnir, sem krafizt er af hæstv. ríkisstj., að henni séu færðar, og í meginatriðum á að lögfesta með þessu frv. Það er það, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram að sé að jafna byrðunum réttlátlega á þjóðfélagsþegnana. Þetta er sú stefna, sem jafna á greiðsluhallann við útlönd og skapa atvinnuvegunum traustan, varanlegan og heilbrigðan grundvöll, eins og það heitir, og færa okkur athafnafrelsið.

Skal nú vikið nokkru nánar að einstökum atriðum frv. og afleiðingum þeirra á lífskjör almennings.

Engum dylst, að megintilgangur frv. er sá að minnka kaupgetu almennings, þ. e. a. s. lækka laun hans. 23. gr. frv., þar sem ákveðið er að svipta launamenn þeirri vernd, sem þeir hafa notið gegn verðhækkunum með samningum sínum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun, á að tryggja, að allar verðhækkanirnar og nýju álögurnar verki sem bein launalækkun. Með afnámi vísitölunnar er þó ekki aðeins verið að lögþvinga launalækkun, heldur er jafnframt ráðizt að þeim rétti, sem verkalýðshreyfingin telur sér helgastan, réttinum til þess að ákveða með frjálsum samningum við atvinnurekendur launakjör sín og hvernig þeim skuli skipað í smáu og stóru. Þessi réttur er mannréttindi, sem ósamboðið er hverri ríkisstjórn eða löggjafarvaldi í lýðfrjálsu landi að skerða eða skemma, — mannréttindi, sem verkalýðshreyfingin getur ekki þolað að séu afnumin, hvorki með lögum né ólögum.

Hér er ekki aðeins um það að ræða, hvort

verðlagsuppbætur á laun séu æskilegar eða ekki æskilegar, ekki aðeins um það að tefla, hvort launamönnunum hafi af þessari skipaninni eða hinni orðið meiri eða minni hagsbót, heldur um það, hvort þessari ríkisstj. og þeim, sem á eftir koma, á að löghelgast réttur til þess að ráðskast með grundvallaratriði í mikilvægustu réttindum þjóðfélagsþegnanna. Þessi mannréttindasvipting er e. t. v. hin alvarlegasta af öllum hinum hættulegu ákvæðum þessa frv. Með henni er lagt út á þá braut, sem enginn getur nú séð fyrir, hvern enda taki, ef ekki er við spornað þegar í upphafi.

Á því er auðvitað lítill eðlismunur að banna kauphækkanir í formi verðlagsuppbóta á laun og banna aðrar kauphækkanir og þar með skipa öllum launamálum vinnustéttanna með lögum eða tilskipunum, og að því er greinilega stefnt með þessu frv., og að nokkru leyti er sú skipan tekin upp nú þegar.

Í 28. gr. frv., sem tekin er óbreytt úr lögunum um útflutningssjóð, er ríkisstj. heimilað að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vörum og þjónustu. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að þessar niðurgreiðslur geti numið 302.9 millj. kr. Með afnámi vísitölunnar breytist allt eðli þessara niðurgreiðslna. Hingað til hafa þær verið tengdar vísitölunni, og tilhneiging stjórnarvalda hefur því óhjákvæmilega verið sú að nota þær til hins ýtrasta til þess að halda henni niðri og þar með kaupi launamanna.

Nú gerbreytist þetta. Þó að niðurgreiðsla minnki, hækka launin ekki, og nú er hvergi stafkrókur um það, að ríkisstj. sé skylt að greiða vöruverð niður. Henni er lagalega algerlega í sjálfsvald sett, hvort hún notfærir sér þessa heimild eða ekki. Hún getur haft niðurgreiðslurnar miklar eða litlar eftir eigin geðþótta. Þetta jafngildir því, að ríkisstj. hafi í hendi sér að lækka laun sem svarar öllum niðurgreiðslunum, eða sem svarar a. m. k. 10—15 vísitölustigum umfram það, sem ákveðið er að gera með öðrum hætti með þessu frv. Henni er þannig gefið vald til þess að ráða raunverulegu kaupgjaldi með einföldum tilskipunum og ríkisstjórnarsamþykktum.

Auðvitað verður nú ekki fullyrt um það, hvort eða að hve miklu leyti ríkisstj. notar þetta vald. Hitt er staðreynd, að henni er fengið þetta vald í hendur, og óneitanlega hlýtur sterkur grunur að læðast að manni um það, hvað undir býr, t. d. við lestur grg. frv., þar sem segir t. d. á einum stað um niðurgreiðslu á kaffi, sykri og kornvöru, á bls. 27 í grg. frv.:

„Þær vörur, sem fluttar hafa verið inn með 30% yfirfærslugjaldi, mundu að öðru óbreyttu hækka tiltölulega meira en aðrar vörur og þær vörur, sem innflutningsgjald hefur verið lagt á, tiltölulega minna. Er þetta óhjákvæmileg afleiðing þess, að nú er dregið úr því verðmisræmi, sem gjaldakerfið hefur skapað. Þetta verðmisræmi er hins vegar orðið svo gífurlega mikið, að því er einstakar vörutegundir snertir, að leiðrétting þess í einu stökki mundi koma afar illa niður á neytendum hinna ódýru vörutegunda, sem lengi hafa vanizt hinu lága verði. Af þessum sökum leggur ríkisstj. til, að hér sé farinn nokkur millivegur og fyrst um sinn dregið úr verðhækkunum með niðurgreiðslu nokkurra vörutegunda, sem hingað til hafa verið fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi.“

M. ö. o.: verðhækkunin má ekki koma í einu stökki, af því að neytendur eru orðnir vanir hinu lága verði. Þess vegna á fyrst um sinn að greiða hið rétta verð niður. Þegar frá líður, virðist því mega hækka verðið, eins og efni standa til. Þegar þess er svo gætt, hvernig læðzt hefur verið aftan að verkalýðshreyfingunni varðandi afnám samningsréttarins um verðlagsuppbæturnar, á þann hátt að lýsa því yfir fyrir kosningar, eins og Sjálfstfl. gerði, að samkomulags verði leitað milli atvinnurekenda og launamanna, en grímulausu ofbeldinu beitt strax eftir kosningar, eins og verkin sanna, þá gefur slíkt ótvíræða bendingu um, hvert hugurinn stefnir, og um þá misbeitingu niðurgreiðslukerfisins, sem nú er opnuð leið fyrir.

Og meðal annarra orða: Það hefur verið nokkuð hljótt um það mikla áhugamál Sjálfstfl. að endurbæta vinnulöggjöfina nú að undanförnu, þ. e. a. s. að skerða rétt stéttarsamtakanna til þess að verja eða bæta launakjör sín með þeim hætti, sem nú er lögverndaður í landinu. Finnst jafnvel ráðamönnum Sjálfstfl., að nú hafi nóg verið að gert í bili á braut mannréttindaskerðingar og launakúgunar og að ekki muni hyggilegt að hafast frekar að í bili? Eða er hitt nær sanni, sem marga grunar, að fullbúin sé nú til flutnings hér á hv. Alþingi löggjöf, sem ætlað er að kippa stoðunum undan verkalýðshreyfingunni? Um það væri fróðlegt að fá fréttir af hendi hæstv. ráðherra.

En sök hæstv. ríkisstj. í réttinda- og kjaramálum launastéttanna er vissulega ærin, þótt henni séu ekki gerðar neinar getsakir um óorðna hluti. Með þessu frv. er svo frá gengið, að hrein kjaraskerðing meðalfjölskyldu getur ekki orðið minni en 11%, þótt ekki sé tekið tillit til nýja söluskattsins, sem ætlað er að láta koma jafnt niður á brýnustu nauðsynjum sem óþarfari varningi, og ekki heldur til þeirrar miklu vaxtahækkunar, sem ákveðin er. Og í fjölmörgum tilvikum er kjaraskerðingin miklum mun meiri, sem auðvelt er að sanna og raunar liggur í augum uppi.

Ríkisstjórnin áætlar vísitöluhækkunina, sem launamönnum er ætlað að bera bótalaust, 13 stig, og ber hagfræðinga sína fyrir, en játar þó, að sitthvað sé þar ótalið, svo sem hækkun tryggingargjalda, sjúkrasamlagsgjalda, útsvarsgjalda og húsaleigu. Enn fremur er þá ótalin hækkun útsvara og engin hækkun gerð vegna vaxtahækkunar né söluskattsins, að því er bezt verður séð. En einmitt þessir liðir, sem viðurkennt er að ekki sé reiknað með, eru mjög afgerandi um afkomu manna.

Þeir vísu menn, sem að þessu frv. standa, segja, að húsaleiga hækki mjög lítið eða nær ekkert og alls ekki fyrr en eftir langan tíma. Ein fyrsta afleiðingin af þessu frv. verður þó

óumdeilanlega sú, að byggingarefni hækkar um 50% og húsbyggingar dragast mjög mikið saman, e. t. v. og líklega um helming, þar sem útilokað verður, að láglaunafólk geti ráðizt í að koma þaki yfir höfuð sér eftir þá miklu hækkun efnivara, sem ráðgerð er jafnhliða launaskerðingunni. Með samdrætti í húsbyggingum skapast fljótlega húsnæðisskortur, sem aftur leiðir af sér húsaleiguokur. Raunveruleg húsaleiga hlítir fyrr og betur lögmálum framboðs og eftirspurnar en nokkurt annað verðlag. Pappírsútreikningar ráða engu um það. Húsaleiga þeirra, sem búa í eigin húsnæði, stórhækkar, strax og þetta frv. verður að lögum, vegna vaxtahækkunarinnar, sem þar kemur þyngst niður á þeim efnaminnstu eins og reyndar öll meginatriði þessara ráðstafana.

Okkur er sagt, að útsvör muni lækka. Allir, sem eitthvað þekkja til rekstrar bæjarfélaganna, vita, að þetta er helber blekking. Þær 56 millj., sem bæjarfélögin eiga að fá af söluskattinum, sem þyngstur verður þeim í skauti, sem stærstar hafa fjölskyldurnar, munu hvergi nærri duga almennt til þess að vega á móti þeirri gjaldabyrði, sem bæjarfélögin verða að taka á sig vegna gengisbreytingarinnar, þó að ekki sé reiknað með óumflýjanlegum hækkunum öðrum, og því síður, að sú upphæð dugi til að jafna bæði útgjöld vegna gengisbreytingarinnar og eðlilegra hækkana. Útsvörin koma því áreiðanlega til með að hækka, en ekki lækka.

Okkur er sagt, að auknar tryggingar upp á 152 millj. kr. og niðurfelling tekjuskatts upp á 75 millj., eða samanlagt 227 millj. kr., jafni fyllilega $1\frac{9}{13}$ hluta af verðlagshækkun þeirri, sem af gengisfellingunni leiðir. Furðulegri blekkingu er varla hægt að hugsa sér. Þótt 37 millj. kr. auknum niðurgreiðslum sé bætt við þessa upphæð, nær þetta allt ekki nýja söluskattinum, hvað þá öllum nýju tolla- og skattaálögunum. En þá er bara öll verðlagshækkunin vegna gengisfellingarinnar og vaxtahækkunarinnar eftir. Auðvitað er unnt að benda á eitt og eitt heimili, sem þannig er ástatt um, að það fær allverulegar sárabætur í formi afnáms tekjuskattsins og að einhverju leyti með fjölskyldubótunum. En dæmin um slíkt verða naumast tekin nema af þeim, sem borið hafa háan tekjuskatt til þessa, þ. e. a. s. þeim, sem helzt geta borið einhverjar byrðar, en þeir snauðustu fá minnstu bæturnar, þar á meðal barnflestu fjölskyldurnar, eins og hér hefur áður verið sýnt fram á í umr. Það er rétt, að hjón með þrjú börn, sem hafa 100 þús. kr. árstekjur, fá tekjuskattseftirgjöf, sem nemur allt að 6—7 þús. kr., en verkamaður með sama ómagafjölda, sem vinnur fyrir Dagsbrúnarkaupi, 8 stundir dag hvern árið um kring og nýtur ekki eftirvinnu og hefur því rétt helmingi lægri tekjur, fær eftirgjöf upp á 150—180 kr. Þannig er réttlætið og jöfnun byrðanna, og þannig er tekjujöfnunin, sem sagt er að eigi að framkvæma.

Við eigum enn eftir að sjá hina nýju skattalöggjöf, þar sem ákveðið verður um afnám tekjuskattsins á tekjur innan við 70—100 þús. kr., svo að um það verður að sjálfsögðu ekki að fullu dæmt að sinni. En grunur minn er sá, að þeir, sem nú standa og standa eiga ofan við afnámsmörkin, muni, þegar til kastanna kemur, bera drýgstan hagnað þar frá borði, þegar þeir eru settir á neðsta þrepið í skattstiganum. Og eg dreg raunar ekki í efa, að þeir muni fá miklar bætur fyrir verðlagshækkanirnar.

Jafnhliða hinni beinu launaskerðingu, sem leiðir af gengisfellingunni og afnámi vísitölunnar, er einnig sótt að lífskjörum almennings úr annarri átt, og er sú atlaga sízt hugnanlegri. Margvíslegar og lævíslegar aðgerðir eiga að tryggja það, að atvinna dragist saman. Fyrsti áfanginn verður afnám yfirvinnu, sem í fjölda tilfella gefur þriðja til fjórða hlutann af vinnutekjunum. Annar áfanginn ónóg atvinna, miðað við eðlilegan vinnudag, og fæ ég ekki betur séð en þeim áfanga verði mjög skjótlega náð, víða um land á örskömmum tíma.

Þær aðgerðir, sem hér er aðallega um að ræða, eru í fyrsta lagi allsherjarsamdráttur í öllum fjárfestingarframkvæmdum, húsbyggingum og framkvæmdum hins opinbera.

Í öðru lagi stöðvun á allri útlánaaukningu bankanna, þrátt fyrir aukningu rekstrarfjárþarfar, sem nemur allt að 50% í ýmsum atvinnugreinum.

Í þriðja lagi, að bæjarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem ráða ekki yfir neinu teljandi eigin fjármagni, er fyrirmunað að ráðast í atvinnuframkvæmdir með lánsfjárbanni og vaxtaokri.

Í fjórða lagi, að ráðizt er harkalega gegn hagsmunum smáútgerðarinnar og annarrar bátaútgerðar víða um land með afnámi sérbóta á fisk og jafnframt stuðlað að því, að togararnir sigli með óverkaðan fisk í stað þess að leggja hann upp í frystihúsin.

Það væri ærið tímafrekt að rekja nákvæmlega hvern þessara þátta samdráttarstefnunnar, og hitt er einnig, að ýmsir þeir, sem hér hafa talað á undan mér, hafa gert þeim allveruleg skil, enda mun ég ekki lengja mál mitt með því að ræða alla þessa þætti nákvæmlega, svo auðskilda hluti sem hér er um að ræða. En ef menn halda, að getsakir einar séu hér á ferðinni vildi ég ráðleggja þeim hinum sömu að rýna í innflutningsáætlun þá, sem ríkisstj. hefur látið hagfræðinga sína gera. Hún gefur glögga mynd af því, hvert ríkisstj. sjálf reiknar með að stefna hennar leiði. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að innflutningur á byggingarefni minnki um 35 millj. kr. frá því, sem var árið 1958. Tel ég líklegt, að það svari til þess, að byggðar verði a. m. k. 700 íbúðum færra en nú hefur verið árlega um skeið. Áætlað er, að samanlagður neyzluvöruinnflutningur minnki um 10—15% frá árinu 1958 þrátt fyrir fólksfjölgun tveggja ára, og það, sem kannske er allra athyglisverðast, er það, að gert er ráð fyrir, að innflutningur rekstrarvara sjávarútvegs og landbúnaðar minnki úr 139.9 millj., eins og hann var 1958, í 129.9 millj. árið 1960. Þrátt

fyrir stórfellda aukningu fiskiskipaflotans, sennilega nálægt 10%, og því mjög vaxandi þarfir, miðað við úthald skipanna, á að draga saman innflutning rekstrarvaranna, sem útgerðinni eru jafnnauðsynlegar og lífandi veru loftið, sem hún andar. Þessi áætlun sannar, að ríkisstj. reiknar með því, að flotinn liggi að verulegu leyti í höfn langtímum saman, að hún reiknar með auknum siglingum togaranna og meiri eða minni rekstrarstöðvunum. Þessi áætlun er sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. stefnir vitandi vits að stórfelldum samdrætti í aðalatvinnugreinunum og atvinnuleysi í kjölfar þess. Og alls á vöruinnflutningurinn að minnka úr 1164 millj. kr. 1958 og 1167 millj. kr. 1959 í 960 millj. kr., eða um 207 millj. kr. á einu ári.

Kjaraskerðingin á að sjá fyrir minnkun neyzluvarningsins, og samdráttur og rekstrarstöðvanir eiga að halda innflutningi rekstrarvaranna niðri. Svo ætla þeir menn, sem fyrir þessu standa, að rifna af vandlætingu, eins og hv. þm. Ólafur Björnsson, ef minnzt er á samdráttarstefnu og atvinnuleysi og ef vefengt er í nokkru, að hér sé verið að veita okkur hið eina og sanna frelsi. Og síðan á að taka 800 millj. kr. vörulán til þess að veita okkur frelsi til þess að kaupa 200 millj. kr. minna vörumagn en við höfum gert að undanförnu og höfum getað greitt með okkar eigin framleiðslu.

Á það hefur verið bent, að hér á landi sé einkaauðmagnið vanmegnugra en í flestum öðrum auðvaldslöndum, og þess vegna þörfnumst við mikils lánsfjár, ef eðlilegt framtak á að eiga sér stað í atvinnulegum efnum. Augljósustu dæmi þess eru, að í velflestum sjávarþorpum og kaupstöðum landsins er það almenningur, bæjarfélögin og félitlir framtaksmenn, sem myndað hafa uppistöðuna í atvinnulífinu, hafa haft forgöngu um byggingu frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva og aukna útgerð. Þessar framkvæmdir hafa orðið mögulegar og því aðeins mögulegar, að ríkisvaldið hefur veitt mikla aðstoð og lánastofnanir fyrirgreiðslu. Ef treysta hefði átt á einkafjármagnið eitt, væri meginhluti sjávarþorpanna úti um landsbyggðina í eyði.

Nú er stefnan sú að draga á allan hátt úr opinberri fyrirgreiðslu við atvinnuvegina, minnka öll lán a. m. k. sem gengisfellingunni svarar og auk þess dæma smútgerðarmenn og fiskimenn, sem með þeim starfa, til stórfelldustu kjaraskerðingar allra stétta. E. t. v. verða auknar siglingar togaranna á erlendan markað ein allra fyrsta afleiðing þessara ráðstafana. Um 30—40% af öllum útgerðarkostnaði togaranna er erlendur kostnaður, sem nú hækkar um 50—60%. Hækkun á fiskverði, sem togararnir fá e. t. v., mun tæplega og að dómi togaraeigenda alls ekki vega á móti þessari hækkun og öðrum, sem óumflýjanlegar eru. Og þrátt fyrir hinn gífurlega kostnaðarauka, á ekki að auka rekstrarfé um eyri. Afleiðing þess verður vitanlega sú, að togaraeigendur leitast við að koma fiskinum strax eða sem fyrst í verð og jafnframt að ná sem hagstæðustu verði á útgerðarnauðsynjum. Siglingar togaranna leiða óhjákvæmilega af sér tafarlaust atvinnuleysi víða um land og jafnframt stórminnka gjaldeyrisöflun.

Á öndverðum þessum vetri færði núv. hæstv. sjútvmrh. þingi Landssambands íslenzkra útvegsmanna þann boðskap, að hagur útvegsmanna yrði í engu skertur við væntanlegar efnahagsaðgerðir. Ýmsum og þó engum frekar en smáútvegsmönnum víða um land munu þykja efndir þessa loforðs með verulegum meinbugum. Sagt er að vísu, að gengisfellingin sé við það miðuð, að þorskveiðar bátanna beri hið sama úr býtum og þær nú gera með öllum sérbótum. Ég vil að svo komnu gera ráð fyrir, að hagfræðingum hafi tekizt að reikna þetta rétt, þótt það sé nú vefengt í mörgum greinum af þeim aðilum ýmsum, sem gerst ættu að vita, og jafnvel viðurkennt af reiknimeisturunum sjálfum, að veruleg missmíði kunni að vera á. En væri það rétt, að þorskveiðar bátanna komi til með að búa við sömu kjör eftir gengisfellinguna, þá er hitt fullvíst, að útgerðarmenn og fiskimenn í þeim verstöðvum, sem hafa að meira eða minna leyti búið við hinar svonefndu sérbætur á ýmsar fisktegundir, smáfisk, ýsu, steinbít og sumarveiddan fisk, koma til með að verða fyrir stórfelldum skakkaföllum og jafnvel svo gífurlegum, að til algerrar stöðvunar horfi um sumarveiðar. Þeir eru nú sviptir þessari jöfnun aðstöðumunar, sem talin hefur verið nauðsynleg til þess að tryggja smáútveginn víða um land. Þessi svipting sérbótanna mun leiða til þess, að fiskverð til smærri útvegsmanna stórlækkar eða jafnvel um 25—30%, þrátt fyrir þá stórfelldu hækkun, sem leiðir af gengisfellingunni, á olíum, veiðarfærum, vélum og vélahlutum og öllum öðrum rekstrarkostnaði. En kjaraskerðing þeirra, sem hér eiga hlut að, rennur til þeirra, sem betur eru settir.

Þessi árás á smáútgerðina er hvort tveggja í senn heimskuleg og óréttlát. Smáútgerðin er uppistaðan í atvinnulífi flestra sjávarþorpa í þremur landsfjórðungum. Við enga atvinnugrein í þessu landi er vinnuafl svo gernýtt sem þar. Allir leggja hönd að framleiðslunni, útvegsmaðurinn sjálfur, konur og börn fiskimannanna, en þeir eiga í mörgum tilfellum sinn hlut í útgerðinni. Þar er ekki hlaðið skrifstofubáknum eða dýrum forstjórum á kostnaðarreikninginn, og engin tilviljun er það, að einmitt sjávarþorpin, sem byggja á smáútgerðinni, skila þjóðarbúinu meiri gjaldeyrisframleiðslu á mann en nokkur önnur byggð ból í landinu, og þessi hluti framleiðslunnar er fenginn með lengri og strangari vinnudegi en víðast, ef ekki alls staðar annars staðar. Smáútgerðin er vissulega það stór þáttur í atvinnulífinu og gjaldeyrisöfluninni, að hún verður ekki, svo að vel fari, afgreidd með háðsyrðum um dreifbýlisfisk eða framsóknarýsu.

Gengisfellingin leiðir beint af sér stórfellda kjaraskerðingu smáútgerðarinnar og bátaútvegsins víða úti um land og allra, sem af þess-

um atvinnugreinum hafa framfæri sitt. Það er einn þátturinn af mörgum í þessum aðgerðum öllum, sem miða að þeirri allsherjar hrörnun atvinnuveganna og lækkun lífsstigsins, sem að er stefnt.

En hefur þá loforð hæstv. sjútvmrh. til útvegsmanna á s. l. hausti ekki að öðru leyti verið efnt? Um það skal ég ekki fullyrða. Hitt veit ég, að bátaútvegurinn og raunar líka togaraútgerðin búa nú við algera óvissu um fiskverðið, sem auðvitað er hið eina, sem ákvarðar kjör þessara atvinnugreina. Sjálfur grundvöllurinn í öllum útreikningunum, sjálf undirstaðan, afkoma bátanna, hangir í lausu lofti. Samkv. upplýsingum Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á sameiginlegum fundum fjhn. beggja deilda hafa hinir óskeikulu hagfræðingar reiknað út, að fiskverð til bátanna ætti að geta hækkað um 28% frá verðinu kr. 2.12, eða í um það bil kr. 2.50, þegar frá hefur verið dregið hið nýja gjald í útflutningssjóð. Nú mun raunverulegt verð hafa verið um kr. 2.35, þegar tillit er tekið til þess, að ríkið hefur greitt vátryggingar, og hækkun til bátanna ætti því samkv. þessum reikningum að geta orðið um 15 aurar á kg á móti öllum þeim hækkunum, sem af gengisfellingunni leiðir.

En það þykjast fleiri geta reiknað en hagfræðingar ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna nú nýlega, í gær, að ég held, gert stjórnarsamþykkt um það, að kaupverð á þorski geti ekki orðið a. m. k. teljandi hærra en kr. 2.07, þ. e. a. s. að kaupverð fisksins standi í stað eða lækki frá því, sem nú er. Og það þykjast enn fleiri geta reiknað en fiskkaupendur. Útvegsmenn hafa líka reiknað sitt dæmi og segja, að verðið megi alls ekki verða undir kr. 2.60 til kr. 3.00 eftir tegundum. Þar höfum við þrjú fiskverð, ríkisstjórnarfiskverð á kr. 2.50, útvegsmanna á kr. 3.00 og frystihúsanna á kr. 2.07. Það munar ekki nema 50% á hæstu og lægstu tölu, og allir þykjast reikna frá sama grundvelli. Hver hefur reiknað skakkt? Ég skal ekki dæma um það, en það fer að verða skiljanlegra í ljósi þessara staðreynda, sem fyrir liggja um þessa útreikninga, að þótt hefur nauðsynlegt af hendi ríkisstj. að synja bæði mér og öðrum nm. í fjhn. um alla þá útreikninga á afkomu bátsins, afkomu frystihúsanna, sem mestu skipta í þessu sambandi. Og þessum upplýsingum er ekki aðeins haldið leyndum fyrir okkur, heldur fyrir öllum þingheimi, sem ætlað er að samþykkja og afgreiða þetta frv.

Það er sagt, að gengisfellingin, sem þjóðin á að þola ásamt með öllum tilheyrandi afleiðingum, sé byggð á afkomu bátanna, en þessum útreikningum er haldið leyndum, og þeir virðast vera svona ábyggilegir, eins og þessi dæmi sanna.

Ég ætla ekki að dæma um þessa útreikninga, en ég veit, að allir þessir þrír aðilar hafa reiknað dæmið að einu leyti skakkt. Þeir hafa gleymt fjórða aðilanum, þ. e. a. s. þeim, sem skila aflanum á land, sjómönnunum. Þeir hafa allir reiknað með því, að þeir mundu sætta sig við að fá kr. 1.66 fyrir sinn hluta aflans, og þar er komið fjórða verðið.

Var ekki verið að tala um heilbrigðan og traustan og varanlegan grundvöll fyrir atvinnuvegina og þó alveg sérstaklega bátaútgerðina? Sannleikurinn er sá, að aldrei í manna minnum hefur slíkur glundroði verið innleiddur í þessum málum sem nú, gagnstætt því, sem tíðkaðist a. m. k. á stjórnarárum vinstri stjórnarinnar og meðan Lúðvík Jósefsson var sjútvmrh. Þá voru gerðir samhliða samningar við frystihúsin, við útgerðina, við sjómenn og þannig tryggður fullur og stöðvunarlaus rekstur. Nú er aftur á móti efnt til sleitulauss ófriðar, ef ekki hreinnar styrjaldar milli allra aðila, sem að þessum atvinnuvegi standa, og fær nú í dag enginn séð fyrir, hvern enda slíkt fær né hver vandræði kunna af þessu að hljótast. Og þetta átti að vera sjálfur grundvöllurinn. Hvernig mundi þá með stöðugleika yfirbyggingarinnar?

Í grg. þeirra Ólafs Björnssonar og dr. Benjamíns Eiríkssonar fyrir gengisfellingarlögunum 1950 var svo að orði komizt, að gengislækkunin ylli ekki neinni kjaraskerðingu hjá þjóðinni í heild, þar sem hún minnkaði ekki þjóðartekjurnar, það yrðu jafnmikil verðmæti til skiptanna og áður. Eitthvað virðist á reiki hjá núv. hæstv. ríkisstj. um gildi þessarar kenningar, því að henni er tíðrætt um byrðar, sem jafna verði á þjóðarheildina, en a. m. k. hæstv. viðskmrh., sem mest barðist á móti þeim félögum 1950, virðist hafa tekið ástfóstri við þessa kenningu og hefur hana nú orðrétta sem sína speki. Að þessum ummælum hefur verið vikið hér í hv. d. áður.

Auðvitað er það rétt, að eitt aðaleinkenni og afleiðing gengisfellingarinnar er hin gífurlega fjármunatilfærsla í landinu frá launastéttunum og hinum mörgu smærri eigendum sparifjár til þeirra, sem sölsað hafa undir sig yfirráð fjármagnsins. En hún er jafnframt og ekki síður byrði, sem velt er á þjóðina í heild, vegna þess að hún ásamt þeim öðrum ráðstöfunum, sem eru fyrirhugaðar, stefnir til minnkandi framleiðslu og minnkandi þjóðartekna og leiðir þannig til þess, að minna kemur til skiptanna en áður. Þetta skilja nú ýmsir þeir aðilar, sem í augnablikinu kunna að sjá stundarhagsmuni sína glæðast, t. d. sumir útvegsmenn og jafnvel kaupsýslumenn. Þessir aðilar margir gera sér ljóst, að sjálft kerfið, sem að er stefnt að skapa, hlýtur að rýra þeirra hlut einnig, þegar til lengdar lætur. Minnkuð kaupgeta almennings étur fyrr en varir stundargróðann, sem kaupmaðurinn kann að fá með því að færa upp verðið á birgðum verzlunar sinnar, og það, sem hann kann að geta hrifsað með hækkaðri álagningu í skjóli verðhækkana. Iðnrekandinn græðir í dag á því að fá vinnuna keypta á lággengi, en á morgun sér hann fram á samdrátt vegna lánsfjárskorts og hinn daginn fram á stöðvun vegna sölutregðu, bæði af völdum hins frjálsa innflutnings og minnkandi kaupgetu. Fiskkaupandinn kann að stórgræða í dag og á morgun, en hann veit,

að hinn daginn sækir sjómaðurinn sinn skerta hlut úr hendi útgerðarmannsins og útvegsmaðurinn krefur fiskkaupandann aftur um sitt réttmæta fiskverð, og hann sér líka fram á hráefnaskort vegna siglinga togaranna með óunna vöru á erlendan markað og verri afkomu af þeim sökum og vegna samdráttar í smáútgerðinni.

Þetta eru m. a. ástæðurnar fyrir því, að jafnvel þeir, sem beinlínis er ætlaður gróðinn af gengisfellingunni, eru uggandi og óánægðir, þ. e. a. s. þeir, sem sjá eitthvað fram fyrir tærnar á sér. Og svo aumt er hlutskipti þeirrar ógæfustjórnar, sem Íslendingar hafa nú yfir sér, að hún á engan heils hugar bakhjarl, jafnvel í þessum stéttum, sem að jafnaði eru þó fúsastar til að fylgja kjaraskerðingu og launaráni. Hinir einu, sem eru almennt ánægðir, er fávís heildsalastétt hér í höfuðborginni, sem heldur, að mannréttindi og frelsi í landinu standi og falli með því, hvort þeir sjálfir losni undan þeirri kvöl að norpa á biðstofunni á Skólavörðustíg 12 eða gjaldeyrisafgreiðslu bankanna. En kannske læðist líka að sumum þeirra grunur um, að 800 milljónirnar geti einhvern tíma gengið til þurrðar, og kannske líka sá, að biðin eftir því, að vörur þeirra seljist, reynist litlu kvalaminni en biðin eftir gjaldeyrisleyfunum nú.

En hins er ekki að dyljast, að þó að fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar eigi sér fáa formælendur hér innanlands, þá á hún bræður að baki eða kannske réttara sagt húsbændur meðal erlendra valdamanna. Reseptið að aðgerðunum er líka þaðan fengið. Meðan allir innlendir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við efnahagslegar breytingar voru hunzaðir, voru málin rædd og brædd í París og Washington, og hefur sú dæmalausa undirgefni verið feimnislaust viðurkennd hér á hv. Alþingi. Og verkin sýna hér líka merkin. Hernámsliðið á Keflavíkurflugvelli getur nú heimtað íslenzkt vinnuafl fyrir meira en helmingi lægra verð en áður. Gróði þess af gengisfellingunni nemur ekki undir 6 millj. dollara á ári, miðað við sömu framkvæmdir og undanfarin ár, eða 200 millj. kr. miðað við nýja gengið. Og það eru ef til vill fleiri, sem hér eftir vilja kunna að notfæra sér það einstaka tækifæri til gróða að fá vinnustund íslenzks verkamanns keypta á rúmlega hálfan dollar, þegar vinnustund amerísks verkamanns kostar 3 dollara, eða 5 sinnum meira. Slík kjarakaup eru ekki boðin víða annars staðar í heiminum og næsta líklegt, að eftir þeim verði sótt. Og þeir menn munu líka finnanlegir hérlendis, sem líta á slíka sölu á íslenzku vinnuafli til erlendra auðhringa sem framtíðarbjargræði. Auðsætt er, að þessar aðgerðir ryðja þar veginn fyrir fjárfestingu erlendra fyrirtækja eða leppa þeirra, með öllum þeim geigvænlegu hættum, sem slíkt hefur í för með sér fyrir okkar litla þjóðfélag.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er stríðsyfirlýsing á hendur íslenzkri alþýðu og verkalýðshreyfingu hennar. Með lögfestingu þess eru launakjör hennar skert meira en nokkur dæmi eru til í einu vetfangi ofan á það launarán, sem framið var fyrir réttu ári og enn stendur óbætt. Með þessu frv. er samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar skertur í einu veigamesta atriði, þar sem lögbannað er að festa í samningum nokkra vernd gegn verðhækkunum í framtíðinni. Lögbundið, hvernig megi semja og hvernig megi ekki semja. Mannréttindum stolið. Atvinnuleysi boðið heim. Slíkt er frelsið, sem verkalýðshreyfingunni er ætlað af hinum skinhelgu hræsnurum, sem þykjast meta það öllu meira, þegar heildsalalýður Reykjavíkur er annars vegar.

Verkalýðshreyfingin varaði Alþfl. við launaráninu og réttindaskerðingunni í fyrra. Hún hefur varað núv. ríkisstj. við að framkvæma það verk, sem nú er verið að reyna. Mótmæli og aftur mótmæli hafa dunið yfir daufum eyrum hennar. Hvert einasta verkalýðsfélag, sem enn hefur rætt þetta frv., og þau eru mörg, hefur einróma andmælt því, varað við framkvæmd þess og fordæmt það. Þá má telja á fingrum sér, sem reynzt hafa svo sljóir fyrir hagsmunum sínum og sæmd verkalýðsstéttarinnar, að þeir hafa af flokksþægð stunið upp varnarorði fyrir þau afglöp, sem nú á að fremja og er ákveðið að fremja. Yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar skilur, hvað einróma andstaða verkalýðshreyfingarinnar boðar, fagnar henni og er reiðubúinn til að styðja hana í þeim átökum, sem koma hljóta, skilur, að þessi árás er dæmd til að mistakast, þó að hátt sé til höggsins reitt. Eini aðilinn í landinu, sem þykist ekkert skilja, er hæstv. ríkisstjórnin. Hún þykist báðum fótum í jötu standa með sitt 800 millj. dollara eyðslulán í bakvasanum og virðist halda, að það geti tryggt henni líf og sigur yfir verkalýðshreyfingunni og þeim yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar, sem hana styður. Við, sem höfum verið með í verkalýðshreyfingunni s. l. tvo áratugi og þekkjum nokkuð viðbrögð hennar við smærri árásum en þessi síðasta og versta er, við undrumst þessa glámskyggni. Við hljótum að mæla okkar varnaðarorð. Þótt þau verði nú ekki metin hátt, má vera, að þeirra verði minnzt síðar. Verkalýðshreyfingin hefur vissulega ekki æst til ófriðar við löggjafann eða ríkisvaldið, heldur þvert á móti boðið samstarf um vandamálin. Hún hefur nú um sinn sýnt fjandsamlegri ríkisstj. ótrúlega biðlund, meðan klækir hennar og bellibrögð voru að sýna sig til fulls. En nú mun hún segja: Hingað og ekki lengra. — Hún óttast hvorki stríðsyfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar né ögranir, en lýsir allri ábyrgð af þeim á hendur þeim, sem til ófriðarins hafa stofnað.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það hefur verið skýrt frá því hér, að fjhn. klofnaði í þessu máli. Meiri hl., 3 stjórnarstuðningsmennirnir, mælir með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir. Stjórnarandstaðan, sem skiptist í tvennt, mælir aftur gegn frv. Ég hef samið nál., þó að það sé ekki komið fram. Fundi fjhn. lauk ekki fyrr en um hádegi í gær og tími var naumur. Ég skilaði

nál. minu í morgun kl. 10 og tel þess vegna ekki, að ég þurfi að biðja neinnar afsökunar á því, eftir atvikum, þótt það liggi ekki hér fyrir. Skjalavörðurinn sagði mér, að líklegt væri, að það mundi koma úr prentsmiðjunni hingað inn í þingið um kl. hálfsex.

Um störf fjhn. er það að segja, að í raun og veru voru þau ekki mikil. F'jhn. höfðu sameiginlega fundi, þegar málið fór frá 1. umr. í fyrri deild, og á þeim fundum mættu ráðunautar ríkisstjórnarinnar til að gefa ýmsar upplýsingar. Þessa fundi sátum við nm. fjhn. í þessari hv. deild, en mikið skorti á, að við fengjum þær upplýsingar, sem við teldum fullnægjandi, og enn var það svo á þeim fundi, sem fjhn. hélt í gær, þegar hún tók málið fyrir eftir 1. umr. hér, að ekki fengust þær upplýsingar, sem við minnihlutamennirnir báðum um.

Með þessum orðum er ég alls ekki að ásaka hv. formann fjhn. hér, því að það væri alveg ómaklegt. Hann mundi vafalaust vilja upplýsa sína nefnd eins og hægt er. En hitt er að í málinu að minum dómi, að ríkisstj. og hennar nánustu ráðunautar liggja á upplýsingum í málinu og einkum að því er snertir þær hliðarráðstafanir, sem stjórnin hyggst gera og boðar með hálfkveðnum vísum.

Vera má, a. m. k. geta góðviljaðir menn litið svo á, að ríkisstj. kunni að eiga eftir að ákveða sig í þessum efnum. En nærri liggur að halda, að hún geri það af ásettu ráði að leggja efnahagsmálin inn í skömmtum til þess að hlífa mönnum við hinum beiska drykk í stórum sopum. Við spurðum t. d. um það og langaði til að vita, hvað á að hækka útlánsvextina mikið. Um það var ekkert svar hægt að fá. Hvernig verður tekjuskattsstigi hinna nýju skattalaga? spurðum við. Ekkert svar. Hvernig lítur reikningur vísitölubátsins út, sem miðað er við í efnahagsmálafrv.? Hann var ekki sýndur. Hann hlýtur þó að vera til. Kannske er eitthvað dularfullt við hann, sem ekki er hollt að menn viti á þessum stigum málanna almennt. Hvað verða erlendar neyzluvörur greiddar mikið niður í prósentum? Ekkert svar. Hvað hækka tryggingagjöld almannatrygginganna mikið? Ekkert svar.

Það er þess vegna ekki þægilegt að gera sér fyllstu grein fyrir því, hvað hér er á ferðinni, en ljóst liggur fyrir, að það er allstórt í stykkjum og á að valda hvörfum í efnahagslífi þjóðarinnar.

Þegar ég hlustaði á ræðu hv. frsm. meiri hl., sem talaði málefnalega eins og venjulega, þá fannst mér hún bera blæ af því, að hann væri heldur vonlítill um, að þessar efnahagsráðstafanir mundu gefast vel. Að vísu væri það rangt af mér að segja, að hann hefði ekki mælt með þeim. Það hefði verið undarlegt, ef hann hefði ekki gert það. Auðvitað er hann nógu mikið karlmenni til þess að fara á sjó með hinum, úr því að hann hefur skinnsokkað sig á annað borð. En blærinn var hins vegar kvíði. Og ég satt að segja legg nokkuð mikið upp úr þessum blæ frá honum, af því að ég tel líklegt eftir kynnum mínum af honum og menntun hans, að hann beri betra skyn á þessa hluti en flokksbræður hans yfirleitt.

Hann notaði líkingu í sambandi við það, sem hann sagði um bjargráðin svonefndu, þ. e. a. s. efnahagsmálafrv. vinstri stjórnarinnar, og sagði, að hann hefði ekki talið, að hann gæti átt þátt í þeim, þó að hann hefði nú talið þau betri en aðgerðirnar frá 1950, því að það væri svo, að ef ætti að byggja fjósvegg, þá þyrfti til þess þekkingu og kunnáttu, ef hann ætti að standa. Út frá þessu finnst mér vera réttmætt að segja, að hv. frsm. meiri hl. hafi nú byggt sinn vegg, en satt að segja fannst mér ræða hans bera þann blæ, eins og ég sagði áðan, að í raun og veru varaði hann menn við því að fara inn í kofann eða vera þar a. m. k. andvaralitlir, því að ef vatn kæmist í vegginn og frostbólga, sem maður getur líkt við verðbólguna á þeim stað, þá mundi veggurinn hrynja.

Þetta stjórnarfrv., svo að maður víki beint að því, felur í sér fyrirmæli, eins og ég sagði áðan, um stórkostlega röskun á efnahagslífi Íslendinga, og svo mikla röskun, að útlit er fyrir, að það sé gert án þess, að fullkomin aðgát sé viðhöfð. Það líkist, ýmislegt í því, í mínum augum, örþrifaráðum. Það minnir mig á söguna af manninum, sem hélt að væri kviknað í húsi sínu og rauk til og greip dýrasta leirtau konu sinnar og henti því út um gluggann, með þeim orðum, að „hér dygði ekkert bölvað kák".

Mér finnst vera farið þannig með dýra hluti í þessu frv., að líkist því, að þeim sé hent út um gluggann, af því að gert sé ráð fyrir, að eldsvoði sé á ferðum, en þess ekki gætt, að þeim er ekki bjargað með því, heldur eru þeir brotnir.

Annað einkenni er á þessu efnahagsmálafrv. og aðgerðum þeim, sem boðaðar eru jafnframt því, — einkenni, sem mér geðjast ekki að og ég hugsa að Íslendingum yfirleitt muni ekki geðjast að. Það er það, að farið er fram á í því heimildir til einræðislegra aðgerða. Sérstaklega á ég þar við það, að ætlazt er til, að ríkisstjórninni sé gefin heimild til þess að ákveða vexti í stofnlánadeildum atvinnuveganna, vexti, sem Alþingi hefur jafnan ákveðið, einnig að ákveða lánstíma, sem Alþingi hefur jafnan ákveðið líka.

Þetta er langt gengið, að ætlast til þess, að Alþingi afsali sér löggjafarrétti til ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi. Og hvað boðar það? Hvað kemur næst? Hafa hv. stuðningsmenn ríkisstj. gert sér grein fyrir því, hvort þeir hafa fengið umboð í kosningunum síðustu til þess að gefa út slíkt afsal á þingræði?

Hyggst ríkisstj. kannske með því að fara fram á þetta smátt og smátt að halda áfram t. d. í þá átt, sem de Gaulle hefur farið, og gerir hún ráð fyrir því að búa yfir hæfileikum de Gaulles? Eða hyggja stuðningsmenn hennar, að svo sé, og vill yfirleitt íslenzka þjóðin ganga inn á þær brautir?

Þegar rætt er um þetta frv., verður ekki hjá því komizt að hafa jafnframt í huga allt það, sem maður veit um að gera á, þó að hula

sé yfir því í ýmsum öðrum efnum, og einnig þá að hafa í huga fjárlagafrv. nýja, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram og gert grein fyrir, því að þar kemur ýmislegt fram, sem er í efnislegu samræmi við efnahagsmálatillögurnar.

Nú hafa þessi mál verið mikið rædd hér á Alþingi að undanförnu, og það stappar nærri, að manni finnist, að búið sé að slá túnið að því leyti. En þó er það svo, að það eru furðumargir toddar eftir í túninu, þegar að er gáð, því að skæklarnir á efnahagsmálatillögunum eða túni ríkisstj. eru svo margir og ná svo langt út fyrir þau takmörk, sem maður gæti hugsað sér að slík löggjöf næði — og mætti ná.

Flokksbræður mínir hafa gagnrýnt þessar efnahagsmálatillögur mjög rækilega, og ég get skírskotað og tel rétt að skírskota til þeirrar gagnrýni.

Í Nd. lagði fulltrúi flokksins í fjhn. fram mjög ýtarlegt nál. og sýndi í því glögglega fram á háskalega galla á frv. í mörgum greinum og óheillavænlega stefnu þess. En það, sem er höfuðatriðið og mestum umræðum hefur valdið, er vitanlega sú tillaga að fella íslenzka krónu að skráningu móts við erlenda mynt um 132.5%, en það er lagt til samkv. 1. gr. frv.

Nú er það svo, að gengisfelling hefur ekki verið neitt bannorð hjá Framsfl., og fylgjendur frv. hafa mjög undirstrikað það í umræðunum, að framsóknarmenn hafi tekið þátt í gengisfellingu og hafi jafnvel lagt til í vinstri stjórninni, að gengið væri fellt. En þetta er engin sönnun fyrir því, að eðlilegt sé að ætlast til þess, að framsóknarmenn séu með þessari miklu gengisfellingu.

Gömul sannindi, sem fest eru í okkar bókmenntum, eru þau, að ekki sé viturlegt að vega oft í sama knérunn, og það á við að minnast þess. Þó að gengisfelling hafi verið gerð, eru takmörk fyrir því, hvað rétt er að gera hana oft eða mikið eða stórfellda, því að þar er verið að vega í sama knérunn. Það er bæði, að sama aðferð er höfð, og svo eru það sömu aðilar, sem verða sérstaklega fyrir því að hljóta skerðingu í sambandi við gengisfellingu. Við framsóknarmenn teljum, að hér sé of geyst í sakir farið.

Það var sagt og lögð á það mikil áherzla í blöðum flokka þeirra, sem standa að ríkisstj., og sérstaklega þó í blaði Alþfl., að með þeirri gengisfellingu, sem fyrirhuguð væri, ætti að afnema bóta- og styrkjakerfið.

Nú viðurkenna allir, að bóta- og styrkjakerfið hjá okkur er komið í miklar öfgar, og það mætti náttúrlega mikið á sig leggja til þess að komast út úr bótakerfinu. En er það nú svo, að með þeirri gengisfellingu, sem hér er um rætt, sé verið að afnema bótakerfið? Hafa ekki þeir lesendur blaðanna, sem lásu þetta, t. d. í sambandi við fyrstu tilkynningar um aðgerðirnar, verið blekktir?

Ég hygg, að það hafi víða vakið samúð í hugum fólks, þegar það heyrði, að afnema ætti styrkja- og bótakerfið, og auðvitað ekki sízt þegar það fylgdi með, að það ætti að gera það án þess að auka nokkuð álögur. Hver mundi ekki vera með slíku? En þegar tillögurnar liggja nú fyrir, kemur greinilega í ljós, að það er langt frá því, að bóta- og styrkjakerfið sé afnumið. Að vísu verður útflutningssjóðurinn lagður niður, þó ekki að fullu strax. Ef menn yfirleitt hafa litið á bóta- og styrkjakerfið sem mein og hann sem sýnilegt tákn þess, þá er — því miður — tryggt, að hann heldur áfram fyrst um sinn, tekur á móti tekjum, 5% af verði útflutningsvaranna. Hann hefur því skilyrði enn til þess að vaxa. Meinið er ekki upprætt. En aðallega eru verkefni hans flutt að öðru leyti en þessu yfir til ríkissjóðsins. Ég veit ekki, hvers vegna það er gert. Kannske er í því einhver feluleikur. Maður má þó ekki vera of illgjarn eða tortrygginn í þessu sambandi, en grunsamlegt er það vitanlega, því að til ríkissjóðsins hafa verið fluttar frá útflutningssjóði allar niðurgreiðslur og meira en það. Það hefur verið bætt við fyrirheiti um nýjar niðurgreiðslur og þar með vöxt þess þáttar bótakerfisins. Og nú er það svo, að þó að útflutningsuppbæturnar hefðu ýmsa galla, þá hygg ég, að niðurgreiðslurnar séu í sjálfu sér verri, og það er fyrir það, að komið er svo langt í niðurgreiðslunum hjá okkur, að farið er að greiða vörur niður fyrir verð þeirra í verðlagsgrundvelli framleiðslunnar. Þegar svo er komið, skekkja þær allan grundvöllinn og stofna til þess ranglætis meðal þjóðfélagsþegnanna, að sumir fá meiri niðurgreiðslu en aðrir. Framleiðendur sjálfir geta að litlu leyti notað sér þessar niðurgreiðslur, þó að þeir hins vegar sem þjóðfélagsþegnar eigi fullkominn rétt til þeirra. Af þessu leiðir það líka, að hugmyndir manna um verðmæti þeirrar vöru og gildi þeirrar framleiðslu í þjóðarbúskapnum, miðað við verðlagið, skekkjast og það út af fyrir sig er slæmur galli.

Já, gengisfellingin er langt frá því að afnema bóta- og styrkjakerfið. Að því leyti er þessi stóra aðgerð kák.

Gengisfellingin er í raun og veru stórfellt ofanálag á gjaldabyrðar almennings, af því að tekjuöflunin til bóta- og styrkjakerfisins heldur áfram í svo stórum stíl.

Nú er það vitað, að gengisfelling hækkar jafnan verðlag erlendrar vöru, og það gerir þessi gengisfelling í stórum stíl. Að sjálfsögðu á í því sambandi að taka tillit til yfirfærslugjalda, sem voru og má líkja við gengisfellingu, og draga þá liði frá, þegar reiknuð er út hin beina hækkun af þessari gengisfellingu. Hæstv. ríkisstj. og ráðunautar hennar segja, að hækkunin af völdum gengisfellingarinnar verði, miðað við vísitöluvörur, „sennilega 25% til jafnaðar“. En þarna er tvennt í sambandi við 25 prósentin, sem gerir það að verkum, að ekki má setja traust sitt á þessa tölu. Fyrst og fremst er það, að inn í vísitöluna koma alls ekki allar þarfir almennings, því að vísitalan hefur verið gallagripur, eins og hv. 9. landsk. sagði hér í ræðu við 1. umr., hún hefur verið löguð til með tilliti til þess, hvernig hún gæti orðið viðráðanlegust, og þess vegna er hún, í sambandi við það, þegar á að fara að reikna út áhrif gengisfellingar á verðlag fyrir almenning í landinu, alls ekki fullkominn mælikvarði.

Og í öðru lagi er það, að þegar um jafnaðarverð er að ræða, þá er það ekki heldur fullkominn mælikvarði, því að það er svo misjafnt, sem er notað af vísitöluvörunum, og þess vegna er það, að þunginn fellur misjafnt á fólkið.

Ég hef fengið útreikninga um hækkun á ýmsum vörum, sem þjóðin þarf að nota og fá erlendis frá. Að sjálfsögðu hækka mest þær vörur, sem voru í 30% yfirfærsluflokknum. Og það út af fyrir sig hlýtur að vera umhugsunarefni, hvort þjóðin getur talið það heppilega aðgerð að hætta að flokka vörur þær, sem inn eru fluttar, undir misjafnt verðlag. Ég veit, að til þess að flokkun geti átt sér stað, þarf misjafnt gengi, og það hefur sína galla. En hins vegar hefur það þá stóru kosti, að með því er hægt að hlífa þeim vörum, sem almenningur, þ. e. allir í landinu, þarf ófrávíkjanlega að nota, en skattleggja í gegnum yfirfærslugjöld eyðslu, — þetta, sem raunverulega er eyðsla í landinu, og það, sem þeir menn, sem hafa peningaráð, telja sig geta veitt sér.

Eins og ég sagði áðan, hefur það ekki verið upplýst, hverju niðurgreiðslurnar á aðfluttum vörum eiga að nema í prósentum. Mér skilst, að það séu aðallega munnvörur, sem menn nota, ef svo mætti að orði komast, sem á að greiða niður. En það hefur ekki verið upplýst, hvað mörg prósent það yrðu. Ég ætla þess vegna ekkert að fara út í að skýra frá því, hvaða prósentuhækkun yrði á slíkum vörum. En það er illt við umræður þessa máls, þegar menn eru að taka afstöðu til þess, að vita ekki fyrirætlanirnar í því efni.

Ef maður tekur t. d. bómullarefni, mislitt, sem almenningur notar ákaflega mikið, þá hækkar það um 77.4%, gúmmískófatnaður um 78.4% og gúmmístígvél um 87%, timbur um 47%, þakjárn um 47%, steypustyrktarjárn um 44%, rúðugler um 43%, hreinlætistæki um rúm 38% og kol um 49%. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið reiknað út fyrir mig af kaupsýslumanni, sem telur sig kunna slíkan reikning. Sjálfur skal ég játa það, að ég er ekki vanur vöruálagningu og hef þess vegna ekki lagt í það að reikna. Hins vegar hefur hv. 4. þm. Vestf. lýst því yfir hér í d., að hann hafi sjálfur reiknað út hækkun á sumum af þessum vörum, sem ég hef nefnt, og ber þeim útreikningi saman við það, sem ég hef sagt.

Þá vil ég minnast sérstaklega t. d. á dráttarvélar. Þær hækka að fróðra manna sögn og „kunnáttumanna í að hlaða þann vegg", sem sé að reikna út verðlag, um 49.8%. Og þá skilst mér, að Ferguson-dráttarvél með sláttuvél muni hækka úr um 60 þús. kr. í 90 þús. kr. Gera má þá ráð fyrir, að ýmsum kotbóndanum, sem á eftir að fá sér þetta nauðsynlega heimilistæki, muni þykja þrengjast fyrir dyrum sínum, þegar þangað koma hv. valdamenn stjórnarflokkanna með þessar álögur. **(Gripið fram í:** Hvort er þetta hækkun á innkaupsverði eða útsöluverði?) Þetta er hækkun á útsöluverðinu, verðlagt á sama hátt og verið hefur og á þá leið, sem gert er ráð fyrir að verði. Máske er eitthvað á huldu um það, hvernig ríkisstj. ætlar að fyrirskipa verðlagninguna, en ég get ekki tekið tillit til þess né aðrir, meðan það er ekki upplýst.

Nú vita það allir, að þó að verðlagseftirlit sé og ríkisstj. geri ráð fyrir því að hafa verðlagseftirlit, þá hrekkur ekkert verðlagseftirlit til að ráða við þá spennu, sem skapast, þegar dýrtíðaralda er sett á stað. Allt verðlag vill laga sig eftir henni. Allir þeir, sem verðleggja, vilja í raun og veru hækka það, sem þeir selja, og á móti þessu getur ekkert eftirlit fullkomlega spornað. Verðhækkunin fylgir lögmálum skriðunnar. Fyrst fer lítil skriða af stað í fjallsbrúninni, en vex, eftir því sem neðar kemur, og tekur meira og meira með sér. Og ég hygg, að ef nú svo fer, að þessar efnahagsráðstafanir takast ekki á þann hátt, sem ríkisstj. hefur hugsað sér, og fara út um þúfur, eins og kallað er, — og maður gæti hugsað sér af framsöguræðu hv. formanns fjhn., að hann væri hræddur um það, — þá er skriða fallin. Erfitt verður að græða upp og slétta úr og bæta fyrir það, sem hún brýtur niður.

Það hefur verið boðuð margs konar hækkun, beinlínis og óbeint, í athugasemdum þeim, sem fylgja frv. efnahagsmálanna og einnig í sambandi við fjárlögin, fjárlagafrv. nýja. Það hefur verið boðað, að símgjöld hækki, póstgjöld hækki, daggjöld öll á sjúkrahúsum, farmgjöld o. s. frv. Það hefur verið boðað, að tryggingargjöld hækki. Það hefur verið sagt, að húsaleigan muni hækka, þó að það verði kannske ekki strax. Allt leitar til hækkunar. Og maðurinn, sem hefur ekki nema það, sem hann þarf, hefur ekki haft nema það, sem hann þarf til sín, hlýtur að vera uggandi um framtíð sína, þegar þessi boðskapur er á ferðinni. Og þeir, sem flytja um þetta tillögur, þurfa að vera vissir um, að mikill ávinningur í einhverjum efnum verði af þeim, þegar út í þetta er lagt.

Menn á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi, sem sækja sjóinn á heimamið sín, eru uggandi, þegar þeir heyra þann boðskap, að niður eigi að falla þær sérbætur, sem þeir hafa fengið á þær fisktegundir, sem þeir veiða öðrum sjómönnum landsins fremur og eru meira á þeirra fiskimiðum en annarra landshluta. Vestfirðingarnir segja, að helmingur af afla sínum sé steinbítur, sem notið hefur sérverðbóta. Og með öllu Norðurlandi og Austurlandi hafa menn svipaða sögu að segja í sambandi við ýsuna og smáfiskinn. Þessi fiskur er góð vara, góð matvæli, þegar hann hefur verið framleiddur, en af því að hann er smár fiskur, leggur hann sig verr, skilar minna innleggi miðað við beinastærð, og hann er fyrirhafnarsamari í flökun og vinnslu. Nú er það spurningin, hvort ríkisstj. telur, að það megi svipta þessa landshluta þeim bótum, sem þeir hafa haft á þessa framleiðsluvöru sína og hafa ekki gert betur en komast af í nokkru samræmi við aðra menn í landinu. Ef hún lítur svo á, að það megi svipta þá þessum bótum, hlýtur hún að líta svo á, að þessir landshlutar megi fara í meiri og minni auðn, því að það er enginn vafi á því, að lífsskilyrðin

þar við sjóinn skerðast svo, þegar þessar uppbætur eru felldar niður, að fólkið telur sig ekki geta komizt af og flytur sig þangað, sem betri skilyrði eru eða betur gert við fólkið af þjóðfélagsins hálfu.

Samflokksmenn mínir í Nd. fluttu brtt. við frv. í þá átt að halda áfram þessum bótum. Sú till. var felld í Nd. af stjórnarliðinu. Ég spurðist fyrir um það í fjhn. þessarar d., hvort nokkur breyting hugarfars væri á ferðinni í þessum efnum, en fékk ekki upplýsingar um það, og ekki var lið máls á því að taka upp í n. till. í þessa átt. Þótt það hafi ekki verið gert, mun ég nú leggja fram till. og hún er í prentun, — till. um að halda áfram þessum bótum, og mér fyndist ekki nema manndómslegt, ef hv. þm. í Ed., fleiri eða færri, sem í stjórnarflokkunum eru, tækju til greina þau rök, sem eru með því að halda áfram þessum bótum. Hér sitja menn úr stjórnarflokkunum, sem eru umboðsmenn fyrir fólkið, sem þessara bóta hefur notið. Ég vænti þess, að þeir hugsi sig vel um, áður en þeir greiða atkv. á móti till. minni.

Ég sagði áðan, að gengisfelling æ ofan í æ hefði þann galla m. a., að með henni væri vegið í sama knérunn. Sparifjáreigendur verða öðrum þræði hart úti, ef gengið er fellt. Þegar gengið var fellt 1950, var þó tilraun gerð til þess að bæta þeim tjón og litur sýndur á því. Ég man nú ekki, hve mörg prósent það voru, sem bætt voru eða innstæðueigendur fengu, en það voru þó talsverðar upphæðir, sem komu til sparifjáreigendanna. Ég var því nokkuð kunnugur, vegna þess að ég veiti forstöðu litlum sparisjóði norður á Húsavík og innstæðueigendur þar fengu inn býsna drjúgan skilding. Þetta var gert með því að leggja skatt, stóreignaskatt, á þá, sem efnaðastir eru í þjóðfélaginu og verða jafnan fyrir happi, þegar gengið er fellt. Gengisfellingin sem sé hefur sem aðallögmál gagnvart ríkum og fátækum, að sá ríki hagnast, en sá fátæki tapar. Stjórnarstuðningsmenn hafa sagt, að sparifjáreigendurnir fái hækkaða vexti og það verði þeirra bætur. En ég fullyrði, að sú uppbót, hverjir sem vextirnar verða, er ekki nema smámunir í sambandi við þann skaða, sem þeir bíða nú fyrir gengisfellinguna. Það er líka sagt þeim til huggunar, sem eiga að verða fyrir því áfalli, að skuldavextir hækka, að það eigi ekki að standa nema stutta stund, rétt eitt eða tvö ár, meðan jafnvægi sé að komast á í peningamálunum. En um leið er þá hægt fyrir sparifjáreigendurna að sjá, hve mikil fyrirheit eru gefin í þeirra garð með hækkuðum vöxtum.

Útlánsvextina á að stórhækka, og hefur því verið fleygt í þessum umræðum, án þess að staðfest hafi verið, að sú hækkun yrði 12%. Og þó að ég segi 12%, þá hef ég þá afsökun, að aðrir hafa sagt það, en mér hefur verið neitað um hreinar upplýsingar. Segjum, að vextirnar hækki þá í 12%. Sú hækkun verður áreiðanlega rothögg á framtak margra manna. Enginn vafi er á því, að þeir, sem hafa hugsað sér af veikum mætti að leggja út í það að byggja hús yfir sig, eins og margir hafa gert á síðustu árum af mjög veikum mætti, en myndarskap, og lagt á sig mikið persónulegt erfiði í vinnu til þess, sem er eiginlega mjög gaman að hafa uppgötvað, að t. d. unga fólkið í landinu hefur djörfung og dug til að gera, — margir þeir, sem hafa hugsað sér að leggja í þessar framkvæmdir, hljóta að hætta við það.

Það var sýnt fram á það hér í þessari hv. d. við 1. umr., hvernig tölur tala í þessu sambandi. Ég ætla þess vegna ekkert að fara út í það, en það getur hver fyrir sig reiknað þetta dæmi og fundið, að hér er skotið eiturör að athafnalífi í landinu og sjálfsbjargarviðleitni til meiri hluta. En svo eru það fleiri en þeir, sem leggja í fjárfestingu, sem fyrir þessu verða. Allur almenningur hlýtur að verða fyrir þessu, því að stærri atvinnurekstur og verzlanir í landinu munu velta vöxtunum af sér yfir á fjöldann.

Ég þekki margt ungt fólk og eldra fólk, sem hefur á síðustu árum ráðizt í það að reisa sér íbúðarhús og gert það fyrir lánsfé, sem er að allt of stórum hlut víxlar, og fyrir lán, sem eru með hreyfanlegum vöxtum. Það er vandséð, hvernig fram úr rætist fyrir þessu fólki eftir það, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa greitt þeim þetta högg.

Þá er það einnig um vaxtahækkunina að segja, að hún verður sparisjóðum, sem eru margir í landinu víðs vegar, stórkostlegt áfall, og mér þykir ekki ólíklegt, að hún verði sumum þeirra ofraun. Þeir hafa margir hverjir, — það er ég viss um, — lánað mikið af umráðafé sínu með óhreyfanlegum vöxtum til margra ára. Þegar vaxtahækkunin kemur skyndilega yfir þá, verða þeir strax að hækka innlánsvexti, af því að annars mundu þeir missa innstæðurnar til annarra stofnana, og þá blasir þar við tap og halli í rekstrinum. Mér finnst satt að segja hart, að hæstv. ríkisstj. og ráðunautar hennar skuli ekki hafa athugað mál sparisjóðanna sérstaklega. Það er áreiðanlegt, að sparisjóðirnir, sem eru mjög margir víðs vegar um landið, hafa verið mjög þarfar stofnanir í heimabyggðum. Þeir hafa verið aflstöðvar fyrir umhverfi sitt í efnahagslegu atvinnulífi fólksins, og ég vil leyfa mér að vera svo stórorður að segja, að ef starfsemi þeirra verður lömuð með hinni fyrirhuguðu skyndilegu vaxtahækkun, er með því unnið skemmdarverk í þjóðfélaginu.

Þá er það boðað, að tekinn verði hluti af fé innlánsdeilda samvinnufélaga og fluttur til Reykjavíkur og lagður í þjóðbankann þar. Þetta tel ég vera gerræði gagnvart landsbyggðinni. Og það er áreiðanlegt, að það er efnahagsleg blóðtaka fyrir landsbyggðina, ef þetta verður gert. Samvinnufélögin eru efnahagsmálasamtök fólksins, sem leggur í innlánsdeildirnar, bæði til þess að þessi fyrirtæki þess hafi rekstrarfé og líka til þess að þau geti tekið þátt, eins og þau gera, í uppbyggingarstarfinu á verzlunarsvæði sínu og veitt stuðning til framtaks í félagsmálum. Það hefur verið sagt, — ég þarf ekki að taka það fram, það vita allir hér, — að samvinnufélög-

in eru opin til þátttöku fyrir alla, svo að þarna er ekki um það að ræða, að fé sé einangrað handa sérstökum fámennum hóp. Því hefur verið haldið fram, að af því að sparifé í innlánsdeildunum sé ekki skattskylt, þá sé eðlilegt, að það sé flutt í banka. En þetta eru rök, sem ekki standast. Þetta fé er einmitt notað til þjóðþrifa og almenningsþarfa á þann hátt, sem ég hef lýst, og þess vegna er það líka blóðtaka fyrir almenning úti um landið, ef það verður tekið af almenningi og flutt til Reykjavíkur.

Ég skil ekki í því, að hér í þessari hv. d. finnist ekki menn, sem skilja þetta, og furðulegt er það, ef þeir gefa sig ekki fram til þess að rétta upp hönd á móti þessu. Stórfurðulegt, ef þeir gera það ekki. Þá er merkileg hópsefjunin, sem yfir mennina er komin í stuðningsliði stjórnarinnar. **(Gripið fram í:** Greiddi hv. þm. atkv. á móti því, þegar vinstri stjórnin lét lögheimila þetta gagnvart sparisjóðum?) Ég mælti á móti því, að það væri gert. Ég hygg, að út af fyrir sig hafi ég ekki greitt atkv. með því. **(Gripið fram í:** Er rétt, að vinstri stjórnin hafi látið gera það?) Með sparisjóðina? Jú, jú, það er alveg rétt. En það eru kannske hér flokksbræður mínir, sem muna það, að ég mælti á móti því og ég lagði því atriði út af fyrir sig aldrei lið. Ég tel þó hitt enn þá fráleitara, að taka innlánsfé af samvinnufélögunum, eiginlega úr hendi fólksins sjálfs, með valdi til að flytja það til höfuðborgarinnar og láta það vera fé, sem einmitt höfuðborgarbúar og aðrir hinir stærri menn hér um slóðir hafa bezt skilyrði til að fá að láni, því að það er fullkomlega víst, að umhverfi bankanna hér stendur betur að vígi til að fá lán hjá bönkunum heldur en fólkið úti um hinar fjarlægu byggðir, sem hefur lagt fé inn í innlánsdeild síns kaupfélags.

Samkv. 32. gr. efnahagsmálafrv. er það, að ríkisstj. á að fá heimild þá, sem ég minntist á áðan, til að ákveða lánstíma og vaxtakjör í stofnlánasjóðum atvinnuveganna og byggingarsjóðum sveitabæja og verkamannabústaða og raforkusjóði. Ég vil aftur taka það fram, að ég tel, að þarna sé gengið út á mjög hálan ís og gersamlega að óþörfu, ef ríkisstj. vill vinna með þinginu. En máske er það framtíðarstefnan að hafa þingið sem minnst við löggjafarstarfið. Það vottaði fyrir þeirri stefnu, og má telja þann vott í samræmi við þetta ákvæði, þegar Alþingi var sent heim í vetur, og svo langt var þá gengið, að ríkisstj. sendi sína eigin stuðningsmenn heim. Það virðist að vísu ekki koma að sök núna, vegna þess að þeir virðast fylgja till. þeim, sem hún smíðaði í þinghléinu, þrátt fyrir það, og það er máske þetta, sem gerir það að verkum, að hér er verið að færa sig upp á skaftið. Og hvað er það þá næst? Ég tel, að hvað sem öðru líði í þessu frv., þá ættu stuðningsmenn ríkisstj. að fella þessa gr., því þó að ríkisstj. sé í þeirra augum sjálfsagt afbragðsstjórn, eiga þó að vera takmörk fyrir í þingræðislandi, hvað má veita henni mikið vald og rétt er að veita henni mikið vald, enda á hún ekki að hafa þörf fyrir þess háttar heimildir, ef hún er trygg með sinn meiri hl. í Alþingi.

Benzínskattur er hækkaður um 34 aura á lítra og 50 aurar á lítra, sem runnu í útflutningssjóð, teknir í ríkissjóðinn, aðeins 6 aurar af þessum álögum eiga að renna í brúasjóð og millibyggðavegasjóð. Flokksbræður mínir í Nd. fluttu við þetta brtt., sem ég hef tekið upp, því að ég tel ákaflega mikilsvert, að brýr, millibyggðavegir og gamlir vegir fái aukið framlag, bæði af því, að nauðsyn krefur beinlínis vegna árlegu framkvæmdaþarfarinnar, og líka af því, að það þarf að bæta þessum framkvæmdum upp þá dýrtíð, sem skerðir það fé, ef ekki er meira lagt til þeirra framkvæmda en að undanförnu hefur gengið. Sömu upphæðir verða minna virði, gera minna en áður.

Þá er það endurbygging vega, sem kallar mikið að. Þeir fyrstu vegir, sem lagðir voru hér á landi með ófullkomnum tækjum og eru í sjálfu sér ófullkomnir miðað við vegagerð nú, eru óðum að verða að engum vegum, þeir eru slitnir niður úr sjálfum sér, ef svo mætti að orði komast, og þær sveitir, sem hafa þessa vegi, eru lítt betur settar en sveitir, sem ekki hafa verið vegaðar enn þá. Á undanförnum árum hafa verið veittar til gamalla vega 800 þús. kr., en það framlag verður með ári hverju meira og meira ófullnægjandi, eftir því sem vegirnir segja til sín.

Þá eru gamlar brýr að detta úr sögunni, og veitir ekki af því að byggja þær upp, ef ekki á að slysum að verða og ríkið skaðabótaskylt, eins og dómar hafa sýnt að það getur orðið, ef þær bila undir eðlilegri umferð.

Þá hefur það verið mikill áhugi ýmissa að koma hér upp steinsteyptum þjóðvegum, og ég minnist þess, að hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. líka hafa mjög eindregið vakið máls á þessu hér á Alþingi með tillögugerð. Ég vænti þess vegna, að till. um það atriði verði líka vel tekið af flokki þeirra. En að öðru leyti fer ég ekki út í að ræða þessa till., því að hún á að liggja fyrir, hvort sem hún er komin úr prentun eða ekki.

Þá hefur söluskatturinn á umsetningu innanlands verið hækkaður um 245 millj. kr., sá hinn almenni söluskattur lagður á á ný, og af söluskattinum í heild er nú gert ráð fyrir því að renni til sveitarsjóðanna 20%, sem verða af öllum söluskatti 56 millj. Ég get lýst því yfir, að ég er þessu mjög samþykkur, tel þessa till. góða, að sveitarsjóðirnir fái hlutdeild í söluskatti. Ég tel það vel við eiga og þörf sveitarsjóðanna mikla fyrir það. En hins vegar hefur ekkert verið upplýst um það, eftir hvaða reglum féð eigi að skiptast milli sveitarfélaganna, aðeins að það eigi að ganga til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og meðan það er ekki upplýst, geta leynzt í þessu einhverjir gallar frá mínu sjónarmiði, því að ég tel t. d., að ef lögunum um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga verður ekki breytt, þá sé ekki rétt farið með þessa fjármuni. En að öðru leyti get ég lýst því yfir, að ég tel þessa till. mjög til bóta.

Um söluskattinn er það að segja, að hann

leggst á allan almenning og hefur alls ekki verið talinn réttlætisskattur. Og hann hefur þann galla, þann mikla galla, að hann innheimtist illa. Það er mjög örðugt að koma við eftirliti, sem getur komið í veg fyrir það, að þeir, sem söluskattinn innheimta hjá fólkinu, leggja hann á, þeir skili honum ekki, Það, sem er vist í sambandi við söluskattinn, er það, að allir, sem kaupa, verða að greiða hann, en hitt verður vanhaldasamt, að þeir, sem selja, skili honum, og þá ber þetta að þeim brunni, að sá, sem meira má sín, græðir óeðlilega á svona skattlagningu ríkisins, en lítilmagninn verður út með hann.

Það hefur verið sagt frá því og mjög vel auglýst, að tekjuskattur af miðlungslaunatekjum verði felldur niður. Alþfl. flutti till. um, að það yrði athugað, hvort ekki væri fært að fella niður tekjuskatt algerlega, og við flutning þeirrar till. kom í ljós, að flokkurinn var því ákaflega fylgjandi, að þetta væri gert. Hann, sem áður var á móti óbeinum sköttum, var nú orðinn með þeim, en á móti beinum sköttum, sem eiga að leggjast á eftir því, hvað bökin eru breið í tekjuöflununni. En þau rök færði hann sem höfuðrök fyrir þessu, að svo væri nú komið, að tekjuskatturinn innheimtist ekki réttilega, það tækist ekki að leggja hann réttilega á, vegna þess að skattsvik væru svo mikil og almenn í landinu, og því færi það svo, að þeir, sem gætu ekki skotið undan tekjum, eins og launamennirnir yfirleitt, og þeir, sem vildu ekki leggja sig í það að svíkja, yrðu harðar úti en bragðarefirnir í skattamálum.

Ég minnist þess, að Sjálfstfl. tók vel undir þetta, meira að segja ágætlega, og þess vegna þykir mér ekkert undarlegt, þó að þetta komi fram, að tekjuskatti sé af létt. En hitt er skrýtilegra, a. m. k. skoðað í ljósi þeirra umræðna, sem hafa átt sér stað hér á Alþingi, að niðurstaðan hefur orðið sú að létta skattinum af þeim, sem sviku hann ekki eða urðu hart úti að dómi Alþfl., en halda áfram að taka skatt af hinum og leggja svo söluskatt á almenning, sem hann kemst ekki undan, en hinir yfirleitt, sem selja, geta frekar gert sér hag að.

Nú hefur ekkert verið upplýst um það, hvernig skattstiginn muni verða, en ég get tekið undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að allar líkur eru fyrir því, að með þeirri skattalöggjöf, sem er í uppsiglingu, verði miklu meira létt af hátekjumönnum heldur en svarar því, sem meðallaunamaður fær í eftirgjöf. Ég hef spurt um, hvernig skattstiginn muni verða, og ekki fengið svar, og þess vegna tel ég mér leyfilegt að taka undir þær hugmyndir um þennan skatt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. varpaði hér fram áðan.

Þá hefur það verið mikið auglýst, að bótagreiðslur frá tryggingunum verði mikið hækkaðar. Gamla fólkið á að fá 44% til viðbótar við þær bætur, sem það hefur fengið áður, og einnig þeir, sem örkumla eru, öryrkjarnir. Um þetta er náttúrlega ekkert nema gott að segja. Það er bara verst, að þessar bætur eru teknar af þessu fólki til baka að mjög miklu leyti með hinni hendinni. En enn þá meiri athygli hafa vakið auglýsingarnar um það, hvernig fjölskyldufólkinu, barnmarga fólkinu verði bætt sú dýrtíð, sem efnahagsmálatill. skapa. Og jafnvel er til fólk, sem hefur skilið það svo, að hér sé um margfalt meiri bætur að ræða en í reyndinni verða. Hv. 4. þm. Vestf. lýsti hér útreikningum í þessu sambandi, sem enginn hreyfði andmælum gegn og voru á þá leið, að bæturnar eru gefnar nú með fyrsta og öðru barni 2600 kr., en eftir að þriðja barn hefur fengið meðlagið með sér, þá lækka viðbæturnar, svo að þær verða aðeins eftir það 269 kr. með hverju barni á fyrsta verðlagssvæði. Allir geta þó verið vissir um það, og ég býst við, að það sé enginn ágreiningur um það, að því stærri sem fjölskyldan er, því meiri verður dýrtíðaraukningin á heimili. En eftir bótunum verða þær því minni, sem fjölskyldan er stærri. Ég hygg, að þetta komi yfir fólk, sem hefur lesið blöðin, dálítið óvænt, þegar á reynir, en svona er það, að dýrtíðin kemur úr ýmsum áttum og er laumað að þeim, sem sízt skyldi, í stærri mæli en hinum.

Það hefur verið mikið rætt um gjaldeyrishallann, og stjórnarflokkarnir hafa haft gjaldeyrishallann sem höfuðástæðu fyrir hinni stórfelldu gengisbreytingu. Það skal viðurkennt, að þjóðin getur ekki lengi búið við gjaldeyrishalla, sem sprottinn er af því, að hún eyði raunverulega meiru í viðskiptunum við útlönd en hún aflar til að greiða þá eyðslu með. En sú villandi aðferð hefur verið höfð af hálfu stjórnarstuðningsmanna að telja með í hallanum þau lán, sem þjóðfélagið hefur tekið til gjaldeyrisaukandi og gjaldeyrissparandi framkvæmda. Það hefur verið laumað inn í þessar hallatölur að meiri hluta slíkum lántökum, enda hefur svo farið, að einn af hagfræðingum landsins, sem þó telur sig að sögn með gengisfellingu, hefur gert aths. við þessi rök, og þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Ég minnist þess, að ég las það í Morgunblaðinu, — ég held, að það hafi verið í nóvember í haust, enda hefur oft verið til þess vitnað, — las það í Morgunblaðinu, sem var að segja frá ræðu, sem hæstv. forsrh. hefði haldið, Ólafur Thors, að hann hefði upplýst almenning rækilega, en almenningur var þá mjög hljóðnæmur fyrir öllum upplýsingum frá stofu hæstv. ríkisstj., því að hurðum hafði þar áður verið lokað að öðru leyti en því, að fyrir kosningarnar var sagt, að allt væri í bezta lagi, svo að þjóðin áleit þá, að ekki þyrfti mikils með, en annað var farið að kvisast. Ég er viss um, að fyrir það hlutu hæstv. stjórnarstuðningsflokkar mikinn fjölda atkvæða, að þeir sögðu ekki satt um þessi mál, sögðu allt annað en þeir segja nú. Þess vegna held ég, að þeir ættu að fara varlega í það að halda, að þeir hafi raunverulegt umboð allra þeirra, sem kusu þá, til þess að gera þær efnahagsaðgerðir, sem nú eru á ferðinni.

Já, manni þótti fróðlegt að heyra, hvað Morgunblaðið hafði að segja 21. nóv. um þessi efni úr ræðu hæstv. forsrh., en það sagði, að hann hefði sagt, að hann hygði, að engin þau

úrræði, er til greina gætu komið, yrðu almenningi þungbærari en 250 millj. kr. nýjar álögur. Nú er lítið talað í þessum stíl, því að nú er aftur orðið það ástand, að hentugt þykir að gera minna úr því, sem eigi að leggja á með álögunum, heldur en er. Og það hefur verið sannað, að álögubyrðin nýja er þung, — hefur verið sannað, án þess að því hafi verið mótmælt með öðrum rökum en þeim, sem eru mjög léttvæg, frá hæstv. menntmrh., að hér sé eingöngu um tilflutning innan þjóðfélagsins að ræða, — þá hefur það verið sannað og sýnt fram á það, að gjaldabyrðin, sem leggst á almenning, er aukin um a. m. k. 1000 millj. eða einn milljarð, og þá sé búið að draga frá þann létti, sem veittur er með tryggingabótunum og tekjuskattsafnáminu á lægri tekjur. Hér er því ekki um neina smámuni að ræða.

Og hvers vegna er þá í þetta lagt? Það er í þetta lagt af því, að sagt er nú, að voði sé á ferðum. Það er gripið til þess, sem maðurinn gerði, að kasta dýrustu munum brothættum út um gluggann, af því að eldsvoði sé á ferð. En er þetta nú svo? Væru ekki möguleikar með góðum samtökum að bjarga húsinu án örþrifaráða?

Á síðustu áratugum hafa orðið svo miklar breytingar til bóta á lífskjörum þjóðarinnar, að hún hlýtur að eiga bágt með að trúa því, að ástandið sé svona. Og hvers vegna hafa þessar bætur á lífskjörunum komið fram? Hafa þær komið fram vegna einstaklingsframtaks? Hafa þær orðið til vegna einstaklingsframtaks fárra? Nei, þær hafa komið fram vegna samtaka fjöldans, og það er samtakamátturinn, sem hefur gert það að verkum, að þær miklu umbætur hafa orðið, bæði í landinu og á lífskjörum þjóðarinnar, svo að hún sýnist standa miklu og margfalt betur að vígi en áður var til að þola áraunir. En hún vill vitanlega ekki taka á sig áraunir að óþörfu eða óskynsamlegar. Allar aðalframfarir til almenningsheilla hafa risið á grundvelli félagshyggjunnar. Það er félagshyggjan, samstöðukrafturinn, sem hefur byggt upp framfarasóknina og bætt almenningshaginn. Félagshyggjan kom á fót samvinnufélögunum til hagsbóta og jafnréttis fyrir almenning í verzlun og viðskiptum, — samvinnufélögunum, sem nú á að taka blóð, svo að þau verði máttarminni. Hún lét verkamennina stofna verkalýðsfélög og Alþýðusambandið og hún lét aðrar stéttir, svo sem bændur, sjómenn og iðnaðarmenn, samhæfa sig um sín velfarnaðarmál með félagssamtökum sínum. Því hefur verið lýst hér, hvernig þær till., sem hér eru frammi, koma við verkamennina, og heyrt hefur maður utan úr sveitunum, hvernig það leggst í bændurna að taka á móti þeim aðgerðum, sem hér eru boðaðar, og verðhækkun dráttarvélarinnar segir sína sögu um framtíðina fyrir bændur. Það er þessi félagshyggja, sem hefur borið hag allra fyrir brjósti og vill koma öllum til þroska og gera alla að bjargálnamönnum, sem hefur átt drýgstan þáttinn í að bæta lífskjörin á Íslandi og skilyrði í landinu. Og það er í raun og veru stefna þessarar félagshyggju, sem hefur verið kölluð „vinstri stefna“, — og í þeirri merkingu orðsins „vinstri“ má segja, að þjóðfélagið hafi verið byggt upp á undanförnum árum í vinstri stíl.

Og nú er það önnur stefna, sem ætlar að ryðja sér til rúms. Það er hægri stefnan. Það er sú stefna, sem viðurkennir ekki félagshyggjuna sem höfuðgrundvöll, sem eigi að byggja þjóðfélögin á. Og mér virðist liggja ljóst fyrir, satt að segja, að það sé ekkert vit í því að halda, að hægri stefna geti tekið við málefnum vinstri stefnunnar og þjóðfélaginu, sem byggt hefur verið upp í vinstri stíl, til þess að sjá þjóðfélaginu vel farborða. Ég fullyrði, að Íslendingar hafa þroskazt svo og mótazt af félagshyggjunni, að þeir þola ekki, eins og komið er, þau hörðu tök, sem hægri stefnan vill hafa. Félagshyggjan vill hjálpa öllum til þess að verða sjálfbjarga. Hægri stefnan aftur á móti vill hafa fáa sterka, sem þeir, sem eru minni máttar, lúti. Það á ekki við Íslendinga. Till., sem við erum nú að ræða, eru byggðar upp af þessari hægri stefnu og lögmálum þeim, sem hún vill láta ríkja.

Ég spurði að því, þegar ég var á sameiginlegum fundi fjárhagsnefnda Alþingis og talað var um það frelsi, sem ætti að koma í öllum viðskiptum og afnám nefnda og allrar skömmtunar, — spurði að því, hvort það yrði þá þannig, að maðurinn, sem hefði íslenzka peninga, gæti farið í banka og ætti þá kröfu á því að fá erlendan gjaldeyri til þess að kaupa fyrir, hvað sem honum sýndist. Jú, sagði sérfræðingur einn frá stjórninni, það er ætlunin. Þá spurði ég: En verður það þá ekki svo, að það verður farið með möguleikana á stuttum tíma, einstaklingar, sem hafa mikil peningaráð, taka upp greiðslugetu þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri? Nei, sagði maðurinn, því að peningarnir verða svo takmarkaðir.

Hugmyndin er að láta þessi lögmál fara að ríkja í landi félagshyggjunnar, að fátæktin komi aftur og taki að sér hlutverk skömmtunarskrifstofu, innflutningsskrifstofu o. s. frv.

Ég hygg, að um land eins og okkar land, sem er svo fámennt, að það má segja, að Íslendingar gagnvart öðrum þjóðum stórum séu eins og ein fjölskylda, þá eigi þessi lögmál illa við, þessi kaldrænu lögmál úrvalsins, sem gera ríkan ríkari og fátækan fátækari, skapa mikla aðstöðu fyrir suma, en umkomuleysi fyrir aðra. Ég hygg, að þau eigi ekki við, svo langt sem við erum komnir í félagsmála- og samhjálpar- og samábyrgðarþróuninni.

Ég sá í blaði, að frsm. meiri hl. í fjhn. Nd. hafði sagt, að þessar tillögur yrðu eins og ný blóðgjöf fyrir efnahagslíf okkar, — ný blóðgjöf. Við skulum athuga líkinguna, hún getur verið góð. Stundum vantar líkama blóð. En læknarnir eru þess fullvissir, að blóðgjöfin þarf að vera af sama blóðflokki og eigið blóð sjúklingsins.

Fyrirmyndin að tillögunum er sótt til stærri þjóðar og gerð, að menn segja, eftir ráðleggingum þaðan, og blóðið, sem á að nota við innsprautinguna, er af öðrum blóðflokki en okkar blóð. Allir vita það, hafa heyrt það, hvern-

ig fer, þegar slík blóðgjöf er veitt. Þá er ekki glæsileg framtíð okkar þjóðar, ef þessi líking er rétt hjá hv. frsm. stjórnarflokkanna í Nd., það er öðru nær. Mér finnst þá nokkur von, að það megi kenna þess hjá glöggskyggnum manni, eins og hv. frsm. meiri hl. hér í Ed. í kvöld, að geigur sé í hug.

Ég skal nú, þó að ég noti þessa gefnu líkingu, lýsa yfir því, að langt er frá því, að ég sé svo svartsýnn, að ég haldi, að líf íslenzku þjóðarinnar fari forgörðum, þótt þetta frv. nái fram að ganga. Það er sterkara en svo, líf þjóðar okkar, og það mun bjarga sér og rétta sig við, þó að illa kunni að fara um stund. Hitt er víst, að þetta frv. er gegn straumi aldarinnar hjá okkur, og t. d. Grímur Thomsen hefur lýst mjög greinilega, hvernig fer fyrir þeim, sem stríða gegn straumi aldarinnar, í kvæði, sem hann orti út af dauða Hákonar jarls, sem lét líf sitt fyrir hendi félaga síns og þræls, Karks. Grímur Thomsen er eitt af okkar allra vitrustu skáldum, og mér finnst, að það væri hollt fyrir hæstv. stjórn, sem ég veit að er, a. m. k. að sumu leyti, bókmenntasinnuð, að athuga orð hans. En einnig veit ég um ýmsa menn hér í þessari hv. d. í stjórnarstuðningsliðinu, sem kunna að meta vísdómsorð skáldanna, og þess vegna ætla ég að leyfa mér að lesa þetta erindi Gríms Thomsens og þykist ekki sýna hv. Alþingi óvirðingu með því:

„Ef stríða menn gegn straumi aldar,
sterklega þótt vaði seggir,
yfir skella unnir kaldar,
engir brekann standa leggir.
Aldarboðar áfram halda,
allir fornir hrynja veggir.
Hákoni varð það helzt að falli,
að hlýddi hann ekki tímans kalli."

Ég hygg, að hæstv. núverandi ríkisstj. ætti að athuga þessi spekiorð. Hún ætlar með frv. sínu ekki að hlýða tímans kalli, og af því leiðir fall, en í því liggur það, að þjóðin getur verið bjartsýn, jafnvel þó að þetta frv. gangi fram.

Víst er þörf á aðgát og umbótum í efnahagsmálum, og ég viðurkenni það, að þjóðin þarf að geta staðið í skilum við útlönd, vegna þess að henni er svo mikil þörf á því að geta fengið erlent lánsfé til stórframkvæmda í sínu gjöfula landi, sem býr yfir svo margs konar möguleikum, sem þarf að nota, en fé þarf til. En þá erfiðleika, sem nú eru fyrir höndum, telur Framsfl. að hægt sé að leysa án þess að grípa til grófra aðgerða, sem tefla miklu í tvísýnu, án þess að henda því, sem brothætt er, út um gluggann.

Framsfl. telur, að þetta megi vel takast með því að draga úr fjárfestingu, sem er ekki mjög aðkallandi, og með því að skattleggja eyðslu, sem er ekki nauðsynleg, og þá auðvitað jafnhliða með því og fyrst og fremst að leggja ýtrustu áherzlu á uppbygginguu, aukna framleiðslu og betri hagnýtingu framleiðslunnar. Með þessu móti telur Framsfl. að hægt sé að losna við uppbótakerfið smátt og smátt, sem öllum hlýtur að koma saman um að stefna þurfi að, — losna út úr flækjum þess smátt og smátt í áföngum. En það er víst, að þetta tekst ekki farsællega, nema unnið sé að því með víðtæku samstarfi, — samstarfi, sem allir flokkar leggja sitt bezta til og taka á sig þungann af. Og hvers vegna ætti það samstarf ekki að geta tekizt hjá okkar litlu þjóð, sem félagshyggjan hefur lyft til betri hags og tengt margvíslegum bræðra- og samábyrgðarböndum?

Ég er fullviss um það, að um þetta á við að segja: „Vilji er allt, sem þarf."

Mér sýnist svo mikið liggja við, að þjóðin fari rétt að í efnahagsaðgerðum sínum nú, að skylt sé að hefja þetta mál yfir flokkadrátt, t. d. eins og lýðveldisstofnunina og landhelgismálið.

Þetta er líka álit Framsfl., það er ekki mitt álit eingöngu, og þess vegna er till. okkar sú, að hafið sé nú þegar þjóðhollt samstarf í þessum efnum á þann hátt að skipa strax nefnd frá öllum flokkum hér á Alþingi og ætla henni að gera tillögur hér eftir stuttan tíma um það, sem kallar mest að, en starfa síðan milli þinga og skila heildartillögum um efnahagsmálin fyrir næsta Alþingi.

Framsóknarmennirnir í Nd. fluttu þessa till., en hún var felld. Ég legg þessa till. hér fram í þessari hv. deild, því að mér þykir furðulegt, eftir að sú gagnrýni hefur komið fram, sem komið hefur á efnahagsmálafrv., bæði á Alþingi og einnig úti um allt land, að því er virðist hjá öllum stéttum, ef stjórnarflokkarnir eða a. m. k. nógu margir úr stjórnarflokkunum vilja með ofbeldi keyra þetta mál fram.

Ríkisstj. hefur á bak við sig stuðning frá meiri hluta. En sá meiri hl. er ekki til orðinn í síðustu kosningum fyrir meiri fjölda meðal þjóðarinnar en þann, að rétt rúmur meiri hl. kjósendanna við síðustu kosningar veitti þessum flokkum atkvæði sín, og þá var það undir þeim kringumstæðum, að falin var sú stjórnarstefna, sem nú er uppi, — hún var falin, og ef ríkisstj. með svona veikan meiri hl. á bak við sig ræðst í það að lögfesta þessar till. og hafnar samvinnu við stjórnarandstöðuna um að vinna að lausn efnahagsmálanna, — stjórnarandstöðuna, sem hefur svo mikinn fjölda á bak við sig sem vitað er, þá fara þessir menn sannarlega gálauslega með umboð sitt:

Tillagan, sem ég legg hér fram, er till. til rökstuddrar dagskrár:

„Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstjórnarinnar að skipa nú þegar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni nefndarinnar:

1) að gera tillögur og leggja þær fram á þessu þingi, innan þriggja vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.

2) Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartill. um skipan efnahagsmálanna.

Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Það er mín skoðun, að þessi sé eðlilegust og þjóðhollust afgreiðsla efnahagsmálafrv., sem fyrir liggur, og farsællegast verði leystur sá vandi, sem er á höndum í efnahagsmálunum og lengst af mun verða, að allir reyni að standa saman, og ég er viss um það, ég er handviss um það, að mikill meiri hl. þjóðarinnar vill það og ætlast til þess, eins og nú er komið.

En þó að þessi dagskrártillaga mín sé aðaltillaga mín, flyt ég hér líka brtt., sem eru samhljóða brtt., sem fluttar voru í Nd., en felldar þar. En ég hef svo mikinn metnað f. h. efri deildar, að ég vil freista þess að fá hana til þess að samþykkja þessar tillögur, — þær koma að vísu ekki til greina, ef aðaltillagan, dagskráin, verður samþykkt, og þá er vel. Verði hún felld, þá eru höggnir sárir agnúar af frv. En tillögurnar eru fjórar.

1. till. er um það, að aftan við 3. mgr. 8. gr. bætist:

„Einnig getur ríkisstj. ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.“

Ég hef áður gert grein fyrir skoðun minni á afnámi þeirra sérbóta, sem þessi till. miðast við. Það hefur verið sagt um þær uppbætur, að það hafi verið örðugt að framkvæma þær, svo að ekki gæti átt sér stað misnotkun. En ég er þess fullviss, að það er hægt að finna betri aðferð en notuð var, og tillagan miðar líka við það, ég get lýst því yfir. Ég vænti þess, að a. m. k. austan-, norðan- og vestanmenn fylgi þessari tillögu, enda munu þeir hafa heyrt lúðra þeytta í sambandi við afnám þessara bóta — að heiman.

Þá er 2. till., hún er við 16. gr., að á eftir 1. málslið 1. mgr. komi:

„Gjaldið má þó ekki vera hærra en 60% af leigubifreiðum og læknabifreiðum. Landbúnaðarbifreiðar eða jeppar og vörubifreiðar skulu alveg undanþegnar þessu gjaldi.“

Þarna er um það að ræða að draga úr aukaskattinum á leigubifreiðum og læknabifreiðum og tryggja það, að landbúnaðarbifreiðar og vörubifreiðar séu undanþegnar honum. Áður hefur verið tekið tillit til þessara aðila í skattlagningu, og ég hygg, að það hafi óumdeilanlega verið réttmætt, og legg það til.

Við 17. gr., í stað 2. málsl. 1. mgr. komi, segir í 3. till.:

„Skal gjald þetta“ — þ. e. benzínskatturinn nýi — „nema kr. 1.16 af hverjum lítra. Þar af skulu 17 aurar renna í brúasjóð, 22 aurar í sjóð, er varið sé til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, 7 aurar til endurbyggingar gamalla þjóðvega, 3 aurar til endurbyggingar gamalla brúa og 10 aurar til að gera þjóðvegi úr steinsteypu.“

Ég minntist dálítið á þessar till. áðan og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég sagði þá. En hér er um að ræða það að auka dálítið athafnir í þessum framkvæmdaflokkum, sem kalla mjög eftir, og viðbót sú, sem hér er um að tala, frá því, sem fyrir liggur eftir tillögum þeim, sem stjórnin hefur gert, er þá, að 3 aurar bætist við sem nýtt tillag af benzíni, sem brúasjóður fái, og þá verður tillagið í hann 22 aurar, þegar allt er tínt saman, gamalt og nýtt, og þetta á að gefa sjóðnum 11 millj. kr. Millibyggðavegirnir eiga aftur eftir þessari till. að fá 11 aura til viðbótar við það, sem lagt hefur verið til af stjórnarinnar hálfu, og 22 aura í heildinni líka eða 11 millj. kr., því að 1 eyrir gefur hálfa milljón. Þá er það endurbygging gamalla þjóðvega, það er alveg nýtt. Til þeirra teljum við nauðsynlegt að tillag komi frá benzínsjóði. Er það mjög sanngjarnt, og það eiga að vera 7 aurar eftir tillögunni. Og svo er endurbygging gamalla brúa. Það er tillaga okkar, að til þeirra verði veittar 1½ millj. — eða 3 aurar. Svo koma steyptir þjóðvegir. Við leggjum til, að þeir fái 10 aura, sem gera 5 millj.

Það er mjög eðlilegt, að sú tekjuöflun, sem byggist á skattlagningu benzíns, gangi til þess að gera þeim tækjum, sem ganga fyrir benzíni, sem greiðastan veg, og ég vona, að allir geti fallizt á þessar brtt.

Þá er það 4. liður, að á 23. gr. verði breyting á þá leið, að greinin orðist svo:

„Ríkisstj. vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda og stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.“

Ég skal játa það, að ég hef aldrei verið hrifinn af vísitölunni. Mér hefur fundizt hún skapa óróa mikinn í efnahagslífi Íslendinga, og mér hefur ekki fundizt hún sá rétti mælikvarði, sem hún var hugsuð til að vera. En samt sem áður skil ég það vel, að þeir, sem hafa tryggt rétt sinn til launabóta eftir þeim bendingum, sem þessi vísitala, sem á að vera mælikvarði á dýrtíð, gefur, séu ófúsir að láta þann rétt af hendi, sem þeir hafa haft. Mér finnst það mjög eðlilegt, og ég vil ekki vera í hópi þeirra manna, sem beita ofbeldi í löggjöf til að afnema vísitöluna. Hitt er ég viss um, — ég þykist alveg viss um það, — að verkalýðurinn mundi í samningum ganga inn á að draga a. m. k. úr þeim göllum, sem hafa verið á vísitölunni, eins og verkalýður nágrannalanda okkar hefur gert, ef til samstarfs um efnahagsmál væri stofnað, eins og ég hef lagt til í minni dagskrártillögu, og ég flyt þessa tillögu sem varatillögu, og hún er byggð upp þannig, að það ætti að vera a. m. k. mjög þægilegt fyrir sjálfstæðismenn að greiða henni atkvæði, þar sem hún þræðir nákvæmlega orðalag stefnuskrár Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar. Hér gefst tækifæri til að standa við einn lið stefnuskrárinnar.

Ég sé, að klukkan er að verða sjö og kominn matartími, og þess vegna mun rétt að ljúka máli mínu, þó að hins vegar sé þetta mál svo stórt, að það sé hægt að tala um það svo að segja endalaust, enda mun verða talað um það hjá þjóðinni næstu vikur og mánuði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 114 og 116, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hefði nú helzt óskað eftir því, að landbrh. gæti verið viðstaddur, þegar ég flyt mál mitt. Ég vil því mælast til þess við forseta, að hann stuðli að því, að ráðh. geti komið innan tíðar, og a. m. k. fyndist mér viðeigandi, að frsm. meiri hl. væri staddur í deildinni, mér finnst varla hægt að hefja fund án þess. En ég vil mjög mælast til þess, að landbrh. geti verið viðlátinn. **(Forseti:** Já, ég veit ekki annað en frsm. meiri hl. komi rétt strax, en ég skal gera tilraun til þess að ná í landbrh, vita, hvort hann getur mætt.)

Það má með sanni segja, að síðan þjóðinni varð nokkurn veginn ljós tilgangurinn með því frv., sem hér um ræðir, hafi hún fyllzt ótta og kvíða um framtíð sína, og slíkt er alls ekki ástæðulaust, þar sem engin viðleitni virðist vera hjá hæstv. ríkisstj. til að efna þau loforð, sem þeir flokkar, sem að stjórninni standa, gáfu fyrir kosningarnar á s. l. hausti. Sem kunnugt er, deildu þessir flokkar líka um það sín í milli, og þeir báru það upp á hvor annan, að hinn hefði stolið stefnuskránni frá sér, svo að það sýnir, hversu lík stefnuskrá þessara tveggja flokka hefur verið, að þeir skyldu fara að deila um það, svo að ekki er undarlegt, þó að samkomulag sé gott nú um þá stefnu, sem upp er tekin.

Sjálfstfl. hefur gefið út marga bæklinga á undanförnum árum. Hann gaf út bækling, sem hann nefndi „Dóm reynslunnar", 1956, þá fyrir kosningarnar, á s. l. vori gaf hann út bækling, sem hann kallaði „Aldrei framan vinstri stjórn", og í haust gaf hann út bækling, sem átti að lýsa því, hvernig leiðin til bættra lífskjara væri. Nú, ég vil ekki segja, að það sé beint Sjálfstfl., sem hafi gefið út þennan síðasta bækling, sem var útbýtt hér í Alþingi, þ. e. þann, sem kallaður er „Viðreisn", en a. m. k. stóð Sjálfstfl. að því og ríkisstj., og hann er gefinn út á kostnað ríkisins. Og það er dálítið sérstakt við dreifingu þess bæklings, að það kom fyrirskipun frá póst- og símamálastjóra til allra póststöðva í landinu að sjá um dreifingu heima fyrir á þessum bæklingi. Slíkt mun vera algert einsdæmi.

Ég ætlaði að lýsa hér þeim stefnuskrárat-riðum, sem standa í bæklingnum um leiðina til bættra lífskjara.

Fyrsta atriðið var: stöðvun verðbólgunnar, annað: jafnvægi í þjóðarbúskapnum, þriðja: stéttafriður, fjórða: uppbygging atvinnuveganna, fimmta: hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi, og sjötta: aukin framleiðsla og bætt lífskjör.

En Alþfl.-menn hins vegar töluðu um, að það væri kosið um stöðvunarstefnuna.

Þessu var hvoru tveggja lofað af þessum flokkum, sem að stjórninni standa, að bæta lífskjörin og stöðva dýrtíðina, og ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. nýtur þess nú, að hún gaf fyrst og fremst þessi loforð fyrir kosningarnar í haust og hefði ef til vill aldrei verið mynduð, ef hún hefði greint frá hlutunum eins og hún ætlaði sér að framkvæma þá eftir kosningarnar.

Alþfl. taldi raunar fólkinu trú um, að hann væri eiginlega búinn að lækna dýrtíðina, og þeir héldu því fram, Alþýðuflokksmenn sérstaklega, að ríkissjóður stæði sig ágætlega og útflutningssjóður sömuleiðis. Og það virtist allt vera í ágætu lagi, þannig að það þyrfti ekki eftir kosningar að grípa til neinna róttækra ráðstafana í efnahagsmálum, því að þannig voru lýsingarnar á þessum hlutum fyrir kosningarnar, og þeir töluðu um, að nú væri kosið um stöðvunarstefnuna, þ. e. a. s. að stöðva dýrtíðina í landinu.

En skjótlega eftir að Alþingi kom saman í haust, varð maður þess vísari, að sú hæstv. ríkisstj., sem þá birtist í skammdegisbirtunni, var nokkuð feimin, fór hjá sér, er hún var spurð um það, hvernig fjárhagur ríkisins væri og hvernig landsmálin blöstu við yfirleitt. Og hæstv. ríkisstj. gaf engin svör önnur en þau, að hún sagði við þingheim: Farið þið heim, hér hafið þið ekki neitt að gera. Við þurfum bæði tíma og næði til að hugsa. — Það var þá komið svo, að hæstv. ríkisstj. þurfti tíma og næði til að hugsa málin, sem öll voru og virtust vera í lagi fyrir kosningarnar eða nokkrum vikum áður. En hæstv. forsrh. skýrði óvart frá því á Varðarfundi, að það þyrfti nú skjótlega að fá 250 millj. til þess að borga hallann hjá ríkinu, og varð hann því fyrstur manna til að koma upp um það, að Alþfl.-menn höfðu sagt ósatt um fjárhag ríkisins fyrir kosningarnar. Það var hann fyrstur manna, sem tilkynnti landslýð það, að Alþfl.-menn hefðu farið með ósannindi fyrir kosningarnar. Og það var flokkurinn, sem sagði, að það væri kosið um stöðvunarstefnuna. En hver er stöðvunarstefna Alþfl. eða sú stöðvunarstefna, sem lýst er samkv. því frv., sem hér liggur fyrir?

Það er að vísu sagt í frv., í grg. þess, að vísitalan hækki aðeins um 13 stig — og raunar ekki nema um 3 stig, þegar búið er að taka með niðurgreiðslur og auknar fjölskyldubætur. En í vísitöluútreikningi eru aðeins þær brýnustu lífsnauðsynjar, sem almenningur þarf á að halda, og það eru ekki aðrar hækkanir teknar með í þennan útreikning en það, sem gengisbreytingin ein leiðir af sér. Allar aðrar hækkanir heldur hæstv. viðskmrh. fram að séu tilfærsla á milli manna og stofnana og félaga í landinu, það sé ekki skerðing á lífskjörum, heldur bara tilfærsla. En eftir hvaða leiðum fer þá þessi tilfærsla, sem hæstv. ráðh. heldur fram að eigi sér stað? Mér virðist hún fara mjög eftir leiðinni, sem hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hefur margsinnis lýst að væri stefna Sjálfstfl., þ. e. fyrst að hugsa um einkahagsmuni, þar næst hagsmuni Sjálfstfl. og síðast þjóðarhagsmunina. Eftir þessum leiðum fer tilfærslan samkv. frv. þessu. Það eru færðar til tekjur á milli manna, frá þjóðinni, ef maður mætti svo segja, til einstakra manna, þ. e. a. s.,

það er tilfærsla á kostnað almennings í landinu.

Að öðru leyti vil ég segja þetta um stöðvunarstefnuna, sem lofað var í haust af báðum þeim flokkum, sem að stjórninni standa, að hún er ekki í dýrtíðarmálum. Hún liggur á allt öðru sviði. Það er stöðvun á framkvæmdum hjá alþýðu manna, hjá þeim, sem minnst mega sín í landi voru, það er unga fólkið, sem hefur horft björtum augum til framtíðarinnar og ætlar sér að koma upp eigin heimili, eigin húsnæði og eignast vistlegt heimili eða hefja atvinnurekstur í sveit eða við sjó. Þeim fjárhagslega stuðningi, sem veittur hefur verið til þessa fólks, er algerlega kollvarpað með þessu frv. Öll lán og styrkir verða að engu í því dýrtíðarflóði, sem nú er að hefja innreið sína undir forustu þeirra manna, sem sögðu í haust, að það væri kosið um stöðvunarstefnuna og um leiðina til bættra lífskjara eins og sjálfstæðismenn héldu fram.

Stöðvunarstefna Alþfl. í framkvæmd er því ekki að stöðva dýrtíðina, heldur að stöðva og minnka framkvæmdir til stórra muna frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.

Fjárveitingar samkv. fjárlagafrv. eiga að standa í stað í krónutölu, en það þýðir færri og minni skóla, færri og minni hafnir, færri brýr og styttri vegi og minnkandi rafmagnsframkvæmdir ásamt miklu minna fjármagni til atvinnuaukningar úti á landsbyggðinni en verið hefur. Síðar, þegar fóru fram umræður um fjárlagafrv., kórónaði hæstv. fjmrh. þetta allt saman með því að boða landslýð, að nú ætti sannarlega að láta hamar fógetans falla á þá, sem verið hefðu að byggja hafnir og kaupa atvinnutæki á undanförnum árum, ef þeir gætu ekki staðið í skilum með greiðslur, eins og ákveðið er samkv. samningum. Sem sagt, það á að hætta að láta ríkið standa við sínar ábyrgðir og það á að hætta að styrkja menn til að auka framleiðsluna víðs vegar um landið, eins og verið hefur á undanförnum árum. Og þvert ofan í gefin fyrirheit á alls staðar að kreppa skóinn að öllum almenningi, en jafnframt auka rými einstakra manna, sem eiga að erfa landið og drottna yfir gæðum þess á kostnað alls almennings í landinu.

Sjálfstæðismenn töluðu mjög um það, eins og stendur í þessum bæklingi, sem ég lýsti áðan, að leiðin til bættra lífskjara væri að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Við skulum athuga nánar, hvernig leiðin til bættra lífskjara liggur hjá Sjálfstfl. og í því frv., sem hér liggur fyrir, hvernig þessi lífskjör, góðu lífskjörin, sem flokkurinn býður upp á, kunna að vera í framkvæmd. Það á t. d. að hækka alla vexti, svo af stofnlánum sem öðrum lánum, og síðan stytta lánstíma og hækka stimpilgjöld ásamt aukatekjum ríkissjóðs. Það er líka vitað mál, að rekstrarvörur til landbúnaðar hækka frá 20 og upp í 50%, byggingarefni 47%, fatnaður um 40—90% og búsáhöld um 40—50%, og þannig má lengi telja upp, hvert leiðin til bættra lífskjara liggur hjá öllum almenningi í landinu.

En á móti þessum hundruð milljóna hækkunum eiga að koma auknar tryggingar upp á 152 millj. og aukin niðurgreiðsla 38 millj. kr. Hvernig skyldi nú dæmið líta út hjá ungum hjónum, sem eru með 5 börn og ætla að stofna heimili í sveit? Við skulum segja, að þau þurfi að kaupa 10 nautgripi og fá einn grip á 5 þús. kr. eða gripirnir kosti allir 50 þús. kr., að þeir hækki ekki meira en það til vorsins. Með þeim góðu kjörum, sem hæstv. ríkisstj. býður þessum hjónum upp á, þurfa þau að greiða í ársvexti 6000 kr. eða eitt kýrverð og einu þúsundi betur, það eru 6 þús. kr. á einu ári án afborgana, eða á rúmum 8 árum hefur verð kúnna tvöfaldazt, þá kosta þær 100 þús. kr. með þeim vöxtum, sem ætlazt er til að verði greiddir af lánum í framtíðinni. Þetta eru þau góðu lífskjör, sem Sjálfstfl. býður þessum ungu hjónum upp á.

Sama fjölskylda þarf ef til vill að kaupa dráttarvél, og eftir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. 2. minni hl. gat um hér áðan, mundi slík vél núna, ef um Ferguson-dráttarvél er að ræða, kosta um 90 þús. eða hækka um 30 þús., — hækka um 30 þús., eftir leiðinni til bættra lífskjara eða stöðvunarstefnunni.

Alþýðuflokksmenn mundu kannske segja, að þessi fjölskylda væri ekki alveg á flæðiskeri stödd, þar sem hún fengi svo miklar fjölskyldubætur, ef hún væri með 5 börn. En það er þess að geta, að þó að þessi fjölskylda notaði fjölskyldubæturnar bara til þess að greiða þann aukakostnað, sem dráttarvélin leiðir af sér nú með þessari hækkun, þá tekur það hana 3 ár, hækkunin gleypir fjölskyldubæturnar á 3 árum, það er hvorki meira né minna. En hins vegar, ef þessi hjón þyrftu að taka lán til þess að kaupa dráttarvélina einnig og greiða 12% í vexti, þá eru það 10800 kr. á ári. Sem sagt bara fyrir það, ef keyptar eru 10 kýr og ein dráttarvél, þá er vaxtaspursmálið á einu ári 16800 kr. Ég er hræddur um, að ef búskapurinn í landinu á að bera uppi þessi kjör, þá megi verulega hækka verð landbúnaðarvara frá því, sem nú er. En það virðist vera öðru nær af þessu frv. en að slíkt muni eiga sér stað, því að það er gert ráð fyrir því að halda verði á landbúnaðarafurðum eins niðri og unnt er, eins og raunar öllu öðru en því, sem fólkið þarfnast og á að kaupa til sinnar framleiðslu og sér til lífsviðurværis.

Það má með sanni segja, að þegar ríkið réttir eina krónu að þegnunum, þá tekur það hana margfaldlega aftur. Það er óhætt að segja, að það tekur hverja krónu margfaldlega aftur, sem það lætur þegnana hafa. Þessi dæmi sýna nokkurn veginn, hvernig fólki er fyrirmunað að njóta sín við framleiðslustörf eða að mynda heimili, því að allar aðrar hækkanir verða eftir þessu, sem ég hér áður lýsti, og gefin fögur fyrirheit sjálfstæðismanna eru algerlega svikin, því að allir finna, hvernig lífskjörin eru eftir leið sjálfstæðismanna til bættra lífskjara.

Mér þykir raunar slæmt, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér, en ég þurfti sérstaklega nú að minna hann á nokkur atriði, og vildi ég mælast til þess við hv. frsm. meiri hl., að hann kæmi þeim orðum til hans, sem ég hér

segi, af því að ég sé mér ekki fært að bíða. En ráðh. er sjálfsagt upptekinn við ýmsa aðra hluti, því að hann virðist meta allt annað meira en að hugsa um sitt aðalstarf sem landbrh., því að hann sést aldrei hér í deildinni, þegar slík mál eru til umræðu. **(Forseti:** Ég vil tilkynna hv. þm. það, að ég gerði ráðh. orð að koma. Meira get ég ekki gert. Hann veit um þetta. Ég vil geta þess, að hann á ekki sæti hér í deildinni, hæstv. ráðh., og ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi frekar vitað það en ég, að ræðumaður, hv. þm., ætlaði sérstaklega að tala við hann í þessari ræðu sinni.) Ég vil geta þess út af því, sem hæstv. forseti sagði nú, að ég hélt, að ráðherrum, þó að þeir eigi ekki atkvæðisrétt nema í annarri deildinni, beri að vera viðstaddir umræður jafnt í báðum deildum, því að þegar önnur eins mál og nú eru hér á dagskrá, þá geta þeir alltaf búizt við því, að þeir verði að einhverju leyti að standa fyrir svörum, jafnt landbrh. sem aðrir ráðherrar.

Já, hæstv. landbrh. sagði vorið 1958, þegar verið var að ræða þá um efnahagsmál, og það var í útvarpsumr., með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðurinn, sem engan málsvara virðist hafa átt, þegar verðbólgufrv. var samið, verður fyrir hvað mestum skakkaföllum vegna þessara ráðstafana. Allar rekstrarvörur landbúnaðarins eru stórum hækkaðar og 55% yfirfærslugjald lagt á brýnustu nauðsynjavörur landbúnaðarins.“

En hvað leggur hæstv. ráðh. til núna? Hvað leggur hæstv. landbrh. til núna, samkv. því frv., sem hér er verið að ræða? Eftir að hafa lofað í mörg ár að lækka rekstrarvörur landbúnaðarins, þá stórhækkar hæstv. ríkisstj. og þ. á m. þessi ráðh. allt og lætur hvergi örla á því, að neitt eigi að mæta þessum gífurlegu hækkunum. Ráðh. undirstrikar með þessu frv., að hann hafi ekki neitt meint með masi sínu á undanförnum árum um lækkun á yfirfærslugjaldi á rekstrarvörum landbúnaðarins. Hann afhjúpar algerlega eigin ósannindi. Og svo sagði þessi sami hæstv. ráðh., þegar verið var að ræða frv. til laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki unnt að hefja búskap nú í sveit nema hafa í hendinni eða ráð á nokkrum hundruðum þús. kr., og það er það, sem gerir æsku þessa lands erfitt fyrir með að verða kyrr í sveitunum. Æskan hefur ekki farið úr sveitum þessa lands af því, að hún hafi ekki viljað vera í átthögunum og helga þeim sína starfskrafta, heldur eingöngu vegna þess, að hana hefur skort fé til þess að stofna bú í sveit, til þess að byggja hús, til þess að kaupa jörð, til þess að kaupa vélar og öll tæki, sem búskapurinn þarfnast. Það hefur verið hægara fyrir æskufólkið að gifta sig og taka á leigu íbúð hér í Reykjavík. Til þess hefur þurft minna stofnfé. Það er þess vegna, sem margt af okkar efnilega æskufólki hefur farið gegn vilja sínum úr sveitinni að sjávarströndinni.“

Það er undarlegt, að þessi hæstv. ráðherra skuli nú gera þessu fólki, sem hann talar um, algerlega ókleift að hefja búskap í sveit. Og hæstv. ráðh. er sannarlega kaldrifjaður maður að ætla sér að eyðileggja alla uppbyggingu samkv. nýbýlalögunum og láta þá, sem þar byggja hús, engin lán hafa, eins og nú á sér stað, og er það í fyrsta skipti, síðan stofnlánasjóðirnir tóku til starfa, að ekki hefur verið hægt að sjá þeim fyrir tilskildum lánum eins og öðrum, sem hafa verið að byggja.

Ráðh. gerir ekki heldur endasleppt í þessum efnum, því að samkv. þessu frv. óskar hann eftir því að fá heimild til þess að hækka vexti af lánum hjá þessum aðilum og sömuleiðis stytta lánstíma, þ. e. a. s. ef hann getur þá nokkurn tíma útvegað nokkra peninga til þess að lána þessum aðilum. Nei, þarna er hæstv. landbrh. að hefja þá stefnu, sem sjálfstæðismenn hafa lýst mjög á undanförnum árum, og það er, að það sé nauðsynlegt, það sé þjóðhagslega nauðsynlegt að fækka bændum landsins um helming. Það hefur enginn talað jafndigurbarkalega um þessi málefni bændanna og hæstv. núv. landbrh., og það hefur heldur enginn afhjúpað svo ósannindin og blekkingarnar, sem hann hefur farið með, eins og hann hefur gert með þessu frv. Þarna stefnir allt í þveröfuga átt við það, sem ráðh. hefur lýst á undanförnum árum, og það sést bezt, fyrir hvað hann hefur keypt ráðherraembættið á sínum tíma. Það er ekki til að þjóna bændastéttinni til góðs, heldur að framkvæma allt í þveröfuga átt við það, sem hann hefur áður um talað hér á hv. Alþingi og annars staðar.

Það er sannast sagna, að þessar ráðstafanir allar samkv. frv. eru mjög fráleitar fyrir landbúnaðinn og ekki sízt séð frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það örlar nú nokkuð á því, að mjólkurframleiðslan sé ekki nægileg miðað við neyzluþörf þjóðarinnar á mjólkurafurðum. Nú ætti að gera einmitt róttækar ráðstafanir til þess að stórauka landbúnaðarframleiðslu, en ekki stefna í gagnstæða átt. Það má aldrei verða hlé á því að rækta eða klæða landið gróðri, því að sé slakað á taumunum í því efni, fara með hverju árinu sem líður ekki aðeins fleiri býli í eyði, jafnvel heilar sveitir.

Vera má, að þau lífskjör, sem hæstv. ríkisstjórn býður almenningi upp á samkv. þessu frv., verði svo naum, eins og allt bendir til, að fólk verði að neita sér um að drekka mjólk, borða kjöt og grænmeti, svo að það sé allt í lagi, þó að framleiðslan dragist saman. Og ríkisstj. má gjarnan hugleiða það, hvert stefnir með frv. þessu varðandi samdrátt í landbúnaðarframleiðslu og minnkandi neyzlu. Og með leyfi hæstv. forseta, þá stendur í grg. frv.:

„Þá er það einnig ætlun ríkisstjórnarinnar að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana.“

Við skulum segja sem svo, að það verði launahækkanir í landinu, þó að hæstv. ríkisstj. ætlist ekki til þess, þá er ekki leyfilegt að reikna með slíkum launahækkunum inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða samkv. frv. þessu, þannig að bændur eiga ekki þar að njóta sömu kjara og aðrir í þjóðfélaginu. Þeir

eru þarna, eins og byrjað var á undir stjórn Alþfl. og sjálfstæðismanna raunar líka fyrir ári, settir skör lægra í þjóðfélaginu, eins og oft áður, þegar þessir flokkar hafa farið með völdin í landinu.

Það er undarlegt, hvernig hæstv. ríkisstjórn getur ráðizt á unga fólkið og hvers það á að gjalda hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er útilokað, að það geti hafið búskap í sveit, það getur ekki keypt eða byggt yfir sig í kaupstað, og það getur ekki kostað sig til náms erlendis, þar sem það þarf nú að borga 17900 kr., þar sem það greiddi 10 þús. kr. fyrir nám áður. En það er sagt og segir í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Um íslenzka námsmenn erlendis gildir að sínu leyti svipað og um farmenn og flugmenn, þeir hafa getað keypt erlendan gjaldeyri á sérstaklega hagstæðu gengi. Þau fríðindi munu nú að sjálfsögðu falla niður. Hefur verið ráð fyrir því gert í fjárlagafrv., að námsmönnum verði þetta bætt að nokkru með því, að námsstyrkir hækki í sama hlutfalli og verð hins erlenda gjaldeyris, þannig að styrkirnir geti haldizt óbreyttir í erlendum gjaldeyri þrátt fyrir gengisbreytinguna."

Það má vel vera, að það verði við það staðið að hækka styrkina. En ég vil benda á það, að þeir, sem verða ekki í náðinni hjá hæstv. stjórn, sem vafalaust útbýtir þessum styrkjum, fá engan veginn og ekki á nokkurn hátt uppborið þá hækkun á gjaldeyri, sem þeir verða að greiða nú, þ. e. a. s. 79%, og þar með er efnilegum fátækum mönnum algerlega fyrirmunað að njóta jafnréttis við aðra, sem hafa efnahagslegar ástæður til að kosta sig erlendis.

En það eru ekki aðeins námsmennirnir, sem verða að kaupa gjaldeyrinn miklu dýrari en þeir þurftu áður. Það eru einnig hinir, sem af heilsufarslegum ástæðum verða að fara til annarra landa. Það eru sjúklingar. Þeir verða nú að borga gjaldeyrinn 79% dýrara en áður var, svo að það er með sanni hægt að segja, að þarna er ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur, þar sem sjúkir menn munu eiga í hlut, því að yfirleitt fara ekki aðrir til lækninga erlendis en þeir, sem eru mjög sjúkir, og það vita allir, að slíkt er líka mjög kostnaðarsamt.

Það er alveg sama, hvar borið er niður í frv. þessu, það er ráðizt alls staðar á garðinn, þar sem hann er lægstur, á þá, sem þjóðfélagið ætti að styrkja til að skapa sjálfstæða þegna í lýðfrjálsu landi.

Frv. þetta felur í sér stórfellda skerðingu á réttindum manna fyrir utan allt annað. Hinn óbreytti borgari á hér eftir ekki sama rétt og áður til að fá fjárhagslega aðstoð til að mynda heimili, eins og hann hefur átt nú um skeið. Hann á það líka á hættu að geta ekki séð sómasamlega fyrir sér og sinni fjölskyldu, og það er líka ráðizt á þær stofnanir úti á landsbyggðinni, eins og sparisjóðina og innlánsdeildir kaupfélaganna, sem hafa orðið til þess að byggja upp atvinnutæki víðs vegar á landinu og auka framleiðsluna. Það er talið, að það þurfi að leggja áherzlu á að bæta gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar. En þarna er ráðizt á þá aðila, sem verr eru settir og hafa til þessa haft fjármagn heima fyrir til þess að reyna að byggja upp atvinnulífið og búa fólkinu, sem þar er, sómasamleg lífsskilyrði.

Ég gat í upphafi máls míns, hverju sjálfstæðismenn hefðu lofað, þegar gengið var til kosninga í haust. Ég hef líka fært rök fyrir því, að hvert einasta atriði, sem þeir lofuðu, það svíkja þeir nú með því frv., sem hér liggur fyrir, því að þetta frv. stuðlar ekki að stöðvun verðhækkunar, heldur þveröfugt. Það eru litlar líkur fyrir því, að stéttafriður myndist um það, og engar líkur til, að það skapi neitt jafnvægi í þjóðarbúskapnum, og útilokað, að nokkur uppbygging atvinnuvega eigi sér stað samkv. því. Það myndar ófrelsi og viðskiptahöft í stað frjálsra viðskipta. Það dregur saman framleiðsluna og rýrir lífskjör alls almennings. Það stefnir á allan hátt í þveröfuga átt við það, sem hæstv. stjórnarflokkar lofuðu fyrir kosningar í haust eftir „leiðinni til bættra lífskjara".

Ég er þeirrar skoðunar, að það, sem ætti að gera í efnahagsmálum núna, sé að taka hlutunum rólega, halda áfram eins og unnt er að efla og byggja upp atvinnulífið, svo að aukin framleiðsla til lands og sjávar geti mætt auknum byrðum, en ekki takmarkalaus kjaraskerðing þeirra, sem sízt mega við því, eins og stefnt er að með frumvarpi þessu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur nú verið rætt mjög mikið í báðum deildum þingsins. Í mörgum ræðum, sem um það hafa verið haldnar, hefur verið sýnt fram á með glöggum rökum, að samkv. þessu frv. á að leggja gífurlegar álögur á þjóðina og taka upp samdráttarstefnu í atvinnulífi og framkvæmdum. Vegna þess, hve þessi stefna, meginstefna frv., hefur verið ýtarlega rakin, mun ég ekki beina orðum mínum sérstaklega að heildarstefnunni, sem frv. markar, heldur fremur gera að umtalsefni nokkur einstök atriði málsins.

Þegar þurft hefur að grípa til þess áður að breyta gengi krónunnar, eins og t. d. var gert 1939 og aftur 1950, þá var ástæðan til þess sú, að það þurfti með þeim ráðstöfunum að rétta hag útflutningsframleiðslunnar, að útflytjendur og þá sérstaklega framleiðendur sjávarafurða fengju til ráðstöfunar fleiri krónur, eftir að gengisbreytingin hafði verið gerð, heldur en þeir höfðu áður. Nú kemur í ljós, að með grg. þessa frv. fylgir ekki yfirlit yfir rekstrarafkomu bátaútvegsins, sem hefði þó vitanlega átt að vera og réttmætt er að gera kröfu til, til þess að þm. geti fyllilega áttað sig á því undirstöðuatriði málsins. Og stundum áður, þegar hagfræðingaálit hafa verið lögð fyrir þingið eða afhent þingmönnum til athugunar, hafa slík yfirlit verið látin fylgja. En í grg. þessa frv. er það tekið fram, að gengisskráningin, sem frv. gerir ráð fyrir að gildi eftirleiðis, sé við það miðuð, að hagur vélbáts á þorskveiðum verði svipaður og verið hefur að undanförnu samkv. uppbótakerfinu, og hér hefur í þessum umræðum verið

rækilega sýnt fram á það með óhrekjandi rökum, að í sumum greinum framleiðslunnar, þar sem um vissar fisktegundir er að ræða og mikill smáfiskur veiðist, er með þessu frv. stefnt að augljósum halla fyrir bátaútveginn. Sá hagur, sem togaraútgerðinni á að hlotnast af samþykkt þessa frv., er áreiðanlega ekki meiri en svo, að það hefði verið hægt að jafna þann halla með áhrifaminni ráðstöfunum en stefnt er að með þessu frv. Af þessu er ljóst, að sú gengislækkun, sem nú er fyrirhuguð, er ekki fyrst og fremst gerð vegna sjávarútvegsins, gagnstætt því, sem verið hefur undanfarið, t. d. bæði 1939 og 1950.

Meginröksemd fyrir því nú, að nauðsyn beri til þessarar gengisfellingar, sem hér er lagt til, er sú, að þetta þurfi að gera vegna greiðslugetu landsins út á við og til þess að létta þá greiðslubyrði, sem á þjóðarbúskapnum hvílir nú vegna erlendra lána.

Afleiðingin af þeirri uppbyggingarstefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, er sú, að útflutningur landsmanna hefur farið vaxandi ár frá ári að magni til og raunar að verðmæti líka. Ef við lítum á vörumagnsvísitölur, sem hagstofan hefur gert úr garði og liggja fyrir, þar sem miðað er við árið 1935 og hlutfallið þá sett 100, þá er vörumagnsvísitala útflutnings þannig: 1952 209, 1953 237, 1954 284, 1955 280, 1956 339, 1957 322 og 1958 349, m. ö. o., að útflutningurinn að vörumagni til hefur farið vaxandi ár frá ári að undanförnu samkv. yfirliti hagstofunnar. Samsvarandi tölur liggja ekki fyrir enn fyrir árið 1959, en það er kunnugt, að framleiðsla sjávarafurða nam á árinu 1958 505 þús. smál., en samkv. bráðabirgðayfirliti um fiskafla 1959 hefur hann numið 556 þús. smál., eða m. ö. o. aflamagnið hefur aukizt um nálega 11% á árinu 1959 frá því árið 1958. Í viðbót við þetta ber að gæta þess, að þjóðin er að fá ný og afkastameiri framleiðslutæki til nota einmitt nú á s. l. ári og á þessu ári, þannig að öll skilyrði eru fyrir hendi til þess, að þessi þróun haldi áfram á næstu árum, að framleiðsluaukningin vaxi.

Þegar á þetta er litið, þessa þróun, vekur það eftirtekt, að í þeim töflum, sem fylgja þessu frv. og eru í raun og veru grundvöllur þessa máls, eru gjaldeyristekjur þjóðarinnar, bæði í heild og af útflutningi sérstaklega, furðulega lágt áætlaðar á árinu 1959, þegar tillit er tekið til þess, að aflamagnið jókst um nálega 11% það ár frá árinu 1958. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. sé mjög ámælisverð fyrir það, að hafa ekki látið endurskoða og leiðrétta þá tölu, sem er skráð í þessari töflu, sem fylgir frv., um gjaldeyristekjur þjóðarinnar 1959, í samræmi við þær upplýsingar og það bráðabirgðauppgjör, sem nú er hægt að gera og e. t. v. liggur fyrir í febrúarmánuði 1960. Ég tel þetta mjög ámælisvert, vegna þess að þetta er í raun og veru grundvöllur þeirra rökræðna, sem fara fram um þetta mál, og það er öllum skylt að hafa það, sem sannast reynist, og hafa þann grundvöll, sem rökræðurnar byggjast á, sem allra traustastan. En þegar á þetta er litið, þá kemur í ljós, að um gjaldeyristekjur ársins 1959 er aðeins birt hér áætlunartala, og það er áætlunartala, sem sýnir lægri gjaldeyristekjur í heild á árinu 1959 en þær reyndust á árinu 1958, þrátt fyrir þá aukningu á aflamagni, sem ég hef áður getið um.

Það mun nú vera augljóst, að þessi tala er ekki raunhæf, heldur munu raunverulegar gjaldeyristekjur ársins 1959 vera allmiklum mun hærri en hér er sagt. Hins vegar munu afborganir og vextir eða gjaldabyrðin vegna erlendra lána vera rétt tilgreind samkv. þessari töflu. En við það, að grundvöllurinn, þ. e. a. s. gjaldeyristekjur ársins 1959, er raunverulega hærri en hér er sagt, þá er prósentutalan 9.5%, sem á að sýna gjaldabyrðina, ekki heldur rétt. Þar er um lægri prósenttölu að ræða eftir því, hvernig grundvöllurinn breytist, sem reiknað er frá. Og þegar á þessa töflu er litið, sem er undirstöðuatriði málsins, vekur það eftirtekt og vekur furðu, hvað þær áætlanir eru lágar um gjaldeyristekjur næstu ára, sem hér eru birtar, með tilliti til þeirra framleiðslutækja, sem þjóðin á, og með tilliti til þeirrar reynslu um útflutning, sem við höfum frá s. l. árum.

Mér virðist, þegar á þetta er litið, að hér hljóti að koma til eitt af þrennu: Að ríkisstj. og þeir, sem að undirbúningi þessa frv. hafa unnið, geri raunverulega ráð fyrir miklum samdrætti í atvinnulífi þjóðarinnar, gagnstætt því, sem þeir halda þó fram í orði. Í öðru lagi, að þeir geri ráð fyrir verðfalli fyrir íslenzkar afurðir á erlendum mörkuðum eða sölutregðu langt umfram það, sem verið hefur, en það er einnig gagnstætt því, sem þeir halda fram í orði. Eða í þriðja lagi, að þessum tölum sé hagrætt svona vísvitandi í blekkingarskyni, og væri það vissulega mjög ámælisvert.

Það er játað í grg. þessa frv., að af því muni leiða nokkra kjaraskerðingu fyrir almenning í landinu. En samkv. niðurstöðum grg. á þó sú kjaraskerðing ekki að verða nema mjög lítil eða jafnvel ekki yfir 3%. Það hefur verið sýnt fram á það í umræðum um þetta mál, að álögur samkv. þessu frv. nemi um eða yfir 1 milljarð kr., hins vegar séu bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og niðurfelling tekjuskatts, sem eigi að vega upp á móti þessu, ekki nema hátt á annað hundrað millj. kr. Það þarf ekki annað en að virða fyrir sér þessar tölur til þess að gera sér grein fyrir því, að kjaraskerðing samkv. þessu frv. hlýtur að verða í heild miklum mun meiri en gert er ráð fyrir í grg. frv. En það er einnig eftirtektarvert, að þeir útreikningar, sem byggt er á í grg. frv. um þetta atriði, eru eingöngu miðaðir við vísitöluna. Og þar er sagt, að verðhækkanir á erlendum vörum, sem færast inn í vísitöluna, muni sennilega verða um 25%, en verðhækkanir á landbúnaðarvörum muni væntanlega verða um 12%. En niðurstaðan er þó sú, eins og sýnt hefur verið fram á í þessum umræðum, að meðaltal þessara hækkana á að verða 13%.

Mönnum verður fyrst fyrir, þegar þeir lesa þetta, að hugsa til þess, hvaða liðir það eru í

vísitölunni, sem vega svo mikið, þar sem búizt er við, að erlendu vörurnar geri 25% hækkun, að meðaltalshækkunin verði ekki nema um 13%. Það virðist vera, að sá liður í vísitölunni, sem á að vega einna mest í því efni að lækka meðaltalið, sé húsaleigukostnaður. Mér virðist, þegar ég les grg. og talað er um húsaleiguhækkunina, að þá sé einungis miðað við afleiðingar af gengisbreytingunni sjálfri, en ekki í því sambandi tekið tillit til vaxtahækkunarinnar. Nú er það þó vitanlegt, að í sambandi við húsnæðismálin er mikið fé í veltunni, og vaxtahækkunin hlýtur að koma fram með miklum þunga í sambandi við húsnæðisliðinn, áður en langir tíma líða. Þess ber einnig að gæta, að eftir að þær gífurlegu verðhækkanir hafa átt sér stað, sem stefnt er að því að komi í kjölfar þessa frv., ef að lögum verður, þá hlýtur að draga mjög úr íbúðarhúsabyggingum. En ef samdráttur verður á þeirri starfsemi, hlýtur innan skamms að hefjast kapphlaup um íbúðarhúsnæðið á vissum stöðum á landinu og þó að það sé ekki gert í hvítu bókinni, þá hafa hagfræðingar oft bent á það, að þar sem húsnæðisskortur er og framboðið samsvarar ekki eftirspurninni, þá leiði það af sér innan skamms mikla hækkun á húsaleigu, sem naumast verði rönd við reist. Mér virðist alls ekki vera tekið tillit til þessa í sambandi við þetta atriði málsins.

Þær hagsbætur, sem ætlazt er til að veittar verði samkv. þessu frv. til að vega að nokkru á móti þeim gífurlegu verðhækkunum og kjaraskerðingu, sem af því leiðir, eiga að fást aðallega með breyt. á tryggingalöggjöfinni. Það hefur verið föst venja undanfarið, þegar meiri háttar breyt. hafa verið gerðar á tryggingalöggjöfinni, að þá hafa þær verið vandlega undirbúnar, jafnvel af milliþinganefndum, sem hafa fjallað um þau mál. 1954 var t. d. skipuð fimm manna milliþn. til þess að endurskoða tryggingalöggjöfina, og sú nefnd starfaði um skeið og skilaði rækilegu áliti, sem var lagt til grundvallar við þá endurskoðun á löggjöfinni, sem fór fram 1956. En nú virðist svo sem tekin hafi verið upp ný aðferð að þessu leyti. Það er ekki kunnugt, að nein fræðileg athugun hafi farið fram á tryggingalöggjöfinni til undirbúnings þeim breyt., sem nú eru boðaðar í sambandi við þetta mál, heldur munu þær hafa verið ákveðnar af ríkisstjórninni og ráðunautum hennar í efnahagsmálum sem liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans. Ég bendi á þetta til að sýna, að þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar á tryggingalöggjöfinni, eru ekki fyrst og fremst félagsmál, heldur liður í efnahagskerfi því, sem ríkisstj. er að koma á, og ég bendi á þetta einnig til þess að minna á, að með þeim breyt., sem nú eru boðaðar á þessari löggjöf, er vikið enn lengra frá því en áður hefur verið, að tryggingalöggjöfin sé framkvæmd á hreinum tryggingagrundvelli, eins og upphaflega var þó ráðgert.

Það mun vera ráðgert að raska verulega nú þeim hlutföllum um tekjustofna trygginganna, sem hafa verið nokkurn veginn í föstum skorðum mörg undanfarin ár milli einstaklinga, sveitarfélaga og ríkisins. Ég er ekki í sjálfu sér að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir þetta, en bendi aðeins á, að hér er farið inn á nýja braut, sem í raun og veru er ekki séð fyrir endann á, því að vitanlega hafa þeir aðilar, sem leggja Tryggingastofnuninni fé, bæði einstaklingar og sveitarfélög, mikla tilhneigingu til þess að breyta þessu hlutfalli enn frá því, sem nú er fyrirhugað, sér í hag.

Það er fullyrt í grg. þessa máls, að það verði tryggt, að kjör ellilífeyrisþega og öryrkja verði ekki skert. Þessari tryggingu á að ná samkv. ákvæðum frv. á þann hátt að hækka lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins um ca. 44%, að mér skilst. En það kemur hvergi fram í skýringum við þetta mál né í ræðum forsvarsmanna málsins, að það eru fleiri í þessu landi, sem lifa á lífeyri, heldur en það fólk, sem fær lífeyri sinn greiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Samkv. yfirliti, sem hagstofan hefur nýlega gert og birt í Hagtíðindum um starfandi lífeyrissjóði í landinu, eru nú starfandi hvorki meira né minna en 34 lífeyrissjóðir auk Tryggingastofnunar ríkisins. Þeir skiptast þannig: lífeyrissjóðir ríkis og ríkisstofnana 9, lífeyrissjóðir bæjarfélaga 6, lífeyrissjóðir bundnir við einstök fyrirtæki 10, lífeyrissjóðir stéttarfélaga 9 — eða samtals 34 sjóðir. Það er hlutverk þessara sjóða að greiða lífeyri til gamals fólks og öryrkja. Sumir þeirra annast lífeyrisgreiðslurnar að öllu leyti til vissra þjóðfélagsþegna, sem njóta ekki lífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins, en aðrir þessara sjóða veita lífeyrisþegum viðbót við tekjur sínar — við þær fjárhæðir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir. Nú hefur það hvergi komið fram í umræðum um þetta mál, að það eigi að bæta því fólki, sem nýtur lífeyris úr hinum sérstöku lífeyrissjóðum, upp þá skerðingu, sem það verður fyrir á sínum ellilífeyri, en vitanlega minnka þær tekjur að kaupmætti í sama hlutfalli og aðrar launatekjur. Ef ekki eru fyrirhugaðar neinar sérstakar ráðstafanir í þessu efni, fær ekki heldur staðizt sú afdráttarlausa fullyrðing, sem haldið er fram, að kjör lífeyrisþega í landinu almennt verði ekki skert.

Þá er gert ráð fyrir því, að fjölskyldum verði bætt verulega sú tekjurýrnun, sem verðhækkanirnar valda, með auknum fjölskyldubótum. Um það er út af fyrir sig allt gott að segja. En sá ljóður virðist þó vera á um þann þátt málsins, sem hv. 4. þm. Vestf. sýndi greinilega fram á með tölum við 1. umr. þessa máls hér í d., að þessar auknu fjölskyldubætur eiga fyrst og fremst að falla í skaut þeim fjölskyldum, sem hafa á framfæri ekki fleiri en þrjú börn. Ef fjölskyldan er stærri eða börnin fleiri, sem eru á framfæri foreldranna, þá hækka fjölskyldubæturnar á fyrsta verðlagssvæði aðeins um 269 kr. vegna hvers barns, sem er umfram þrjú í fjölskyldu.

Ég gat um það áðan, að breytingar á almannatryggingalöggjöfinni hefðu að undanförnu verið vandlega athugaðar og undirbúnar, áður en til þess hefði komið að lögfesta slíkar breytingar á Alþingi. Mþn., sem skipuð

var 1954 til þess að endurskoða tryggingalöggjöfina, leitaði álits sveitarstjórna í landinu og margra félagssamtaka um mörg atriði í sambandi við tryggingalöggjöfina. Þessi n. fékk svör frá 165 sveitarstjórnum og nokkrum félagasamböndum í viðbót. Þá um skeið, þegar sú n. gerði till. sínar, hafði þeirri reglu verið fylgt að greiða fjölskyldubætur með öðru barni í fjölskyldu og svo þeim börnum, sem fram yfir þá tölu voru, sleppa einungis fjölskyldubótum með fyrsta barni. En niðurstaðan af athugun mþn. varð sú, sem lögfest var 1956, að hverfa frá því að greiða fjölskyldubætur með öðru barni í fjölskyldu, en verja heldur þeim fjármunum, sem áður höfðu farið til þeirra hluta, til þess að auka tryggingarnar á öðrum sviðum, og síðan 1956 hefur þeirri reglu verið fylgt, sem enn er í lögum, að greiða ekki fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni í fjölskyldu. Af þeirri athugun, sem fór fram á þessu máli, áður en breyt. á tryggingalögunum var gerð 1956, má draga þá ályktun, að það hafi til þessa verið nokkuð almenn skoðun í landinu, að ekki bæri brýna nauðsyn til þess að greiða fjölskyldubætur, a. m. k. ekki með fyrsta barni og jafnvel ekki með öðru barni í fjölskyldu heldur. Þó að þessu eigi nú að breyta, þá endurtek ég, að það er í sjálfu sér allt gott um það að segja. En það virðist koma einkennilega fyrir, að þegar horfið er að þessu ráði, að greiða fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni í fjölskyldu, þá skuli fjárhæðin vera hlutfallslega miklu lægri, sem á að falla í skaut barnmörgum fjölskyldum heldur en þeim fjölskyldum, sem einungis hafa fá börn á framfæri. En það lítur út fyrir, að jafnvel þetta sé sett inn í frv. vitandi vits. Og það vekur eftirtekt, þegar grg. er lesin og vitnað er til þeirra áhrifa til tekjuauka, sem fjölskyldubæturnar eiga að veita, að þá er yfirleitt tekið fram, að það sé miðað við fjölskyldu, þar sem eru þrjú börn eða fleiri, sérstaklega miðað við fjölskyldu, þar sem eru þrjú börn. Og það er næsta eftirtektarvert, sem ég held að hafi ekki verið bent á fyrr í þessum umræðum, a. m. k. ekki í þessari hv. d., hvernig komizt er að niðurstöðu í grg. frv. um þau áhrif, sem auknar fjölskyldubætur eiga að hafa til að vega á móti gjaldaaukningunni, sem af verðhækkunum leiðir. Það er komizt að þeirri niðurstöðu í töflu á bls. 34 í grg. frv., að vegna þess að fjölskyldubætur eins og aðrar greiðslur frá Tryggingastofnuninni eru nú nokkru lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, en á hinn bóginn er hér ráðgert, að fjölskyldubætur verði jafnháar til allra barna, hvar sem þau alast upp í landinu, þá muni fólkið, sem býr á öðru verðlagssvæði tryggginganna, þ. e. a. s. í sveitum og kauptúnum, hagnast á þessum ráðstöfunum, þannig að þegar um fimm barna fjölskyldu er að ræða, þá verði hagur þeirrar fjölskyldu þannig, að hlutföllin verði áður 100, en allt að 118, eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Þetta er vissulega eftirtektarvert, og ég get ekki látið hjá líða að benda á það í þessum umræðum, hvernig þessi tala er fengin. Hún er fengin þannig, að útgjaldaauki fjölskyldu, þar sem um er að ræða hjón með eitt barn, aukist vegna áhrifa gengislækkunarinnar um 6650 kr. á ári Ef nú bætist annað barn í fjölskylduna, þá á útgjaldaaukinn samkv. þessu frv. að verða 6650 kr., nákvæmlega jafnhár og þegar um eitt barn í fjölskyldu væri að ræða. Framfæri annars barnsins á sem sé samkv. þessum tölum ekki að kosta neitt. Nú bætist enn við barn í fjölskyldu, svo að þau verða 3. Þá á útgjaldaaukinn að verða alls fyrir fjölskylduna 6800 kr., þ. e. a. s. útgjöldin eru talin hækka um 150 kr. á ári vegna þriðja barnsins, það er kr. 12.50 á mánuði eða 42 aurar á dag. Enn stækkar fjölskyldan og börnin verða fjögur. Þá er samkv. töflunni í frv. útgjaldabyrði heimilisins hækkuð upp í 7100 kr., gjöldin á ári hækka um 300 kr. alls, þ. e. 25 kr. á mánuði fyrir fjórða barnið í fjölskyldunni eða 83 aurar á dag. Og enn stækkar fjölskyldan, svo að börnin verða fimm, og þá er sagt, að útgjöld heimilisins muni hækka um 7300 kr. vegna áhrifa frv., þ. e. a. s. vegna fimmta barnsins í fjölskyldu um 200 kr. á ári, kr. 16.67 á mánuði eða 56 aura á dag. Og þegar þær tölur, sem þannig eru fengnar og stillt upp á þennan hátt, eru lagðar til grundvallar sem röksemd fyrir þessum þætti málsins, þá er fengin sú niðurstaða, að hagur þeirra, sem búa á öðru verðlagssvæði tryggginganna, batni samkv. þessu, þannig að hlutföllin verði 118, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., á móti 100 áður. Það má vera, að til séu hagfræðingar, sem telja þessar tölur raunhæfar, vera í samræmi við raunhæfa búreikninga. Það má vera, að hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta frv., trúi því, að þetta, sem lagt er til grundvallar fyrir þessum þætti málsins og birt er í hvítu bókinni m. a., sem ríkisstj. hefur gefið út, sé raunvísindi, sé hagspeki byggð á raunhæfum búreikningum. En fólkið í landinu veit, að þetta er ekki raunhæf mynd af þessum þætti málsins. Þetta felur ekki í sér neina raunhæfa hagspeki, þó að tölur séu fengnar út á þennan hátt til þess að reyna að gylla málið í augum almennings.

En vegna þess að í grg. er sérstaklega tekið fram, að það fólk í landinu, sem býr á öðru verðlagssvæði tryggginganna, þ. e. a. s. í sveitum og kauptúnum, muni hagnast umfram aðra á þeim ráðstöfunum, sem hér á að lögleiða, þykir mér rétt að drepa á örfá fleiri atriði í því sambandi.

Það er mjög ánægjulegt, að vel sé séð fyrir hag gamalmenna og öryrkja, hvar sem þeir búa í landinu, og vitanlega ekki síður þess fólks, sem býr á öðru verðlagssvæði tryggginganna, heldur en þeirra, sem búa á fyrsta verðlagssvæði. En það skulu menn þó gera sér ljóst, að velgengni sveita og kauptúna grundvallast ekki fyrst og fremst á því, að hlúð sé að gamalmennum og öryrkjum, heldur grundvallast hún fyrst og fremst á því, hvernig búið er í haginn fyrir atvinnulífið á þessum stöðum og hverra kosta unga fólkið, sem á að erfa landið og vill byggja það, á að njóta.

Það hefur oft borið á því í þessum umræð-

um, að menn gera greinarmun á launþegum og atvinnurekendum. Mér finnst það ekki nægilega koma fram hjá mörgum ræðumönnum, að það er til allstór hópur í þessu landi, þar sem þetta tvennt er sameinað, þar sem teknanna er aflað með eigin atvinnurekstri og það fólk, sem þeirra tekna aflar, er í raun og veru hvort tveggja í senn launþegar og framleiðendur. Þannig er um bændastéttina og að nokkru leyti um smáútvegsmenn líka. Og þær byrðar, sem leggjast á þetta fólk, eru því tengdar báðum þessum þáttum, framfæri fjölskyldunnar og atvinnurekstrinum sjálfum og þeim rekstrarkostnaði, sem verður að inna af hendi í sambandi við hann. Þessir þættir eru svo tvinnaðir saman, að í raun og veru verður ekki á milli þeirra greint í framkvæmd.

Ég ætla þá að víkja að því, sem fram kom hjá einum ræðumanni við 1. umr. þessa máls hér í d., hv. 9. landsk., að sú vaxtahækkun, sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað, eftir að frv. þetta er orðið að lögum, muni lenda á atvinnurekendum, en ekki launþegum, — þá vaxtahækkun eigi atvinnurekendurnir einir að bera, sagði hv. 9. landsk. við 1. umr. þessa máls.

Mér finnst, að í þessu komi fram annaðhvort vísvitandi blekking eða að þeir, sem að þessu frv. standa og eru formælendur þess, geri sér alls ekki rétta grein fyrir því, hvernig áhrifa þessa frv. muni gæta í framkvæmd. Ég tek vaxtabyrðina sem dæmi, einmitt í sambandi við þá, sem búa á öðru verðlagssvæði trygginganna, þ. e. úti um land, í sveitum og í sjávarþorpum. Þeir, sem búa langt frá verzlunarstað og aðalhöfnum landsins, þar sem vörur eru fluttar mjög þétt til landsins og frá, búa við þá aðstöðu að verða að draga að sér vörubirgðir, oft með löngum fyrirvara, bæði til hagræðis, til tímasparnaðar og vegna þess, að vegasambönd eru alls ekki trygg, t. d. yfir vetrarmánuðina. Og þeir, sem framleiða sauðfjárafurðir og garðávexti, eru þannig settir með atvinnurekstur sinn og tekjuöflun, að framleiðsluvörur þeirra koma á markað í einu lagi síðara hluta árs, aðallega í september og októbermánuði. Fyrri hluta ársins verða þeir að draga að sér vörubirgðir til heimila sinna til framfærslu fjölskyldunnar, efni til hvers konar framkvæmda, sem vitanlega verður að vinna á sumarmánuðunum, og að miklu leyti eða jafnvel mestu leyti rekstrarvörur til búskaparins. Verzlanirnar, sem þetta fólk skiptir við, láta þessar vörubirgðir í té, ekki gegn staðgreiðslu, heldur með því að færa andvirði þeirra í viðskiptareikninga. Nú hafa margar verzlanir og þar á meðal a. m. k. sum kaupfélög fyrir nokkru tekið upp þá reglu að reikna viðskiptamönnunum vexti mánaðarlega eftir því, hvernig hagur reikningsins stendur um hver mánaðamót. Þetta þýðir það, að allir þeir, sem fá tekjur sínar af sauðfjárframleiðslu og garðávöxtum, verða að bera lausaskuldabyrði í viðskiptareikningi sínum 9—10 mánuði ársins og greiða hann síðan upp með innleggi á síðustu mánuðum ársins. Vitanlega færa verzlanirnar vaxtabyrðina með hinum aukna þunga, sem hinir hækkuðu vextir hafa í för með sér, inn í viðskiptareikninga fólksins. Verzlanirnar velta vaxtabyrðinni af sér, en hún skellur með vaxandi þunga á alþýðuheimilunum í þessu landi og kannske fyrst og fremst á því fólki, sem býr á öðru verðlagssvæði almannatrygginganna. Ég hygg, að ef þeir, sem hafa samið þetta frv. og grg. þess, hefðu gert sér grein fyrir þessu og viljað leggja málið alveg efnislega og rökrétt fyrir, þá hefði verið óhætt að sleppa útreikningunum um ágóðann eða haginn, sem fólkið á öðru verðlagssvæði almannatrygginganna á að fá af þessum ráðstöfunum.

Farmgjöld eiga að hækka. Vitanlega bitnar það fyrst og fremst á þeim, sem þurfa að láta flytja vörur langa vegu, ýmist sjóleiðis eða landveg. Byggingarkostnaður hlýtur því að hækka jafnvel enn meira úti um landsbyggðina heldur en í þéttbýlinu, þar sem flutningar eru tiltölulega ódýrari en út um land. Í viðbót við þetta á svo að koma alger óvissa fólksins, sem stendur í framkvæmdum, um stofnlán t. d. úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitanna, um lánstíma og um vaxtakjör. Menn kunna að segja, að í þessu sambandi beri að gæta þess, að í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða sé tekið tillit til vaxtagreiðslna. Það er rétt, svo langt sem það nær. En það er eingöngu miðað við meðalbú og meðaltöl um þennan lið eins og aðra kostnaðarliði. En þeir, sem eru ofan við meðaltalið, þeir, sem eru þannig í sveit settir, að flutningskostnaður og rekstrarkostnaður við búskapinn er meiri en meðaltalið, verða sérstaklega að bera halla af þessum sökum.

Jafnframt þessu á svo að skerða hlutfallslega framlög til samgöngumála, — ég segi hlutfallslega við þann kostnað, sem af framkvæmdunum leiðir. Og enn er atriði, sem hefur ekki verið bent á í þessum umræðum, að eftir að þessi löggjöf hefur verið samþ. og þegar hún kemur til framkvæmda, þá hækkar vitanlega í hlutfalli við annað kostnaður við ræktun landsins. En ef jarðræktarlögunum verður ekki breytt í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir, þá skekkist um leið hlutfall um framlag ríkisins til jarðræktar frá því, sem verið hefur, gagnvart því kostnaðarhlutfalli, sem bóndinn sjálfur leggur fram.

Vel má vera, að hæstv. ríkisstj. hafi í huga að bera fram á þessu þingi frv. til breyt. á jarðræktarlögunum, þar sem þetta fáist leiðrétt, en ég hef ekki heyrt neinar yfirlýsingar um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. En það nægir ekki í þessu falli að hækka fjárframlög í fjárlögum til þessara mála, vegna þess að greiðslan á hverja verkeiningu er bundin í jarðræktarlögunum.

Það hefur nokkuð verið vikið að því áður í þessum umræðum, hvernig hagur unga fólksins í sveit og við sjó muni verða, eftir að ákvæði þessa frv. hafa orðið að lögum og komið til framkvæmda. Hvernig skyldi það verða um stofnun nýbýla í sveit, eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar? Skyldi það verða aðgengilegra en verið hefur, eða ætli því fylgi ekki stórkostlega auknir erfiðleikar

vegna áhrifa þessa máls? Ég hygg, að svo sé. En það hefði verið vel þess vert, að einn kafli í hvítu bókinni, sem ríkisstj. hefur gefið út, fjallaði um þetta, en ekki eingöngu um það, hvernig ætti að hlúa að hinu aldraða fólki í landinu.

Það hefur verið minnzt á það hér áður, að t. d. algeng tegund heimilisdráttarvéla, Ferguson, mundi hækka um ca. 30 þús. kr. í útsöluverði, þ. e. a. s. í innkaupi fyrir bóndann, eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar. Við sjáum, þegar þetta er borið saman við heildartekjur verkamanns og þá jafnframt tekjur þær, sem bóndinn á að hafa, þegar þær eru metnar í hlutfalli við þennan eina kostnaðarlið, hvernig hagur unga fólksins muni verða að þessum ráðstöfunum gerðum, þar sem miðað er við heildarárstekjur verkamanns og bónda, 60—70 þús. kr., en hækkun á einni dráttarvél nemur um 30 þús. kr.

Eitt af því, sem fært er fram sem rök fyrir þessu máli, er það, að uppbótakerfið leiði til ójafnvægis í atvinnurekstri þjóðarinnar, þannig að ef bætur eru mismunandi á framleiðsluna, þá sé hætta á, að framleiðslan aukist óeðlilega á þeim sviðum eða vinnuaflið beinist um of að þeim framleiðslugreinum. Orðrétt segir svo um þetta í grg. á bls. 16:

„Þegar bætur eru mismunandi, beinist framleiðslan hins vegar inn á þau svið, þar sem bæturnar eru tiltölulega hæstar samanborið við framleiðslukostnað, og það má einmitt gera ráð fyrir, að hæstu bætur séu greiddar með þeirri framleiðslu, sem ella ætti örðugast uppdráttar."

Þessar hagfræðilegu kennisetningar eru í sjálfu sér ekkert óálitlegar við fyrstu sýn. En sá ljóður er á, að atvinnulíf íslenzku þjóðarinnar sýnir, að þær eru ekki í samræmi við raunveruleikann. Í fyrsta lagi er hér ekki tekið tillit til þess, að atvinnulífið hjá okkur Íslendingum er þannig, að það er í sumum greinum árstíðabundið. Á vissum árstímum verður að leggja mesta rækt við að veiða þorsk hér við suðurströndina, á öðrum tíma árs að veiða síld fyrir Norðurlandi o. s. frv., þannig að það er alls kostar eðlilegt og nauðsynlegt í þjóðfélaginu, að hreyfing eigi sér stað á vinnuaflinu í samræmi við þetta.

Þá er kunnara en frá þurfi að segja, að að undanförnu hefur vinnuafl þjóðarinnar leitað frá undirstöðuatvinnuvegum hennar, framleiðslunni í landbúnaði og sjávarútvegi, en meira að þeim greinum, sem skapa ekki gjaldeyri, heldur annast ýmiss konar þjónustu, svo sem verzlun og þjónustu af öðru tagi. Nú er það hagfræðilega séð sjálfsagt hagkvæmt þjóðinni, að það fólk, sem vinnur við verzlun og ýmiss konar þjónustu, sé ekki fleira en brýna nauðsyn ber til, svo að þjónustan sé innt af hendi, en það sé þjóðfélagslegur hagur, að sem flestir vinni af fullum krafti að framleiðslunni og hún sé stunduð hvarvetna um land og meðfram ströndum landsins.

Þegar athuguð er hagfræðikenning eins og sú, sem ég drap á og flutt er hér í grg., þá er ekki úr vegi að líta á, hvernig fólksfjölgun þjóðarinnar á undanförnum árum hefur skipzt á milli landshluta og atvinnugreina, því að það er hið raunhæfa gagnvart íslenzkum þjóðarbúskap, eins og hann hefur verið undanfarin ár og eins og þau mál standa nú í dag. Þegar þessi samanburður er gerður, þá er það álitamál, hvernig eigi að skipta landinu og við hvaða tímabil eigi að miða. Ég hef gert á þessu athugun, sem er miðuð við tímabilið árslok 1954 til ársloka 1958, þ. e. a. s. 4 ára tímabil, og ég hef í þessu falli skipt landinu í svæði eftir hinum nýju kjördæmum. Hin raunverulegu áhrif samkv. þeirri hagfræðikenningu, sem ég gat um, hafa þá sérstaklega átt að koma fram á s. l. 4 árum, þegar uppbótakerfið hefur verið aukið, ef á að rekja áhrifin til þess, og af þeim ástæðum vel ég þetta tímabil.

Á þessu fjögurra ára tímabili hefur fólksfjöldi í Reykjavík aukizt um 11.6%, fólksfjöldi í Reykjaneskjördæmi hefur aukizt um 26.4%, fólksfjöldi í Vesturlandskjördæmi hefur aukizt um 7.5%, fólki í Vestfjarðakjördæmi hefur fækkað um 2.9%, fólki í Norðurlandskjördæmi vestra hefur fækkað um 0.4%, fólki í Norðurlandskjördæmi eystra hefur fjölgað um 1.9%, fólki í Austfjarðakjördæmi hefur fjölgað um 3.5%, og í Suðurlandskjördæmi hefur fólksfjölgun numið 6%. Hvað sýna nú þessar staðreyndir um þjóðarbúskap Íslendinga að þessu leyti? Hefur haftakerfið og hinar misjöfnu bætur, sem greiddar hafa verið og nú á að afnema, leitt til þess, að það hafi orðið of mikið eða óeðlilegt aðdráttarafl hjá þeim framleiðslugreinum, sem notið hafa hinna hæstu útflutningsbóta? Nei, þvert á móti. Í sumum landshlutum, þar sem atvinnuvegirnir hafa notið þessara sérstöku bóta, hefur ekki tekizt að halda fólksfjöldanum alveg í fullum skorðum, en í öðrum landshlutum hefur hann aukizt dálítið, en þó miklu minna en á ýmsum öðrum svæðum landsins. M. ö. o.: það, sem gert hefur verið, hefur vegið á móti straumi aldarandans og áhrifum fjármagnsins, þar sem það er mest samandregið, að verulegum mun, en þó ekki fyllilega nægilega til þess, að jafnvægi næðist að þessu leyti. Nú á með þeim rökum, að aðdráttarafl framleiðslugreina úti um land kunni að verða óeðlilega mikið, ef sérstakar bætur eru greiddar á vissar greinar útflutningsins, að afnema þær. Það gefur bendingu um, hvernig þróunin muni verða að þessu leyti á næstu árum og að hverju er stefnt um þennan þátt málsins af hæstv. ríkisstjórn og fylgismönnum þessa frumvarps.

Þá er það ein meginröksemd, sem færð er fram fyrir þessu máli, að það þurfi að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, og í hvítu bókinni og grg. þessa frv. er vitanlega kafli um jafnvægisleysið í þjóðarbúskapnum gagnvart viðskiptunum við útlönd. En því er nú svo háttað, að þeir, sem setið hafa á þingi um skeið að undanförnu, hafa stundum áður fengið í hendur álit hagfræðinga, og sum þau álit hafa að mínum dómi verið miklum mun skilmerkilegri en grg. með þessu frv. Í sumum þeim hagfræðingaálitum, sem þm. hafa áður fengið í hendur, er t. d. bent á það með all-

sterkum orðum, að jafnvægisleysi geti skapazt innbyrðis í þjóðfélaginu með mismunandi dreifingu fjármagnsins. Það sé hagfræðilegt lögmál, að fólkið leiti þangað, þar sem fjármagnið er fyrir hendi og sé undirstaða framkvæmda og atvinnulífs fremur á einum stað en öðrum. Af þessu misvægi innanlands leiði samdrátt, rýrnun og jafnvel eyðingu verðmæta á sumum stöðum á landinu, en á öðrum stöðum komi í kjölfar þess ofþensla, kapphlaup á vinnumarkaði, húsnæðisskortur, húsaleiguokur og fleiri fylgikvillar þessa jafnvægisleysis. Þetta valdi aftur erfiðleikum fyrir bæjarfélög, tekjurýrnun hjá sumum, en á öðrum stöðum verði öll fyrirtæki of smá, áður en líður, og valdi bæjarfélögunum á þeim stöðum geysilegum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu.

Það er eftirtektarvert, að í hvítu bókinni er enginn kafli um þetta efni, sem hagfræðingar hafa þó oft lagt mikla áherzlu á.

Það hefur einnig legið fyrir hér á hv. Alþingi, að ýmsir málsmetandi hagfræðingar hafa dregið fram önnur sjónarmið en þau, sem lögð eru til grundvallar í grg. þessa frv. Þegar gengislækkunarfrv. var til meðferðar hér á hv. Alþingi 1950, skilaði hagfræðingurinn Gylfi Þ. Gíslason, núv. hæstv. menntmrh., ýtarlegu nál., sem er raunverulega hagfræðileg álitsgerð um hagþróun Íslands síðan 1939 og fleiri þætti, sem þar eru teknir til meðferðar. Þá komst hann í þeirri hagfræðilegu álitsgerð að öðrum niðurstöðum í veigamiklum atriðum en nú eru lagðar til grundvallar þessu frv., og vil ég leyfa mér að benda á örfá dæmi þess, en skal ekki fara langt út í það efni.

Hagfræðingurinn, núv. hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði m. a. svo 1950 um gengislækkunarfrv., sem þá var til meðferðar:

„Það er höfuðeinkenni þessa frv., sem hér er um að ræða, að því er aðeins ætlað að vera tilraun til þess að ráða bót á jafnvægisleysinu í fjárhagsmálum þjóðarinnar. Það er ekki tilgangur þess að ráða jafnframt nokkra bót á hinu félagslega jafnvægisleysi með gagngerum ráðstöfunum til tekju- og eignajöfnunar. Sérhver ráðstöfun, er snertir fjárhagsjafnvægið, snertir jafnframt félagslega jafnvægið. Þess vegna verða þessi tvö mál ekki aðgreind, og þess vegna hefði það átt að vera liður í undirbúningi þeirra tillagna, sem hér er um að ræða, að athuga tekju- og eignaskiptinguna, eins og hún er nú, sem og sérstakar aðstæður, sem miklu máli skipta fyrir lífskjörin, svo sem húsnæðismálin. Með því móti einu hefði fengizt öruggur grundvöllur til þess að byggja á till., er tryggðu, að hin nauðsynlega endurskipting þjóðarteknanna vegna sjávarútvegsins yrði réttlát."

Hvernig er nú þessarar reglu gætt í sambandi við þetta mál? Hvernig er um framkvæmd á þessu boðorði? Eru gerðar samhliða þessu frv. gagngerar ráðstafanir til tekju- og eignajöfnunar í þjóðfélaginu, sem höfð er í huga og öðrum þræði lögð til grundvallar við endurskiptingu þjóðarteknanna?

Í þessum umræðum hefur verið lögð á það áherzla m. a. af hæstv. menntmrh., sem talaði um málið í Nd., að með þessu frv. væru gerðar ráðstafanir til mikils tilflutnings á tekjum milli stétta í þjóðfélaginu. Það má því að vissu leyti segja, að hér sé stefnt að endurskiptingu þjóðarteknanna, eins og Gylfi Þ. Gíslason orðaði það 1950. En ég fæ ekki séð, að þessi endurskipting þjóðarteknanna sé nú miðuð við það að rýra hlut eignamannsins, en bæta hlut hins eignaminni, heldur þvert á móti.

Þá sagði hagfræðingurinn Gylfi Þ. Gíslason um gengislækkunina 1950:

„Að öðru leyti er það um þetta að segja, að ég tel það ekki eiga að vera höfuðmarkmið þeirrar stefnu, sem fylgt er í efnahagsmálum, að hægt sé að halda uppi svonefndri frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera það, að haldið sé uppi fullri atvinnu og full hagnýting allra framleiðslutækja tryggð, svo álít ég, að verzlunin eigi að vera eins frjáls og samrýmist þessu höfuðmarkmiði. Ýmis fræðileg rök og gömul og ný reynsla virðist benda til þess, að vafasamt sé, að hvort tveggja geti farið saman: algerlega óheft framtak í framleiðslu og viðskiptum annars vegar og full atvinna og full hagnýting atvinnutækja hins vegar."

Ég legg áherzlu á þetta, að hér er mikið sagt af hagfræðingi: Fræðileg rök og gömul og ný reynsla benda til, að það geti ekki hvort tveggja farið saman: algerlega óheft framtak í framleiðslu og viðskiptum annars vegar og full atvinna og hagnýting framleiðslutækja hins vegar. — Mér virðist, að það, sem nú er lagt til grundvallar þessu máli, sé það sjónarmið, sem hagfræðingurinn Gylfi Þ. Gíslason sagði 1950 að ætti ekki að vera aðalatriði. En hagfræðilegar niðurstöður eiga vitanlega að standa óhaggaðar án tillits til, hverjir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu hverju sinni. Hér er um fræðigrein að ræða, en ekki pólitíska afstöðu.

Enn fremur benti hagfræðingurinn Gylfi Þ. Gíslason á það 1950, hve margs þyrfti að gæta í sambandi við gengislækkanir og ráðstafanir, sem gerðar væru jafnhliða. M. a. þyrfti þess að gæta að hafa um það samráð við verkalýðshreyfinguna og reyna að tryggja heillavænlega framkvæmd málsins á þann hátt, Um þetta segir svo orðrétt í þessari álitsgerð:

„Frv. hefur að engu leyti verið undirbúið í samráði við verkalýðssamtökin. Ýmis ákvæði þess eru til þess fallin að vekja tortryggni af hálfu þeirra, og er það miður farið. Verkalýðssamtökin gera sér vafalaust ljóst, að engum er gagn að gagnkvæmum hækkunum á kaupgjaldi og verðlagi, sízt hinum vinnandi stéttum sjálfum. Alþýða manna mun vafalaust ekki skorast undan því að taka á sínar herðar sanngjarnan hluta af þeim byrðum, sem á þjóðina í heild kann að verða að leggja vegna versnandi markaðsskilyrða, ef málin eru lögð hreinskilnislega fyrir hana og hún telur sig geta borið traust til þeirra, sem með framkvæmdavaldið fara. En það er eðlileg krafa verkalýðssamtaka, að þeir fórni fyrst og fórni

mest, sem haft hafa stórtekjur og safnað hafa stóreignum á undanförnum áratug.“

Hvernig er þessu boðorði fylgt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við undirbúning þessa máls? Það hefur komið fram í þessum umræðum, að það hafi alls ekki verið haft samráð við verkalýðssamtökin og þannig brugðið frá þeirri reglu, sem hæstv. núverandi menntmrh. lagði mikla áherzlu á að fylgt væri 1950. Mér skilst, að í þessu frv. séu ákvæði, sem eru til þess fallin að vekja tortryggni hjá verkalýðshreyfingunni, og mér skilst, að það sé fullkomlega vafasamt, þótt ekki sé dýpra tekið í árinni, að verkalýðshreyfingin beri nú traust til þeirra, sem með framkvæmdavaldið fara. Og hvað er um fórnirnar? Hvernig hefur hæstv. menntmrh. og Alþfl. tryggt það nú í sambandi við undirbúning þessa máls, að þeir fórni fyrst og fórni mest, sem safnað hafa stóreignum á undanförnum árum? Ég verð ekki var við, að þess gæti nokkurs staðar í þessu frv.

Það má segja, að hér eigi við gagnvart hæstv. menntmrh. og Alþfl. í sambandi við þetta mál orð Hallgríms um manninn, sem hugsaði meira um að halda völdum en að dæma rétt:

„Þetta, sem helzt nú varast vann,
varð þó að koma yfir hann.“

Nú er horfið að því ráði að leggja til grundvallar við úrlausn mála það sjónarmið, sem síður skyldi, að dómi hagfræðingsins Gylfa Þ. Gíslasonar, þ. e. frelsi í viðskiptum, en ekki lögð aðaláherzla á fulla atvinnu og hagnýtingu atvinnutækjanna. Þetta á sennilega að gera m. a. til þess að framkvæma það stefnuskráratriði Sjálfstfl., að Ísland ætti að fá hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi. En í umræðum, sem hér hafa farið fram á þingi undanfarin ár um afstöðu þjóða í sambandi við tollabandalög og sambönd í hinum frjálsa viðskiptaheimi og markaðsskilyrði, hefur ævinlega, eftir því sem ég man bezt, verið lögð á það áherzla, að fyrir hendi væri skilningur meðal þjóðanna á því, að einstök ríki, sem væru skammt komin í uppbyggingu atvinnuvega, sérstaklega að iðnaðarþróun þeirra væri á lægra stigi en stórvelda, yrðu að fá vissar undantekningar í sambandi við þessi frjálsu viðskipti. Nú virðist svo sem hæstv. ríkisstjórn skoði Ísland sem lítinn bróður í þessu félagi þjóðanna og sé sér þess meðvitandi, að Ísland þurfi að fá aðstoð til þess að geta fyllilega orðið hlutgengt í hinum frjálsa viðskiptaheimi. Þessa aðstoð á að fá með 760 millj. kr. lánsheimild við erlendar peningastofnanir. En innbyrðis gagnvart stéttum þjóðfélagsins og hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að dreifa byrðunum á þær, þá er ekki litið sömu augum á hinn máttarminni bróður, því að hér örlar ekki á því, að hinum sterkari efnahagslega sé íþyngt umfram hinn veikari, þvert á móti er það öfugt. Hér á fyrst og fremst að leggja byrðarnar á alþýðustéttirnar í þessu landi til sveita og sjávar. Í þessu m. a. speglast siðgæði þessa máls.

Það hefur nú verið rakið svo rækilega, að í raun og veru er ekki miklu við það að bæta, hvað þetta mál kemur þjóðinni að óvörum vegna þess, hve talið var víst fyrir kosningar, að allt væri í góðu lagi um þjóðarhag og stefnt væri að því að fylgja áfram stöðvunarstefnunni. Það þarf í raun og veru ekki miklu við það að bæta, sem aðrir hafa tekið fram um þetta atriði. Þessu til stuðnings og til þess að fylla þau rök, sem áður hafa verið dregin fram, skal ég þó minna á tvenn ummæli forustumanna Alþfl., sem að þessu lúta.

Rúmum mánuði fyrir kosningar hafði Alþýðubl. það eftir þáv. forsrh., Emil Jónssyni, að hann hefði sagt í ræðu um stefnu Alþfl.:

„Emil sagði í lok ræðu sinnar, að Alþfl. vildi halda niðri verðlagi og kaupgjaldi til að hindra dýrtíðarskrúfu, halda atvinnuvegunum gangandi, afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta og afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra byrða á almenning.“

Þetta er haft eftir fyrrv. forsrh. orðrétt í Alþýðublaðinu 21. sept. í haust. Hér er ekki litlu lofað af manni í þeirri stöðu: að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta og afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra byrða á almenning.

Og Eggert Þorsteinsson, varaforseti Alþýðusambands Íslands og hæstv. varaforseti þessarar hv. d., sem að sönnu er fjarstaddur nú í bili, sagði orðrétt um þetta fáum dögum fyrir kosningar:

„Undanfarið hafa birzt í Alþýðublaðinu ummæli margra helztu forustumanna þeirra launþegasamtaka, sem Alþýðuflokksmenn hafa forustu fyrir. Þeir eru allir á sömu skoðun, að við krefjumst status quo, óbreytts ástands. En ef opnuð verður nokkur gátt fyrir dýrtíðarflóðið, þá munum við ekki sitja hjá, heldur fara af stað með okkar kröfur. Ég er algerlega sammála þessari stefnu. Ég mun leggja alla áherzlu á að fylgja henni fram. Aðrir flokkar verða að gera sér ljóst, hvað í húfi er.“

Og í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. kemur mjög svipað fram. Þar segir m. a. svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Um 20 ára skeið hefur verðbólgan, með nokkrum hléum þó, dregið úr framförum og gert afraksturinn af erfiði þjóðarinnar minni en efni stóðu til. Við verðbólguþróuninni hefur verið brugðizt með ýmsum hætti og tímabundnum árangri, en alda hennar hefur nú risið svo hátt, að vandamálinu verður ekki lengur skotið á frest.“

Það getur verið, að það séu til menn, sem hafa gaman af að viðhafa orðaleiki eins og t. d. það, að það sé engin verðbólga í landinu, ef svokallað jafnvægi er á viðskiptunum við útlönd og þjóðarbúskapnum, án tillits til þess, hvert verðlagið á vörunum er. En slíkir orðaleikir hafa ekkert gildi í augum almennings í landinu, enda er svo skýrt kveðið á um þetta efni í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., að það tekur af allan vafa, hvernig beri að skilja efni málsins, því að við það, sem ég las áðan, er þessu bætt:

„Að vísu voru s. l. vetur gerðar bráðabirgðaráðstafanir gegn vexti verðbólgunnar. En öll-

um er ljóst, að verðhækkunaralda mun senn rísa á ný með meiri þunga en áður, ef ekkert er að gert.“

Það er sem sé ótvírætt, að það er lofað aðgerðum gegn verðhækkunaröldu. Og það, sem hefur gildi í augum almennings í þessu máli, eru ekki orðaleikir og ekki í sjálfu sér flóknar hagfræðikenningar, heldur blátt áfram hvernig viðskiptakjör heimilanna í landinu verða, eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar, samanborið við það, sem áður var, — blátt áfram, hvort opnaðar eru flóðgáttir fyrir verðhækkunaröldu eða leitazt við að standa við það loforð Sjálfstfl. að reisa skorður við henni.

Mér virðist, að það ákvæði, sem fjallar um það að afnema vísitöluuppbætur á laun, muni vera til þess fallið að vekja tortryggni verkalýðshreyfingarinnar, í því formi, sem það er nú í frv. Og mér virðist, að heilræða hagfræðingsins Gylfa Þ. Gíslasonar frá 1950 hafi ekki verið nægilega gætt í sambandi við þetta ákvæði frv. Ég vil einnig minna á það, að hæstv. varaforseti þessarar d. og varaforseti Alþýðusambands Íslands, Eggert Þorsteinsson, kvað mjög skýrt að orði um þessi efni skömmu fyrir kosningar í haust. Þá sagði hann enn, í viðbót við það, sem ég hef áður greint, þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþfl. heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli. Ef dýrtíðarflóðinu verður aftur hleypt yfir þjóðina, þá erum við lausir allra mála. Við munum hefja okkar varnarráðstafanir þegar í stað. Þetta er aðvörun til stjórnmálaflokkanna, en það er um leið aðvörun til þjóðarinnar.“

Þegar ég las ákvæði frv. um afnám verðlagsuppbóta á laun, kom mér í hug, hvort hæstv. ríkisstjórn hefði verið búin að gleyma þessari yfirlýsingu eins af stuðningsmönnum sínum eða hvort hún hefði ekki haft samráð við hann um samningu frv. og ákvæða þess. Mér þykir þó næsta ólíklegt, að svo geti verið, vegna þess, hve skorinorð þessi yfirlýsing er.

Á undanförnum árum hefur verið mjög á dagskrá hér á þingi og með þjóðinni þetta hugtak, sem kallað er að stuðla að og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Það munu hafa verið þm. úr Framsfl. og Sjálfstfl., sem sameinuðust um það að flytja inn í þingið till. til þál. um þetta efni og fengu hana samþykkta. Á grundvelli þeirrar þál. var skipuð n. til þess að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar, og hefur sú n. samið frv., sem felur í sér ráðstafanir til þess að stuðla að og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

En ef á að koma fram eða ná árangri í þessu efni, þá er leiðin til þess ekki sú að láta fjármagnið ráða framkvæmdum og framkvæmdirnar dragast einvörðungu í hendur þeirra, sem hafa fjárhagsgetu til þess að leysa þær af hendi, heldur er leiðin sú, að með aðgerðum ríkisvaldsins sé höfð stjórn á fjárfestingunni og dreifingu fjármagnsins og jafnvægi í byggð landsins aukið eftir þeim leiðum.

Ég fæ ekki betur séð en með þessu frv. sé unnið gegn þeirri viðleitni að koma á jafnvægi í byggð landsins og að Sjálfstfl. mót von minni hafi tekið upp nýja stefnu í þessu efni og hugsi sér að hverfa frá þeirri braut, sem hann hafði markað ásamt okkur framsóknarmönnum að þessu leyti, því að nú á einkafjármagnið, — eins og það fellur í farvegi samkv. hinu aukna frelsi, sem á að veita, — að ráða að miklu leyti eða jafnvel mestu leyti uppbygginguni í landinu, hvernig hún verður og af hverjum hún verður framkvæmd og á hvaða stöðum. Og til þess að auka áhrifin að þessu leyti, til þess að halla enn á landsbyggðina frá því, sem verið hefur, koma í kjölfarið eða til viðbótar ákvæðin um afnám hinna sérstöku bóta á smáfisk og sérstakar fisktegundir og minnkandi fjárframlag til ræktunarmála og samgöngumála, eins og ég hef áður rakið. Með þessu er því greinilega stefnt að auknu ójafnvægi í byggð landsins, jafnframt því að almennur samdráttur í framkvæmdum og atvinnulífi hlýtur að eiga sér stað. Þessi stefna, sem liggur til grundvallar þessu frv., er því sannnefnd samdráttarstefna, eins og aðrir ræðumenn, sem áður hafa talað í þessu máli, hafa margir greinilega sýnt fram á.

Hv. 9. landsk. þm., sem talaði hér við 1. umr. málsins í þessari hv. d., fann ástæðu til þess að fella það inn í ræðu sína, að hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefði í Nd. sagt, að byggðastefnan væri einn þáttur uppbyggingarstefnunnar, og hv. 9. landsk. leyfði sér að tala um þetta og raunar þetta alvarlega mál í heild af léttúð og litlum skilningi.

Það hefur þegar verið rakið bæði af mér og öðrum, að sú stefna, sem liggur til grundvallar þessu frv., er samdráttarstefna. Framsfl. vill bregðast við þeim vanda, sem nú er við að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, á þann hátt að auka framleiðsluna og örva uppbygginguna hvarvetna um land, skattleggja eyðslu og komast út úr uppbótakerfinu í áföngum, en ekki með því heljarstökki, sem hér á að taka. Það liggur í augum uppi, að þetta er alveg gagnstætt samdráttarstefnunni, þetta er uppbyggingarstefna.

Hv. frsm. 2. minni hl. fjhn. hefur leitt að því glögg rök, bæði í ræðu sinni hér áðan og í nál., að sú stefna, sem mörkuð er í þessu frv., sé byggð á lögmálum vetrarins, — eins og hann orðaði það með skáldlegri líkingu, — frostsins, sem takmarkar gróðurinn, hreinsar úr vegi hið veikburða, eins og Einar Benediktsson segir um hollustu hafissins, en gefur þá um leið því, sem sterkara er, aukin tækifæri, og hann varar við þessu og segir, að íslenzka þjóðin eigi ekki að byggja efnahagslíf sitt á hagfræði hinna kaldrænu, tillitslausu lögmála hæfilegs atvinnuleysis og hafta eða takmarkana, sem getuleysið stjórnar, þ. e. a. s. fátæktin.

Um leið og ég ítreka þetta og legg á það áherzlu, að hér er vissulega rétt farið með staðreyndir, vil ég ljúka þessum orðum mínum með því að bæta við þetta enn einni lík-

ingu, ef verða mætti, að Alþfl. a. m. k. og þeir, sem tala fyrir hann, fengju þá aukinn skilning á þessu máli.

Það má segja, að arðurinn af atvinnurekstri yrði ekki minni í heild, þó að verkamenn hefðu ekki með sér nein samtök um kaupkröfur. En arðurinn skiptist vissulega öðruvísi. Það kæmi meira í hlut fjármagnsins, en minna í hlut vinnunnar. Verkamennirnir hafa séð sig neydda til þess eða talið sjálfsagt að mynda með sér öflug félagsleg samtök, verkalýðshreyfinguna, sem vinnur öðrum þræði að menningarmálum á vegum verkalýðsins, en er öðrum þræði og jafnvel fyrst og fremst hagsmunasamtök. Og þau átök, sem fara fram á milli verkalýðsfélaganna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, eru jafnvel fyrst og fremst um skiptingu arðsins á milli fjármagnsins og vinnunnar. Því meira sem fjármagnið fær af arðinum í sinn hlut, því meiri líkur eru til þess, að uppbyggingin verði í höndum hinna fáu, sem fá arðinn af fjármagninu, en hlutur hinna mörgu, sem leggja til vinnuna, verði svo smár, að þeir hafi ekki færi á því að vinna að uppbyggingunni eins og framfaraþrá þeirra þó gjarnan segir til um. En með því að auka hlut vinnunnar, hlut hins vinnandi manns, þá vaxa líkurnar fyrir því, að uppbyggingin verði í höndum margra, að verkamennirnir, sem vinna og fá endurgjald fyrir vinnu sína, fái svo ríflegan hlut, að þeir taki sjálfir þátt í uppbyggingunni jafnframt atvinnurekendunum.

Þessi líking ætti að vera svo ljós, að Alþfl. og þm. hans skilji hana, vegna þess að Alþfl. hefur þó hingað til talið sig félagslega sinnaðan. En ef við stækkum nú sviðið, sem þessi líking nær til, og lítum á þjóðfélagið sem heild, þá er það svo, að þeir þættir fjármagnsins, sem Alþingi ræður ekki yfir, þ. e. a. s. bankafjármagnið og einkafjármagnið, það er samandregið að langmestu leyti á fáum stöðum á landinu. Þetta má rökstyðja tölulega, ef ástæða þætti til. Það, sem hefur vegið á móti þessu að undanförnu, er dreifing ríkisfjármagnsins út um land að tilhlutun Alþingis. Ef sú stefna verður nú upp tekin, að horfið verði frá að dreifa ríkisfjármagninu í jafnríkum mæli út um land eins og verið hefur, þá leiðir það til þess, að það leggst í sömu farvegi og einkafjármagnið og bankafjármagnið, það eykur fjármagnið í vissum landshlutum, en skerðir það á öðrum. **(Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því, að það var hugmyndin að gera hlé núna klukkan ellefu, og ef hann á mikið eftir af ræðu sinni —**)** Ég er alveg að ljúka máli mínu, á svona fimm mínútur eftir. Ætli það þætti þá ekki bezt, að ég — **(Forseti:** Jú, ef það verður ekki mjög langt, það sem eftir er.**)**

Hér er því með byggðastefnunni, svo að ég haldi líkingunni áfram, unnið að vissu leyti á hliðstæðan hátt og verkalýðsfélögin vinna gagnvart fjármagninu hjá atvinnurekendunum. Það er verið að gæta að hlut þess máttarminni, sem býr úti um landsbyggðina, en vinnur þar þjóðnýt störf að hagnýtri framleiðslu við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Því betur sem byggðastefnan nýtur sín í framkvæmd, því meiri trygging er fyrir því, að uppbyggingin verði á höndum margra sjálfbjarga og þroskaðra aðila í þjóðfélaginu, en dragist ekki í hendur hinna fáu, sem safna að sér fjármagninu. Þetta er m. a. munurinn á samdráttarstefnunni og byggðastefnunni. Það má því vel orða þetta svo, eins og hv. 9. landsk. hefur eftir 1. þm. Austf., að hann hafi sagt, að byggðastefnan væri hluti af eða þáttur af uppbyggingarstefnunni.

Þegar um þessar stefnur er deilt, sem eru alveg gagnstæðar, samdráttarstefnan annars vegar og uppbyggingarstefnan hins vegar, þá er ekki einungis þar um að tefla efnahagsleg áhrif, heldur jafnframt menningarleg áhrif í þjóðfélaginu.

Íslenzka þjóðin á þetta land, og forfeður okkar helguðu sér það í öndverðu, en tóku það ekki herskildi. Þjóðin hefur vigt það með vinnu sinni meir en þrjátíu kynslóðir samfleytt. Landið í heild hefur verið starfssvið þjóðarinnar frá öndverðu. „Saga þess er saga vor, sómi þess vor æra.“ Vellíðan og veraldargengi gætu 170 þús. menn vissulega hlotið annars staðar á hnettinum heldur en hér. En íslenzkt lýðveldi er hvergi hægt að stofna eða láta þróast og dafna nema hér á Íslandi. Og eins er það, að íslenzk menning getur hvergi þróazt og dafnað nema á Íslandi, við liti þess og loft, foldgná fjöll þess, sanda þess og sæ. Sá, sem telur sig hafa tök á því að tala með léttúð og af litlum skilningi um þessa stefnu, hann er því ekki einungis að fjalla um efnahagsleg áhrif í þjóðfélaginu, heldur jafnframt menningarleg.

Jón Árnason: Herra forseti. Efnahagsráðstafanir þær, sem fram koma í efnahagsmálafrv. hæstv. ríkisstjórnar, sem hér eru til 2. umr. í hv. d., fela í sér gagngera stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar frá því, sem áður hefur verið, og eiga þær fyrst og fremst að skapa traustan og heilbrigðan grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins, sem er undirstöðuatvinnuvegur svo að segja allrar gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar. Um það, að svo sé, deila menn ekki eða greinir á um. Hins vegar er ágreiningsefnið, á hvern hátt Alþingi eigi að skipa málum þjóðarinnar á efnahagssviðinu, svo að það megi hafa í för með sér sem heilbrigðust áhrif og heillavænlegust á allt atvinnulíf landsmanna.

Það vandamál, sem hér er um að ræða, er ekkert einsdæmi fyrir Ísland. Það hefur um langan tíma verið eitt höfuðviðfangsefni stjórnmálamanna í mörgum löndum. Getum við vissulega lært margt af þeirri þróun, sem átt hefur sér stað bæði í nágrannalöndunum og í þeim löndum, sem við erum á ýmsan hátt í nánum tengslum við.

Þegar breytt er um stefnu og aðgerðir í efnahagsmálum varðandi rekstrarafkomu útflutningsframleiðslunnar, þá er rétt að gera sér nokkra grein fyrir kostum og göllum þess kerfis, sem afnema skal.

Það, sem einkennt hefur allar efnahagsráðstafanir, sem gripið hefur verið til á undanförnum tæplega 10 árum, er fyrst og fremst það, að hver ráðstöfun, sem gerð hefur verið, hefur aðeins nægt til bráðabirgða, og hefur stundum orðið að grípa til sérstakra ráðstafana, jafnvel tvisvar á sama árinu. Hverjar afleiðingar slíkt öryggisleysi hlýtur að hafa í för með sér, skilja þeir bezt, sem einhver afskipti hafa af atvinnurekstri og þá sérstaklega þeim atvinnurekstri, sem lýtur að útflutningsframleiðslu, sem háð er heimsmarkaðsverði. Í því sambandi er rétt að hafa hugfast, að hin einhæfa útflutningsframleiðsla þjóðar vorrar, sjávarafurðirnar, á í harðri samkeppni á heimsmarkaðnum við sambærilegar vörur frá öðrum fiskveiðilöndum, og ræður þar úrslitum verð og vörugæði, hvort okkur tekst að halda velli.

Höfuðorsök þessara öru breytinga, sem hafa átt sér stað, hefur mátt rekja til kapphlaupsins, sem verið hefur á milli verðlags og kaupgjalds í landinu. En það hefur aftur á móti verið í nánum tengslum við verðlagsvísitöluna, svo sem kunnugt er.

Þegar vinstri stjórnin baðst lausnar seint á árinu 1958, var verðbólgualdan á hvað mestri ferð upp á við. Töldu sérfræðingar stjórnarinnar sennilegt, að vísitalan yrði komin upp í 270 stig þá næsta haust, ef ekkert alveg nýtt væri að gert til þess að sporna við slíkri þróun. Það er svo kunnugt, að þjóðin varð við tilmælum þeirrar ríkisstjórnar, sem þá tók við, að taka á sig nokkra kjaraskerðingu og forðaði með þeim hætti yfirvofandi stöðvun atvinnuveganna. Slíkt ástand og öryggisleysi dregur stórlega úr heildarframleiðslu landsmanna og kemur á þann hátt í veg fyrir eðlilega aukningu, sem leitt gæti af sér kjarabætur fyrir almenning.

Eitt af því, sem mestum erfiðleikum hefur valdið útflutningsframleiðslunni í sambandi við uppbótakerfið, er það, hvað kerfið hefur verið seinvirkt. Hafa framleiðendur þurft að bíða árum saman eftir því að fá full skil frá útflutningssjóðnum. T. d. er nú nýlega lokið við greiðslur vegna ársins 1957. Þetta fyrirkomulag hefur beinlínis leitt til þess, að vaxtagreiðslur vegna framleiðslunnar hafa verið miklum mun meiri en ella, ef t. d. allt andvirðið hefði verið greitt við afskipun vörunnar, svo sem nú mun verða um mikinn meiri hluta útflutningsins eða allt annað en það, sem selt verður í umboðssölu.

Það er ekki ósennilegt, að sú breyting, sem nú verður á um greiðslufyrirkomulagið, eigi eftir að verka nokkuð upp á móti þeirri vaxtahækkun, sem nú er talið óhjákvæmilegt að komi til framkvæmda, a. m. k. fyrst um sinn. Það segir sig sjálft, að ef nú verður hægt að greiða upp afurðavíxil innan 6 mánaða í stað t. d. 9 mánaða áður, verður vaxtaupphæðin hin sama, enda þótt 50% hækkun komi nú til framkvæmda.

Vitaskuld er þetta dæmi, sem ég nú nefni, ekki til staðar í sambandi við önnur mál útflutningsframleiðslunnar, nema þá helzt bráðabirgðarekstrarlán, sem oft eiga sér stað.

En hvað öðrum lánum viðkemur, sem lengur standa, kemur þessi ráðgerða vaxtahækkun til með að hafa mikla erfiðleika í för með sér, og er ástæðulaust að láta sér detta í hug, að að óbreyttu efnahagsástandi almennt geti þar verið um ráðstöfun að ræða, sem ekki verður að færa niður fyrr en varir, enda er það von þeirra manna, sem mestan þátt hafa átt í útreikningum varðandi efnahagsmálin að undanförnu, að sú muni þróunin verða.

Í aths. við efnahagsmálafrv. kemur það fram, að nokkur vaxtahækkun sé óhjákvæmileg og sé sú ráðstöfun í ákveðnum tilgangi. Strax og sú ákvörðun hefur náð tilgangi sínum, er því heitið, að vextir verði lækkaðir að nýju.

Það hefur verið mikið rætt um, að verulega verði dregið úr rekstrarlánum til útflutningsframleiðslunnar. Ég tel, að slíkt sé óhugsandi og óframkvæmanlegt, enda ef athugað er, hvað segir í grg., sem frv. fylgir, má sjá, að svo er ekki, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur að vera meginsjónarmið í framkvæmd þessarar stefnu, að atvinnuvegunum sé séð fyrir nægilegu rekstrarfé til þess að halda framleiðslunni starfandi á eðlilegan hátt.“

Af þessu verður ekki annað dregið en það sé tilgangur þessara ráðstafana fyrst og fremst að styðja að eðlilegri þróun útflutningsframleiðslunnar.

Því verður ekki neitað, að uppbótakerfið með þeirri framkvæmd, sem á hefur verið, hefur leitt til þess, að í meðvitund þjóðarinnar hefur skapazt sá hugsunarháttur, að aðalatvinnuvegirnir, sem þjóðin sjálf á líf sitt og framtíð undir að fái að þróast á heilbrigðan hátt, séu hálfgerðir vandræða bjargræðisvegir, sem lifi á þjóðinni og séu jafnvel óþörf sníkjudýr. Þannig hefur þetta stórgallaða uppbótakerfi sljóvgað meðvitund þjóðarinnar fyrir raunsæju og eðlilegu mati á tilveru þeirra atvinnuvega, sem öll afkoma hennar byggist á, a. m. k. í nútíð og náinni framtíð.

Það, sem færa mætti til málsbótar því að nota það hagkerfi, sem við höfum búið við nú um nokkurt skeið, er aðallega í því fólgið, að stjórnarvöldin hafi haft það í hendi sinni svo til ótakmarkað að yfirfæra til framleiðslunnar það, sem ranglega hefur verið af henni tekið, og með því móti komið í veg fyrir, að atvinnutækin stöðvuðust, sem annars hefði oft og mörgum sinnum átt sér stað.

Þó að nú sé deilt um þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt til að gerðar verði til þess að forða þjóðinni frá þeim voða, sem við blasir í efnahagslífi hennar, þá er það síður en svo, að þeir flokkar, sem nú eru í stjórnarandstöðu og mestri gagnrýni halda uppi á till. stjórnarinnar, hafi ekki áður látið í ljós þá skoðun sína, að uppbóta- og niðurgreiðsluleiðin væri sú leið, sem hverfa bæri af. Fyrirheit vinstri stjórnarinnar kváðu á um það, að slíkt skyldi gert og varanleg lausn til frambúðar skyldi fundin. Allir þekkja efndirnar.

Stjórnin gafst upp, þegar málum var þannig komið, að ný verðbólgualda var að skella yfir þjóðina.

Þær ráðstafanir, sem nú eru fyrirhugaðar, fela að vísu ekki í sér að fella að fullu og öllu það kerfi í burt, sem nú er. Það hefur verið talið nauðsynlegt að halda áfram niðurgreiðslum á nokkrum af brýnustu nauðsynjum almennings, enda gert til þess að draga úr verðhækkun á þeim vörum, sem annars mundu hækka verulega við gengisbreytinguna.

Það er eftirtektarvert, að stjórnarandstaðan skiptist í tvennt um andstöðuna við þær ráðstafanir, sem ráðgerðar eru í frv. ríkisstjórnarinnar. Það eitt getur hún sameinazt um að vera á móti því. Það má því nærri geta, hver hefði verið afleiðing þess, ef þessir flokkar hefðu skipað meiri hl. á Alþingi.

Einn hv. þm. sagði hér í ræðu sinni áðan, að það væru takmörk fyrir því, hvað oft mætti vega í sama knérunn, í sambandi við gengislækkunina og það, hve skammt er á milli gengislækkana nú. Rétt er það, að það hefðu þeir framsóknarmenn átt að hafa hugfast, þegar þeir sátu að völdum og lækkuðu gengi krónunnar með 6 mánaða millibili, því að vitanlega voru yfirfærslugjöldin og útflutningssjóðsuppbæturnar, sem vinstri stjórnin lagði á, ekkert annað en gengislækkun.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa kvartað mjög undan þeim álögum, sem lagðar séu á þjóðina með hinni fyrirhuguðu gengisfellingu. Þeir hafa látið reikna út, hvað ýmsir vöruflokkar komi til með að hækka mikið vegna ráðstafananna. Samt sem áður leggja þeir jafnmikla áherzlu á, að til viðbótar komi ýmsar greiðslur úr ríkissjóði, sem fela mundu í sér enn meiri álögur á allan almenning.

Það fer ekki hjá því, að manni detti í hug, að gagnrýni stjórnarandstöðunnar sé ekki sett fram í því augnamiði, að hún sé tekin alvarlega.

Í sambandi við fjölskyldubæturnar hefur þeim stjórnarandstæðingum orðið sérstaklega tíðrætt um fjölskyldu, sem hefur 4 börn, og því haldið fram, að hún hljóti aðeins 269 kr. auknar tekjur frá því, sem nú er í gildi. Hér er vitanlega farið alrangt með staðreyndir, sem liggur í því, að þessi fjögurra barna fjölskylda fær auk þess nú fullar bætur með fyrsta og öðru barni, sem hún fékk ekki áður. Þessir útreikningar stjórnarandstöðunnar gengu svo langt hjá einum hv. þm. við 1. umr. málsins hér í d., að hann reiknaði út, hvað fjölskylda með 47 börn mundi fá í fjölskyldubætur.

Þannig eru öfgarnar á lofti hjá stjórnarandstöðunni til þess að draga athyglina frá þeim raunverulegu hagsbótum, sem barnafjölskyldurnar munu hljóta og vissulega kunna að meta, eftir að þær ráðstafanir koma til framkvæmda.

Hvort frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er stefnt inn á þær leiðir, sem teljast mega til varanlegrar frambúðar, eða ekki, hvort sá grunnur, sem hér er byggt á, verður þess megnugur, að við komumst klakklaust út úr uppbótaflækjunni, mun reynslan skera úr um. En það ætti öllum hv. þdm. að vera ljóst, að vandinn, sem við er að etja, er mikill, og engir ættu að skilja hann betur en einmitt þeir, sem áður höfðu gefizt upp við úrlausn vandamálanna.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta mál er nú orðið mikið rætt, bæði í þessari hv. d. og þó einkanlega í hv. Nd. Það er því hætt við því, að það fari að gæta endurtekninga í máli manna, og vissulega er það svo, að það má segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að gagnrýna þetta frv., því að það má nú segja, að svo hafi verið gengið frá því af þeim, sem hafa gagnrýnt það, að þar standi nú ekki lengur steinn yfir steini, og virðast satt að segja formælendur frv., hæstv. ríkisstjórn og talsmenn hennar, hafa lagt frá sér vopnin og gefizt upp við að verja frv. Ég mun nú þrátt fyrir það, þó að svo sé komið, leyfa mér að segja nokkur orð hér, enda er hér um stórmál að ræða, vafalaust stærsta og örlagaríkasta málið, sem þetta þing fær til meðferðar, — mál, sem þm. vissulega ber skylda til að kryfja til mergjar eða a. m. k. að reyna að kryfja til mergjar.

Vegna þess, hve margar og ýtarlegar ræður hafa verið fluttar um málið, mun ég lítið ræða málið í heild, heldur fyrst og fremst víkja að nokkrum einstökum atriðum, og ég mun reyna að vera ekki langorður úr hófi.

Í útvarpsumræðum s. l. mánudagskvöld lét hæstv. menntmrh. svo um mælt, að ef stjórnarandstöðuflokkunum tækist að brjóta á bak aftur fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálunum, yrði hér algert öngþveiti. Með þessu hefur ráðh. og þar með ríkisstj. í raun réttri viðurkennt, að ef fyrirhugaðar aðgerðir í efnahagsmálunum bera af einhverjum ástæðum ekki þann árangur, sem spáð er í grg. að efnahagsmálafrv., sé allt komið í fullkomið öngþveiti, að þá verðum við miklu, miklu verr á vegi staddir en við erum nú og höfum verið nokkru sinni áður. Með þessu hefur ráðh. viðurkennt, að með efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar sé teflt á mjög tæpt vað. Ég er hæstv. ráðh. öldungis sammála um það, að með þessu efnahagsmálafrv. og fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálunum sé vissulega teflt á tæpt vað. Er nú skynsamlegt að tefla á svona tæpt vað í þessum efnum? Er skynsamlegt að leggja inn á svona áhættusamar leiðir í þessum málefnum, ef nokkurs annars er kostur? Er það hygginna stjórnmálamanna háttur að tefla málum svo mjög í tvísýnu? Ég held, að þeirri spurningu verði að svara neitandi. Ég held, að það sé fullkomið glæfraspil. Með þeirri hagfræðilegu tilraunastarfsemi, sem í frv. felst, eru stjórnarflokkarnir að leika sér með sjálft fjöregg þjóðarinnar. Þeir eru í raun og veru að kasta á milli sín fjöreggi þjóðarinnar. Sannleikurinn er sá, að ýmsar af hinum fyrirhuguðu aðgerðum þessa frv. eru byggðar á hagfræðikenningum, sem eru langt frá því að vera sannaðar. Þær eru byggðar á ágizkunum og á líkindareikningi. Slík undirstaða er vissulega

ekki traust. Hún er langt frá því að vera nægilega traust til þess að byggja á svo róttækar aðgerðir í efnahagsmálum eins og hér er gert ráð fyrir. Það er vissulega þar lagt út á hálan, ótraustan ís, og það er hætt við því, að sá ís brotni og að þar verði dottið ofan í, og þá er áreiðanlega víst, að þá verður miklu erfiðara að bjarga að landi heldur en nokkru sinni áður hefur verið, því að það er viðurkennt, eins og ég hef þegar sagt, af hálfu ríkisstj., að vandinn verði einmitt miklu meiri, ef þessar aðgerðir takast ekki á þann veg, sem ráð er gert fyrir í grg. að efnahagsmálafrv.

Tvennt er það einkum, sem ríkisstj. og talsmenn hennar hafa bent á sem stórkostlega hættu í núverandi ástandi í efnahagsmálunum, þ. e. a. s. of miklar lántökur erlendar og gjaldeyrisskortur.

Ég get nú ekki stillt mig um að skjóta inn svolitilli aths., svona eins og á milli sviga, af því að ég veit, að hv. 9. landsk. (JÞ) ætlar að tala hér á eftir, í sambandi við þau ummæli, sem hann hafði við 1. umr. þessa máls. Hann sagði þá, hv. 9. landsk., að það hefði verið við að glíma tvö vandamál í efnahagsmálunum, þ. e. a. s. verðbólguna innanlands og greiðsluhallann við útlönd. En svo kom Alþýðuflokksstjórnin, og hún stöðvaði verðbólguna, sagði hv. þm. Nú væri því aðeins, sagði hann, við að glíma greiðsluhallann og gjaldeyrisvandræðin. Ég sé nú í nál., sem meiri hl. fjhn. hefur látið frá sér fara og hér hefur verið útbýtt og hv. 9. landsk. hefur skrifað undir, að hann hefur eitthvað dregið í land með þessi ummæli sín, vegna þess að mér sýnist af því nál., að það sé ekki gert ráð fyrir því þar, að verðbólgan sé nú algerlega stöðvuð. Enda er sannleikurinn sá, að það er varla hægt að segja öllu meira ófugmæli en það, að Alþýðuflokksstjórnin hafi stöðvað verðbólguna. Það gerði hún alls ekki. Það er engin stöðvun á verðbólgu, þó að vísitalan sé stöðvuð með því að auka niðurgreiðslur og með því að éta upp tekjuafgang frá fyrra ári og öðrum þvílíkum aðgerðum, eins og Alþýðuflokksstjórnin gerði. Og það er einmitt svo, að rök stjórnarinnar nú fyrir því, hve hún telur þurfa miklu stórkostlegri aðgerðir í efnahagsmálunum en í desembermánuði 1958, hljóta að vera þau, að þetta hafi allt hallazt svo mjög á ógæfuhlið í tíð Alþýðuflokksstjórnarinnar, því að það liggur fyrir yfirlýsing Sjálfstfl. í desember 1958 um það, hvað hann taldi að þá þyrfti að gera til þess að hafa málin í sæmilegu horfi. Hann lýsti því yfir, ef ég man rétt, að það þyrfti að lækka grunnlaunin um 6%, þ. e. a. s. hann lýsti því yfir í raun og veru efnislega, að það þyrfti að taka aftur þær kauphækkanir, sem hann hafði staðið helzt að því að koma á sumarið 1958.

En það er nú annars nánast broslegt að vera að tala um það, hvað Alþýðuflokksstjórnin hafi gert, og eigna henni einhver afrek. Það veit hvert eitt einasta mannsbarn, að Alþýðuflokksstjórnin gerði á sínum tíma ekkert, sem máli skipti, nema með samþykki Sjálfstfl. eða jafnvel eftir beinum fyrirmælum frá honum. Það er leitt, að hæstv, forsrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, því að hann mundi áreiðanlega geta vitnað í þessu máli, því að ég efast ekki um það, að hann hefur lengst og bezt haldið í höndina á þeim Alþýðuflokksmönnum, meðan þessu fór fram.

Já, það er þetta tvennt, sem ríkisstj. og talsmenn hennar einkum benda á nú sem stórkostlega hættu í núverandi ástandi í efnahagsmálunum, þ. e. of miklar lántökur erlendis og gjaldeyrisskortur, og að þessu tvennu ætla ég ofur lítið að víkja.

Ég ætla þá fyrst að ræða ofur lítið um erlendar lántökur og skuldir landsins út á við. Það er alveg rétt, að erlendar skuldir eru miklar, og það er alveg rétt, að vinstri stjórnin tók á sínum tíma mikil lán. Það hefur verið tíundað, hve þær lántökur voru miklar, sem teknar voru í tíð vinstri stjórnarinnar, þær munu hafa verið rúmlega 600 millj., 627 millj. eða eitthvað þar um bil. En það er margsannað í þessum umræðum, að langflest af lánum þeim, sem tekin voru í tíð vinstri stjórnarinnar, voru lán, sem gengu til nytsamlegra framkvæmda, — framkvæmda, sem ýmist spara þjóðinni gjaldeyri eða stuðla að öflun erlends gjaldeyris. Það má telja þessi lán upp, það má sýna fram á það, að af þessum lánum. sem tekin voru í tíð vinstri stjórnarinnar, voru 450 millj. eða rúmlega það, sem ríkisábyrgð fylgdi, tekin til margvíslegra nytsamlegra framkvæmda, til Sogsvirkjunar, til áburðarverksmiðju, til stofnlánadeilda atvinnuveganna o. fl., o. fl., og rúmlega 100 millj. voru teknar án ríkisábyrgðar af Eimskipafélagi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga og fleiri aðilum til skipakaupa. Það fer þá að verða heldur lítið eftir af lántökum, sem teknar voru í tíð vinstri stjórnarinnar, sem hafa gengið til annars en einmitt þessara framkvæmda. Það væri nú fróðlegt að heyra það, ef hv. stjórnarmenn vildu telja upp eitthvað af þeim erlendu lánum, sem tekin voru í tíð vinstri stjórnarinnar og þeir teldu að betur hefðu mátt vera ótekin. Og það var sú tíð, að sjálfstæðismenn töldu ekki of mikil lán tekin erlendis. Ég minnist þess, að um það bil sem vinstri stjórnin tók við völdum, var frá því skýrt, að um það bil sem Ólafur Thors varð að láta af stjórninni, hefði honum staðið til boða 400 millj. kr. lán í Þýzkalandi, en nú mundi vinstri stjórnin ekki fá það lán, og það var sagt, að það væri þjóðarvoði, að slíkt lán skyldi ekki fást. Og menn muna sjálfsagt eftir ýmsum hrakspám, sem birtust í Morgunblaðinu á þeim tímum, þar sem því var einmitt spáð, að vinstri stjórnin mundi alls ekki fá nein lán, og það var einmitt talinn einn aðalannmarkinn við vinstri stjórnina, henni mundi ekki takast að fá lán erlendis. En þetta reyndust sem betur fer hrakspár.

Það er alveg víst, að þó að það sé rétt, að erlendar lántökur hafi verið miklar og skuldir við útlönd séu miklar, þá er það óhrekjandi sannleikur, að við stöndum nú miklu betur að vígi vegna þessara framkvæmda, sem gerðar hafa verið fyrir þessar lántökur, til

þess að greiða þessi lán og að okkar hagur stendur miklu betur einmitt vegna þessara framkvæmda, sem lagt hefur verið í.

Ég vil halda því fram, að það megi taka erlend lán, ef þau fara í framkvæmdir, sem skapa eða spara erlendan gjaldeyri. Almenn vöruinnflutningslán eru hins vegar hættuleg að mínu viti. Ég held, að þessi skoðun sé í samræmi við kenningar hagfræðinga um erlendar lántökur.

Ef þetta er nú orðið svo hættulegt, að vinstri stjórnin tók svona mikil erlend lán á sínum tíma, hvernig voru þá viðbrögð Alþýðuflokksstjórnarinnar, þegar hún tók við? Hætti hún þá ekki öllum lántökum erlendis? Nei, ónei, ekki aldeilis, hún stofnaði til mikilla skulda erlendis. Í hennar tíð t. d. var samið um smíði á 5 togurum, og það var samið um smíði á mörgum öðrum fiskiskipum og lánssamningar gerðir í sambandi við það og tekin erlend lán í sambandi við það.

Það er vissulega rétt, að skuldabyrðin er orðin þung. Afborganir og vextir eru þungbær byrði, og hún verður þungbær 2 næstu árin eða svo. En þá er það líka svo, að þá fer að léttast þessi byrði af afborgunum og vöxtum. Og það er einmitt aðgætandi, eins og reyndar mun hafa verið bent á í þessum umræðum eða í nál., að í þessum skuldum, sem nú eru taldar, og lántökum, sem hafa átt sér stað erlendis og þarf að greiða alveg á næstu árum, eru einmitt lán vegna skipakaupa og vegna skipa, sem enn eru ekki komin til landsins, en koma alveg nú á næstunni til landsins og fara auðvitað þegar að afla gjaldeyris til þess að standa undir þeim lántökum, sem stofnað var til vegna þeirra.

Það er alveg rétt, að mörg þessi lán, sem erlendis hafa verið tekin, eru til skamms tíma, og þau eru mörg hver að mínum dómi til of skamms tíma. Það, sem hefði þurft að gera, og það, sem þarf að gera, er að snúa sér að því að fá nýja samninga um nokkur af þessum lánum og fá afborgunum dreift á lengri tíma. Það er mjög sennilegt, að það sé hægt, ef að því væri gengið af fullri alvöru. Það er að vísu alveg rétt hjá dr. Benjamín Eiríkssyni, sem kom fram í grein, sem hann skrifaði nýlega í blöðin, að það er svo, að sum lán eru þess eðlis, að þau mega ekki og eiga ekki að vera til langs tíma. En ég held samt, að það sé nú svo, að sum þessi lán, sem stofnuð hafa verið, t. d. vegna þessara skipakaupa, séu til of stutts tíma og séu ekki að öllu leyti hagstæð. En ég viðurkenni það fúslega, eins og ég hef reyndar þegar sagt, að skuldabyrðin, sem hvílir á nú í svipinn, er þung, og ég viðurkenni það líka, að það eru takmörk fyrir því, hversu þung hún má vera.

En ég get í þessu sambandi ekki stillt mig um að vitna til þess hagfræðings, sem ég held að ekki geti leikið nein tvímæli á að sé langlærðastur íslenzkra hagfræðinga, dr. Benjamíns Eiríkssonar. Hann skrifaði grein um þessi efni, sem birtist fyrir nokkrum dögum bæði í Morgunblaðinu og Tímanum samtímis. Og um þessa skuldabyrði segir dr. Benjamín svo þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Margir hljóta að spyrja sig, hvort talið um skuldabyrðina sé svo alvarlega meint. Árið eftir að athugun nefndar vinstri stjórnarinnar var gerð, þ. e. á árinu 1959, var með samþykki ríkisstjórnarinnar leyft að panta erlendis 5 togara og kringum 67 önnur fiskiskip. Þó er talað um, að erfitt sé með erlendan gjaldeyri til að standa í skilum með greiðslur af umsömdum skuldum. Og það sem meira er, það vantar fólk á þann fiskiskipaflota, sem þegar er til í landinu."

Ég vænti, að af þessu megi það ljóst vera, að þetta vandamál er ekki jafnmikið og hæstv. ríkisstj. vill vera láta. En þó er það rétt, að skuldirnar við útlönd eru háar og greiðsluhalli hefur verið við útlönd undanfarin ár, og það er sjálfsagt rétt, sem hæstv. ríkisstj. segir og sagt er í grg. þessa frv., ef ég man rétt, að skuldabyrðin gagnvart útlöndum sé nú orðin þyngri en í nokkru öðru ríki, kannske að einu eða tveimur undanskildum.

En hver eru nú læknisráð hæstv. ríkisstjórnar gegn þessari meinsemd? Hver eru þau læknisráð, sem felast í efnahagsmálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar gegn þessari meinsemd? Það eru nýjar lántökur erlendis. Í frv. er farið fram á heimild til þess, að ríkisstj. megi taka lán í tveimur stofnunum, Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðnum og Evrópusjóðnum, að upphæð 20 millj. dollara, sem samsvarar 760 millj. kr., sem sagt miklu hærri lán en áður hefur komið til orða að tekin væru. Og þessi lán, sem þarna á að taka, eru ekki framkvæmdalán. Það eru ekki lán til þess að standa undir gjaldeyrissparandi eða gjaldeyrisskapandi framkvæmdum í landinu. Nei, ónei, það eru eyðslulán. Það eru lán. sem eiga að fara í það að kaupa almennar neyzluvörur.

Hver skilur nú svona hagfræði? Ég játa það alveg blygðunarlaust, að ég skil hana ekki. Það er sagt: Skuldirnar við útlönd eru orðnar of miklar. Við höfum tekið of mikil erlend lán á undanförnum árum. En nú skulum við samt taka 760 millj. kr. ný lán. — Það er sagt, að þessi nýju lán séu allt annars eðlis. Í hverju er þessi eðlismunur fólginn? Ég veit ekki betur en ýmis af þeim lánum, sem um er að ræða og við skuldum erlendis, séu einmitt alveg sams konar yfirdráttarlán og þessi, sem nú á að taka, — séu yfirdráttarlán. Vildi nú ekki einhver af talsmönnum hæstv. ríkisstj. reyna að skýra það hér, hver er eðlismunurinn á þessum lánum og öðrum lánum í útlöndum? Ég er alveg sannfærður um það, að þm. stjórnarflokkanna almennt skilja ekki heldur þessa hagfræði. En það má þá spyrja: Af hverju ljá þeir máls á þessu? Þeirri spurningu er vandsvarað. Ég býst við því, að þeir geri það í trausti á hagfræðingana. Ég viðurkenni, að hagfræði er nauðsynleg, og ég viðurkenni, að nauðsynlegt sé að leita ráða hagfræðinga. En ég held, að það sé ekki gott að hafa neina oftrú á hagfræðingum. Það þarf ekki raunar að fara lengra út í þá sálma held-

ur en að vitna aðeins til þeirra dæma, sem hv. 5. þm. Austf. (PÞ) nefndi hér áðan í ræðu sinni um útreikninga á kostnaði við hvert barn, til þess að sýna, hversu margar bollaleggingar hagfræðinganna, sem frv. er byggt á, eru órafjarri öllum raunveruleika. Það er hættulegt að treysta slíku í blindni, en það er það, sem fylgismenn stjórnarinnar, þm. almennt, hljóta að gera, því að ég er, eins og ég sagði áðan, sannfærður um, að þeir botna ekkert frekar en ég í þessari hagfræði.

Og þá er það hitt atriðið, sem ég ætlaði að minnast á, það eru gjaldeyrisvandræðin. Gjaldeyrisskorturinn er mikill, það er alveg rétt, hann hefur verið mikill. Og hvað skyldi nú eiga drýgstan þáttinn í því, að gjaldeyrisvandræðin hafa verið nokkuð tilfinnanleg síðasta árið? Ég fullyrði það, að þar í á einna drýgstan þáttinn sá þrýstingur, sem verið hefur frá hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart bönkunum um það að leyfa innflutning hátollavara. Og það er alveg rétt, að útflutningssjóðskerfið er að því leyti gallað og hefur verið að því leyti gallað, að það hefur ýtt undir þennan þrýsting, og ég vil út af fyrir sig ekki mæla því bót. En hvert er nú læknisráð efnahagsmálafrv. og hæstv. ríkisstj. gegn þessari meinsemd í efnahagslífinu, gjaldeyrisskortinum? Það er einfalt. Það er að taka upp meira frelsi í viðskiptum, að sagt er, það er að gefa um 60% af öllum innflutningi frjálsan. Það er hægt að gefa um 60% af öllum innflutningi til landsins frjálsan, á meðan verið er að éta upp þetta 20 millj. dollara lán, sem taka á. En hvernig skyldi fara, þegar 760 millj. kr. eða 20 millj. dollararnir eru uppétnir? Þá er það alveg víst, að ástandið í þessum efnum verður miklu verra og óviðráðanlegra en nokkru sinni fyrr. Ég verð aftur að spyrja: Hver skilur svona hagfræði? Það er allt of lítill gjaldeyrir, við eigum við mestu gjaldeyrisvandræði að glíma, en úrræðið á svo að vera þetta, að kippa öllum hömlum í burtu og gefa innflutninginn frjálsan að langmestu leyti. Þá segja hagfræðingarnir að vísu, að allt muni komast í jafnvægi. Á hverju er sú staðhæfing þeirra byggð? Það er bezt og heiðarlegast að kalla hlutina réttum nöfnum. Sú kenning þeirra er byggð á því og því einu, að hér verði fjármagnsskortur og kreppa, að hér verði hæfilegt atvinnuleysi. Það er þetta, sem byggt er á.

En hver vill nú koma fram og segja, að atvinnuleysi eigi hér að vera? Ég held, að það geti enginn sagt, sem hefur reynt, hvað atvinnuleysi er. Ég hef kynnzt atvinnuleysi. Ég kannast vel við atvinnuleysið frá því á mínum námsárum. Ég man þá tíð, þegar maður varð að fara á fætur um miðjar nætur og ganga á milli atvinnurekenda, og eyða tímanum fram á hádegi kannske í það og fara svo heim án þess að hafa fengið nokkra atvinnu þann daginn. Ég ætla ekki að vinna að því, að slíkt ástand komi hér. Ég held það sé of dýru verði keypt að grípa til þvílíkra úrræða. Ég er að vísu sammála því og held, að það sé sjálfsagt að opna þessa yfirdráttarmöguleika, ef svo má segja, að fá sem sagt heimild til þess að notfæra sér þessi lán, sem standa til boða í Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðnum og í Evrópusjóðnum. En ég held, að það sé jafnsjálfsagt að nota þessi yfirdráttarlán til þess að létta af sér stuttu og óhagkvæmu lánunum, sem nú hvíla þyngst á.

Ég skal svo aðeins víkja að vaxtahækkuninni, sem boðuð er í þessu frv. ríkisstjórnarinnar. Það er látið í veðri vaka af hálfu málsvara þessa frv., að með vaxtahækkuninni eigi að bæta hag sparifjáreigenda. Það er að vísu alveg rétt, að það hefur á undanförnum árum verið farið mjög ómaklega með sparifjáreigendur og þeirra hlut þarf að rétta með einhverjum hætti. En það er hins vegar hin mesta firra, eins og reyndar hefur verið rækilega sýnt fram á í þessum umræðum, að vaxtahækkunin eigi að verða þeim til bjargar eða þeim sé að nokkru leyti bjargað með vaxtahækkuninni. Það er alveg ljóst, að gengislækkunin, gengisbreytingin, hún er mjög stórt áfall fyrir sparifjáreigendur, og þó að þeir fái nokkra vaxtahækkun, þá hrekkur sú vaxtahækkun ákaflega skammt til þess að bæta þeim upp það tjón, sem þeir verða fyrir af völdum gengisbreytingarinnar. Og það er líka alveg auðsætt, að aðalatriðið með hækkun vaxtanna er ekki hækkun á innlánsvöxtunum, heldur er það einmitt hækkun útlánsvaxtanna. Með hækkun útlánsvaxtanna á að stuðla að þeim samdrætti, sem samkv. kenningum hagfræðinganna er talinn nauðsynlegur til framkvæmdar á þeirri stefnu, sem nú á að taka upp í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er vissulega ekki hagur sparifjáreigenda, sem hafður er fyrir augum, enda er það svo, að það er í öðru orðinu sagt, að vaxtahækkunin eigi að standa stutt, ekki nema kannske í 1—2 ár, og þá sjá allir, að sparifjáreigendum er lítið gagn að vaxtahækkuninni. Það á að rétta hlut sparifjáreigenda með öðrum hætti. Á þá leið, sem á að fara í þeim efnum, hef ég þegar bent. Það á að taka upp verðtryggingu á sparifénu. Um það atriði skal ég ekki fjölyrða frekar á þessum vettvangi. En það má nú í sambandi við þessa vaxtahækkun aðeins minna á þann lofsöng, sem hv. 9. landsk. var að syngja vaxtahækkuninni hér við 1. umr. málsins, þar sem hann sagði, að atvinnurekendur einir yrðu látnir bera vaxtahækkunina. Ég þarf ekki að tala frekar um það atriði, það hefur nú verið rætt þegar af öðrum og honum greinilega sýnt fram á, að slík stóryrði sem þessi verða ekki tekin alvarlega. Og eins er það ekki nema helzt til þess að brosa að, þegar hann sagði, að það mundu verða okrararnir, sem yrðu fyrir mestri kjaraskerðingu vegna vaxtahækkunarinnar. Það þarf áreiðanlega ekki eins glöggan mann og Jón Þorsteinsson til að sjá, þegar boðaður er samdráttur, stórkostlegur samdráttur lána hjá opinberum stofnunum, hvernig það muni verka á hag okraranna, hvort þeirra möguleikar muni verða minni eða meiri á eftir. Ég er hræddur um, að hann mundi ekki vilja líta þannig á dæmið, ef hann vildi kryfja það til mergjar.

Nei, það þarf náttúrlega ekki að eyða mörgum orðum að því, að áhrif svo stórkostlegrar vaxtahækkunar sem boðuð er með þessu frv. leiða til stórkostlegrar hækkunar á fjármagnskostnaði, og það er ekki vafamál, að vextirnir í þeirri mynd, sem þeir eru fyrirhugaðir, verða ákaflega þungbærir fyrir framleiðsluna. Og þeir bitna auðvitað á mörgum öðrum en framleiðslunni. Það má t. d. gera sér í hugarlund, hvernig þeir muni bitna á húsbyggjendum. Það þekkja allir, að það eru margir húsbyggjendur, sem hafa verið að reyna að koma áfram byggingum sínum, með geysistóran skuldahala af lausaskuldum, og það má geta nærri, hvernig þeim mönnum gengur að rísa undir þeirri byrði, sem hvílir á þeim, þegar leggjast á þá skuldabyrði miklu hærri vextir en þeir þó nú þurfa að standa undir. Það er alveg gefið mál, að þær skuldir verða þeim mörgum hverjum algert ofurefli, eftir að vaxtahækkunin er komin á.

Ég held því alls ekki fram, að vextir eigi að vera eitthvað, sem í sjálfu sér sé óbreytanlegt. Ég held, að það verði að reka skynsamlega vaxtapólitík og það geti oft verið nauðsynlegt að gera breytingar á vöxtum. En ég held, að svona stökk í vöxtum, eins og hér eru fyrirhuguð, séu ákaflega óskynsamleg. Og ég held, og ég spái því, að þeir, sem nú berjast fyrir þessu frv., eigi eftir að reka sig á það. Það er alveg rétt, eins og hér hefur rækilega verið tekið fram og ég þarf í raun og veru ekki að undirstrika betur en gert hefur verið og þá sérstaklega hjá hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), að þessi fyrirhugaða breyting á vöxtunum, hækkun vaxtanna, eins og reyndar svo margt annað í þessu frv., miðar að því að auka þann aðstöðumun, sem er orðinn allt of mikill í þessu þjóðfélagi, eftir því, hvort menn eru búnir að koma sér fyrir eða eiga það eftir, m. ö. o. eykur aðstöðumuninn á milli þeirra, sem eldri eru og búnir eru t. d. að stofna sín heimili, byggja sín hús o. s. frv., og hinna, sem eiga eftir að stofna sín heimili og eiga eftir að byggja sín hús. Það er alveg laukrétt, eins og hér hefur verið tekið fram, að þessu er alveg sérstaklega og á alveg ótrúlega ótútlegan hátt beint að unga fólkinu í landinu.

Svo er líka rétt að athuga það, sem bent var á af hv. frsm. 2. minni hl., að þessi fyrirhugaða breyting á vöxtum hlýtur að hafa stórkostleg áhrif á hag ýmissa sparisjóða. Og ég verð að segja, af því að það er vitað mál, að margir af sparisjóðunum hafa fest fé sitt í föstum lánum og geta ekki breytt þeim vaxtakjörum, að það verða allmargir sparisjóðir, sem alls ekki þola þessa breytingu, og ég spái því, að ef þetta kemst svona fram, þá verði seinna þessir hv. þm., sem beita sér fyrir þessu frv., að grípa til einhverra ráðstafana gagnvart þessum sparisjóðum til þess að halda þeim á floti.

Ég skal nú ekki verða margorður um bindingu vísitölunnar. Það má sjálfsagt margt færa fram gegn vísitölunni og þeim áhrifum, sem hún hefur haft. En ég held þó, að það sé of mikið í fang færzt að ætla sér að afnema vísitöluna eða taka hana úr sambandi, um leið og slíkum kjaraskerðingum er stefnt að fólkinu eins og gert er með þessu frv. Og ég held, að það verði erfitt fyrir launafólk að þola slíkt.

Hv. 9. landsk., svo að ég vitni nú enn til hans ummæla, sem er nú, að ég held, trúnaðarmaður og sérstakur starfsmaður verkalýðsfélaganna, lét að vísu svo um mælt, að vísitöluuppbæturnar hefðu oft verið launþegunum hermdargjöf. Ég er ekki viss um, að það fólk, sem hann starfar hjá, muni taka undir þessi ummæli hans. En það kom annað fram í sambandi við þessi ummæli hans, sem ég vildi vekja athygli á, og það var þetta: Hann sagði, að það væri nú svo, að flest verkalýðsfélög hefðu lausa samninga og þess vegna væri líklegt, að þau reyndu að bæta sér kjaraskerðinguna upp með grunnkaupshækkunum. Og hann sagði líka, þessi hv. þingmaður, að það væri líklegt, að þau, reynslunni ríkari af þessu ákvæði, mundu gera samninga til skemmri tíma en áður til þess að geta breytt grunnkaupinu með skemmra millibili en áður. Ég hef satt að segja haldið, að það, sem sérstaklega hefur verið talið athugavert í þessum efnum, kaup- og kjaramálunum, hafi verið það, að samningar á milli atvinnurekenda og verkamanna hafi verið gerðir til of skamms tíma. Ég held, að það verði sízt af öllu til lagfæringar í þessum málum, ef þetta ákvæði í efnahagsmálafrv. stuðlar að því, að samið verði yfirleitt til styttri tíma en áður.

Hann viðurkenndi það nú, þessi hv. þm., að þetta frv. mundi hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir þjóðina, og hann viðurkenndi jafnvel, að það mundi hafa í för með sér meiri kjaraskerðingu fyrir þjóðina en látið er í veðri vaka í grg. frv. En hann talaði í því sambandi um væntanlega útsvarslækkun. Því atriði hefur nú verið svarað af öðrum, svo að ég get sleppt því að tala um það hér. En það má aðeins benda á, að það er ekkert, alls ekkert, sem bendir til þess, að útsvör muni lækka á þessu ári. Ég held, að það hafi þegar yfirleitt verið gerðar fjárhagsáætlanir fyrir kaupstaðina, og ég held, að það sé ekki gert ráð fyrir því í þeim fjárhagsáætlunum, að útsvörin verði lægri. Það er að vísu rétt, að bæjar- og sveitarfélögunum er ætlaður hluti af þeim almenna söluskatti, sem á á að leggja, en það sér hver heilvita maður, að afleiðingar þessa frv. verða þær, að ýmis útgjöld sveitarfélaganna hljóta að aukast, svo að það eru allar líkur til þess, að sá tekjuauki, sem þeim berst vegna þessa söluskatts, verði étinn upp af þeim útgjaldahækkunum, sem leiðir af þessu frv.

Ég skal ekki lengja mál mitt með því að tala um gengisbreytinguna sjálfa. Það má margt um hana segja. Það er að vísu ekki gott um það að dæma út af fyrir sig, hversu mikil gengisbreyting eigi að vera. Margt finnst mér þó benda til þess, að þessi gengisbreyting sé alveg óþarflega há, m. a. atriði, sem er í sjálfu frv., þar sem einmitt samtímis því sem gengisbreytingin er gerð, sjálfsagt til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina, er lagð-

ur á sérstakur útflutningsskattur, 5%. Manni getur nú orðið að spyrja, hvort ekki hefði verið skynsamlegra að hafa gengisbreytinguna eitthvað minni, en sleppa þessum álögum. Og samtímis gengisbreytingunni er líka lagður á almennur söluskattur.

Það er alveg víst, að þessi gengisbreyting hefur í för með sér geysimikla röskun og mikla kjaraskerðingu. Um það þarf ekki að fjölyrða. Hún kemur að sjálfsögðu tilfinnanlega við alla, en þó getur hún komið alveg sérstaklega tilfinnanlega við einstaka aðila. Í því sambandi hefur t. d. verið minnzt á það, hvernig hún kemur við námsmenn. Það er alveg víst, að eftir að gengisbreytingin hefur verið gerð, verður ákaflega erfitt fyrir íslenzka námsmenn að stunda nám erlendis. Því er heitið í grg. með frv., að styrkur til þeirra verði hækkaður eftir þar settum reglum, þ. e. a. s. ef styrkurinn hefur nægt til þess að halda námsmanninum uppi í tvo mánuði, skulum við segja, þá á hann að hækka líka eftir þessa gengisbreytingu, þannig að hann nægi eftir sem áður til þess að halda námsmanninum uppi í tvo mánuði. En þá kemur gengisbreytingin til þess að verka á alla hina mánuðina, sem hann verður sjálfur að halda sér uppi, 7 eða 8 mánuði eða hvað sem það nú er. Það má alveg fullyrða, að það verði ókleift öllum efnalitlum mönnum að stunda nám erlendis og að það verði hér eftir, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir í sambandi við þetta, sérstök forréttindi fyrir þá, sem eru sérstaklega efnum búnir í þjóðfélaginu. Enn fremur má benda á það til dæmis, — það er leiðinlegt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, — að stofnun, sem hann átti drjúgan þátt í að koma á fót og hann á lof skilið fyrir, vísindasjóðurinn, verður vegna þessarar gengisbreytingar ákaflega vanmegnugur til þess að gegna því hlutverki, sem honum var ætlað. Það er að vísu svo, að styrkir úr vísindasjóði eru ekki bundnir við það, að menn séu erlendis. En þó er það svo, að margir af þeim, sem þann styrk hafa hlotið, hafa verið erlendis, og það er alveg auðséð, að þær upphæðir, sem ráð eru á að úthluta úr þeim sjóði, verða allsendis ónógar. Það er þess vegna alveg víst, að ef vísindasjóðurinn á að geta gegnt því hlutverki, sem honum var ætlað í upphafi, verður að gera á honum gagngerðar breytingar vegna þessara aðgerða í efnahagsmálunum.

Hv. 9. landsk. sagði það með mikilli áherzlu, að uppbóta- og styrkjakerfinu yrði að varpa fyrir borð. Ég hef aldrei gerzt neinn sérstakur talsmaður þessa svokallaða uppbóta- og styrkjakerfis, og ég skal játa það alveg hreinskilnislega, að mér er ekki sérstök eftirsjá í því. En áður en hv. 9. landsk. hefði fordæmt þetta styrkja- og uppbótakerfi svo mjög, þá held ég, að honum hefði verið gagnlegt ekki aðeins að kynna sér þingræður og nál. hæstv. viðskmrh., sem 5. þm. Austf. vitnaði réttilega í hér áðan, heldur hefði hann líka mátt kynna sér enn þá yngri heimildir frá hans hendi. Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, ritaði á sínum tíma grein í rit, sem Félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík gaf út á 30 ára afmæli sínu, og þessi grein þótti svo góð, að hún var endurprentuð í Alþýðubl. 28. nóv. 1957. Í þessari grein er hæstv. menntmrh. engan veginn sömu skoðunar og hv. 9. landsk. um það, að það sé endilega einhver sáluhjálp í því fólgin að varpa styrkja- og uppbótakerfinu fyrir borð. Hann segir þar, hæstv. menntmrh., að það sé í sjálfu sér enginn eðlismunur á styrkja- og uppbótakerfinu og gengisbreytingu. Annars skal ég taka það fram, að í þessari grein, sem er mjög greinargóð, eins og eðlilegt er frá hæstv. menntmrh., segir hann bæði kost og löst á þessu hvoru fyrir sig, gengislækkunarleið, sem hann kallar, og þessari leið uppbóta. En ég vildi aðeins, með leyfi hæstv. forseta, lesa örfá orð úr þessari ágætu grein. Hann segir um þessar tvær leiðir:

„Á þessu tvennu er í sjálfu sér enginn eðlismunur. Aðferð útflutningsbótanna og innflutningsgjaldanna felur þó í sér meiri skilyrði til þess að hafa áhrif á tekjuskiptinguna. Það er hægt að hlífa tilteknum vörum við innflutningsgjöldum og tryggja þar með, að þær séu ódýrar, og það er hægt að láta vissar útflutningsvörur njóta sérstakra útflutningsuppbóta og auka þannig sérstaklega tekjur þeirra, sem þær framleiða. Þetta er mikilsverður kostur, þegar nauðsynlegt er talið að hafa ákveðin áhrif á tekjuskiptinguna."

Það er alveg auðséð af þessari grein, sem rituð er 1957, að hæstv. viðskmrh. hefur í þessum efnum verið þá enn á alveg sömu skoðun og hann var árið 1949 eða 1950.

Það er alveg ljóst og þarf ekki að orðlengja um það frekar, að forsendan fyrir þessu frv. og markmiðið með þessu frv. er samdráttur, það er samdráttarstefna, eins og rækilega hefur verið útskýrt hér. Það kemur skýrt fram í grg. frv., og það var alveg skýrt játað af hv. frsm. meiri hl. fjhn. hér í dag. Hann sagði, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, hefði verið alveg sambærilegt við bjargráðin 1958, ef í þessu frv. hefði aðeins verið um að ræða gengisbreytinguna og niðurfellingu uppbótakerfisins. Hann sagðist ekki hafa verið með bjargráðunum, af því að þá hefði ekki fylgt með það, sem fylgir með í þessu frv. En hvað er það, sem fylgir með í þessu frv. fram yfir gengisbreyt. og niðurfellingu uppbótakerfisins? Það eru þau atriði, sem eiga að miða að samdrætti. Það er vaxtahækkunin, það er boðaður samdráttur útlána og ýmis önnur ákvæði í þessu frv.

Hæstv. viðskmrh. mun hafa skýrt frá því í Nd., að Framsfl. hefði út af fyrir sig getað fallizt á gengisbreytingu, en Framsfl. hefði aldrei viljað fallast á þær ráðstafanir, sem hinir samstarfsflokkar hans töldu nauðsynlegt að væru samfara gengisbreytingu. Þessar ráðstafanir, sem Framsfl. hefur þannig aldrei viljað ljá máls á, eru einmitt þessi samdráttur í framkvæmdum, þessi samdráttarstefna. Ég held því alls ekki fram, að vandi efnahagsmálanna sé lítill, ég held einmitt, að hann sé verulegur, og ég held, að það sé hollt fyrir alla

að horfast í augu við það. En ég er þeirrar skoðunar og hef verið þeirrar skoðunar, að sá vandi verði ekki leystur á viðhlítandi hátt nema með miklu víðtækara samstarfi stjórnmálaflokkanna og stéttasamtaka í landinu en átt hefur sér stað hingað til. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. hefur áður verið alveg sömu skoðunar um þetta atriði. Það kemur greinilega fram í þessari grein hans, sem ég vitnaði í áðan, ef ég mætti nú aðeins, með leyfi hæstv. forseta, rifja það upp, sem hann sagði um það atriði, þegar hann ræddi um vinstri stjórnina, þá sagði hann:

„Þeir flokkar, sem mynduðu núverandi ríkisstj. á s. l. sumri, gerðu sér og gera sér ljóst, að verðbólguhjólið verður ekki stöðvað nema með náinni samvinnu ríkisvalds og stéttasamtaka. Það var og er kjarninn í þeim samningi, sem gerður var við myndun ríkisstj., að reynt skuli að leysa efnahagsvandamálin, þ. e. að stöðva verðbólguhjólið og tryggja atvinnuvegum þjóðarinnar traustan starfsgrundvöll og skilyrði til framleiðsluaukningar, með samstarfi ríkisvalds og samtaka vinnandi fólks, bæði launþega og framleiðenda til sjávar og sveita. Landinu verður ekki stjórnað og efnahagsmál þjóðarinnar verða ekki leyst, ef styrjöld geisar milli ríkisvaldsins annars vegar og stéttasamtakanna hins vegar. Ef hið opinbera fylgir þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem Sjálfstfl. berst fyrir, má ganga út frá því sem vísu, að samtök launþega beiti sér gegn henni, svo sem átti sér stað á árunum 1950—56. Baráttan gegn verðbólgunni verður því ekki háð undir merkjum Sjálfstfl. Sigur á henni verður ekki unninn með aðild hans."

Þetta sagði hæstv. viðskmrh. 1957. Í þessum efnum hefur hann áreiðanlega breytt um skoðun, því að nú vinnur hann að lausn þessara mála undir merki Sjálfstfl. og með hans aðild. En það má mikið vera, ef sagan endurtekur sig ekki, og það má mikið vera, ef hann á ekki eftir að finna fyrir því, hæstv. viðskmrh., að það getur verið erfitt að leysa þessi mál í styrjöld við launþegasamtökin. **(Fjmrh.:** Hann er nú kominn í betri félagsskap en hann var þá.) Ég skal ekki dæma um það, en ekki virðist félagsskapurinn hafa orkað uppörvandi á hann, úr því að hann getur ekki setið hér þessa stund við hlið hæstv. fjmrh. og aðstoðað hann við að halda upp vörnum fyrir þessa stefnu.

Ég er alveg sama sinnis og fyrr, að ég álít, að þessi mál verði ekki leyst nema með víðtæku samstarfi stjórnmálaflokka og stéttasamtaka, og í þá átt miðar sú dagskrártill., sem borið er fram af hálfu framsóknarmanna við afgreiðslu þessa máls.

Framsóknarmenn eru fúsir til samstarfs um lausn þessara mála. En það eitt er víst, að það verður ófrávíkjanlegt skilyrði af þeirra hálfu fyrir þátttöku í hvers konar aðgerðum í efnahagsmálunum, að þær efnahagsaðgerðir verði þannig, að næg atvinna verði tryggð og að framkvæmdum verði haldið uppi svo víða um land og svo miklum sem kostur er. Framsóknarmenn munu þess vegna aldrei ljá máls á þeirri samdráttarstefnu, sem boðuð er í þessu frumvarpi.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umræðu, er mikið mál og skýtur rótum sínum víða. Það er því ekkert áhlaupaverk að gera sér skýra grein fyrir öllum atriðum þess á stuttum tíma. Sum atriði ættu að vísu að liggja sæmilega ljós fyrir. Um önnur má hins vegar spyrja og spá endalaust. En að sjálfsögðu eru þó hér aðalatriði máls og önnur, sem eru ekki aðalatriði. Umræður þær, sem hér hafa nú lengi fram farið af hálfu stjórnarandstæðinga, hníga minna að aðalatriðum málsins en hinum, og ætla ég að vísu ekki að álasa þeim fyrir það. Þau geta líka verið mikilsverð hin minni atriðin.

Það má auðvitað benda á, að það sé hart aðgöngu að þurfa að rýra tekjur manna eða lífskjör um þó nokkra hundraðshluta eða prósent, hvort sem það eru nú 3% eða 11. Það má auðvitað líka benda á, að óvíst sé, að dæmið sé rétt reiknað og kjaraskerðingin geti orðið meiri, svo að ég viðhafi það leiðinlega orð. Það er auðvelt að sýna fram á, að hækkað verð á byggingarefni hækki byggingarkostnað. Það er enginn vandi að sýna fram á, að vaxtahækkun valdi auknum útgjöldum fyrir þá, sem á lánum þurfa að halda. Það er auðvelt að sanna, að söluskattur sé útgjöld engu síður en tekjuskattur. Það er einnig auðvelt að halda því fram, að útreikningar hagfræðinga fái máske ekki staðizt, því að þeir séu bara menn rétt eins og við hinir. En þetta eru aðeins dæmi. En það er eitt, sem mér finnst ekki auðvelt, það að komast undan því að skilja og viðurkenna, að lagafrv. eins og þetta er ekki borið fram einum eða neinum til skemmtunar eða því um líkt, heldur blátt áfram af því, að fjármálaástand Íslendinga í dag heimtar, að það sé borið fram eða þá önnur úrræði í öðrum formum. Og hvernig er þá þetta fjármálaástand?

Ég eyði nú ekki tíma í langt mál um það, því að það er búið að ræða það mikið hér á hv. Alþingi. Ríkissjóðsútgjöld á því herrans ári 1959 sýnast munu hafa orðið í kringum 2255 millj. kr., þar af um 1155 millj. gegnum útflutningssjóð, sem er annar handraðinn af ríkiskassanum. Hallarekstur á þjóðarbúinu gagnvart útlöndum um það bil heilan áratug nemur um 200—300 millj. kr. á ári og fer vaxandi. 10% af öllum þjóðartekjunum ganga nú til afborgana og vaxta af erlendum skuldum. Ábyrgðir, sem ríkissjóður stendur fyrir, bæði fyrir einstaklinga og félög, eru nokkuð á annan milljarð, og mikill hluti þessara ábyrgða virðist munu koma til með að falla á ríkið. Ég get ekki farið með tölur um það, hvað stórar upphæðir muni koma til með að falla þannig árlega, en það munu vera tugir milljóna. Gjaldeyrir þjóðarinnar, krónan, er reiknuð með ýmiss konar gengi eftir því, til hvers hún er notuð, sem er óskiljanleg krossgáta t. d. útlendingum, svo að þar er hún ekki

einu sinni skráð víðast hvar. Lánstraust er farið veg allrar veraldar, sem vonlegt er. Og svona mætti lengur telja.

Undirrót og aðdragandi þessa ástands er orðinn alllangur, og má að sjálfsögðu mörgu um kenna og mörgum. Það er víst, að um einn til tvo áratugi hefur þjóðin í heild lifað um efni fram, þó að fjöldamargir einstaklingar hennar hafi ekki gert það, eytt meira en hún hefur aflað, því að auk erlendra lána hefur runnið inn í landið mikið fé í ýmsum formum, sumum mjög svo annarlegum. Ég tek fram, að ég tel hina miklu fjárfestingu ekki til eyðslu, þ. e. a. s. óþarfaeyðslu. Nauðsynleg fjárfesting hefur mikil verið á þessu tímabili, það sem hefur gengið til atvinnutækja og nauðsynlegra bygginga, ræktunar, brúa, vega og hafnargerða o. s. frv. En að öðru leyti hefur þjóðin lifað um efni fram og ekki síst ríkisvaldið sjálft. Það hefur hlaðizt á það á undanförnum árum alls konar kostnaður, sem að mínu áliti er margur hver óþarfur. En ég vil ekki eyða hér tíma í að tala um orðinn hlut. Það gagnar engum nokkurn tíma. Ég vil ekki heldur kenna hér einum eða neinum sérstökum um. Öll þjóðin á að einhverju leyti sök á efnahagsöngþveiti okkar í dag, að örfáum einstaklingum þó undanskildum. Allir stjórnmálamenn og allir flokkar eiga hér einhverja sök, því að allir flokkar hafa farið með stjórn að einhverju leyti á undanförnum árum.

Eins og menn vita, gerir frv. þetta ráð fyrir að nema vísitöluútreikninginn að mestu leyti í burtu, vísitöluskrúfuna svokölluðu, í öðru lagi að fella úr gildi útflutningsuppbótakerfið, sem gilt hefur með ýmsum viðaukum síðan 1951, að ég held, og náði sínu hæsta marki, sem enn er náð, 1958, enn fremur að taka nú upp einfalda skráningu á gengi og eðlilega, ef svo mætti að orði komast. Þetta eru aðalatriðin í frv., og verður því hver og einn að reyna að mynda sér sem greinilegasta afstöðu til þeirra.

Frá mínu sjónarmiði séð er rétt gengisskráning sjálfsögð. Vísitölureikningur á grunnlaun var talinn réttlæti, sem tryggði launtakanum fullan kaupmátt tekna gagnvart vöruverðssveiflum. Ýmsar þjóðir munu hafa notað þetta nokkuð, en fáar eða engar eins og við nú í hartnær tvo áratugi. En að því er ég bezt veit, hafa allar þjóðir horfið frá vísitölureikningi að minna eða meira leyti vegna stórra galla, sem á þessu fyrirkomulagi eru.

Um útflutningsuppbæturnar er þetta að segja: Þær komust á í nokkurs konar ógáti fyrir 9 árum, þá aðeins sem bráðabirgðaúrræði til að rétta hlut einnar greinar fiskiflotans. Síðan hefur bót verið bætt ofan á bót ár frá ári, öllum til bráðabirgða. Þær voru hugsaðar til bráðabirgða, en voru þó framlengdar, þar til lög um útflutningssjóð komu 1958, sem útheimtu 1155 millj. ríkisútgjöld árið 1959, og mun fara hækkandi enn, ef ekki er að gert. Útflutningsuppbótakerfið með sinni margföldu gengisskráningu er búið að dæma sig úr leik. Þetta viðurkenna meira að segja mjög margir hv. stjórnarandstæðinga. Undir uppbótakerfinu á útflutningsframleiðsluvöru hefur frá upphafi aldrei verið neinn viðunandi grundvöllur. Á síðustu árum hefur öll útgerð verið á ríkisábyrgð, þannig að það greiðir vissa upphæð á hvert kg aflans. Í framkvæmd er þetta ríkisrekstur, þar sem ríkið ber alla áhættu, en hefur enga möguleika til að hirða ábata, ef hann verður einhver. Það er í sjálfu sér ágætt fyrir einn atvinnuveg að búa við svona aðstöðu, en það er of dýrt fyrir heildina, þ. e. a. s. þjóðina, að maður ekki tali um alla þá skriffinnsku, sem í kringum þetta stendur. Þarna fyrir utan eru svo margir ágallar, m. a. þeir, að engin tök eru á að útdeila þessu fé þannig, að það komi sæmilega réttlátlega niður. Viðurkenna þetta allir, að þessi mál öll eru komin í hinar mestu ógöngur. Ríkisrekstur á sér að vísu marga formælendur, en til þess að nokkur geti stutt hann í alvöru, þarf hann að vera í öðru formi en þetta.

Í einu gömlu kvæði og merkilegu er þessar hendingar að finna:

„Varðar mest til allra orða,
að undirstaðan sé réttleg fundin."

Það, sem hæstv. ríkisstj. er að leitast við að gera með flutningi þessa frv., er að finna betri undirstöðu fyrir fjármálakerfi þjóðfélagsins en verið hefur hin síðustu ár. Hér á hv. Alþingi hefur það komið fram hvað eftir annað, að um þrjár leiðir sé að ræða: Fyrst uppbótarleiðina, þá sem gilt hefur nú að undanförnu með ýmiss konar umbótum og viðaukum. Það er tjöldun til einnar nætur, ef svo mætti að orði komast. Öllum kemur saman um, að sú leið sé í sjálfu sér ófær nema aðeins sem úrræði til að geta flotið stuttan spöl í einu, þar til nýjar aðgerðir komi til. Í öðru lagi áætlunarbúskap og þá um leið ríkisrekstur að fyrirmynd þeirra ríkja, sem hafa tekið sósíalisma sem aðalundirstöðu atvinnu sinnar. Sú leið er að sjálfsögðu fær, og ég held, að sú leið væri betri gagnvart útgerðinni heldur en sú leið, sem nú hefur verið farin með uppbótakerfinu. Og í þriðja lagi þá leið í aðalatriðum, sem hér er lagt til að farin verði og allar okkar nágrannaþjóðir fara í aðalatriðum. Engan hef ég heyrt hér á hv. Alþingi halda fram, að sú leið sé í sjálfu sér ófær. Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér í fyrradag við 1. umr., að sú leið væri að sjálfsögðu fær, en hann efaðist um, að fólkið vildi fara hana, almenningur, þjóðin. Ég met hið fyrra atriði mikils af vörum hins þaulreynda stjórnmálamanns, en úr hinu verður reynslan að sjálfsögðu að skera.

Hér eru að sjálfsögðu ýmsar ráðstafanir á ferð, sem taldar eru nauðsynlegar, eins og á stendur, en koma óþægilega við. En alls staðar hefur verið reynt að finna ráð til að draga úr þeim óþægindum, einkanlega að því er snertir fjölskyldufólk og gamalmenni eða öryrkja. Auðvitað er, að allra æskilegast hefði verið, að hvergi hefði þurft að skerða lífskjör, eins og það er nú tíðast orðað. En nú held ég, að nauðsyn brjóti lög, eins og í svo mörgum öðrum greinum.

Að undanförnu hefur svo til hverjum manni verið ljóst, hvert stefndi. Fjárfestingarkapp-

hlaup manna hefur sýnt það betur en flest annað, að þeir vildu verða á undan með sínar framkvæmdir, á undan þeirri stund, er upp rynni, þegar ekki yrði hægt lengur að fá peninga til framkvæmda. Allar ríkisstjórnir næstliðinn áratug eða lengur hafa séð, hvert stefndi. *Fyrr en nú hafa verið fengnir sérfræðingar* í efnahagsmálum til að leggja á ráð og gera till., en ríkisstjórnirnar hafa verið of veikar og sundurþykkar til að taka þær till. til greina. Þær hafa einungis stiklað kringum hið heita soð, sundurlyndi, átakaleti og kjósendahræðsla meira en skortur á langsýni hafa valdið því, að alltaf hin seinustu ár hefur verið tjaldað aðeins til einnar nætur í senn. S. l. haust náðist samstaða tveggja stjórnmálaflokka um þá þoranraun að reyna að breyta til. Hvað sem öllu öðru líður, má bera nokkra virðingu fyrir þeirri djörfung. Stjórnin kvaddi sér til aðstoðar menn um till., byggðar á rannsókn og sérþekkingu á efnahagsmálum, hagfræðinga, sem allir, er til þekkja, munu bera mikið traust til. Og hagfræðingarnir lögðust undir feld, eins og Þorgeir goði árið 1000, þegar honum var falið einum manna að skera úr í því erfiða átakamáli milli kristins siðar og heiðins, sem þá var ríkjandi. Í myrkri sínu undir feldinum eygði Þorgeir frá Ljósavatni það, sem koma átti og koma varð, og felldi sinn úrskurð daginn eftir í fullu samræmi við eigin sannfæringu, er þó gekk á móti afstöðu hans til málsins áður og flokksbræðra hans. Þar ávann hann sér nafn, sem aldrei gleymist. Okkar ágætu hagfræðingar hafa og fellt sinn úrskurð og gert sínar tillögur. Ég dæmi ekki um, hvort þær séu jafnöruggar og úrskurðurinn við Öxará fyrir 960 árum. Reynslan verður að skera úr um það, enda er ekki saman að jafna ástandi þá og nú. En ég ætla, að ég megi fullyrða, að till. hagfræðinga, sem ríkisstj. nú flytur með sínum breytingum og viðaukum, miði í rétta átt í höfuðatriðum. Að sjálfsögðu má þó gera ráð fyrir, að sitthvað komi fram, sem endurskoðunar þurfi við. Málið er svo margslungið, að það er raunar ómögulegt annað, enda verða engin mál leyst í einu vetfangi, og verður það þá að sjálfsögðu tekið fyrir jafnóðum og fram kemur. Stundaróþægindi, sem fylgja sumum hliðarráðstöfunum, verða að sjálfsögðu talsverð og erfið, en ættu ekki að þurfa að verða nema él eitt, ef vel tekst með hitt. En það er satt, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt hér hver af öðrum, að það er á valdi þjóðarinnar, hvort hún lætur þessar ráðstafanir takast. Vonandi leiðir hún ekki yfir sig viðbótarglundroða í efnahagsmálum með ótímabærum verkföllum eða útgerðin verði látin gera kröfur, sem er ekki hægt að verða við, sem nú virðist því miður bóla ofur lítið á hér og þar. Ég held, að það mundi hafa verri afleiðingar en nokkurn grunar. En hvernig sem um það fer, þá er víst, að efnahagskerfið þarf mikilla umbóta við, og þess vegna er frv. þetta fram borið. Það er mikið í húfi, að vel takist um framgang þess og framkvæmd, ef að lögum verður. Þar við held ég, að mikil tímanleg velferð manna í þessu landi liggi, og ef illa tekst til, þá verður það þjóðinni ekki til sóma.

Ég get raunar lokið máli mínu hér, en kemst þó varla hjá að drepa hér á eitt lítið atriði vegna ummæla í framsöguræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. viðvíkjandi innlánsdeildum í kaupfélögum. Hv. 2. þm. Vestf. *kom einnig inn á* þetta mál hér í fyrradag við 1. umr. málsins.

Það hefur verið vítt mjög og talið árás á kaupfélögin og samvinnustefnuna í landinu, að í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að seðlabankinn fái hluta af innstæðum innlánsdeilda í kaupfélögunum. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa þá grein í frv., sem um þetta fjallar:

„Ákvæði 2. mgr. 1. nr. 63 1957 skulu einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaga og söfnunarsjóðs.“

Lög þessi, sem hér er vitnað í, voru samin 1957 og gera ráð fyrir því, að seðlabankinn hafi heimild til þess að taka í sína vörzlu nokkuð af því fé, sem er í sparisjóðum og bönkum, til þess að auka veltu sína eða getu til útlána. Ég álít, að þetta hafi verið mjög óhagstæð lög fyrir sparisjóði úti á landi, vegna þess að þeir hafa mjög lítið fjármagn miðað við það, sem þeir þyrftu að hafa, og hefur svo lengi verið, og hafa því alls ekki getað fullnægt nándar nærri þeirri þörf, sem er í nágrenni þeirra til útlána. En hins vegar, ef það var nauðsynlegt 1957 að setja þessi lög og skylda sparisjóði til þess arna, þá sé ég ekki, að það hafi verið nein rök fyrir því að undanþiggja innlánsdeildir sömu kvöð. Innlánsdeildir eru, eins og menn vita, stofnanir fyrir sparifé, sem notað er heima í héruðunum á hliðstæðan hátt og sparifé úr sparisjóðunum, og þær hafa ekki einu sinni eins stóru hlutverki að gegna fyrir héruðin og sparisjóðirnir, vegna þess að fé þetta gengur raunar aðeins til þeirra stofnana, sem þeir eru í, kaupfélaganna. Ég tel, að með því að undanþiggja innlánsdeildirnar þessari kvöð, hafi hún verið nauðsynleg 1957, þá hafi þar verið gerður munur á innlánsdeildum og sparisjóðum, og þó að ég sé kaupfélagsmaður, þá tel ég það ekkert réttlætismál, að kaupfélögum sé gert hærra undir höfði en öðrum *stofnunum* að þessu leyti. Hins vegar hefði ég ekki með fúsu geði getað samþykkt þessi lög 1957. En ég tel ekkert athugavert við það að láta innlánsdeildirnar fylgja með nú, ef það er þörf á því vegna fjármálaástands þjóðarinnar, að seðlabankinn þurfi að fá eitthvað af fé á þennan hátt utan af landi, en það er neyðarúrræði að láta hann nota það. Sem sagt, ég álít, að þarna hafi verið gerður óeðlilegur munur á 1957 og þetta sé aðeins *leiðrétting*. Hins vegar mun þetta ekki hafa verið notað enn, og væntanlega og vonandi kemur ekki til þess, að það þurfi að nota það.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í raun og veru ætlaði ég ekki að segja margt núna. En málum hefur nú skipazt svo, að mína ræðu úr fyrstu umferð hefur meira borið hér á góma í umræðunum en ég hafði vænzt, þannig að ég vil gjarnan koma inn á þau atriði að gefnu

tilefni, og þess vegna segi ég nú meira en ég í upphafi hugðist gera.

Það verður alltaf að hafa í huga í sambandi við stjórnarandstöðuna hjá framsóknarmönnum, að ekki má gera sérstaklega miklar kröfur til þeirra, því að sannleikurinn er sá, að framsóknarmenn kunna ekki við sig í stjórnarandstöðu. Þeim líður illa, og öll þeirra stjórnarandstaða byggist raunverulega á því að komast úr þessari aðstöðu og komast aftur í stjórn. Þetta verður alltaf að hafa hugfast, þegar hlustað er á þeirra málflutning.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði ræðu mína hér allmjög að umtalsefni og beindi ýmsum skeytum til Alþfl. og menntmrh. Eitt af því, sem hann vitnaði til í minni ræðu, var það, að ég hefði sagt, að það þyrfti að varpa uppbóta- og styrkjakerfinu fyrir borð. Þetta var eitt af því fáa, sem hann fór alveg rétt með af því, sem ég sagði. Vissulega sagði ég þetta og stend við það. En hann fór að lesa upp úr margra ára gamalli ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar, þar sem hann mælti þessu kerfi bót. Ég vil vekja athygli á því, að ég hef oft heyrt Gylfa Þ. Gíslason segja, að það væri að vissu leyti margt nýtilegt við uppbóta- og styrkjakerfið, en gallinn væri sá, að það yrði því verra, því lengur sem það er notað. Þegar við erum búin að búa við þetta kerfi í hartnær heilan áratug, þá er það raunverulega alveg í samræmi við það, sem Gylfi hefur alltaf sagt, að nú sé kominn tími til að varpa þessu kerfi fyrir borð.

Hitt er svo allt annað mál, að ég get á engan hátt skuldbundið mig til þess í mínum skoðunum að vera endilega á sama máli og einhver samflokksmaður minn hafi verið fyrir mörgum árum. Menn læra af reynslunni, bæði ég og Gylfi Þ. Gíslason, og það er síður en svo nokkuð athugavert við það. Ég vil bara benda þessum hv. þm. á, að það eru nærtækari dæmi um það, að samflokksmenn séu ekki sammála. T. d. er það þannig, að foringi framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi vestra, Björn Pálsson, sem telur sig mestan herforingja þeirra framsóknarmanna þar, hefur haft talsvert aðrar skoðanir á þessu efnahagsmálafrv. en aðrir menn í Framsfl. Ég tel þetta í sjálfu sér ekkert óeðlilegt eða neitt til þess að vera að fetta fingur út í. Þetta eru ósköp eðlilegir hlutir. Og svo að minnzt sé á gengislækkunina, — að vísu tala sumir framsóknarþm. um, að þeir séu ekki í sjálfu sér á móti gengislækkun, en oft hefur Framsfl. stutt gengislækkun, þó að hann geri það ekki núna, þannig að hann er þá á öðru máli nú en oft áður.

Það var annað, sem þessi hv. þm. var einnig að finna að. Það var, að Alþfl. virtist nú alveg horfinn frá því að hafa samráð við verkalýðssamtökin, en þá stefnu studdi hann í vinstri stjórninni. Það er eins með þetta og hitt, að menn verða að læra af reynslunni, og mér finnst það satt að segja koma úr hörðustu átt frá Framsfl. eftir þá útreið, sem forsrh. flokksins fékk hjá verkalýðssamtökunum, að hann ætli sér að halda fast við þessa stefnu. Ég gerði reyndar grein fyrir því í ræðu minni hér við 1. umr., að það væri því miður erfiðara að hafa samráð við verkalýðssamtökin hér á Íslandi en æskilegt væri. Eitt af því, sem gerir þetta erfiðara m. a., er það, að kommúnistar hafa meiri hluta í miðstjórn Alþýðusambandsins án þess að hafa meiri hluta í samtökunum. Og hvers vegna er þetta? Jú, það er sök framsóknarmanna. Þeir fórnuðu því fyrir vini sína kommúnista að eiga sjálfir oddamanninn í miðstjórn Alþýðusambandsins og létu kommúnista eina hafa meiri hluta. Þetta er m. a. ein af ástæðunum fyrir því, að þegar svona óábyrgur flokkur er látinn hafa meirihlutavald, sem hefur ekki meiri hluta í hreyfingunni, þá er auðvitað erfiðara að hafa samráð við hana heldur en ella.

Þessi hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., talaði um, að með þessu væri verið að ráðast á unga fólkið í landinu, gera því erfiðara fyrir og skapa öllum örðugleika, sem væru ekki búnir að koma sér fyrir, eins og hann orðaði það, ekki búnir að byggja sér hús eða annað slíkt. Þetta er í sjálfu sér rétt að vissu leyti. Þetta getur verið alveg rétt. En það er ekkert nýtt um þessar efnahagsráðstafanir. Bæði gengislækkunin 1950 og yfirfærslugjaldið 1958 höfðu alveg sömu áhrif, og Framsfl. studdi þær ráðstafanir. Það hefði mátt með alveg jafnmiklum rökum segja, að þær hefðu beinzt gegn unga fólkinu. Það voru bara svo þýðingarmiklir hagsmunir í veði, að það varð að gera þetta þrátt fyrir það. En ég vil líka benda á í þessu sambandi, að það eru ekki eingöngu þessar efnahagsráðstafanir og fyrri bjargráð, sem hafa skapað mismun, þannig að þeim, sem eru ekki búnir að koma sér fyrir, er gert talsvert örðugra um vik en hinum, sem eru búnir að því, það er líka hin sífellda verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað hér undanfarna tvo áratugi, að það hefur alltaf verið eftirsóknarvert að vera búinn að gera hlutina, vera búinn að koma sér upp húsi eða að stofna til einhvers konar fjárfestingar. Menn hafa alltaf hagnazt á því, svo að þetta er í raun og veru ekki nýtt. En ég vil t. d. benda á, hvernig það væri fyrir fólk, sem væri ekki búið að koma sér fyrir, ef ekki hefði tekizt að stöðva verðbólguna árið 1959, ef t. d. kaupgjaldsvísitalan, sem var komin upp í 202 stig og svo færð niður í 175, væri nú í dag komin upp í 260—270 stig. Það væri einmitt það vandamál, sem Framsfl. hljópst frá að leysa. Hitt er svo auðvitað annað mál, að það er miklu betra fyrir ungt fólk, þó að það fái stundarerfiðleika að glíma við, ef það er síðan hægt að fá því í hendur heilbrigt efnahagskerfi. Það er það, sem hefur langmesta þýðingu fyrir framtíðina, og þess vegna má maður auðvitað ekki horfa á það, þó að þetta skapi stundarerfiðleika. Það er framtíðin, sem við erum að hugsa um.

Þessi hv. þm. var ekki sammála mér um áhrif vaxtahækkunarinnar. Ég sagði, að vaxtahækkunin væri kjaraskerðing fyrir okrarasténttina. Honum fannst þetta fásinna. Nú voru þessi hv. þm. og samflokksmenn hans að prédika það, að af þessu leiddi samdrátt. Það er að vissu leyti rétt, það leiðir til samdráttar,

en það er samdráttur á því, sem er óheilbrigt og miður nauðsynlegt. En þetta hlýtur náttúrlega að leiða til þess, að það verður minni eftirspurn eftir lánsfjármagni. Nú þegar eftirspurnin minnkar, hlýtur hún náttúrlega fyrst og fremst að minnka hjá þeim, sem taka langhæsta vextina, hjá okrurunum, og á sama hátt þegar innlánsvextir hækka, þá aukast væntanlega sparifjárinneignir og þar með framboðið á lánsfé.

Starfsemi okraranna hefur byggzt á því, að eftirspurnin eftir lánsfé hefur verið miklu meiri en framboðið. Ef hægt er að brúa þetta bil, þá er auðvitað þar með að miklu leyti kippt grundvellinum undan þessari stétt manna. Mér sýnist þetta afskaplega einfalt, og ég er reyndar ekki hissa á því, að ef þessi hv. þm. getur ekki skilið svona einfalda hluti, þá sé honum margt annað torskilið í þessu frv.

Þessi hv. þm. spurði um það, hvaða lán hefðu verið betur ótekin í tíð vinstri stjórnarinnar. Þessu er út af fyrir sig erfitt að svara. Það, sem er kjarninn, er, að uppbóta- og styrkjakerfið gerði lántökur umfram framkvæmdalán, þ. e. a. s. lántökur til vörukaupa, nauðsynlegar til þess að kaupa inn hátollavarning. Þess vegna má segja, að það getur vel verið, að miðað við það kerfi, sem þá ríkti, hafi öll þessi lán verið nauðsynleg. Hins vegar erum við nú að breyta um kerfi, einmitt til þess að sum af þessum lánum verði ónauðsynleg.

Þessi hv. þm. hafði það eftir mér úr minni ræðu, að ég hefði sagt, að Alþfl. hefði stöðvað verðbólguna. Þetta sagði ég nú reyndar ekki, því að það er dálítið erfitt að skýra það nákvæmlega, hvað sé verðbólga eða hvar á að draga mörkin, hvenær sé verðbólga og hvenær ekki og hvenær hún sé stöðvuð. Það getur verið mjög erfitt að dæma um það. Ég sagði hins vegar, að Alþfl.-stjórninni hefði tekizt að stöðva víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, og ég sagði enn fremur, að Alþfl.-stjórnin hefði náð meiri árangri í baráttunni við verðbólguna heldur en nokkur önnur ríkisstjórn hefði náð um margra ára bil, og það stend ég algerlega við. Þessi hv. þm. sagði að vísu, að það hefði enginn vandi verið að gera það, sem Alþfl. gerði. En það var nú samt svo, að þessi vandi, sem Alþfl. leysti fyrst og fremst, það var vandi, sem Framsfl. hljóp frá að leysa. Hann var þó það mikill. Og þessi árangur, sem náðist árið 1959 í baráttunni gegn verðbólgunni, léttir okkur einmitt þá baráttu nú, sem við þurfum að heyja við greiðsluhallann, en það er vandamál, sem við raunverulega höfum ekki snúið okkur að því að leysa fyrr en núna.

Þá vildi þessi hv. þm. halda því fram, að Sjálfstfl. hefði ráðið stefnunni, þegar minnihlutastjórn Alþfl. sat hér. Vitanlega gat Alþfl. ekki einn ráðið, hann var minnsti flokkur þingsins. En eins og allir vita, var stuðningur Sjálfstfl. við þá stjórn takmarkaður. Það þarf t. d. ekki annað en minna á deiluna um landbúnaðarvöruverðið og brbl., sem afsanna alveg þessa kenningu hv. þm., að það hafi verið Sjálfstfl., sem hafi ráðið stefnunni.

Fjölskyldubætur hefur borið hér nokkuð á góma í þessum umræðum, og framsóknarþingmenn sumir hafa verið að reyna að gera lítið úr þeim og reyndar rangtúlkað þetta nokkuð. Ég vil nú taka sem dæmi 5 barna fjölskyldu, en samkv. þeim reglum, sem gilt hafa um fjölskyldubætur, hefur 5 barna fjölskylda á fyrsta verðlagssvæði haft í fjölskyldubætur kr. 5827.50. Þetta á að hækka í 13000 kr. Hækkun fjölskyldubótanna hjá 5 barna fjölskyldu er því 120%. Á öðru verðlagssvæði mundu fjölskyldubætur hækka úr kr. 4730.63, sem þær eru nú, í 13000 kr. eða hækkun um 200%, þannig að það er alveg augljóst, að barnmargar fjölskyldur fá mjög mikla hækkun fjölskyldubóta.

Hv. 5. þm. Austf. hafði það eftir mér úr minni ræðu, að ég hefði sagt, að atvinnurekendur ættu einir að bera vaxtabyrðina. Þetta er ekki rétt haft eftir mér. Ég sagði, að atvinnurekendur ættu að bera einir vaxtabyrði af þeim lánum, sem þeir yrðu að taka vegna síns atvinnurekstrar, og eins þegar á heildina væri litið, þá lenti vaxtabyrðin miklu frekar á atvinnurekendum en á almennu launafólki, þó að ég hins vegar viðurkenndi fúslega, að vaxtabyrðin hefur mjög viðtæk áhrif í þjóðfélaginu. Það er þess vegna allt of mikið haft eftir mér, að ég hafi sagt, að atvinnurekendur ættu einir að bera vaxtabyrðina. Þessi hv. þm. vildi afsanna þessa kenningu og var þar að benda á bændur, sem þyrftu að draga að sér vörur langar leiðir og kaupa miklar birgðir í senn og þar með væntanlega stofna til skulda á sínum viðskiptareikningum í sínu kaupfélagi og að þeir mundu þurfa að borga háa vexti á þetta. Í sjálfu sér hnekkir þetta ekki neitt því, sem ég sagði, þó að þessi hv. þm. hefði farið rétt með orð mín, sem hann ekki gerði, því að hann var einmitt rétt áður í ræðu sinni að tala um það, að bændur væru nokkurs konar atvinnurekendur, það voru hans orð. Ef ég hef sagt, að vaxtabyrðin lenti á atvinnurekendum, þá var þó ekkert ólíklegt eftir þeim orðum, að hún lenti á stétt, sem væri nokkurs konar atvinnurekendur, það er síður en svo. Hins vegar held ég, að þetta sé í aðalatriðum rangt hjá hv. þm., að bændur, sem búa langt frá verzlunarstað og þurfa að kaupa miklar birgðir, stofni til skulda. Sem betur fer, eiga margir þessir bændur sjálfsagt innstæðu, og ég efast um, að það stofnist nokkur skuld í þeirra viðskiptareikningum við þetta.

Ég held, að það hafi verið í gær, sem maður hlustaði á í útvarpinu, að einn af þeim mönnum, sem hvað kunnugastir eru af öllum landsmönnum hag bændastéttarinnar, Arnór Sigurjónsson, var að tala um, að fjárfesting hjá bændum undanfarið hefði verið — ja, ég man ekki hver ósköp, mig minnir 66% af tekjum þeirra af búunum, þannig að það er ólíklegt, að sú stétt manna, sem að undanförnu hefur haft í frammi mesta fjárfestingu, sé svo illa komin á sig, að þeir eigi ekki fyrir því, þó að þeir þurfi að taka út matvælabirgðir til nokkurra mánaða. Mér þykir þetta afar ólíklegt, að slíkt dæmi sé almennt.

Þessi hv. þm. var að vitna í orð Eggerts Þorsteinssonar um það, að hann krefðist óbreytts ástands. Það, sem vantaði alveg í þennan upplestur, var að skýra frá því, um hvaða málefni var fyrst og fremst rætt, hver var forsenda þess, að þetta var sagt. Þetta átti sér stað í sambandi við setningu brbl. í haust, og það, sem átt var við, var fyrst og fremst það, að ef ætti að fara að mismuna stéttunum innanlands, — það var komið á jafnvægi og ef bændastéttin fengi þarna kaupbætur eða kjarabætur, sem alveg ósannað væri að hún ætti rétt á, þá mundu aðrar stéttir ekki una því. Það var það, sem fyrst og fremst var átt við. Eggert hefur ekkert sagt um það, að verkalýðsstéttin ætti ekki að taka sinn þátt byrðanna við að leysa þau vandamál, sem við erum nú að glíma við.

Þá var þessi hv. þm. mjög sár yfir því, af hve mikilli léttúð ég hefði talað um þessa hjartfólgnu uppbyggingarstefnu eða byggðastefnu þeirra framsóknarmanna.

Ég verð að játa það, að mér finnst þetta ærið óljóst hugtak. Það má í raun og veru kalla allt milli himins og jarðar byggðastefnu eða uppbyggingarstefnu, þetta er svo almennt orð. En það er alveg sérstaklega eftirtektarvert hjá þessum hv. þm., sem eyddi löngum tíma í niðurlagi ræðu sinnar til að tala um stefnu Framsfl., og í blöðum flokksins undanfarið og ræðum, að þeir eru alveg hættir að minnast á það, sem maður fram til þessa hefur talið aðalinntakið í boðskap framsóknarmanna, það er samvinnustefnan, það er aldrei á hana minnzt lengur. Ég veit ekki, hvernig stendur á þessu, hvort það er vegna þess, að hún missté sig dálítið og fór út í það að verða samvinna við hlutafélögin, en henni hefur ekkert verið flíkað. Nú er þetta bara kölluð uppbyggingarstefna og byggðastefna.

Þá ætla ég aðeins að víkja að töflu, sem er hér í athugasemdum við efnahagsmálafrv., töflunni á bls. 34, sem báðir þessir hv. framsóknarþingmenn, sem ég minntist hér á, hafa gert að umtalsefni og hafa eiginlega viljað benda á hana til að sýna, hvað vinnubrögð hagfræðinga geti yfirleitt verið fráleit. Ég sé ekki annað en hv. 5. þm. Austf. skjátlist í því, þegar hann er að segja, að það sé undarlegt í töflunni, að það séu ekkert meiri útgjöld af að hafa tveggja barna fjölskyldu heldur en fjölskyldu með einu barni. Það er alveg rétt, að þarna stendur sama tala, og þetta er að vísu óeðlilegt, það skal ég játa. En ég held, að hv. þm. hafi ruglazt í því, að það er tveggja barna fjölskylda, sem er aðalgrundvöllurinn í þessari töflu. Hann hefði því komizt réttilegar að orði, hefði hann sagt svo, að það væri undarlegt, að það væri ekki ódýrara að hafa eitt barn á framfæri sínu heldur en tvö, þá hefði hann í raun og veru náð því rétta. En hitt, sem hv. þm. er að tala um, að það sé lítill munur á framfærslu barnsins, þegar fjölgar úr tveimur í þrjú og þremur í fjögur og fjórum í fimm o. s. frv., þarna munar 2—3 hundruð kr., og það er að vísu rétt, að þessi munur er lítill, það er aukning útgjalda vegna 11% hækkunar vegna verðlags, þ. e. a. s., það eru þessi 13%, þegar búið er að draga 2% frá vegna væntanlegrar niðurgreiðslu á kaffi, sykri og kornvörum, þá kemur þetta út. Ef eitthvað er rangt í þessum útreikningum, þá er það ekki hagfræðingunum að kenna og þá er það vísitalan, sem er vitlaus. Þetta er bara vísitölugrundvöllurinn, eins og hann er í dag og hefur verið, og þessi 11% hækkun er hækkun á þeim grundvelli, þannig að þarna er ekki um það að ræða, að þetta séu einhverjar tölur tilbúnar af hagfræðingunum í sambandi við samningu þessa frv.

Þá kem ég reyndar að því, sem var aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp. Það hefur verið hér að sjálfsögðu útbýtt nál. frá 1. minni hl. fjhn., en það er hv. 5. þm. Norðurl. e., sem að því stendur. Með þessu nál. fylgja ýmis fylgiskjöl, og á bls. 3 eru birtar samþykktir verkalýðsfélaga og fleira og þ. á m. samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, og segir, að miðstjórnin leggi eindregið til, að frv. verði fellt. Þarna er að mínum dómi ekki sagður nema hálfur sannleikurinn.

Þessi samþykkt, sem þarna er gerð, var samþykkt með 5:4 atkv. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, og þessir 5 menn, meiri hlutinn, það eru eingöngu menn af einum og sama stjórnmálaflokki, það eru Alþýðubandalagsmenn eða kommúnistar. En ég hefði álitið, að það væri ekki síður ástæða til þess um álit minni hlutans, hinna fjögurra, sem var fellt með 5:4 atkv., að hv. deildarmenn fái einnig að kynnast því, og þess vegna vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa það hér upp. Það hljóðar þannig:

„Ráðstefna verkalýðsfélaganna s. l. haust, þar sem rætt var um viðhorfin í kaupgjaldsmálum, samþykkti að fela miðstjórn að boða til nýrrar ráðstefnu, þegar fram væru komnar boðaðar till. ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þær till. eru nú að nokkru komnar fram í frv. til laga um efnahagsmál, sem sent hefur verið miðstjórn til umsagnar. Aftur á móti hafa enn ekki verið lagðar fram á Alþingi till. um ýmiss konar hliðarráðstafanir, sem ríkisstj. hefur boðað að gerðar verði jafnhliða og hljóta að hafa verulega áhrif á hag og afkomu almennings. Má þar til nefna hækkun bóta tryggingannna og afnám tekjuskatts á launatekjur o. fl. Mál þessi eru svo nátengd, að þau verður að sjálfsögðu að athuga í heild, þar sem athugun á einstökum þáttum þeirra gefur enga viðhlítandi heildarmynd af fyrirhuguðum ráðstöfunum eða áhrifum þeirra á hag almennings.

Með hliðsjón af framansögðu og til þess að fá sem gleggsta og réttasta mynd af ástandinu í heild og væntanlegum ráðstöfunum eða áhrifum þeirra, ályktar miðstjórnin að kveðja til tvo sérfræðinga, er rannsaki ýtarlega fram komið frv. um efnahagsmál svo og boðaðar hliðarráðstafanir og skili miðstjórn rökstuddu áliti sínu um það, hver áhrif þessara ráðstafana muni verða á hag og afkomu launafólks í landinu, bæði nú þegar og í næstu framtíð. Þegar álit þessara sérfræðinga liggur fyrir,

verði ráðstefna verkalýðsfélaganna kölluð saman á ný til þess að taka afstöðu til aðgerðanna í heild og marka stefnu verkalýðshreyfingarinnar í næstu framtíð í kaupgjalds- og kjaramálum.“

Þetta var tillaga minni hlutans í miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Ég vil svo að lokum segja það, að með þeim efnahagsaðgerðum, sem hér standa fyrir dyrum, er í rauninni verið að leita nýrra læknisráða við þeim efnahagsmeinum, sem hafa þjáð íslenzkan þjóðarlíkama, ef svo má að orði kveða. Hvernig þau ráð gefast, það hlýtur fyrst og fremst dómur reynslunnar að skera úr um. Ég álít, að einmitt þessi dómur reynslunnar muni kveða niður flest af því, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa hér um þetta mál sagt, og kvíði ég þeim dómi ekki.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að gera í fáum orðum grein fyrir brtt. á þskj. 116.

Þessi brtt. snertir 16. gr. þess frv., sem fyrir liggur, en í 16. gr. er rætt um heimild handa ríkisstjórninni til að innheimta sérstakt bifreiðagjald, sem má nema allt að 135% af fobverði hverrar bifreiðar.

Með þessu ákvæði er ríkisstjórninni sett í sjálfsvald, hvort hún innheimtir þetta gjald, hve hátt hún ákveður það, hvort hún lætur eitt yfir alla ganga, og ef ekki, þá á hvern hátt hún óskar að mismuna.

Í grg. fyrir frv. er bent á, að gjald á fobverði bifreiða hafi verið mismunandi til þessa, m. a. hafi gilt sérstakt lægra gjald fyrir bifreiðar atvinnubifreiðastjóra og lækna.

Þá segir enn fremur í grg., að í frv. sé gert ráð fyrir afnámi þessarar tilhögunar, þannig að sama gjald gildi eftirleiðis fyrir alla innflytjendur fólksbifreiða, með þeirri einu undantekningu þó, að atvinnubifreiðastjórar greiði nokkru lægra gjald samkv. ákvörðun ríkisstj. Af þessum orðum í grg. virðist ljóst, hvernig hæstv. ríkisstj. ætli að nota heimildina í 16. gr. Hún ætlar að ívilna atvinnubifreiðastjórum áfram, en svipta lækna þeim rétti, sem þeir hafa nú. Þetta þykir mér í senn vanhugsað hjá hæstv. ríkisstj. og óréttmætt, og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram áðurnefnda brtt.

Það er fram komin brtt. um sama efni á þskj. 114. Sú till. gengur nokkru lengra en mín, og þar eð ég hygg, að hún verði borin upp á undan, þar eð hún gengur lengra, þá mun ég greiða henni atkvæði, en minni að þeirri tillögu felldri.

Læknafélag Reykjavíkur hefur sent erindi til hins háa Alþingis um þetta mál. Það er fundarsamþykkt, sem gerð var í gærkvöld í Læknafélagi Reykjavíkur. Ég vil leyfa mér að lesa upp þetta erindi. Það er á þessa leið:

„Í 16. gr. frv. til laga um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, er ríkisstj. veitt heimild til úrskurðar um innflutningsgjald af bifreiðum samkvæmt síðustu málsgr. greinarinnar. Með tilliti til athugasemdar við greinina leyfir fundur Læknafélags Reykjavíkur, haldinn 17. febr. 1960, sér að gera eftirfarandi ályktun, sem sendist hinu háa Alþingi:

Samkvæmt athugasemdum við 16. gr. frv. um efnahagsmál verður ekki betur séð en hugmyndin sé, að heimildarákvæði gr. um það, að ríkisstj. úrskurði um innflutningsgjald það af bifreiðum, sem þar eru ákvæði um, skuli eingöngu ná til bifreiða, sem fluttar eru inn handa atvinnubifreiðastjórum. Undanfarið hafa læknar notið nokkurrar ívilnunar á innflutningsgjöldum bifreiða. Hefur með því verið af löggjafans hálfu staðfest sú augljósa staðreynd, að bifreiðanotkun lækna sé ekki síður nauðsynleg en almennur farþegaakstur. Að sjálfsögðu er það á valdi hins háa Alþingis að breyta þessum ákvæðum á þann veg, að læknar greiði full innflutningsgjöld. En þá verður ekki hjá því komizt, að læknisþjónusta hækki til jafns við beina útgjaldahækkun lækna og muni öll hin auknu útgjöld, sem þessi breyting hefði í för með sér, lenda á sjúkrasamlögum og sjúklingum sjálfum. Þar sem læknar geta ekki sinnt störfum sínum án bifreiða og hljóta að líta svo á, að þjónusta þeirra sé ekki síður mikilvæg fyrir almenning en farþegaakstur í leigubifreiðum, þá verður fundurinn að fara þess á leit, að eigi verði lögð hærri gjöld á bifreiðar til lækna en bifreiðar atvinnubílstjóra.“

Þannig hljóðar þetta erindi til hins háa Alþingis frá Læknafélagi Reykjavíkur.

Þá hefur þeim tveim læknum, sem nú eiga sæti í þessari hv. d., í dag borizt bréf frá stjórn Læknafélags Íslands, en það bréf er svo hljóðandi:

„Í grg. með frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem nú er til umræðu í hv. Ed. Alþingis, virðist gert ráð fyrir, að niður falli ívilnun sú, sem læknar hafa notið varðandi innflutningsgjöld af bifreiðum. Ef réttmætt þykir, að atvinnubifreiðastjórar njóti hlunninda varðandi innflutning fólksbifreiða, verður stjórn Læknafélags Íslands að líta svo á, að ekki sé síður ástæða til að veita læknum sams konar hlunnindi. Starfandi læknum er bifreiðanotkun brýn nauðsyn, og almennt er litið svo á, að lækningar séu mikilsverðari en fólksflutningar í leigubifreiðum.

Vér viljum því mælast til þess, að þér beitið yður fyrir því, að innflutningsgjöld af bifreiðum til lækna verði eigi hærri en sams konar gjöld af bifreiðum, sem ætlaðar eru atvinnubifreiðastjórum.

Virðingarfyllst,
Kristinn Stefánsson.“

Við þetta vildi ég aðeins bæta örfáum orðum.

Bifreiðastjórum eru vitanlega ekki veitt þau fríðindi, sem ætlað er að veita þeim og þeim hafa verið veitt, sjálfra þeirra vegna, heldur vegna almennings. Það er gert í því skyni, að akstursgjöld geti orðið lægri en ella væri. Í bifreiðum atvinnubifreiðastjóra ekur fólk, sem að miklum meiri hluta er heilt heilsu og fullvinnufært. Þær bifreiðar notar fólk bæði að

þörfu og óþörfu, eins og öllum er kunnugt, en allt um það er atvinna bifreiðastjóra þjónusta við almenning.

En hvað er að segja um lækna og þeirra bifreiðar að þessu leyti? Læknar nota og verða að nota bifreiðar við atvinnu sína til sjúkravitjana. Notkun þeirra er því í fyllsta máta þjónusta við fólkið í landinu. Ef leigubílstjórar að meginhluta aka í þágu heilbrigðra manna og þykja fyrir það verðskulda ívilnun við bifreiðakaup, hvað er þá um læknana, sem eingöngu þjónusta veikt fólk og óvinnufært? Er minni ástæða þar til ívilnunar á gjöldum, — ívilnunar, sem á að koma og kemur sjúklingum til góða?

Nú er bifreiðakostnaður drjúgur liður í rekstrarútgjöldum lækna, og því hærri sem hann er, því meira verða sjúklingar og sjúkrasamlög að greiða. Það er í sjálfu sér ekki annað en einfalt reikningsdæmi. Vitanlega er meiri ástæða til að létta kostnaði þeirra, sem veikir eru, en hinna, sem eru fleygir og færir. Ég næstum fyrirverð mig fyrir að þurfa að hafa orð á þessum sjálfsagða hlut og gera þennan samanburð, en hæstv. ríkisstj. hefur knúið mig til þess. Hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstj. að setja lækna og skjólstæðinga þeirra nú skör lægra en leigubílstjóra og þeirra viðskiptamenn? Er það máske sú staðreynd, að leigubílstjórar mynda fjölmennari stétt en læknar og séu því að líkindum pólitískt áhrifameiri? Ég bið afsökunar á þessari spurningu, en spyr sá, sem ekki veit. Hvarvetna í menningarlöndum er leitazt við af opinberri hálfu að greiða fyrir störfum lækna. Það er hvergi gert læknanna vegna að sjálfsögðu, heldur vegna skjólstæðinga þeirra, sjúklinganna. Á neyðartímum er reynt að gæta þess í lengstu lög, að störf lækna torveldist sem minnst, og þeim mundi seinna meinaður bifreiðakostur en leigubílstjórum. Þannig er litið á þessi mál meðal allra siðaðra þjóðfélaga.

Ég lýk þessum orðum mínum og vænti þess fastlega, að hæstv. ríkisstj. endurskoði þessa afstöðu sína. Ég vænti þess einnig, að hv. þdm. styðji aðra hvora fram komna brtt. til leiðréttingar á því óvenjulega misræmi, sem kemur fram í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þær umræður, sem hér hafa farið fram, og gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga á frv. því, sem hér liggur fyrir, hafa að svo litlu leyti beinzt gegn því, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að hvað það snertir hefði ég ekki ástæðu til þess að standa hér upp. En þó vil ég leyfa mér að gera örfáar aths. við sumt af því, sem fram hefur komið í ræðum hv. stjórnarandstæðinga.

Ræður þeirra margra hverra virðast hafa gengið fyrst og fremst út á það að setja saman eins konar gervimann, vil ég segja, sem hlyti að fara ákaflega illa út úr þessum ráðstöfunum. Þessi gervimaður ætti að hafa eftirfarandi ástæður: Hann á engin börn, hann er ekki heldur kominn á þann aldur, að hann njóti ellistyrks, og hann er ekki öryrki. Hann greiðir ekki tekjuskatt, og hann notar miklu meira af þeim vörum, sem einna verst verða úti vegna þeirra breytinga, sem gerðar eru með frv., heldur en almennt gerist. Enn fremur hefur hann mikil lán með lausum vöxtum. Það er vitanlega auðvelt að reikna það út, að menn, sem þannig væri ástatt fyrir, mundu verða fyrir mikilli kjaraskerðingu vegna þessa frv. Slík dæmi er mjög auðvelt að setja upp. Annað mál er það, hvað mikið raunhæft gildi þau hafa. Ég skal ekki fortaka það, að til kunni að vera einstaklingar, þar sem öllum þessum skilyrðum er fullnægt. Hitt leyfi ég mér aftur á móti að fullyrða, að þeir séu ákaflega fáir. Það, sem máli skiptir, þegar meta á þá kjaraskerðingu, sem þjóðin verður fyrir vegna þeirra úrræða, sem hér er gripið til, er að líta á þetta að meðaltali. Kjaraskerðingin kemur þannig fram, að ráðstöfunarfé þjóðarinnar minnkar vegna minni innflutnings, sem talið er nauðsynlegt, eins og grein hefur verið gerð fyrir, vegna greiðsluhallans. Þetta nemur um 3—4% af þjóðartekjunum. Það er sú raunverulega kjaraskerðing, sem hér er um að ræða.

Um það má svo auðvitað deila, hvernig þessum byrðum skuli skipta. Því skal ekki neitað, að auðvitað er hægt að finna einstaklinga, sem koma til með að bera þyngri byrðar en þjóðin ber að meðaltali. Hins vegar eru auðvitað líka margir einstaklingar, sem bera minni byrðar.

Já, það hefur verið talað um það og jafnvel gert að því gys, að það geti aldrei verið leið til bættra lífskjara að gera ráðstafanir, sem hafa í för með sér kjaraskerðingu í bili. En er nú ekki svipað ástatt með þjóðarheildina í þessu efni og maður getur hugsað sér að sé um einstaklinga? Við gætum einmitt hugsað okkur einstakling, sem kannske í sjálfu sér er vel stæður, en á við mikil greiðsluvandræði að etja. Honum er nauðsynlegt að ráða á einn eða annan hátt bót á greiðsluvandræðum sínum, því að verði hann gjaldþrota, þá veit hann, að það hefur mikla kjaraskerðingu í för með sér. Það koma auðvitað fleiri leiðir til greina. Hann gæti selt eitthvað af þeim eignum, sem hann á, og breytt þeim í handbært fé. Sú leið er einnig fræðilegur möguleiki fyrir þjóðina. Þá mundi það vera í því fólgið, að við færum að selja úr landi t. d. skip okkar eða vélar eða önnur verðmæti, sem aðrar þjóðir vildu kaupa. Ég hugsa, að það séu fáir, ef það finnst nokkur, sem vildi mæla með því, að þessi leið væri farin. Önnur leið væri sú fyrir einstaklinginn til þess að koma fjárhag sínum á eðlilegan grundvöll að minnka í bili neyzlu sína og fjárfestingu. Gæti það ekki einmitt, ef hann með því móti gæti ráðið bót á greiðsluvandræðum sínum og komið fjárhag sínum á traustan kjöl, verið skynsamlegasta og eðlilegasta leiðin til bættra lífskjara frá sjónarmiði hans?

Við, sem stöndum að þessu frv., álítum, að því sé svipað farið með þjóðarheildina eins og þennan einstakling, að skynsamlegasta leiðin til bættra lífskjara sé einmitt sú að sætta sig

við nokkra kjaraskerðingu í bili til þess að ráða bót á þeim miklu og alvarlegu greiðsluvandræðum, sem þjóðin á nú við að stríða.

Í nál. hv. 2. minni hl. eru tölur, sem sýna hækkun á verði nokkurra vara vegna þessara ráðstafana. Ég fæ nú ekki annað séð en það sé eins með þessar tölur og þær, sem hv. 4. þm. Vestf. (SE) nefndi hér við 1. umr. málsins, að þær sýni aðeins þá hækkun á innkaupsverði, sem verður vegna þessara ráðstafana. Það stendur einmitt heima varðandi tvo fyrstu vöruflokkana, sem þarna eru nefndir, að það eru vörur, sem áður báru 30% yfirfærslugjald, en koma nú til með að bera sem svarar 133% vegna gengislækkunarinnar. Það er hækkun, sem nemur um það bil 80%, þetta hækka vörurnar í innkaupsverði. En auðvitað getur hækkunin í útsöluverði ekki orðið nálægt því eins mikil. Hvað hina vöruflokkana snertir, sem þarna eru nefndir, þá eru það vöruflokkar, sem bera 55% yfirfærslugjaldið. Það kemur einmitt heim, að slíkar vörur hækka í innkaupsverði sem næst 50%, en hækkunin á útsöluverði ætti auðvitað aldrei að vera eins mikil, þannig að ég tel víst, af því að ég veit það, að þessi hv. þm. hallar ekki vísvitandi réttu máli og hefur ekki gert það nú, að það hafi átt sér stað einhver misskilningur milli hans og þess kaupsýslumanns, sem hann hafði tölurnar frá.

Þá ætla ég að fara örfáum orðum um vextina, sem mikið hefur verið rætt um hér. Það er í rauninni algerlega villandi miðað við þær kringumstæður, sem verið hafa fyrir hendi að undanförnu, að reikna þetta dæmi þannig, að byrðin vegna vaxtahækkunarinnar, sem lendir á þeim, sem standa í húsbyggingum, komi fram sem mismunur þeirra hærri vaxta, sem nú er gert ráð fyrir að greiddir verði, og almennra lánsfjárvaxta nú, því að forsendan fyrir því, að það væri rétt að reikna dæmið þannig, væri, að allt þetta fólk gæti fengið lán eins og það vildi með þeim lágu vaxtakjörum, sem nú eiga að gilda, en víst er, að því fer mjög fjarri. Allir vita, hvaða vandkvæði eru á því að afla fjár til íbúðarhúsabygginga, og margt af þessu fólki verður að taka lán með mjög óhagstæðum kjörum. Það er að vísu ekki farið upp fyrir 8% vexti eða hvað það nú er, en þá er sú leið farin, að þetta fólk verður að gefa út skuldabréf, sem það selur með miklum afföllum, svo að raunverulegir vextir af slíkum lánum eru e. t. v. til muna hærri en nokkrum dettur í hug að vextirnir verði nú. Og ég tel einmitt miklu meiri líkur á því, að þess verði ekki langt að bíða, að meira fjármagn verði einmitt vegna þessarar aðgerðar á boðstólum fyrir þá, sem vantar byggingarlán. Ástæðurnar fyrir því eru bæði þær, að vænta má, að hærri innlánsvextir verði til þess að örva sparnað. Hitt skiptir öllu meira máli, að takist að stöðva verðbólguna, þá hlýtur eftirspurnin eftir lánum að minnka verulega, af því að það er vitað mál, að mikið af þeim lánum, sem nú eru tekin, er beinlínis tekið vegna þess, að menn vita, að það er alltaf gróði að taka lán. Vegna verðbólgunnar reikna menn með því að þurfa að skila miklu minni verðmætum en þeir hafa tekið á móti, þannig að það er spákaupmennskan í verðbólgunni, sem veldur talsverðu um þá lánsfjárþenslu, sem nú er.

Ég býst við, að ýmsir hv. stjórnarandstæðingar muni nú vilja svara þessu með spurningunni: Eru nokkrar líkur á því, að það takist að stöðva verðbólguna með þessum ráðstöfunum? Það viljum við álíta, hvað sem skeður á vinnumarkaðinum, ef stendur við þær yfirlýsingar, sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið í þeirri grg., sem fylgir frv., nefnilega yfirlýsingar um það, að kauphækkanir, sem kunni að verða, verði ekki teknar til greina í vöruverði og útflutningsuppbætur verði ekki hækkaðar vegna þeirra. Þetta er í fullu samræmi við þær kröfur, sem hingað til hafa verið bornar fram af verkalýðsfélögunum, að kauphækkanirnar yrðu ekki teknar aftur, eins og það er orðað, í hærra vöruverði. Aftur á móti leiðir af þessu hitt, sem ég benti á í framsöguræðu minni, að ef heimtað er af ríkisstj., að hún ábyrgist það, að verðhækkanirnar komi ekki fram í hærra vöruverði, þá verða launþegarnir auðvitað að gæta varúðar við því að krefjast ekki meira af framleiðslunni en hún getur borið að óbreyttu verðlagi, því ef það er ekki gert, þá leiðir það til minni vinnueftirspurnar og jafnvel til stöðvunar í einstökum atvinnugreinum. Þetta veit ég, að launþegarnir muni gera sér ljóst, því að þrátt fyrir allt er það nú þannig, sem betur fer, með meginþorra launþega, að það eru fyrst og fremst þeirra eigin raunverulegu hagsmunir, sem þeir bera fyrir brjósti.

Já, einhver hv. stjórnarandstæðinga spurði sem svo: Verður það nú ekki þannig, að þessari vaxtahækkun verði velt yfir á almenning í hærra vöruverði? Ég tel ekki miklar líkur á því, og byggi ég það ekki fyrst og fremst á því, að gefin var yfirlýsing um, að það muni ekki verða leyft að taka tillit til hærri vaxtakostnaðar, þegar vöruverðið verður ákveðið, heldur á hinu, að ég skil ekki í því, að skynsamir kaupsýslumenn mundu sjá sér hag í slíku. Eina leiðin fyrir þá til þess að komast undan aukinni vaxtabyrði er sú að umsetja vörur sínar á skemmri tíma en áður. Með því einu móti leggst á þær minni vaxtabyrði. En ef þeir ætla að umsetja þær á skemmri tíma, þá er leiðin til þess vissulega ekki sú að hækka verðið, heldur miklu fremur hið gagnstæða.

Það er nú margbúið að hrekja þá firru áður í umræðum um þetta frv., m. a. í Nd., að hér sé um að ræða þúsund milljónir í nýjum álögum á almenning. Það er vitanlega fullkomin fjarstæða að líta svo á, að sú hækkun í krónutali á þjóðartekjunum sé raunveruleg byrði fyrir almenning, og fjölyrði ég ekki meira um það atriði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi nokkuð um þau lán, sem tekin hefðu verið að undanförnu, til hvers þau hefðu farið o. s. frv. Ég tel, að það sé tiltölulega ófrjótt að ræða mikið um þetta, því að að mínu áliti er það ekki kjarni málsins, heldur hitt, að greiðsluvandræðin eru

staðreynd, vandamál, sem þarf að leysa alveg óháð því, hvort þeim lánum, sem tekin hafa verið, hefur verið varið á einn eða annan veg. En vilji maður á annað borð deila um þetta, þá vil ég líta svo á, eins og ég minntist á í framsöguræðu minni, að eðlilegra sé að líta svo á, að þegar erlend lán eru tekin, þá sé þeim varið til þeirra hluta, sem eru minnst nauðsynlegir. Þó að ég bæri aldrei traust til vinstri stjórnarinnar, þá ætla ég ekki, að henni hefðu nokkru sinni orðið svo mislagðar hendur, hefði hún ekki fengið sum af þeim lánum, sem hún tók, að hún hefði hætt við allra nauðsynlegustu framkvæmdirnar. Auðvitað hefði hún eins og aðrar ríkisstjórnir reynt að láta sitja á hakanum ónauðsynlegasta neyzluvöruinnflutninginn og ónauðsynlegustu fjárfestinguna.

Annars var málflutningur hv. 3. þm. Norðurl. v. að ýmsu leyti frábrugðinn málflutningi ýmissa annarra, eins og von var til af manni með hans menntun og í hans stöðu, þannig að hann lokaði ekki í sama mæli augunum fyrir augljósum vandamálum og staðreyndum. Honum var fyllilega ljóst greiðsluvandamálið og að það væri ekki heilbrigt, að Ísland hefði einhverja mestu greiðslubyrði, sem þekktist í heiminum, að undanteknum einum tveimur löndum, sem munu vera Bolivía og hitt var eitt af Balkanríkjunum. Hann sagði, að orsökin til gjaldeyrisskortsins væri sú, að það væri svo mikill þrýstingur á bankana til þess að flytja inn hátollavöru. Þetta er út af fyrir sig í meginatriðum alveg rétt athugað hjá honum. En hvers vegna er þrýstingurinn á bankana til þess að flytja inn hátollavöru svona mikill? Er það ekki af því, að það kerfi, sem við höfum hingað til byggt á, grundvallast í rauninni á innflutningi hátollavara og því, að til sé gjaldeyrir til þess að flytja hátollavörurnar inn. Niðurstaðan af þessu hlýtur því einmitt að vera sú, að kerfinu þurfi að breyta. Við komumst ekki hjá því á einn eða annan hátt að minnka gjaldeyrisnotkun okkar. Það er þetta, sem er aðalatriðið. Hitt er vitanlega rétt, að það koma fleiri en ein leið til greina til þess að minnka gjaldeyrisnotkunina. Önnur leiðin er sú, sem hér hefur verið farin, að gera gjaldeyrinn dýrari en áður, þannig að þjóðin í heild verður að spara við sig gjaldeyrisnotkunina. Hin leiðin, sem ella væri einna nærtækust, væri sú, að það væri hægt að minnka gjaldeyrisnotkunina á þann hátt að beita miklu strangari innflutningshöftum en hingað til hefur verið gert, taka upp skömmtun á nauðsynjavörum o. s. frv. En er það nú nokkur, sem vill gera sig að talsmanni fyrir þessari leið? Þá yrði það þannig, að það yrði svarti markaðurinn, biðraðirnar og það ástand, sem við þekkjum svo vel frá árunum fyrir 1950, sem kæmi til þess að dreifa byrðunum. Ég tel líkurnar ákaflega litlar fyrir því og í rauninni engar, ef það væri þessi leið, sem væri farin til þess að dreifa hinum nauðsynlegu byrðum, að þá yrði það efnaminna fólkið í þjóðfélaginu, sem bæri minnstu byrðarnar. Verkamenn og þeir efnaminni hafa ekki efni á því að verzla á svörtum markaði, og það voru ekki þeir, sem á sínum tíma verzluðu fyrst og fremst við bakdyrnar. Auk þess er annar ágalli á þessari leið, haftaleiðinni, og hann er sá, að jafnvægi getur haftaleiðin aldrei skapað, nema í bili. Ef á að fara þessa leið til að útrýma greiðsluhallanum, þarf skömmtunin að verða stöðugt strangari og ná til fleiri vara, þannig að það verða fleiri og fleiri vörutegundir, sem bannaður verður innflutningur á, þangað til skapast hlýtur algerlega óþolandi ástand.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að lítið samræmi væri í því að ætla sér að afnema greiðsluhallann, en fara þó fram á heimild til verulegra yfirdráttarlána. Svo spurði hann að því, hvaða munur væri á því tvennu að taka venjuleg lán og þessi yfirdráttarlán. Það er sá munur á því, að yfirdráttarlánin eru aðeins tekin til þess að jafna þær sveiflur, sem verða í innflutningnum frá mánuði til mánaðar. Þau skapa ekki grundvöll fyrir því, að haldið sé uppi greiðsluhalla, og eiga ekki að auka skuldabyrði þjóðarinnar. Það er í rauninni eitt af aðalatriðum þessa frv., að gert er ráð fyrir því þrátt fyrir þessa yfirdráttarheimild, að innflutningurinn minnki. En hver er þá ástæðan til þess, að það er verið að taka þessi yfirdráttarlán? Hún er í stuttu máli sú, að samkvæmt skoðun ríkisstjórnarinnar mundi frjálsari innflutningur en nú skapa möguleika á því að lækka vöruverðið nokkuð og vega þannig að einhverju leyti upp á móti þeirri kjaraskerðingu, sem ráðstafanirnar að öðru leyti hafa í för með sér. Það er fyrst og fremst þetta, sem fyrir vakir með þessum ráðstöfunum, ekki það, eins og komið hefur nú sums staðar fram, að þetta eigi að vera sérstök dúsa til handa kaupsýslumönnum, því að eins og ég minntist raunar á í framsöguræðu minni, þá er síður en svo líklegt, að afkoma þeirra verði betri, eftir að raunhæf samkeppni hefur verið innleidd, heldur en meðan þeir nutu skjóls haftanna og þar með fullkomins öryggis fyrir því, að þeir gætu selt allt, sem tókst að flytja inn, óháð því, á hvaða innkaupsverði það var. Við ætlum einmitt, að samkeppnin skapi kaupsýslumönnunum meira aðhald en áður um að kaupa vörurnar inn á sem lægstu verði miðað við vörugæði og þessi ráðstöfun geti þannig orðið neytendunum til hagsbóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Ed., 19. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 113 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.

nei: FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, KS, SÓÓ.

1. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

nei: BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB.

2.—7. gr. samþ. með 11:6 atkv.

Brtt. 114,1 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.

nei: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, KS, FS, GTh, SÓÓ.

BGuðm greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég tel brýna nauðsyn bera til, að þetta vandamál verði tekið til sérstakrar athugunar. Þar sem það er hins vegar ákveðið í frv. þessu, að útflutningssjóður hætti störfum, nema hvað snertir uppgjör eldri skuldbindinga, enn fremur er ekki í till. gert ráð fyrir fjáröflun til bótagreiðslunnar og ekki er fært að fresta afgreiðslu frv., þar til nauðsynleg athugun þessa vandamáls hefur farið fram, segi ég nei.

8.—15. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Brtt. 114,2 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.

nei: AuA, BGuðm, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

KS greiddi ekki atkv.

Brtt. 116 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

nei: AuA, BGuðm, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

KS greiddi ekki atkv.

16. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Brtt. 114,3 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ.

nei: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, KS, FS, GTh, SÓÓ.

BGuðm greiddi ekki atkv.

17.—22. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Brtt. 114,4 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK.

nei: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

23. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Svo sem ég hef gert grein fyrir við 1. umr., tel ég bannið við því að tengja allt kaupgjald við vísitölu ganga of langt. Hins vegar bannar 23. gr. ekki, að verkalýðsfélög bindi gildistíma samnings eða uppsagnarheimild við vísitölu. Tel ég því, að sé lagagrein þessi rétt skilin, standi hún ekki í vegi fyrir því, að verkalýðsfélög geti samið svo um, að kjarasamningar skuli sjálfkrafa ganga úr gildi eða sérstök uppsagnarheimild stofnast, ef vísitalan fer upp fyrir visst mark. Með þessum skilningi get ég sætt mig við og samþ. þessa grein og segi því já.

24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

25.—28. gr. samþ. með 11:4 atkv.

29.—30. gr. samþ. með 11:8 atkv.

31. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, SÓÓ.

nei: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.

32. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ.

33. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

34.—37. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 11:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í gær við 2. umr. málsins rakti ég nokkuð þá réttindasviptingu, sem fremja á á launamönnum og verkalýðshreyfingunni með 23. gr. frv., þar sem lögbannað er að greiða verðlagsuppbætur á laun, og enn fremur rakti ég, hver hætta kann að fylgja þeirri eðlisbreytingu, sem nú er fyrirhuguð á niðurgreiðslunum á vöruverði og þjónustu. Ég get að mestu látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði um þessi atriði, til stuðnings þeirri brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 5. þm. Reykn. og hv. 9. þm. Reykv. á þskj. 118.

Ein af mörgum og hættulegum afleiðingum vísitölubannsins er það öryggisleysi, sem það skapar í öllum samskiptum og samningum milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Óhugsandi er t. d., að samtök launamanna geti gert nokkra samninga um launakjörin nema til mjög skamms tíma í senn, þar sem engin trygging er fyrir því, að raunverulegur kaupmáttur skerðist ekki stórlega, jafnvel á fáum vikum eða mánuðum, og engan varnagla má slá við slíku í samningum nema þann, að samningar falli úr gildi og verði endurskoðaðir með stuttum fresti. Hingað til hafa ýmsir þeir, sem nú standa að þessu frv., haldið því fram, að með því, hve samningar um launakjör eru yfirleitt gerðir hér til skamms tíma, væri skap-

að óþolandi öryggisleysi fyrir atvinnuvegina. Nú er hins vegar að því stefnt að útiloka með öllu, að samningar séu gerðir nema til örskamms tíma í senn, með afnámi kaupgjaldsvísitölunnar. En þar við er ekki látið sitja. Ákveðið er að heimila ríkisstjórninni að greiða niður verð á vöru og þjónustu án takmörkunar. Gengið verður traustlega frá því, að innheimta verði af almenningi á fjórða hundrað millj. kr. í þessu skyni, en hins vegar engin trygging sett fyrir því, að þetta fé verði notað í þeim tilgangi, sem sagt er að það sé innheimt í. Þessi skipan hefur að vísu viðgengizt áður, en þá voru ástæður að því leyti ólíkar, að launamenn fengu jafnharðan kaup hækkað, ef verðlagshækkanir höfðu orðið af völdum minnkaðra niðurgreiðslna. Niðurgreiðslurnar voru því beint í hag vinnukaupenda, en ekki launamanna, og tilhneiging stjórnarvalda til að halda kaupgjaldi niðri, var nokkurn veginn full trygging fyrir því, að greiðslurnar héldust. Nú er hins vegar svo komið, að atvinnurekendur eiga ekkert undir því, hvort vöruverð er greitt niður eða ekki, þar sem laun hækka ekki í kjölfar verðhækkana. Aðhald vísitölunnar fyrir ríkisvaldið um að standa gegn verðhækkunum af ótta við sjálfkrafa launahækkanir er því úr sögunni. Launamenn eiga það algerlega undir náð ríkisstj., hvort vöruverð hækkar sem niðurgreiðslunum svarar eða ekki, ofan á allt annað.

Ég fæ ekki séð, að hugsanlegt sé, að nokkrir samningar séu gerðir um launakjör eða nokkur hugsanleg vinnudeila, sem upp kann að rísa, verði leyst í landinu við slík skilyrði. Segjum t. d., að verkalýðsfélögin geri samning í dag til eins árs. Gerum ráð fyrir, að umsamin launahækkun nemi t. d. 10—15 vísitölustigum. Eins og nú er í pottinn búið, gæti ríkisstj. með einfaldri samþykkt ákveðið að hætta öllum niðurgreiðslum og þar með kippt til baka allri hinni umsömdu launahækkun samstundis og um hana væri samið. Nú er að vísu látið í veðri vaka, að niðurgreiðslurnar verði framkvæmdar, en hitt er staðreynd engu að síður, að það er algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar.

Nú er það ekki umdeilt, að margir menn og mörg samtök treysta ríkisstj. misjafnlega, að ekki sé meira sagt, en enginn þó verr en verkalýðshreyfingin í landinu, eftir allt, sem á undan hefur gengið. Hún mun því áreiðanlega ekki una því að eiga neitt undir náð hennar í þessum efnum og að hún geti með þessum hætti ráðið kaupgjaldi með tilskipun.

Brtt. okkar á þskj. 118 miðar að því að lögfesta þær niðurgreiðslur, sem lofað hefur verið að framkvæma, og að taka af allan vafa um, að þær verði inntar af hendi með því fé, sem til þess er lagt af almenningi. Ef allt er með felldu um yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, ætti stuðningsmönnum hennar að vera ljúft að samþ. þessa till. Ef hún verður felld, vita stéttasamtökin hins vegar, að svik kunna að búa undir, og munu taka það með í reikninginn á sínum tíma.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að síðara atriðinu í brtt. okkar þm. Alþb., en það er þess efnis, að ríkisstj. verði skylt að greiða niður gjaldeyri til námsmanna og þeirra, sem leita þurfa sér lækninga í fjarlæg lönd, þannig að raunverulegt verð á dollar verði 21.22, eða hið sama og nú er með því 30% yfirfærslugjaldi, sem er á hið skráða gengi, m. ö. o. að námskostnaður erlendis og sjúkrakostnaður verði ekki hækkaður umfram það, sem leiðir af hækkuðum fargjöldum, sem eru stór kostnaðarliður og munu að sjálfsögðu hækka mikið.

Ég hygg, að ekki sé unnt að deila um það, að námsmenn, sem stunda framhaldsnám erlendis, verði fyrir meira áfalli vegna gengisfellingarinnar en nokkrir aðrir. Námskostnaður þeirra, sem um leið er þeirra framfærsla að langmestu leyti, hækkar hvorki meira né minna en um 15800—31700 kr. á ári, eða um 80%, samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Þannig hækkar námskostnaður, miðað við þær yfirfærslur, sem verið hafa að undanförnu, í Austurríki, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Hollandi úr 20000 í 35800 kr., eða um 15800 kr. Miðað við nám á Spáni hækkar kostnaður um 17200 kr., í Þýzkalandi og Sovétríkjunum 18900, Bretlandi og Sviþjóð 19600, Ítalíu og Belgíu 21600, Frakklandi 22100 og í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Kanada um 31700 kr., eða úr 42200 í 71900 kr. á ári. Auk þessa verða svo námsmenn bæði heima og erlendis að bera hlutfallslega til jafns við aðra þá hreinu launalækkun, sem í frv. og öllum hinum svokölluðu efnahagsaðgerðum felst, en njóta hins vegar einskis af þeim aðgerðum, sem ætlað er að draga eitthvað úr áhrifum þeirra til lækkunar á lífskjörin almennt. Afnám tekjuskattsins kemur þannig þeim að engu haldi, þar sem fæstir þeirra greiða nokkurn teljandi skatt nú, og fjölskyldubætur ekki heldur nema í sárafáum tilfellum.

Auk hinnar almennu og að því er þá snertir algerlega óbættu kjaraskerðingar, verða námsmenn erlendis svo að bera fyrirsjáanlega og mikla hækkun fargjalda, eins og ég áður gat um, sem numið getur þúsundum króna árlega.

Það er einróma álit allra, er til þekkja, að þessi gífurlega hækkun námskostnaðar erlendis hljóti að leiða til þess, að fjöldi námsmanna, sem eiga ekki efnaða foreldra, verði nauðugir að hætta námi, ef ekki koma til sérstakar ráðstafanir, og einnig til þess að brjóta niður í framtíðinni alla möguleika efnaminni námsmanna til þess að ráðast í framhaldsnám. Látið er í veðri vaka að vísu, að sú harkalega útreið, sem námsmenn verða fyrir, verði milduð með hækkun námsstyrkja. En augljóst þykir mér, að slíkt komi að mjög takmörkuðu haldi. Styrkirnir eru ekki og verða ekki nema brot af námskostnaðinum, og í fæstum eða engum tilfellum standa þeir allan námstímann. Auk þess mun, a. m. k. ef dæma skal eftir fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir, ekki vera um að ræða, að fyrirhugað sé að hækka þetta nema á móti gengisfellingunni í þrjá mánuði af hverju skólaári. En jafnvel þó að lengra verði gengið, er um algerlega ófullnægjandi ráðstafanir að ræða. Að sjálfsögðu er það

harmleikur fyrir þá, sem í hlut eiga, að vera neyddir til að hverfa frá námi, sem menn hafa gert sér vonir um að geri þá hæfa til að gegna störfum í þjóðfélaginu, sem hæfileikum þeirra samrýmist bezt. Það er kannske hægt að sleppa slíkri tilfinningasemi með öllu. En enginn getur fram hjá hinu komizt, að með því að fækka þeim, sem fullkominnar sérmenntunar njóta, og takmarka við peningaráð manna möguleika til þess að verða hæfir til að gegna þeim hlutverkum í þjóðfélaginu, sem þeir eru bezt fallnir til, er verið að skaða þjóðfélagið í heild sinni, ekki aðeins verið að fremja félagslegt ranglæti og ekki aðeins verið að draga þjóðina niður menningarlega og félagslega, heldur einnig verið að gera þjóðina í heild fátækari í bókstaflegustu merkingu þess orðs.

Sú tíð er liðin, að nokkur viti borinn maður taki sér í munn hið gamla orðtak frá mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar, að bókvitið verði ekki látið í askana. Allar þjóðir heims gera sér nú ljóst, hvert sem þjóðskipulag þeirra er, að sérmenntun fleiri og fleiri einstaklinga á sviðum hvers konar vísinda og tækni er grundvallarskilyrði til efnahagslegra framfara, lykillinn að auðæfum sjávar og jarðar. Það væri því grátleg og fáránleg heimska, ef Alþingi Íslendinga lögfesti nú, að stigið yrði stórt spor aftur á bak í þessum efnum, eins og nú virðist vera stofnað til. Svo almennur skilningur virðist þó vera á því, í hvert óefni hér er stefnt, að ólíklegt verður að telja, að hv. alþm. samþ. ekki þá sjálfsögðu till., sem ég mæli hér fyrir.

Háskólastúdentar heima og erlendis hafa einum rómi mótmælt þeirri skerðingu á kjörum og námsmöguleikum, sem leiðir af samþykkt þessa frv. óbreytts, og sjálft menntamálaráð, skipað fulltrúum allra þingflokkanna og þar á meðal hv. aðaltalsmanni stjórnarflokkanna í þessum málum í Nd., hefur einróma samþ. að beita sér fyrir því við hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn., að hlutur námsmanna verði réttur. Þessi till. okkar fulltrúa Alþýðubandalagsins hér í hv. d. mundi að verulegu leyti leysa vanda þeirra, sem stunda nám erlendis, en síðan þyrfti Alþingi að henni samþykktri að leysa með öðrum hætti og í sambandi við afgreiðslu fjárlaga mál þeirra, sem nám stunda heima og geta stundað nám hér heima.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að hún mundi létta byrðar þeirra, sem minnst mættu sín, í sambandi við þær efnahagsaðgerðir, sem hér er rætt um. Hvernig þetta verður í reyndinni, ræði ég ekki frekar en orðið er. En ég vil spyrja: Hverjir mega sín öllu minna en þeir, sem eru svo sjúkir, að þeir geta ekki fengið bót meina sinna með þeim tækjum læknavísindanna, sem til eru í landinu, og með hjálp okkar vísindamanna og þurfa af þeim sökum að fara utan til að bjarga lífi sínu og heilsu? Því getur hver svarað fyrir sig. En hitt er staðreynd, að ekkert — bókstaflega ekkert — er í þessu frv., sem ætlað er að létta hlutskipti þessa fólks, en kostnaður þess í þeim neyðartilfellum, sem hér er rætt um, er hækkaður um 80%. Hér er svo sannarlega lagzt á garðinn, þar sem hann er lægstur, að engin þörf er að eyða mörgum orðum að, og liggur að mínu viti sæmd hv. þm., hvers fyrir sig og allra sameiginlega, við, að forðað verði því níðingsverki, sem hér virðist eiga að vinna á þeim, sem þyngst sjúkdómsböl eiga við að stríða.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hér hafa nú farið fram ýtarlegar umræður um þetta mál, eins og allir í raun og veru hafa gert ráð fyrir og alveg er eðlilegt. Ég hef heyrt talsvert af þeim umræðum, því miður ekki getað verið við þær allar af öðrum önnum mínum, en ég held, að ég meiði engan, þó að ég leyfi mér að segja, að í aðalefnum hafa þau rök, sem hér hafa verið borin fram á móti frv., áður verið borin fram af stjórnarandstæðingunum í hv. Nd. og þar verið svarað bæði af mér og öðrum. Ég tel þess vegna ekki eðlilegt, að ég fari nú að endurtaka þau rök, sem þar hafa verið færð fram, og það situr líka sízt á mér að fara nú, þegar umræður eru að fjara út, að rísa upp til þess að reyna að vekja þær upp að nýju og þar með að tefja störf þingsins.

Ég vil aðeins víkja að þeim fáu orðum, sem 5. þm. Norðurl. e. mælti hér áðan. Mér fannst hann taka nokkuð djúpt í árinni um ýmislegt, sem hann sagði, en það er náttúrlega ekki meira en aðrir hafa gert um þetta mál, og ég læt það liggja á milli hluta.

Varðandi þau rök, sem hann færði fyrir þörfum sjúkra manna til þess að komast á fund erlendra sérfræðinga, þá geri ég minna úr því en hann, en það kann þó líka að eiga nokkurn rétt á sér, að sumir þurfi þess. Okkar íslenzka læknastétt hefur nú öðlazt mikla þekkingu og leysir daglega af hendi ákaflega vandasöm verk, sem ég hygg að ekki hefði verið talið á færi Íslendinga fyrir einum eða tveimur áratugum, svo að ekki sé meira sagt, og ég tel það ekki svo almenns eðlis, sem hann þar mælti, að það sé ástæða til þess vegna að gera alveg sérstakar ráðstafanir.

Hitt er svo mál fyrir sig, sem hann mælti um þá ungu menn, sem eru að afla sér menntunar erlendis, að þeirra hlutur er auðvitað mjög skertur við þessa viðurkenningu á verðmæti ísl. krónu og full ástæða til að athuga, hvað er hægt að gera til að ráða fram úr eða létta undir með þeim í þeim örðugleikum, sem nú eru fram undan á þeirra vegi. Það mál hefur stjórnin haft til athugunar og er enn í athugun. Mér barst víst síðdegis í gær skýrsla frá stúdentafélagsfundi, sem um þetta var haldinn. Það voru kröfur eða óskir, sem stúdentar kurteislega og með rökum báru fram, að mig minnir í 6 liðum frekar en 7, og varðandi þetta sérstaka atriði, sem hér er borið fram í síðari hl. till. frá hv. þm. Alþb., þá gengu þeir ekki nærri svo langt sem þessi till. gengur. Ef ég man rétt, mæltust þeir til, að stúdentarnir, sem ytra nema, fengju bætur eða aukna aðstoð hins opinbera, sem næmi um hálfum skaða, sem þeir hljóta af gengislækk-

uninni. Ég held, að ég hafi lesið það rétt.

Ég mundi ekki fyrir mitt leyti vilja aðhyllast þessa till. eins og hún liggur fyrir, og mæli þess vegna gegn henni. En ég lýsi því yfir, að ríkisstj. hefur málið allt til athugunar og hefur skilning á því, að ef eitthvað væri hægt að gera og þá fyrst og fremst í sambandi við fjárlögin til þess að létta þessa örðugleika, þá vill hún ljá því lið, innan ramma getu og sanngirni. Það má vel vera, að sumir þessara stúdenta, sem þarna eiga hlut að máli, — enda man ég ekki betur en einmitt till. Stúdentafélagsins miðist við þá hugsun, — ég segi, að sumir þeirra gætu eins stundað nám hér innanlands. Það mun víst segja svo í óskinni eða till., sem fram er borin af stúdentum: enda geti þeir ekki eða eigi þeir ekki kost á námi við Háskóla Íslands.

En sem sagt, málið verður athugað með skilningi af ríkisstj., þó að mér þyki ekki rétt að gefa um það aðrar eða meiri yfirlýsingar en þá, sem ég hef nú gefið, um leið og ég get ekki fallizt á till., eins og hún er orðuð, og mæli þess vegna gegn henni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 118, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það eru raunverulega tvær till., sem hér liggja fyrir, ef ekki þrjár, ef þeim væri skipt niður eðlilega á efnislegan hátt.

Um fyrsta atriðið, að skylda ríkisstj. til þess að greiða þær niðurgreiðslur, sem hún hefur lofað, er ekki annað að segja en það, að það, sem raunverulega felst í till., er að binda hana við þau loforð, sem hún hefur sjálf gefið.

Um sjúkrakostnaðinn hafa alltaf gilt, að því er gjaldeyrinn snertir, eins og okkur er kunnugt, sérreglur. Það er að vísu rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er ákaflega margt eða flest, sem íslenzkir læknar geta gert hér. Þó eru alltaf nokkur tilfelli, þar sem leita verður til erlendra lækna, og kostar það stórar fjárfúlgur fyrir þá, sem þangað þurfa að leita. Getur oft oltið á því, hvort hægt er að leita til útlanda, hvort sjúklingurinn fær bata eða ekki. En þar sem þessum tilfellum fækkar, sem betur fer, þá er ef til vill því auðveldara að hafa um þetta undantekningar að því er verðmæti gjaldeyrisins snertir.

Það, sem ég vildi þó sérstaklega ræða, án þess að eyða í það tíma, er námskostnaðurinn. Þær breyt., sem gerðar eru í efnahagsráðstöfununum, eru í mínum augum mjög alvarlegar að því er snertir námsmenn erlendis. Það kann að vera, að sumir af þeim námsmönnum, sem nú stunda nám erlendis, geti stundað nám hér, og skal ég ekkert um það fullyrða. En þó munu það vera fæstir, sem leita eftir því að stunda nám erlendis með þeim fjárhagslegu erfiðleikum, sem það veldur, ef þeir geta stundað nám með jafngóðum árangri eða svipuðum hér heima. En þegar litið er á þetta mál í heild, þá er það miklu stærra en menn kannske almennt gera sér ljóst við fyrstu sýn. Það er ákaflega slæmt að valda þeim einstaklingum, sem vilja afla sér menntunar, þeim erfiðleikum, sem eru óyfirstíganlegir og þannig, að þeir verða að hætta við nám. En þetta er mál, sem þarf að líta á ekki aðeins út frá sjónarmiði þeirra einstaklinga, sem eru að afla sér menntunar, og því, sem kemur fram við þá. Þetta er ákaflega stórt þjóðfélagslegt mál, og var raunverulega byrjað á því hér um skeið fyrir nokkrum árum að láta þar til kjörna menn athuga, hvaða menntun það er erlendis, sem okkur er nauðsynlegt að aflað sé á hverjum tíma, og styrkja námsmenn í samræmi við það. Ég veit ekki, hvort þessu hefur verið haldið áfram eða ekki, en þetta sýnir okkur nokkurn þátt málsins.

Það er þjóðfélagslegt atriði, stærra en flest annað, að ungir menn, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, geti aflað sér sérmenntunar erlendis. Það hefur verið mikið talað hér um framleiðni, sem er nýtt orð, þ. e. a. s. framleiðsluaukningu eða uppbyggingu og þess háttar, sem undirstöðu þess, að við getum bjargað okkur á þann hátt, að við höfum þau lífskjör, sem við öll teljum okkur hafa rétt til að hafa í þessu þjóðfélagi. En þetta, að stúdentar hafi svigrúm til þess, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, að sækja sérmenntun til útlanda, er alveg eins stórt mál og það, þegar verið er að tala um framleiðni og framleiðsluaukningu.

Það er litið þannig á þetta mál meðal þeirra þjóða margra, sem núna keppa um að komast sem lengst á sviði framleiðslu og bættra þjóðfélagshátta, að það er eitt af því, sem þær telja fram fyrst, hvað þær hafi marga menn, sem vilja leggja á sig að stunda sérnám í erfiðustu greinunum, svo sem verkfræði og fleiri námsgreinum, sem eru mjög erfiðar og ber meira og meira á að námsmenn veigra sér hjá að stunda vegna þess, hvað það kostar mikla vinnu og mikið erfiði. Það liggur við, að þessar þjóðir mæli framtíð sína eftir því, hvaða útlit er fyrir, að þær hafi mikið af mönnum, sem eru fúsir til þess að leggja á sig þetta nám. Svo stórt atriði er málið í sjálfu sér. Og það er alveg víst, að ef við gefum ekki okkar stúdentum tækifæri til þess að sækja til erlendra þjóða þá sérmenntun, sem þeim er nauðsynleg þjóðarinnar vegna að sækja þangað á hverjum tíma, þá er hér um slíka afturför að ræða, að varla verða of sterk orð höfð um það, hvílíkt skref aftur á bak það væri, ef slíkt er gert.

Ég skal játa, að það er ekki endilega víst, að þetta sé eina leiðin til þess að létta undir með stúdentum, sú till., sem hér liggur fyrir. En meðan ekki liggur annað fyrir og ekki aðrar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. en að hún hafi áhuga á þessu og þetta sé í athugun, þá verður að taka því, sem er borið fram í þessa átt, með velvild. Út frá því sjónarmiði skoða ég þessa tillögu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get í aðalefnum tekið undir þær skoðanir, sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 2.

þm. Vestf. (HermJ). Það er alveg rétt, sem hann segir, að hver þjóð verður að hafa það hugfast, að hennar ungu hæfileikamenn fái aðstöðu til að njóta sinna hæfileika, ekki bara fyrir sjálfa sig, heldur líka fyrir þjóð sína. Og mér finnst það skynsamlega hugsað, þegar ákveðið var, að athugun færi fram á því, hvaða nám menn gætu með sama árangri stundað hér og annars staðar, og þá auðvitað með hliðsjón af því að reyna að greiða götu þeirra, sem stunda vilja annað nám annars staðar, en eiga erfitt með að rísa undir kostnaði, sem af því leiðir.

Ég hygg, að stúdentar, sem nú hafa gert þá till., að þeim yrðu bættir þeir auknu örðugleikar, sem nú verða á vegi þeirra, að hálfu leyti, hafi haft í huga einmitt þá aðferð, sem stjórn hv. 2. þm. Vestf. á sínum tíma tók upp, þegar hún ákvað, að stúdentarnir skyldu ekki þurfa að greiða nema 30% yfirfærslugjald af sínum þörfum, þegar almenna yfirfærslugjaldið var 55%. Ég treysti mér ekki, eins og ég segi, hef ekki umboð til þess að gefa hér bindandi yfirlýsingar f. h. ríkisstjórnarinnar, en mér finnst, að það væri í meira samræmi við fyrri gerðir í málinu að afgreiða það með líkum hætti efnislega og á fjárlögum. Við erum allir, að mér finnst, með opin augu fyrir meginefni málsins, og ætti þess vegna að mega vona, að við næðum einhverju skynsamlegu samkomulagi um það á sínum tíma í sambandi við fjárlagafrumvarpið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Það voru aðeins örfá atriði, sem mig langaði til að minnast á í sambandi við þessa till., sem hér liggur fyrir.

Ég ætla fyrst að lýsa nokkurri undrun yfir því, að hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), sem annars er prúður og hógvær maður, skyldi nota svo óviðurkvæmileg orð í niðurlagi ræðu sinnar eins og að telja, að það ætti að fremja einhver níðingsverk á íslenzkum námsmönnum. Ég hygg, að það muni enginn þm., hvorki í þessari hv. d. né á Alþingi yfirleitt, vilja gerast talsmaður þess, að það verði gert.

Hitt tel ég liggja í augum uppi, að það er ekki möguleiki til þess, miðað við þá skipan mála, sem ætlunin er að taka upp með því efnahagsmálafrv., sem hér liggur fyrir, að fara þar að skrá annað gengi fyrir vissa tegund gjaldeyris heldur en þar er gert ráð fyrir. Og í efnahagsmálafrv. eru ekki ákveðnar þær sérstöku ráðstafanir, sem kann að þurfa að gera í sambandi við áhrif efnahagsráðstafananna almennt, heldur verður það sett með öðrum hætti, svo sem bætur þær, sem boðaðar hafa verið í sambandi við aukningu almannatrygginga og ýmsar aðrar ráðstafanir, þ. á m. niðurgreiðslur. Það hefur ekki verið talið eðlilegt og er það heldur ekki, að það verði tengt þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hygg því, að það verði ekki á neinn hátt með sanngirni talið, að það beri vott um eitthvert ósæmilegt hugarfar, þó að þm. greiði atkv. gegn þessari tillögu, eins og hún liggur fyrir.

Hæstv. forsrh. hefur rætt um þær athuganir, sem á þessu máli hafa verið gerðar hjá hæstv. ríkisstj., og skal ég ekki um það mál frekar segja annað en það, að bæði það atriði og einnig hin tvö atriðin, sem hér eru til meðferðar, hljóta að koma til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárlaga.

Í fjárlögum verður veitt það fé, sem á að verja á þessu ári til niðurgreiðslna. Og það hlýtur því að koma þá til ákvörðunar og verða þá ljóst, hvaða fé ríkisstj. hugsar sér að nota í þessu sambandi. Og þess mun nú ekki langt að bíða, að fjárlög verði afgreidd, þannig að naumast getur það haft nein örlagarík áhrif varðandi skoðanir verkalýðssamtakanna á því, hvort standa eigi við þau fyrirheit um niðurgreiðslur, sem gefin hafa verið, hvort það mál yrði afgreitt nú með óeðlilegu móti, eins og verður að teljast í þessu sambandi, eða afgreitt með fjárlögum, sem koma hér til meðferðar innan skamms í þinginu, þar sem þessu mun verða endanlega til lykta ráðið.

Nákvæmlega sama er auðvitað að segja um aðstoð við námsmenn. Það hefur auðvitað komið til oft á undanförnum árum, að það hafa orðið veigamiklar breytingar á verðlagi erlends gjaldeyris fyrir íslenzka námsmenn, og það hefur að sjálfsögðu orðið að mæta því með sérstökum ráðstöfunum hverju sinni. Eins og ég áðan sagði, verður auðvitað gengið sjálft ekki skráð með hliðsjón af því, hver aðstaða námsmanna er til þess að leita til annarra þjóða. Það eru miklu stærri atriði, sem þar hljóta að verða ákvarðandi. Hitt er annað mál, að ég hygg, að það muni vera samdóma álit allra, að það sé lífsnauðsynlegt, að ungir námsmenn og ungir og efnilegir menn, sem vilja afla sér fróðleiks, er til gagns má verða þeirra þjóð og ekki er hægt að veita þeim hér á landi, verði styrktir til þess að nema þau fræði og að reynt verði að stuðla að því, að þar geti einnig hinir efnaminni notið sín, eins og er grundvallarregla og grundvallarsjónarmið, sem ríkt hefur lengi hér á Íslandi í sambandi við menntunarskilyrði æskunnar. Ég tel fyrir mitt leyti sjálfsagt, að það atriði verði endurskoðað rækilega og íhugað í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En ég minnist þess ekki, að á undanförnum árum, m. a. þegar lagt var alltilfinnanlegt gjald á námsmannagjaldeyri með efnahagsráðstöfunum 1958, hafi það af einum né neinum verið talið neitt sérstakt níðingsverk, sem þar var verið að vinna, og mun þó þeim ráðstöfunum ekki hafa verið mætt með neinum sérstökum aðgerðum umfram það, að nokkur hækkun var gerð á námsstyrkjum, sem mun þó ekki hafa verið meiri en sem svaraði því að halda þar í horfi. Ég skal ekkert sakast um það atriði. En það er þó gott að hafa það í huga, þegar um þetta mál er rætt.

Í þriðja lagi er sjúkrakostnaður erlendis. Mér skilst eftir þeim upplýsingum, sem landlæknir hefur gefið um það efni, að það geti verið um 100 sjúklingar á ári, sem þurfi að leita sér læknishjálpar erlendis, en þessu fólki fer þó nokkuð fækkandi af þeim ástæðum, sem hæstv. forsrh. vék hér að. Það hefur á

undanförnum árum í fjárlögum verið nokkur upphæð til styrktar slíku fólki, og það verður að sjálfsögðu tekið til athugunar að auka þá aðstoð. Jafnframt skal þess getið, að Tryggingastofnun ríkisins hefur heimild til þess að veita sérstakt fé í þessu skyni, og það hefur jafnan verið haft samráð við hana um þetta mál. Það er augljóst mál, að það verður að búa svo um hnúta fyrir fólk, sem lífsnauðsynlega þarf að leita sér lækninga erlendis að mati hinna sérfróðustu manna, sem um slík mál fjalla jafnan hér, að þá verði greitt fyrir því með einhverju móti, að þetta fólk geti leitað sér nauðsynlegra lækninga.

Niðurstaða þeirra orða, sem ég segi, er sú, að mér sýnist, að það sé á allan hátt óeðlilegt að afgreiða þessa till., eins og hún liggur hér fyrir. Það er eins og hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) einnig tók fram, að hér er í rauninni blandað saman ýmsum málum. Ég tel, að það verði einskis hagur fyrir borð borinn í sambandi við þetta mál og á því verði höfð eðlileg vinnubrögð og hv. flm. komi þá að sínum sérsjónarmiðum, ef þeir telja ekki nógu langt gengið, þegar afgreiðsla fjárlaga fer hér fram.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) virðist ekki hafa hlustað nema með öðru eyranu á ræðu mína, því að þau tilfærðu ummæli, sem hann taldi að ég hefði mjög ofmælt hér, áttu alls ekki við námsmennina, heldur um þá, sem þyrftu að fara utan til lækninga, og hafa allir, sem hlustuðu með gaumgæfni, vafalaust skilið það.

Bæði þessi hv. þm. og hæstv. forsrh. hafa talið óeðlilegt, að þessi till. sé afgreidd eins og hún liggur hér fyrir. Ég þykist sjá af þessum ummælum og fleirum, sem hafa verið viðhöfð hér, að það séu farin að opnast augu hæstv. forsrh. og fleiri stjórnarliða fyrir því, að of langt hafi verið gengið í þeim fyrirrætlunum, sem uppi eru, varðandi kjaraskerðingu námsmanna og aðstöðu sjúkra manna til þess að leita sér læknishjálpar. Þau velviljuðu orð, sem þeir hafa látið falla í tilefni af minni ræðu, eru að sjálfsögðu nokkurs virði. En ég tel þó, að það væri meira virði, að sá góði hugur, sem þeir segjast hafa í þessum efnum, sýndi sig í verki.

Annars tel ég athyglisverðast við það, sem fram hefur komið, að hæstv. forsrh. skyldi ekki nota tækifærið til þess að ítreka yfirlýsingar sínar um, að þetta fé, sem hér um ræðir, yrði notað til niðurgreiðslna. Eftir þeirri þögn hans mun áreiðanlega verða tekið, þegar nú þvert ofan í marggefnar yfirlýsingar í hverri umr. á fætur annarri hér á Alþingi um, að það yrði varið a. m. k. 302.9 millj. kr. til niðurgreiðslna, koma nú yfirlýsingar eins og frá hv. 6. þm. Norðurl. e. um, að þetta verði athugað í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Ég verð að segja, að það er sérstök tegund af siðferði, sem upp er tekin, ef það á að viðgangast, að gefnar yfirlýsingar séu teknar aftur, vegna þess að það þurfi að athuga þær í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Ég hélt, að það væri ekkert sérstakt fjárlagamál, hvort staðið væri við gefin loforð.

Annars vil ég bæta því við í sambandi við námsmannagjaldeyrinn, að þar er um mál að ræða, sem enga bið þolir að sé einhver lausn fundin á. Ég hugsa, að það séu hundruð námsmanna, sem bíða nú eftir því að fá yfirfærslu sína í gegn í bönkunum, og mér þætti ekki ólíklegt, að mörgum yrðu þær greiðslur nú svo þungbærar, að þeir yrðu að koma heim með fyrstu ferð og jafnvel leita aðstoðar sendiráða Íslendinga í öðrum löndum til þess að geta komizt heim. Hér er vissulega ekki um mál að ræða, sem þolir, að það sé sett í margra mánaða bið hér í þinginu. Það krefst tafarlausra aðgerða.

Viðvíkjandi því, að verið sé með tillögu okkar að setja eitthvert nýtt og sérstakt gengi fyrir þennan gjaldeyriskostnað, þá er það auðvitað alrangt. Það er ekki frekar verið að setja annað gengi á þetta eða skrá annað gengi á þetta heldur en verið er að gera það með niðurgreiðslunum á 30% innflutningsbálknum yfirleitt, sem hefur verið lofað að gera. Ef þetta er breyting á genginu, er líka verið að setja á sérstakt gengi fyrir kaffi, sykur og kornvörur, sem yfirlýst er að eigi að greiða niður með 37 millj. kr.

Ég vil svo loks bæta því við í sambandi við þær dylgjur, sem hér hafa verið bornar fram um það, að misnotaður væri sjúkragjaldeyrir og gjaldeyrir til námskostnaðar, að ríkisstjórninni er auðvitað fyllilega heimilt í samræmi við síðustu greinina í þessu lagafrv. að setja um þetta nánari reglur, og ég hygg, að það muni vera sjaldgæft, að sjúkir menn geri það beinlínis að gamni sínu að fara utan til hættulegra skurðaðgerða eða annars slíks, enda bendir sú upphæð, sem í þetta hefur farið á undanförnum árum, ekki til þess, að um neina misnotkun sé að ræða. Sjúkragjaldeyririnn hefur numið á síðustu árum 2—3 millj. kr., og ef það er athugað í ljósi þeirrar staðreyndar, sem ég hygg að upplýsingar hv. 6. þm. Norðurl. e. voru um, að þarna væri um 100 menn að ræða, þá geti ekki verið um stórfellda misnotkun þar að ræða.

Ég vil í sambandi við það, sem fram hefur komið, að stúdentar hafi ekki óskað eftir svona mikilli fyrirgreiðslu, benda á, að þessi samþykkt, sem hér hefur verið vitnað til, og hún er gerð af stúdentum við Háskóla Íslands, er ekki gerð af þeim stúdentum, sem við þessi kjör eiga að búa, og í þessari sömu ályktun er farið fram á margs konar aðrar fyrirgreiðslur, sem fyllilega mundu jafngilda því, að orðið yrði við þessu að öllu leyti fyrir þá stúdenta, sem stunda nám erlendis.

Þegar á það er litið, hve geysilegar verðhækkanir og hve geysilega umturnun á öllu efnahagslífinu er hér um að ræða, þá tel ég, að þetta, hvort gjaldeyrir sjúkra, sem hefur numið, eins og ég sagði, 2—3 millj. kr. á ári, og námskostnaður, sem hefur numið 14—15 millj. kr. á ári, er greiddur niður, sem því svarar, sem í þessari tillögu er gert ráð fyrir, séu hreinir smámunir, sem þurfi hvorki vikna

né mánaða athugun um, hvort á að gera.

Ég vil svo að lokum taka það fram í sambandi við afgreiðslu till., að ég tel eðlilegt og sjálfsagt og mun óska eftir því, að hún verði borin upp í tvennu lagi, hvor málsgrein hennar fyrir sig.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af nokkurri rangfærslu, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., sem ég stend hér upp aftur, því að ég tel rétt, að þeim skilningi, sem hann bar fram í því efni, sé mótmælt. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt í ræðu minni hér áðan, að það væri ekki lengra komið þessari ákvörðun um niðurgreiðslur en svo, að það ætti að athuga þær í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, og lagði þessi orð mín út á þann veg, að það sýndi sig eftir þessu, að það væri í rauninni allt enn í lausu lofti með það, hvaða ákvarðanir yrðu teknar í sambandi við niðurgreiðslur.

Þetta er auðvitað alger misskilningur, því að það, sem ég sagði í minni ræðu, var, að það yrði endanlega ákveðið í fjárlögum, hvaða fé yrði varið til niðurgreiðslna. Það merkir að sjálfsögðu ekki, að það sé ekki búið að taka ákvörðun um það í meginatriðum, hvernig niðurgreiðslum verði hagað, alveg eins og skýrt hefur verið frá af hálfu hæstv. ríkisstj. undir meðferð efnahagsmálafrv. hér á Alþingi. Það er hins vegar hin lögformlega rétta leið, að þetta fé verður að sjálfsögðu veitt í fjárlögum, og það er þess vegna algerlega rangt með farið hjá hv. þm. að vilja nú fara að gefa í skyn, að ríkisstj. muni eitthvað hafa í hyggju að falla frá þeim ákvörðunum, sem um þetta hafa verið teknar.

Ég benti á, að það yrði skammt þess að bíða, að fjárlög yrðu afgreidd, og þá mundi þetta sjást svart á hvítu, með þeirri lögfestingu, sem yrði gerð á fjárveitingu til niðurgreiðslna, þannig að ekki þyrfti þá lengur að byggja það á yfirlýsingum, hverju fé eigi að verja til niðurgreiðslnanna. Og ef hv. flm. þessarar tillögu væru ósamþykkir þeim ráðstöfunum, sem þar yrðu gerðar, væri þeim að sjálfsögðu í lófa lagið að koma sínum sjónarmiðum þá fram og bera þá fram till. um hærri upphæð í því skyni.

Hv. þm. hélt því fram, að það bæri ekki að skilja svo, að hér væri um sérstakt gengi að ræða fyrir námsmannagjaldeyri, sem fælist í þessari tillögu, og væri það ekki annars eðlis en almennar niðurgreiðslur á kaffi og sykri. Hér gegnir vitanlega allt öðru máli, vegna þess að það er aðeins í sambandi við almenna heimild um að halda niðri vöruverði, en beinlínis er í þessari till. ákveðið, að miða skuli verð á erlendum gjaldeyri til þessara tilteknu þarfa við það, að kr. 21.22 verði greiddar fyrir hvern Bandaríkjadollar.

Að lokum hélt hv. þm. því fram, að ég hefði rangfært ummæli sín, ég hefði sagt, að hann hefði haldið því fram, að það væri níðingsverk, sem hér ætti að sýna íslenzkum námsmönnum erlendis. Ég sagði ekkert um, að það væri sérstaklega átt við námsmenn. Ég sagði, að hann hefði notað það í ræðu sinni hér áðan, að það ætti að fara að beita níðingsverki í sambandi við þetta mál, sem till. hans hér fjallar um, og ég taldi, að það væri ósæmandi að nota slíkt orðalag, þar sem það mundi ekki á nokkurn hátt vera ósk né vilji nokkurs einasta þingmanns, hvar í flokki sem hann væri, að beita þetta fólk, ekki námsmenn og þá náttúrlega miklu síður þá, sem sjúkir eru og farlama, neinu ranglæti eða órétti, sem hægt væri með sæmilegu móti að koma í veg fyrir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. vítti mig nokkuð alvarlega. Ekki þó fyrir það að níðast á sjúkum eða stúdentum. Hann vítti mig mjög alvarlega fyrir, að mér skyldi hafa láðst að staðfesta nú það, sem hann sagði að ég hefði áður margstaðhæft, að það ætti að nota ákveðið fé til niðurgreiðslna. En ég verð að segja, að mér finnast nú dálítið skrýtin vinnubrögð að segja fyrst, að ég hafi margstaðfest þetta og aðrir fylgjendur þessa frv., en þó sé það einhver sérstakur glæpur, þegar hér hefur verið látlaust deilt á okkur og fyrir hin ólíkustu efni, að ég, sem flestu læt ósvarað til þess að lengja ekki umræðurnar, skuli ekki endurtaka enn einu sinni fyrri ummæli mín um þetta málsatriði. Undarlegast er þó, að til þess er ætlazt og það er mælzt til, að ég samþykki till. um það. En til hvers eru þá ummæli mín ætluð? Ég veit ekki, hvort hv. þm. ber mikið traust til mín. Ég hygg, að hann geri það meira en hann lætur. En ég veit, að honum finnst það dálítið spaugilegt, að ég sé vítaverður fyrir að endurtaka ekki einu sinni enn þá þessa yfirlýsingu. Og þegar ég er búinn að endurtaka hana, þá vill hann, að ég samþykki till., að nú skuli bókstafurinn blífa. Svo lýk ég mínum umræðum.

Forseti (SÓÓ): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Það hefur verið farið fram á það við mig, að ég gæfi smáfundarhlé núna. Ég sé ekki ástæðu til að neita um það. Það ætti að vera hægt að ljúka atkvgr. og þar með afgreiða málið fyrir lok venjulegs fundartíma, sem er klukkan fjögur. Ég vil þá verða við þessari ósk, að fresta fundinum núna þangað til klukkuna vantar kortér í fjögur, en vil vekja athygli hv. þdm. á því, að þá fer fram atkvgr. og að þeir hverfi ekki burt úr húsinu. — [Fundarhlé.]

Þá verður fundinum fram haldið og gengið til atkv. Hv. 1. flm. að brtt. á þskj. 118 fór fram á það, að hún yrði borin upp í tvennu lagi. **(BjörnJ:** Já.) Það er nú ef til vill ekki að venju að bera slíkar brtt. sem hér er um að ræða upp í tvennu lagi, þar sem tillagan er ein heild, en ekki í tveimur stafliðum eða slíkt. En það munu vera fordæmi fyrir því, að það sé gert, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að ganga fram hjá þessari beiðni hv. 1. flm., og mun ég því bera till. upp í tvennu lagi. Það verður aftur að orðunum „300 millj. kr. á árinu 1960" — er það ekki rétt skilið? (Gripið fram í.) Já, aftur að orðunum: „Þá er ríkis-

stjórninni skylt". Þá verður sá hluti brtt. á þskj. 118 borinn upp.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna það, að þegar ég bar fram þá ósk, að þetta yrði borið upp í tvennu lagi, hafði ég ekki athugað nægilega, að till. hófst á þessum orðum: „28. gr. orðist svo", heldur haft það í huga, að þetta gæti verið viðbót við gr. eins og hún nú er, eins og reyndar till. gæti verið, því að hún gæti verið styttri en þetta, því að það er orðrétt tekið upp í hana allt, sem er í gr., eins og hún nú er. En að þessu athuguðu og eins og málum er nú komið, þá sýnist mér, að það geti alls ekki samrýmzt eðlilegum fundarsköpum að skipta þessu í tvennt, og ég vildi biðja forseta að athuga það mjög vel, áður en hann úrskurðar, að það sé hægt, úr því sem komið er, að bera síðari liðinn sérstaklega upp. Ég tel það alls ekki hægt eðli málsins samkvæmt.

Forseti (SÓÓ): Við nánari athugun á þessu er það þannig, að með því að bera tillöguna upp í tvennu lagi og ef seinni hlutinn yrði samþ., þá mundi hann ekki falla við frvgr., eins og hún er, og spurning, hvort hægt væri að líta á síðari lið hennar sem viðauka við gr. Að þessu athuguðu álít ég rétt að bera nú till. upp alla í einu lagi, ef hv. dm. hafa ekki neitt við það að athuga. **(Gripið fram í:** Það má e. t. v. segja, en spurningin er, hvort það sé ekki hægt með góðum vilja.) Hafa deildarmenn á móti því, að gr. verði borin upp í einu lagi, eftir að þetta hefur komið í ljós? Ef enginn hreyfir mótmælum við því, þá mun ég bera brtt. upp í einu lagi. **(Gripið fram í:** Ég held það verði eins og með Chessmann, við drepum hana tvisvar.) Það er ekki neitt haft á móti því. Hv. 1. flm. óskar eftir nafnakalli og verður orðið við því.

ATKVGR.

Brtt. 118 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

nei: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

Frv. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, KS, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 122).

7. Útsvör (stjfrv. um útsvarsálagningu í Ólafsvík).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör [40. mál] (stjfrv., A. 70).

Á 16. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í 21. gr. l. um útsvör, nr. 66 frá 1945, segir, að aðalniðurjöfnun útsvara skuli fara fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó geti rn. heimilað hreppsnefnd eftir beiðni hennar að láta aðalniðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því.

Nú kom það fyrir í einu sveitarfélagi hér nærlendis, Ólafsvíkurhreppi, að árið 1959 leið svo, að ekkert útsvar var lagt á á staðnum. Hverju það er að kenna eða hvernig á þessu stendur, skal ég ekki segja. En þarna var nokkur vandi á höndum, því að hreppsfélagið mátti vitaskuld ekki við því að missa heils árs útsvarstekjur út úr sínum rekstri. Nú var talið, að það væri ekki ótvíræð heimild útsvarsl. til þess að veita hreppsn. heimild til að leggja nýtt útsvar á fyrir árið 1959 eftir lok þess árs, því að eins og ég las upp, stendur í 21. gr. útsvarslaganna, að rn. sé heimilt að veita hreppsnefnd leyfi til þess að láta niðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, — og til þess að koma í veg fyrir, að nokkur vafi gæti á því leikið, að útsvarsálagningin væri lögleg, þótt hún færi fram eftir árslokin, þótti nauðsynlegt að gefa út brbl., sem tækju af öll tvímæli um þetta. Þess vegna voru 13. jan. s. l. gefin út brbl., sem fara í þá átt, að orðin í 21. gr., sem ég las, „á árinu", verði numin burt og að rn. sé þess vegna heimilt að gefa hreppsnefnd leyfi til þess að leggja á útsvar síðar en á reglulegum tíma og þá ekki bundið við árið. Þessi brbl. voru einungis sett til þess að reyna að bjarga hreppsfélaginu út úr þeim vanda, sem það var komið í með því að láta niður falla útsvarsálagninguna á árinu 1959. Og þetta frv. er borið fram til staðfestingar á þeim brbl. Málið er svo einfalt, að um það þarf ekki að hafa fleiri orð, og ég vil að síðustu leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru merkilegar fréttir, sem hingað berast með þessu fáorða frv. Á einum stað á landi voru hafa menn verið í friði fyrir útsvarsálagningum árið sem leið. Þetta er í Ólafsvíkurhreppi vestra. En af þessu mætti draga þá ályktun, að þar væri gott að búa. Því miður bendir þó frv. til þess, að þar verði ekki varanlegur friður, því að nú á að setja lög, sem heimila þeim að leggja á útsvör fyrir árið 1959, þó að komið sé fram á árið 1960.

Eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, er þetta frv. um það að fella niður tvö orð úr 21. gr. útsvarsl., og mér skilst, að ef þetta verður samþykkt þannig, þá sé um leið komin í lög almenn heimild til þess, að hægt væri fyrir sveitar- og bæjarstjórnir að láta fara fram aðalniðurjöfnun útsvara oftar en einu sinni á sama almanaksárinu. Ég er ekki viss um, að það væri heppilegt, að slíkur siður

væri upp tekinn, og þess vegna nokkuð vafasamt, að það sé ástæða til að gefa svo víðtæka heimild sem þetta frv. felur í sér. Það væri auðvelt að verða við óskum og þörfum sveitarstjórnarinnar í Ólafsvíkurhreppi með öðru móti, með því að hafa lögin aðeins um heimild fyrir hana til þess að láta nú fara fram niðurjöfnun fyrir árið 1959, þótt komið væri fram yfir áramótin. — Mér fannst ástæða til að vekja athygli á þessu, áður en málið fer til n., og vildi beina því til hv. þn., sem fær málið, að íhuga þetta.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Út af orðum hv. 1. þm. Norðurl. v. skal ég aðeins taka það fram, að vitaskuld verður óhjákvæmilegt, að í Ólafsvíkurhreppi verði lagt á útsvar tvisvar sinnum á árinu 1960, ef allt fer með felldu, og eins hlýtur það sennilega að fara, ef það kæmi fyrir í svipuðum tilfellum annars staðar. En ég skal líka taka fram, að þó að brbl. hafi verið orðuð svona, þá legg ég enga áherzlu á að fá almenna heimild á þennan hátt, því að fyrir vakti einungis að bjarga þessum stað — og þessum stað einum — út úr þessum erfiðleikum, sem þeir voru komnir í. En út af fyrir sig sýnist mér, að í þessu orðalagi, sem hér er á frv. haft, sé ekki falin nein sérstök hætta, vegna þess að það er ákaflega ólíklegt, að þetta komi fyrir, nema kannske einu sinni á öld eða eitthvað þess háttar, að menn njóti útsvarsfríðinda í heilt ár, sem þeir þó hafa ekki notið, því að sjálfsagt hefur verið eitthvað innheimt fyrir fram, eins og venja er nú orðið að gera.

Ég vildi aðeins taka það fram, að ef hv. n. sýndist, að á þessu væri heppilegra að hafa eitthvert annað orðalag og t. d. einskorða lögin við þetta eina tilfelli, þá hef ég út af fyrir sig ekkert á móti því, því að fyrir vakti einungis að finna form til þess að hjálpa þessu sveitarfélagi í þessu einstaka tilfelli. En hitt þótti þá um leið ekki saka, þó að þessi heimild væri til á þennan hátt, sem í brbl. og frv. hér er nú hafður. Sem sagt, ég vil taka undir það með hv. ræðumanni, að sú n., sem fær þetta mál til umsagnar, athugi einnig þessa hlið málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 33 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 75).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út þann 13. f. m. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. tók frv. til athugunar og umræðna strax sama dag og því var til hennar vísað.

Þótt svo sé fyrir mælt í frv., að aðeins tvö orð skuli falla niður úr 21. gr. l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, þykir mér ástæða til þess að fara um þetta mál nokkrum orðum, þar sem hér er um að ræða alveg einstakt atvik í meðferð sveitarstjórnarmála, sem engan veginn sé rétt að lokað sé augum fyrir.

Í 21. gr. l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, eru skýr og ótvíræð ákvæði um það, að aðalniðurjöfnun útsvara skuli fara fram ár hvert á tímabilinu febrúar til maí, að báðum mánuðunum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvmrn. heimilað hreppsnefnd eftir beiðni hennar að láta niðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því, Ef frv. á þskj. því, sem hér liggur fyrir, yrði samþ. óbreytt og orðin „á árinu" felld niður úr 21. gr. laganna, væri heimild þessi gefin almennt og ótímabundin, og það telur n. að ekki komi til mála að samþykkja. Þróun þessara mála hefur í seinni tíð orðið sú og það í mjög vaxandi mæli, að bæði hreppsnefndir og bæjarstjórnir skeyta svo að segja ekkert um fyrirmæli 21. gr. laganna, hirða ekki einu sinni um að leita heimildar rn. til þess að fresta aðalniðurjöfnun, heldur draga hana á langinn eftir eigin geðþótta og oft langt fram yfir þann tíma, sem ákveðið er í lögunum. Og þegar ljóst var, að þetta brot á l. skapaði bæjar- og sveitarsjóðunum mjög mikla fjárhagslega örðugleika, engu síður en óþægindi fyrir gjaldendur, þá er ekki gripið til þess, sem sjálfsagt var, að framkvæma niðurjöfnunina svo sem lög mæla fyrir um, heldur til hins, að fá heimild til þess að innheimta hluta af útsvari í samræmi við álagningu ársins á undan, þó að allt aðrar og lakari ástæður séu fyrir hendi hjá gjaldþegnum og jafnvel þó að gjaldþegn sé fluttur í burtu eða dauður, eins og vitað er að komið hefur fyrir í mörgum tilfellum. Um hitt er svo ekkert hugsað, að leggja á útsvar svo sem lög mæla fyrir um, og heldur ekkert verið að hugsa um þá smámuni að afla sér heimildar ráðuneytisins samkv. fyrirmælum laganna.

Nú verður ekki séð, að lögin heimili rn. að gefa bæjarstjórnum leyfi til þess undir nokkrum kringumstæðum að framkvæma aðalniðurjöfnun eftir mailok. Er þessi tillátssemi aðeins ætluð hreppsnefndum, og hefur löggjafinn sjálfsagt haft það í huga, að vegna þeirra erfiðleika, sem strjálbýlið á við að búa, kunni svo að geta staðið á, að þetta væri nauðsynlegt. En reynslan hefur sýnt, að bæjarstjórnir hafa í engu minni mæli þverbrotið þessi skýlausu ákvæði laganna.

Jafnvel þótt nú sé svo komið, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir um land allt virði að vettugi ákvæði 21. gr. l. um niðurjöfnun á tímabilinu febrúar og maí og almenningur sé orðinn sljór fyrir þýðingu þess að halda slík lagafyrirmæli, þá er þó réttarmeðvitund almennings enn ekki svo slævð, að það að vanrækja niðurjöfnun útsvara allt árið, eins og hefur verið gert í Ólafsvíkurhreppi árið 1959, þyki ekki fyrir neðan alla virðingu á meðferð sveit-

arstjórnarmála. Og hvers er að vænta af forráðamönnum héraða um afgreiðslu annarra mála, þegar svo er farið að í því máli, sem er að jafnaði undirstaða undir öllum framkvæmdum og framförum í héraðinu?

Heilbr.- og félmn. vill ekki stuðla að því að gera þá heimild, sem nú er í l., víðtækari. Henni er vel ljóst, að rn. átti þess engan kost að bæta úr þessu annan en gefa út brbl., þar sem Ólafsvíkurhrepp yrði heimilað að framkvæma aðalniðurjöfnunina fyrir árið 1959 á árinu 1960, úr því sem komið var. En n. vill ekki leggja til, að heimildin sé gerð víðtækari en svo. Lög um útsvör eru nú til endurskoðunar hjá sérstakri mþn. Af þeim ástæðum þótti ekki ástæða til í n. að ræða, hvort í þessu frv. skyldi þrengja þá heimild, sem nú er gefin í 21. gr. l. um frest á niðurjöfnun útsvara. Það er mál, sem mþn. væntanlega athugar, eftir að vitað er um þann atburð, sem átt hefur sér stað í Ólafsvíkurhreppi, og um það, að dráttur á niðurjöfnun fer vaxandi almennt í landinu. Undir meðferð þeirra mála og hjá þeirri nefnd, þegar þar að kemur, gæti vel komið til mála að setja inn í útsvarslögin við heildarendurskoðunina þau viðurlög, að hafi bæjarstjórn eða hreppsnefnd ekki lokið aðalniðurjöfnun, svo sem fyrir er mælt í lögum, skuli hún þegar leggja niður völd og nýjar kosningar látnar fara fram.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér drepið á, leggur heilbr.- og félmn. einróma til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingu:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo: Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný mgr., er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurhreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurjöfnun útsvara, sem fram átti að fara árið 1959."

Væntir n. þess, að hæstv. ráðh. fallist á þessa brtt., og leggur hún til, að málið verði afgreitt þannig.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, eins og ég raunar gerði við 1. umr. þessa máls, að ég get vel fallizt á, að heimildin til þess að fresta útsvarsálagningu fram yfir áramót verði bundin við þetta eina og sérstaka tilfelli, en ekki höfð almenn, sem mér þó, þegar brbl. voru út gefin, fannst einfaldast. En það getur vel verið og ég get alveg á það fallizt, að það sé ekki vert að hafa þessa heimild rýmri en svo, að hún taki aðeins til þessa einstaka tilfellis, sem hér er um að ræða nú.

Ég get fallizt á það, að meðferð þessara mála er í mörgum hreppsfélögum og raunar bæjarfélögum líka, eins og hv. frsm. n. tók fram, þannig, að það nálgast mjög, að óviðunandi sé, þar sem þessum framkvæmdastörfum hreppsnefnda og bæjarstjórna hefur víða seinkað langt umfram það tímatakmark, sem lögin ákveða, og oftast nær, held ég, án þess að nokkurrar heimildar hafi verið um það leitað til rn. — Ég sem sagt fyrir mitt leyti get fallizt á, að þessi breyting verði gerð.

ATKVGR.
Brtt. 75 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 85).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Ed., 12. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í lögum um útsvör, nr. 66 1945, er kveðið á um það, að útsvör skuli á leggja á tímabilinu frá febrúar til maímánaðar ár hvert. Heimilt er þó félmrn. að veita undanþágu, ef sérstaklega stendur á, til þess að þessi útsvarsálagning megi dragast eitthvað.

Í janúarmánuði, snemma að vísu, þetta ár barst ráðuneytinu vitneskja um það, að í einu hreppsfélagi, Ólafsvíkurhreppi, hefði ekki verið lagt á útsvar fyrir árið 1959, þó að komið væri fram yfir áramót. Ráðuneytið tók þetta mál strax til athugunar og sendi fulltrúa sinn vestur til þess að athuga málið. Sömuleiðis fór oddviti sýslunefndarinnar á staðinn til þess að kynna sér málavöxtu, og kom þá á daginn, að þetta var rétt. Heimild útsvarslaganna til þess að leyfa frestun á útsvarsálagningu er þó bundin við árið. Það stendur í lögunum eitthvað á þá leið, ef ég man rétt, að rn. sé heimilt að fresta útsvarsálagningunni þangað til síðar á árinu. Það er náttúrlega ómögulegt fyrir eitt hreppsfélag að vera án þess, að útsvör verði á lögð, og kom þess vegna til álita, hvernig mætti koma þarna til aðstoðar, svo að hreppsnefndin gæti komið útsvarsálagningunni við. Nú var árið liðið, þannig að það þótti ekki ótvírætt, að ákvæði útsvarslaganna heimiluðu rn. að fresta þessari útsvarsálagningu þangað til fram yfir áramót. Þess vegna var það ráð tekið, að gefin voru út brbl. um það, að orðin „á árinu" í lagagreininni yrðu felld niður og hún yrði þá orðuð framvegis þannig: ráðuneytinu væri heimilað að veita undanþágu með útsvarsálagningu þangað til síðar, en ekki síðar á árinu.

Brbl. voru sem sagt gefin út um þetta, og útsvarsálagning mun þegar hafa farið fram. Vitaskuld er það fyrir neðan allar hellur, að þetta skuli hafa komið fyrir, því að það er væntanlega um mikið sleifarlag að ræða hjá þeim, sem að því hafa staðið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á þessum brbl., og ég þarf ekki að hafa um frv. mörg orð, það skýrir sig alveg sjálft. Ég skal þó geta þess, að í Nd., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, var lögunum breytt þannig, að þau eru eingöngu bundin við þetta einstaka tilfelli. Eins og greinin er orðuð, þá er hún svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurhreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurjöfnun útsvara, sem fram átti að fara á árinu 1959."

Ég hef út af fyrir sig ekkert við þetta að athuga. Þetta kemur væntanlega svo sjaldan fyrir, að það á ekki að koma að sök, þó að lögin verði eingöngu bundin við þetta sérstaka tilfelli. Það var náttúrlega ómögulegt að komast hjá því að aðstoða hreppinn við að koma útsvarsálagningunni fram, og þess vegna voru brbl. sett og þetta frv. fram borið.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur hér gert grein fyrir máli þessu. En eitt fannst mér þó ekki koma nógu skýrt fram í ræðu hæstv. ráðh., og ég vildi gjarnan, að hann svaraði því betur.

Hann tók þannig til orða, að rn. hefði borizt vitneskja um, að útsvör hefðu ekki verið lögð á í Ólafsvíkurhreppi fyrir árið sem leið. En frá hverjum barst rn. þessi vitneskja? Var það frá hreppsnefndinni, eða var það frá einhverjum öðrum aðila eða bara á skotspónum? Og svo í öðru lagi: Hver var aðalástæðan fyrir því, að hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps gat ekki á 12 mánuðum jafnað niður útsvörum? Hver var aðalástæðan fyrir því? Þetta kom hvergi fram í ræðu ráðh. Ég geri ráð fyrir, að það hafi kannske ekki mikið að segja fyrir afdrif þessa máls, en hins vegar væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það. Og í þriðja lagi, þar sem ráðh. gat um það, að ef ekki væri búið að jafna niður útsvörum í einu hreppsfélagi eða bæjarfélagi í maílok, þá bæri að sækja um leyfi til að jafna niður síðar á árinu. Var slíkt aldrei gert af hendi Ólafsvíkurhrepps á árinu 1959?

Þetta eru aðeins nokkrar upplýsingar, sem ég vænti að hæstv. ráðh. geti svarað. En um málið almennt verð ég að segja það, að ég felli mig miklu betur við frv. eins og það liggur nú fyrir og er afgreitt af hálfu Nd. heldur en þá almennu heimild, sem brbl. fólu í sér, útgefin af ráðuneytinu og forseta Íslands.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) bar hér fram nokkrar fsp., sem ég skal leyfa mér að leitast við að svara, eftir því sem ég get. Sumum þeirra get ég svarað, en öðrum tæpast.

Hann spurði í fyrsta lagi: Frá hverjum barst vitneskjan um þetta ástand í Ólafsvíkurhreppi? Hún barst frá minni hl. hreppsnefndarinnar, eða nánar tiltekið þeim Alexander Stefánssyni og Ottó Árnasyni, sem sendu rn. bréf um þetta og töldu ástandið í hreppsnefndinni óviðunandi að þessu leyti.

Síðan spurði hann: Hver er ástæðan fyrir því, að þetta hefur farið svona, að útsvar hefur ekki verið lagt á? Þessari spurningu treysti ég mér ekki til að svara til fulls. Það kunna að vera einhverjar ástæður, sem ég veit ekki um, en þær hafa þá ekki komið fram. Almennt sýnist eins og það sé kannske fyrst og fremst aðeins um slóðaskap að ræða, að þetta hafi ekki verið gert. (Gripið fram í.) Þessi spurning hv. 4. þm. Vestf. (SE) er nú að ég ætla óþörf, því að hann ætti að vita, að það munu fá hreppsfélög vera á þessu landi, sem þurfa ekki að hafa einhverjar tekjur til þess að jafna útgjöld sín, enda hefur það komið greinilega fram í þeirri skýrslu, sem fulltrúi stjórnarráðsins hefur gefið um málið og liggur hjá mér. Hún ber vott um, að það mun vera allmikið af gjöldum ógreitt, sem féllu til á árinu 1959.

Þá spurði hv. þm., hvort sótt hafi verið um leyfi til að fresta útsvarsálagningunni, þegar kom fram yfir síðara tímatakmarkið í maímánuði s. l. Þessu get ég svarað alveg neitandi. Það kom engin umsókn í þessa átt og kemur raunar afar sjaldan eða ekki, þó að útsvarsálagning dragist úr hófi, og það gerir hún víða. Hún dregst kannske víðast á landinu fram yfir þennan tíma, fram yfir maí, vegna þess að skattskýrslur eru ekki almennt tilbúnar svo snemma frá skattayfirvöldunum, að hægt sé að nota þær við útsvarsálagninguna fyrr en þessi tími er liðinn, þannig að það væri ástæða til þess að athuga að breyta þessari tímasetningu. En venjan er sú að ég ætla hjá flestum sveitarfélögum, að þó að útsvarsálagningin dragist fram yfir þetta tímabil, febrúar til maí, þá er ekki sótt um leyfi til að fresta útsvarsálagningunni, þó að ætti að gera það. En sem betur fer, mun það vera svo, að í fæstum tilfellum eða í engum tilfellum, sem ég veit um, hefur það komið fyrir nema þarna, að útsvarsálagningin hafi dregizt fram yfir áramótin.

Ég held það hafi ekki verið fleira, sem hv. þm. spurði um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 108).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem lagt er fram til staðfestingar á brbl., sem ráðh. gaf út í vetur, þarf ekki langrar framsögu.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hafði orðið sú vanræksla á — sú fáheyrða vanræksla — að jafna ekki niður útsvörum á árinu 1959. Hins vegar mátti hreppurinn ekki án útsvarsálagningarinnar vera, eins og skiljanlegt er. Ráðh. leit svo á, að hann gæti ekki heimilað samkv. gildandi lögum hreppsnefndinni að

jafna niður útsvörum fyrir 1959, eftir að árið var liðið, og voru því gefin út brbl. þau, sem hér er leitað staðfestingar á.

Upphaflega voru þau gefin út sem almenn heimild til að leyfa úrbætur, ef svona tækist til, en hv. Nd. breytti frv., gerði heimildina að bráðabirgðaákvæði fyrir Ólafsvíkurhrepp í þetta eina skipti.

Það verður að teljast hafa verið til lagfæringar, því að ekki má gefa undir fót með, að svona vanræksla megi eiga sér stað. Það er varla hægt að hugsa sér, að almenns ákvæðis sé þörf, því að það getur varla verið, að eðlilegar orsakir geti legið til slíks dráttar á niðurjöfnun nokkurn tíma eða nokkurs staðar. Það mun ekki heldur hafa verið í Ólafsvíkurhreppi. Þegar þetta kemur fyrir, hlýtur það ævinlega að vera til óþæginda. Það hlýtur að valda drætti á greiðslum af hálfu sveitarfélags, og það hlýtur að vera til óþæginda fyrir gjaldendur að fá á sig á sama ári tvöföld útsvör eða tvenna aðalniðurjöfnun útsvara, og vafalaust getur þetta dregið þann dilk á eftir sér, að af því hljótist óánægja og vanskil á raunverulegum útsvörum ársins.

En í Ólafsvíkurhreppi var nú komið sem komið var og rétt að áliti heilbr.- og félmn. af ráðh. að gefa hreppsnefndinni tækifæri til að kippa þessu í liðinn. Og n. mælir því, eins og tekið er fram í nál. á þskj. 108, einróma með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 141).

---

8. Einkasala ríkisins á tóbaki.

Á 27. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki [61. mál] (stjfrv., A. 123).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum um einkasölu ríkisins á tóbaki og í lögum um einkasölu ríkisins á áfengi eru ákvæði um álagningarheimild á þessar vörur mismunandi. Í núgildandi l. um tóbakseinkasölu er ákveðin hámarkshundraðstala fyrir álagningu á tóbak, en á hinn bóginn eru engin slík hámarksákvæði í l. um einkasölu á áfengi. Það þykir eðlilegt, að sami háttur verði á hafður um tóbakseinkasöluna, og er það efni þessa frv., sem er flutt að tillögu forstjóra þess fyrirtækis.

Ég vænti þess, að hv. d. fallist á þetta frv., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 129 og 130).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er um það að afnema hámarksákvæði þau um álagningu á tóbak, sem eru í núgildandi l. um einkasölu ríkisins á tóbaki. Við 1. umr. málsins gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því efnislega, og þarf ég því ekki að ræða það í einstökum atriðum.

Aðalefni málsins er, að það þykir vera óeðlilegt að hafa þessi ákvæði. Það hefur komið í ljós, að í sumum tilfellum eru þessi ákvæði ónóg, miðað við þá álagningu, sem talið er eðlilegt að sé á vissum tóbakstegundum. Í mörgum tilfellum er hún að vísu nægileg og vel það. En svo sem forstjóri tóbakseinkasölunnar hefur tjáð fjhn., er svo komið, að þessi álagningartakmörk eru talin hamla því, að hægt sé að leggja á þessar vörur eftir því, sem tóbakseinkasalan telur hentugast. Það liggur í augum uppi, að það er ekki víst, enda hefur það ekki verið framkvæmt svo, að sama álagning hæfi á allar tegundir tóbaksvara, og hefur jafnan, þegar verð hefur verið hækkað á tóbaki, verið talið eðlilegt, að það væri með nokkuð mismunandi hætti eftir því, hvaða vörur væri um að ræða.

Þótt undarlegt megi virðast, gat ekki orðið samkomulag í fjhn. um afstöðu til þessa máls. Þrír nm. mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir leggja til, að frv. verði fellt, með röksemdum, sem mér sýnast vera nokkuð einkennilegar. Það má vitanlega segja, að sú álagning, sem heimiluð er á tóbaksvörur, allt að 350%, sé ósköp þokkaleg álagning, og því ætti það eftir almennum sjónarmiðum að vera nægileg álagning og meira en það. En það vita allir hv. dm., að varðandi tóbak og áfengi er sú sérstaða umfram aðrar vörur, að hér er um að ræða sérstaka tekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem nú er einn af helztu tekjustofnum ríkissjóðs. Og það hefur aldrei verið neinn ágreiningur um það, hvaða ríkisstj. sem hefur setið að völdum, að eðlilegt væri að nota þennan tekjustofn, og á þeim grundvelli hefur æ ofan í æ verið hækkað verð á þessum vörum, og raunverulega hefur það eina sjónarmið verið ráðandi í sambandi við verðlagningu tóbaks

og áfengis, að verðið væri ekki svo hátt, að það drægi úr sölunni og leiddi á þann hátt af sér tekjurýrnun. Það er það eina sjónarmið, sem jafnan hefur verið uppi í þessu efni.

Í nál. hv. minni hl. fjhn. á þskj. 129 eru þau rök fram borin gegn þessu frv., að með því að afnema þessi álagningartakmörk sé Alþingi að afsala sér eðlilegu og hefðbundnu valdi, eins og það er orðað, til þess að ákveða skattheimtu af almenningi.

Hér er vitanlega um algeran misskilning að ræða á eðli málsins. Í l. um einkasölu á áfengi eru engin takmörk á álagningarheimildinni, og það hefur aldrei komið fram mér vitanlega till. um það, að slík mörk yrðu á sett. Það hefur jafnan verið talið eðlilegt og aldrei hreyft mótmælum gegn því, að ríkisstj. á hverjum tíma hefði það í hendi sinni, hver væri álagningin á áfengi. Að þessu leyti er augljóst, að hér er síður en svo um nokkra hefðbundna venju að ræða, að álagning á þessar einkasöluvörur hafi jafnan verið ákvörðuð af Alþingi. Það er að vísu svo með hámarksákvæðin á tóbaki, að þar hefur verið viss hemill. En engu að síður hefur innan þessa ramma jafnan verið talið, að ríkisstj. gæti ákveðið álagningu á tóbak eftir því, sem henni henta þætti hverju sinni.

Mér sýnist það því vera nokkuð langt sótt, þegar andstaða gegn þessu frv. er rökstudd með því, að með því að afnema þessi mörk varðandi tóbakið sé verið að brjóta gegn venjum og reglum, sem fylgt hafi verið til þessa um ákvörðunarvald Alþingis varðandi verðlag þessara tveggja vara. Eins og ég áðan gat um, eru engin slík ákvæði í lögum um einkasölu á áfengi, og hér er aðeins um það að ræða að veita ríkisstj. sama rétt til verðlagningar á tóbaki og er nú í l. varðandi verðlagningu á áfengi. Þetta sjónarmið byggist á því einu, að það sé eðlilegt, miðað við það, að hér er um að ræða starfsemi, sem fyrst og fremst er rekin til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, að það sé metið á hverjum tíma, hvað sé eðlilegt varðandi álagningu á þessar vörur. Og svo sem ég áðan gat um, þá held ég, að það jafnan hafi verið sjónarmið varðandi verð bæði tóbaks og áfengis, að það væri haft svo hátt sem frekast væri talið fært, án þess að það drægi svo úr sölu, að þessi tekjustofn rýrnaði af þeim sökum. Og vitanlega verður nákvæmlega sama sjónarmiði fylgt framvegis, enda þótt þetta ákvæði, sem hér er um að ræða, verði niður fellt.

Með þessum sjónarmiðum mælir meiri hl. fjhn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., erum við hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) andvígir þessu frv. og höfum skilað séráliti þar að lútandi á þskj. 129.

Meginástæðan til þess, að við getum ekki fallizt á að samþ. þetta frv., er sú, að við teljum, að með samþykkt þess sé verið að draga úr höndum Alþingis vald, sem því beri að hafa, og fá það í hendur ríkisstj. Teljum við slíkt varhugavert, jafnvel þótt ekki sé hér e. t. v. um mjög stórt mál að ræða, ef það er skoðað eitt fyrir sig. En það fer ekki hjá því, að höfð sé í huga í þessu sambandi sú augljósa tilhneiging, sem orðið hefur svo mjög vart hjá núverandi hæstv. ríkisstj. þann tíma, sem hún hefur setið að völdum, að draga til sín, jafnvel í stórmálum, völd, sem þingræðisvenjur bjóða að séu í höndum Alþingis. Er þess skemmst að minnast, er hv. stjórnarflokkar knúðu fram fyrir fáum dögum með meirihlutavaldi sínu, að ríkisstj. hlyti vald til þess að breyta með einföldum tilskipunum áður gildandi lagaákvæðum um fjölda hinna mikilvægustu fjárfestingarsjóða í landinu, — lagaákvæðum, sem sett hafa verið á Alþingi á löngu árabili og engum mun hafa til hugar komið að unnt væri að hagga við nema eftir löggjafarleiðum í hverju tilfelli fyrir sig.

Ég hef líka bent á það hér í hv. deild áður, að hæstv. ríkisstj. hefur haft uppi tilburði til þess að ráða að nokkru kaupgjaldi með tilskipunum, en slíkt er að sjálfsögðu, þegar frá eru skilin launakjör opinberra starfsmanna, ekki einasta utan eðlilegs valdsviðs ríkisstj., hver sem hún annars er, heldur einnig utan eðlilegs sviðs löggjafarvaldsins.

Fleira mætti að sjálfsögðu tilgreina úr stuttri sögu núverandi hæstv. ríkisstj., sem sannar, að hún er haldin óheillavænlegri tilhneigingu til þess að sölsa undir sig með sínum nauma þingræðislega meiri hl. völd, sem henni ber ekki samkvæmt hefðbundnum og eðlilegum venjum.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er seilzt í þessu efni inn á nýtt svið löggjafarvaldsins, þ. e. a. s. skattheimtuna, og lagt til, að ríkisstj. fái heimild til að ráða ein án íhlutunar Alþingis skattlagningu á vissan hóp manna í landinu, þ. e. a. s. þá, sem neyta tóbaks. Sá hagnaður, sem nú nemur nálægt 100 millj. kr. á ári, sem rennur til ríkissjóðs frá tóbakseinkasölunni, er í eðli sínu skattur á ákveðinn hóp manna í landinu, þó að hann sé ekki nefndur því nafni, og er greinilegt, þegar litið er til hinnar fyrstu löggjafar um einkasöluna og þeirra breytinga, sem síðar hafa verið á henni gerðar, að svo hefur ætíð verið álitið, enda er auðsætt, að vel væri hugsanlegt að hafa t. d. tóbakstoll svo háan, að hann jafngilti þeim hagnaði, sem einkasalan gefur ríkissjóði.

Í anda 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum, hefur frá fyrstu tíð verið ákveðið í lögum um tóbakseinkasöluna, hvert hámark álagningar á vörur hennar væri heimilt, og ætíð verið leitað nýrrar heimildar Alþingis, þegar nauðsynlegt hefur verið talið að auka skattheimtu af tóbaksvörum. Í fyrstu lögunum, sem sett voru um einkasölu ríkisins á tóbaki 1931, var álagning hennar ákveðin 10—75% á vörurnar án tolls. Ári síðar var álagningin ákveðin 10—50% á verð varanna, en þá reiknað með verðinu eins og það var, þegar varan var komin í hús og tollur hafði verið greiddur. 1943 var álagningarheimildin hækkuð í 150%, 1947 í 250% og enn

1949 í 350%, og hefur sú heimild staðið óbreytt síðan og þar til nú.

Það getur tæpast verið tilviljun, að engum hefur hugkvæmzt fyrr en nú að hafa álagningarheimildina óbundna með öllu og á valdi ríkisstj. einnar, heldur er alveg vafalaust að baki sá skilningur, að um hliðstæðu sé hér að ræða við venjulega skattheimtu og því beri Alþingi að hafa úrslitavald um þunga hennar.

Í grg. þessa frv. er talið, að takmörkun álagningar á tóbaksvörur sé óeðlileg, þar sem engin slík ákvæði gildi um Áfengisverzlun ríkisins, og þetta reyndar talin aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv.

Ég held, að það muni ekki margir trúa því, að hér sé aðeins að verki hárfinn skilningur hæstv. ríkisstjórnar eða smekkur á samræmi í löggjöf, heldur sé hitt nær lagi, sem reyndar er auðsætt, að enn er horft löngunaraugum til þess að gera tóbaksneyzlu landsmanna að arðmeiri féþúfu en hingað til hefur gerzt. En því þá ekki að ganga hreint til verks og segja eins og er, og því ekki að æskja þá ákveðinnar heimildar, ef slíkt telst nauðsynlegt og sanngjarnt, eins og alltaf hefur verið gert hingað til og ég hef hér rakið?

Auðvitað er engu saman að jafna um áfengisverzlunina og tóbakseinkasöluna, þótt fyllilega gæti að mínu viti talizt eðlilegt, að álagning færi þar eftir lagaákvæðum. Ýmsir mundu t. d. vilja ákveða verðlag á áfengi svo hátt, að það verkaði til verulegrar takmörkunar á áfengisneyzlu eða jafnvel kæmi í veg fyrir hana að verulegu leyti. Aðrir vilja banna áfengissölu með öllu. En engum dettur slíkt í hug varðandi tóbakssöluna, því að hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt, þá verður að viðurkenna, að tóbaksvörur eru næsta almenn neyzluvara, sem verður ekki bannfærð, hvorki með lögum né skattheimtu.

Í viðtali við fjhn. hefur forstjóri tóbakseinkasölunnar upplýst, að vegna gengisfellingarinnar hækki tóbaksvörur sjálfkrafa um 8.8% og væntanlegur söluskattur hækki hana um 3%, eða að hækkanir vegna efnahagsaðgerðanna, sem nú eru, verði a. m. k. 12%. Og augljóst er, að vegna gengisfellingarinnar verður hagnaður meiri en áður, miðað við sömu sölu, þar sem álagningin kemur nú á hærri grunn en áður. Að óbreyttri sölu, upplýsti því forstjórinn, er öruggt, að sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að náist í ríkissjóð á fjárlögum, 98 millj., náist örugglega án allra breytinga á álagningu, — og að óbreyttri sölu næst meira. Og maður skyldi ætla, að það væri aðalatriðið, að álagningarheimild væri svo rúm, að sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að náist á fjárlögum, stæðist.

En þrátt fyrir þessar upplýsingar forstjórans leggjum við, sem stöndum að þessu nál., að svo komnu máli ekki dóm á það, hvort frambærilegt geti talizt að hækka álagningarheimildina fram yfir þau 350%, sem nú eru heimiluð. En það er ekki heldur aðalatriðið í þessu máli. Aðalatriðið og það, sem um er deilt, er þetta: Á að styrkja þá tilhneigingu, sem hér örlar svo greinilega á, — þá tilhneigingu að draga valdið til að ákveða skattheimtu í landinu úr höndum Alþingis í hendur ríkisstjórnarinnar, eða á Alþingi að halda sínu eðlilega og hefðbundna valdi í þessum efnum sem öðrum?

Við, sem skipum minni hl. fjhn., teljum, að skipa beri þessum málum með lögum, en ekki með tilskipunum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja hér fáein orð í belg og þá fyrst og fremst til þess að leggja áherzlu á og undirstrika þau rök, sem komu fram hjá hv. frsm. minni hl. fjhn.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, er í sjálfu sér sakleysislegt. Það er lítið fyrirferðar og lætur lítið yfir sér á allan hátt. Það er einfalt að allri gerð. Það munu því margir ætla, að þar sé ekki um neitt stórmál að ræða.

En ef betur er að gáð, er það þó svo, að hér er um nokkurt „prinsípmál" að tefla. Allir vita, að einkasölur ríkisins eru reknar eða geta verið reknar í mismunandi tilgangi. En um það held ég að allir verði sammála, að einkasölur þær, sem hér eru reknar á tóbaki og áfengi, séu reknar fyrst og fremst — og máske að því er tóbakseinkasöluna varðar eingöngu — í því skyni að afla ríkissjóði tekna. Þetta eru tekjuöflunarfyrirtæki ríkissjóðs.

Það fer ekki á milli mála og verður sjálfsagt ekki deiluatriði hér, að fjárstjórnarvald ríkisins eigi að vera í höndum Alþingis. Þeirri stefnu ber stjórnarskráin svo glöggt vitni, að um það þarf ekki að fjölyrða. Það sést bæði af því, sem segir um fjárlög í 42. gr. stjórnarskrárinnar, og því, sem segir um rannsókn Alþingis eftir á og þess trúnaðarmanna um það, hvort farið hafi verið eftir fjárlögum, en um það segir í 43. gr. En sá þáttur fjármeðferðar ríkisins, sem þó hefur af hálfu stjórnarskrárgjafans verið alveg sérstök áherzla lögð á að tryggja Alþingi fullkomna íhlutun um, er tekjuöflun ríkissjóðs, þ. e. skattlagningarheimildin. Því ber 40. gr. stjórnarskrárinnar ótvírætt vitni, þar sem berum orðum segir, að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema með lögum.

Það er viðurkenndur skilningur á þessari stjórnarskrárgrein, og verður ekki um það deilt, að orðið skattur er ekki haft þarna í þeirri þröngu merkingu, sem það er stundum notað í, heldur tekur það einnig t. d. til tolla og til hvers konar álagna af hendi ríkisins.

En þessi stefna stjórnarskrárinnar er enn rækilegar undirstrikuð í 47. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur skýrum stöfum, að skattamálum skuli skipað með lögum.

Nú vita það allir, að þegar stendur í stjórnarskránni, að einhverjum málefnum skuli skipað með lögum, þá er almenna löggjafanum almennt óheimilt að framselja það vald sitt öðrum og þá fyrst og fremst framkvæmdarvaldshöfum. Ef það stendur í stjórnarskránni, að einhverjum málefnum skuli skipað með lögum, þá er t. d. löggjafanum algerlega óheimilt að fela ráðh. eða rn. eða öðrum stjórnarvöldum ákvörðunarvald um það efni.

Um þetta held ég að allir fræðimenn séu sammála, að framsal valds af hálfu löggjafarvaldsins sé þannig almennt óheimilt nema þá innan mjög þröngra takmarka.

Þar sem það er nú viðurkennt og liggur ljóst fyrir, að tóbakseinkasalan er rekin í fjáröflunarskyni fyrir ríkissjóð, virðist mér, að í raun og veru ætti hið sama að gilda um álagningarheimild að því er varðar tóbaksvörur og yfirleitt álagningarheimild, þegar um einkasölur ríkisins er að ræða, sem reknar eru til þess alveg sérstaklega að afla ríkissjóði tekna, eins og þegar um skattálagningu er að tefla. Og það er nokkurn veginn ótvírætt, að þannig hefur löggjafinn litið á þetta, eins og rækilega var rakið af hv. frsm. minni hl. fjhn. En almenni löggjafinn hefur hins vegar talið sér heimilt til þess að auðvelda heppileg vinnubrögð í þessu efni að einskorða ekki álagninguna algerlega við einhverja tiltekna prósentutölu, heldur hefur hún verið tiltekin með svigrúmi. Með þessari starfsaðferð hefur verið ótvírætt fullnægt ákvæðum stjórnarskrárinnar og jafnframt ríkisstj. gefið alveg nægjanlegt svigrúm, og það er á engan hátt hægt að telja þetta óhagkvæm vinnubrögð.

Ég efast ekki um, að hæstv. fjmrh. er mér sammála um það, að ef litið er á þetta frá fræðilegu sjónarmiði, þá sé hér a. m. k. um takmarkatilfelli að ræða og að það sé ekki í anda stjórnarskrárinnar að veita ríkisstj. hér alveg ótakmarkaða heimild til tekjuöflunar, alveg án nokkurs aðhalds frá Alþingi eða án þess atbeina.

En hér kemur svo annað til. Hér kemur líka til greina hið pólitíska sjónarmið. Það er efalaust svo, að það hafa allar ríkisstjórnir talsverða tilhneigingu til þess að draga vald úr hendi Alþingis og undir sig. En ég verð að segja það, að mér virðist núverandi hæstv. ríkisstj. hafa verið alveg sérstaklega ágeng í þessu efni. Það hefur komið fram með ýmsum hætti, og þarf raunar ekki að endurtaka það, sem hv. frsm. minni hl. fjhn., hv. 5. þm. Norðurl. e., sagði um það efni. Það kom sérstaklega glöggt fram á sínum tíma með gerræðisfullri þingfrestun. Það kemur fram með mýmörgu móti í nýsamþykktu efnahagsmálafrv. Og það hefur komið fram ákaflega áberandi í sambandi við framkvæmd á þeim ráðstöfunum, sem þau efnahagslög fjalla um.

Það hefur t. d. borið hér á góma á Alþingi, hvort ríkisstj. hafi farið að lögum í sambandi við 32. gr. efnahagsmálalaganna. En í 32. gr. efnahagsmálalaganna segir, að ríkisstj. geti, að fengnu áliti þar til greindra aðila, m. a. stjórnar Seðlabankans og svo stjórna hinna einstöku fjárfestingarstofnana, sem þar eru tilgreindar, ákveðið vexti af útlánum þeirra sjóða, sem áður fyrr voru ákveðnir með lögum.

Nú vita það allir lögfræðingar, að ég ætla a. m. k., að þegar segir, að eitthvað skuli gert að fengnu áliti, þá er það skilyrði fyrir því, að framkvæma megi þá ráðstöfun, sem þar er verið um að fjalla, að álit hafi verið fengið, að það liggi fyrir skriflega, enda þótt stjórnarvöldunum, sem ákvörðunarvaldið hafa, í þessu tilfelli ríkisstj., sé svo ekki skylt að fara eftir því fengna áliti. En það er verið að lögbjóða þessa álitsumleitun til þess, að einhverjum þeim aðilum, sem sérstaklega eru taldir hafa kunnáttu í þeim efnum eða reynslu í þeim efnum, sem um er að ræða, gefist færi á að tjá sig um það og leggja sín rök fram fyrir ákvörðunarvaldið, í þessu tilfelli ríkisstj., og það er ekki gengið út frá því fyrir fram, að sá aðili, sem ákvörðunarvaldið hefur í hendi sinni, sé algerlega pottþéttur fyrir því að vera móttækilegur fyrir þeim rökum, sem kunna að vera í þeim álitsgerðum, sem fengnar hafa verið. En í sambandi við það, hvernig ríkisstjórnin fór að í sambandi við framkvæmdina á þessari 32. gr., þá er óhætt að segja, að hún gaf þeim aðilum, sem þar var um að ræða, ekkert svigrúm til þess að tjá sig, til þess að láta í té það álit, sem ríkisstj. bar skylda til lögum samkvæmt að fá, áður en hún tæki ákvarðanir sínar um þessi málefni.

Það vita þeir, sem hér eru staddir, að á sunnudagskvöld var lesin í útvarpinu tilkynning frá ríkisstj. hæstv. um ákvörðun á vöxtum þessara fjárfestingarsjóða. Ég leyfi mér að staðhæfa það hiklaust, að það sé útilokað, að það álit seðlabankastjórnarinnar, sem fengið var, hafi getað legið fyrir ríkisstj. á þeim tíma. Og ef hæstv. fjmrh. vill halda því fram, þá hefði ég gaman af að heyra, hvernig hann vill rökstyðja það. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt. En ég er aðeins að nefna þetta sem dæmi um það, hversu hæstv. núverandi ríkisstj. er áköf í að ná undir sig valdi, sem áður var í höndum Alþingis, og hversu gerræðisfull hún er í meðferð þess valds, sem hún hefur þannig sölsað undir sig.

Ég er algerlega andvígur þessari stefnu, sem hér hefur borið svo mjög á á þessu þingi, að ríkisstj. hafi uppi viðleitni til þess að toga undir sig það vald, sem á að vera í höndum Alþingis, og ég tel það vera skyldu alþm. að reyna að spyrna hér við fæti. Það má segja, að það verði lítið gert með það, sem við stjórnarandstæðingar segjum hér, og þetta frv. verður sjálfsagt samþ. af stjórnarstuðningsmönnum. En ég vil þó segja, að í þessu efni sé jafnvel skylda stjórnarstuðningsmannanna enn ríkari en okkar um það að veita stjórninni aðhald í þessu efni, ef ekki í þingsölum hér, þá á þingflokksfundum, og láta henni ekki haldast það uppi að halda áfram stefnu sinni, eins og verið hefur í þessum efnum, að reyna sífellt að ganga á það lagið að reyna að draga taumana úr höndum Alþingis, að því er fjárstjórnarvald ríkisins varðar.

Ég skal svo ekki bæta hér miklu við. En það er þó auðsætt, að það er farið fram á þessa breyt. á lögunum í því skyni, að álagning verði hækkuð. Annars væri alls ekki farið fram á þessa heimild. Það er þess vegna ljóst, að ríkisstj. ætlar sér að hækka álagningu á tóbaksvörur.

Nú er það svo, hvort sem mönnum þykir það heppilegt eða ekki, — og um það geta menn haft skiptar skoðanir, — að tóbaksvörur eru vörur, sem almenningur í þessu landi not-

ar mjög almennt og mjög mikið og kannske því miður allt of mikið. Það segir því til sín fyrir almenning, hvert verð er á þessari vöru, enda er það viðurkennt, að ég ætla, með því að þessi liður er, að því er ég bezt veit, reiknaður með í vísitölu og því tekið tillit til hans.

Nú hefur það verið út gefið af hæstv. ríkisstj., sem haft hefur um það nokkuð mörg og stór orð, að hún muni reynast traust og standa vel á verði og hún muni alls ekki leyfa neinar hækkanir á álagningu á vörum í landinu, þrátt fyrir alla vaxtahækkun og þrátt fyrir annan tilkostnað muni hún alls ekki leyfa hækkun á álagningu. En ætlar þá hæstv. ríkisstj. að ganga á undan og verða fyrst til þess að hækka álagninguna á þeim vörum, sem almenningur notar og ríkisstj. hefur tögl og hagldir um? Það verð ég að segja, að er slök efnd á loforði hennar um að hækka ekki álagningu á vörum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessar umræður hér eru nú að verða með nokkuð einkennilegum hætti, kannske að vísu ekkert einkennilegri en hv. stjórnarandstæðingar hafa tíðkað hér á þessu þingi.

Ég skal ekki fara að ræða um það mál, sem tveir hv. síðustu ræðumenn gerðu hér að umtalsefni, þ. e. a. s. vissa þætti efnahagsmálalöggjafarinnar, sem hér hefur verið rædd á öðrum vettvangi, og þau atriði, sem þeir þar vitnuðu til, snerta þetta mál ekki að neinu leyti. Það er auðvitað algerlega óeðlilegt og óþinglegt á allan hátt að taka ekki afstöðu til hvers máls, eins og það liggur fyrir, heldur vera að blanda inn í það allt öðrum málum og segja, að af því að þetta hafi verið gert þarna, þá séu menn á móti þessu. Það verður að meta að sjálfsögðu þetta mál alveg út af fyrir sig, og menn geta haft skiptar skoðanir um það, hvort eigi að vera þessi hámarksákvæði á tóbakssálagningu eða ekki. En að rökstyðja andstöðuna gegn afnámi þeirra með því, að ríkisstjórnin hafi sýnt tilhneigingu til einhvers ofbeldis með því að setja ákvæði í önnur lög, sem eru allt annars eðlis en hér er um að ræða, þá séu þeir á móti þessu máli, mér finnst það a. m. k. vera mjög óeðlileg afstaða, að ekki sé meira sagt.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) leggur ákaflega mikið upp úr því, bæði í þessu máli og hefur áður gert hér á þingi, sem vissulega er ekki nema virðingarvert, að menn fylgi hér á allan hátt þinglegum reglum og gæti þess vandlega að samþ. ekki neitt það, sem brjóti í bága við eðlilegar þingvenjur og stjórnlög landsins. Þegar hans viðhorf að öðru leyti eru borin saman við þessar kenningar hans, þá stangast það nokkuð illilega á. Það var vitanlega mjög fróðlegt að hlusta á ræðu hans, sem er prófessor í lögum, um, hvernig líta beri á tolla- og skattaákvæði og að sjálfsagt sé, að þau brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég hygg, að það séu allir sammála um það, að enginn hv. þm. hafi löngun til þess að samþ. neitt það, sem brjóti í bága við stjórnarskrána. En ég held, að það hefði verið fróðlegt fyrir hv. 1. þm. Austf. (EystJ) að vera staddan hér í d., þegar þessi hv. þm. flutti ræðu sína, því að enginn hefur lengur haft með að gera ákvarðanir um álagningu á tóbak og áfengi en hann, og það er vitanlega mjög fróðlegt fyrir hann að heyra það, að hann hafi í þeim efnum æ ofan í æ gerzt sekur um allt að því stjórnarskrárbrot, vegna þess að hann hafi ákveðið verðlagningu á þessum vörum án þess að bera það hverju sinni undir Alþingi.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir því hér áðan í ræðu sinni, að raunverulega væri það algerlega óheimilt af Alþingi að afhenda ríkisstj. réttinn til þess að ákveða álagningu á vörur, þar sem um væri að ræða vörur þeirra stofnana, sem eru reknar sem tekjuöflunarstofnanir. Samkvæmt þessari kenningu brjóta væntanlega lögin um áfengiseinkasölu í bága við stjórnarskrána, vegna þess að þar er ríkisstj. veitt þetta vald, og með því að hagnýta það vald hafa þá væntanlega einnig fjmrh. að undanförnu brotið stjórnarskrárákvæði að þessu leyti. Ég hef aldrei heyrt hér þessum kenningum áður haldið fram.

Ég ætla ekki að fara að tefla minni litlu lagaþekkingu á móti lagaþekkingu þessa hv. þm. En vissulega er mjög fróðlegt að heyra, að þessi lög og meðferð þeirra á undanförnum árum hafi verið lögleysa nánast eða jafnvel stjórnarskrárbrot. Og það er í þessu efni sem fleira mjög fróðlegt fyrir hv. framsóknarmenn að hlusta á þennan hv. þm., því að hann hefur flutt bæði í þessu máli og áður hér á þingi mjög innfjálgar ræður, þar sem lýst var yfir, hver spilling væri ríkjandi á ýmsum sviðum í okkar þjóðlífi, og það ber vissulega að fagna því, ef það merkir, að það verði tekin upp sérstök umbótastarfsemi innan hans flokks, því að það hefur jafnan hitzt svo á, að þau atriði, sem hann hefur verið að fordæma, hafa ekki hvað sízt verið mjög í heiðri höfð af hans flokksbræðrum. Að þessu leyti er það vissulega gleðiefni, ef hér fer að renna upp ný öld að því leyti, að þessi virðulegi flokkur fari í þessum efnum sem ýmsum öðrum að taka upp nýja og heilbrigðari starfshætti. Út í það skal ég ekki að öðru leyti hér fara. En óneitanlega hljómar það dálítið einkennilega við meðferð þessa máls, þegar þessir hv. þm. breiða úr sér yfir þeirri óhæfu, sem hér sé verið að framkvæma, þegar þess annars vegar er gætt, að verð áfengis er óbundið í lögum og að það hefur verið hækkað æ ofan í æ á undanförnum árum, án þess að þeir tveir flokkar, sem þessir hv. þm. eru talsmenn fyrir, hafi hreyft litlafingur til þess að mótmæla þeim verðhækkunum, heldur hafa jafnvel oftast átt þátt í þeim, eins og Framsfl. hefur lengst af átt, og þegar þess enn fremur er gætt, að hvað eftir annað hefur verið hækkuð þessi álagningarheimild á tóbaki, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. réttilega vék að í sinni ræðu, og ég man ekki eftir því, að nokkurn tíma hafi verið hreyft andmælum gegn því, að þessi hækkun ætti sér stað. Það hefur því nánast verið hreint formsatriði, hvort þessi álagningarprósenta hefur verið í lögum eða ekki, vegna þess að

hún hefur aldrei hindrað verðhækkun á tóbaki. Það hefur þá bara verið fengin nægilega rúm heimild, eins og oftast nær hefur verið gert, þegar þessum lögum hefur verið breytt, — nægilega rúm heimild, til þess að auðið væri innan þess ramma að gera verulegar hækkanir frá því, sem verið hefur. Og vitanlega hefði alveg eins mátt hugsa sér þetta nú, að hækka þessa heimild allverulega til þess að geta innan þess ramma haft frjálsar hendur, þannig að hér er vitanlega um algerlega óraunhæfa andstöðu gegn þessu máli að ræða og andstöðu, sem byggist á ákaflega einkennilegum og lítt skiljanlegum sjónarmiðum, miðað við allt, sem á undan er gengið í þessum sömu málum á undanförnum áratugum. Og maður freistast til að halda, að það sé ekki málefnið og sízt af öllu löngunin til þess að verja hina almennu borgara, sem njóta þessarar vöru, sem hér sé að verki, heldur séu það einhver önnur einkennileg sjónarmið, sem hér komi til greina.

Ég vék að því hér í minni frumræðu, að það hefur verið háttur tóbakseinkasölunnar að hækka mismunandi mikið einstakar vörutegundir, og það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. e. voru hér að víkja að áðan, að það mundi að öllu óbreyttu verða viss hækkun á þessum vörum, sem ætti að verða nægileg án þess að breyta þessum ákvæðum, þá kemur einmitt það hér til greina, sem forstjóri tóbakseinkasölunnar hefur bent á, að það hefur jafnan verið talið eðlilegt að hækka mismunandi mikið hinar einstöku vörutegundir, sem tóbakseinkasalan hefur til sölu. Í mörgum greinum nægir sú álagning, sem nú er, og það er alls ekki einu sinni lagt það mikið á vörurnar, en í öðrum greinum nægir hún ekki. Og miðað við þær verðbreytingar, sem nú má gera ráð fyrir að verði, þá er það einmitt ætlun forstjórans, að það geti reynzt nauðsynlegt að hafa mismunandi hækkun á hinum ýmsu vörutegundum, sem tóbakseinkasalan hefur, en hafa þar ekki sömu prósentu alls staðar.

Efnislega er það alveg ljóst, að hér er ekki verið að fara inn á neina nýja braut, og allar fullyrðingar um það, að hér sé verið að fremja eitthvert ódæði, að manni skilst, stjórnarskrárbrot, sem er nú raunar það ljótasta, sem hægt er að segja, að þm., sem unnið hafa eið að stjórnarskránni, séu vísvitandi að ganga út í, eru fjarstæða. Hér er ekkert verið að gera annað en það, sem hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt á undanförnum áratugum, — ekki nokkurn hlut annan efnislega, — þó að í stað þess að leita eftir því, að álagningarheimildin verði hækkuð um eitthvað tiltekið prósentumagn, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, ætið andmælalaust, þá er sú leið farin að hafa hér á þessu sömu tilhögun og er varðandi áfengiseinkasöluna og mér er ekki kunnugt um að nokkurn tíma hafi verið hreyft andmælum gegn og í fyrsta sinn því haldið fram hér, að þar væri um að ræða lög, sem brytu í bága við stjórnarskrána.

Ég held, að það sé því alveg augljóst, að hér sé ekki um það að ræða, að það eigi að fara á nokkurn hátt með öðru móti ofan í vasa skattgreiðenda í landinu, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., heldur en ætið hefur verið gert á undanförnum árum og talið af öllum sjálfsagt, að hér væri um tekjustofn að ræða, sem jafnan hefur verið notaður til hins ýtrasta á hverjum tíma, og að því leyti er hér aðeins um að ræða formsbreytingu, sem auðveldar framkvæmd fyrir þessu ríkisfyrirtæki, sem hér á hlut að máli, en ekki neitt annað.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umræður, sem hér hafa spunnizt út af því frv., sem liggur fyrir, tel ég rétt, að hér komi fram nokkrar upplýsingar, sem forstjóri tóbakseinkasölunnar gaf á fundi fjhn., þegar hún fjallaði um þessi mál. Að vísu hefur þetta nú þegar að nokkru komið fram í ræðum hv. frsm. meiri hl., hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ). En það eru þó viss atriði í þeim upplýsingum, sem hann gaf, sem ég tel rétt að komi hér alveg skýrt fram, af því að þau gætu varpað nokkru nánara ljósi yfir þetta og leiðrétt ýmislegt, sem komið hefur fram af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, sem hafa tekið þá að mínu áliti furðulegu afstöðu að vera á móti þessu frv.

Varðandi verðlagningu tóbaks verða það þrjú atriði, sem eðlilegt er að tekið verði tillit til: Í fyrsta lagi hagsmunasjónarmið ríkissjóðs að afla sér þeirra tekna, sem á hverjum tíma er gert ráð fyrir í fjárlögum. Í öðru lagi, að tekið sé visst tillit til neytandans, þarfa hans og smekks, þannig að hafðar séu á boðstólum tóbaksvörur með mismunandi verði og af mismunandi gæðum. Og svo í þriðja lagi er auðvitað eðlilegt, að tekið sé tillit til þess, að ekki verði meiri gjaldeyri eytt til tóbakskaupa en nauðsynlegt er.

Í þeim upplýsingum, sem forstjóri tóbakseinkasölunnar gaf, kom það í fyrsta lagi fram, að hér er ekki um að ræða nein ný viðhorf í þessum efnum, sem skapazt hafa vegna þeirra efnahagsmálaráðstafana, sem nýverið hafa verið gerðar. Þvert á móti hefur það um langt skeið verið ósk núverandi forstjóra tóbakseinkasölunnar, að núgildandi ákvæði um álagninguna yrði breytt, og fyrir því færði hann þau meginrök, sem ég mun gera grein fyrir hér á eftir.

Það er kjarni málsins, að þau sjónarmið, sem eðlilega liggja að baki verðlagningu á tóbaki og ég nefndi, eða hagsmunasjónarmið ríkissjóðs annars vegar og hins vegar tillitið til neytandans og tillitið til þess að eyða ekki meiri gjaldeyri en nauðsynlegt er hafa rekizt á vegna þess hámarks, sem sett hefur verið um álagningu, og það hafa þau gert á þann hátt, að eins og forstjóri tóbakseinkasölunnar skýrði frá, þá verður miklu meiri hagnaður í krónutali af því að selja dýra tóbakið, jafnvel þótt álagningarheimildin sé ekki notuð að fullu, heldur en mundi vera með því að selja ódýra tóbakið, þó að álagningarheimildin sé þar notuð að fullu, þannig að ágóðinn á selda einingu af tóbakinu, hvort sem það er nú pakki

af sígarettum t. d., sem miðað er við, vindlakassi eða eitthvað annað, verður til muna meiri, þegar selt er dýra tóbakið, jafnvel þótt með lægri álagningu sé, heldur en þegar ódýra tóbakið er selt.

Af þessu mundi leiða, að það væri í rauninni alveg óþarfi að breyta álagningunni með tilliti til þess að fá inn þær tekjur af tóbakseinkasölunni, sem ráð er gert fyrir í fjárlögum. Það væri hægt og væri jafnvel enn þá auðveldara eftir gengisbreytinguna en áður, vegna þess að tollur af tóbaki kemur til að hækka, og það að alveg óbreyttri álagningu, og jafnvel þótt álagningarheimildin væri ekki notuð að fullu, aðeins með því að flytja þá meira inn af dýrum tóbakstegundum, en takmarka innflutning á hinum ódýrari tegundum. Vegna hagsmunasjónarmiðs ríkissjóðsins væri þetta í rauninni óþarfi. En auðvitað mundi af þessu leiða, ef minna væri haft af ódýrara tóbakinu á boðstólum, sem gefur minni hagnað, þó að álagningin sé þar minni, meiri verðhækkun á tóbakinu heldur en ella. Þess vegna fer því fjarri, að það sé þannig, eins og virðist vera skoðun hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað, að tilgangurinn með því að setja þessi ákvæði nú sé að skapa þarna einhverja nýja möguleika fyrir ríkisstj. til þess að hækka skatta á tóbaksneytendum, heldur er það þvert á móti þannig, að ástæðan til þess, að forstjóri tóbakseinkasölunnar telur einmitt rétt að setja þessi ákvæði nú, er sú, að með því að hækka álagningarheimildina væri möguleiki á því að flytja meira inn af ódýrara tóbakinu og koma þannig í veg fyrir þá verðhækkun, sem ella mundi verða nauðsynleg, ef hægt á að vera að ná þeim tekjum, sem fjárlög gera ráð fyrir.

Aðalatriðið í þessu efni er einmitt þetta, að það, sem hér er um að ræða, er ekki að gera auðveldara að fá inn hærri tekjur en áður, — það mundi vera auðvelt, þó að álagningarheimildin væri óbreytt, — heldur að skapa meiri möguleika á því að samræma annars vegar gjaldeyrissjónarmiðið og hagsmunasjónarmið neytandans og tekjuþörf ríkisins með því að gera mögulegt að ná svipuðum tekjum og nú með því að flytja inn ódýrara tóbak, sem aftur þýðir, að það yrði að leggja meira á.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) fann sig knúinn til þess að vera hér með hálfgerðar vítur í garð okkar, sem mælt höfum gegn þessu frv., fyrir það, að við hefðum haft hér um hönd óþinglegan málflutning til rökstuðnings okkar máli. Ég vil vísa því algerlega á bug. Við ræddum það málefni, sem hér liggur fyrir, og það hefur, að því er ég bezt veit, aldrei verið talið óheimilt á þingi eða verið talin ástæða til þess að finna að því, þó að menn gripu til dæma til rökstuðnings sínu máli, sem lægju utan þess málefnis, sem sérstaklega var rætt um.

En ég held hins vegar, að það megi vissulega segja, að sá útúrsnúningur, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. lét sér sæma hér að hafa á mínu máli, hafi verið í mesta máta óþinglegur, því að hann hefði átt betur við á framboðsfundum heldur en á hv. Alþingi, þar sem hann lét sér sæma að hafa eftir mér allt annað en það, sem ég hafði sagt, og lagði síðan út af því. Ég hef aldrei látið mér þau orð um munn fara, að sá háttur, sem hafður hefur verið á í þessum efnum, hafi verið stjórnarskrárbrot. Ég tel það fyllilega í samræmi við stjórnarskrána að hafa þann hátt á framvegis, sem hafður hefur verið á að þessu leyti, að löggjafinn ákveði viss álagningarmörk, ákveði visst svigrúm, innan hvers stjórnin geti svo ákveðið álagninguna, alveg eins og það samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um skattheimildir, að ríkisstj. sé veitt heimild til þess að innheimta þessi og þessi gjöld. Það er ekki alveg bundið, að Alþingi eða löggjafinn þurfi að einskorða það, hvað innheimt skuli. En það nýja í þessu er, að það er verið að fella niður þar mörkin og veita ríkisstjórninni alveg ótakmarkaða álagningarheimild. Það er það nýja í þessu máli, og það var það atriði, sem ég ræddi um. En um það atriði sagði ég aldrei, að það væri stjórnarskrárbrot. Það eru orð hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ). En ég sagði, að það mundi höggva nærri anda stjórnarskrárinnar að veita ríkisstj. alveg ótakmarkaða heimild til þess að leggja á vörur, sem seldar eru af tekjuöflunarfyrirtækjum ríkissjóðs, án þess að Alþingi eða löggjafinn setji þar nokkur takmörk. Og auðvitað á það alveg sérstaklega við, ef um er að ræða vörur, sem almenningur almennt þarf á að halda, því að þá kemur auðvitað álagningin fram sem skattur á almenning. Þetta ætla ég að sé ljóst. En það ætla ég að hv. 6. þm. Norðurl. e. sé ljóst, að það er nokkuð annað, hvort maður fullyrðir, að eitthvað brjóti algerlega í bága við stjórnarskrárákvæði, eða hvort maður telur höggvið nærri anda stjórnarskrárinnar í þessu efni.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, leiðir það, að ummæli hv. 6. þm. Norðurl. e., sem lutu að hv. 1. þm. Austf. (EystJ), voru algerlega út í hött. Ég hef aldrei fundið að eða mælt gegn þeim hætti, sem tíðkazt hefur í þessum málum og mér skildist að hv. 6. þm. Norðurl. e. teldi, að 1. þm. Austf. hafi sérstaklega beitt sér fyrir. Ég er nú ekki ákaflega þingfróður, en ég hygg, að þessi ákvæði um tóbakseinkasölu séu áreiðanlega eldri en frá upphafi þingmannstíðar 1. þm. Austf. En hvað um það, hans ummæli, sem að því lutu, voru algerlega út í hött, eins ummæli hans um það, að ég hefði lagt hér sérstaklega stund á að fordæma atriði, sem hefðu lotið að málefnum, sem flokksbræður mínir hefðu farið með áður. Þetta er vitaskuld algerlega órökstutt. Ég hef fundið að því og mun finna að því, sem mér finnst aðfinnsluvert, alveg án tillits til þess, hverjir í hlut eiga og hvort þau málefni hafa áður lotið undir mína flokksbræður eða ekki. Ég mun þar engan mun á gera.

En annars er það alrangt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að það mál, sem hann sérstaklega hefur sennilega haft í huga, málið um stofn-

un efnahagsmálaráðuneytis, og þau atriði, sem inn í umræður um það spunnust, hafi verið málefni, sem lutu flokksbræðrum mínum, því að ég sannaði það einmitt í þeim umræðum, að þau ráðuneyti, sem í öndverðu höfðu verið ólöglega sett á stofn eða án þess að formleg lagaheimild hefði verið til þess, hefðu fyrst og fremst verið sett á stofn í tíð hæstv. núv. forsrh., þegar hann hafði veitt ráðuneytinu forstöðu. Annars skal ég ekki fara að blanda þessu efni inn í þetta atriði hér. Mér sýnist, að þetta mál liggi ljóst fyrir. Ég held því fram, að það sé óeðlilegt að fella niður þessi takmörk, sem verið hafa, vegna þess að með því sé höggvið nærri anda stjórnarskrárinnar. Ég tel það hættulegt að gefa þar með hæstv. ríkisstj. enn meðhald í þeirri viðleitni, sem hún hefur haft svo mjög á oddinum á þessu þingi, að draga til sín vald, sem á að réttu lagi að vera í höndum Alþingis. Og ég hef í þriðja lagi bent á, að það sé varhugavert að fara að leyfa og gera ráð fyrir ótakmarkaðri hækkun á tóbaki. Ég hef bent á, að það sé í litlu samræmi við þá stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að hún muni ekki leyfa hækkun á álagningu yfirleitt, og tel það þess vegna óeðlilegt, að hún gangi á undan í þeim efnum.

En hvað um það, það má vel vera, að það sé hægt að sýna fram á með rökum, að það þurfi að hækka álagningu á tóbaki, af einhverju því sjónarmiði, sem hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) var að tala um. En þá er rétta aðferðin sú, sem fylgt hefur verið til þessa, að koma til Alþingis og óska eftir rýmra svigrúmi í þessum efnum heldur en nú er. Ég geri ekki ráð fyrir því, ef rétt rök væru flutt fram til stuðnings því, að þá verði fyrirstaða á því hjá Alþingi að veita þá heimild. En hvers vegna er ekki líka sá háttur nú hafður á? Hvers vegna vill ríkisstj. endilega fá ótakmarkaða heimild í þessu efni? Það er það, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. ætti að upplýsa hér. Annars voru athyglisverðar og ég vil segja mjög þakkarverðar þær upplýsingar, sem hv. 11. þm. Reykv. gaf hér. Eftir það liggur ljóst fyrir, að það á að hækka tóbakið, það á að hækka álagningu á tóbaki, og það liggur líka ljóst fyrir, á hverjum tegundum tóbaks á að hækka álagninguna. Það á, eins og hann sagði, að hækka álagningu á hinum ódýrari tegundum tóbaks. Og hverjir mundu það vera hér í þessu landi, sem notfæra sér ódýrari tegundir tóbaks? Ætli það séu þeir, sem bezt eru færir um að borga þessa vöru? Ég hefði haldið satt að segja, að það væri *enginn þjóðarvoði*, þó að þessar ódýrari tóbakstegundir væru seldar með svolítið vægari álagningu en hinar dýrari.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið skýrt svo rækilega af hv. frsm. meiri hl. fjhn. og hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), að ég þarf ákaflega fáu þar við að bæta. En í þessum umræðum hefur komið fram það álit, að með þessu frv. væri höggvið nokkuð nærri anda stjórnarskrárinnar, eins og það var orðað.

Í 40. gr. stjskr. segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“ Og eins og hér hefur verið tekið fram, tekur orðið skattur þarna að sjálfsögðu bæði til beinna skatta og óbeinna.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að hingað til hefur mér vitanlega ekki verið litið svo á, að álagning verzlunarfyrirtækja ríkissjóðs félli undir þetta stjórnarskrárákvæði. Ég hef ekki heyrt þess getið fyrr, og ég ætla, að sú reynsla, sem við höfum við að styðjast í því efni, bendi einnig til þess, að ríkisstj. og þm. á hverjum tíma á undanförnum áratugum hafi ekki verið þessarar skoðunar. Ég man í bili t. d. eftir þrennum lögum um einkasölu ríkisins, þar sem er ekkert slíkt hámarksákvæði um álagningu. Það er t. d. í l. um útvarpsrekstur ríkisins, þá er heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka einkasölu á viðtækjum, og hefur sú verzlun verið rekin lengi. (Gripið fram í.) Þetta er verzlunarfyrirtæki ríkissjóðs, að nokkru í tekjuöflunarskyni, eins og kemur fram í því, að Alþingi hefur sjálft ráðstafað sérstaklega til vissra menningarmála rekstrarafgangi viðtækjaverzlunar. Um allmargra ára skeið hefur rekstrarhagnaður viðtækjaverzlunar verið látinn taka þátt í kostnaði við rekstur þjóðleikhússins, svo að að því leyti má segja, að þetta fyrirtæki hafi öðrum þræði verið notað sem fjáröflunarfyrirtæki fyrir ríkið. En í þessum l. um heimild til að reka einkasölu á viðtækjum er ekkert hámarksákvæði um álagningu, hún er algerlega í höndum ríkisstjórnarinnar.

Ég man eftir því, að 1935 voru sett l. um heimild fyrir ríkisstj. — og þau lög munu vera í gildi enn — til þess að taka einkasölu á bifreiðum, rafvélum og rafmagnsáhöldum og nokkrum fleiri tegundum. Slík einkasala var síðan sett á stofn og rekin hér um nokkur ár, var síðan lögð niður. Í þeim lögum er það algerlega lagt á vald ríkisstj., hver álagning skuli vera á þessar vörutegundir, og ekkert hámark þar sett.

Í þriðja lagi og það, sem skiptir náttúrlega langsamlega mestu máli um tekjur ríkissjóðs, er áfengisverzlunin eða einkasala ríkisins á áfengi. Þar er ekki nein *hámarksálagning*, heldur algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar.

Ég nefni þessi þrjú dæmi hér, og í sambandi við þau ætla ég, að það hafi ekki komið fram, að slík ákvæði hyggju nærri stjskr. eða 40. gr. stjskr., þar sem bannað er að leggja á skatta nema með l., gæti átt við, að það væri skylt að ákveða tiltekna hundraðstölu álagningar í *lögum um hvert verzlunarfyrirtæki ríkisins*. Þetta er að mínu viti ný kenning og stangast algerlega á við „praksís“ í þessum efnum.

Hér hefur verið greint, hverjar ástæður liggja til þess, að nú er farið fram á, að sama regla gildi um tóbaksverzlun ríkisins að þessu leyti eins og um hin fyrirtækin og fyrst og fremst um áfengisverzlunina, og þarf ég í rauninni ekki að rekja það nánar. En ég vil þó taka hér eitt atriði fram til viðbótar því, sem sagt hefur verið.

Þegar álagning er heimiluð í hundraðstölu, eins og er mjög algengt og m. a. er í núgild-

andi lögum um tóbaksvörur, þá eru vissulega ákaflega miklir annmarkar á þeirri aðferð. Aðalannmarkinn á þeirri aðferð er sá, að slík álagningarákvæði fremur hvetja en letja til óhagkvæmra og dýrra innkaupa. Sá, sem kaupir dýrt inn, fær í krónutölu meiri álagningu, meiri hagnað, vegna þess að prósentutalan er sú sama. Sá, sem vill kaupa inn sem hagkvæmast og ódýrast, fær lægri krónutölu í álagningu. Þetta er viðurkenndur mjög alvarlegur annmarki yfirleitt á þessum álagningarreglum, þegar miðað er við prósentutölu. Samt sem áður, þegar verðlagsákvæði þarf að viðhafa í þjóðfélagi, er þetta einna algengast, þó að hin aðferðin þekkist einnig, að hafa álagningu ekki í hundraðstölu, heldur í krónutölu á vissa einingu.

Þetta óhagræði hefur komið skýrt fram í sambandi við tóbaksverzlunina, eins og hv. 11. þm. Reykv. skýrði hér greinilega og forstjóri tóbakseinkasölunnar ræddi á fundi fjhn. Forstjóri tóbaksverzlunarinnar hefur það verkefni m. a. að ná inn þeirri upphæð, sem Alþingi ákveður á hverjum tíma í fjárlögum að ná inn sem tekjum fyrir ríkissjóð. Og þarna, eins og hv. 11. þm. Reykv. tók fram, stangast þau sjónarmið á, sem hér koma til greina, annars vegar sú nauðsyn að spara sem mest gjaldeyri, eftir því sem unnt er, og að fá sem ódýrust og hagkvæmust innkaup fyrir neytandann, en svo er hins vegar tekjuöflunarsjónarmið ríkisins, og það bendir til þess, meðan slíkar álagningarprósentur eru, að betra sé að kaupa dýrt inn og eyða meiri gjaldeyri, því að þá verður gróðinn fyrir ríkissjóð í krónutölu meiri.

Þetta er varðandi þennan ágalla. En auk þess hefur að sjálfsögðu komið í ljós, að það getur verið hentugt að hafa mismunandi álagningarprósentu á ýmsar vörutegundir tóbaksverzlunarinnar, og skal ég ekki fara út í það hér frekar.

En þegar það nú er haft í huga, að í rúman aldarfjórðung hefur það verið í l. um einkasölu ríkisins á áfengi, að þar er engin hámarkstala ákveðin, heldur ríkisstjórninni alveg í sjálfsvald sett, hver álagningin er, og þegar það er enn fremur haft í huga, að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. nú, að hún skili 143 millj. kr. í ríkissjóð, þá virðist manni undarlegt, ef þetta allt saman hefur verið löglegt og sjálfsagt og eðlilegt, en er nú orðið óeðlilegt, er orðið einræðisbrölt og heggur nærri stjskr. að hafa sams konar ákvæði um tóbaksverzlunina, sem er þó ekki gert ráð fyrir að afli ríkissjóði nema tæpra 100 millj. á þessu ári.

En vegna þess, að hér hefur ekki eingöngu verið rætt um málið frá þessu sjónarmiði, því lagalega, og hvað eðlilegast verður að teljast, heldur hafa af tveim hv. stjórnarandstæðingum verið dregin inn í þetta allt önnur og óskyld atriði og almennt vantraust og gagnrýni á ríkisstjórnina, þá vildi ég þó benda þeim hv. þm. á það og þó alveg sérstaklega hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), að þegar formaður Framsfl. myndaði sína fyrstu ríkisstj. 1934 og formaður þingflokks framsóknarmanna var fjmrh., þá var það eitt af fyrstu verkum þeirrar ríkisstj. að flytja frv. um að afnema þau hámarksákvæði, sem þá höfðu verið í lögum áður um einkasölu ríkisins á áfengi. Í lögum frá 1928 um áfengiseinkasöluna var svo ákveðið, að leggja mætti á áfengið 25—75% hæst. Ríkisstj. Hermanns Jónassonar með Eystein Jónsson sem fjmrh. beitti sér fyrir því og fékk það lögfest, að þetta hámarksákvæði var úr lögum numið og ríkisstj. alveg í sjálfsvald sett, hver álagningin yrði, og þannig hefur það verið nú í rúman aldarfjórðung.

Þegar allt þetta er haft í huga, held ég, að taka verði með nokkurri varúð aðfinnslum þessa hv. þingmanns.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður hér, því að það er nú þegar fram komið allt í þessu máli, sem efnislega getur haft nokkra þýðingu í sambandi við það. Ég vildi aðeins bera það af mér, að ég hefði farið hér með rangt mál varðandi það, hvað hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði sagt í fyrri ræðu sinni hér. Það væri vitanlega mjög vítavert, ef ég hefði rangt farið með ummæli hans. En ég held, að hann hljóti að hafa misskilið orð mín a. m. k. ekki síður en ég hef misskilið hans, því að hann taldi rangfærslu mína byggjast á því, að ég hefði sagt, að hann hefði gefið í skyn, að það hefði verið framið eitthvert stjórnarskrárbrot í sambandi við ákvæðin um einkasölu á tóbaki, framkvæmd þeirra, og hv. 1. þm. Austf. hefði brotið eitthvað af sér í því efni.

Ég hélt mig hafa tekið það fram í ræðu minni greinilega, að þetta ætti við lögin um áfengiseinkasölu, vegna þess að þar eru engar slíkar hömlur, og mér skildist á hv. þm., að hann væri einmitt í sinni fyrri ræðu að tala um, að það væri a. m. k. mjög vafasamt, hvort þau lög brytu ekki í bága við stjórnarskrána, þar sem Alþingi hefði afsalað sér þar skattlagningarrétti, sem tvímælalaust væri samkv. stjórnarskránni að það mætti ekki afsala sér. Ég held, að það verði naumast talið rangfærsla á hans orðum, þó að ég leyfði mér að segja, að samkv. þeirri lögskýringu liti helzt út fyrir, að hv. 1. þm. Austf. hefði gerzt þátttakandi í slíku stjórnarskrárbroti með því æ ofan í æ að hækka álagningu á þessar vörur án þess að leita sérstaklega samþykkis Alþingis fyrir því.

Þetta var það, sem ég sagði í ræðu minni, og ég held ekki, að það feli í sér neina rangtúlkun á orðum hv. þm. A. m. k. ef svo hefur verið að einhverju leyti, þá er sjálfsagt að biðja afsökunar á því.

Varðandi það atriðið, er þessi hv. þm. og raunar einnig samherji hans í þessu máli hér, hv. 5. þm. Norðurl. e., telja, að það sé nánast stjórnarskrárbrot að hafa ekki í lögum ákveðnar takmarkanir á álagningarheimild ríkisstj. á þessar einkasöluvörur, sem seldar eru til að afla ríkissjóði tekna, þá sýnist mér, að það ætti að liggja mjög nærri fyrir þessa hv. þm. að reyna þá að forða Alþingi frá þessum ósköpum með því að beita sér fyrir því að

setja slíkar hömlur í l. um einkasölu ríkisins á áfengi og þannig bæta úr þeim afbrotum, sem flokksbræður þeirra á sinni tíð frömdu með því að nema þessar hömlur úr lögum.

Annars hafa ekki allir flokksbræður hv. 3. þm. Norðurl. v. verið á sama máli um, að þetta væri voðalegt stjórnarskrárbrot, sem menn væru með hér, — ja, við skulum segja andlegt brot á stjórnarskránni, mér skilst, að hv. þm. kunni betur við það, — að afnema þessar hömlur. (Gripið fram í.) Ég veit ekki, það er ekki gott að segja. Þegar þetta mál var síðast til meðferðar hér á hinu háa Alþingi, var einn ágætur þm. í þessari hv. d., sem fann mjög að því, að það væri sífellt verið með þessar breytingar á lögum um tóbakseinkasölu. Hann komst hér þá svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er auðskilið mál, að ríkissjóður þarf að fá leiðir til tekjuöflunar, til þess að hægt sé að láta enda fjárlaga ná saman. Það er líka vel skiljanlegt, að gripið sé til þess að hækka tóbak, og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga. En ég vil vekja athygli á því, hvort ekki er rétt að hafa þessa heimild viðtækari, svo að ekki þurfi að leita samþykkis Alþingis í hvert skipti, sem breyting er gerð á þessu verði. Þetta mun vera í þriðja skiptið nú á skömmum tíma, sem heimildar til hækkunar hefur verið leitað, og mér virðist, að svo gæti farið eftir öllu útliti nú, að enn þyrfti að leita tekna með þessari leið, þó að þessi hækkun fengi samþykki."

Það hefur því ekki verið talið svo ákaflega hneykslanlegt af öllum samflokksmönnum þessa hv. þm. að hafa svipaðan hátt á og hér er gert ráð fyrir, því að þarna er beinlínis lýst yfir leiða yfir því að vera sífellt að leita samþykktar Alþingis á þessum breytingum á álagningu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan, er hér ekki efnislega um hina minnstu breyt. að ræða. Það hefur alltaf verið samþ. hér á Alþingi að heimila ríkisstj. að gera hverja þá hækkun á söluverði tóbaksvara, sem hún hefur talið ástæðu til. Hingað til hefur sá háttur verið á hafður að hækka þessa heimild, sem hér er um að ræða, sem oft hefur þó þurft að leita hækkunar á, og efnislega verður að sjálfsögðu framkvæmd málsins nákvæmlega sú sama hér eftir sem hingað til, að það hefur verið reynt að halda verði þessara vara innan þeirra takmarka, að ekki komi til samdráttar í sölu þeirra og þar af leiðandi minnkandi tekna ríkissjóðs, og það held ég að sé eina sjónarmiðið, sem hefur hingað til ráðið verðlagningu bæði á tóbaki og áfengi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um einkasölu ríkisins á tóbaki var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgreitt þaðan. Efni frv. er það, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ákveða heildsöluálagningu á tóbak eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund, í stað þess að nú er í lögum ákveðin hámarkshundraðstala fyrir álagningu. Forstjóri tóbakseinkasölunnar hefur óskað eftir því, að þessi breyting yrði á gerð, og fært fyrir því ýmsar ástæður. Varðandi annað tekjuöflunarfyrirtæki ríkissjóðs, áfengisverzlunina, hefur nú í rúman aldarfjórðung verið sams konar ákvæði í lögum, ekki hámarkshundraðstala, heldur heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða álagninguna hverju sinni, og fer þetta frv. fram á, að sami háttur sé hafður á um tóbakseinkasöluna. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 149 og 150).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir og fjallar um breyt. á l. nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki. Efni málsins er það, að í lögum frá 8. sept. 1931 var álagning á tóbaksvörum ákveðin 10—75%. Með lögum nr. 30 frá 6. maí 1949 var þessari grein laganna, 8. gr., breytt þannig, að álagningarheimildin var hækkuð upp í 350%. Í frv. því, sem liggur fyrir, er nú lagt til, að hámarksákvæðið verði fellt niður og að ríkisstj. ákveði heildsöluálagningu á tóbak eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Nefndin hefur klofnað í þessu máli. Meiri hlutinn getur fallizt á þann rökstuðning, sem fram hefur verið færður fyrir breytingu þess-

ari, en hann er í stuttu máli eftirfarandi:

1) Hliðstæð ákvæði þeim, sem hér er óskað eftir að fá heimild til þess að haga verðlagningu tóbaks samkvæmt, hafa lengi gilt um verðlagningu annarrar einkasöluvöru, áfengisins.

2) Ef hverju sinni þarf að bera undir Alþingi breytingar á hámarksálagningu tóbaks, má telja sennilegt, að það hafi í för með sér uppkaup á tóbaki og óeðlilega birgðasöfnun, þegar slíkar verðbreytingar eru á döfinni í Alþingi.

3) Forstjóri Tóbakseinkasölu ríkisins hefur tjáð n., að fyrirtækinu sé nauðsyn á nefndri heimild til verðjöfnunar. Hins vegar sé ekki fyrirhugað, að almenn hækkun á tóbaksvörum fari nú fram yfir þá hámarksheimild, sem lög gera ráð fyrir.

Ég vil með tilliti til þessara raka fyrir hönd meiri hl. fjhn. leyfa mér að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 150 liggur fyrir nál. um þetta mál frá okkur tveimur nm. í fjhn., hv. 3. þm. Reykv. og mér. Við getum ekki mælt með því, að þetta frv. verði samþykkt, heldur leggjum til, að það verði fellt.

Með þessu frv. vill hæstv. ríkisstj. fá vald til að ákveða álagningu á tóbaksvörur hjá einkasölunni án nokkurrar takmörkunar. Í núgildandi lögum segir, að tóbakseinkasalan megi leggja frá 10—350% á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Þessi álagning kemur á kostnaðarverð vörunnar, þegar hún er komin í hús hér í Reykjavík, og er þá tollur talinn með í kostnaðarverðinu. Það verður því ekki sagt, að álagningarheimildin sé skorin við neglur, enda má segja, að hér sé ekki um venjulega verzlunarálagningu að ræða, heldur er þetta skattaálagning.

Það er ekki ljóst og hefur ekki komið fram við meðferð málsins, hverjar fyrirætlanir hæstv. stjórn hefur viðkomandi tóbaksverðinu, hvort hún ætlar að hækka verðið eða ekki. Að vísu bendir fjárlagafrv. til þess, að stjórnin ætli sér ekki að auka tekjur ríkisins af tóbakseinkasölunni. Hagnaður af einkasölunni mun árið sem leið hafa verið um 100 millj. kr. og í fjárlagafrv. eru áætlaðar tekjur af einkasölunni á þessu ári 98 millj. kr. Þetta bendir ekki til þess, að stjórnin hafi áform í huga um verðhækkun á tóbakinu.

Þó má vel vera, að hæstv. stjórn ætli að gera till. nú á þinginu um hækkun á þessum tekjulið á fjárlögum og í því sambandi vilji hún hækka álagninguna á tóbaksvörurnar til þess að ná meiri tekjum með þessum hætti. En stjórnin hefur mjög mikið svigrúm til hækkunar innan þeirra takmarka, sem lögin setja. Á það er að líta í þessu sambandi, að vegna gengisbreytingarinnar, sem nýlega hefur verið ákveðin, verður mikil hækkun á innkaupsverði á tóbaki eins og öðrum vörum í íslenzkum krónum. Mér hefur verið sagt, að sama magn af tóbaksvörum og keypt var á árinu sem leið mundi hækka um a. m. k. 13 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar. Á þessa hækkun kemur svo 10% verðtollur, en hann er talinn með í álagningargrundvellinum. Verði sama vörumagn flutt inn og áður, hækkar það því í innkaupi og að viðbættum verðtolli um 14—15 millj. kr. Af þessu er það ljóst, að ef sömu álagningarprósentur verða notaðar nú og áður, þá hækkar álagningin í heild um tugi milljóna króna. Og það eru engar líkur, sem benda til þess, að stjórnin hafi í hyggju að hækka tóbaksvörur svo gífurlega í verði, að notuð verði að fullu sú álagningarheimild, sem nú er í lögum. Þvert á móti sýnist mér, að álagningarprósentan hljóti að verða eitthvað lægri en áður nú eftir gengisbreytinguna.

Frsm. meiri hl., hv. 6. landsk. þm., minntist á það, að í lögum um Áfengisverzlun ríkisins væri ákveðið, að stjórnin gæti ráðið álagningu á áfengi. Ég hef ekki kynnt mér það, hvenær þau ákvæði voru í lög tekin eða hvaða rök hafa legið til þess, en það eitt er víst, að þá hefur ekki þótt ástæða til að láta það sama gilda um tóbakið.

Hv. 6. landsk. segir einnig, að ef hverju sinni þurfi að bera undir Alþingi hækkun á álagningu á tóbak, þá geti það haft í för með sér óeðlileg uppkaup á þeirri vöru. En ég vil benda á það, að núgildandi lagaákvæði um þetta hafa verið óbreytt s. l. 11 ár, og engar líkur benda til þess, að það sé nokkur þörf að breyta þeim í náinni framtíð.

Í þriðja lagi talaði hann um, að það gæti verið hentugt að koma við verðjöfnun. Slíkri verðjöfnun væri sjálfsagt auðvelt, eins og nú er komið, að koma við, þótt engin breyting væri gerð á l., því að ég get ekki hugsað mér, að hæstv. stjórn hafi í hyggju að hækka eina tóbaksvörutegund svo mikið í verði, að henni nægi ekki sú heimild, sem nú er í lögum. Það er því alls engin þörf á að gera álagningarheimildina rýmri en hún er nú, enda hefur meiri hl. fjhn. ekki haldið því fram, að stjórnin þyrfti að fá meira svigrúm í þessum efnum til þess að geta komið fram vilja sínum um hækkun á tóbaksverði.

Rekstur tóbakseinkasölunnar er stór þáttur í skattheimtu ríkisins. Það mun láta nærri, að hagnaðurinn af henni sé nú um 10% af öllum ríkistekjunum, og það verður að teljast eðlilegt, að slíkar álögur séu ákveðnar af Alþingi með lögum, eins og aðrir skattar og tollar til ríkisins. Það er ekki skynsamlegt að afsala ótakmörkuðu valdi í þessum efnum til ríkisstjórnarinnar, og það er heldur engin þörf að gera slíkt, ekkert, sem mælir með því.

En af hverju er þetta frv. þá borið fram? E. t. v. er það flutt af miskilningi. Það er hugsanlegt, að hæstv. ríkisstj. hafi haldið, að hún þyrfti að fá breytingar á einkasölulögunum til þess að geta hækkað nokkuð álagningu á einhverjum tóbaksvörum og aukið tekjur af tóbakseinkasölunni. En það hefur verið sýnt fram á og má öllum vera ljóst, að í núgildandi lögum hefur stjórnin meiri heimild til hækkunar en hugsanlegt er að hún noti í náinni framtíð.

Sé þetta þannig, að frv. sé flutt af mis-

skilningi, þá ætti stjórnin að taka það aftur eða láta það daga uppi. Ef málinu er hins vegar þannig varið, að stjórninni sé ljóst, að engin þörf sé fyrir lagabreytinguna, en vilji þó, að því er virðist bara sér til gamans, seilast eftir valdi, sem hefur verið og á að vera hjá Alþingi, þá er skynsamlegast fyrir þm. að neita þátttöku í slíkum leik. Verði málinu áfram haldið og það látið koma undir atkv., er það því till. minni hl. fjhn. til hv. d., að hún greiði atkv. gegn frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:7 atkv.

2. gr. samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JP, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, SB, GuðlG, GunnG, JóhH.

nei: GJóh, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EystJ.

KGuðj, BP, GeirG greiddu ekki atkv.

15 þm. (GÞG, HÁ, HS, HV, JSk, JR, LJós, MÁM, ÓTh, EðS, EOl, EmJ, GH, GíslG, GÍG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:9 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 155).

---

9. Söluskattur.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um söluskatt** [88. mál] (stjfrv., A. 164).

Á 39. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um söluskatt og var boðað strax í frv. því til fjárlaga, sem lagt var fyrir Alþingi, þegar það kom saman að nýju til funda í janúarmánuði. Í því frv. er gert ráð fyrir söluskatti af vörusölu og þjónustu innanlands, 280 millj. kr., og þar af gangi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fimmtungur eða 56 millj. kr. Um þetta segir svo í grg. fjárlagafrv., að afnám tekjuskatts á almennum launatekjum lækki tekjuskattinn og 9% söluskattur, sem nú er, muni felldur niður. Síðan segir í grg.: „Í stað þessa tekjumissis kemur nýr almennur söluskattur, sem ríkisstj. mun bera fram frv. um á næstunni og áætlað er að gefi af sér 280 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að einn fimmti hluti þessa skatts gangi ekki til ríkisins, heldur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og geti þannig orðið til að lækka núverandi útsvör.“

Undirbúningur þessa máls var falinn fjórum starfsmönnum ríkisins, þeim ráðuneytisstjórum efnahagsmrn. og fjmrn., Jónasi Haralz og Sigtryggi Klemenzsyni, hagstofustjóranum Klemenz Tryggvasyni og tollstjóranum í Reykjavík, Torfa Hjartarsyni. Þeir sömdu grg. og till. varðandi þessi mál, sem þeir skiluðu svo í hendur ríkisstj. Hún ræddi ýtarlega við þá um málið í heild og einstökum atriðum, og niðurstaðan var það frv., sem hér liggur fyrir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir tvenns konar söluskatti, eins og segir í 1. gr.: „Söluskatt skal greiða í ríkissjóð: 1) Af innlendum viðskiptum, eins og nánar er fyrir mælt í öðrum kafla l. 2) Af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar, eins og nánar er tiltekið í III. kafla laganna.“ Í niðurlagi 1. gr. er svo sagt, að ríkissjóður greiði jöfnunarsjóði sveitarfélaga ⅛ hluta þessa skatts, og í ákvæði til bráðabirgða, a-lið, segir, að af viðbótarskattinum við innflutningssöluskattinn skuli ríkissjóður greiða einnig ⅛ hluta til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Nú kunna menn í fyrstu að spyrja, hvernig standi á því, að hinn almenni söluskattur í smásölu og af þjónustu nægi ekki til að ná inn þessum tekjum, sem ríkissjóður þarf á að halda, og ég vil taka það strax fram, að því fer fjarri, að það stafi af nokkrum röngum útreikningum eða skökkum áætlunum hagfræðinga, eins og skýrt hefur verið frá í sumum blöðum undanfarið. Ástæðurnar eru þær, sem ég skal nú greina:

Í fyrsta lagi: Þegar gert var ráð fyrir þessum söluskatti í fjárlagafrv., var reiknað með, að söluskatturinn hinn almenni yrði 3 eða 4%, og viðbúið, að hann þyrfti að vera 4% eða kannske ríflega það til að ná inn þessari upphæð. Við nánari athugun málsins þótti ekki rétt að hafa hundraðstöluna hærri en 3%, eins og ákveðið er í þessu frv. Þessi er fyrsta ástæðan til þess, að af þeim skatti fæst lægri upphæð en í rauninni hafði verið reiknað með, þegar fjárlagafrv. var samþykkt.

Í öðru lagi hafa undanþágur í frv. frá skattinum orðið miklu víðtækari við nánari athugun heldur en í upphafi var gert ráð fyrir. Vil ég þar sérstaklega nefna byggingarvinnu og mannvirkjagerð. Áður hefur söluskattur að meira og minna leyti náð til slíkrar vinnu og framkvæmda, en við nánari athugun nú og undirbúning þessa máls þótti rétt að undanþiggja byggingarvinnu og mannvirkjagerð þessum skatti. Meðal ástæðna, sem til þess liggja, er sú, að það væri mjög óeðlilegt að heimta slíkan söluskatt af eigin vinnu manna við byggingu íbúða, en eins og kunnugt er, er í tekjuskattslögum sérákvæði um, að eignarauki, sem stafar af slíkri eigin vinnu, skuli undanþeginn tekjuskatti. Það lagaákvæði hefur orðið til þess að örva menn mjög til byggingar eigin íbúða. Það mundi koma mjög illa við og vera í rauninni óeðlilegt, ef farið væri að leggja söluskatt á slíka vinnu. En um leið og hún væri undanþegin, væru skapaðir miklir örðugleikar á álagningu og innheimtu sölu-

skattsins af annarri byggingarvinnu, og með slíkri undanþágu, sem í rauninni væri sjálfsögð og óhjákvæmileg, mundu skapast ákaflega margvíslegir möguleikar til þess að komast hjá skattinum í einstökum tilfellum. M. a. af þessari ástæðu, en auk þess koma þar ýmsar fleiri til, var horfið frá því að leggja söluskattinn á byggingarvinnu og mannvirkjagerð, en það er allstór fúlga. Enn fremur hefur, eins og greinir í 6. og 7. gr. þessa frv., verið talið rétt að undanþiggja m. a. ýmsar rekstrarvörur útvegsins og landbúnaðarins, eins og fiskumbúðir, veiðarfæri ýmiss konar, salt, beitusíld, enn fremur tilbúinn áburð, grasfræ, fóðurvörur.

Önnur ástæðan til þess, að heildartekjur af skattinum verða minni en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv., er því þessi, að rétt þótti að hafa undanþágur nokkru víðtækari en í öndverðu var ráð fyrir gert.

Þriðja ástæðan er sú, að söluskatturinn verður í gildi aðeins níu mánuði ársins eða þrjá ársfjórðunga í stað fjögurra, sem að sjálfsögðu dregur mjög úr heildarupphæðinni.

Þessar eru ástæðurnar fyrir því, að sá 3% söluskattur, sem frv. gerir ráð fyrir, nægir ekki til að afla þeirra tekna á þessu ári, sem nauðsynlegt er og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þess vegna er farin sú leið til bráðabirgða að afla viðbótarteknanna, sem með þarf, með nokkurri hækkun á innflutningssöluskattinum. Sá innflutningssöluskattur er nú 7% og hefur verið undanfarin ár, verður hækkaður um 8% upp í 15%.

Þetta frv. um söluskatt felur í rauninni ekki í sér nýjar álögur á landsfólkið, heldur tilflutning eða breytingu á gjaldheimtunni. Það er í fyrsta lagi, að tekjuskatturinn, sem nú verður afnuminn á almennum launatekjum, verður um 110 millj. kr. minni á þessu ári en hann hefði orðið að óbreyttum skattalögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að 9% söluskatturinn, sem nú er í gildi, falli niður, en hann hefði væntanlega numið á þessu ári um 114 millj. kr. Þarna eru komnar 224 millj., sem ríkissjóður missir í af tekjum af þessum tveimur ástæðum. Loks er gert ráð fyrir, að varið sé 56 millj. kr. til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, sem gengur svo til bæjar- og sveitarfélaga í því skyni að lækka útsvörin. M. ö. o.: sú lækkun, sem verður á tekjuskatti, á 9% söluskattinum núgildandi og útsvörum, nemur um það bil sömu upphæð, eða 280 millj., eins og gert er ráð fyrir að afla með þessu frv.

Í II. kafla þessa frv. er ákvæði um söluskatt af viðskiptum, og segir svo í 2. gr.: „Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 3% söluskatt.“ Í 3. og 4. gr. eru svo nánari skýringar. Í 3. gr. segir: „Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytenda.“ Hins vegar er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, sem hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja. Í 4. gr. eru talin upp ýmis dæmi, sem falla undir söluskattskyldu. Í 5. gr. eru taldir upp aðilar, sem söluskattskyldir eru. Og í 6. og 7. gr. eru undanþágur, í fyrri greininni varðandi vörur og verðmæti og í síðari greininni varðandi þjónustu og aðra starfsemi.

Ég hef rakið nokkuð, hvað undanþegið er vegna sjávarútvegs og landbúnaðar. En af öðrum vörum og verðmætum, sem eru undanþegin söluskatti, eru samkv. 6. gr. vörur, sem seldar eru úr landi, enn fremur nýmjólk, nema um veitingasölu sé að ræða, flugvélaeldsneyti, dagblöð og hliðstæð blöð, fasteignir, skip, flugvélar, lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum og enn fremur þær vörur, sem greindar eru í 2. gr. tollskrár.

Í 7. gr. er svo í fyrsta lagi undanþegin vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, eins og ég rakti hér áðan, í öðru lagi vinna við skipaviðgerðir, en ef vinna við skipaviðgerðir væri söluskattskyld, mundi skapast mjög óeðlilegt misræmi milli skipaviðgerða innanlands og erlendis. Skipaviðgerðir erlendis eru að sjálfsögðu ekki söluskattskyldar, og til þess að skapa hér ekki misræmi í milli, þá er þetta undanþáguákvæði um skipaviðgerðir.

Þá eru enn fremur undanþegnir söluskatti vöruflutningar, og er það af eðlilegum ástæðum, þar sem hér er um að ræða skatt á síðasta stigi, en yfirleitt kemur kostnaður við vöruflutninga inn í verð vöru á lokastigi og leggst þar með á heildarverð vörunnar. En einnig eru undanþegnir í greininni fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum. Það þykir ekki eðlilegt að láta skattinn ná til þeirrar þjónustu. Áður fyrr var skatturinn á bifreiðaakstri um tíma, en var síðan fallið frá honum af ýmsum ástæðum, þótti ekki alls kostar sanngjarnt, og auk þess mjög erfitt í álagningu og innheimtu vegna þess, um hve marga aðila er að ræða.

Þá er undanþegin söluskatti enn fremur húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa, og ýmis önnur atriði, sem þarna eru rakin í 7. gr., sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér nánar.

Í næstu greinum á eftir eru svo skýringarákvæði um það, hvernig söluskatturinn skuli á lagður og hvaða aðilar skuli hafa þau mál með höndum.

III. kaflinn fjallar svo um söluskatt af innflutningi, og er þar í 17. gr. ákveðinn 7% söluskatturinn af tollverði allrar innfluttrar vöru, en það er aðeins lögfesting á því, sem nú er, og er 17. gr. í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglur. Í 18. gr. er heimild til ráðh. til þess að undanþiggja tilteknar vörur innflutningssöluskatti. Í núgildandi lagaákvæðum eru taldir sérstaklega upp nokkrir vöruflokkar, sem eru undanþegnir, en auk þess er svo ráðh. veitt heimild til að veita fleiri undanþágur. Upptalning núgildandi laga á þessum undanþágum er mjög ófullkomin, og reyndin hefur orðið sú, að ráðh. hefur í reglugerð kveðið nánar á um undanþágurnar, og þar eru þær tilgreindar eftir tollskrárnúmerum.

Í þessu frv. er lagt til af hagkvæmniástæðum að sleppa þessari upptalningu allri saman, en í stað þess sé ráðh. veitt heimild til að veita undanþágur með reglugerð, og ég vil taka það sérstaklega fram, að gert er ráð fyrir, að undanþágur frá innflutningssöluskatti verði í aðalatriðum þær sömu og nú tíðkast.

Í IV. kafla eru svo nánari ákvæði um framkvæmd og eftirlit með álagningu og innheimtu söluskattsins og m. a. heimild til þess að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, m. a. um sérstakt bókhald, og það er m. a. nauðsynlegt að hafa heimild til að fyrirskipa bókhald hjá sumum aðilum, sem eru ekki bókhaldsskyldir samkv. núgildandi bókhaldslögum, en eiga samkv. þessu frv. að greiða söluskatt af viðskiptum.

Í lok frv. eru svo ákvæði til bráðabirgða, en þau fjalla fyrst og fremst um þennan viðbótarinnflutningssöluskatt, 8%, sem gert er ráð fyrir að innheimta á þessu ári.

Um þetta mál almennt vil ég segja það, að stefnan er sú nú að draga úr beinum sköttum, og ætla ég, að það verði þannig ekki aðeins nú á þessu þingi, þegar væntanlega verður samþykkt breyt. á tekjuskattslögunum í samræmi við það stefnuskráratriði ríkisstj. að afnema skatt á launatekjum, heldur ætla ég, að það verði stefnan á næstu árum fremur að draga úr beinum sköttum heldur en auka þá. Varðandi aðaltekjustofn ríkissjóðs, aðflutningsgjöld, tolla, innflutningsgjald, ætla ég, þegar við gefum verzlunina og innflutninginn í vaxandi mæli frjálsan og stefnum að sjálfsögðu að því á næstu árum að komast inn í fríverzlunarsambönd eða svæði sem víðast, þá hljóti stefnan fremur að verða sú að draga úr tollum og aðflutningsgjöldum en að auka þá. Þegar við höfum þetta hvort tveggja í huga, að stefnt er að því fremur að draga úr beinu sköttunum og enn fremur að draga úr aðflutningsgjöldunum fremur en auka þau, þá kemur næsta spurningin: Hvernig á þá ríkissjóður að afla sér tekna til að standa undir þeirri starfsemi og þjónustu, sem hann þarf að annast? Og þá verður að flestra áliti, sem kynna sér þessi mál, helzt fyrir söluskattur eða veltuskattur í einu formi eða öðru.

Margar aðrar þjóðir hafa í vaxandi mæli farið inn á þessa braut. Þannig hefur það verið um allmargra ára skeið varðandi Norðmenn, að þeir hafa haft allháan söluskatt hjá sér á síðasta stigi í smásölu og verið drjúgur hluti af tekjum norska ríkissjóðsins. Svíar hafa nú nýlega eftir mikinn undirbúning og athuganir tekið einnig upp sölu- eða veltuskatt á síðasta stigi. Við undirbúning þessa frv. hefur verið í verulegum atriðum stuðzt við löggjöf Norðmanna og Svía í þessum efnum, og við framkvæmd málsins verður að sjálfsögðu einnig stuðzt við þeirra reynslu.

En söluskattur getur að sjálfsögðu verið í ýmsum myndum, og það eru einkum þrjár leiðir, sem til athugunar komu við ákvörðun þess, hvernig ætti að leggja á þennan söluskatt. Það er í fyrsta lagi að halda í meginatriðum núverandi söluskattskerfi og auka við það, í öðru lagi að leggja söluskatt aðallega á heildsölu og svo framleiðslu og þjónustu og svo þriðja leiðin að leggja söluskatt á smásölu, framleiðslu og þjónustu, eða m. ö. o. á lokastigi viðskiptanna, áður en varan, vinnan eða þjónustan er látin kaupanda eða neytanda í té.

Varðandi fyrstu leiðina, þ. e. a. s. að byggja að grundvelli til á núgildandi söluskattskerfi, þá má segja, að sá grundvöllur var lagður árið 1945 með veltuskattinum, sem svo var nefndur, en sá veltuskattur náði til allra tegunda viðskipta, heildsölu, smásölu, framleiðslu og þjónustu. Þar var um að ræða þá tegund söluskatts, sem kölluð er fjölstigakerfi. En þá er söluskattur lagður á öll viðskipti í hvert sinn, sem sala fer fram. Skatturinn getur þannig hlaðizt oft eða mörgum sinnum á sömu vöruna, nefnilega við hráefnisstig, framleiðslu-, heildsölu-, smásölustig, eða á efni og vinnulaun á ýmsum vinnslustigum framleiðslunnar. Með veltuskattslögunum var dregin markalína, sem enn helzt í framkvæmd, að varðandi skattgreiðslu af vinnu og þjónustu skyldi skattskyldan miðast við það, hvort vinna eða þjónusta væri seld með álagningu eða án hennar. Þessi veltuskattur frá 1945 gilti í eitt ár, en var síðan endurvakinn árið 1947 á sama grundvelli undir nafninu söluskattur, og síðan hefur þessi söluskattur verið framlengdur um eitt ár í senn. Á árinu 1948 var sú breyting gerð, að heildsala var undanþegin söluskatti, en í stað þess settur á innflutningssöluskattur. 1956 var sú meginbreyting gerð á skattinum, að smásala var undanþegin greiðslu hans, nema að því leyti sem sala eða afhending vöru gat talizt þáttur í framleiðslu eða iðnaðarstarfsemi.

Megindrættirnir í núgildandi kerfi eða fjölstigakerfinu eru í rauninni þessir: Skatturinn er sem sagt fjölstigaskattur og kemur á hin ýmsu stig framleiðslu og sölu og misjafnlega oft eftir því, hvað varan eða efnið er á margra höndum frá hráefnisstigi til fullunninnar vöru. Hins vegar eru ákaflega margar sérreglur og undanþágur í núgildandi lögum, og þær eru svo viðtækar, að skatturinn nú er í rauninni allt í senn: fjölstigaskattur, einstigsskattur og millistigaskattur. Þannig er t. d. samkv. gildandi lögum smásala skattfrjáls, þó þannig, að ef hún er í vissum tengslum við framleiðslu-, viðgerða- eða þjónustustarfsemi, þá er hún skattskyld. Í sölubúð framleiðandans ber að greiða söluskatt af öllu, sem hann hefur framleitt eða unnið að, en það, sem hann selur af aðkeyptri vöru án þess að vinna að eða úr vörunni, er skattfrjálst. Það, sem verkstæði eða verktaki leggur t. d. fram af efni til framleiðslu vöru eða viðgerða, er skattskylt, en það, sem kaupandinn leggur til sjálfur, er skattfrjálst.

Varðandi vinnu og viðgerðastarfsemi og þjónustu er eftir gildandi lögum greint á milli skattskyldrar og skattfrjálsrar starfsemi eftir þeirri markalínu, hvort álagning er fólgin í andvirði því, sem fyrir þessa vinnu er greitt, eða ekki. Enn fremur eru undanþágur frá skattinum og endurgreiðsluheimildir orðnar

ákaflega viðtækar og flóknar. Sumar þeirra voru ákveðnar þegar í upphafi, en aðrar hafa verið veittar smám saman til að lægja þær óánægjuöldur, sem risið hafa út af misræmi í skattlagningunni.

Sumum kann að virðast einföldust sú lausn að halda áfram núverandi söluskattskerfi með þeirri breytingu að taka upp að nýju söluskatt á smásölu, sem var felldur niður í desember 1956, og söluskatt á heildsölu, sem var í gildi fyrir 1948, sem sagt koma skattinum aftur í sitt upprunalega horf, eins og hann var eftir veltuskattslögunum 1945 og söluskattslögunum 1947, og fella niður meginið af þeim undanþágum, sem veittar hafa verið, sem sagt fara inn á fjölstigakerfið í meginatriðum, eins og það var í upphafi. En af þeim ástæðum, sem ég hef greint, og mörgum öðrum er talið mjög óheppilegt að fara aftur inn á þessa braut. Reynslan hefur sýnt, að þetta skattkerfi, fjölstigakerfið, er mjög erfitt í framkvæmd og ýmsir ágallar þess þannig, að varla verður úr bætt. Þessi tekjuöflun er ákaflega viðtæk, hún er á breiðum grunni, og má segja, að þessi aðferð við söluskatt gefi því möguleika til að hafa skattprósentuna lægsta. Hins vegar er reynslan sú, bæði hér og annars staðar, að slíkur skattur dregst alltaf saman, þegar frá líður, vegna þess að almennt er að því keppt þá að sameina sem flest framleiðslu- og viðskiptastig á eina hendi til þess að þurfa ekki að borga söluskattinn mörgum sinnum af sömu framleiðslunni. Það er keppt að því að sameina sem flest framleiðslu- og viðskiptastig á eina hendi eða a. m. k. látið líta út sem svo sé til þess að losna við skattinn og komast í betri samkeppnisaðstöðu gagnvart öðrum, sem hafa ekki möguleika eða bolmagn eða aðstöðu til slíkrar sameiningar. Þessi skattur kemur þá oft harðast niður, þ. e. a. s. í flest skipti, á vörur hinna smáu og dreifðu framleiðenda.

Þá hefur verið reynt bæði hér og annars staðar að bæta úr þessum ágöllum skattsins með því að láta undan alls konar kröfum um undanþágur og endurgreiðslur, sem oft hafa þá leitt til nýs ósamræmis, flækt framkvæmdina, gefið möguleika til undanbragða og tilefni til fjölda ágreiningsmála milli skattgreiðenda og skattyfirvalda og einnig milli kaupenda og seljenda. Greining milli skattfrjálsrar og skattskyldrar vörusölu framleiðenda, iðnaðarmanna, viðgerðarverkstæða, þjónustustofnana o. s. frv. er örðug í framkvæmd og í vissum tilfellum tæplega framkvæmanleg, og það er erfitt að fylgjast með, hvort fyrirtæki, sem selja jöfnum höndum eigin framleiðslu og aðkeypta vöru, stundum hvort öðru blandað, geti aðgreint slík viðskipti, svo að fullnægjandi sé.

Skipting iðnaðarvinnu í tvo flokka, skattfrjálsan og skattskyldan, eftir því, hvort um álagningu er að ræða eða ekki, hefur verið örðugasta og óvinsælasta verkefni skattyfirvaldanna hin síðari ár, sérstaklega hvað varðar byggingariðnað. Afleiðing þessarar skattreglu er m. a., að þeir, sem geta komið því við, selja ekki lengur vinnu starfsmanna sinna eða vinnuflokka beinlínis, heldur ráða þá sem launþega hjá þeim, sem byggt er fyrir eða unnið hjá hverju sinni. Í stað álagningar á vinnuna kemur þá kaupgreiðsla í einhverju formi. Af þessu leiðir m. a., að hjá þeim, sem hafa ekki möguleika til slíkra aðferða, t. d. verktakar hjá ríki eða bæjarfélögum, eða vilja ekki beita þeim, verða byggingar eða mannvirki þeim mun dýrari sem söluskattinum nemur. Þetta hefur m. a. haft þær skaðvænlegu afleiðingar að draga mjög úr því, að opinber verk væru boðin í frjálsu útboði, eins og að sjálfsögðu er æskilegast að sé meginreglan um allar opinberar framkvæmdir, því að ef boðið er út og tekið ákveðnu tilboði, leggst 9% söluskattur á þetta allt saman, en hins vegar ekki, ef unnið er eftir reikningi eða með þeim hætti, sem ég greindi áðan.

Þetta eru í stórum dráttum annmarkarnir á fjölstigakerfinu, og eftir nána athugun á því hefur ekki verið talið fært að taka það kerfi upp að nýju.

Önnur leiðin varðandi söluskatt, sem til athugunar kom, var sú að leggja söluskattinn á heildsölu í stað smásölu. Þetta söluskattskerfi hefur vissulega sína kosti, m. a. að verulegur hluti skattsins yrði innheimtur hjá færri aðilum, sem auðveldara ætti að vera að hafa eftirlit með. Ágallar kerfisins eru hins vegar, að því er söluskattinn og þjónustu varðar, á margan hátt þeir sömu og ég greindi áður um núgildandi kerfi, fjölstigakerfið, en varðandi slíkan skatt, heildsöluskatt á vörusölu, eru ágallarnir helzt þessir: Það er mjög erfitt oft og tíðum að ráða fram úr þeim vanda, hvernig eigi að framkvæma skattlagninguna í hinum mörgu blönduðu verzlunarfyrirtækjum og hvernig eigi að ákveða verðgrundvöllinn, þegar ekki er hægt að byggja á raunverulegu heildsöluverði.

Þessi bæði atriði eru nátengd og mjög flókin. Til skýringar má geta þess, að á árinu 1958 voru tollafgreiddar vörur til um það bil 800 innflytjenda í Reykjavík. Þessir 800 aðilar voru sumir heildsalar, aðrir smásalar. Enn aðrir voru sambland af hvoru tveggja, höfðu bæði heildsölu og smásölu. Sumir voru iðnrekendur, sumir voru samtímis iðnrekendur og heildsalar, og enn aðrir voru iðnrekendur og smásalar, og loks dæmi þess, að innflytjandi var allt í senn: iðnrekandi, heildsali og smásali.

Þessi margþætta starfsemi innflytjendanna kemur fram í velflestum vöruflokkum í ýmsum hlutföllum, og virðist ekki mikill munur á, hvar niður er borið, nema auðvitað í þeim fáu vöruflokkum, þar sem ríkið eða einstakir aðilar kunna að hafa einkasöluaðstöðu.

Þessi ólíku verzlunarform verða því ekki skattlögð eftir sömu reglu, og tvenns konar eða þrenns konar aðferðir hrökkva ekki heldur til, ef á að komast hjá þeim vandræðum, sem þessu hljóta að fylgja. Við athugun á þessu kerfi, sem sagt að taka söluskattinn á heildsölustiginu, hafa komið í ljós svo miklir annmarkar varðandi framkvæmdina, að horfið hefur verið frá því. Ég vil taka fram, að það

er ekki aðeins niðurstaða þeirra ráðunauta, sem ríkisstj. hefur haft í þessu efni, heldur hefur það einnig orðið niðurstaðan bæði í Noregi og Svíþjóð eftir mjög rækilegar athuganir, m. a. á þessari leið, að fara að taka söluskattinn á heildsölustiginu í stað smásölustigsins.

Það má benda á fleiri ágalla í þessu sambandi. Sérstaklega að því er varðar fyrsta árið mundi þessi tekjuöflun dragast mjög á langinn. Þar sem söluskattur með þessu lagi kæmi ekki á núverandi birgðir smásala og verulegur hluti heildsöluviðskipta fer fram með vöruvíxlum, er naumast hægt að taka skatt af sölunni, fyrr en þeir eru greiddir. Auk þess mundi þetta fyrirkomulag hafa í för með sér töluvert aukna fjármagnsþörf smásöluverzlana, þar sem skatturinn yrði að greiðast til heildsölunnar, en smásalinn fengi hann ekki til baka, fyrr en hann seldi vörurnar, auk þess sem hann yrði þá að greiða söluskatt af vörurýrnun og óseljanlegum vörum, m. ö. o.: það væri að íþyngja mjög smásöluverzlunum og auka verulega á rekstrarfjárþörf þeirra.

Af þeim ástæðum, sem ég hef greint hér í meginatriðum, þótti ekki fært að taka upp aftur fjölstigakerfið né heldur heildsölustigið. Og þá er komið að þeirri leið, sem hér er lagt til að farin verði, og það er að taka upp einstigskerfi á lokastigi, sem sé innheimta söluskatt á lokastiginu, en það er sú sama leið, sem Norðmenn og Svíar hafa tekið upp eftir ýtarlega athugun þessara mála.

Það er vissulega, eins og ég gat um áður, mikill styrkur að geta stuðzt við löggjöf og reynslu þessara nágrannaþjóða okkar í söluskattsmálum. Þessu söluskattskerfi, sem sagt á lokastigi, fylgja ýmsir kostir. Í fyrsta lagi er skatturinn almennt bundinn við eitt viðskiptastig, lokastigið, þ. e. þegar varan flyzt í hendur neytandans eða vinna eða þjónusta er látin honum í té, en önnur vöru- eða vinnusala er skattfrjáls. Skatturinn kemur því aðeins einu sinni á sömu vöru eða vinnu, og verður þá ekki lengur deilt um skattþungann á hverri einstakri framleiðslugrein eða vöru, eins og er óendanlegt ágreiningsefni við fjölstigakerfið. Af þessari sömu ástæðu skapast ekki ósamræmi eða ójöfn aðstaða, samkeppnisaðstaða, milli einstakra framleiðenda eða fyrirtækja, og það skiptir ekki heldur máli, hvort fyrirtækið tekur yfir eitt eða fleiri framleiðslustig, og það verður ekki þörf fyrir undanþágur eða endurgreiðslur þess vegna. Þá er þess loks að geta, að skattprósentan getur með þessum hætti orðið lægri en ef heildsöluskattur er notaður.

Hins vegar er það að sjálfsögðu annmarki á þessu kerfi, að skattgreiðendur verða mjög margir og eftirlitið allfjölþætt. Það verður þess vegna þörf á strangu eftirliti með greiðslu þessa skatts, og eru allýtarleg ákvæði um það í frv. og gerð grein fyrir því í grg., sem ég skal ekki fara út í hér nánar að sinni. En m. a. hefur þetta skattkerfi þann mikla kost, að það er einfaldast og auðskildast, en að skattkerfið sé auðskilið og skapi ekki ójöfnuð, er bezti grundvöllurinn fyrir réttri framkvæmd.

Ég mun nú láta þessi orð nægja sem framsögu fyrir frv., en vísa að hinu leytinu til hinnar ýtarlegu grg., sem því fylgir.

Þetta frv. felur sem sé í sér þessi tvö meginatriði: lögleiðingu smásöluskatts eða skatts á smásölu og þjónustu á síðasta stigi, 3%, og auk þess hækkun fyrir þetta ár á innflutningssöluskattinum úr 7% upp í 15%.

Það hefur verið á það bent, að e. t. v. hefði verið rétt að stöðva tollafgreiðslu, meðan slíkt frv. væri til meðferðar. Ríkisstj. hefur ekki talið rétt að fara inn á þá braut og enn síður vegna þess, að nýskeð er í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálafrv. búið með sérstökum lögum að stöðva tollafgreiðslu um nokkurra vikna skeið eða þrjár vikur. Hins vegar vil ég beina þeim tilmælum til hv. þdm., að þetta frv. megi ganga greiðlega í gegnum deildina, til þess að það valdi ekki miklum baga eða óþægindum, að tollafgreiðslu sé haldið áfram, meðan það er til meðferðar.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Með þessu frv., ef að lögum verður, er sýnt, að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar eru að stíga þriðja risaskref sitt til hömlulausrar dýrtíðar í landinu. Fyrsta skrefið í þessa átt var gengisfellingin, sem hækkaði söluverð á öllum erlendum gjaldeyri um a. m. k. 66% til jafnaðar, þegar niðurfelld yfirfærslugjöld eru frá tekin. Annað skrefið hefur svo orðið vaxtahækkunin.

Þetta skref kemur að vísu ekki með öllu á óvart, þar sem þessi löggjöf, sem boðuð er með þessu frv., var tilkynnt um leið og hið síðara fjárlagafrv. var lagt hér fram á hv. Alþingi í endaðan janúar s. l. Þetta kemur sem sagt því ekki með öllu á óvart. En hitt verður vafalaust nokkurt undrunarefni ýmsum, að skattheimtan öll er í þessu frv. gerð stórkostlega miklu stærri í sniðum en boðað hafði verið og miklu lengra gengið í átt til dýrtíðaraukningar en yfirlýst hafði verið og menn hafði grunað.

Sú skefjalausa og ég vil segja ófyrirleitna skattheimta, sem hér er ráðgerð, mun ekki reynast lítilvægasti þátturinn í því að hækka svo almennt verðlag í landinu ofan á það, sem þegar hefur verið að gert í þeim efnum, að launamönnum verði gert óbærilegt við að búa, eftir að þeir hafa verið sviptir með öllu rétti til nokkurra verðlagsbóta á laun sín. Það má segja, að hver nýr þáttur hinnar svonefndu viðreisnarstefnu núv. hæstv. ríkisstj. af öðrum birtist nú þjóðinni með þeim afleiðingum, að almenningur sér hagsmunum sínum og lífsafkomu ógnað því meir sem viðreisnin færist frekar í aukana. En jafnframt verður augljósara falsið og blekkingarnar um, að verið sé að stofna til varanlegs jafnvægis í efnahagsmálunum og skapa atvinnuvegunum heilbrigðan grundvöll, og enn fáránlegri fullyrðingarnar um stöðvun verðbólgunnar, sem átt hefur að vera eitt aðaleinkenni þessara svokölluðu viðreisnarráðstafana.

Við fyrstu athugun þessa frv., en til þess hefur okkur alþm. gefizt minna ráðrúm til athugunar en ýmsum öðrum aðilum í landinu, þar sem vitað er, að frv. hefur verið dreift út um borg og bý dögum eða jafnvel vikum áður en stjórnarandstöðunni hér á Alþingi er sýndur sá trúnaður, að henni sé afhent svo mikið sem eitt eintak til yfirlestrar, en við fljóta athugun málsins er það einkum þrennt, sem sker sérstaklega í augun.

Það er í fyrsta lagi, að gengið er þvert á gefnar yfirlýsingar um skatthæðina sjálfa og hún gerð stórkostlega miklu hærri en boðað hafði verið með því að meira en tvöfalda söluskatt af innfluttum vörum, sem yfirlýst var af hæstv. fjmrh. í grg. með fjárlagafrv., að ekki yrði hróflað við.

Í öðru lagi vekur það mikla athygli, hve illa löggjöfin sjálf er undirbúin og úr garði gerð, sem síðan er reynt að breiða yfir með því að veita fjmrh. nær því ótakmarkað vald á því nær öllum sviðum framkvæmdarinnar og jafnvel gengið svo langt að fá honum dómsvald í hendur, sem að sjálfsögðu er alger óhæfa, sem tæpast á sér nokkra hliðstæðu í íslenzkri löggjöf.

Og svo í þriðja lagi, að frv. hefur í för með sér svo gífurlega skriffinnsku, að um algert met mun vera að ræða, og er þá mikið sagt.

Að sjálfsögðu koma svo til fjölmörg smærri atriði, sem til greina koma og virðast stefna viðskipta- og athafnalífi þjóðarinnar til rangrar áttar, en ég mun ekki ræða á þessu stigi málsins.

Í fjárlagafrv., sem lagt var fram á Alþingi síðustu dagana í janúarmánuði, er gert ráð fyrir því, að á verði lagður almennur söluskattur, að upphæð 280 millj. kr., og jafnframt, að niður verði lagður núgildandi skattur af innlendri framleiðslu og þjónustu, sem eftir fjárlögum s. l. árs var áætlaður 105 millj. kr. Í grg. fjárlagafrv. er hins vegar sagt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“ Jafnframt var svo skýrt frá því bæði utan þings og innan, að þessi almenni söluskattur yrði innheimtur með 3% álagi á selda vöru og þjónustu.

Af þessu er auðséð, að gefnar yfirlýsingar um, að söluskattur af innfluttum vörum yrði ekki hækkaður, hafa verið þverbrotnar. Hann hefur til þessa verið 7% miðað við tollverð vöru, að viðbættri 10% áætlaðri álagningu, eða 7.7% miðað við tollverðið eitt. Með bráðabirgðaákvæði frv. er þessi annar þáttur söluskattsins hækkaður um 8.8% eða í 16.5%, miðað við tollverð innfluttrar vöru, eða hækkunin er alls um 114% frá því, sem yfirlýst hafði verið.

Í fjárlagafrv. er þessi hluti söluskattsins nú áætlaður 154 millj. kr., 114% af þeirri upphæð verða 175.5 millj. kr., miðað við heilt ár, og það er þetta lítilræði, sem hæstv. ríkisstj. lætur sig ekki muna um að leggja á ofan á þá hækkun innlenda söluskattsins, sem hún hafði boðað og að fullu er framfylgt með þessu frv.

Hæstv. fjmrh. reyndi að afsaka þessa stórkostlegu aukningu álaganna frá því, sem boðað hafði verið, með því, að nú hefði verið horfið frá því að leggja söluskatt á byggingarvörur og mannvirkjagerð, enn fremur að það hefði verið hætt við að leggja hann á rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, og í þriðja lagi, að nú hefði komið í ljós, að aðeins væri hægt að innheimta þennan skatt 9 mánuði af árinu.

Ég held, að allar þessar staðhæfingar hafi legið fullkomlega fyrir, þegar sú yfirlýsing var gefin, að við söluskattinum í tolli yrði ekki hróflað, svo að þetta geti ekki talizt þar til neinnar afsökunar. Hitt skiptir svo auðvitað ekki neinu meginmáli, hvort þarna er um að ræða misreikning hagfræðinga eða þversnúning í ákvörðunum sjálfrar ríkisstj. En ég minnist þess í þessu sambandi, að í bókinni Viðreisn, sem þm. og aðrir landsmenn hafa fengið í hendur, er því lýst yfir, að öll frv., sem varði aðgerðirnar í efnahagsmálunum, séu að fullu frágengin, þegar sú bók er prentuð. En hæstv. ráðh. má að sjálfsögðu hafa það hvort sem hann heldur vill, að þarna sé um stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstj. eða að hagfræðingarnir hafi misreiknað sig. Það skiptir að sjálfsögðu ekki máli, heldur sú staðreynd, að álögurnar hafa verið auknar stórkostlega frá því, sem boðað hafði verið.

Þá kom hæstv. ráðh. með þær furðulegu fullyrðingar, að hér væri yfirleitt ekki um neinar nýjar álögur að ræða. Og hann fann þetta út á þann hátt að leggja saman tekjuskattslækkunina, afnám 9% söluskattsins og 56 millj. króna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Á fjárlögum s. l. árs var hlutur ríkissjóðs af báðum tegundum söluskatts áætlaður 151.4 millj. kr. og útflutningssjóðs 70 millj. kr., eða samtals 221 millj. kr. Miðað við heilt ár getur söluskatturinn nú ekki numið lægri upphæð en 509.5 millj. kr., ef gert er ráð fyrir því, að hagfræðingar ríkisstj. hafi ekki misreiknað sig um 100 millj. kr., en 100 millj. hærri að sjálfsögðu, ef breytingin stafar af því, eða þá yrði hann 609 millj. kr. En við skulum gera ráð fyrir lægstu hugsanlegri upphæð miðað við eitt ár, þ. e. a. s. 509.5 millj. Lágmarkshækkun söluskattsins er því 509.5 millj. mínus það, sem hann var á s. l. ári, 221.4 millj., eða 288.1 millj., miðað við eitt ár, eða nokkru meiri en öll sú upphæð, sem hæstv. forsrh. og fleiri talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa marglýst yfir að allur vandi efnahagsmálanna væri. Þeir hafa margtekið fram, að miðað við óbreytt efnahagskerfi skorti ríkissjóð og útflutningssjóð 250 millj. kr. til þess, að allt gæti gengið á svipaðan hátt og það hefur gert. En því hefur hins vegar verið haldið fram, að horfið hafi verið að öðrum leiðum vegna þess, að þær yrðu miklu léttbærari fyrir almenning. En þetta smáræði, 288.1 millj. kr., miðað við ársveltu þessa skatts, er það smáræði, sem vikið er að almenningi ofan á 66% hækkun á allri gjaldeyrissölunni, sem hefur hækkað allt verðlag í landinu um á annan milljarð króna, og auk vaxtahækkunar

upp á 11—12%, að því að sjálfsögðu slepptu, að ýmis og margháttuð önnur gjöld hafa verið stórkostlega hækkuð, en þar er að sjálfsögðu um að ræða hreina smámuni, samanborið við þetta þrennt, sem ég hef nú nefnt. Og allt þetta hefur gerzt og er að gerast undir þeim kringumstæðum, að lögbannað hefur verið, að launamenn hljóti nokkrar bætur fyrir hækkað verðlag.

Það er hægt að sjálfsögðu að skoða þetta á ýmsan hátt. Á s. l. ári nam söluskatturinn t. d. rúmlega 6 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu að meðaltali, en nú nemur hann rúmlega 14 þús. kr. að meðaltali á slíka fjölskyldu, eða hefur verið hækkaður um 8 þús. kr. Það er vissulega ekki að undra, þó að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hælist um yfir því, að tekjuskattur af lágtekjum muni verða afnuminn, þegar þetta skattaok kemur í staðinn.

Annars þóttu mér það athyglisverðar tölur, sem hæstv. ráðh. fór með hér í sambandi við tekjuskattinn, þegar hann taldi, að afnám hans af lágtekjum mundi nema 108 millj. kr. Það er nú ekki búið að fleygja öllum frv. frá fyrrv. hæstv. fjmrh. í ruslakörfuna. A. m. k. muna menn enn þá eftir því, að þar er allur tekjuskatturinn áætlaður 130 millj. kr., svo að samkvæmt þessum nýjustu tölum hæstv. fjmrh. virðast eiga að vera eftir af skattinum 22 millj. kr., og ég verð að segja, að ef það er rétt, sem reyndar stangast algerlega á við það fjárlagafrv., sem hann hefur lagt fram, þá verður skatturinn lækkaður á fleiri en þeim, sem hafa almennar launatekjur. En annaðhvort hlýtur þetta að vera rangt eða þá að byggt er á alröngum forsendum, þegar gert er ráð fyrir því, að tekjuskatturinn nemi nú 70 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir í sínu fjárlagafrv., svo að þarna fer eitthvað á milli mála í öðru hvoru tilfellinu.

Ég tel, að ekki fari á milli mála, að slíkur söluskattur sem hér er ráðgerður sé að gengisfellingunni slepptri ein aldrýgsta aðferð til dýrtíðaraukningar á almenna neyzlu og nauðþurftir. 3% kunna kannske í augum sumra að líta sakleysislega út á pappírnum. En þau síga í, þegar fátt er undanskilið skattheimtunni nema neyzluvatn og sem betur fer loftið, sem við öndum að okkur, a. m. k. er það ekki tekið fram, að greiða beri söluskatt af því. En athugandi er líka, að þessi skattur er í mörgum tilfellum ekki bundinn við 3% ein. Það eru miklar líkur til þess, og reyndar eru því gerðir skórnir að sumu leyti í grg. frv., að hann muni kannske ekki alltaf verða aðeins einu sinni lagður á, þó að það eigi að vera að jafnaði, eins og segir, enda sýnast mér nokkrar líkur á því, að hann muni geta verið tvöfaldur í ýmsum tilvikum. Hitt er að sjálfsögðu miklu veigameira, sem reynt er að leyna, að á öllum erlendum neyzluvörum og reyndar langflestum erlendum vörum verður samanlagður söluskattur í tolli og aftur í smásölu ekki 3%, heldur raunverulega 20 og jafnvel upp í 25%. Miðað við tollverð er lagður á 16.5% skattur. Ef gert er ráð fyrir 30% álagningu að meðaltali í smásölu og heildsölu samanlagt, sem er að sjálfsögðu allt of lágt, eða 20% umfram þau 10, sem strax eru lögð á, hækkar grunnurinn, sem 3% koma á, þannig að endanleg skattlagning verður ekki 16.5% plús 3%, sem mundi gera 19.5%, heldur 16.5% plús a. m. k. 4—5%, eða yfir 20% miðað við tollverð, og sennilega mundu 25% vera nær sanni í ýmsum tilfellum. Þetta þýðir, að söluskatturinn einn nemur ⅙—⅕ af öllu verði erlendra vara, þegar neytandinn kaupir þær í smásölu úr verzlun sinni, og er þá miðað við, að skatturinn sé aldrei innheimtur nema einu sinni, sem tæplega mun standast og reyndar er látið liggja að í grg. þessa frv., en áður var skatturinn á slíka vöru, eins og ég hef áður getið, 7.7% miðað við tollverð. Hér er því ekki um neitt smápot til lítilfjörlegs tekjuauka í ríkissjóð að ræða, heldur eitt stærsta skref, sem stigið hefur verið, til óþolandi verðþenslu í landinu. Okkur er að vísu sagt, að hér sé um bráðabirgðaákvæði að ræða, að því er snertir tvöföldun söluskattsins í tolli, en menn hljóta að spyrja, hvenær það hafi komið fyrir, að þvílíkri skattheimtu hafi verið létt af, þegar hún á annað borð hefur verið orðin staðreynd, enda mun það sannast mála, að það þarf meira en viljann til, þegar búið er að vinna slíkan skatt inn í verðlagið í landinu, og í þessu sambandi fer ekki heldur hjá því, að maður veiti því athygli í grg. frv., að það er aðeins heitið endurskoðun á málinu fyrir næsta Alþingi, en hvergi fullyrt, að um niðurfellingu á þessum skatti verði að ræða.

Í grg. frv. kemur fram nokkur afsökunartónn varðandi undirbúning frv. Sagt er, að skammur tími hafi verið til stefnu og því sé hér farin bráðabirgðaleið.

Þegar sjálft frv. er lesið yfir, hvarflar að manni sú spurning, hvort ekki hefði mátt stytta frv. í eina stutta setningu, sem hefði þá orðið eitthvað á þessa leið: Fjmrh. er heimilt að leggja á söluskatt allt að 16.5% á erlenda vöru í tolli og 3% að auki á innlendar vörur og þjónustu. Hann skal ráða, hverjar vörur séu skattskyldar og hverjar undanþegnar skatti. Hann skal og ákveða, hverjir greiði skattinn og hverjir ekki. Honum skal og veitast dómsvald í öllum málum, er skattheimtuna varða.

Þessi háttur hefði a. m. k. sparað það að taka fram tugum sinnum, ítreka og margendurtaka í nálega hverri grein frv. og jafnvel allt að 5 sinnum í sömu gr., að fjmrh. væri heimilt, fjmrh. gæti, að fjmrh. mætti o. s. frv., o. s. frv. breytt í mýmörgum atriðum frá meginefni laganna og lagað þau í hendi sinni eftir eigin geðþótta og síðast, en ekki síst, haft refsivaldið í hendi sér að verulegu leyti. Hefur maður þó í einfeldni sinni haldið, að hér á landi ætti dómsvald og framkvæmdavald að vera greinilega aðskilið.

Ég fæ ekki betur séð en b-liður 5. gr. tryggi ráðh. vald til þess að veita hvaða tilteknum flokkum aðila sem er skattfrelsi, ef honum býður svo við að horfa. 7. gr. veitir honum enn frekara vald til undanþágu. 18. gr. veitir svipað vald til handa ráðh. um undanþágur á söluskatti í tolli og honum hefur áður verið

veitt varðandi söluskattinn af innlendum vörum og þjónustu. 20. gr. ítrekar enn vald ráðh. til að veita undanþágur. Og svo er það loks 25. gr. Þar er hvorki meira né minna en ákveðið, að fjmrh. geti ekki aðeins, heldur sé skylt að taka sér dómsvald og ákveða sektir eftir málavöxtum, sektir allt að tífaldri upphæð við þá, sem tapazt kann að hafa vegna rangra upplýsinga framteljanda. Ráðh. er þarna falið að meta málavexti í brotamálum og ákveða refsinguna, þ. e. a. s., hann er í vissum tilvikum a. m. k. orðinn handhafi dómsvaldsins. Ef fordæmi finnst fyrir þvílíkri lagasetningu, væri vissulega fróðlegt að fá slíkt upplýst.

Í grg. frv. er söluskattinum m. a. fundið það til framdráttar, að hann sé svo auðskilinn og framkvæmd hans auðveld. Sannast held ég þó sagna, að þetta frv. beri þess ljósan vott, að sjálf framkvæmdin er svo flókin, að höfundar frv., hverjir sem þeir kunna að vera, hafa blátt áfram gefizt upp við að festa á blað nokkur fullnægjandi ákvæði um hana, en hafa farið út á þá braut að leysa vandann að verulegu leyti með nær ótakmörkuðu valdi til handa fjmrh., en að hinu leytinu með margföldun skriffinnsku, ekki aðeins er embættisfærslu skattyfirvalda áhrærir, heldur einnig í þeim hundruðum eða jafnvel þúsundum fyrirtækja, sem sjá eiga um greiðslu skattsins. Held ég þó, að víðs fjarri fari, að öll kurl séu í þeim efnum komin til grafar fyrr en allar reglugerðir, sem að þessu lúta, eru fram komnar. Ræði ég það ekki frekar á þessu stigi málsins, en vart hygg ég, að hjá því fari, að ýmsa, sem hér eiga hlut að máli, muni sundla við lestur 11.—16. gr. frv. og við tilhugsunina um allt það pappírs-, eyðublaða-, leyfa- og úrskurðaflóð, sem þar er til stofnað.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) hefur gert sér grein fyrir því, hvað hann sagði frá mikilvægu atriði í ræðu sinni áðan, ef rétt er, að frv. hafi verið dreift út um borg og bý, áður en því er útbýtt hér á Alþingi. Það eru mjög alvarleg tíðindi og ástæða til þess, að rætt sé um það mál frekar, en að þessu sinni skal ég aðeins vekja athygli á þessu án þess að ræða þetta mál nánar að sinni.

Ég mun ekki fara mörgum orðum um þetta frv. við þessa umr. eða í þetta skipti, sem ég tala. Það má með sanni segja, að skattamálastefna núverandi hæstv. ríkisstj. er orðin að eins konar furðufyrirbæri í íslenzkum stjórnmálum. Hún er eins og eins konar öfugmælavísa. Það er næstum því hægt að rekja það, að í aðgerðunum eftir kosningar er farið svo að segja nákvæmlega öfugt að samanborið við það, sem var talað og lofað og lýst yfir fyrir kosningar. Og nú er farið að brydda á þessu, að það, sem sagt er í grg. fjárlagafrv., eins og hefur verið komið hér að og hv. 5. þm. Norðurl. e. vék að, — það er farið að brydda á því, að það fær ekki staðizt heldur og ýmislegt af því, sem sagt er í bókinni Viðreisn, sem er send út um land, er orðið að hreinum ósannindum, þegar borið er saman við þær upplýsingar, sem koma fram núna.

Það er ekkert lítið alvörumál, og það er ástæða til að minnast á það og gera það meira að segja að alvarlegu umræðuefni, hvaða líkur eru til þess, að þessari hæstv. ríkisstj. hafi tekizt að velja rétta leið, þegar hún hringlar alltaf frá einu í annað, eins og kemur fram í þessu frv. og hefur komið fram í fleiri frv. hér á Alþingi. Stöðvunarstefnan er náttúrlega í augum þjóðarinnar orðin ekkert annað en skop. Allir sjá, að hér er svo fjarri þeirri stöðvunarstefnu, sem lýst var yfir fyrir kosningarnar, að með þessu frv. er stofnað á ný til enn þá meiri dýrtíðarflóðs en nokkurn tíma hefur verið stofnað til hér á landi.

Það var talað um það fyrir kosningarnar, — það er ekki ósennilegt, að það verði tekið inn í íslenzkt tímatal, því að fyrir kosningarnar og eftir kosningarnar eru tvö alveg ólík tímabil, — það er fyrir kosningarnar búið að hér út um allt land, hvílík spilling fylgdi því að hafa tekjuskattinn. Í blaði eftir blað eru birtar yfirlýsingar um, hvað þetta bákn kosti allt saman, hvað það séu margar nefndir, hvað það séu margir skattstjórar, hvað það sé mikil spilling. Fólkinu er sagt, að þetta verði allt saman vitanlega að afnema, og það átti að afnema tekjuskattinn, — við skulum ekki gleyma því, það gleymist fljótt í þessu flóði af yfirlýsingum, — það átti að afnema tekjuskattinn, það átti ekki að afnema hann af lægstu tekjum, það átti að afnema hann alveg og allt kerfið. Þetta átti að gera, vegna þess að hann var ranglátur. Svo fer að brydda á því eftir kosningarnar og eftir að stjórnarflokkarnir tala saman um stjórnarmyndun, þá fara menn að taka eftir og stinga saman nefjum á götu og spyrja: Hvað er um afnám tekjuskattsins? Þá er það, að hann skal felldur niður af almennum launatekjum. Hér kemur fyrst yfirlýsing frá forsrh., að það sé í samningunum, að hann sé felldur niður af almennum launatekjum. Menn spyrja: Hvað eru þessar almennu launatekjur? Eiga þá menn, sem stunda atvinnurekstur eins og bændur, sem samkv. málvenju hafa ekki launatekjur, heldur tekjur af sínum rekstri, ekki að komast undir þessi hlunnindi o. s. frv.? Þetta fer að gægjast fram, almennar launatekjur. En svo kemur í ljós, þegar þetta kemur allt saman í dagsljósið, að yfirlýsingarnar um afnám tekjuskattsins eru að engu hafðar. Það er ekki staðið við neitt þar frekar en annars staðar, og þetta er ekkert annað en leiðrétting, þar sem hækkuð er sú upphæð að verulegu leyti, sem er skattfrjáls af tekjum manna, og ekki nema eðlileg leiðrétting, eftir að krónan hefur fallið í verði með ýmsu móti hvað eftir annað, og verður ekki sízt nú við þessar ráðstafanir, eins og kunnugt er. Þá er þetta orðið að leiðréttingu, sem er þakkarverð og nauðsynleg. En menn skulu bara taka vel eftir því, að allt saman um skattsvikin, allt kerfið, sem líklegast er að innifeli í sér mestu spillinguna, það er allt saman eftir. Launatekjur liggja vana-

lega á borðinu fyrir framan skattstjórann, alveg upp á eyri, hvað launamenn hafa í tekjur, eða fólk, sem nú á að undanþiggja skatti, — það liggur á borðinu fyrir framan þá og hefur legið alla tíð. Það, sem er eftir af kerfinu, er einmitt það, sem felur í sér mestu líkurnar fyrir spillingu. Það er til eftir sem áður, og allt báknið, sem átti að fella niður, er skilið eftir. En í staðinn fyrir að létta af bákninu, sem kjósendum var sýnt fram á að kostaði þá ofurbyrðar að halda uppi, — því er öllu saman haldið, — þá á að setja á nýjan söluskatt í smásölu. Í stað þess að fella niður innheimtubáknið er búið til nýtt innheimtubákn til að innheimta söluskattinn, því að það skulu menn vita, og við Íslendingar erum því miður ekki svo löghlýðnir, við höfum ekki fengið orð fyrir það að vera sérstaklega löghlýðnir að því er snertir a. m. k. smærri yfirsjónir og smærri brot, og það er reynsla fyrir því, að það er ekkert barnameðfæri að innheimta söluskattinn í smásölu. Og það er reynsla fyrir því, að það verður ekki fámennur sá hópur, sem þarf til þess að passa upp á það allt saman. Þessu er réttilega lýst af hæstv. viðskmrh. fyrir nokkrum árum, þar sem hann sýnir fram á, að söluskattur í smásölu væri langsamlega ósanngjarnasti skattur, sem hægt væri að leggja á, og óeðlilegur á allan hátt, vegna þess að hann væri lagður á neytendurna, án þess að það kæmi nema hluti af honum inn í ríkissjóðinn. Eiginlega er það í samræmi við regluna, að því hefur verið lýst yfir, að þetta væri það, sem ekki mætti gera, og þess vegna á að framkvæma það nú. Víst er, að það næst talsvert af honum, það er mikið af heiðarlegu fólki í þessu landi, sem betur fer, og skatturinn er, fremur en nokkur annar skattur, skattur á heiðarleika. Þeir, sem eru annars sinnis en þess, að þeir kæri sig um að láta taka af sér þennan skatt, munu fara í kringum hann, og ef það er auðvelt að fara kringum skattalögin að því er snertir tekjur og tekjuskatt, verða áreiðanlega þeir menn, sem það hafa gert, ekki í neinum vandræðum með að komast í kringum þessi ákvæði.

Það hefur verið rakið hér af hv. 5. þm. Norðurl. e., hvernig þessi skattur er lagður á. Það er rétt, það er beinlínis tekið fram, að hann er ekki lagður á neyzluvatn og ekki heldur á mjólk, en það er í fyrsta skipti, að ég veit, að lagður er söluskattur á kjöt og fisk.

Það er þess vegna að mínu áliti að fara úr öskunni í eldinn, ef á að miða við það, að skatturinn sé innheimtanlegur, m. a. að leggja á söluskatt í smásölu, því að það mun reynast rétt, sem ýmsir hafa bent á áður og reynslan hefur sýnt og sannað. Þess vegna hefur þessi skattur verið afnuminn, eftir að stjórnir höfðu reynt, að þessi skattur leggst á almenning, lendir í vasa þeirra manna, sem vilja svíkja hann, en kemur ekki nema nokkur hluti af honum inn í ríkissjóðinn. Þetta verður niðurstaðan.

Það var bent á það hér áðan, og ég hafði veitt því eftirtekt, að í grg. fyrir fjárlagafrv. er sagt, að ekki sé áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, og náttúrlega er það í samræmi við annað, að það fær ekki staðizt, það er breytt alveg þveröfugt við það, sem lofað er í grg. fyrir fjárlagafrv. Þetta er að verða, eins og ég gat um áðan, að algildri reglu. Það má benda á fleiri dæmi því til stuðnings. Nú í morgun hitti ég mann, sem er allkunnugur ýmsum málum, m. a. útflutningsverzluninni. Hann fullyrti við mig, að nú væru að koma nýjar tölur að því er snerti útflutningssjóðinn. Hugsið ykkur, að það hefur aldrei verið hægt fyrir þingmenn að fá áreiðanlegar tölur viðkomandi afkomu útflutningssjóðs, sem er þó m. a. grundvöllurinn undir því, að það þarf að gera þessar breytingar. Nú eiga kannske að koma nýjar tölur þar.

Hér segir fjmrh., að tekjuskatturinn, sem ekki er gefinn eftir, lækki um 110 millj. Hvers konar meðferð á tölum er þetta? Áður er sagt, að það séu 75. Í fjárlagafrv., sem fyrrv. fjmrh. lagði fram áður með skattinum, er hann talinn 130 millj., í núverandi frv. er hann talinn 70 millj., mismunurinn 60 millj. Eftir fjárlagafrv. tveimur er reiknað með því af fjmrh., að það séu gefnar þessar 60 millj. Svo kemur fjmrh. og fullyrðir það hér í þessari hv. d., að það séu gefnar eftir 110 millj. Það fær ekki staðizt, að gefnar séu eftir 110 millj., nema með því móti, að það sé farið með vísvitandi rangar tölur í fjárlagafrv. **(Gripið fram í:** Hvort tveggja er rétt.) Ja, það er svo sem eftir öðru í þessari speki, að það sé líka rétt. En ætli það sé ekki álíka rétt og áætlanirnar, sem voru birtar um söluskattinn? Ég geri ráð fyrir því. Og það yfirklór er aumkunarlegt að hlusta á hér, þar sem stendur, að áætlanirnar um söluskattinn hafi verið rangar af því, að það hafi ekki verið búið að gera það upp í ríkisstj., hvort það yrðu 3 eða 4%. En í grg. fyrir fjárlagafrv. eða dýrtíðarráðstöfununum, — ég man ekki hvort heldur það var, — er beinlínis sagt frá því, að þessi 3% geri þessa upphæð, en nú er verið að klóra yfir það með því að segja, að ekki hafi verið búið að ákveða, hvort það yrðu 3 eða 4%, og eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. benti á, er búið að senda viðreisnargrg. út um allt land og sagt, að öll frv. séu tilbúin. Þetta er í samræmi við annað. Svo kemur fjmrh. hér og segir, að það hafi ekki verið búið að ákveða, hvort það yrðu 3 eða 4%, og það sé m. a. ástæðan fyrir reikningsskekkjunni.

Söluskatturinn, sem lagður er á, er hvorki meira né minna, eins og bent hefur verið á, en um 16.5%, og það, sem náttúrlega skiptir miklu máli í þessu sambandi og er alveg furðulegt að ekki skuli koma fram í grg., er það, sem ég hef nú bent á. Þegar gerð var grein fyrir verðhækkununum vegna gengisbreytingarinnar, var gerð grein fyrir verðhækkun vegna gengisbreytingarinnar einnar. Það mátti að vísu álíta, ef grg. var ekki vandlega lesin, að sú hækkun, sem gert var ráð fyrir, væri af völdum ráðstafananna í heild. En það stóð alltaf í grg., og það er þakkarvert, að þær hækkanir, sem þá voru tilteknar, þar sem ég efast mjög mikið um, að farið sé með réttar

tölur, þær voru vegna gengisbreytingarinnar, en það var ekki reiknað með hækkun, sem yrði á söluskattinum, og ekki með þeirri hækkun, sem verður á söluskatti af innflutningi.

Í grg. fyrir þessu frv. er hvergi minnzt á það, hvaða hækkun verði af þessu, — hvergi einu orði. En það, sem skiptir meginmáli, eru vitanlega þær verðhækkanir, sem verða í þessu sambandi, og þess vegna vil ég skora á hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir því. Það dylst engum manni, að það er meginatriðið. Meginatriðið er, hvað hækkanirnar eru miklar og hvort almenningur fær risið undir því ægilega dýrtíðarflóði, sem stofnað er til með álögunum í þessu frv., ef að lögum verður. Ég vænti þess að fá greinileg svör við þessu, því að ég endurtek, að þetta er meginatriðið, og ef það koma ekki svör við því núna, vegna þess að þau séu ekki á reiðum höndum, er nauðsynlegt, að þau komi fram og verði gerð grein fyrir þeim af hæstv. fjmrh. í þeirri n., sem hefur þetta mál til meðferðar.

Það eru ýmsir, sem hafa verið þeirrar skoðunar, að þjóðin mundi með naumindum þola þá kjaraskerðingu, sem varð og verður, kemur fram í hækkunum daglega, við gengisbreytinguna, vaxtahækkunina, samdrátt atvinnu í landinu o. s. frv. Það eru ýmsir, sem efast um, að almenningur fái undir því risið án þess að gera sínar ráðstafanir til þess að mæta þeim álögum. En þegar við þetta bætist í ofanálag hækkun söluskattsins á annað hundrað prósent, trúi ég ekki öðru en það hvarfli að hinum hyggnari mönnum í ríkisstj., að hér hafi boginn verið spenntur svo, að ekki sé lítil hætta á, að hann bresti.

Það veltur vitanlega mikið á því að gera allar þær ráðstafanir, sem gera þarf í sambandi við þær fjárhagsráðstafanir, sem nauðsynlegt var að gera, — það veltur mikið á því, að þær séu gerðar þannig, að ekki sé farið lengra ofan í vasa almennings en nauðsyn krefur, að ekki séu lagðar þyngri byrðar á bak almennings en óhjákvæmilegt er. En það er engu líkara, þegar maður skoðar þessar ráðstafanir í heild, gengisbreytinguna, sem er óhófleg, ráðstafanir, sem eru gerðar í sambandi við hana, og þetta seinasta afrek að hækka söluskattinn á annað hundrað prósent, en þær séu beinlínis gerðar til þess að ögra almenningi í þessu landi. Og þess vegna er það, að ég og við framsóknarmenn munum að sjálfsögðu beita okkur gegn þessu frv. til hins ýtrasta, því að ef það verður að lögum, endurtek ég það, að það er gengið svo langt, að hætt er við því, að boginn bresti.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta frv. til laga um söluskatt var lagt fram á Alþingi í gær síðdegis, svo að hv. alþm. hefur ekki unnizt mikill tími enn til að athuga það ofan í kjölinn. Ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, er hann vítti það háttalag hæstv. ríkisstj. að senda frv. hinum og öðrum aðilum úti um allt land til athugunar og aths., löngu áður en það er lagt fram á þingi. Mér er kunnugt um, að fjmrn. sendi Verzlunarráði Íslands til athugunar drög að frv. til laga um söluskatt það snemma, að verzlunarráðið gat svarað og komið sínum aths. á framfæri í bréf 7. marz, eða tveimur dögum áður en frv. er lagt fram hér á þingi. Ég mun ekki ræða þetta frv. mikið í einstökum atriðum, en fara um það nokkrum almennum orðum.

Eins og kunnugt er, er þetta frv. til laga um söluskatt eitt nýmæla hæstv. ríkisstj., þeirrar er nú situr, og einn liðurinn í aðgerðum hennar gegn almenningi í þessu landi. Koma þess var boðuð fyrir löngu í fjárlagafrv., þar sem nýr skattur á vörusölu og þjónustu innanlands er áætlaður 280 millj. kr. að upphæð, og er sami fagnaðarboðskapur síðan endurtekinn í grg. frv. til l. um efnahagsmál. Þetta frv. kemur því engum með öllu að óvörum, og þó hefur verið beðið eftir því með nokkurri óþreyju. Mönnum var forvitni á að sjá, hvernig tilhögun þessarar skattlagningar yrði háttað í einstökum atriðum, og auk þess var það farið að kvisast, að einhver snurða hefði hlaupið á þráð þessa skattamáls og gerði hæstv. ríkisstj. erfitt fyrir. Var opinberlega um það rætt, að 100 millj. kr. skekkja hefði fundizt í útreikningum sérfræðinganna og kostað bæði tíma og fyrirhöfn að fylla upp í það skarð.

Í hvítri bók hæstv. ríkisstj. er einnig minnzt á söluskatt. Er sagt í þessari „viðreisnarbók" stjórnarinnar, að hún áformi afnám þess 9% skatts, sem innheimtur hefur verið af iðnaðarframleiðslu og þjónustu, og hún muni þess í stað fá lögfestan nýjan söluskatt. Viðreisnin á þessu sviði er þá sú, að í stað gamals söluskatts kemur nýr söluskattur. Um leið og söluskattur er afnuminn, er nýr og raunar miklu hærri söluskattur lögleiddur.

Allt skraf stjórnarflokkanna um viðreisn í efnahagsmálum er fyrir löngu farið að láta í eyrum sem hrein öfugmæli eða þversögn. Hafi þjóðin fyrir kosningar trúað til hálfs fagurgalanum um leið þessara flokka til bættra lífskjara, er sú trú nú gersamlega horfin og í hennar stað kominn uggur og vonleysi. Þegar með fjárlagfrv. síðara sýndi hæstv. ríkisstjórn framan í sína réttu ásjónu. Enn betur gerði hún það með efnahagsmálafrv. Og ekki batnar myndin við það skattpíningarfrv., sem hér er sýnt. Á leið hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum hleðst nú hver varðan af annarri, er sýnir ótvírætt, hvert stefnir. Það er sýnt og augljóst, að leiðin liggur ekki til viðreisnar og bættra lífskjara, ekki almennings a. m. k., heldur liggur hún í þveröfuga átt, til hnignunar og versnandi afkomu alþýðunnar í landinu.

Í vetur var söluskattur ræddur lítillega hér í hv. Ed. og sérstaklega á það bent, hve óvinsæll einmitt þessi skattur væri og að óvinsæll væri hann að verðskulduðu. Hann er að vísu innheimtur miskunnarlaust hjá neytendum vöru og þjónustu. Innheimtuna annast mikill sægur fyrirtækja og einstakinga, sem síðan eiga að gera ríkissjóði skil. En það er misjafn sauður í mörgu fé, og þó að neytendur séu látnir greiða hvern eyri þess skatts, er

ekki víst, að öllu sé jafnvel til skila haldið, þegar að ríkissjóði kemur. Það hafa þótt mikil vanhöld á þessum skattpeningi og hann talinn ódrýgjast mikið á leiðinni frá neytendum til ríkissjóðs. Hefur vitundin um þetta ekki hvað sízt gert þessa skatttegund óvinsæla öðrum sköttum fremur. En hæstv. ríkisstj. setur ekki slíka smámuni fyrir sig. Í hennar höndum kemst nú þessi rangláti skattur fyrst í algleyming. Áður var hann takmörkunum háður, en nú skal hann gerður algildur að heita má. Með þeirri ráðstöfun kann einhverjum að vera búin viðreisn, en efnahag neytenda í landinu er það áreiðanlega engin viðreisn. Almennur söluskattur er neyzluskattur af verstu tegund. Hann leggst þeim mun þyngra á, sem efnahagur fólks er lakari. Hann er búhnykkur óprúttnum milliliðum, og hann heimtist illa í ríkissjóðinn. Það er einkennilegt og kannske einkennandi, að hæstv. ríkisstj. skuli einmitt hafa sérstakt dálæti á slíkum gjaldstofni.

Hæstv. stjórn tilkynnir það með stórum stöfum í hvítu bókinni, að tekjuskattur verði felldir niður, en hún skráir það ekki feitu letri, að hún ætli sér að vinna það margfaldlega upp með álagningu óbeinna skatta óendanlega. Beinir skattar eins og tekjuskattur eru miðaðir við greiðsluþol hvers eins, en með óbeinum sköttum er engum hlíft og sízt þeim, sem fátækir eru.

Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir nú, skal greiða söluskatt með tvennu móti. Fyrst skal greiða 16.5% söluskatt af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Þessi tegund söluskatts er þegar til og nemur 7.7% og hækkar því úr 7.7% upp í 16.5%. Síðan bætist við þetta nýr söluskattur, sem nemur 3% og leggst á útlenda og innlenda vöru selda í smásölu og hvers konar starfsemi eða þjónustu í landinu að heita má. Þetta er nýmælið, nýjasti fagnaðarboðskapur hæstv. ríkisstj., söluskatturinn almenni, sem leggst eins og „líknandi“ hönd yfir allt viðskiptalíf í landinu. Á næstum hvert viðvik, sem unnið er, skulu lögð 3%, og við afhendingu allrar seldrar vöru skal kaupmaðurinn krefja neytandann um 3% aukreitis.

Það skal tekið fram, að af 8.8% viðbótarsöluskattinum af innfluttri vöru á fimmtungur að renna til sveitarfélaga á sama hátt og ⅛ hluti skattsins af innlendum viðskiptum rennur til þeirra. Sú ákvörðun gefur greinilega til kynna, að skekkja hafi á síðustu stundu fundizt í fyrri útreikningum um 56 millj. kr. sveitarfélögum til handa og að sú skekkja hafi verið ríkissjóði og sveitarfélögunum í óhag. Og því er nú lappað upp á frv. á síðustu stundu með þessari 8.8% hækkun.

Frumvarpshöfundur, sem er ríkisstj., er sýnilega mjög hreykinn af þessu verki sínu, frv., einkum ákvæðunum um 3% skattinn. Það er talað um einstigsskatt, neyzlustigsskatt og söluskatt á síðasta stigi viðskipta. Hróðugur skýrir frumvarpshöfundur frá því, að þetta einstigskerfi hafi Norðmenn og Svíar tekið upp eftir ýtarlega athugun þessara mála. En frumvarpshöfundur sleppir því hins vegar, að þetta kerfi sætti harðri gagnrýni með þessum þjóðum og um það urðu miklar og harðar deilur, áður en tókst að þvinga það fram.

Frumvarpshöfundur reynir einnig í grg. að telja fram ýmsa kosti þessa skattkerfis, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér í ræðu áðan, en hræddur er ég um, að sú tilraun verki lítið sannfærandi á lesandann og áheyrandann.

Greiðendur þessa skatts eru að sjálfsögðu allir neytendur vöru og þjónustu. Þeir, sem vöruna og þjónustuna selja, eru ekki greiðendur, eins og sagt er á bls. 10 og bls. 11 hér í frv., heldur eru þeir innheimtumenn. Þeir eru margir og eins og gengur misjafnir að gæðum. Er réttilega á þann galla minnzt í grg. Nokkur hluti þessara innheimtumanna og kannske stór hluti þeirra hefur ófullkomið bókhald, og margir þeirra eru auk þess alls ekki bókhaldsskyldir, en samkv. bókhaldinu og engu öðru eiga þeir að standa ríkissjóði skil á skattinum.

En þrátt fyrir alla sjálfsánægjuna ber grg. frv. með sér, að í raun og veru skortir ekki á réttan skilning á því, að þetta verk, frv., sé eða kunni að vera eigi lítið gallað. Þeir ágætu menn, sem málin undirbjuggu, fengu lítinn tíma til að fjalla um þetta margbrotna mál og kvarta undan því. En það var mikið rekið á eftir, eins og í grg. segir. Þess vegna er því heitið, að unnið verði áfram að málinu, og er ekki nema gott um það að segja. En hæstv. ríkisstj. setur fátt fyrir sig og mun ætla að knýja hér fram þetta hálfkaraða frv. með öllum hugsanlegum vafaatriðum þess og öðrum ágöllum.

Hæstv. ríkisstj. á þegar að baki sér mikla afrekaskrá að ýmsu leyti. Hún er sem sé alltaf að slá gömul met, bæði eigin met og annarra. Söluskattur af innflutningi var 7% af tollverði að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10%. Þetta gamla met ætlaði hæstv. ríkisstj. að láta standa. Í grg. fyrir fjárlagafrv. síðara segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“ Þannig var áformað að hækka ekki þennan söluskatt. En hæstv. ríkisstj. getur ekki á sér setið. Þegar um álögur á almenning er að ræða, halda henni engin bönd. Á síðustu stundu augsýnilega, eftir að frv. er fullsamið, lætur hún skeyta aftan við það ákvæði um 8% til viðbótar 7% söluskatti af allri innfluttri vöru, hækkar hann m. ö. o. upp í 15%. Minna mátti nú gagn gera. Sú grein er gerð fyrir þessari hækkun, að skattur þessi geti ekki komið til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið á árið. Sama endurtók hæstv. fjmrh. í ræðu sinni áðan. En ég spyr: Kom nokkrum það á óvart í janúar, var það ekki öllum ljóst í ársbyrjun og meira að segja fyrir áramót, að þessi nýi söluskattur, ef koma ætti, gæti ekki náð til alls ársins 1960? Þetta hlýtur að vera fyrirsláttur. En hitt má vera, að á síðustu stundu hafi fundizt skekkja í fyrri útreikningum, einhver mínus, sem vinna varð upp. Þetta hækkunarákvæði í halanum á frv. mun

kosta neytendur í landinu hátt á annað hundrað millj. kr. En hvað munar almenning um það? Ekki verður hann hvort eð er rúinn meira en að skinninu.

Það er líklega vegna naums undirbúningstíma, að ýmislegt í þessu frv. er næsta óákveðið og að ráðh. eru veittar víðtækari heimildir til frávika en venjulegt er. Ráðh. getur ákveðið frávik frá hinu rómaða kerfi hins síðasta stigs ótakmarkað, sbr. 8. og 20. gr. frv. Ráðh. er heimilt að undanþiggja vörutegundir söluskatti við innflutning að eigin vild og ótakmarkað, sbr. 18. gr. Ráðh. getur einnig ákveðið að undanþiggja söluskatti vörur og þjónustu, ef hann telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Og loks er ráðh. gert að ákveða hæð sekta, þegar skattskyldur aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skýrir rangt frá um söluskatt, sem hann hefur veitt viðtöku og honum hefur verið trúað fyrir.

Það er ekkert smáræðisvald, sem ráðh. er veitt, hvort sem það er nú gert í þeim tilgangi, að hann bæti úr brestum þessara hraðsömdu væntanlegu laga, eða í því felst tilhneiging til að gera ráðh. sem óháðastan lagabókstafnum yfirleitt.

Ég hef, eins og ég tók fram í upphafi, ekki skoðað þetta frv. niður í kjölinn, til þess hefur ekki verið tími, aðeins lesið það lauslega, en mér kæmi ekki á óvart, að unnt verði að benda á sitthvað áfátt í því af mönnum, sem til þess hafa betri skilyrði en ég.

Að lokum vil ég segja þetta: Hér er um að ræða eitt stærsta og mesta skattpíningarfrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi. Með þeim ráðstöfunum, sem í því felast, eru ríkissjóði áætlaðar nálægt 500 millj. kr. a. m. k. En enginn hefur hugmynd um, hve miklu hærri upphæðin er, sem almenningur í landinu, neytendurnir, verður að borga í samræmi við ákvæði þess. Þessar ráðstafanir eru sannanlega gerðar í flaustri og ekkert hirt um að vanda til verksins, svo er hæstv. ríkisstj. brátt í brók með skattpíninguna. Hvers vænta má af slíku hugarfari, sem hér birtist, og þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru, er ekki vandséð, það er illt eitt. Enginn veit þó nú, hve miklu illu þetta álögufargan og þetta fljótræði getur komið til leiðar. Úr því verður reynslan ein að skera.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram hið boðaða söluskattsfrv. hæstv. ríkisstjórnar, sem nú er hér til 1. umr. Og það er ekkert undarlegt, þó að menn furði nokkuð á því flestu, sem stendur í þessu frv., ef það er borið saman við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur sagt í grg. annarra frv., svo sem fjárlagafrv. og efnahagsmálafrv.

Hæstv. ráðh. leitaðist við að gera grein fyrir, hvernig á því stæði, að nú þyrfti að rifta þeim fullyrðingum, sem fólust í fjárlagafrv., að ekki yrði hróflað við innflutningssöluskattinum, þessum 7.7%, sem eru í gildi. En það er það, sem er einna merkilegast við þetta frv., að hér er stofnað til stórkostlegra álaga á þjóðina með nýjum söluskatti, sem búið var af hálfu hæstv. ríkisstj. að fullyrða að yrði ekki lagður á. Skýringar hæstv. fjmrh. á því, vegna hvers hæstv. ríkisstj. hafi nú orðið að bregðast svona við, voru ekki ljósar að mínum dómi. Ég gat ekki fundið nægjanlega skýringu í þeim ummælum hans. Hann nefndi 3 atriði:

Í fyrsta lagi, að rætt hefði verið um að hafa söluskattinn 3—4%, þennan sem áætlaður er með 280 millj. kr. tekjur á fjárlagafrv. Ekki getur þetta valdið miklu, fyrst það var talað um 3 eða 4%. Og allur almenningur hefur reiknað með 3%, enda ekki farið dult með, að það hafi verið ætlunin.

Annað atriðið, sem hæstv. ráðh. nefndi, var, að víðtækari undanþágur væru í þessu frv. en upphaflega hefði verið hugsað sér, og nefndi hann í því sambandi byggingarvinnu. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. hefur þá hugsað sér fyrr í vetur að leggja söluskatt á byggingarvinnu, en hefur af einhverjum ástæðum séð sig til neydda að hætta nú við það. En hvað gerir hún í staðinn? Er hún ekki að leggja 8.8% á byggingarefni, og er hún ekki að leggja 3% söluskatt á alla þá vinnu við byggingar, sem ekki er unnin á staðnum, þ. á m. ýmsar innréttingar í hús og þess háttar? Og hvort er nú betra? Ég spyr. Ekki held ég, að þetta sé veigamikið atriði.

En ég hygg, að það atriði, sem hæstv. ráðh. hafi viljað leggja mesta áherzluna á og sé aðalröksemdin fyrir því, að þarna hafi hæstv. ríkisstj. orðið að snúa við frá þeirri leið, sem hún ætlaði sér að fara um söluskattinn, sé sú, að það sé liðið nokkuð á árið og ríkisstj. njóti því ekki tekna af þessum söluskatti eins mikinn hluta ársins og ætlað var, enda stendur þessi röksemd í grg. frv. Hitt er óvefengjanlegt, að hæstv. ríkisstjórn var búin að áætla þennan söluskatt 280 millj. Þannig stendur það í fjárlagafrv., sem var lagt fram í byrjun febrúar.

Ég verð því að spyrja hæstv. ráðh.: Var sú upphæð í fjárlagafrv. miðuð við allt árið 1960? Voru þessar 280 millj. miðaðar við allt árið 1960? Hefur þess vegna orðið þessi breyting á, að nú eru senn liðnir 2½ mánuður af því ári, sem ekki hefur notið þessa söluskatts? Ég verð að segja, að það er með öllu útilokað, að þetta hafi verið svo. Hæstv. ríkisstj. gat ekki reiknað með 12 mánaða notum af þessum söluskatti, þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að til þess að fá þennan söluskatt þurfti að samþykkja lög á Alþingi. Í öðru lagi vegna þess, að hæstv. ríkisstjórn sá fyrir því í nóvembermánuði, að enginn alþm. væri tiltækur til að samþykkja þessi lög fyrr en eftir janúarlok. Í þriðja lagi er það sýnt, að ekki var farið að semja þetta söluskattsfrv. fyrr en einhvern tíma í febrúar, fyrst það kemur ekki fram fyrr en 9. marz. Þetta færir mér heim sanninn um það, að áætlunin um 280 millj. kr. tekjur af söluskatti getur ekki verið miðuð við lengri tíma en 10 mánuði ársins 1960. Hvernig mætti það líka vera, að hæstv. ríkisstj. hafi farið að áætla sér tekjur af söluskattsfrv., sem var ekki til í janúarlok og ekki til í febrúarlok? Þessar 280 millj., sem standa í fjárlagafrv., hljóta því að mínum dómi

að vera áætlaðar tekjur af 10 mánuðum ársins 1960.

Hin atriðin, sem hæstv. ráðherra afsakaði hæstv. ríkisstj. með, voru þau, að talað hefði verið um 3—4% og undanþágurnar. Þau eru það veigalítil, að ég held, að það nægi ekki til að rökstyðja þessar nýju álögur af 8.8% innflutningssöluskatti.

Ég vildi gjarnan biðja hæstv. forseta að hlutast til um, að hæstv. ráðh. gæti verið hér við, ef mögulegt væri, þar sem enginn annar hæstv. ráðh. er viðstaddur. **(Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur líklega farið í símann.) Já, mjög trúlegt. **(Forseti:** Þarna kemur hann.)

Mér þætti vænt um, að hæstv. fjmrh. leiðrétti það, ef ég fer með rangt mál, að söluskatturinn, er um getur í fjárlagafrv., sé miðaður við 10 mánuði ársins 1960. En ef þetta er aftur á móti rétt hjá mér, að svona sé það, er hæstv. ríkisstj. ekki búin að tapa nema tæpum hálfum mánuði af þeim tíma nú, og ekki á að þurfa stórkostlegar álögur á þjóðina til að bæta upp það tap á söluskattinum. Jafnvel þó að þetta frv. næði ekki því að verða samþ. fyrr en í mánaðarlok, væri það aldrei nema einn mánuður, sem munaði á því, sem hlýtur að hafa verið áætlað með, og því, sem verður í raun og veru, kannske ekki nema 20 dagar. Og samkv. áætlun hæstv. ríkisstj. sjálfrar um það, hvað þessi söluskattur átti að gefa, nemur eins mánaðar tímabil ekki nema 28 millj. og enn þá minna fyrir skemmri tíma.

En hvað miklu nemur 8.8% innflutningssöluskattur samkv. þessu frv.? Um það hefur maður nokkurn veginn örugga heimild, því að hæstv. ríkisstj. hefur skýrt frá því í fjárlagafrv., að núv. söluskattur, 7.7%, nemi 154 millj., og þá hlýtur 8.8% skattur að nema 176 millj. yfir heilt ár. Komi þetta frv. ekki til framkvæmda sem lög fyrr en um næstu mánaðamót eða standi í 9 mánuði, verða tekjur ríkissjóðs af þessum 8.8% söluskatti samkv. þessu um 132 milljónir. Þetta eru nýjar álögur, sem kunna að mæta í hæsta lagi eins mánaðar skekkju á fyrri áætlun hæstv. ríkisstjórnar. Ég get því ekki séð, hvernig það fær staðizt hjá hæstv. ráðherra, að hér sé ekki um nýjar álögur að ræða. Það virðist mér með öllu útilokað.

En hvað verður nú söluskatturinn á Íslandi orðinn mikill á heilu ári samkv. þessu frv. og gildandi lögum? Sé það rétt áætlun hjá hæstv. ríkisstjórn sjálfri í febrúarbyrjun, að 3% söluskattur nemi 280 millj. á 10 mánuðum, að núverandi 7.7% söluskatturinn nemi 154 millj. og að 8.8% nýr söluskattur nemi 176 millj. á heilu ári, er söluskattur alls orðinn 666 millj. á heilu ári, og er gott að muna þá tölu. Aftur á móti verður hann það ekki á þessu ári, því að frá dragast, eins og áður er sagt, þrír mánuðir af þessu ári í 3% söluskattinum og 3 mánuðir væntanlega í 8.8% söluskattinum. En ég get ekki betur séð en samt verði tekjurnar af þessum söluskatti alls yfir 500 millj., svo framarlega sem áætlanir og fullyrðingar hæstv. ríkisstj. sjálfrar eru réttar, og kemur þetta nokkuð heim við það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) sagði hér áðan. Það má að vísu segja, að frá þessari upphæð megi draga þann hluta af núverandi 9% söluskatti, sem rennur í ríkissjóð og mun nema 35 millj. Það má ekki draga hinn hluta þess söluskatts frá, sem runnið hefur í útflutningssjóð, því að gengislækkunin sjálf á að mæta þeim gjöldum.

Þegar á það er litið, að þetta bætist ofan á það, sem áður var komið, gengislækkun, sem mun hafa í för með sér allt að 600 millj. kr. verðhækkun á innfluttum vörum alls yfir eitt ár, hækkun fjárlaganna, vaxtaokrið, lánsfjárkreppuna o. s. frv., þá verður manni líkt að orði og karlinum, að lengi getur Brúnka borið byrðarnar hans Dala-Jóns. En þetta atriði, sem hæstv. fjmrh. skýrir nú frá, að ríkisstj. hafi orðið að hverfa frá sínum fyrri yfirlýsingum, það tel ég öllu alvarlegra. Hví segir hún skýrum stöfum í grg. með fjárlagafrv., að ekki verði haggað við núverandi söluskatti af innflutningi, en kemur svo með hækkun, sem nemur meira en 100%. Það gefur manni til kynna, hvort ekki megi búast við því, að eitthvað fleira kunni að bregðast af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur sagt. Verður nú engu breytt jafnvel um sjálfar fjölskyldubæturnar, sem nú eru til umræðu í hv. Nd.? Verður nú engu breytt um hið boðaða tekjuskattsfrv.? Við hvað verður staðið af því, sem búið er að lýsa yfir, og við hvað ekki?

Ég hef hér í fáum orðum gert grein fyrir því, hvað ég tel að þetta séu miklar álögur á þjóðina, og reikna ég þá út frá þeirri áætlun, sem hæstv. ríkisstjórn gerði sjálf og birt er í fjárlagafrv. En til þess að taka af allan vafa vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af þessum söluskatti, þeim 3% söluskatti, sem hér er lagt til? Hann mun hafa sagt áðan, að ríkisstj. geri ráð fyrir, að söluskatturinn til samans nemi þeirri upphæð, sem stendur í fjárlagafrv., 280 millj., m. ö. o., að sú upphæð er nú allt í einu orðin 132 millj. kr. lægri en hún var áætluð fyrir rúmum mánuði. En ég vil undirstrika það, að ég tel óhjákvæmilegt, að hv. þm. fái um það upplýsingar hjá hæstv. ríkisstj., hvað er áætlað að þessi 3% söluskattur nemi miklu á heilu ári eða, ef hann vill heldur, á 9 mánuðum. Á að skilja það svo, að það séu 280 millj. mínus 132, eða hvað er það? Það er það minnsta, að hv. þm. fái að vita annað eins og þetta, ef það er rétt, að óviðkomandi mönnum utan þings hafi verið sent þetta frv., áður en alþm. fengu að sjá það.

Í grg. með efnahagsmálafrv. hæstv. ríkisstj. er svo sagt á bls. 20, með leyfi hæstv. forseta, þegar verið er að gera grein fyrir væntanlegum verðhækkunum: „Séu teknar þær innfluttu vörur, sem í vísitölu eru, verður meðalhækkun þeirra sennilega 25%.“ Ég efaðist mjög um það, að þetta mundi vera rétt, þegar það mál var hér til umræðu. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Eru 8.8% reiknuð þar með, sem nú er verið að leggja á innfluttar vörur? Væntanlega ekki. Þá hefur sennilega ekki verið búið að upphugsa þau. Hvað hækkar þá innflutt vara, þegar þessum 8.8% er bætt við?

Þessi skattur leggst á tollverð vörunnar, þ. e. fob-verðið, flutningsgjaldið, vátrygginguna og alla tollana, m. ö. o. svo að segja allt nema álagninguna. Mér virðist, að sú hækkun geti orðið á nauðsynjavöru t. d. allt upp í 8%, og ég sé ekki betur en þetta verði alveg viðbót við þessi 25%, sem hæstv. ríkisstj. sagði að innfluttar vörur mundu sennilega hækka um, þegar efnahagsmálafrv. var til umræðu. Í grg. þess frv. var þá líka sagt: „Innlendar landbúnaðarafurðir munu væntanlega hækka um 12%.“ Nú á að fara að leggja söluskatt á kjöt, kartöflur, rófur, allt grænmeti, smjör, osta, skyr. Hækka þá þessi 12%, sem verið var að tala um um daginn, ekki eitthvað? Í grg. þessa sama frv., efnahagsmálafrv., var líka sagt á bls. 21: „Hins vegar verður hækkun vísitölunnar allrar líklega ekki meiri en 13%.“ Breytist ekki þessi tala við þessi bjargráð? M. ö. o. lítur út fyrir, að allir útreikningar, sem hæstv. ríkisstj. var með fyrir rúmum mánuði, standist nú ekki lengur, þegar þetta frv. er komið til. Og loks vil ég minna á það, sem stendur í grg. efnahagsmálafrv. á bls. 22: „Með þessum ráðstöfunum er það tryggt, að kjör fjölskyldna, sem hafa um 60 þús. kr. tekjur og í eru þrjú eða fleiri börn, verði ekki skert.“ Var búið að reikna með þessum „bjargráðum“ þá? Verða lífskjörin ekki skert nú? Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þau verða enn skert með þessum ráðstöfunum, sem hér eru á ferðinni.

Þá eru boðaðar hér tekjuskattslækkanir. Stundum eru það 110 millj., stundum eru það 70 millj. En látum það vera, þó að ekki séu sömu tölur alls staðar. En hverjir njóta þessarar tekjuskattslækkunar, sem í vændum er? Eru það láglaunamennirnir, sem njóta þeirrar lækkunar fyrst og fremst? Eru það þeir, sem nú fá meiri skerðingu á lífskjörum sínum en 13%, sem fá meiri hækkun á innfluttum vörum en 25%, sem fá meiri hækkun á landbúnaðarvörum en 12%? Eða eru það hátekjumenn? Hví lætur hæstv. ríkisstj. ekki tekjuskattsfrv. sitt fylgja þessu frv., svo að maður geti borið þetta saman? Ég gæti trúað, að það hefði orðið skemmtilegur lestur. Mig grunar, að það frv. eigi ekki að lækka neitt gífurlega gjöldin á lágtekjumönnum, heldur á hátekjumönnum, svo að þetta er óneitanlega snillibragð fyrir viss sjónarmið, að afnema tekjuskatt á láglaunamönnum og setja á söluskatt í staðinn, ekki bara 3%, heldur hækka 7.7% upp í 16½%. Þetta held ég að séu aumu skiptin. En tölulega verður þetta ekki borið saman, fyrr en tekjuskattsfrv. kemur fram. Og mér dettur í hug að spyrja, þó að það sé kannske ekki nærgætnislegt: Datt hæstv. ríkisstj. ekki í hug að hætta heldur við tekjuskattslækkunina sína en skella á þessum söluskatti?

Ég skal ekki fara út í einstakar greinar þessa frv. við þessa umr., en aðeins drepa á örfátt.

Í 3. gr. frv. er sagt frá, hvaða vara er skattfrjáls og hvað ekki, og lögmálið, sem byggt er á í þessu frv., kvað heita „síðastastigslögmál“ eða eitthvað svoleiðis. Og í grg. frv. er sagt, að söluskatt eigi ekki að greiða af vöru eða þjónustu fyrr en á síðasta stigi, þ. e. þegar varan er að lokum seld neytanda. Þó segir hér í 3. gr., að ákvæði 2. mgr. taki ekki til umbúða, hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, m. ö. o.: á umbúðir má leggja þennan söluskatt aftur og aftur. Nú stendur svo á, að ég er kunnugur verksmiðju, sem framleiðir umbúðir og ekkert nema umbúðir, og þær umbúðir eru undir neyzluvörur, bæði til neyzlu innanlands og til útflutnings. M. ö. o.: við verðum þá að innheimta söluskatt af kaupendum þessara umbúða, þegar við seljum þeim, þó að þeir kaupendur séu niðursuðuverksmiðjur, málningarverksmiðjur eða hvað sem er. Síðan selur niðursuðuverksmiðjan matvælin í þessum umbúðum og verður aftur að innheimta söluskattinn. Ég hef ekki á takteinum nú, hvað umbúðirnar geta numið miklum hluta af verði vörunnar, þegar hún endanlega er seld, en það nemur þó nokkuð miklum hluta af henni. Fyrir stuttu eða fáum árum man ég, að þetta nam milli 10 og 20% af endanlegu verði vörunnar eftir því, hver hún var. Þarna á þó síðasta stigs söluskattur ekki að njóta sín, heldur á hann að koma hvað eftir annað. Um hjálparefnin hygg ég að megi segja eitthvað svipað, þó er ég ókunnugri því. Og „óvaranlegra rekstrarvara“, ég vildi ekki eiga að skera úr um það, hvað eru óvaranlegar rekstrarvörur og hvað ekki.

Í 4. gr. frv. er talið upp, hvað er skattskyld sala og þjónusta. Það er m. a. lausaverzlun. Mér er ekki ljóst, hvað er meint með því. Þá er sala við frjáls uppboð. Eru til ófrjáls uppboð? Ég átta mig ekki á þessu. (Gripið fram í.) Það eru þau ófrjálsu uppboðin, er það ekki? Og þau sleppa við nauðina af þessu frv. Í þessari 4. gr. segir, að sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum sé skattskyld. Ójá, það er nú svo. Ekki er það nú fagnaðarefni fyrir fjölskyldurnar hér í Reykjavík, a. m. k. ef þær eru lágtekjufólk, að fá þennan boðskap. Ég þarf ekki að kvarta fyrir mig, þó að ég hafi bæði rafmagn og hitaveitu, en ég gæti trúað, að einhvern munaði um þetta. Ég var að reikna það út í gærkvöld að gamni, hvað þetta hefði munað miklu hjá þriggja barna fjölskyldu, sem býr í húsinu mínu, og fékk það út, að það mundi geta munað nokkrum hundruðum króna yfir árið, 400—500 kr. fékk ég út. M. ö. o.: það er eins og hækkun á fjölskyldubótum með hér um bil tveimur börnum, eftir að komin eru þrjú, þegar reiknað er með þriggja barna kerfinu, sem hæstv. ríkisstj. er að leiða í lög. Þar fór nú sú uppbótin.

Í 7. gr. segir frá því, hvað er undanþegið söluskatti. Þ. á m. er, eins og hæstv. ráðh. drap á, vinna við byggingar, en ekki önnur vinna en sú, sem unnin er á vinnustað, ekki sú, sem unnin er á verkstæðum. Og eins og ég sagði áðan, þá er auðvitað engin undanþága frá innflutningssöluskattinum, 16½%. Undanþegin söluskatti er útfararþjónusta. Líkkistan er þó ekki undanþegin, því að efnið í

hana á að bera 16½% söluskatt, þegar það er flutt inn. **(Gripið fram í:** Það er síðasta stigs skattur.) Það er líklega síðasta stigs söluskattur, þegar hann kemur á líkkistuna. Svo kemur þetta með neyzluvatnið, sala neyzluvatns er undanþegin söluskatti. Ég hef aldrei heyrt talað um neyzluvatn annað en það, sem er drukkið. Hvað þá um vatn, sem á að nota í þvotta eða bað? Er það neyzluvatn? Eða þegar maður vökvar blóm í garðinum sínum eða eitthvað þess háttar?

Loks skal ég aðeins drepa hér á eitt atriði, það er í 25. gr., og er rétt fyrir menn að leggja hana sér á minni. Það eru viðurlögin, ef menn hlýða ekki. Hún hljóðar þannig:

„Nú skýrir skattskyldur aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rangt frá því, er máli skiptir um söluskatt hans, og skal hann þá greiða sekt, er skal eftir málavöxtum ákveðin allt að tífaldri þeirri söluskattsupphæð, sem tapazt hefur við vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vangoldna söluskatt."

Þetta mun ekki vera neitt nýmæli, og hef ég ekkert út á þetta í sjálfu sér að setja, sem sé viðurlög, ef menn brjóta lög. En niðurlagið: „Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða sá, sem í hlut á, óski eftir, að málinu sé vísað til dómstólanna."

Má ég spyrja hæstv. fjmrh., sem væntanlega fær nú að ákveða einhverjar sektir hér eftir: Er þetta í lögum áður, eða er þetta nýmæli? Vægast sagt, verð ég að segja, lízt mér ekki á það, þegar pólitískir ráðh. eiga að fara að ákveða sektir á mönnum — (Gripið fram í.) Jú, enda þótt það standi þarna, að maðurinn hafi ekki óskað eftir að vísa því til dómstólanna. Ætli menn uppgötvi það, að þeir geti gert það eða hafi efni á að gera það eða telji borga sig að gera það og láti ekki heldur dóm hæstv. fjmrh. standa, þó að þetta ákvæði sé þarna? Ég vissi, að það fylgdi þarna með, að maðurinn hefur möguleika til að vísa því til dómstólanna. En væri ekki réttara að láta málið ganga beint til dómstólanna í stað fjármálaráðuneytisins?

Að sjálfsögðu er margt í þessu frv., sem þörf væri að tala nánar um. En ég vil endurtaka það, að hér er tvímælalaust um stórkostlegar álögur að ræða. Og í öðru lagi er hér um ákaflega ranglátan skatt að ræða, ekki sízt þegar hann á að koma í staðinn fyrir lækkun á tekjuskatti. M. ö. o.: það er lagður á skattur, sem menn hafa mikla möguleika til þess að telja ekki samvizkusamlega fram, enda þótt þeir hafi innheimt hann. Hins vegar er hann lagður á fólk, sem engan veginn kemst undan því að greiða hann, hvort sem það eru hálaunamenn eða láglaunamenn.

Ég vænti þess svo, að hæstv. ráðh. leitist við að svara þeirri spurningu, sem ég lagði fram áðan, ef hann hefur möguleika til þess nú eða þá síðar: Hvað er áætlað, að þessi 3% söluskattur muni gefa ríkissjóði miklar tekjur á árinu 1960, annaðhvort miðað við 9 mánuði eða annað tímabil?

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal svara hér nokkrum fsp. og aths., sem fram hafa komið frá þeim fjórum hv. þm., sem hér hafa talað um málið.

Varðandi fsp. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vestf. (SE), um, hvað gert sé ráð fyrir að 3% söluskatturinn nemi miklu á þessu ári, vil ég svara því, að það er gert ráð fyrir, að þessar 280 millj. skiptist á þessu ári nokkurn veginn til helminga milli 3% söluskattsins og 8% innflutningssöluskattsins, að það verði ekki langt frá 140 millj., sem hvor um sig muni gefa á þessu ári.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa allir fjórir talið það mikið hneykslunarefni, að þessu frv. hafi verið dreift úti í bæ, eins og þeir hafa orðað það, dreift út um borg og bý að undanförnu, en stjórnarandstæðingum ekki sýndur sá trúnaður að sýna þeim frv. Þetta er á ákaflega miklum misskilningi byggt. Þegar drög höfðu verið gerð að frv., en áður en það færi í prentun, þótti ríkisstj. og undirbúningsnefndinni sjálfsagt að hafa samráð við þá aðila, sem fyrst og fremst verða að framkvæma lögin og innheimta skattinn, en eins og kunnugt er, eru það fyrst og fremst kaupmenn, kaupfélög, iðnaðarmenn, verktakar, sem það verkefni lendir á að innheimta skattinn og skila honum. Ég skil ekki í rauninni, hvernig nokkur hv. þm. getur talið það til hneykslunarefnis, þó að haft sé samráð við þessa aðila eða samtök þeirra varðandi framkvæmdaratriði frv. og teknar til athugunar þær ábendingar og aths., sem þeir kynnu að gera. Þetta var gert næstu dagana áður en frv. fór í prentun, og þeir aðilar, sem þannig var leitað umsagnar hjá varðandi þessi framkvæmdaratriði, voru Samband íslenzkra samvinnufélaga, Kaupmannasamtök Íslands, verzlunarráðið, Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Vinnuveitendasamband Íslands. Þetta eru þau samtök, sem hafa innan sinna vébanda yfirleitt þá aðila, sem eiga að sjá um framkvæmd og innheimtu skattsins. Ýmsar ábendingar þessara samtaka hafa verið teknar til greina í frv., og ætla ég, að öllum óvilhöllum mönnum blandist ekki hugur um, að það er fremur til bóta, að sá háttur var á hafður varðandi undirbúninginn, sem hér er skýrt frá, til þess að ábendingar þessara aðila gætu komið þá strax inn í frv. Það hefði tafið málið meir, ef í meðferð þingsins hefði þurft að fara að leita álits og kalla til alla þessa aðila. Ádeilur hv. stjórnarandstæðinga í þessu efni eru því algerlega úr lausu lofti gripnar.

Þá er því haldið fram, að álögur með þessu frv. séu auknar stórkostlega frá því, sem boðað hefði verið. En það er ekki minnsti fótur fyrir þessu. Í fjárlagafrv. var boðað, að ná þyrfti 280 millj. kr. Það er skýrt tekið fram þar, gert ráð fyrir, að það yrði aðallega með almennum söluskatti. Eins og ég gat um áður, hefur það reynzt svo, vegna þess að fyrsti ársfjórðungur fellur niður, vegna þess að skattprósentan verður ekki hærri en 3% og vegna ýmissa undanþága, að þá næst ekki þessi fjár-

hæð með söluskattinum í smásölu eingöngu, heldur þarf að hækka nokkuð innflutningssöluskattinn til þess að vinna upp það, sem á vantar. Sú upphæð, sem hér er um að ræða, 280 millj., er nákvæmlega sama upphæð sem alltaf hefur verið boðuð, og er það því gersamlega rangt, þegar stjórnarandstæðingar tala um, að þessi skattupphæð eða álögur séu miklu, jafnvel stórkostlega miklu hærri en boðað hafi verið.

Þá er það ein ádeilan, að með þessu frv. sé fjmrh. fengið næstum ótakmarkað vald, jafnvel dómsvald, og muni þetta vera einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Ég skal varðandi þetta atriði geta þess í fyrsta lagi, að í þessu frv., eins og í gildandi lögum um söluskatt, er gert ráð fyrir, að fjmrn. hafi ýmsar undanþáguheimildir, geti með reglugerð eða á annan hátt veitt ýmsar undanþágur.

Í lögunum um söluskatt, sem nú eru í gildi, III. kafla laga nr. 100 frá 1948, eru ákvæði, þar sem segir svo m. a.: „Fjmrn. er heimilt að ákveða með reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti.“ Þarna er mjög rúm heimild í gildandi lögum, og ég ætla ekki, að þær heimildir, sem eru í þessu frv., séu öllu rýmri.

Varðandi hitt, að fjmrh. sé fengið dómsvald eða úrskurðarvald, þá vil ég taka það fram, að í tollalögum hefur það ákaflega lengi verið þannig af hagkvæmni- og framkvæmdaástæðum, að fjmrh. hefur haft úrskurðarvald um ýmis atriði varðandi útreikning tolla og annarra slíkra gjalda, og ekki aðeins að hann hafi haft úrskurðarvald, heldur beint tekið fram í l., t. d. í tollskrárlögunum frá 1954, að úrskurður fjmrh. sé fullnaðarúrskurður. Þar segir, í 20. gr. tollskrárlaganna: „Nú rís ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vörur, og skal þá fjmrh. skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.“ Þetta ákvæði hefur staðið í íslenzkum lögum í áratugi. Að vísu má gagnrýna þetta ákvæði með ýmsum rökum, að það sé hæpið að taka þannig ákveðin mál undan úrskurðarvaldi dómstóla og fela þau ráðh., og ég tek að ýmsu leyti undir þau rök, að það sé ekki heppilegt, að ráðh. sé þannig falið fullnaðarúrskurðarvald í máli, þannig að ekki sé heimilt að bera það undir dómstóla. Það, sem í þessu frv. er ákveðið, gengur auðvitað miklu, miklu skemmra, því að hér er eingöngu ákveðið, að ef skattskyldur aðili skýri rangt frá um eitthvað, sem skiptir máli um söluskatt, skal hann greiða sekt, sem skal ákveðin allt að tífaldri þeirri söluskattsupphæð, sem tapazt hefur við vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vantalda söluskatt. Fjmrh. ákveður sektina, þ. e. a. s. allt að tíföldu, nema hann eða sá, sem í hlut á, óski eftir, að málinu sé vísað til dómstólanna, en hverjum einasta manni er heimilað að fara þá venjulegu dómstólaleið. Ástæðan til þess, að n. hefur sett þetta ákvæði inn í frv., er eingöngu af hagkvæmniástæðum, til þess að þurfa ekki í hverju atriði í hvert skipti, sem einhver slík mistök eiga sér stað, að fara dómstólaleiðina, heldur til þess, ef aðili er ásáttur um það, að fjmrn. ákveði sektina. En ef hann óskar eftir, að málið gangi til dómstólanna, er honum það heimilt. Þessar ádeilur fá því alls ekki staðizt.

Varðandi undanþágur að öðru leyti er deilt á þetta frv. fyrir það, að þar séu svo margar undanþáguheimildir. Það má nefna til dæmis, að í tollskrárlögunum frá 1954, — þau voru undirskrifuð af þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, — eru svo margar undanþáguheimildir fyrir fjmrh., að það tekur nú á þriðju blaðsíðu í Stjórnartíðindunum. Fjmrh. er heimilt: a) að endurgreiða, b) að heimta ekki aðflutningsgjöld o. s. frv. Undanþáguheimildir alls konar eru taldar hér upp í stafliðum, og þær eru svo margar, að stafrófið nægir ekki. Þegar komið er að stafliðnum ö, verður að byrja að nýju og kalla næsta staflið aa, því að svo margar undanþágur taldi þáv. fjmrh. sér nauðsynlegt að hafa í sinni hendi, að stafrófið nægði ekki. Að menn úr þessum sama flokki og stuðningsmenn þessa fyrrv. fjmrh. skuli nú koma og telja það einhverja goðgá og einsdæmi, eins og þeir segja, að nokkrar undanþáguheimildir eru í þessu frv. fyrir fjmrn., það er í rauninni alveg óskiljanlegt. Hins vegar er ljóst, að vegna þess að við slík skattalög eins og þessi koma alltaf í framkvæmdinni ýmis vafaatriði, þykir ekki möguleiki fyrir fram að binda það í öllum smáatriðum í lögunum og þess vegna verði að hafa vissar undanþáguheimildir fyrir fjmrn.

Þá ræddi hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) um það, að stjórnarflokkarnir hefðu gersamlega brugðizt fyrirheitum sínum frá því fyrir kosningar. Hann sagði, að það hefði verið lofað stöðvun dýrtíðarinnar, stöðvunarstefnan væri nú orðin skop eitt, því að stofnað væri til meira dýrtíðarflóðs en nokkurn tíma hefði þekkzt. Nú vil ég taka það fram varðandi minn flokk, að í stefnuskráryfirlýsingu hans frá því í október s. l., fyrir kosningar, er það skýrt tekið fram, að stefnan er sú að koma á jafnvægi þjóðarbúskaparins, m. a. með því að stefna að raunhæfri gengisskráningu og stöðugu gengi, enn fremur, að í bili verði að halda áfram þeirri stöðvunarstefnu, sem var haldið uppi á s. l. ári, en það sé aðeins eitt spor og verði að finna úrlausnir til varanlegri bóta.

Ég held, að engum manni hafi blandazt hugur um það, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og studdar af Sjálfstfl. á s. l. ári til að stöðva dýrtíðina á því ári, voru bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki gátu haldizt lengi, þær kostuðu það mikið fé, það miklar niðurgreiðslur og uppbætur úr ríkissjóði, að þetta var aðeins bráðabirgðaráðstöfun, meðan verið væri að finna varanlegri úrræði.

Varðandi það, að stofnað sé með aðgerðum núv. stjórnar til meira dýrtíðarflóðs en áður, þá verð ég að segja, að það kemur úr hörðustu átt frá forsrh. vinstri stjórnarinnar að tala þannig, því að í þeirri ríkisstj., sem hann veitti forstöðu, vinstri stjórninni, sem sat í rúm-

lega tvö ár, hækkaði framfærsluvísitalan úr 185 stigum upp í hvorki meira né minna en 220 stig, sem hún var komin, þegar stjórnin skildi við og gaf sjálfri sér þann vitnisburð og þau eftirmæli, að það væri ekki samkomulag eða samstaða í ríkisstj. um nein úrræði til stöðvunar á verðbólgunni eða til úrbóta í efnahagsmálum.

Sami hv. þm. segir, að því hafi verið lofað að afnema tekjuskattinn alveg og allt tekjuskattskerfið, en nú eigi aðeins að afnema tekjuskatt af lægri tekjum eða launatekjum, en öll spillingin og allt kerfið eigi að haldast, allt báknið skilið eftir, eins og hann komst að orði. Hér er farið með algerlega staðlausa stafi. Svo að ég vitni aftur í stefnuskrá Sjálfstfl., þá segir þar varðandi skattamálin: „Endurskoðun fari fram á lögum um skatta, tolla og útsvör" — sú endurskoðun er þegar hafin — „með það m. a. fyrir augum að tryggja jafnrétti skattþegna og að skattar á eyðslu komi í stað tekjuskatts og útsvara, eftir því sem fært er." — Hér er engu lofað um það að afnema útsvör eða afnema tekjuskatta, heldur að stefna að því að draga úr þeim og taka heldur þarfir hins opinbera með óbeinum sköttum.

Þessar fullyrðingar hv. 2. þm. Vestf. um svik við loforð frá því fyrir kosningar, eru því tilhæfulausar. Það, sem hann er að tala um að hafi verið lofað, er tilbúningur hjá honum.

Þá segja þessir hv. þm., að því hafi verið lofað í fjárlagafrv. að breyta ekki núgildandi söluskatti af innflutningi. Þetta er ekki alls kostar rétt, því var aldrei lofað. Hins vegar segir í fjárlagafrv. eða grg. þess, sem samin var um áramót: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi." Þetta er rétt, það var ekki áformað um áramótin, þegar fjárlagafrv. var samið. Það var gert þá ráð fyrir, að söluskattur á síðasta stigi, söluskattur á smásölu og þjónustu, mundi væntanlega geta aflað ríkissjóði þeirra tekna, sem þyrfti. Við nánari athugun á þessu máli og af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint, nægir það hins vegar ekki á þessu ári, og þess vegna varð að grípa til þess að taka nokkra viðbót á innflutningssöluskattinum.

Hv. 2. þm. Vestf. segir, að þessi söluskattur leggist á almenning með miklum þunga, en það muni ekki nema nokkur hluti hans koma í ríkissjóð. Ég verð að segja, að mér finnst þetta kaldar kveðjur frá fyrrv. forsrh. og formanni Framsfl. til þeirra aðila, sem eiga að innheimta skattinn. Mér finnst það kaldar kveðjur frá form. Framsfl. að leyfa sér hér á Alþingi að brigzla kaupfélögum, kaupmönnum og iðnaðarmönnum um það, að þeir ætli að stinga í eigin vasa og stela hreinlega miklum hluta af söluskattinum. Ég vil algerlega mótmæla þessu. Þó að vitanlega kunni að koma fyrir í fjölmennum hóp, að einhver og einhver standi ekki fyllilega skil á skattinum, þá er ég sannfærður um, að þessar stofnanir munu taka þessu með skilningi og sýna fulla hollustu og heiðarleik í því að innheimta þennan skatt fyrir hið opinbera. Að vísu er þetta í sama anda og frá málgagni Alþb., þegar það leyfði sér að halda því fram nú fyrir nokkru, að vegna þess, hve kaupsýslumenn væru óánægðir með hin ströngu verðlagsákvæði, sem ríkisstj. hefði sett, ætlaði stjórnin að leggja á þennan söluskatt til þess að bæta kaupmönnum það upp, af því að þeir mundu stinga honum að mestu leyti í sinn vasa. Þessi orð, bæði málgagns Alþb., og hv. formanns Framsfl., verða að standa á þeirra reikningi, en ég vil endurtaka, að ég mótmæli þessum dylgjum og aðdróttunum algerlega.

Þá sagði sami hv. þm., 2. þm. Vestf., að tölur þær, sem gefnar voru upp um tekjumissi ríkissjóðs vegna tekjuskattsins, stangist gersamlega á, þar sem það sé ýmist talið 75 millj. kr. eða 110 millj. kr. Ég skaut fram í ræðu hans, að báðar tölurnar eru réttar, og það hlýtur hv. þm. að vita, ef hann hefur lesið bæði fjárlagafrv. og efnahagsmálafrv.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að tekjuskatturinn á árinu 1960 gefi 75 millj kr. minna en áætlað var í fjárlögum ársins 1959, og er skýrt tekið fram, að áætlunin, miðuð við fjárlögin 1959, lækkar um 75 millj. kr. Hins vegar hefur skattstofan reiknað það út, hver mundi verða heildarupphæð tekjuskattsins á þessu ári, annars vegar miðað við núgildandi skattalög og hins vegar miðað við það frv., sem ríkisstj. hefur látið semja og bráðum verður lagt fyrir Alþingi, um það sem sagt að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur, og útreikningur skattstofunnar er sá, að tekjumissirinn sé a. m. k. 110 millj. kr. á þessu ári. — Þessar tölur eru báðar réttar og engin ástæða til að vera að reyna að flækja það, sízt af mönnum, sem hljóta þó að vita betur.

Þá kom hér hv. 9. þm. Reykv. (AGl) með sama slúðrið og verið hefur undanfarið og síðast í morgun í málgagni hans, Þjóðviljanum, um það, að fundizt hafi 100 millj. kr. skekkja í útreikningum hagfræðinganna. Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að þetta er tilbúningur einn, það hefur engin skekkja verið í þessum áætlunum eða undirbúningi.

Það var í vetur, að sami hv. þm., 9. þm. Reykv., grét krókódílstárum, — held ég, að það hafi verið, — yfir því, að ekki skyldi fást þá ákveðið strax, að sveitarfélögin skyldu fá hluta af söluskattinum, og honum þótti það vera hin mestu brigðmæli af hendi stjórnarflokkanna og ekki sízt af minni hendi að fallast ekki á það þá strax fyrir þinghléið að lögákveða sveitarfélögunum hluta af söluskatti. Nú er þetta hugsjónamál hans komið inn í þetta frv., þannig að sveitarfélögin fá fimmta hluta af þessum söluskatti, og er áætlað, að það nemi 56 millj. kr. og er tekið fram í fjárlagafrv. En þá bregður svo við hjá þessum hv. þm., sem var svo viðkvæmur og sorgbitinn í vetur út af þessu, að það kemur ekki eitt ánægjuorð út yfir hans varir út af því, að nú fái sveitarfélögin eitthvað, — ekki einn fagnaðartónn heyrðist úr hans barka út af því. Hvers vegna? Er það virkilega þannig, að hann hafi engan áhuga á þessu og að honum sé nákvæmlega sama, hvort bæjar- og sveitarfélög-

in fái söluskattinn, jafnvel kannske, að honum sé heldur illa við það, að núv. stjórn beiti sér fyrir því? Eða hvernig má skýra það eftir hans hrókaræður hér í vetur og hans mikla brennandi áhuga á þessu máli, að nú einmitt, þegar frv. er lagt fram, sem tryggir bæjar- og sveitarfélögunum þetta mál, sem verið hefur baráttumál í nærri áratug, á hann ekki eitt orð til að lýsa neinni ánægju eða gleði sinni yfir, að þetta skuli nú vera að komast í lög?

Hv. stjórnarandstæðingar hneykslast bæði á þessum 3% söluskatti og einnig og sumir þeirra jafnvel öllu meira á 8% innflutningssöluskatti. Manni verður að spyrja: Hvernig vilja þessir hv. þm. afla þessara tekna? Ég býst við, að þeim sé ljóst, að til þess að fjárlögin geti orðið afgreidd tekjuhallalaus, verður að afla þessara 280 millj. kr. Eru þessir hv. stjórnarandstæðingar á móti því að afnema tekjuskattinn á almennum launatekjum? Eru þeir á móti því að afnema hinn rangláta og erfiða 9% söluskatt, sem nú er á iðnaði og þjónustu? Eða eru þeir á móti því, að bæjar- og sveitarfélögin fái þessar 56 millj. kr. til þess að geta lækkað útsvörin? En einmitt vegna þessara þriggja liða þarf að afla ríkissjóði þessara tekna.

Þessir þrír liðir, afnám tekjuskatts á launatekjur, afnám 9% söluskattsins á iðnað og þjónustu og framlagið til sveitarfélaganna til að lækka útsvörin, nema samtals 280 millj., nákvæmlega sömu upphæð og þetta frv. á að afla.

Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði, sem ástæða er til að svara að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 170, 176 og 180).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 170 ber með sér, hefur ekki orðið samkomulag í n. um afgreiðslu þessa máls, þannig að við þrír, sem að meirihlutaálitinu stöndum, mælum með samþykkt þess, en tveir nm., þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e. (KK, BjörnJ), tjá sig frv. andvíga og munu skila séráliti.

Löng framsöguræða fyrir þessu nál. er að því leyti óþörf, að allt það, sem mestu máli skiptir í sambandi við þetta mál, hefur komið fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. En þó vil ég í tilefni af þeim umræðum, sem hafa átt sér stað um það á opinberum vettvangi, fara nokkrum orðum um hina almennu hlið málsins, en einstök tæknileg atriði mun ég ekki ræða að svo stöddu, en mundi þá koma að þeim síðar, ef umræður þær, sem fara fram hér á eftir, kynnu að gefa tilefni til þess.

Hv. stjórnarandstæðingar virðast halda því fram, að hér sé um að ræða nýjar skattaálögur til viðbótar þeim álögum, sem ákveðnar voru með löggjöfinni um efnahagsmál. Eiga þær að vera þannig til komnar, að hagfræðingar þeir, sem undirbjuggu efnahagsmálafrv., hafi týnt 100 millj., og er ríkisstj. uppgötvaði þetta skarð í múrinn, lét hún sér ekki nægja að leggja á þær 100 millj., sem þurfti til að fylla í skarðið, heldur allt að því 400 millj., — ef sú tala á ekki enn þá eftir að hækka í meðförum málgagna stjórnarandstöðunnar. Mér dettur í þessu sambandi í hug, að einn hv. stjórnarandstæðinga komst þannig að orði við 1. umr. málsins, að hæstv. ríkisstj. hefði hér að hans áliti spennt bogann of hátt hvað snerti skattaálögur á þjóðina, þannig að hætta væri á því, að hann brysti. En mig langar í sambandi við þetta að varpa fram annarri spurningu til hv. stjórnarandstöðu, nefnilega þeirri, hvort stjórnarandstaðan hafi ekki með fáránlegum málflutningi spennt bogann of hátt, þannig að þeir, sem hingað til hafa tekið mark á málflutningnum, muni ekki sjá sér fært að gera það lengur.

Auðvitað er það alger firra, að hér sé um að ræða nýjar álögur, eins og hæstv. fjmrh. sýndi með ljósum rökum fram á við 1. umr. málsins. Það er gert ráð fyrir því, að þessi tekjustofn, söluskatturinn, gefi 280 millj. kr. á ári í ríkissjóð, eða nákvæmlega það sama og þarf til að bæta upp það, sem ríkissjóður missir í við niðurfellingu eða lækkun tveggja annarra tekjustofna, nefnilega 9% söluskattsins og tekjuskattsins, að viðbættum þeim 56 millj., sem ráð er gert fyrir að bæjar- og sveitarfélögin fái sem hluta af söluskatti, og er þá auðvitað ætlazt til þess, að lækkun útsvara komi þar á móti.

Það er nú efnislega meira aukaatriði, hvað hæft er í þjóðsögunni um 100 milljónirnar, sem hagfræðingarnir eiga að hafa týnt. En að gefnu tilefni vil ég leyfa mér að benda á það, að þeir, sem búið hafa sögu þessa til, hafa ekki fært neitt fram máli sínu til sönnunar. Þetta átti að vera þannig til komið, að einhverjir hagfræðingar hafi haldið því fram, að 3% söluskatturinn mundi nægja til að afla þeirra 280 millj., sem hér vantar á. Ég hef hvergi séð þær áætlanir, enda munu þær aldrei hafa verið gerðar af neinum. Í grg. efnahagsmálafrv. er aðeins sagt frá þeim áformum hæstv. ríkisstj. að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum, en leggja á söluskatt í staðinn. Ekkert er um það sagt, hve hár slíkur söluskattur eigi að vera, né nánar um álagningu hans, enda mun á þeim tíma, sem grg. fyrir efnahagsmálafrv. var samin, ekki hafa legið fyrir neinn grundvöllur til þess að áætla slíkt. Það mun ekki hafa verið um það að ræða, að nein áætlun hafi verið gerð um heildarveltuna í þjóðfélaginu, en slík áætlun verður auðvitað að liggja því til grundvallar, þegar áætlað er, hversu háan söluskatt þurfi að leggja á til þess að fá inn umræddar 280 milljónir. Það er því algerlega út í bláinn, enda hef ég ekki séð bent á nein rök fyrir því,

að hér sé um einhverja reikningsskekkju að ræða hjá hagfræðingunum.

Hins vegar skal ég taka það fram, að auðvitað er mjög fjarri mér að halda því fram, að hagfræðingar og útreikningar þeirra séu óskeikulir. Því fer auðvitað mjög fjarri. Ég man t. d. eftir því, þegar ég var starfsmaður á hagstofunni fyrir allmörgum árum, að þegar það kom fyrir, að maður endurskoðaði skýrslugerðir og reikninga bæði eftir sjálfan sig og aðra, skeði það alltaf við og við, að maður uppgötvaði þar einhverja reikningsskekkju. Auðvitað var það ekki sú almenna regla, en gat alltaf annað veifið komið fyrir. En í þessu efni hefur hagfræðin og hagfræðingar auðvitað ekki neina sérstöðu. Enginn mun mæla því á móti, að það geti komið fyrir læknana og það jafnvel færa lækna, að þeim geti missýnzt við sjúkdómsgreiningu eða mistekizt við læknisaðgerðir, né heldur að það geti komið fyrir jafnvel hina færustu dómara, að þeir geti fellt vafasaman dóm. Auðvitað er það þannig með útreikninga hagfræðinga eins og önnur mannleg verk, að þau eru brennd marki hins mannlega ófullkomleika. Þess vegna er ég síður en svo að mælast undan því, að þessir útreikningar hagfræðinganna og aðrir verði gagnrýndir. Það er ekki heldur út af fyrir sig nein hneykslunarhella, þó að sú gagnrýni, sem hér hefur komið fram af hálfu hv. stjórnarandstöðu, sé ekki á rökum reist. Á sama hátt og það verður ekki heimtað af hagfræðingunum, að þeir séu óskeikulir, verður slíkt auðvitað ekki heldur heimtað af gagnrýnendum þeirra. Það er út af fyrir sig ekki í frásögur færandi.

Hitt er aftur á móti athyglisvert, hvaða ályktanir hafa verið dregnar af hálfu stjórnarandstöðunnar af þessari meintu reikningsskekkju. Sem spegilmynd af þeim málflutningi, sem þar hefur átt sér stað, vil ég leyfa mér að vitna hér ofur lítið í eitt af vinstri málgögnunum, Frjálsa þjóð, því að það er málgagn, sem sérstaklega hefur talið sig beita sér fyrir heiðarlegri málflutningi en áður hefur verið og eins konar siðvæðingu meðal vinstri manna, og skal það viðurkennt, að oft hefur það blað líka hagað málflutningi sínum hóflegar en almennt gerist á vettvangi stjórnmálabaráttunnar, þannig að að nokkru leyti hefur verið lifað eftir þessum kenningum, og er þá kannske einmitt sérstök ástæða til þess að vitna í það, sem þeir segja um þetta. En í síðasta blaði Frjálsrar þjóðar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta, — undirfyrirsögn í greininni hljóðar þannig: „Króginn meðgenginn. — Það, sem menn reka fyrst af öllu augun í, er, að ríkisstj. meðgengur krógann, sem öll landsbyggðin hefur hlegið að undanfarnar vikur, þ. e. a. s. reikningsskekkju sína á söluskattinum um 100—140 millj. kr.“ Hér er tekin upp sama órökstudda staðhæfingin og önnur málgögn vinstri flokkanna hafa verið með. Þar er því haldið fram, að ríkisstj. hafi beinlínis viðurkennt þessa reikningsskekkju. Þetta er nú ekkert sérstakt. En dálítið athyglisverð er sú ályktun, sem af þessu er dregin. Hún er í stuttu máli þessi, að önnur undirfyrirsögn í greininni ber, með leyfi hæstv. forseta, yfirskriftina: „Allir útreikningar sérfræðinga endileysa.“ Síðan er haldið áfram: „Hvað verður um þennan þátt útreikninga á hækkun vísitölunnar og hvað skyldi verða um þá 3—4% kjaraskerðingu, sem efnahagsmálafrv. ríkisstj. átti að hafa í för með sér fyrir barnafjölskyldurnar?“ Það er m. ö. o., að vegna meintrar einstakrar reikningsskekkju hjá hagfræðingunum, sem út af fyrir sig er úr lausu lofti gripið að hafi átt sér stað, er fullyrt, að allir útreikningar sérfræðinga séu endileysa og ekkert mark á þeim takandi. En hvað mundum við hugsa, ef maður gerði það að umtalsefni eða vitnaði í það, að tilteknum lækni hefði misheppnazt læknisaðgerð eða missýnzt við greiningu sjúkdóms, — en sjálfsagt væri auðvelt að finna einhver slík tilfelli og væri ekkert sérstaklega merkilegt við það, — og byggði svo á þessu þá kröfu, að öllum spítölum yrði lokað og allir læknar reknir úr embættum, eða ef maður vitnaði í dóm sýslumanns eða jafnvel hæstaréttar, sem telja mætti vafasaman, og byggði á því þá kröfu, að allir dómstólar og öll réttarvarzla væri lögð niður? Ég býst við, að við, sem hér erum inni, værum sammála um, að það væri viðkomandi manni fyrir beztu, að hann yrði sendur til geðrannsóknar, t. d. til hv. 9. þm. Reykv. eða einhvers annars vel metins sérfræðings á þessu sviði.

En hver er eiginlega skýringin á þessum svo mjög fáránlega málflutningi, sem öllum hlyti að þykja stórfurðulegur og varla bera vott um heila geðsmuni, ef um hliðstæðu væri að ræða frá einhverjum öðrum sérgreinum en hagfræðinni? Ég tel, að á þessu sé til skýring. Hún er nefnilega sú, að hv. stjórnarandstæðingar virðast með sjálfum sér hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það, sem mannleg þekking hefur til málanna að leggja á sviði efnahagsmála, ófullkomin eins og hún auðvitað er á þessu sviði eins og öðrum, sé þeim andstætt og þess vegna beri að leggja megináherzlu á það að skapa þá trú hjá almenningi, að allt sé vitleysa, sem sérþekking í þessum efnum hefur að segja. Það er þetta, sem ég efast ekki um að er hin sanna skýring á þessum furðulega málflutningi, sem ég hef sýnt hér nokkrar myndir af.

En hvað sem þessu líður, er kjarni þessa máls sá, að hér er um að ræða breyt. eða tilfærslu á skattstofnum. Það má auðvitað um það deila, hvort réttara sé að halda gömlu skattstofnunum, þannig að hægt væri að komast hjá því að leggja á þann skatt, sem hér um ræðir, eða gera breytinguna. Ef hv. stjórnarandstæðingar segðu sem svo, að þeir kysu heldur 9% söluskattinn en þann, sem nú á að leggja á, að þeir séu andvígir því, að bæjar- og sveitarfélög fái hluta af söluskattinum, og enn fremur andvígir því, að afnuminn sé tekjuskattur af almennum launatekjum, þá væri það a. m. k. ábyrgur málflutningur, hvað sem um hann mætti segja að öðru leyti. En þetta

hafa þeir ekki sagt hingað til, enda mundi það brjóta mjög í bága við málflutning flestra þeirra fram að þessu.

Þegar það var til umræðu fyrir jólin hér á hæstv. Alþingi að framlengja 9% söluskattinn um nokkra mánuði, höfðu hv. stjórnarandstæðingar allt á hornum sér í sambandi við það og töldu vandfundinn svo ranglátan skattstofn sem gamla söluskattinn. Ekki töldu þeir þá, að það væri misráðið að ráðstafa hluta af söluskattinum til bæjar- og sveitarfélaga, heldur töldu þeir þvert á móti, að slík ráðstöfun þyldi ekki þá bið að vera frestað fram yfir áramót, heldur bæri þegar að lögfesta hana, og báru fram till. þess efnis. Hvað lækkun á tekjuskatti snertir, þá má vel vera, að sumir hv. stjórnarandstæðingar telji, að skemmra beri að ganga í þeim efnum en hæstv. ríkisstj. áformar. En jafnvel þótt slíkt yrði gert, væri á þeim grundvelli aðeins hægt að fella niður hluta þeirrar tekjuöflunar, sem hér er til umræðu, og varla hefur verið ágreiningur um það, að álagning tekjuskatta hér á landi er komin út í öfgar, þar sem þeir eru aðaltekjustofn bæjar- og sveitarfélaga jafnhliða því, sem ríkið leggur á tekjuskatt allt að því 40%.

Það mætti rifja það upp í þessu sambandi, að þegar sú breyting var gerð á tekjuskattslögunum árið 1942 að afnema þá reglu að heimila að draga útsvar og tekjuskatt frá skattskyldum tekjum, þótti hæfilegt að færa hámark skattstigans úr 40%, sem það var þá, niður í 22%. Sumir voru þeir, sem þá létu í ljós ótta um, að slík breyting væri varhugaverð, þar sem þess yrði sennilega skammt að bíða, að skattstiginn á tekjum án frádráttar þessara skatta yrði hækkaður upp í það, sem hann var, meðan skattfrádrátturinn var heimilaður, og reynslan hefur sýnt, að þessir svartsýnu menn höfðu á réttu að standa, því að nú er skattstiginn aftur orðinn 40% eða það sama og hann var, áður en umrædd breyting var gerð. Hann er m. ö. o. kominn upp í það sama, eftir að búið er að afnema frádráttarheimildina, eins og hann var, meðan henni var haldið.

Það er líka alger misskilningur, að hinir háu tekjuskattar bitni eingöngu á hálaunamönnum og öðru hátekjufólki. Órækasta sönnun þess, að svo er ekki, er breyting, sem samþ. var á skattalögunum á síðasta þingi þess efnis að undanþiggja eftirvinnu í þágu útflutningsframleiðslunnar tekjuskatti. Þó að sá hængur væri að vísu á umræddri breytingu á skattalögunum, að hún er óframkvæmanleg frá skattatæknilegu sjónarmiði, kom það glöggt fram í umræðum hér á hv. Alþingi þá, að þm. úr öllum stjórnmálaflokkum gerðu sér ljóst, að hér var vandamál fyrir hendi, sem leysa þurfti á einhvern hátt. Það hefur því ekki verið ágreiningur um það, að brýna nauðsyn bæri til vegna þarfa framleiðslustarfseminnar í landinu að létta að einhverju leyti af þeim tekjusköttum, sem nú hvíla á almenningi. Hvað langt eigi að ganga í því efni, má hins vegar auðvitað deila um, og það getur vel verið, að margir hv. stjórnarandstæðingar haldi því fram, að nægilegar lagfæringar megi fá á tekjuskattinum með því að lækka hann um 50—60 millj. kr. í stað þeirra 110 millj., sem ríkisstj. mun leggja til. En þá nær sá ágreiningur aðeins til lítils hluta af þeirri heildarfjárhæð, sem afla á með því móti, sem þetta frv. leggur til, þannig að það getur ekki verið mikilvægt hagsmunamál fyrir alþýðu manna, hvort þess fjár er aflað með tekjusköttum eða með því að hækka söluskattana frá því, sem ella þyrfti að vera.

Auðvitað væri líka hægt að fella niður þá tekjustofna, sem hér er um að ræða, og leggja á nýja skatta í einhverri annarri mynd en þeirri, sem hér er gert. En á meðan engar ábendingar hafa komið fram um það né till. um, hverjir slíkir skattar ættu að vera, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þá möguleika.

Þá tel ég rétt að síðustu að fara um það nokkrum orðum, hver áhrif þær ráðstafanir, sem hér liggja fyrir, hafi á kjör þjóðarinnar og einstakra stétta.

Það leiðir auðvitað af því, sem sagt hefur verið, að þar sem hér er eingöngu um það að ræða að innheimta á annan hátt en áður tiltekna skattupphæð, getur ekki verið um að ræða auknar skattabyrðar á þjóðina í heild. Það er því úr lausu lofti gripið, að hér sé verið að rýra kjör almennings umfram það, sem efnahagsmálalöggjöfin gerði ráð fyrir.

Um áhrif þessara ráðstafana á verðlagið er rétt að upplýsa það, sem fram kom við meðferð málsins í n., að vísitala framfærslukostnaðar mun hækka um 3% vegna þessara ráðstafana, og yfir það skal engin fjöður dregin, að þessi hækkun er umfram þær verðhækkanir, sem gert var ráð fyrir í efnahagsmálafrv., en auðvitað þýðir þetta ekki, að um sé að ræða 3% kjaraskerðingu umfram það, sem þar var gert ráð fyrir. Það, sem skeður, er, að innheimtar eru 166 millj. í söluskatt, en tekjusköttum og útsvörum er létt af sem þeirri upphæð nemur. Sú lækkun kemur að vísu ekki fram í vísitölunni, ef hún er reiknuð á þann hátt, sem nú er gert. En mikið álitamál er, hvort svo beri ekki að gera.

Núverandi vísitölugrundvöllur var sem kunnugt er tekinn upp með löggjöf þeirri um efnahagsmál, sem sett var í jan. 1959. Við þær umræður, sem þá fóru fram, var á það bent af hv. núv. 3. þm. Reykv. (EOl), að rétt væri í vísitölunni að taka tillit til útsvars og skatta, og tel ég, að hann hafi þar haft mjög mikið til síns máls. Fram til 1939 voru skattar með í vísitölunni. Sú vísitala, sem þá var tekin upp og var í gildi þangað til á s. l. ári, var eingöngu verðlagsvísitala, þannig að ekki var tekið tillit til skatta og ekki heldur til fjölskyldubóta né þess háttar. Með því að taka tillit til fjölskyldubóta, svo sem gert er í núverandi vísitölu, er því horfið frá því, að vísitalan sé eingöngu verðlagsvísitala, hún gerð að eins konar lífskjaravísitölu. En þá virðist líka eðlilegt að taka tillit til skatta í vísitölunni, og hlýtur það mál að verða til athugunar, meðan þetta þing situr. En hvort sem tekið er tillit til skattalækkunarinnar í vísitöl-

unni eða ekki, er ljóst, að til hennar ber að taka tillit, er meta skal áhrif þeirra efnahagsmálaráðstafana, sem gerðar verða á þessu þingi, á lífskjör almennings.

Það lætur nærri, að áhrif söluskatts þess, sem nú er til umræðu, muni auka meðalútgjöld þeirrar fjölskyldu, sem vísitöluútreikningurinn er miðaður við, um 1800 kr. á ári. Hvort kjör hverrar einstakrar fjölskyldu versna eða batna eða standa í stað, verður svo auðvitað komið undir því, hve mikið tekjuskattur og útsvar viðkomandi fjölskyldu lækkar, sem auðvitað er komið undir tekjum, barnafjölda og öðrum aðstæðum.

Meginrök okkar, sem styðjum þær breytingar á skattheimtunni, sem hér er verið að gera, fyrir því, að þær verði til bóta, eru í fyrsta lagi þau, að hinir háu tekjuskattar, sem nú eru á lagðir, dragi svo úr starfsvilja manna, að líklegt sé, að þjóðartekjurnar muni aukast að öðru óbreyttu, sé þeim létt af, en það mundi verða fleirum til hagsbóta en þeim einum, sem skattalækkunarinnar njóta beinlínis. Í öðru lagi er það vitað, að hinir háu tekjuskattar skapa þjóðfélagslegt ranglæti vegna þess, að fjölmennar starfsstéttir í þjóðfélaginu hafa þá aðstöðu, að ekki er kleift að hafa neitt eftirlit með því, er að gagni má verða, að tekjur þeirra séu rétt taldar fram, þannig að þeir, sem þessum stéttum tilheyra, geta í rauninni ákveðið skatta sína sjálfir. En þar sem þessi hlið málsins mun verða nánar rædd, þegar tekjuskattsfrv. kemur fyrir þessa hv. d., sé ég ekki ástæðu til þess að ræða hana nánar að svo stöddu. En af þeim ástæðum, sem hér hafa verið greindar, mælir meiri hl. fjhn. með samþykkt þessa frumvarps.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er nú raunar ekki álitlegt að ætla sér að taka hér til máls og andmæla þeirri stefnu, sem stjórnarflokkarnir fylgja í efnahagsmálum, eftir það að einn hinn prúðasti út liði þeirra hefur talið, að andmæli jaðri við geðbilun. **(ÓB:** Nei, það er misskilningur.) Ekki var nú hægt að skilja þetta á aðra leið, þó að fint væri í sakirnar farið. Ekki undanskildi hann það, sem menn yfirleitt setja út á efnahagsmálastefnuna, þó að hann talaði fyrst og fremst til fjarstaddra, þar sem var „Frjáls þjóð".

Þetta stjórnarfrv., sem hér er til umræðu, ber nafnið: frv. til laga um söluskatt, en ætti, ef rétt væri að orði komizt, heldur að heita frv. til laga um söluskatta, því að það er um tvo söluskatta, sem skulu á leggjast og koma báðir, sinn í hvoru lagi, á erlendu vöruna. Með þessum sköttum er til ofanálags á gengisfellingu, vaxtahækkun o. fl., sem búið er að gera, verið að misþyrma efnahagslífinu. Vitað er raunar, í hvaða tilgangi það er gert. En hvers vegna er verið að misbjóða lögmálum tungunnar líka? Sennilega er það gert til að láta svo lítið sem hægt er á sköttunum bera, enda var sagt frá frv. í almennri útvarpsfrétt í gær sem frv. um 3% almennan söluskatt og ekki meira. Þannig tókst að fela hálfan sannleikann fyrir eyrum alþjóðar í það sinn. Þessi aðferð minnir á aðferð hestaprangarans, sem sagði, þegar hann var spurður um aldur á hesti, sem hann var að selja: „O níu og níu vetra er hann." Kaupandinn skildi þetta þannig, að klárinn væri níu vetra. En hann var tvisvar sinnum níu vetra, nefnilega átján vetra. Vill nú ekki hæstv. forseti leiðrétta stílinn hjá stjórn sinni og úrskurða mildilega, að um pennaglöp hljóti að vera að ræða, af því að eintala geti ekki í þessu sambandi réttilega verið fleirtala né fleirtala eintala?

En fyrirsögn frv. er vitanlega í fullu samræmi við það, að þegar verið var að ræða gengisfellingarfrv. og innihald þess, var gert ráð fyrir nýjum almennum söluskatti á lágri prósentu, og í aths., sem fylgja frv. því til fjárlaga fyrir 1960, sem hæstv. fjmrh. samdi, um leið og hann reif niður áður samið frv. samráðherra síns úr Alþfl., er beinlínis og skýrt tekið fram, að það sé ekki ætlunin að breyta núverandi söluskatti á innflutningi. Þau orð, einmitt þau orð voru fólki til einhverrar hughreystingar, meðan verið var að koma gengisfellingarfrv. mikla í gegn.

En nú er þetta frv. um söluskatt, þegar til kemur, ekki aðeins um almennan söluskatt, eins og boðað hafði verið og menn gerðu ráð fyrir að það yrði, 3%, heldur líka hækkun um 8.8% á söluskatti á tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum innflutningsgjöldum, og það er meira en tvöföldun á þeim skatti. Í stað 7.7% á hann nú að verða 16.5%. Að vísu er hækkunin í bráðabirgðaákvæði, sem miðað er við yfirstandandi ár. En hverjum dettur í hug, að ríkisstj. láti ákvæðið falla niður að árslokum? Enginn lætur sér í alvöru detta annað í hug en að skattaukinn verði framlengdur.

Ýmsar getur hafa verið að því leiddar, hvers vegna ríkisstj. gaf yfirlýsinguna í grg. fjárlagafrv. um, að hún ætlaði ekki að hækka innflutningsskattinn. Því er haldið fram af mörgum, að hagfræðingarnir og stjórnin sjálf hafi reiknað skakkt. Hv. frsm. meiri hl. eyddi í það allmörgum orðum að sverja þetta af hagfræðingunum, sverja fyrir barnið, má segja eftir ræðu hans. Auðvitað getur engin blóðprófun farið fram í þessu sambandi, og ég ætla ekki að gera kröfu til hennar. En það finnst á með þessu, að ríkisstj. þykir hin mesta vanvirða að því, að þetta skuli hafa komið fyrir, og ég lái henni það ekki.

Hæstv. fjmrh. reyndi í framsöguræðu fyrir frv. að tína fram ýmislegt til að sanna, að dæmið hefði ekki verið skakkt reiknað, og það gerði frsm. meiri hl. líka. En það, sem þeir segja um þetta og telja fram að sýni, að dæmið hafi ekki verið rangreiknað í vetur, er þannig, að ef útkoman stafar ekki af röngum reikningi, er niðurstaðan af því, að dæmið hefur alls ekki verið reiknað fyrr en núna, heldur farið eftir ágizkun. Þetta er hluti af stóru efnahagsmáladæmi hæstv. ríkisstj. Það eykur náttúrlega grunsemdir um, að ekki megi taka mark á útreikningunum í heild og þá ekki heldur ályktununum, sem stjórnarflokkarnir

draga af útreikningum sínum. Hitt er líka sannarlega ámælisvert og óhæfa frá hendi hæstv. ríkisstj., að reikna ekki öll dæmin samtímis í hinu mikla kerfi, að leggja ekki fyrir Alþingi samtímis í frv. eða með greinilegum, sönnum upplýsingum allar aðalefnahagsmálatillögur sínar, af því að þær eru svo byltingarkenndar sem þær eru, þær eru svo stórar í sniðum. Þær eru hver um sig liður í kerfi, sem þarf að vera hægt að fá yfirlit yfir við lagasetninguna, um leið og hún fer fram, en ekki nóg að fá það yfirlit eftir á. Þetta er óumdeilanlegt. Og þess vegna er það, að frá mínu sjónarmiði skiptir það furðulitlu máli, hvort skakkt hefur verið reiknað eða hvort ekki hefur verið reiknað; annað hvort þetta hefur átt sér stað.

Það má segja, að frá sjónarmiði stjórnarflokkanna skipti það kannske ekki miklu máli, hvernig málin eru lögð fyrir, af því að þeir virðast ráðnir í því að taka engar brtt. frá stjórnarandstöðunni til greina. En jafnvel þótt svo sé, mætti ætla og væri sanngjarnt að ætla, að ýmsir í stjórnarliðinu hefðu gott af því að fá heildaryfirlitið fyrr en eftir á. Ég er viss um, að til eru menn, sem varla geta verið ánægðir með það, að búið var að lýsa því yfir, að ekki væri ætlunin að hækka söluskatt af innflutningi, en samt er hann meira en tvöfaldaður. Ég skora á þá menn í stjórnarliðinu að gjalda varhug við svona vinnubrögðum liðsoddanna og hindra, að þau eigi sér stað eftirleiðis.

Fjhn. las frv. yfir, svo sem skylt var, og fékk til viðtals við sig menn, sem höfðu sem embættismenn þjónað ríkisstj. við að semja það og gera útreikninga í sambandi við það. Þessir menn gáfu okkur nm. ýmsar upplýsingar. Venjulegt er, þegar um frv. er að ræða sem þetta, að senda þau til umsagnar fyrirtækjum og félagssamtökum, sem telja má að þau varði sérstaklega, en það var neitað um að hafa þann hátt á að þessu sinni. Að vísu neitaði meiri hl. n. því ekki ákveðið, fyrr en hann hafði spurt einhverja yfirboðara, en þá kom fullkomin neitun. Til þess var í þessu sambandi vitnað, að frv. hefði, meðan það var í smíðum, verið sent til umsagnar. Hæstv. fjmrh. hafði líka sagt frá þeim útsendingum og hverjum hefði sent verið, þegar hann talaði við 1. umr. málsins. Við í minni hl. óskuðum eftir því að fá að sjá umsagnirnar. Jú, fram voru lagðar þrjár umsagnir, en ráðh. hafði ekki látið formanni n. fleiri í té. Þær voru, að mig minnir, frá verzlunarráðinu, frá Landssambandi iðnaðarmanna og frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda saman. Ég óska, að það sé gerð athugasemd fram í, ef þetta er rangt. Nokkrar athugasemdir komu fram í þessum erindum. Sumar af þeim höfðu verið teknar til greina, áður en gengið var frá frv. En ekkert kom fram frá tveimur, sem hæstv. fjmrh. sagði að látnir hefðu verið fá frv. eða frumvarpsuppkastið til umsagnar, áður en gengið var frá því. Það voru, að ég hygg, Kaupmannasamtök Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga. Ég spurðist fyrir um það, eftir að fundum hafði verið lokið hjá okkur, — fyrr var ekki ráðrúm til þess, því að þessi erindi voru athuguð á seinni fundi okkar, — þá spurðist ég fyrir um það hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hverju sætti, að það hefði ekki skilað áliti um frv. Mér barst svar á þessa leið:

„Að gefnu tilefni viljum vér upplýsa: Hinn 3. marz bárust oss í hendur frá fjmrn. drög að frv. um söluskatt. Á bréfspjaldi, er fylgdi, stóð eftirfarandi: „Samkv. viðtali við fjmrh. eru yður hér með send til athugunar sem trúnaðarmál drög að frv. um söluskatt.“ Þar sem þetta var sent sem trúnaðarmál til athugunar, töldum vér ekki rétt á því stigi að senda skriflegar aths. eða álitsgerð til hæstv. fjmrh., enda var ekki farið fram á slíkt.“

Á þessu heyrir maður, hvernig á því stóð, að Samband íslenzkra samvinnufélaga sagði ekki sitt álit, og satt að segja finnst mér það ekkert undarlegt eftir því, hvernig málinu hafði til þess verið vikið. Ég tel, að sending frv. til Sambandsins hafi verið mjög óformleg og óvenjuleg og aðeins til málamynda, að hæstv. ráðh. sendi það, — aðeins til málamynda, það er augljóst. Um Kaupmannasamtök Íslands veit ég ekkert, ég hef ekki spurzt þar fyrir. En þetta sýnir, að ekki hefur verið fylgt venju með að vinna að þessu frv., hvorki hefur það verið gert utan Alþingis né enn þá í Alþingi.

Hinn almenni söluskattur, 3%, á að leggjast á vörur, bæði erlendar og innlendar, á síðasta sölustigi þeirra, og hann á einnig að leggjast á vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta. Þetta er mjög viðtækur skattur og verður erfiður í framkvæmd. Til viðbótar þeim álögum, sem áður hafa verið ákveðnar, verður hann réttnefnd plága. Nú sagði hv. frsm. meiri hl. áðan, og það er í samræmi við það, sem t. d. hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að hér væri ekki um nýjan skatt að ræða, heldur tilfærslu á álögum. Honum taldist til, að lagður yrði niður skattur sá, sem áður var og gekk að mestu til útflutningssjóðs, enn fremur yrði lækkaður tekjuskattur, og svo væri ákveðið, að partur af söluskattinum gengi til sveitarfélaganna. Mér virðist, að þetta, sem hér er fram talið, t. d. tvennt hið fyrra, sé yfirleitt það, sem notað er, þegar stjórnarflokkarnir eru að reyna að réttlæta sínar stórkostlegu nýju álögur. Allar eiga þær að réttlætast af þessu sama, þetta á að mæta þeim. En úr því að útflutningssjóður er lagður niður og tekjuöflun hans er að miklu leyti flutt til ríkissjóðs og vitanlega flutt útgjöld með, þar sem eru niðurgreiðslurnar, þá vil ég spyrja: Hvað er það, sem kemur á móti hinni miklu gengisfellingu? Yfirleitt munu menn hafa haldið, að þegar gengið yrði fellt, væri hægt að létta af þjóðinni mikilli tekjuöflun, sem höfð var í frammi til þess að jafna gengið.

Með þessum söluskatti er í fyrsta sinn í sögu landsins tekið upp að skattleggja handa ríkissjóði vörur, sem þjóðin framleiðir sér til matar: kjötið, fiskinn (nefnilega soðninguna),

mjólkurvörur nema nýmjólk. Grænmeti á líka að skattleggja, það á að skattleggja rafmagn og vatn frá hitaveitum o. s. frv., gjafir á meira að segja að skattleggja. Ég veit ekki, hvort á að undanþiggja jólagjafir, ég veit það ekki. Það er sagt, að ýmislegt liggi á bak við þetta frv. í væntanlegum reglugerðum, og það var sagt um aths., sem við vorum að gera í nefndinni, sumar hverjar, að þær þyrfti ekki að gera sem leiðréttingar á lögunum, því að það mundi verða tekið tillit til þessa í reglugerð. En þarna stendur það samt óskilgreint, að gjafir séu skattskyldar. Þarna er á ferðinni frá mínu sjónarmiði svo mikil skattgræðgi, að ég leyfði mér í nál. mínu, sem er á þskj. 176, að segja, að hæstv. ríkisstjórn, sem tekur upp þessa skattgræðgisstefnu, gerði sig með henni líka Þorsteini sáluga matgoggi, sem hið kynsæla skáld, Jón Thoroddsen, segir frá í sögunni Pilti og stúlku. Það var veizla, brúðkaupsveizla. Þorsteinn matgoggur sat úti við dyr. Fyrst gleypti hann í sig vel mældar tíu merkur af graut, því næst tæmdi hann stórt trog, fullt af kjöti, og flæddi feitin yfir barmana eins og stórstraumsflóð á fjöru. Eftir það tók hann toll af hverjum diski, sem inn var borinn. „Hver lummudiskur," sagði hann, „er fram hjá fer, skal gjalda sex bleðla með sírópi og sykur á. Það er lagaleiga hjá kaupmönnum," sagði hann. Nú á þetta að verða lagaleiga hjá hæstv. ríkisstj. Vel má segja, að grautarskálin svari til fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Efnahagsmálafrv. er kjöttrogið mikla, sem út af flýtur, og svo er þetta söluskattsfrv. tolltakan af hverjum diski. Auðvitað þurfti Þorsteinn matgoggur ekki þennan mikla mat sér til viðurværis, en hann át samt og át sér til óbóta. Það þurfti að styðja hann til hvílu. Engar sannanir eru heldur fyrir því, að ríkisstj. þurfi allar þessar nýju álögur, hvort sem þær eru viðurkenndar sem nýjar eða kallaðar til hljómfegurðar tilfærslur.

Hæstv. forsrh. sagði í nóvember á Varðarfundi, svo sem landskunnugt er, og endurtók það í áramótaávarpi sínu, að ef ekki yrði tekin upp ný stefna í efnahagsmálum, mundi þurfa 250 millj. á ári í nýjum sköttum. Nú var tekin upp ný stefna, og þá er tekið miklu meira. M. ö. o.: það er hafður háttur Þorsteins matgoggs að taka meira en þörf er á til viðurværis. Álögur á þjóðina á að auka um meira en 1100 milljónir, eins og sannað hefur verið. Söluskatturinn nýi gerir meira en forsrh. sagði að hann þyrfti, hann gerir það út af fyrir sig.

Aðstoðarmenn ríkisstj., sem komu á fund fjhn., upplýstu, að 3% söluskatturinn gerði á ári yfir 170 millj. og skattaukinn, 8.8% á innflutninginn, 180 millj., eða samtals fælist í þessu frv. skattur yfir 350 millj. á ári. Þó að dregið sé frá tekjuöfluninni það, sem telja má til tilslökunar á móti, er ekki með nokkrum hætti hægt að samrýma útkomuna upplýsingum forsrh.

Allt ber að sama brunni, álögurnar eru harkalegar úr hófi fram. Með þeim í heild er safnað glóðum elds að höfði almennings. Þessir söluskattar í ofanálag, — ég segi í ofanálag á það, sem á undan er komið, eru skattpíning. Þeir valda stórfelldri dýrtíðaraukningu. Enn fremur er almenni söluskatturinn mikill gallagripur og hlýtur að vekja mikla gremju, ekki síst þegar vitað er, að komast hefði mátt hjá að bæta honum við. Hann er fyrirhafnarsamur, innheimtan er lögð á alla seljendur hinnar skattskyldu vöru, skriffinnskan hjá þeim vex óhjákvæmilega í stórum stíl. Eftirlit og umsjón af ríkisins hálfu verður kostnaðarsamt og skriffinnskan þar blómgast. En svo kemur það til, að ekkert eftirlit dugir, skatturinn næst ekki allur nema hjá sumum. Almenningur greiðir skattinn, þegar kaup eru gerð, en seljendur smeygja sér hjá að skila honum öllum til ríkisins, þ. e. a. s. þeir seljendur, sem geta það og eru þannig gerðir, að þeir vilja mata sinn krók. Það er rétt, sem sagt var hér við 1. umr., að þessi skattur er skattur á heiðarleikann fyrst og fremst.

Það er raunar kaldhæðnislegt, að flokkur, sem hafði og hefur lýst því yfir hvað eftir annað, að það verði að leggja niður tekjuskatt, helzt allan, vegna þess að ekki takist að ná honum inn og það eigi sér stað svo mikill óheiðarleiki í sambandi við hann og valdi misrétti, skuli nú standa fyrir því aftur á móti að leggja á þennan skatt, hinn almenna söluskatt, sem reynsla er fyrir að er skatta afsleppastur.

Í fljótu bragði séð er sólskinsblettur í þessu frv. Það er ákveðið um, að 20% af sköttunum, sem þar er ákveðið að taka, skuli renna til sveitarfélaganna. Ég tel rétt, að söluskatturinn gangi til sveitarfélaganna að nokkru leyti. Ég hef verið þeirrar skoðunar áður og stutt það mál í n., sem um þetta fjallaði, og lagt fram till. um það á Alþingi. Ég tel, að þarna sé algerlega rétt stefnt. En þrátt fyrir það er það svo, að ég tel ekki hægt að greiða frv. atkv. vegna þessa ákvæðis. Fyrst er, að það er ákveðið þarna, að þessi hluti, fimmtungurinn, skuli renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og skiptast þar. En ekkert er upplýst um það og ekkert hefur fengizt upplýst um það, eftir hvaða skiptireglum eigi að deila þessum skatthluta milli sveitarfélaganna. Ef það ætti að vera eftir þeim l., sem nú gilda um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, teldi ég það hina mestu fjarstæðu og ekki koma til mála að samþykkja skattinn og tilfærsluna þannig. Og svo kemur annað til, að skattheimtan öll er svo hörð, að ég teldi það of dýru verði keypt fyrir sveitarfélögin að fá hluta af slíkum álögum. Það mundi koma í bakseglin. Heima fyrir skerða slíkir skattar svo lífskjör almennings, að ég tel ekki koma til mála fyrir sveitarfélögin að óska eftir því að fá skatt undir þessum kringumstæðum.

Ég er þannig stemmdur, þó að hv. frsm. meiri hl. kunni að þykja það grunsamlega sjúklegt, að mér virðast álögur þær, sem stofnað hefur verið til af stjórnarflokkunum, vera svo miklar, að vel væri hægt að láta sveitarfélögin hafa væna fúlgu af þeim söluskatti, sem áreiðanlega kemur án þessarar lagasetningar í ríkissjóðinn, ef vilji væri verulegur

fyrir hendi. En það er ekki ávinningur fyrir sveitarfélögin að taka þátt í að steypa dýrtíðarflóði yfir fólkið í landinu, þó að þau fái einhvern hluta af því, sem inn er kallað svo freklega.

Allt þetta finnst vafalaust hv. frsm. meiri hl. öfgar og sennilega mörgum í stjórnarflokkunum. En við skulum athuga það svolítið nánar. Auðvitað hafa öfgar stundum verið til í stjórnarandstöðu, því er ekki að neita. Ekki þótti hún t. d. sérstaklega heiðarleg, stjórnarandstaðan, þegar vinstri stjórnin sat að völdum. En það þætti mér illt, ef ég tæki þátt í svipaðri stjórnarandstöðu, það vil ég ekki gera.

Og þá skulum við athuga, hvort það í raun og veru eru líkur til, að þessi nýja stjórnarstefna hafi í för með sér þann samdrátt og hnignun í þjóðfélaginu, sem stjórnarandstaðan spáir nú. Er nokkur vottur þess kominn fram? Vitanlegt er, að efnahagsmálaaðgerðirnar eru ekki enn komnar yfir menn með þunga sínum, það er langt frá því. Þunginn leggst á fólkið á næstu vikum og mánuðum, en það er ekki farið að finna til hans að nokkru ráði enn í þeim mæli, sem verður, og þó er það farið að finna til hans.

Ég stend í allnánu sambandi við ýmsa menn í mínu kjördæmi, og ég verð þess var, að þeir eru farnir að finna til þess, að það er farið að drjúpa yfir þáýringur frá þessari stefnu, þó að demban sé ekki enn þá skollin á, þó að veðráttuskiptin séu ekki enn orðin eins og þau verða.

„Blómin sín jarða daprir dalir,
það dregur násúg um skaga og vík,"

segir Einar Benediktsson í kvæðinu „Hafísinn". Og satt að segja er hér svipað á ferð og hafís á vori. Menn eru farnir að finna gustinn, súginn um skaga og vík og dali. Og um land allt eru að breytast ákvarðanir manna um framfaraathafnir og búsetu. Fyrir þessum orðum mínum vil ég færa sannanir, sem eru sannanir úr mínu eigin kjördæmi, en fréttir hef ég samhljóða hvaðanæva svo að segja af landinu. Ég fæ allmikið af bréfum að norðan. Ég ætla að lesa hér upp stutta kafla úr 3 bréfum, sem ég er nýlega búinn að fá.

Fyrsta bréfið, sem ég ætla að lesa upp úr, er frá bónda í kjördæminu. Það er ungur bóndi. Hann tók fyrir 3 árum ásamt ungri konu sinni jörð, sem ríkið átti og hafði verið í eyði um stund og komin í niðurníðslu. Jörðin var vel í sveit sett, en sem sagt, hún þurfti mikilla endurbóta við, og hjónin hófust handa. Það var byggt fjós á bænum, það voru hresst við fjárhúsin, það var hafin bygging á íbúðarhúsi, og túnið hefur verið stórlega stækkað. Fyrir allt þetta hafa hjónin stofnað til allmikilla skulda og þurfa áfram á lánsfé að halda, því að íbúðarhúsið er ekki komið upp, og það liggur fleira fyrir að gera. Nú skrifar þessi maður mér, en hann hefur áður staðið í sambandi við mig með þessar athafnir sínar, sem sjálfsagt er ekkert sérstakt, því að svo mun vera um marga, að þeir leita til þm. með ýmiss konar fyrirgreiðslur, þegar þeir þurfa á lánsfé að halda. Hann segir:

„Nú er hins vegar fram komið það versta, sem maður í mínum sporum gat fengið framan í sig. Á ég þar við hinar svokölluðu nýju efnahagsráðstafanir. Við þessu var ekki nema eitt að gera fyrir mig. Ég hef nú sagt jörðinni lausri frá næstu fardögum að telja, hefði betur aldrei reynt þetta, fyrst búið er svo að frumbýlingum á voru landi, að engin leið er að komast yfir örðugasta hjallann."

Þannig verka nú aðgerðirnar á þessum stað. Þetta bréf er dags. 22. febr.

Þá fékk ég annað bréf, sem er dags. 28. febr. Það var frá manni, sem er bóndi, en hefur líka stundað byggingarvinnu, er ágætur smiður og hefur aðstoðað sveitunga sína við að koma upp húsakosti á jörðum þeirra. Hann hafði í vetur snúið sér til Búnaðarbankans fyrir ungan mann í sveit sinni, sem þannig stóð á fyrir, að foreldrar hans vilja fara að hætta búskap, enda önnur börn komin að heiman. Það er óbyggt upp íbúðarhús á jörðinni, gamalt og óhæft til frambúðar, og þessi piltur er nú að festa ráð sitt og vill gjarnan taka við jörðinni af foreldrum sínum, byggja hana upp og búa þar áfram. Það er tvíbýli á þessari jörð, og mótbýlingarnir eru gömul hjón, börn þeirra eru öll farin að heiman, og þau styðjast við búskapinn á hinum helmingnum. Bær er rétt hjá, túnin liggja saman. Þar býr líka gamalt fólk, og þess vegna er það, að ef ekki tekst, að þessi ungi maður taki þarna við, eru mestar líkur til, að þessi 3 býli, þ. e. a. s. tvíbýlisjörðin og einbýlisjörðin rétt hjá, fari í eyði.

Búnaðarbankinn var búinn að samþykkja teikningu af húsbyggingu og allt var í góðu gengi, þangað til fréttirnar komu um efnahagsaðgerðirnar. Þá kemur það upp úr dúrnum, að ungi maðurinn treystir sér ekki til þess að ráðast í fyrirtækið, að byggja upp jörðina og taka þar til að búa. Og bréfritarinn, smiðurinn, vinur hans, segir:

„En hvað skal segja? Ráðstafanir ríkisstj. þeirrar, sem nú situr að völdum, virðast allar miða að því að setja hnífinn á kverkar þeirra, sem vilja sporna við því, að Íslandsbyggð minnki og færist á mölina. Hvað á fólkið að gera, ef það getur ekki byggt yfir höfuð sér eða ræktað og nýtt þá jörð, sem það hefur erjað og annazt? Kemur ekki að því, að fleiri og fleiri jarðir standi auðar og ónýttar? Og þegar slík öfugþróun er komin, fylgir þá ekki annað verra, týnast þá ekki ýmis þjóðleg verðmæti og með þeim ástin til landsins okkar, sem bíður eftir aðhlynningu fleiri handa til að skapa meiri verðmæti, fegurra land og meira og betra brauð? Er ekki hætta á, að tungan tapist, ef byggðir dragast saman? Og ef tungan tapast, hvað verður þá langt í það, að við töpum sjálfum okkur, sjálfstæði okkar?"

Þetta var annað bréfið. Þriðja bréfið er dags. 4. þ. m. Þar stendur:

„Getur þú selt fyrir mig trilluna? Ef smáfisks- og ýsuverðið lækkar, eins og stjórnin ætlar að láta verða, er ekki til neins fyrir mig

að ætla að lifa af sjósókninni hér. Ég ætla að þiggja boð mágs míns í Reykjavík og flytja suður. Hann segist geta útvegað mér vinnu.“

Ég veit, að þessi maður hefur að undanförnu átt kost á því, að mágur hans hér í Reykjavík sæi honum fyrir atvinnu, ef hann flyttist hingað. Hann hefur ekki þegið þetta, smábátsútgerð hefur veitt honum sómasamlega atvinnu nyrðra á æskustöðvum hans. Nú er breytingin orðin. Nú ætlar hann hingað suður. En mér er spurn: Getur nú, eins og komið er málum, Reykjavík látið honum í té sómasamleg kjör? Getur Reykjavík yfirleitt tekið á móti því fólki, sem efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hrekja frá staðfestum sínum á landsbyggðinni?

Þessir bréfkaflar eru alls ekki skrifaðir af mönnum, sem eru þannig á sig komnir, að þeir jaðri við geðveiki. En þessir bréfkaflar sýna glögglega, hvað er að gerast. Stefna ríkisstj., sem þetta frv. er liður í, er að stöðva framfarasóknina, snúa henni í kyrrstöðu og flótta frá verkefnum uppbyggingar og landbóta. Það gagnar ákaflega lítið, þó að Morgunblaðið staglist síðustu dagana á orðum bóndans, sem sagði: „Ef hér væri engin mold og engin landbúnaðarframleiðsla, þá væri hér engin þjóð.“ Það gagnar ekkert að skrifa svona, ef unnið er á annan hátt. Stefnan er landeyðingarstefna, hún er þegar farin að verka þannig. Hún hrekur fólkið frá moldinni og frá fiskveiðum strandanna líka. Og frá þessari stefnu þarf í skyndi að snúa, og næst liggur þá fyrir hér í þessari hv. d. að fella þetta frv.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég get að verulegu leyti vísað til þess, sem ég sagði hér í hv. d. um meginatriði þessa frv. við 1. umr. Um sum þessara meginatriða, einkanlega þau, sem um var þá deilt, liggja nú fyrir nánari upplýsingar, m. a. frá þeim aðilum, sem hv. stjórnarliðar a. m. k. hafa tæplega aðstöðu til að rengja. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á, að hæstv. fjmrh. fullyrti og raunar margendurtók, að hér væri ekki um neinar nýjar álögur að ræða, þar sem jafnháir skattar væru lagðir á og af væri létt, í öðru lagi, að ágizkanir okkar stjórnarandstæðinga um skattþungann væru rangar, og í þriðja lagi, að almenni söluskatturinn yrði aðeins lagður einu sinni á, þ. e. a. s. á síðasta stig framleiðslu og sölu.

Eftir að frv. hefur verið athugað í fjhn., svör hafa verið fengin við mikilvægum atriðum hjá sjálfum sérfræðingum ríkisstj. og nokkurt tóm hefur gefizt til frekari athugunar á frumvarpsbákninu, liggur svo ljóst fyrir sem verða má, að allt, sem ég og aðrir stjórnarandstæðingar sögðum um málið við 1. umr., er rétt í öllum meginatriðum, bæði hvað viðkemur þeim atriðum, sem ég hér nefndi, og öðrum.

Til þess að geta stutt fullyrðingar sínar um það, að engar nýjar álögur væru á lagðar, líkum varð hæstv. fjmrh. að grípa til þess í fyrsta lagi að vefengja það, að söluskatturinn yrði 509 millj. á ári, eins og ég fullyrti, og í öðru lagi að hækka þær upphæðir, sem til frádráttar koma, langt upp fyrir raunveruleikann. Á viðræðufundi fjhn. með hagstofustjóra spurði ég um skatthæðina, miðað við ár, og var svar hans við því þetta: Söluskattur í tolli, óbreyttur frá því, sem nú er, er áætlaður 154 millj. kr. — Ég sé nú reyndar í brtt. hv. fjvn., sem nú er verið að útbýta, að það er gert ráð fyrir, að þessi hluti skattsins verði eitthvað hærri. Hækkun þessa skatts, sem gert er ráð fyrir, nemur 180.6 millj., og almenni söluskatturinn er áætlaður 173 millj. kr. Samtals verður þetta 507.6 millj. kr., eða nær því nákvæmlega sú upphæð, sem ég nefndi hér sem lágmark.

Nú kann því að verða haldið fram, að villandi sé að miða skattþunga við heilt ár, þar sem hækkunin á söluskatti í tolli eigi aðeins að innheimtast í níu mánuði á þessu ári. Ég hygg þó, að hæstv. fjmrh. muni hika við að lýsa því hér yfir, svo að ekki verði um villzt, að þessi hækkun verði afnumin í árslokin, án þess að nokkur annar skattur verði lagður á í staðinn, enda er í grg. frv. ekki svo mikið sem gefið undir fótinn með slíkt, heldur aðeins sagt, að endurskoðun laganna muni verða framkvæmd. Og svo mikið er víst, að embættismenn ríkisstj. brosa að þeirri hugmynd, að hér sé um einhvern bráðabirgðaskatt að ræða, en fara hins vegar ekki dult með þá skoðun sína, að söluskatturinn muni fara síhækkandi næstu árin, og er það raunar svo augljóst sem verða má, að það er hið eina rökrétta framhald þeirrar stefnu í skattamálum, sem nú hefur verið tekin upp. Hér er því alveg vafalaust um varanlegan skatt að ræða að óbreyttri stefnu og því óhugsandi að ræða málið á öðrum grundvelli þegar af þeirri ástæðu.

Á hitt ber einnig að líta, að þeir liðir, sem til greina koma til frádráttar, eru allir miðaðir við eitt ár og því algerlega villandi og rangt að reikna dæmið í öðru tilfellinu út frá 9 mánaða skattheimtu, en í hinu tilfellinu út frá heils árs innheimtu, eins og hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn. gera. Á s. l. ári var söluskattur áætlaður 151.4 millj. kr., og óumdeilanleg hækkun til ríkissjóðs nemur því 356.2 millj. kr. Frá þessari upphæð vilja stjórnarsinnar einnig draga 70 millj. kr. söluskatt, sem áður rann til útflutningssjóðs. Slíkt er auðvitað villandi, þar sem gengisbreytingin gerir miklu meira en svara til allra skatta og tolla, sem til hans runnu. En jafnvel þó að þetta sé gert, stæði samt eftir hækkun upp á 286 millj. kr. rúmar. Enn vilja þeir draga frá þær 56 millj. kr., sem bæjarfélögunum eru ætlaðar. Að mínu viti fær þetta ekki heldur staðizt, þar sem vitað er, að útgjöld bæjarfélaganna aukast alveg vafalaust um hærri upphæð en þeirri nemur sem bein afleiðing af gengisfellingunni. Miðað við óbreytta þjónustu og framkvæmd til bæjarfélaganna er óhugsandi, að unnt verði að lækka útsvör frá því, sem áður hefur verið, og er hér því ekki að neinu leyti um að ræða, að verið sé að draga úr útsvarsálögum, heldur þvert á móti, þegar

á heild þessara efnahagsaðgerða er litið. Eftir stendur þá aðeins, að fella á niður allt að 75 millj. kr. tekjuskattinn, ef miðað er við það, sem hann varð á s. l. ári, á móti 356 millj. kr. aukinni skattheimtu til ríkissjóðs eða á móti niðurfellingu innanlandssöluskattsins, sem þó er rangt að gera, eins og ég hef áður sýnt fram á.

Það þarf því alveg furðulega óskammfeilni, vil ég segja, til að bera þá fullyrðingu fram hér á hv. Alþingi og fyrir þjóðina, að hér sé einungis um tilflutning gjaldheimtu að ræða, en engar nýjar álögur. Þvert á móti held ég, að hverju barni sé auðskilið, að hér er um að ræða nýja flóðöldu verðhækkana og dýrtíðar, sem hlýtur að þrengja mjög kosti launamanna umfram það, sem þegar er orðið með gengisfellingunni, með vaxtahækkuninni og margvíslegum hækkunum ýmissa gjalda og skatta, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir. Þannig verður verðhækkun af völdum þessarar nýju skattheimtu um eða yfir 14%, miðað við tollverð allra skattskyldra erlendra vara, en það eru yfirgnæfandi flestar innfluttar vörur og þ. á m. allar neyzlu- og nauðþurftavörur almennings, og allur söluskatturinn, eins og hann verður, miðað við þetta frv., nemur yfir 20% af tollverði innflutts varnings. Það varpar nokkru ljósi á það, hve hér er um gífurlega skattheimtu að ræða, að söluskatturinn einn kemur til með að verða 48 millj. kr. hærri en allir tollar og skattar til ríkissjóðs árið 1956 og um tveir þriðju hlutar af öllum áætluðum tollum og sköttum samkvæmt fjárlagafrv. fyrrv. hæstv. fjmrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem lagt var fram hér á hv. Alþingi 20. nóv. s. l. En skatthæðin öll, 507.6 millj. að dómi hagfræðinganna, svarar til 14 þús. kr. árlegra álaga á hverja fimm manna fjölskyldu, á móti 6 þús. kr. á s. l. ári.

Við þetta er þó því að bæta, að allar þessar tölur eru byggðar á þeim áætlunum, sem starfsmenn hæstv. ríkisstj. hafa gert um það, hve miklu mætti ná í ríkissjóð með þessum hætti, og mun óhætt að fullyrða, að þær áætlanir eru gerðar af mikilli varúð. Hinu hef ég sleppt, sem þó er með vissu vitað og raunar viðurkennt af skattheimtumönnum, að samfara hinum almenna söluskatti eru gífurlegir möguleikar til undandráttar og svika. Má því fullyrða, að sú upphæð, sem almenningur kemur til með að verða að láta af hendi, verður ótöldum milljónatugum hærri en sú, sem til skila kemst í ríkissjóðinn.

Alkunn er reynslan af þeim söluskatti, sem verið hefur í gildi að undanförnu að þessu leyti, en augljóst er, að sízt muni verða breyting á til bóta með þessu frv., og það jafnvel þótt til komi gífurleg aukning eftirlits og hvers kyns skriffinnsku í sambandi við álagningu og innheimtu.

Í grg. ríkisstj. með frv. um efnahagsmál var fullyrt, eins og flesta mun reka minni til, að heildarkjaraskerðing vegna efnahagsaðgerðanna yrði sem næst 3% og 1% hækkanir mundu sennilega verða af öðrum ástæðum. Með þessu var beint gefið til kynna, að allar efnahagsaðgerðirnar hefðu verið teknar með í reikninginn, og látið skiljast svo ótvírætt sem verða mátti, að þarna væri um allar aðgerðirnar að ræða. Það var sagt, að verðhækkanir yrðu sem svaraði 13 vísitölustigum vegna aðgerðanna, en 1% af öðrum ástæðum, en hins vegar mundu gagnráðstafanir svara til 10 vísitölustiga. Í annan stað koma svo fullyrðingar hæstv. fjmrh. og fleiri um það, að með þessu frv. sé ekki um neina kjaraskerðingu að ræða, og er það enn ein staðfesting á því, þegar þetta var gert að umtalsefni í grg. með efnahagsaðgerðunum, að þarna væri allt tínt til, sem heildaraðgerðirnar hefðu í för með sér. Í sambandi við þetta lagði ég þá spurningu fyrir hagstofustjóra, hvort kjaraskerðing af völdum söluskattsins hefði verið tekin með í reikninginn, þegar fullyrt var, að kjaraskerðing vegna efnahagsaðgerðanna í heild yrði aðeins 3%. Hann kvað þetta ekki vera svo og skýrði jafnframt frá því, að hann teldi beina kjaraskerðingu, nettókjaraskerðingu, eins og hann orðaði það, vegna þessa frv. 3% til viðbótar þeirri, sem áður væri komin, eða m. ö. o., hann taldi kjaraskerðinguna af völdum þessa frv. jafnmikla og hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar hafa metið alla gengisfellinguna, og segir það sína sögu um það, hvað hér er um að ræða.

Ég spyr nú, hvort það sé hugsanlegt, að hæstv. fjmrh. hafi verið ókunnugt um þetta mat hagstofustjóra eða hvort hann hafi vísvitandi haft í frammi hér á hv. Alþingi fullyrðingar, sem jafngilda hreinum fölsunum. Ég fæ ekki betur séð en hann eigi hér aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort að ómerkja orð hagstofustjóra eða biðja afsökunar á fyrri fullyrðingum sínum. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að hagstofustjórinn talaði í þessu sambandi ekki um vísitölustig, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. var hér að tala um, heldur um beina kjaraskerðingu, nettókjaraskerðingu af völdum þessa frv.

Það er upplýst, að reiknað er með, að hinn almenni söluskattur á vörum og þjónustu verði innheimtur af sölu að verðmæti 5767 millj. kr. Þessi upphæð, sem nemur því sem næst andvirði allrar þjóðarframleiðslunnar, gefur strax vísbendingu um það, að skatturinn muni ekki ávallt innheimtur aðeins einu sinni, eins og látið er í veðri vaka, heldur í ýmsum tilfellum oftar, ekki sízt þegar þess er gætt, að sala og þjónusta upp á 2400 millj. kr. er skattfrjáls að sögn sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

Við athugun frv. verður þó enn ljósara, að skatturinn er í mörgum tilfellum tvíheimtur af sömu vörunni og þjónustunni. Þannig leiða t. d. ákvæði 3. mgr. 3. gr. og fleiri frumvarpsákvæði af sér, að verulegur hluti af andvirði allra innlendra iðnaðarvara, þ. á m. allra unninna landbúnaðarvara, og flestrar eða allrar þjónustu, sem framkvæmd er, er tvískattaður. Hvers konar framleiðslutækjum er með þessum ákvæðum gert að greiða söluskatt af keyptri raforku, öllum tegundum hráefna til hitunar, öllum orkugjöfum véla, hvers konar viðgerðum á framleiðslutækjum, öðrum en

skipum, einnig af kaupum framleiðslutækjanna flestra, niðursetningu véla og ýmsum þáttum mannvirkjagerðar, sem rekstrinum tilheyra, enn fremur af öllum umbúðum um framleiðsluvörurnar og hjálparefnum hvers konar. Þessir þættir framleiðslukostnaðarins mynda að sjálfsögðu mjög verulegan hluta hins endanlega verðs til neytenda, og skattlagning á þá kemur auðvitað að fullu fram í því verði, sem neytendur verða að greiða, ásamt skatti á verðið, eins og það þá er orðið. Hér er því um svo augljósa tvísköttun að ræða, að ekki þarf um að deila. Það er því ein blekkingin ofan á aðrar, að hér sé um eitthvert algert einstigsálag að ræða, að því er almenna skattinn snertir. Raunverulegar verðhækkanir af völdum hans munu því nema miklu meira en 3%.

Í öllu því skattaflóði, sem dunið hefur yfir á liðnum tímum, hefur innlendri matvælaframleiðslu með öllu verið hlíft við beinni skattlagningu, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) lagði hér áherzlu á í ræðu sinni, og jafnvel hinir hugkvæmustu valdamenn í þeim efnum hafa aldrei getað látið sér detta í hug, að menn mundu una því, að skattlögð væri neyzla nauðsynlegustu matvæla, sem þjóðin sjálf framleiðir, svo sem kjöts, fisks, grænmetis og mjólkurvara. Allir hafa talið jafnsjálfsagt, að þessi undirstöðufæða, sem þjóðin sjálf aflar, að sumu leyti við erfið skilyrði, væri friðhelg fyrir oki skatta og tolla. Nú fær bóndinn og skyldulið hans eitt að neyta kjöts og mjólkurvara og grænmetis án þess að greiða af þeim vörum skatta til ríkissjóðs, en þetta leyfist honum aðeins af náð undantekningarákvæðis í lögum. Allir aðrir verða að gjalda skatt af slíkri neyzlu, annarri en mjólkurdrykkju í heimahúsum, og ekki aðeins einu sinni, heldur tvívegis, að því er unnar búvörur varðar.

Þessi nýi siður er áreiðanlega í fullri andstöðu við allar hugmyndir manna um vitlega skattheimtu. Ég fæ ekki heldur betur séð en hann brjóti einnig algerlega í bága við gildandi reglur um verðlagningu búvara, því að hvers virði er samkomulag bænda og neytenda um búvöruverð, ef stjórnarvöld leyfa sér, strax og þessir aðilar standa upp frá samningsborðinu, að stórhækka verðið til neytenda með margfaldri skattlagningu?

Ég hef leyft mér að flytja brtt. um það, að allar landbúnaðarvörur verði skattfrjálsar og þannig horfið frá því eindæma glapræði að skattleggja neyzlu þeirra matvæla, sem almenningi eru nauðsynlegust, og hindra, að samkomulag bænda og neytenda um verðlagningu sé brotið.

Ég flyt einnig brtt. um, að öll veiðarfæri sjávarútvegsins verði skattfrjáls. Sýnist mér, að ærið sé að gert, þegar ýmsir stærstu kostnaðarliðir útvegsins, svo sem olíur, viðgerðir vélaverkstæða og fæði skipverja, eru reyrðir undir skattaokið.

Einnig flyt ég brtt. við 3. gr. og a-lið 6. gr., sem miða að því að draga úr tvísköttun á innlendar framleiðsluvörur og skattlagningu á útflutningsvörur.

Samkvæmt 1. lið 7. gr. er öll vinna við húsa- og mannvirkjagerð, sem ekki er unnin á byggingarstað, skattskyld, en hins vegar undanþegin sú vinna, sem unnin er á sjálfum byggingarstaðnum. Með þessum ákvæðum tel ég, að verst þokkuðu ákvæði eldri söluskattsins um þessi efni séu upp vakin og látin ganga aftur. Þróunin í húsabyggingum og mannvirkjagerð stefnir stöðugt meira í þá átt, að vinna og framleiðsla fari fram á verkstæðum og í verksmiðjum, þ. á m. eru uppi ráðagerðir um framleiðslu á heilum húshlutum. Virðist með öllu óeðlilegt að refsa þeim sérstaklega með skattlagningu umfram aðra, sem leitast við að innleiða ný og bætt vinnubrögð í þessu efni. Auk þess sýnist, að erfiðleikar þeirra, sem þurfa að koma þaki yfir höfuð sér, séu þegar alveg nægilega miklir, þótt þeim sé hlíft við frekari skattlagningu á mikinn hluta byggingarkostnaðarins. Brtt. mín við a-lið 7. gr. miðar að því að fría alla vinnu við húsabyggingar þessari skattlagningu.

Loks flyt ég brtt. við 25. gr. frv., en samkv. þeirri grein er fjmrh. veitt vald til þess að meta sakir í brotamálum varðandi þessi lög og ákveða refsingar samkvæmt því mati sínu. Pólitískum ráðh. er því fengið í hendur vald, sem dómstólunum einum ber að hafa. Þetta atriði ræddu bæði ég og fleiri svo við 1. umr. málsins, að ekki er þörf um að fjölyrða nú. Jafnvel hæstv. fjmrh. varð þá að viðurkenna, að hér kynni að vera óþarflega langt gengið. Verður því að óreyndu ekki trúað öðru en hann og aðrir hv. stjórnarsinnar fallist á, að þessi óhæfa verði máð á brott úr frv.

Um aðrar brtt. mínar á þskj. 181 þarf ekki að hafa mörg orð. Þar er, að því leyti sem ég hef ekki þegar rakið, um svo augljósar leiðréttingar að ræða, að skýringa er þar varla þörf.

Þessar leiðréttingar eru að sjálfsögðu aðeins örlítið brot af þeim, sem gera þyrfti, og fer því víðs fjarri, að samþykkt þeirra mundi nægja mér til stuðnings frv. í heild. Þó að nokkrir agnúar yrðu sorfnir af þessu frv., standa aðalatriðin óhögguð. En þau eru í fyrsta lagi, að með þessari nýju skattheimtu er nýrri flóðöldu verðhækkana og dýrtíðar skellt yfir almenning í skjóli þeirra kúgunarlaga, sem stjórnarflokkarnir hafa þvingað fram um lögbann við greiðslu verðlagsuppbóta á laun. Í öðru lagi kemur skattheimtan jafnt á brýnustu nauðþurftir sem óþarfa eyðslu og verður því þeim þyngst í skauti, sem áður höfðu aðeins til hnífs og skeiðar. Í þriðja lagi felur skattheimtukerfið í sér mikla hættu á skattsvikum og hvers konar spillingu, og löggjöfin sjálf, eins og hún er úr garði gerð, býður heim tilviljana- og gerræðisfullri framkvæmd. Í fjórða lagi er stofnað til hinnar víðtækustu skriffinnsku, bæði í atvinnurekstri og verzlun og í skattheimtukerfi ríkisins.

Hver þessara meginástæðna fyrir sig ætti að nægja til þess, að hv. d. felldi þetta frv.

Ég þykist hins vegar vita, að gifta hv. stjórnarflokka muni ekki endast þeim til slíks þrifaverks. En því ríkari ástæða er til að taka vel þeim brtt., sem ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 181, og öðrum brtt., sem fram kynnu að koma og til bóta væru.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 181, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram þrjár brtt. við þetta frv., till., sem eru skriflegar og of seint fram komnar. Fyrri tvær þessara tillagna snerta 6. gr. frv. um undanþágu frá söluskatti. Legg ég þar til, að auk innlendra dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, verði enn fremur bækur frumsamdar á íslenzku undanþegnar skattinum.

Þá legg ég það til, að á eftir 15. tölulið þessarar greinar komi nýr töluliður, sem verði töluliður 16, svo hljóðandi: „Nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá staðfestri af fjmrh."

Loks ber ég svo fram brtt. við 17. gr. frv., svo hljóðandi: „Eigi má álagning í heildsölu og smásölu hækka vegna söluskatts af innfluttum vörum."

Ég mun nú gera örlítið nánari grein fyrir þessum litlu brtt., en langar þó til að fara örfáum orðum um þetta frv. fyrst.

Það er óþarft að taka fram, að ákvæði þessa frv. um söluskatt verða til þess að stórauka dýrtíðina í landinu, og virðist þó tæpast á það bætandi. Fyrst er gengislækkunin með þeim afleiðingum, sem hún hefur á allt verðlag. Eru þær nú sem óðast að koma fram þessa dagana í stórkostlegri hækkun vöruverðsins. Þá er vaxtahækkunin, hún mun síðar segja til sín á ýmsan og óþægilegan hátt í verðlagshækkunum. Þriðji dýrtíðarpósturinn er svo þessi víðtæki söluskattur, sem lagður verður ofan á rándýra vöru og alls konar þjónustu. Fyrst er söluskattur, mjög hár, lagður á tollverð allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu. Þessi 1. stigs söluskattur nemur hvorki meira né minna en 15%. Þegar búið er að reikna þennan skatt á vöruna og bæta ofan á allt saman raunverulegri álagningu heildsala og smásala, þá skal í annað sinn lagður söluskattur á þessa sömu vöru, og skal sá skattur nema 3% af smásöluverðinu, eins og það leggur sig. Þannig er söluskatturinn lagður tvisvar á alla innflutta vöru, auk þess sem 3% söluskatturinn leggst á innlenda vöru og alla selda þjónustu. Þessi skattur mun því reynast, þegar hann er kominn á, fullboðlegur sem dýrtíðarvaldur og sóma sér vel við hliðina á gengislækkun og vaxtahækkun.

Næstu mánuðina munu fara fram látlausar verðhækkanir, og mun hver hækkunin reka aðra. Eru þær hækkanir, sem verða þessa dagana, aðeins byrjunin á þessu dýrtíðarflóði, sem hæstv. ríkisstjórn steypir yfir þjóðina af ráðnum hug. En auk þessara vöruverðshækkana hækkar einnig öll þjónusta, sem látin er í té í atvinnuskyni, því að af henni skal einnig greiddur 3% söluskattur. Hæstv. ríkisstj. mun reynast sannkölluð dýrtíðarstjórn, líklega sú mesta í landinu til þessa dags, og takist henni öll dýrtíðaráformin, verður hún því miður hallærisstjórn öllum öðrum meiri.

Áætluð upphæð söluskattsins er, eins og kunnugt er, nálægt 500 millj. kr. á þessu ári. Þetta er lagt á neytendur í landinu og er þó ekki helmingur þeirra auknu álaga, sem á þjóðina eru lagðar af hæstv. ríkisstj. sérstaklega. Þessar álögur eru langt umfram þarfir og því verri en gagnslausar. Þær eru liður í pólitískri stefnubreytingu, sem afturhaldssömustu öflin í þjóðfélaginu nú beita sér fyrir. Þær eru liður í endurskiptingu þjóðartekknanna, nýrri skiptingu á þann veg, að hinir mörgu smáu beri minna úr býtum en áður og að þeir fáu stóru á sviði viðskipta og atvinnu fái aukinn gróða og aukin völd. Álögurnar túlka sem sé fráhvarfið frá jöfnuði lífskjaranna til misréttis og aðstöðumunar. Núverandi valdhafar á Íslandi sjá ofsjónum yfir hinni tiltölulega almennu velmegun, sem hér hefur ríkt síðustu áratugina. Þeim finnst jöfnuðurinn orðinn of mikill, félagslega tillitið til hins óbreytta borgara meira en samrýmist pólitískum skoðunum þeirra og kenningum. Því er þetta afturhvarf.

Valdhafarnir okkar renna augum um þessar mundir til landa eins og Bandaríkjanna og Vestur-Þýzkalands, og þar sjá þeir það, sem er þeim betur að skapi en allur jöfnuðurinn á Íslandi. Í Þýzkalandi Adenauers sjá þeir pólitískt sterkt ríkisvald, sem getur bannað stjórnmálaflokka að vild og sett almúganum stólinn fyrir dyrnar eftir geðþótta. Þar sjá þeir iðjuhölda og aðra atvinnurekendur, sem í sannleika kunna að græða og kunna að gæta fengins fjár og ávaxta það. Þar sjá þeir líka þetta sama ríkisvald njóta fulls stuðnings iðjuhöldanna og að sá stuðningur er því nægur, því að þar er valdið, sem peningarnir eru. Þeir sjá, að ríkisvaldið þýzka og iðjuhöldarnir hafa kunnað að notfæra sér hernámið til fjár. Og loks sjá núverandi íslenzku valdhafarnir, að þýzkri alþýðu er haldið í skefjum launalega og afkomulega, enda byggist auður og vald hinna stóru þar í landi á því.

Þessi þýzka fyrirmynd hefur lengi svifið fyrir hugskotssjónum íslenzkra afturhaldsmanna og haft á þá heillandi áhrif. Kom sú aðdáun m. a. fram í ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti opinberlega á s. l. vori, og fullur viðurkenningar og samúðar lýsti hann þá sem sinni skoðun, að eiginlega væri Sjálfstfl. það vel á veg kominn, að hann líktist einna mest flokki Adenauers. Verri væri hann ekki. Slíkt er sem sagt fyrirmyndin, og til þess að ná henni þarf að taka ekki svo fá skref aftur á bak. Það þarf að skerða kjör almennings á Íslandi, svo að um munar, og það þarf að safna auði á fárra manna hendur. Þegar það er komið í kring, verður ríkisstj. föst í sessi og getur haldið áfram stefnu sinni frá félagshyggju og jöfnuði til einstaklingshyggju og dýpri stéttaskiptingar.

Álögurnar í þessu frv. til laga um söluskatt eru einn hlekkurinn í þeirri festi, sem hæstv. stjórn gerir sér í þessu skyni. Með þeim ásamt öðrum ráðstöfunum skal sú dýrtíð mögnuð, sem dugir til að venja alþýðu manna af eyðslu. Dýrtíðin á að ganga svo nærri láglaunafólki, að engri eyðslusemi verði við komið. Uppeldisaðferð hæstv. ríkisstj. í þessu efni byggist á því, að snauður almenningur sói ekki verðmætum.

Allar þessar tiltektir hæstv. ríkisstj. verða þjóðinni í heild, menningu hennar og lífskjörum til hinnar mestu óþurftar, nái þær fram að ganga. Á því er enginn efi, enda sjá það nú orðið fjölmargir menn, hinir gætnari og raunsærri, í hennar eigin herbúðum. En hæstv. ríkisstj. mun ekki reynast nógu stór í sniðum til að snúa frá villu síns vegar af sjálfsdáðum, þótt meiri hluti hennar óski þess sennilega í hjarta sínu, að eitthvað verði til þess að stöðva þetta glapræði.

Það væri vel til fundið að stöðva eða fella þetta söluskattsfrv., sem fyrir liggur, því að með því væri einn hlekkurinn í afturhaldsfjötrinum eyðilagður. En þeim möguleika er nú sjálfsagt ekki að heilsa. Hæstv. ríkisstjórn nýtur stuðnings meiri hlutans á þingi, þótt sá meiri hl. sé raunar mjög veikur. Þann meiri hl. mun hún nota til þess að bola sér og áformum sínum braut, og það enda þótt hún fari nærri um, að meiri hluti þjóðarinnar verður ráðstöfunum hennar andvígur. Þess vegna er engin von til þess, að þetta óheillasöluskattsfrv. verði fellt.

Frv. er í heild þannig úr garði gert, að fyrir þá, sem ekki eru bundnir á pólitíska klafa hæstv. stjórnar, er ekki um annað að velja en greiða atkvæði gegn því. Um einstakar greinar þess skiptir að sjálfsögðu nokkuð misjöfnu máli. Eru þar mörg ákvæði eðlileg og verða þar að vera, eigi söluskattsófagnaðurinn á annað borð að dynja yfir. Um einstök ákvæði má vissulega lengi deila, og skal ég ekki fjölyrða um það. Ýmislegt mætti færa til betri vegar, enda mun hv. stjórnarandstaða freista þess að fá einhverjar lagfæringar á því fram.

Þær till., sem ég flyt, snerta aðeins smávægilegar breytingar, og virðast mér þær sanngjarnar, og því vænti ég þess, að þær verði teknar til fullrar athugunar. Ein till. og sú, sem auðsóttast ætti að vera að fá samþykkta, varðar 6. gr. frv., en sú gr. fjallar um þær vörur, er undanþegnar skulu söluskatti. Legg ég til, að þar verði bætt inn í ákvæði um, að nauðsynlegustu lyf skuli undanþegin skattinum. Mér er næst að halda, að þetta ákvæði hefði átt að vera þarna, en af vangá ekki verið tekið með. Nauðsynlegustu lyf getur enginn viljað skattleggja að óþörfu. Þau eru sjúkum mönnum lífsnauðsyn, — og hver vill níðast á þeim eða sjúkrasamlögunum, sem að nokkru greiða slík lyf?

Dagblöð og tímarit eiga að vera undanþegin skattinum, og er ég ekki að lasta það, þó að ég telji hins vegar brýnni þörf á að undanþiggja nauðsynlegustu lyf, sem færð væru á skrá, sem sjálfur fjmrh. staðfesti.

Aðra tillögu ber ég fram um breyt. á sömu grein, og er hún á þá leið, að ekki aðeins dagblöð og tímarit skuli skattfrjáls, heldur einnig bækur frumsamdar á íslenzku. Íslendingar eru bókaþjóð, þeir kaupa og lesa fleiri bækur en nokkur önnur þjóð að tiltölu, enda er alþýðumenntun hér í bezta lagi. Allir viljum við eignast sem bezta höfunda íslenzka. En góða höfunda eignast þjóðin ekki, nema hún veiti mörgum tækifæri og aðstöðu til að reyna sig. Útgáfa frumsaminna ritverka er mikið menningarmál, sem ríkisvaldið hlýtur að hlynna að með öllu móti. Því er rétt að mínum dómi, að bækur frumsamdar á íslenzku verði undanþegnar söluskattinum að sínu leyti eins og dagblöð og tímarit.

Síðasta brtt. mín er við 17. gr. frv., eins og ég gat um áðan, gr., sem ákveður söluskatt á innfluttum vörum. Þessi söluskattur á að nema 15% og leggjast á tollverð vörunnar, aðflutningsgjöld hennar og álagningu. Þessi skattur verkar þannig verulega til hækkunar vöruverðsins í landinu og þar með dýrtíðarinnar almennt.

Nú er fyrir mér spurningin þessi: Á þessi hái söluskattur, sem ríkissjóði er ætlaður, að koma til álita við álagningu milliliða í heildsölu og smásölu? Eiga heildsalar og smákaupmenn að fá leyfi til að græða sérstaklega á þessari skattlagningu með því að leggja álagningarprósentu sína einnig á þennan skatt? Mér er ekki grunlaust um, að sú sé tilætlunin og að kaupmannasamtökin krefjist þess. Þetta væri þó ranglátt gagnvart neytendum og raunar eitt ranglætið af mörgum. Heildsalar kunna að segja: Við verðum að fá eitthvað fyrir okkar snúð, fyrir þá fyrirhöfn að standa skil á greiðslu skattsins, og því viljum við fá okkar milliliðagróða aukinn. — Slíku á ekki að anza. Smásalar vöru og þjónustu eiga einnig að standa skil á 3% skattinum án launa, án sérstakrar álagningar fyrir það, eða a. m. k. vona ég, að sá skilningur minn á frv. sé réttur, og sé svo, þá á hið sama að gilda um 15% skattinn. Innheimtan er í báðum tilfellum dálítil byrði, sem þó er raunar ósköp lítil og létt í samanburði við allt, sem á neytendur er lagt. Til þess að taka af allan vafa um þetta atriði hvað 15% skattinn snertir legg ég til, að inn í 17. gr. verði skotið svo hljóðandi málsgrein: „Eigi má álagning í heildsölu og smásölu hækka vegna söluskatts af innfluttum vörum."

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja þessa skrifl. brtt. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Framsögumenn bæði 1. og 2. minni hl. fjhn. hafa nú rætt þetta mál almennt og sýnt svo rækilega fram á ágalla þess bæði marga og stóra, að þar er í sjálfu sér litlu eða engu við að bæta. En það er eitt atriði, sem hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar hér í þessari hv. d. hafa lagt sig alveg sérstaklega fram um að sýna fram á

eða sanna, að svo væri háttað sem þeir vilja vera láta. Þeir hafa viljað sýna fram á það, að í þessu söluskattsfrv., sem hér liggur fyrir, sé ekki um neinar nýjar álögur að ræða. Það er um þetta atriði, sem ég tel rétt að fara nokkrum orðum, enda þótt það sé raunar þegar búið að marghrekja þetta atriði og sýna fram á, að staðreyndin er allt önnur en talsmenn stjórnarflokkanna vilja vera láta að þessu leyti. En þessi skoðun þeirra kemur enn fram og er undirstrikuð í nál. meiri hl. fjhn., þar sem það er enn borið fram, að tilgangur þessa frv. sé að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem hann verði fyrir vegna afnáms 9% skatts á sölu og þjónustu, fyrirhugaðs afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum, svo og þess, að áformað er, að bæjar- og sveitarfélög fái hluta af söluskatti, þannig að þeim verði kleift að framkvæma lækkun útsvara. „Er því ekki um auknar skattaálögur í heild að ræða frá því, sem áður var, heldur aðeins um breytingu skattstofna," segir í nál. meiri hl.

Það er þó vissulega framför, að í nál. meiri hl. er sagt, að það sé um að ræða breyt. á skattstofnum, en ekki, eins og sagt hefur verið hingað til, að ekki væri um neinar auknar skattaálögur í þessu frv. að ræða, heldur aðeins um breyt. á gjaldheimtu að ræða, en ég hygg, að á þá lund hafi það verið orðað hjá hæstv. fjmrh., og þannig hygg ég að þetta sé „síterað" í þeim blöðum, sem sagt hafa frá ræðu hans, þeirri er hann flutti hér í d. við 1. umr. þessa máls.

Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, á að lögleiða þrenns konar söluskatt, þ. e. 3% almennan söluskatt af öllum innlendum viðskiptum í smásölu og af hvers konar þjónustustarfsemi, og í öðru lagi innflutningsskatt af öllum innfluttum vörum, sem hér eru teknar til tollmeðferðar, eftir því sem nánar segir í lögunum, og er sá skattur 15% eða þó öllu heldur 16.5%, þegar tillit er tekið til þess, að hann er reiknaður af innflutningsverði vörunnar, þ. e. tollverði og aðflutningsgjöldum, að viðbættri 10% áætlaðri álagningu.

Hér er um gífurlegar álögur að ræða, svo sem ljóst er af því, að í fjárlagafrv. er áætlað, að söluskatturinn á yfirstandandi ári muni nema samtals um 434 millj. kr. Af því virðist mega ráða, jafnvel þó að ekki væri við að styðjast þær glöggu upplýsingar, sem hér hafa reyndar komið fram í umræðum eftir hagstofustjóra, að á heilu ári mundi söluskatturinn alltaf nema yfir 500 millj. kr., eins og rækilega hefur verið sýnt fram á í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. Þó er þess að gæta, að vitaskuld er það svo, að í fjárlagafrv. er um mjög varlega tekjuáætlun að ræða. Það er þess vegna engan veginn ósennilegt, að heildarfjárhæð söluskattsins verði í reyndinni allmiklu hærri, enda þótt það sé ekki á mínu færi að spá neinu um það.

Ég staðhæfi, að hér sé óvefengjanlega að verulegu leyti um nýjar álögur að ræða. Hinn almenni 3% söluskattur er nýr. Að vísu fellur um leið niður 9% gjald það, sem innheimt hefur verið af þjónustustarfsemi og innlendum iðnaðarvarningi, en af því gjaldi runnu 3% í ríkissjóð og 6% í útflutningssjóð, svo sem kunnugt er. Í bæklingnum alkunna, Viðreisn, er áætlað, að miðað við árið 1960 muni brottfall þess hluta gjaldsins, sem í ríkissjóð rann, nema 38 millj. kr. Alls ætti þá söluskattur að hafa numið 114 millj. kr., þ. e. a. s. þessi gamli söluskattur að viðbættum hluta útflutningssjóðs, sé reiknað með áætlun þeirri, sem Viðreisn geymir. Hinum almenna söluskatti var hins vegar samkv. fjárlagafrv. ætlað að gefa 280 millj. kr. Það stendur skýrum stöfum í fjárlagafrv., b-lið þeirrar gr., sem um það fjallar. Nú er að vísu sagt, að fyrirsjáanlegt sé, að með hinum almenna söluskatti einum muni ekki fást sú fjárhæð, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og sé innflutningsskatturinn því m. a. af þeim ástæðum hækkaður. Hvað sem um það er, þá gefa þessar tölur glöggt til kynna aukningu álagnanna. Það er að vísu svo, að hér er farið með ákaflega margar tölur, en ég held, að það sé nokkurn veginn auðskilið, hvernig rétt er að bera þessar tölur saman. Það er að mínu viti rétt að bera saman 280 millj. annars vegar og 38 millj. hins vegar, og verður þá mismunurinn 242 millj. kr., því að í stað söluskatts þess, sem til útflutningssjóðs rann, hafa komið álögur í formi gengisbreytingar, eða ef menn vilja nota uppáhaldsformúlu hæstv. ríkisstjórnar: Í stað söluskattsins í útflutningssjóð hefur komið tilflutningur fjár með gengisbreytingu. En jafnvel þó að þessi hluti söluskattsins af iðnaði og þjónustu, sem rann til útflutningssjóðsins, væri tekinn með í þessum samanburði með áætlunarupphæð eftir tölunum í Viðreisn, 76 millj. kr., verður dæmið þannig, að 280 millj. kr. koma á móti 114 millj. kr., þ. e. a. s. mismunurinn verður þá 166 millj. kr., sem að mínum dómi eru ómótmælanlega nýjar álögur, þegar á heildina er litið.

Ég hygg, að þessu verði ekki mótmælt með rökum. Ég hef að vísu ekki hér tekið tillit til þess, að ⅙ hluti hins almenna söluskatts og ⅙ viðaukainnflutningsskattsins eiga að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, enda held ég, að álögurnar verði alveg jafnþungbærar fyrir gjaldþegnana, hvort sem þær renna til ríkissjóðs eða bæði í ríkissjóð og jafnframt til einhverra annarra opinberra þarfa. Álögurnar eru alveg jafnnýjar og til viðbótar eldri álögum, hvernig svo sem þeim er varið, enda er sannleikurinn sá, að það skortir alla tryggingu fyrir því, að útsvör lækki sem svarar þessum hluta skattsins. Og sannleikurinn er sá, að það er meira að segja alls engin trygging fyrir því, að útsvör lækki nokkurn skapaðan hlut, það er allt eins líklegt, að þau haldist alveg óbreytt, og kem ég kannske að því eitthvað síðar í ræðu minni. Og eitt er hér víst: hvað sem öllum samanburði á heildarfjárhæðum álagnanna, hinna eldri og þeirra fyrirhuguðu, líður, þá er hér um að ræða, eins og viðurkennt er réttilega í nál. meiri hluta fjhn., nýja skattlagningaraðferð. Hér er um það að ræða, að lagt er á nýja skattstofna. Hér er um að ræða almennan söluskatt, sem lagður er á allt aðra

skattstofna og með allt öðrum hætti en hið eldra viðskiptagjald á innlendan iðnað og þjónustustarfsemi. Þessi nýi söluskattur leggst, eins og ég sagði, á allt aðra gjaldþegna, á allt aðra skattstofna. Hann er, eins og hér hefur rækilega verið sýnt fram á, almennur skattur á neyzlu alls almennings, og hingað til hefur það þótt skipta nokkuð miklu máli, þegar um skattaálagningu hefur verið að ræða, hvar skattabyrðarnar kæmu niður, hverjir ættu að borga. Það hefur ekki aðeins þótt skipta máli, hver heildarfjárhæð væri innheimt. Það má vera, að frá stjórnarstóli séð skipti það eitt máli, að tiltekin fjárhæð innheimtist í ríkissjóð, og út frá þeim hugsunarhætti eru e. t. v. skiljanleg þau ummæli, sem hæstv. fjmrh. hafði hér við 1. umr. málsins og Alþýðublaðið lagði svo út af í leiðara sínum á sunnudaginn síðastliðinn. Það er ekki með öllu ófróðlegt að athuga þann leiðara þessa blaðs, sem um langt skeið hefur talið sig vera málgagn launafólks og alþýðustétta í þessu landi. Leiðari þessi hefur yfirskriftina: „*Dæmi fyrir skólabörn*“ — og með leyfi forseta, langar mig til að lesa aðeins nokkur orð upp úr þessum leiðara. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með söluskattinum, sem efri deild Alþingis hefur nú til umræðu, er ekki verið að auka skattabyrði þjóðarinnar, heldur breyta skattainnheimtu. Þessi söluskattur er lagður á um leið og annar söluskattur er afnuminn og tekjuskattur afnuminn á launatekjum. Gunnar Thoroddsen fjmrh. skýrði þetta dæmi í framsöguræðu sinni um skattinn á svo einfaldan hátt, að hvert skólabarn hlýtur að skilja dæmið.“

Og síðan heldur áfram, með leyfi forseta, með svartletri til þess að gera þetta enn þá einfaldara:

„Ríkið fær nú 280 millj. samkv. söluskattslögunum. Á móti missir ríkið 110 millj. vegna lækkaðs tekjuskatts, 114 millj. vegna afnáms 9% söluskattsins og 56 millj., sem renna til bæjarfélaganna. Útkoman úr þessu dæmi er núll. Ríkið missir jafnmikið fé og það fær.“

Svo mörg eru þau orð. En ég er ákaflega hræddur um, að almenningur í þessu landi láti sig nú ekki það eitt varða, hvort álögurnar í heild nema sömu upphæð og áður, heldur sé það *einnig höfuðatriði fyrir hann og frá* hans sjónarmiði, með hverjum hætti álögurnar eru lagðar á, og það er einmitt það, sem er meginatriðið varðandi þennan nýja söluskatt. Það er einmitt það, sem er kjarni þessa máls, sem um er að ræða, að þessi nýi söluskattur er lagður á sem almennur neyzluskattur á allan almenning í landinu. Og ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að það verður skóladæmi, sem svo að segja hvert einasta skólabarn í landinu getur reiknað mjög bráðlega, að þessar álögur þýða auknar álögur.

En hitt er svo annað mál, að það, sem Alþýðublaðið segir um þetta, er auðvitað alrangt, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Ríkið fær ekki aðeins 280 millj. samkv. söluskattslögunum fyrirhuguðu, heldur samkv. fjárlagafrv., þar sem það stendur skýrum stöfum, 434 millj. kr. Og nú sé ég raunar, að samkv. nál. eða till. meiri hl. fjvn. er þó þetta hækkað um a. m. k. 3 millj. kr. Það er alveg furðulegt, að blað á borð við Alþýðublaðið skuli leyfa sér að fara með svona fals, að það skuli leyfa sér að fara með tölur á þennan hátt í leiðara. Það er alveg furðulegt, — ég verð að segja það, — að segja, að söluskatturinn, sem fyrirhugað er að leggja á, gefi bara 280 millj. kr., þegar það stendur skýrum stöfum í fjárlagafrv., að honum er ætlað að gefa í ríkissjóð 434 millj. kr. Það á að reyna að koma því inn hjá almenningi með leiðara í Alþýðublaðinu, að það séu aðeins 280 millj., sem verið er að leggja á með þessum söluskattslögum. Og hvernig sem þau gjöld, sem að nafni til eru niður felld, eru borin saman við heildarfjárhæð þá, sem innheimta á eftir söluskattsfrv., verður útkoman alltaf sú, svo sem ég hef sýnt fram á, að hinar fyrirhuguðu álögur eru miklu hærri en hin niðurfelldu gjöld, sem þó eru ekki niðurfelld nema að nafni til, þar sem þau voru áður notuð til þess að halda uppi gengi *íslenzkrar krónu, koma í veg fyrir gengisbreytingu*, en nú hefur gengisbreytingin verið gerð og verðhækkunin á erlenda gjaldeyrinum komið í staðinn fyrir þessi gjöld.

Það er ekki ástæða til þess að bæta hér miklu við það, sem þegar hefur verið sagt um þennan fyrirhugaða almenna söluskatt, hvernig hann er þó á allan hátt ömurlegri og harkalegri en nokkur sá söluskattur, sem hér hefur áður þekkzt, m. a. að þessu leyti, að hann á nú, sem alveg er nýtt, að leggjast á matvæli, sem framleidd eru hér innanlands. Hann á að greiða af kjöti og kartöflum og öðrum slíkum matvælum, sem framleidd eru hér innanlands. Og satt að segja verð ég að játa, að mér finnst það dálítið einkennilegt, þegar um þær vörur er að ræða, sem ríkissjóður ver fé til þess að greiða niður, að þá er verið að leggja svo á þær þessi gjöld líka.

Og þá er það viðaukainnflutningsskatturinn, sem aðeins er rétt að drepa hér á með fáeinum orðum, en hann er þó sannarlega alveg nýr. Um það er engum blöðum að fletta.

Innflutningsskatturinn nú er 7%, eða þó það, sem réttara er eiginlega, 7.7%, en nú á við hann að bæta 8 eða þó öllu heldur 8.8%. Það er ekkert lítilræði, sem þarna er um að tefla. Það má hugsa sér, hver áhrif það hefur, þegar slíkur skattur leggst ofan á allt vöruverð í landinu. Og þessi viðauki kemur, ef ég má viðhafa svo ljótt orð hér í þessari hv. d., eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Almenni söluskatturinn hafði verið boðaður, en á þennan viðauka hafði ekki verið minnzt einu orði. Í aths. um fjárlagafrv. stendur þvert á móti skýrum stöfum alveg orðrétt þetta:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu síðastliðins árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“

Þetta segir í aths. við fjárlagafrv., sem útbýtt var hér, eftir að þing kom saman síðast í janúarmánuði. Hér hefur því komið til greina alveg spánnýr skattur, sem alls ekki hefur ver-

ið reiknað með í efnahagsmálafrv. ríkisstj., að því er virðist. Það er auðvitað algert aukaatriði í þessu sambandi og engin ástæða til þess að eyða löngu máli í umræður um það, hvernig eiginlega stendur á því, að þessi skattur kemur svona óvænt fram. Hvort það byggist á einhverri reikningsskekkju hjá þeim hagfræðingum, sem hafa samið efnahagsmálafrv., eða það byggist á einhverjum öðrum ástæðum, það finnst mér út af fyrir sig ekki skipta neinu máli, þó að það sé eðlilegt, að það sé dálítið viðkvæmt mál fyrir hagfræðingana, sem að þessu hafa staðið, ef það væri svo, að þarna væri um mikla reikningsskekkju að ræða. En um það skal ég ekki segja neitt, aðalatriðið er bara það, að hér er um stórkostlega nýja skattlagningu að ræða, sem hlýtur enn að stórhækka vöruverð til viðbótar þeirri verðhækkun, sem hefur orðið og verður af völdum gengisbreytingarinnar. Þess vegna er það, að þessi viðaukaskattur, sem þarna er lagður á nú, hlýtur að stórhækka dýrtíðina í landinu, og þá er það nú svo, að það verður ómögulega komizt hjá því að spyrja, hvernig sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. kann að leggja það út, hvort þetta muni þá ekki raska öllum þeim grundvelli, sem efnahagsmálalögin voru byggð á. Hvað verður nú t. d. úr þeirri fullyrðingu þeirra, sem að þeirri löggjöf stóðu, að fjölskyldubætur þriggja barna fjölskyldu mundu vega upp á móti kjaraskerðingunni? Hvernig má það vera, eftir að þessi viðaukaskattur bætist við? Það væri fróðlegt að heyra skýringar hv. frsm. meiri hl. fjhn. á þessu atriði eða þá hæstv. fjmrh. En hvernig sem þau svör verða og hvernig sem þeirra skýringar verða á þessu atriði, þá er ég ákaflega hræddur um, að þeim veitist erfitt að koma almenningi í þessu landi í skilning um það, að þessi 8.8%, þetta nýja álag, 8.8% álag á verðlagið, skipti engu máli um kjararýrnunina. Það er raunar upplýst í þessum umræðum og enginn ómerkari maður en hagstofustjórinn, sem hefur upplýst það, að kjaraskerðing af völdum þessa frv. eins, söluskattsfrv., muni nema 10%, og það kom greinilega fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. Og þetta er vissulega ekkert smáræði, þegar það kemur til viðbótar þeirri kjaraskerðingu, sem leitt hefur nú þegar og leiða mun þó æ meir, sem lengur líður, af gengisbreytingunni. Og það er alveg sama, hvað hv. frsm. meiri hl. fjhn. segir um þetta og hversu honum finnst það fráleitt, að menn komi með spurningar af þessu tilefni, þá fer ekki hjá því, að almenningur í landinu spyrji, hvort það geti nú ekki verið, að það sé fleira eða hafi fleira verið skakkt reiknað í efnahagsaðgerðum ríkisstj. en þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd.

Það er annars um þennan viðaukainnflutningsskatt að segja, að það er látið í veðri vaka, að hann eigi aðeins að standa til bráðabirgða. En hver trúir slíkri fullyrðingu? Reynslan sýnir, að það er ákaflega hætt við því, að þeir skattar, sem lögleiddir eru á annað borð, verði nokkuð varanlegir, þó að þeim sé í öndverðu aðeins ætlað að gilda til bráðabirgða eða skamman tíma. Sú var reynslan með þennan söluskatt, sem hér hefur verið, að hann var aðeins settur til eins árs, og hann hefur æ síðan jafnan verið framlengdur, að því er ég bezt veit, frá ári til árs. Og það er ákaflega hætt við því, að sama reyndin muni nú verða um þennan viðaukaskatt, sem um er að ræða í þessu söluskattsfrv., enda þótt hann sé hafður þar í þeim hluta frv., sem kallaður er ákvæði til bráðabirgða. Og það er annars nógu fróðlegt að líta aðeins á það, hvað um þetta segir í sjálfri grg. Þar segir svo:

„Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér er farin, að nokkru leyti bráðabirgðaleið. Verður unnið áfram að málinu og væntanlega unnt að leggja fyrir næsta Alþingi till. um framtíðarlausn þess."

Menn athugi það, að það segir beinlínis í þessum aths., að þarna sé að nokkru leyti um bráðabirgðaleið að ræða. Það er sem sé gefið beinlínis í skyn í þessari grg., sem raunar allir vita, að hér er ekki og verður ekki um neitt bráðabirgðaákvæði að ræða í reyndinni. Ég viðurkenni það fúslega, að það þarf jafnan að afla nægilegra tekna í ríkissjóð og þeim, sem standa fyrir þeirri tekjuöflun, getur oft verið mikill vandi á höndum, og ég viðurkenni það mjög fúslega, að það getur komið til greina og getur verið á allan hátt eðlilegt, að gerðar séu ýmiss konar breytingar á skattalöggjöf og skattabreytingar. Ég viðurkenni það t. d., að það sé þörf á breytingum á núgildandi tekjuskattslöggjöf, en um hana ætla ég annars ekki að ræða í þessu sambandi, af því að um hana verður rætt í öðru sambandi. En það hefur réttilega verið á það bent, að í sambandi við þá löggjöf hafi átt sér stað ýmiss konar misfellur, sumum hafi þar gefizt möguleiki á því að skjóta allmiklu af sínum tekjum undan skatti. En ég held, að það sé þó viðurkennt af öllum, sem um þau mál hafa fjallað, að þeir, sem sízt hafa gert það og allra sízt hafa haft nokkurn möguleika til þess og hafa alls enga möguleika til þess, það séu þeir, sem hafa almennar launatekjur. En það eru einmitt þeir, sem nú eiga að fá eftir gefinn sinn tekjuskatt, og er ég ekki að hafa á móti því út af fyrir sig, en mér sýnist, að það muni ekki með þeim hætti vera ráðin bót á þeim annmörkum, sem hingað til hafa verið taldir á því að framkvæma tekjuskattslögin viðhlítandi. Um þessa fyrirhuguðu skattlagningu, sem hér er um að ræða, vil ég aðeins segja þetta:

Ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar um það almennt eða fordæma yfirleitt almennt neinar sköttunaraðferðir. Það fer eftir atvikum og þörfum á hverjum tíma, til hverra ráða verður að grípa í því efni. En eins og nú standa sakir, tel ég almennan söluskatt óheppilega skattaðferð, sem í lengstu lög ætti að forðast að grípa til, og ég tel hana alveg sérstaklega óheppilega nú, þegar hún kemur í kjölfarið á þeirri gífurlegu gengisbreytingu, sem hér hefur átt sér stað, og vaxtahækkun þeirri hinni miklu, sem hér hefur átt sér stað og ekki þarf hér að fjölyrða um. Ég tel hana

sérstaklega varhugaverða vegna þess, að hún kemur þungt niður á almenningi í landinu, hækkar vöruverðið og eykur dýrtíð stórkostlega. Hitt er svo alveg augljóst mál, sem bent hefur verið rækilega á hér og ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að, að innheimtan á þessum skatti verður sérstaklega erfið. Innheimtumennirnir verða ákaflega margir. Skriffinnskan verður gífurleg og kostnaðurinn við innheimtuna eftir því, og fyrirhöfn alls almennings verður mjög mikil og það verður eilífur eltingarleikur við þessa mörgu aðila, sem eiga að standa skil á þessum skatti, og svo er því til viðbótar, að það er ákaflega hætt við, að þessi skattur komi ekki allur til skila. Að vísu eru margir heiðarlegir menn í landinu, og ég er ekki að væna neina af þessum aðilum, sem eiga þennan skatt að innheimta, um óheiðarleika. En það verð ég að segja, að með þessari aðferð er mikil freisting fyrir þá lögð, og það gæti verið, að með þessari aðferð væri beinlínis ýtt undir óheiðarleika. Ég get því vissulega ekki tekið undir orð hæstv. fjmrh., þegar hann var að lýsa þessari aðferð um almenna söluskattinn, 3% skattinn, að þetta skattkerfi sé einfaldast og auðskildast.

Ég get fallizt á það, að það geti verið réttlætanlegt að beita söluskatti, t. d. til þess að afstýra gengislækkun, þegar þannig stendur á, að til hans er gripið af þeim sökum. Það er alveg rétt, að það hefur verið gripið til söluskatts í ýmsum löndum og það hefur verið gripið til söluskatts hér á landi, eins og við allir þekkjum og komið hefur fram í þessum umræðum. En ég verð að segja það, að samt er ég dálitið hissa á því, að þessi samstarfsstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. skuli beita sér fyrir setningu þessa söluskatts. Ég er að vísu ekki hissa á því, að Sjálfstfl. skuli beita sér fyrir þessari skattlagningaraðferð, því að það var Sjálfstfl., sem á sínum tíma beitti sér fyrir veltuskattinum illræmda, en með þeim skatti var í raun og veru þessi asni leiddur í herbúðirnar hér á landi, svo að það er ekkert einkennilegt við það, þó að Sjálfstfl. beiti sér fyrir þessari skattlagningaraðferð. Hitt verður að teljast alveg furðulegt, að Alþfl. skuli taka þátt í því að setja slíkan skatt, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég því til sönnunar, að þetta komi mönnum nokkuð á óvart, lesa upp fáein orð úr Alþingistíðindum, þegar eitt sinn var fjallað um þessi málefni hér á þingi. Það er úr Alþingistíðindum 1953 og er í B-deild, í dálki 109, og sá, sem þá hefur orðið fyrir Alþfl., er enginn ómerkari en fyrrv. formaður Alþfl., sem þá var formaður hans, Haraldur Guðmundsson, og hann talaði þá ekki bara í eigin nafni, heldur talaði hann líka í flokksins nafni um þá hluti, sem þar voru til umræðu. Með leyfi forseta, þá sagði Haraldur Guðmundsson um þetta þá:

„Ég álít, og Alþfl. er sömu skoðunar, að af mér liggur við að segja öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir, ég vil nú ekki segja flestir, eru þó á lagðir með það sjónarmið fyrir augum, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollurinn, eftir því, hvaða vörur eiga í hlut, hvort hægt er að komast af án þeirra eða ekki. En til þessa sjónarmiðs er engan veginn tekið tillit við álagningu söluskattsins, heldur þvert á móti. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði."

Og enn segir Haraldur:

„Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn: ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Við leggjum því til, Alþfl.-menn, að þessi skattur verði felldur niður."

Það hefur náttúrlega mikið vatn runnið til sævar, síðan þetta var sagt, og Haraldur Guðmundsson er ekki lengur formaður Alþfl. Þar hafa tekið við nýir menn, sem virðast hafa á þessu aðra skoðun. En þó er það nú svo, að enn eru sumir þeir í Alþfl., sem voru í honum 1953 og tóku þátt í umræðum um þetta mál á því þingi, og með leyfi hæstv. forseta, vildi ég aðeins mega fara hér með örfá orð, sem núv. hæstv. viðskmrh. sagði þá um þennan sama skatt. Það er í þessum sömu þingtíðindum, B-deildinni 1953, 81. dálki. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið jafnstórkostlega svikinn og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. En það er margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum."

Þetta voru orð hæstv. viðskmrh. á Alþingi 1953. Það er alveg augljóst mál, að þegar hann nú tekur þátt í því að flytja frv. um söluskatt, miklu stórkostlegri og á allan hátt þungbærari en allir þeir söluskattar, sem hér hafa verið fyrr, virðist hann hafa skipt um skoðun í þessu efni. En mennirnir skipta um skoðun, en eðli hlutanna helzt óbreytt, og þó að hæstv. viðskmrh. hafi skipt um skoðun á

söluskattinum, er eðli söluskattsins samt alveg óbreytt frá því, sem var 1953. Hann er alveg jafnranglátur nú og hann var þá. Hann er alveg jafnósanngjarn nú eins og hann var þá. Og það er alveg jafnmikil hætta á því, að hann komist ekki allur til skila, nú eins og þá.

Það hefur verið fram borin hér sem réttlætingarástæða fyrir þessum gífurlega söluskatti, að nokkur hluti hans eigi að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eigi að fara til þess með þeim hætti að lækka útsvör. Það er að vísu rétt, að útsvörin eru þungbær, og engum ætti að vera það kunnugra en þeim, sem hafa orðið að greiða útsvör hér í Reykjavík. En það liggur að mínum dómi alls ekkert fyrir um það, að útsvör geti lækkað eða þau muni lækka, þó að sveitarfélögin fái þennan hluta af söluskattinum. Það er alveg víst, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa stóraukið útgjöld sveitarsjóða og koma til með að stórauka þau. Ég hygg, að fjárhagsáætlanir bæjarfélaga séu t. d. löngu afgreiddar, og mér er ekki kunnugt um, að í þeim sé gert ráð fyrir nokkurri lækkun útsvara, og mér er kunnugt um, að það er farið að innheimta, eins og eðlilegt er, upp í útsvör. Ég hef ekki orðið var við það, t. d. hér í Reykjavík, að það hafi verið gert ráð fyrir því varðandi þá innheimtu, að útsvörin kynnu að lækka. Ég held sem sagt, að það sé ekki nokkur hlutur, sem bendir til þess, að útsvörin muni lækka eða geti lækkað. Ég held blátt áfram, að sveitarfélögunum muni ekki veita af þessum hluta söluskattsins, sem á að renna til jöfnunarsjóðsins, til þess að vega upp á móti þeirri útgjaldahækkun, sem hefur þegar orðið og verður hjá þeim vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. En það er hverjum manni ljóst, að mörg útgjöld þeirra hljóta að aukast stórkostlega einmitt vegna þeirra aðgerða. Það er t. d. öllum vitanlegt, að mörg bæjarfélög skulda allmikið fé í erlendum gjaldeyri, og það er ljóst, að þeirra byrði hefur þyngzt mjög við gengisbreytinguna.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta miklu meira, ef það er ætlun að halda áfram fundi. **(Forseti:** Það er meiningin að gera innan skamms matarhlé.**)** Ég vildi aðeins segja það, að mér virðist þetta frv., söluskattsfrv., bera þess merki á ýmsan hátt og að allri gerð, að það sé flýtisverk og að það sé á engan hátt svo vandlega skoðað sem nauðsyn ber til um svo mikilvæga löggjöf og svo íþyngjandi löggjöf sem hér er um að ræða. Það segir í aths. frv., að stjórnin hafi falið nefnd manna, sem þar eru tilgreindir, að semja frv. Þeir menn, sem þar eru taldir, eru vissulega góðir menn og glöggir, en það kemur einmitt fram í grg. eða aths. með frv., að þessir ágætu menn hafa talið sig fá helzt til skamman tíma til þess að athuga þetta mál og þeim hefur verið skammtaður of naumur tími til samningar svo viðamikils frv. En það segir einmitt í aths. um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem að líkum lætur, hefur n. haft skamman tíma til þess að fjalla um þetta margbrotna mál. En það hefur rekið mjög á eftir, að hér er um löggjöf að ræða, sem ætlazt er til að veita eigi ríkissjóði tiltekna tekjufjárhæð á yfirstandandi ári, svo sem áætlað hefur verið í frv. til fjárlaga 1960. Ríður því á, að löggjöf um þetta efni komi til framkvæmda sem allra fyrst, og hefur n. skilað bráðabirgðatill. til ríkisstj.“ Ég endurtek: „og hefur n. skilað bráðabirgðatill. til ríkisstj. Ríkisstj. athugaði till. þessar og ákvað síðan að bera fram frv. þetta.“

Það, sem frá þessum ágætu mönnum hefur komið, sem þarna eru tilgreindir, þó óbeint, sem höfundar þessa frv., hafa því nánast verið bráðabirgðatill., drög að frv., og ég verð að segja það, að mér virðist, að það séu ýmis ákvæði í þessu frv., sem bera þess merki. Það er t. d. mjög áberandi, eins og reyndar hefur verið vikið hér að nokkuð áður, að það er eins og löggjafinn skjóti sér undan því að taka þar ákvörðun um ýmis efni og eftirláti þá ákvörðun reglugerðargjafanum, skjóti mjög mörgum og ég vil segja alveg óeðlilega mörgum úrlausnarefnum til reglugerðargjafans. En það er nú svo, að við skattlagningu verður að gera tvær meginkröfur til skattalöggjafar. Annars vegar þá, að skattheimtan sé gerð skilvirk, eftir því sem mögulegt er, og hins vegar þá kröfu, að réttaröryggi skattþegnanna sé tryggt, eftir því sem kostur er. Mér virðist í örfáum orðum sagt og almennt sagt, að það sé í þessu frv. allvel séð fyrir fyrra atriðinu, sem ég nefndi, fyrir fyrra sjónarmiðinu, og það er kannske eðlilegt og mannlegt, að þessir menn, sem samið hafa frv. og eru starfsmenn ráðuneytanna, hafi einmitt frekar haft þetta sjónarmið í huga, að reyna að haga þessum lögum þannig, að skattheimtan yrði skilvirk. Hins vegar verð ég að segja það, að mér virðist miklu síður hafa verið haft í huga það sjónarmið, sem ég nefndi síðar, réttaröryggi skattþegnanna. Það mætti nefna þess mörg dæmi úr þessu frv., en þar sem nú er orðið nokkuð áliðið, mun ég ekki fara út í að telja þau atriði upp sérstaklega, en þau eru þó mjög mörg í þessu frv., sem sýna, að það er ekki hugsað eins og skyldi fyrir réttaröryggi skattþegnsins að þessu leyti. Ég nefni t. d., að þar er fækkað áfrýjunarstigum frá því, sem almennt er í skattamálum. Fjmrh. er fengið fullnaðarúrskurðarvald í mýmörgum tilfellum, og ég verð að segja það, að þó að það geti verið réttmætt innan vissra takmarka og það geti verið of þungt í vöfum að leita til almennra dómstóla um ýmis skattamál, þá finnst mér í þessu frv. allt of langt — og hættulega langt — gengið inn á þá braut að fela ráðh. fullnaðarúrlausn um mál og þá ekki aðeins um framkvæmdaratriði, sem ekkert er við að segja, heldur um hrein og bein efnisatriði. Það getur vissulega verið heppilegt að gefa framkvæmdarvaldinu visst svigrúm til þess að laga framkvæmdina eftir breytilegum aðstæðum og breyttum þörfum. En það er þó almennt viðurkennt, að ég hygg, að það séu viss takmörk fyrir því, hversu langt megi ganga í þessu efni, og ég álít, að hér sé gengið hættu-

lega langt inn á þá braut. Og ég gæti, eins og ég sagði áðan, ef ég vildi, nefnt mýmörg dæmi úr þessu lagafrv., sem styðja þessa skoðun og sýna, að þetta er rétt. Það er gengið lengra í þessa átt í þessu frv. en fordæmi eru fyrir, að ég held. Og það verður að segjast, að þetta, — og það skulu þá verða mín síðustu orð hér, — að einmitt þessi tilhneiging, sem er í frv. til þess að draga þannig vald í hendur ráðh., er enn vitni og vottur þeirrar tilhneigingar, sem svo mjög hefur orðið vart hjá þessari hæstv. ríkisstj., sem nú situr hér að völdum, að vilja draga í sínar hendur æ meira og meira vald og vilja draga það vald í sínar hendur, sem að réttu lagi á að vera í höndum annarra aðila, Alþingis eða dómstóla. — [Fundarhlé.]

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. settist að völdum og hæstv. forsrh. flutti tilkynningu fyrir hönd ríkisstj. í upphafi þessa þings, var það tekið fram, að það væri yfirlýst stefna ríkisstj. að breyta skattakerfinu að verulegu leyti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fram borið í samræmi við þessa yfirlýsingu og er því eitt af stefnuskráratriðum eða stefnuskrármálum núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það er því eðlilegt að ræða þetta stóra mál öðrum þræði með tilliti til þeirrar heildarstefnu, sem ríkisstj. hefur markað.

Þegar hér var til meðferðar fyrir nokkru frv. til l. um efnahagsmál, sem fól í sér gengisbreytingu og ýmsar fleiri ráðstafanir, voru þau rök færð fyrir því máli, að það væri úr garði gert og það yrði að samþykkja vegna þjóðarbúskaparins í heild og einkum vegna greiðslubyrðarinnar við útlönd. Nú er hér einungis um að ræða tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Þetta frv. fjallar að því leyti um vissan afmarkaðan þátt í þjóðarbúskapnum, þann þátt, sem snertir afkomu ríkissjóðs sjálfs.

Þegar litið er á það, að tekið er fram, að gengisbreytingin muni ekki hafa í för með sér hækkun á fjárlögum nema 43.6 millj. kr., virðist eðlilegt að líta svo á, að þetta frv. sé stærra í sniðum en nauðsyn ber til til þess að bera uppi þá gjaldahækkun, sem af gengisbreytingunni leiðir.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að víkja að því, að það er nú í fyrsta sinn, að í senn á að lögfesta mikla gengisbreytingu og stórfellda hækkun á söluskatti. Söluskatturinn var upphaflega lögleiddur til þess að standa straum af uppbótum til framleiðslunnar, m. ö. o. til þess að koma í veg fyrir breytingu á gengisskráningunni. En nú á þessu þingi á að gera hvort tveggja í senn, að breyta gengisskráningunni að miklum mun og lögfesta það frv., sem hér liggur fyrir, um stórkostlega hækkaðan söluskatt frá því, sem verið hefur.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að tekjur af nýjum, almennum söluskatti nemi 280 millj. kr., eins og margir hafa bent á í þessum umræðum. En þess ber að gæta, að fjárlagafrv., þar sem þessi till. kemur fram, er ekki prentað fyrr en nokkuð er liðið á þetta ár. Því er ekki útbýtt hér á þingi fyrr en eftir þinghléið, um mánaðamótin janúar og febrúar, og lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði voru þá í gildi og miðuð við, að fjárlög yrðu ekki afgr. fyrr en í lok febrúarmánaðar. Með þingfrestuninni og með lögunum um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði var af hálfu þingmeirihlutans og með samþykki hæstv. fjmrh. þannig búið í hendur hans, að þess var ekki að vænta, að fjárlög og því síður þau tekjuöflunarlög, sem í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna standa, yrðu fullgerð fyrr en a. m. k. febrúarmánuður var liðinn. Þetta hlaut hæstv. fjmrh. að vera ljóst þegar um s. l. áramót, og þess vegna hlýtur sú áætlun, sem hann hefur gert um tekjur af þessum nýja söluskatti, að hafa verið miðuð við 10 mánuði þessa árs. Og nú má gera ráð fyrir því, að marzmánuður verði að mestu leyti liðinn, þegar hægt verður að framkvæma þau lagaákvæði, sem stefnt er að að setja með þessu frv. En við það missist ekki nema einn mánuður frá því, sem hæstv. fjmrh. hlaut að gera sér ljóst að hægt væri að innheimta þessi gjöld, þegar hann samdi áætlun sína. Og einn tíundi hluti af 280 millj. er ekki nema 28 millj.

Hins vegar er það augljóst, að þar sem 7.7% söluskattur af tollverði vöru er áætlaður 154 millj. kr. í fjárlagafrv., og mér virðist samkv. brtt. frá meiri hl. fjvn., að þá sé ráðgert að hækka þetta upp í 157 millj. kr., þá hlýtur sá tekjustofn að skila með 8.8% álagi milli 170 og 180 millj. kr. Frá þessu dregst svo væntanlega ¼ hluti, vegna þess að þetta verður ekki innheimt nema 9 mánuði ársins. En þrátt fyrir það hlýtur þessi tekjustofn, sem felst í bráðabirgðaákvæði þessa frv., að skila nokkuð hátt á annað hundrað millj. kr. Fram hjá þessu er ekki hægt að komast.

Eins og bent hefur verið á, hefur hæstv. fjmrh. fært þau rök fram, að um leið og þetta frv. verður lögfest, sé stefnt að því að fella niður aðra skatta eða lækka ýmsa aðra tekjustofna ríkissjóðs, og þá kemur fyrst til greina eftirgjöf eða lækkun á hinum almenna tekjuskatti. Það er mjög eftirtektarvert í sambandi við þetta mál, hvað þær áætlunartölur breytast ört, sem farið er með í því sambandi. Þegar miðað er við árið 1959, þá er talið, að sú eftirgjöf, sem eigi að gera á tekjuskattinum, nemi 75 millj. kr. Þegar bókin Viðreisn er gefin út og búin til prentunar, sem var ekki fyrr en — eða a. m. k. var hún ekki af hendi látin fyrr en eftir þinghléið, þá er þetta áætlað 107 millj. Nú virðist sú tala vera orðin úrelt, svo ört breytast þessar áætlanir, og nú er áætlað, að þessi lækkun á tekjuskatti muni nema 110 millj. kr. Það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að það sé einkennilegt, hvað þessar áætlanir breytast ört, og það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst hér í þessum umræðum, við hvaða grundvöll þessar áætlanir eru miðaðar. Nú er það kunnugt, að framtalsfrestur rennur að sönnu út í kaupstöðum í janúarlok, en í sveitahreppum og víða úti um land ekki fyrr en í febrúarlok, og skattanefndir munu víðast hvar ekki vera farnar að starfa enn þá. Það er því útilokað, að skattanefndir hafi látið uppi áætlanir um skattgjaldstekjur

manna á árinu 1960. Það væri því næsta fróðlegt að heyra, hvernig þessi grundvöllur er lagður, sem þessar áætlanir eru byggðar á.

Þá er talað um það, að 9% söluskatturinn, sem áður hefur verið innheimtur af iðnaðarvörum og þjónustu, falli niður samkv. ákvæðum þessa frv. Á það hefur verið bent, og það vil ég ítreka, að sá hluti söluskattsins, sem rann til útflutningssjóðs, er nú innheimtur eða jafngildi hans er nú innheimt með álögum á þjóðina, sem felast í gengisbreytingunni, þannig að neytandinn eða kaupandi innfluttrar vöru greiðir í verði vörunnar álag, sem samsvarar þeim söluskatti, sem áður rann í útflutningssjóð. Það má því með miklum sanni segja, að í því efni sé einungis um tilfærslu á gjöldum að ræða, en að það sé ekki verið að létta álögum af þjóðinni með þessari breytingu.

Þriðja atriðið, sem bent er á í þessu sambandi, er það, að af hinum nýja söluskatti eigi ⅙ hluti, eða sem svarar 56 millj. kr., að renna til sveitarfélaganna. Ég vil eindregið taka undir það, sem fram hefur komið í þessum umræðum, að það eru ekki líkur til þess, að þetta framlag til sveitarfélaganna geti orðið til þess að lækka útsvörin frá því, sem þau voru 1959, heldur muni það einungis og væntanlega tæplega nægja til þess að standa straum af þeim gjaldaauka, sem sveitarfélögin verða fyrir sem afleiðingu af ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar.

Í grg. fyrir efnahagsmálafrv. er ráðgert, að hækkun á vísitölu muni nema kringum 13% vegna ákvæða þeirrar löggjafar. Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá félmrn. og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, hvað útsvör muni hafa numið miklu alls hjá öllum sveitarfélögum á landinu árið 1959. Um þetta liggja ekki fyrir lokareikningsskil, en það er áætlað af þeim mönnum, sem kunnugastir eru þessum málum, að útsvör hjá öllum sveitarfélögum á landinu hafi numið s. l. ár yfir 400 millj. kr., eða nánar tiltekið 425 millj. kr. Ef við leggjum þessa tölu til grundvallar og berum tekjuaukann, 56 milljónirnar, saman við það, þá sjáum við, að 56 millj. af heidarútsvarsálagningu sveitarfélaganna nema einungis rúmum 13%, og það er ekki með neinum líkum hægt að gera ráð fyrir, að gjaldaauki sveitarfélaganna verði minni en þessu nemur eða minni en ráðgert er að vísitalan hækki við áhrif efnahagslöggjafarinnar. Þvert á móti eru allmiklar líkur til þess, að gjöldin hækki umfram þetta.

Enn fremur er það mikilvægt atriði í þessu sambandi, hvernig þessum tekjum verður skipt milli sveitarfélaganna, og tel ég ákvæði gildandi laga um jöfnunarsjóð ekki vera þess eðlis, að skiptingin verði eðlileg milli sveitarfélaganna, ef þeim ákvæðum er fylgt, en um það efni ræði ég ekki nánar nú.

Í sambandi við umræður um fjárlagafrv. og efnahagsmálafrv. var þingmönnum og þjóðinni boðað, að fyrirhugað væri að leggja á almennan, lágan söluskatt með sem fæstum undanþágum. Það má því með miklum sanni segja, að mönnum komi ekki mjög á óvart ákvæði þessa frv. um 7.7% söluskattinn á tollverð vöru og jafnvel ekki heldur ákvæðin um 3% söluskattinn. En það, sem mönnum kemur sérstaklega á óvart, bæði þingmönnum og þjóðinni almennt, í þessu frv., eru ákvæðin um 8.8% söluskattinn, sem felast í bráðabirgðaákvæðum frv. Nú er þetta sett í bráðabirgðaákvæðin og orð látin falla um það, að þetta eigi að innheimta til bráðabirgða nú á þessu ári, einkum vegna þess að 3% skatturinn verði ekki innheimtur allt árið 1960.

Þá er á það að líta, hvaða líkur eru til þess, að þessum skatti, sem nú á að innheimta samkvæmt bráðabirgðaákvæðum þessa frv., verði aflétt, þegar þetta ár er liðið. Það hafa ekki verið færð fram rök fyrir því í þessum umræðum og meira að segja ekki bent á það með neinum líkum, að tekjuþörf ríkissjóðs fari minnkandi, hún muni verða þeim mun minni á árinu 1961 en 1960 sem þessum skatti nemur, enda hygg ég, að það sé næsta erfitt að færa rök fyrir því. Í áætlunum í sambandi við þessi efnahagsmálafrv. og í sambandi við heildarstefnu núv. ríkisstjórnar í efnahags- og skattamálum er gert ráð fyrir því, að gjaldeyristekjurnar fari ekki vaxandi að neinu ráði. Gjaldeyristekjurnar 1960 eru áætlaðar nálega þær sömu og á árinu 1958, og það er yfirlýst stefna ríkisstj., að nú eigi að kippa að sér hendi umfram það, sem verið hefur um erlendar lántökur. Rökrétt ályktun af þessu er sú, að innflutningsmagnið muni alls ekki aukast, t. d. á næsta ári, og að sá gjaldstofn eða sá grunnur, sem söluskatturinn, þegar reiknað er af tollverði vöru, er reiknaður af, muni ekki hækka.

Jafnframt og sem bein afleiðing af þessum ráðstöfunum, sem ég hef nú bent á að felast í stefnu ríkisstj., þá er stefnt að samdrætti innanlands í verklegum framkvæmdum. Af því hlýtur að leiða það, að ekki eru líkur til þess, að 3% söluskatturinn skili hærri tekjum á næsta ári en hann gerir nú, ef miðað er við 12 mánuði ársins, og ég ætla, að nú sé gert ráð fyrir, að tekjur af 3% söluskattinum nemi á 9 mánuðum þessa árs í kringum 140 millj. kr.

Ef hið sama gjald væri innheimt af jafnháum gjaldstofni árið 1961, ætti hann ekki að skila nema 175 millj. kr. á 12 mánuðum. Í viðbót við þetta tók svo frsm. meiri hl. fjhn. það fram nú við þessa umr., að það hefði aldrei verið fullyrt, að nægar tekjur fengjust með því að innheimta 3% söluskattinn einan. Þessu til viðbótar kemur svo fram sú skoðun hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls hér í d., að miklar líkur bendi til þess, að þróun skattamála á næstunni verði sú, að innheimtar verði í vaxandi mæli til ríkissjóðs tekjur af söluskatti.

Þegar á allt þetta er litið, virðist það fremur ólíklegt, að ekki sé meira sagt, að það þyki grundvöllur fyrir því að afnema t. d. um næstu áramót eða fyrir næstu áramót, fyrir árið 1961, þann skatt, sem nú á að innheimta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessa frv. En þar sem málið liggur þannig fyrir, er ekki hægt að horfa fram hjá því, að það felst í því nokkur blekk-

ing af hálfu hæstv. ríkisstj. að túlka þetta bráðabirgðaákvæði svo sem það eigi einungis að standa 9 mánuði þessa árs.

Þá er á það að líta, hvert viðhorf almennings muni vera til þess skatts, sem innheimta á samkv. þessu frv. Þess er þá að geta, að söluskatturinn leggst jafnt á allar vörur, bæði nauðsynlegar og ónauðsynlegar, og á það hefur verið bent í þessum umræðum, að sú skoðun hefur komið fram hjá forustumönnum Alþfl. hér áður á Alþingi og lögð á það mikil áherzla af þeirra hálfu, að söluskatturinn væri jafnvel sérstaklega ranglátur tekjustofn, vegna þess að hann leggst jafnþungt á allar vörur, bæði þær nauðsynlegustu og hinar, sem eru miður nauðsynlegar. Sá er munur á honum og t. d. verðtolli, að vörurnar eru flokkaðar, þegar um verðtollsálag er að ræða, og mestu nauðsynjavörurnar ýmist undanskildar tollinum eða aðeins lágt tollgjald innheimt af þeim. Og svo virðist sem Alþýðuflokksmenn, stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., séu jafnvel enn á þessari skoðun, eftir því sem fram kemur í aðalmálgagni flokksins, þó að það sé svo sem eftir öðru, að þeir greiði atkv. með þessu frv., því að það er nú orðin dagleg venja hér á þingi, að þeir greiði atkv. með því, sem þeir hafa mest fordæmt áður, en nú fyrir örfáum dögum, þ. e. a. s. föstudaginn 11. þ. m., segir svo um söluskattinn í forustugrein í Alþýðublaðinu:

„Þegar lífskjör alþýðunnar eru svo knöpp, að hún getur ekkert leyft sér nema nauðþurftir, er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt að leggja á þær vörur söluskatt. Við þær aðstæður kemur skatturinn þyngst niður á þeim, sem sízt skyldi."

Á meðan þetta frv. er til umræðu hér í hv. d., flytur aðalmálgagn Alþfl. þessa kenningu. En ég endurtek það, að það er alveg eftir öðru í þeim herbúðum, að þm. flokksins greiði atkv. með frv. þrátt fyrir þetta.

Ef á að gera sér grein fyrir því, hvað söluskatturinn samkv. þessu frv. er raunverulega mörg prósent, ef hann kæmi allur á tollverð vörunnar, verður að taka tillit til þess, að grunnurinn, sem 3% söluskatturinn er reiknaður af, er hærri en tollverð vörunnar. Ef þau 3% ætti að innheimta með því að reikna þau af tollverðinu, jafngildir það 4—5%.

Nú hefur það komið fram í þessum umræðum, að þær hækkanir og sú skerðing á lífskjörum almennings, sem kemur í kjölfar þessa frv., hafi ekki verið reiknuð með í grg. fyrir efnahagsmálafrv. eða þegar hvíta bókin var gefin út. Nú er það og auðsætt, að byggingarkostnaður hlýtur að hækka verulega vegna söluskattsins, sem leggst á byggingarefnið og að nokkru leyti á byggingarvinnu samkv. þessu frv. Söluskatturinn hlýtur að auka byggingarkostnaðinn og þar af leiðandi hækka húsnæðislið vísitölunnar, en það var einmitt húsnæðisliður vísitölunnar, sem ráðgert var í efnahagsfrv. að ætti að vega svo mikið að halda meðaltalshækkuninni niðri í 13%.

Það er því alveg augljóst, að með þessu frv. er að verulegu leyti kippt stoðum undan þeim útreikningum, sem efnahagsmálafrv. grundvallaðist á.

Það er í sjálfu sér um svo stórt mál að ræða hér, og áhrif þess eru svo margþætt, að það er erfitt að lýsa því nægilega greinilega með almennum orðum, og því verður ekki heldur við komið í umræðum sem þessum að draga fram mjög mörg dæmi máli sínu til sönnunar, en ég ætla þó að rökstyðja þessi orð mín með því að nefna hér eitt dæmi. Áður hef ég vikið að áætlunum um hækkun á vísitölu og nauðsynjavörum. En það er margt fleira, sem nauðsynlegt er að kaupa vegna framkvæmda og vegna atvinnurekstrar en það, sem fært er inn í vísitöluna, og eitt dæmi af þeirri tegund ætla ég að nefna.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvað heimilisdráttarvél af mjög algengri gerð, þ. e. a. s. Fergusondísildráttarvél, muni hækka við áhrif efnahagsmálalöggjafarinnar og áhrif þessa frv. Nú er það nokkuð misjafnt, jafnvel þó að um svona ákveðin tæki sé að ræða, hvort menn velja alveg fullkomnustu gerð að öllu leyti eða láta sér nægja að taka þær með miðlungsútbúnaði, sem ekki er hægt að telja af fullkomnustu gerð. Ef tekin er dráttarvél, sem er með þeim útbúnaði, sem hin smærri bú hér á landi telja sér nauðsynlegt að fá, þ. e. a. s. engin tæki, heldur bara venjulegir hjólbarðar og það, sem nauðsynlega þarf að fylgja vélinni, eins og hún er keypt af meðalbúum og hinum smærri hér á landi, þá lítur það dæmi svona út: Ef slík vél hefði verið keypt í janúar 1960 og þá vitanlega með 7.7% söluskatti, hefði hún kostað í útsölu til kaupandans 52200 kr. Ef hún hefði verið keypt við skulum segja í dag, eftir að efnahagsmálafrv. ríkisstj. er orðið að lögum, og með því að taka tillit til 20% farmgjaldahækkunar, sem nýlega hefur verið ákveðin, hefði sams konar vél kostað í dag 77414 kr. En verði hún keypt í apríl, þegar þetta frv. hefur væntanlega orðið að lögum, og tekið er þá tillit til 16.5% söluskatts af tollverði vörunnar og 3% söluskatts á síðasta stigi, eins og það er kallað, þá kostar slík vél 85765 kr. Hækkunin við ráðstafanir ríkisstj. síðan í jan. þ. á. nemur rúmlega 64%.

Nú má athuga ýmsa liði í þessu dæmi. Í janúar þ. á. hefðu öll gjöld til ríkisins, þ. e. a. s. tollar og söluskattur samtals af þessari dráttarvél, numið 9219 kr., en eins og gjöldin verða væntanlega í apríl, eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, nema gjöld til ríkisins af þessari vél 22130 kr., þ. e. hækkun, sem stendur í sambandi við það kaupverð, sem ég greindi áðan. En ef við reynum að gera okkur grein fyrir ákvæðum þessa frv. eins út af fyrir sig og lítum á söluskattinn bara einan, lítur sá þáttur dæmisins þannig út, að í janúar hefði söluskattur numið af dráttarvélinni 3415 kr., en væntanlega í apríl, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, mun hann nema 13477 kr.

Þetta var um dráttarvélar með þeim útbúnaði, sem hin smærri bú hér á landi telja sér nauðsynlegt að fá. En hin stærri bú og þeir, sem hafa meiri fjárráð, vilja gjarnan fá slíka

vél t. d. með sterkustu gerð hjólbarða, með ýmsum mælum, ljósamæli o. fl., sem margir láta vanta. Ef dæmið er athugað út frá þeim forsendum, lítur það þannig út, og þá miðað við það fullkomnasta, en engin tæki, hvorki til jarðyrkju né heyvinnslu með, heldur aðeins vélina í fullkomnasta ástandi.

Í janúar 1960 hefði hún kostað með 7.7% söluskatti 59190 kr. Hefði hún verið keypt í gær eða í dag, hefði hún kostað 87950 kr., en verði hún keypt í apríl, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., mun slík vél kosta 97450 kr. Er þá hækkunin frá því í janúar þ. á. tæp 65%. Öll gjöld til ríkisins, þ. e. a. s. tollar og söluskattur, hefðu numið í janúar 10469 kr., en munu væntanlega nema í apríl 25166 kr. Þar er því að ræða um nálega 140% hækkun á þessum gjöldum til ríkisins. En ef við lítum nú á þetta frv. sérstaklega og lítum á söluskattinn einan, hefði hann numið í janúar 3883 kr., en nemur væntanlega í apríl 15332 kr., eða hér er um að ræða á söluskattinum einum nálega 300% hækkun á þessu eina stykki.

Það hefur oft í Morgunblaðinu, aðalmálgagni hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl., á undanförnum árum verið talað um Eysteinsskattana. Ja, hvernig skyldu nú Eysteinsskattarnir hafa verið í þessu sambandi? Eysteinssöluskatturinn nam 6.6% af útsöluverði þessara ákveðnu dráttarvéla, en Gunnarssöluskatturinn mun væntanlega nema 15.7% af útsöluverði sömu vélategunda án verðbreytinga erlendis.

Ég ætla, að þetta dæmi bregði nokkru ljósi yfir það, hvað verið er að hafast að hér á hv. Alþingi af þingmeirihlutanum undir forustu hæstv. fjmrh.

Að því hefur verið vikið í umræðunum um þetta mál, að sá mikli annmarki væri á að lögleiða þann tekjustofn, sem um er fjallað í þessu frv., að hann væri erfiður í innheimtu og að það væri mjög líklegt, að hann kæmi ekki allur til skila í ríkiskassann. Hæstv. fjmrh. svaraði því hér við 1. umr. á þá leið, að það væru heldur kaldar kveðjur, sem þeir fengju frá þeim þm., sem á þetta bentu, aðilar, sem ætlað væri að innheimta söluskattinn og skila honum til ríkisins.

Það er nú kunnara en frá þurfi að segja, að það hafa ýmsir á undanförnum árum látið í ljós þá skoðun, að bæði tekjuskatturinn, sem lagður er á samkv. framtölum manna, og fleiri gjöld til ríkisins innheimtust ekki svo skilvíslega sem lög mæltu fyrir um. Það færi eftir því, hvaða aðstöðu skattþegnarnir hefðu til þess að gera framtöl sín þannig úr garði, að skattþunginn yrði sem minnstur o. s. frv. Þetta mætti rökstyðja með mörgum tilvitnunum í þingskjöl frá liðnum árum. En ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að greina mörg dæmi um þetta. Ég hef hér fyrir hendi eitt dæmi, þar sem þessi skoðun er ótvírætt látin í ljós, og það vil ég nefna þessum orðum til stuðnings.

Þegar Alþfl. beitti sér fyrir því á þingi að fá samþ. till. um að láta kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, var sú till. flutt af 7 þm. flokksins og þ. á m. af 2 þm., sem nú eiga hér sæti í þessari hv. d. Í grg. með þeirri till. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þýðing tekjuskattsins er gerbreytt. Hann er orðinn lítill hluti ríkisteknanna, en mikill meiri hluti þeirra er óbeinir skattar. Atvinnuvegir landsmanna eru orðnir svo fjölbreyttir og tekjustofnar einstaklinga svo margbreytilegir, að það er ýmsum atvikum háð, hvaða tekjur eru gefnar upp til skatts og hverjar eru það ekki. Þannig hefur skapazt í þjóðfélaginu verulegt misrétti, sem er fastlaunafólki í óhag. Stafar þetta af þeirri staðreynd, að mikill hluti skattgreiðenda hikar ekki við að telja rangt fram, og sýnir það bezt, að skatturinn er ekki í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Af þessum sökum væri það veruleg bót að losna við hann."

Hér stendur skráð í þskj., sem borið er fram af 7 þm. Alþfl., sú skoðun, að íslenzkir skattþegnar hiki ekki við að telja rangt fram til tekjuskatts. Skattskýrslur manna eru þó undirritaðar með drengskaparyfirlýsingu, eins og kunnugt er. Og það hefur verið á það bent í þessum umræðum af hv. 3. þm. Norðurl. v., að mjög svipuð skoðun hefur verið flutt í þingræðum af hálfu forustumanna Alþfl. um söluskattinn, þann tekjustofn, sem við erum hér að ræða um, enda mun það hafa verið svo, að nokkur reynsla var fengin fyrir því að innheimta söluskatt af smásölu, en horfið frá þeirri skattheimtu með tilliti til þess, að reynslan þótti benda til, að skatturinn kæmi ekki allur til skila. Nú er þess að gæta, að þeir, sem telja fram til tekjuskatts, og þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum og þykja eiga hægast með að haga framtölum sínum þannig, að skattbyrðin verði ekki þung, eru yfirleitt sömu gjaldþegnarnir, það er sömu *Íslendingarnir og þeir, sem eiga að annast* innheimtu söluskattsins í smásölu og skila honum til ríkisins. Ég held því, að ef hæstv. fjmrh. finnst það kaldar kveðjur frá mér og öðrum þm., sem benda á þann annmarka, sem þessu fylgir, þá sé ástæða til þess fyrir hann að líta sér *nær til þeirra kenninga, sem hans eigin* stuðningsmenn í núv. ríkisstj. hafa áður flutt.

Þessu næst ætla ég að fara örfáum orðum um einstök atriði þessa frv.

Þegar frv. er lesið, þá er það augljóst, að ýmsar greinar þess eru þannig úr garði gerðar, að framkvæmd frv., ef að lögum verður, hlýtur að hafa mikla erfiðleika í för með sér. Ég bendi á ákvæði í 4. gr., þar sem úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, hvort sem um er að ræða vöru, vinnu eða þjónustu, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar, á að skattleggjast. Í sömu grein er tekið fram, að þjónusta fyrir hinn skattskylda aðila sjálfan skuli í ýmsum tilfellum skattleggjast. Og það er eins, ef um skipti er að ræða á vörum eða skipti gegn vörum og þjónustu er að ræða, þá á það að skattleggjast. Ég held, að það verði ekki á móti því mælt, að ákvæði sem þessi hljóti að verða mjög torveld í framkvæmd. Það er að sönnu gert ráð fyrir því að framkvæma þetta á þann hátt, að

sé um að ræða skipti á vöru og þjónustu, gjafir, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum og þjónustu, þá skuli miða þetta við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. En hvaða opinber aðili á að meta þetta? Ég hygg, að þó að það mat og eftirlit yrði lagt á herðar skattanefnda, þá hefðu þær ekki auðvelda aðstöðu í þessu efni.

Í fyrsta skipti í íslenzkri stjórnmálasögu á nú að teygja skattheimtu til ríkisins svo langt að innheimta söluskatt af matvælum framleiddum innanlands, sem ganga kaupum og sölum milli framleiðenda og neytenda. Nú á að skattleggja til ríkisins landbúnaðarafurðir, svo sem kjöt, skyr, osta, kartöflur og aðra garðávexti samkv. ákvæðum þessa frv. Hið sama er að segja um fisk, sem íslenzkir fiskimenn draga úr sjó og hér er haföur á boðstólum.

Það getur ekki farið fram hjá neinum, að hér er um nýjung að ræða. Og í þessu sambandi er rétt að minna á, að það hefur nú tekið 6 mánaða samningaþóf og baráttu að fá því framgengt, að bændastéttin fengi 2.85% verðhækkun á landbúnaðarafurðir sínar. Þetta er verðhækkun, sem neytendur eiga að greiða. En fáum dögum eftir að samningar hafa náðst um þetta eftir sex mánaða þóf, leggur ríkisstj. það fyrir hér á hv. Alþingi, að þessar vörur, sem ganga kaupum og sölum innanlands frá framleiðendum til neytenda, skuli nú skattleggja um 3%, eða fyllilega sem samsvarar þeirri hækkun, sem bændurnir eiga að fá. Ef neytendurnir eiga raunverulega að bera þetta, virðist mér, að hér sé komið harkalega í bakið á þeim, þegar samningar milli neytenda og framleiðenda eru nýlega um garð gengnir. En ef það er ætlunin að greiða þessa verðhækkun niður á landbúnaðarvörum, virðist mér það vera ekki neinar hagkvæmniástæður, sem þar liggja til grundvallar, að ríkið leggi á skatt til þess að greiða sjálft niður skattinn, það sem honum nemur. Þá er ekkert orðið eftir að þessu leyti annað en fyrirhöfnin og skriffinnskan, og svo er talað um það öðrum þræði, að margt í þessu frv. sé fram borið af hagkvæmniástæðum, bæði hvað undanþágur séu fáar o. fl.

Í 6. gr. þessa frv. eru ákvæði um, hvaða vörur eigi að vera undanþegnar söluskatti. Það kemur ekki alveg skýrt fram af orðalagi gr., hvort undanþágurnar eru einungis miðaðar við þann söluskatt, sem um er rætt í II. kafla frv., eða hvort 6. gr. nær til ákvæða frv. alls. Ég vænti, að þetta verði skýrt í umræðunum hér á eftir af framsögumanni eða ráðherra. En mér virðist, að samkv. því, sem frv. er sett upp, ef svo má segja, eða eins og efni frv. er niður raðað, þá virðist mér eðlilegast að skilja 6. gr. þannig, að þar sé einungis rætt um undanþágur frá þeim söluskatti, sem fjallað er um í II. kafla frv. Og ef svo er, þá kemur það í ljós, að vegna þess, hve háa fjárhæð á að innheimta samkv. bráðabirgðaákvæðum þessa frv., þá ná þessar undanþágur skemmra en ella. Mér virðist, að ef ætti að láta þessar undanþágur ná til þeirrar fjárhæðar, sem innheimt verður samkv. bráðabirgðaákvæði frv., þá sé eðlilegt, að það komi fram í þessum umræðum, hvort tekið er tillit til þess í áætlunum um þennan gjaldstofn í heild eða hve langt hæstv. fjmrh. ætli sér að ganga í þessu efni. En í 6. gr. er rætt um m. a. skip og flugvélar. Það eru tæki, sem kosta miklar fjárhæðir, a. m. k. svo að milljónum skiptir, togarar og vélbátar líka, og 8.8% af tollverði slíkra tækja hlýtur að nema verulegum fjárhæðum.

Þá vil ég enn fremur bera fram fsp. um það, hvort það sé ætlunin að breyta ákvæðum um skattanefndir. Ég veit, að það á ekki heima í þessu frv., en þetta frv. stendur þó að því leyti í sambandi við störf skattanefnda, að þeim er ætlað að annast framkvæmd þessara ákvæða að ýmsu leyti. Það má óljóst ráða það af orðalagi þessa frv., að að þessu sé stefnt. Þess vegna spyrst ég fyrir um þetta, en ræði það ekki nánar að svo stöddu.

En áður en ég hverf frá því að ræða um einstök atriði þessa frv., vil ég benda á, að mér virðist sumt í því vera þannig, að það sé síður en svo stefnt að aukinni hagkvæmni í framkvæmd skattheimtu hjá ríkinu. Ég minni á, að fyrir fáum dögum var hér til umræðu á Alþingi frv., sem heimilaði ríkisstj. að ákveða að eigin vild álagningu á tóbak, án nokkurra takmarka í lögum. Ég held, að þetta frv. sé nýlega afgr. sem lög frá hv. Nd. Þegar ríkisstj. hefur fengið þessa nýju löggjöf í hendur og til framkvæmda, mætti ætla, að hún sæi sér fært að ná inn eftir þeirri leið þeim tekjum í ríkissjóð af tóbaki, sem hún hygðist innheimta, en í þessu frv., sem nú er til umræðu, fáum dögum eftir að hitt er afgreitt, þá á til viðbótar því að innheimta söluskatt af tóbakinu, meira að segja 3% skattinn, síðasta stigs skattinn, sem svo er nefndur.

Ég hef áður vikið að því, að ef ætlunin er að greiða verðhækkunina, sem af söluskattinum leiðir, á landbúnaðarvörum niður, þá er hér beinlínis stefnt að því að auka skriffinnskuna og taka úr einum vasanum og láta í hinn. Og ég get ekki látið hjá líða að benda á, að jafnvel með allri alvörunni, sem fylgir þessu stóra máli, hefur ríkisstj. þó tekizt að gera sig broslega. Í 20. gr. þessa frv. er ákvæði um það, að fjmrh. megi ákveða, að ekki skuli leggja söluskatt á viðskipti, ef ársveltan nemur eigi meira en 1000 kr. Ég held nú, að miðað við það gildi, sem orðið er á íslenzkri krónu, og miðað við þá veltu, sem einstaklingar og fyrirtæki hafa í þessu landi, þá sé hér óþarflega naumt skorið að tala um ársveltu um 1000 kr. Ég held, að það væri alveg óhætt að bæta einu núlli aftan við miðað við þær tölur, sem hér er fjallað um yfirleitt nú á hv. Alþingi.

Og þá vil ég enn benda á, að nokkuð skortir á heildaryfirsýn í frumvörpum, sem boða stefnu hæstv. ríkisstj., þegar við eigum nú með þessu frv. að fella úr gildi tvær greinar efnahagsmálalöggjafarinnar, sem afgr. var sem lög hér fyrir fáum dögum. Það er ekki búið, að ég hygg, að sérprenta löggjöfina, þannig að þingmenn hafi fengið hana í því formi. Talið

er, að allt saman þetta sé mótað af einni heildarstefnu ríkisstj., en áður en búið er að sérprenta efnahagsmálalöggjöfina, er okkur boðið upp á að fella nú úr gildi tvær greinar þeirrar löggjafar með þessu frv.

Þá vil ég að lokum fara örfáum orðum um þá heildarstefnu hæstv. ríkisstj., sem fram kemur í þessu frv. og öðrum stjórnarfrumvörpum, sem hér hafa verið til meðferðar. Það er sagt frá því í einni Íslendingasögu, að kappi nokkur átti loðfeld svo haglega gerðan, að annað borðið var hvítt, en hitt dökkt. Hann hafði þann hátt á, að þegar hann gekk til verka, sem voru miður drengileg, sneri hann feldinum þannig, að dökka borðið sneri út, en þegar hann vildi gjarnan láta mikið bera á sér og koma fram með höfðingsskap gagnvart samferðamönnum, þá sneri hann kápunni við, svo að hvíta borðið sneri út. Mér virðist þessi forna líking benda á ýmislegt í fari hæstv. ríkisstj., þegar hún ber fram stefnumál sín hér á hv. Alþingi og rökstyður þau.

Fyrir kosningarnar voru stefnuskrár stjórnarflokkanna miðaðar við það, að það ætti að halda áfram stöðvunarstefnunni svokölluðu, sem fyrrv. ríkisstj. taldi sig fylgja. Í stefnuskrá Sjálfstfl. segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Að vísu voru s. l. vetur gerðar bráðabirgðaráðstafanir gegn vexti verðbólgunnar. En öllum er ljóst, að verðhækkunaralda mun senn rísa á ný með meiri þunga en áður, ef ekkert er að gert.“

Þetta er greinileg og ótvíræð viðvörun við verðhækkunaröldu. En Alþfl., flokknum, sem þorði að stjórna, eins og þeir sögðu í Alþýðublaðinu fyrir kosningarnar, þótti nú sjálfsagt ekki nógu sterklega til orða tekið hjá samstarfsflokki sínum, Sjálfstfl., og Alþfl.-menn tóku því miklu ákveðnara til orða að þessu leyti. Hv. þm. Sigurður Ingimundarson komst þannig að orði í útvarpsumræðum 21. okt. í haust, rétt fyrir síðustu kosningar, með leyfi forseta:

„Alþfl. stendur einn í baráttunni gegn verðbólgu og vaxandi dýrtíð, gegn hinum flokkunum öllum, verðbólguflokkunum.“

Jafnvel Sjálfstfl., flokkur hæstv. fjmrh., var þá grunaður, að því er virtist, af flokknum, sem þorði að stjórna, um það að standa ekki nægilega vel á verði um stöðvunarstefnuna. En Alþfl. ætlaði ekki að hika eða víkja af þeim verði. Um það bar stefnuskrá flokksins og blaðaskrif greinilega vitni. En hámarki ná þó þessir tónar í yfirlýsingu hæstv. varaforseta þessarar d. Á hana hefur áður verið minnzt hér í d., þegar hann var fjarstaddur, en við mælum hæð fjallanna upp á hæsta tindinn og við metum gildi skáldanna og hinna andlegu verka eftir því, sem mest gildi hefur. Nú er þessi yfirlýsing hæstv. varaforseta þessarar d. svo skorinorð, að hún mun áreiðanlega lifa lengur en allt annað, sem hann hefur látið frá sér fara hingað til á sínum stjórnmálaferli, og þess vegna er það eðlilegt, eins og menn fara oft með úrvalsljóð skáldanna, að til hennar sé vitnað enn, þó að það hafi áður verið gert í þessari hv. d. Hann komst þannig að orði, og fylgdi því mynd af honum á forsíðu Alþýðublaðsins, með leyfi hæstv. forseta, skömmu fyrir seinustu kosningar:

„Undanfarið hafa birzt í Alþýðublaðinu ummæli margra helztu forustumanna þeirra launþegasamtaka, sem Alþýðuflokksmenn hafa forustu fyrir. Þeir eru allir á sömu skoðun, að við krefjumst status quo — óbreytts ástands. En ef opnuð verður nokkur gátt fyrir dýrtíðarflóðið, þá munum við ekki sitja hjá, heldur fara af stað með okkar kröfur. Ég er algerlega sammála þessari stefnu. Ég mun leggja alla áherzlu á að fylgja henni fram. Aðrir flokkar verða að gera sér ljóst, hvað í húfi er. Alþfl. heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli. Ef dýrtíðarflóðinu verður aftur hleypt yfir þjóðina, þá erum við lausir allra mála. Við munum hefja okkar varnarráðstafanir þegar í stað. Þetta er aðvörun til stjórnmálaflokkanna, en það er um leið aðvörun til þjóðarinnar.“

Og nú er það augljóst, að í þeim frv., þar sem stefna núv. ríkisstj. kemur fram og er mótuð, er ekki á nokkurn hátt gerð tilraun til þess að hafa hemil á verðlagi eða fylgja hinni svokölluðu stöðvunarstefnu. Þvert á móti er blaðinu nú svo gersamlega snúið við, að nú er ekki aðeins ein gátt opnuð fyrir dýrtíðarflóði, heldur margar gáttir, jafnvel allar gáttir, sem snert er við. Og þannig er framkvæmdin á stefnuskrám þessara flokka, eins og þær voru lagðar fyrir í síðustu kosningum. Fyrir og um síðustu áramót var talið, að það þyrfti ekki nema 250 millj. í nýjum sköttum, eins og aðrir hafa bent á, til þess að sjá borgið efnahagslífi þjóðarinnar og atvinnulífi á þessu ári. Nú eru álögurnar miklu meiri. Þegar áætlanir eru gerðar um gjaldeyristekjur þjóðarinnar í sambandi við efnahagsmálafrv., þá er dæmið sett þannig upp, að gjaldeyristekjurnar 1959 áttu ekki að vera neitt meiri en 1958 þrátt fyrir 11% aukningu á aflamagni. Þegar innflutningsáætlunin er lögð fyrir, er hún miðuð við niðurskurð á því, sem verið hefur, að ég ætla, fremur en nokkra útþenslu. Það er sem sé greinilega stefnt að samdrætti innanlands um verklegar framkvæmdir, þegar áætlanir eru gerðar um þjóðarbúskapinn í heild. Þá er sem sé dökka borðið á kápunni látið snúa að almenningi. En þegar kemur að því að gera áætlanir í sambandi við þetta frv. og tryggingalöggjöfina, þá er kápunni snúið við og hvíta borðið látið vísa að almenningi. Áætlanir um skattgjaldstekjurnar 1960 breytast svo ört, eins og ég gat um fyrr í þessari ræðu, að þegar miðað er við 1959, eru það 75 millj., sem á að gefa eftir. Þegar hvíta bókin var gefin út eftir þinghléið, þá var þetta áætlað 107 millj. Nú er það orðið úrelt og nú er áætlunin 110 millj. Svona ört vaxa skattgjaldstekjurnar, þegar áætlanir eru gerðar um þær á árinu 1960, þrátt fyrir þann samdrátt, sem stefnt er að í þjóðarbúskapnum. Og það var látið koma fram í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina,

að fjölskyldubæturnar mundu alveg vega upp á móti þeirri gjaldabyrði, sem þriggja barna fjölskylda eða stærri hefði af efnahagsmálalöggjöfinni. Nú er tekið fram, að sú lífskjaraskerðing, sem leiðir af þessu frv., sem er eitt stefnuskráratriði ríkisstj., hafi ekki verið tekin til greina í þessum tölum. Þá er grundvöllurinn undir þeim útreikningum a. m. k. mjög hæpinn orðinn.

Svona er rökstuðningurinn, ýmist dökka borðið á kápunni látið snúa að almenningi eða hvíta borðið, eftir því, um hvaða þátt þjóðarbúskaparins er fjallað hverju sinni. En þrátt fyrir þetta er heildarstefna ríkisstj. að skýrast æ betur, bæði fyrir þingmönnum og fyrir almenningi, og það getur ekki farið hjá því, að almenningi í þessu landi virðist gægjast úlfshár undan gærunni. Tekjuskatturinn kom ekki inn í verðlag vöru og hafði ekki áhrif á vísitöluútreikning. En þetta nýja söluskattskerfi, sem nú á að lögleiða og kallað er einstigskerfi, virðist mér vera geysihagleg geit til þess að drýgja tekjur ríkissjóðs á þann hátt að seilast æ dýpra niður í vasa almennings. Ég fæ ekki betur skilið en þetta eins stigs söluskattskerfi feli það í sér, að það eigi að reikna 3% við afhendingu vörunnar, hvar sem hún fer fram í smásölu, t. d. í verzlunum úti á landsbyggðinni. Þá er búið að reikna inn í vöruverðið flutningskostnað, bæði farmgjöld og hafnargjöld, og ýmislegt fleira, sem fyrirtækin úti á landsbyggðinni verða að reikna inn í vöruverðið. Ég fæ því ekki betur séð en að með þessu einstigskerfi og auðvitað í sambandi við heildarstefnuna sé stefnt að því að hækka fyrst farmgjöld, eins og fleiri kostnaðarliði, svo að grunnurinn, sem 3% eru reiknuð af, fari síhækkandi eftir þeim kostnaðarauka, sem leggst á við flutning vörunnar út á landsbyggðina. Þá er þetta eins stigs söluskattskerfi raunverulega eins og snjóbolti, sem veltur niður hlíð og vefur sjálfkrafa utan á sig, eftir því sem hann veltur lengur. Þetta er því jafnframt tæki til þess að seilast niður í vasa almennings úti á landsbyggðinni, jafnvel umfram það, sem gert er á þeim stöðum, þar sem aðalinnflutningur á vörum til landsins fer fram.

Alþingi er eins konar brennidepill félagasamtaka í landinu og félagsmálabaráttunnar. Nokkuð á aðra öld hafa Íslendingar verið að móta þjóðfélag sitt með síauknu félagsstarfi. Og norðlenzki bóndinn, sem sá þá andans sýn fyrir 130 árum, að með stofnun fyrsta búnaðarfélagsins væri stigið mjög merkilegt skref og að hægara yrði síðar „að halda þíðri heilla veiðivök", hann sá vissulega rétt. Með síauknu félagsstarfi hefur íslenzka þjóðin lyft sér til aukinnar velmegunar og byggt land sitt upp á margan hátt mjög myndarlega nú að undanförnu. Það liggur því í hlutarins eðli, að verðlagsmálin hafa jafnan verið talin veigamikil mál hér á hv. Alþingi, enda hefur að undanförnu miklum tíma verið varið til þess að fjalla um hina einstöku þætti verðlagsmálanna, þá þætti, sem mynda verðlagið og hafa rík áhrif á viðskiptakjör hvers einasta heimilis í þessu landi. Nú virðist það vera orðinn jafnvel aðalþátturinn í stefnu hæstv. ríkisstj. að gefa í þessu efni alveg lausan tauminn og láta verðlagsmálin vera utan við afskipti Alþingis, láta lögmál framboðs og eftirspurnar ráða, láta þá, sem fjárráðin hafa, bæta sinn hag, en þann, sem minni máttar stendur í þjóðfélaginu, sjá sér borgið eftir því, sem hann getur. En ríkisstjórnin hlýtur að verða þess vör, ef ekki nú þegar, þá síðar, að á þennan hátt er hún að vinna gegn hagsmunum almennings í þessu landi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 187 og 189, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér smábrtt., sem er á þskj. 189.

Það mun öllum lýðum ljóst, að veitinga- og gistihúsastarfsemi hér á landi á við allerfið kjör að búa, og ekki sízt þegar þarf að auka eða endurbyggja húsakostinn. Sem betur fer eru allmargir hér á landi, sem búa nú í mjög góðum húsakynnum. En því miður getur maður ekki sagt hina sömu sögu um öll þau gistihús, sem rekin eru hér á landi. Þau virðast ekki hafa haft svo góð kjör, að þau hafi af starfi sínu getað fylgzt með í þægindum hvað húsakynni og annað snertir þar að lútandi. Það mun enginn sá aðili hér á landi, sem beinlínis telur sér skylt að lána, ef um hótelbyggingu er að ræða, og þar af leiðandi er ákaflega erfitt um vik fyrir þá, sem hafa áhuga á veitinga- og gistihúsarekstri hér. Hins vegar er ljóst, að með sívaxandi fólksfjölda og mjög auknum ferðamannastraumi um landið þarf að bæta við og endurbyggja þann húsakost, sem notaður er í veitingaskyni. Og það eru líka miklir möguleikar á því, að við getum aflað okkur mikils gjaldeyris með því að bæta hótelin í landinu og geta veitt fleiri erlendum ferðamönnum þess kost að kynnast landi og þjóð, því að Ísland er tiltölulega lítið þekkt meðal annarra þjóða, og margir, sem hafa viljað ferðazt um landið, hafa ekki átt þess kost sakir þess, að við höfum ekki haft nægan húsakost eða þá þjónustu á boðstólum, sem við höfum getað veitt þessum mönnum.

Við Íslendingar höfum löngum verið taldir gestrisnir og gestrisni verið í hávegum höfð hér á landi hjá öllum almenningi. Og það eitt er því þeirri gestrisnu þjóð samboðið að sjá þeim ferðamönnum, sem um landið ferðast, innlendum og erlendum, fyrir góðum húsakynnum og fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum. En til þess að geta veitt þessa þjónustu, verður þjóðfélagið sem heild að leggja eitthvað af mörkum, svo að hægt sé að bæta úr því, sem á skortir í þessum efnum. Og mér finnst, um leið og verið er að skattleggja íslenzku þjóðina í jafnríkum mæli og nú er gert að heita má daglega, að þá hljóti einhvers staðar að vera hægt af að taka til þess að bæta úr í þessum efnum, og af þeim ástæðum

hef ég leyft mér að flytja þessa brtt., en hún er um það, að sá skattur, smásöluskattur, sem veitinga- og gistihúsin eiga að greiða af sinni þjónustu, renni í sérstakan sjóð, sem verður aftur notaður til þess að byggja upp hótelin í landinu. Ég skal engu um það spá, hversu mikill þessi skattur kann að verða, en það mun sýna sig síðar meir. Og ég tel æskilegast, að ferðaskrifstofa ríkisins, sem hefur fylgzt einna bezt með þessum málum á undanförnum árum, hafi aðalframkvæmd þessa máls, en að sjálfsögðu verði sett reglugerð um alla nánari tilhögun varðandi lánveitingar úr þessum sjóði. En ég legg ríka áherzlu á, að þau lán, sem kunna að verða veitt, verði til langs tíma og með hagkvæmum kjörum, svo að hægt verði að reisa þau hús af grunni, sem lengi munu standa og þurfi ekki strax endurbóta við.

Mér er kunnugt um, að það eru margir hér á landi, sem þurfa að byggja hótel og eru að byggja hótel og eiga hvergi von í nokkrum peningum. Og einn aðili, sem um langt skeið hefur rekið hótel, er nú að endurbæta húsakost sinn, en það kostaði með því verðlagi, sem gilt hefur allt fram á þennan dag, um 1½ millj. kr., og lán átti hinn sami aðili kost á að fá, 150 þús. kr., hjá einum banka hér gegn 1. veðrétti í sömu byggingu. Slíkt er algerlega óviðunandi ástand. Það hlýtur að vera hlutur hinnar gömlu og gestrisnu þjóðar að bæta betur úr í þessum efnum en gert hefur verið til þessa, og ég sé ekki ástæðu til að ætla annað en hæstv. ríkisstj. taki þessu máli vinsamlega og mæli með því, að þessi brtt. verði samþykkt.

En úr því að ég hef sagt hér nokkur orð varðandi brtt. þá, sem ég flyt, vil ég almennt segja nokkur orð um þetta mál.

Þegar hæstv. fjmrh. hafði framsögu fyrir þessu söluskattsfrv. nú fyrir skemmstu, taldi hann, að hér væri eingöngu um tilfærslu á gjöldum að ræða á milli þjóðfélagsþegnanna, en ekki um nýja skatta að ræða. Ég skal ekki ræða þá hlið málsins, hvort þar sé rétt með farið. En það mun síðar sannast og hefur raunar þegar verið sannað í þessum umræðum, að það er ekki einungis um tilfærslu að ræða, heldur einnig um stóraukna skattabyrði. Hv. 11. þm. Reykv. upplýsti enn fremur í dag, að þessi söluskattur mundi auka á útgjöld vísitölubúsins, að mig minnir, um ca. 1800 kr., og ef söluskatturinn eykur útgjöld vísitölubúsins um 1800 kr., þá er hinn hlutinn, sem hlutaðeigendur verða að greiða, margfalt, margfalt meiri. En báðir til saman, hæstv. fjmrh. og hv. 11. þm. Reykv., hafa í raun og veru sannað það, að lífskjör láglauna- og efnaminna fólks versni til muna frá því, sem nú er, en að lífskjör aftur á móti hinna, sem betur mega sín, versni ekki neitt eða miklu minna.

Láglaunafólkið, verkamenn og tekjurýrir bændur, eiga nú með söluskattinum að taka á sig það, sem á að minnka tekjuskattinn á þeim, sem hafa borið hann á undanförnum árum. Það eru þeir, sem eiga að taka á sig skattinn, sem nú skal lækka, og í flestum tilfellum eru það einmitt mennirnir, sem eru að byggja upp heimili sín og brjótast áfram í lífinu og það e. t. v. fjölskyldumenn með mörg börn. Það eru þeir, sem nú eiga að taka á sig byrðarnar, sem hinir eiga að sleppa við, sem þegar eru búnir að koma upp sínum börnum og byggja upp sín heimili og fylla sín heimili af lífsþægindum. Þessir menn, sem nú eru búnir að koma sér fyrir í lífinu, eru mennirnir, sem losna við skattabyrði, svo að tilfærslan liggur frá þeim, sem hafa greiðslugetuna, og til hinna, sem þurfa meira að kaupa og eiga eftir að byggja upp heimili sín. Ég álít, að þetta sé algerlega röng þjóðfélagsstefna, sem beri að útrýma við fyrsta tækifæri og það áður en hún nær frekari útbreiðslu. En hæstv. fjmrh. boðaði í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli, að lengra skyldi haldið áfram á þessari braut, áður en langir tímar liðu. Hann boðaði, að beinum sköttum skyldi af létt, en að sama skapi og í ríkara mæli lagðir á nýir tollar og ný aðflutningsgjöld eða nýir veltuskattar.

Ein af ástæðunum, sem ráðh. taldi að væru þess valdandi, að leggja bæri niður beinu skattana, er sú, að þau framtöl eða sá grundvöllur, sem skattakerfið nú byggist á, sé svo ótraustur og aðstaða manna svo misjöfn, þar sem sumir geti sloppið við að gera grein fyrir tekjum sínum, á meðan aðrir verða að gera grein fyrir hverjum einasta eyri, að þá sé ekki viðunandi að hafa svona skattakerfi áfram, þar sem ekki sé hægt að gera alla jafna fyrir lögunum, eins og það heitir. En beinu skattarnir hafa þó þann kost, að það er hægt að skattleggja það, sem ekki næst með tekjuskatti, ef eignaframtöl væru þannig úr garði gerð, að eignarskatturinn næði til allra eigna, en svo er ekki nú. T. d. verð ég sem bóndi að telja fram allan minn búpening, en þó að ég ætti inni hundruð þúsunda á sparisjóðsbókum, þá ber mér ekki samkv. núgildandi skattalögum að telja neitt af því fram til skatts, og vegna þess, að núverandi skattakerfi er þannig upp byggt, sleppa mennirnir, sem sluppu við tekjuskattinn, einnig við að greiða eignarskatt af því, sem þeir hafa eignazt. Eignarskattsformið og eignarskattslögin eru þannig, að það er hægt að fara hringinn í kringum þau, og sjálfstæðismenn hafa barizt leynt og ljóst fyrir þessari stefnu í skattamálum, þannig að þeir geta í þessum efnum sannarlega sjálfum sér um kennt.

Það er því þannig, að sá, sem hefur möguleika á að telja ekki allar tekjur sínar til skatts, hefur einnig mikla möguleika til þess að losna við að greiða skatt af eignum sínum. En ég spyr: Er engin leið fyrir menn að stinga söluskattinum í eigin vasa? Er grundvöllurinn, sem lagður er nú með þessu nýja kerfi, þessu eins stigs kerfi og söluskattsfyrirkomulagi, svo traustur, að það sé engin leið fyrir þá, sem innheimta skattinn fyrir ríkið, að stinga neinu í vasann og að ríkið fái hverja einustu krónu, sem því ber? Er engin leið þarna? Ég býst við, að samkv. þessu nýja eins stigs kerfi séu einmitt opnaðir nýir möguleikar og það miklu meiri möguleikar en nokkru sinni hafa þekkzt í landinu til þess fyrir vissa

aðila í þjóðfélaginu að stinga söluskattinum í eigin vasa og að standa ríkinu, sem á að fá hann, ekki skil á honum, þannig að þegar verið er að ræða um ótraustan grundvöll, sem beinu skattarnir hvíla á, þá er sá grundvöllur, sem nú er lagður með söluskattsfyrirkomulaginu, engu traustari, svo að það er nákvæmlega eins og að fara úr öskunni í eldinn.

Með smásöluskattinum er verið að opna leið fyrir kaupmenn að innheimta fjármagn fyrir ríkissjóðinn og standa svo aldrei skil á öllu saman. Á þennan hátt er einnig verið að breikka bilið á milli hins ríka og fátæka manns. Ég er sannfærður um það, að ef þetta á ekki að fara á þennan veg, verður að vera það strangt verðlagseftirlit, að það er næstum óhugsandi og óframkvæmanlegt að halda því uppi. Á sama tíma og verið er að auka og íþyngja almúganum með nýjum álögum og sköttum, er verið að létta skattabyrði þeirra ríku og skapa þeim mörgum hverjum nýja leið til að draga fé þess opinbera í eigin vasa.

Hvar sem borið er niður, blasir við aukin skriffinnska. Það er sama, hvar maður ber niður í þeim frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram til þessa á Alþingi, að þá blasir alls staðar við veruleg útþensla á ríkisbákninu.

Þótt það sé að vísu hjálp fyrir bæjar- og sveitarfélögin í landinu að fá ⅓ hluta af söluskattinum, mundi einnig vera hjálp í því að lækka eða fella niður sumt af gjöldum bæjar- og sveitarfélaganna, þ. e. a. s. það, sem rennur til ríkissjóðs eða ríkisstofnana, t. d. þann hluta bæjar- og sveitarfélaga, sem fer til Tryggingastofnunar ríkisins, eða hluta sveitarfélaganna, sem fer til sjúkrasamlaganna í landinu. Það mundi koma að jafnmiklu gagni að minnka útgjöld sveitar- og bæjarfélaganna eins og að halda þeim háspenntum og verða svo að afla þeim nýrra tekna til þess að halda þessu eitthvað gangandi. Nei, þessi leið er ekki athuguð, heldur þarf að finna nýja skatta og setja nýtt fólk niður til að reikna í stað þess að breyta lögum á þann veg, að skriffinnskan gæti eitthvað minnkað.

Ég bendi á þetta hér til þess að sýna, hvað margt af því, sem frá hæstv. ríkisstjórn hefur komið, er fráleitt til þess, að það sé nokkurs staðar hægt að draga úr útþenslunni, sem ríkisstj. boðaði fyrir kosningarnar. Þá átti að halda öllu í skefjum, ríkisútgjöldum sem öðru. En nú er stefnt í öfuga átt, eins og margir hv. þm. hafa bent hér á í umræðum um þetta mál.

Það er enginn vafi á því, að nú á fyrst og fremst að framkvæma þá stefnu, sem Sjálfstfl.-menn hefur lengst af dreymt um, en það er kenning foringja sjálfstæðismanna, hæstv. forsrh., Ólafs Thors, er hann sagði, að fyrst bæri að hugsa um einkahagsmuni, þar næst um hagsmuni sjálfstæðismanna og síðast og í þriðja lagi um hagsmuni þjóðarheildarinnar. Þarna er verið að koma með frv. hvert á fætur öðru til þess að gera foringjum sjálfstæðismanna kleift að auðga nokkra einstaklinga og þar næst Sjálfstfl., og svo kemur þjóðin síðar og hún á að fá leifarnar af þessu öllu saman. Það má nú segja, að þetta sé pennastrik í lagi. Ólafur Thors, hæstv. forsrh., sagði, að dýrtíðin í landinu jafnaði kjör fólksins og hana væri hægt að lækna með einu pennastriki, og sannarlega er þetta pennastrik hæstv. forsrh. það strik, sem segir sex.

Á þeim 10 árum, sem ég hef setið hér á hv. Alþingi og efnahagsmál hafa komið til endurskoðunar og umræðu, hefur ávallt verið lagður sérstakur skattur á hin breiðari bök í þjóðfélaginu þar til nú. 1950, þegar genginu var breytt, og 1958, þegar yfirfærslugjaldið var tekið upp í staðinn fyrir bátagjaldeyrinn, var í bæði skiptin lagður á sérstakur skattur á stóreignir, lagður skattur á þá menn, sem umfram aðra höfðu hagnazt á dýrtíðinni í landinu, og þessu fjármagni átti að verja og var varið til þess að gera hinum efnaminni þegnum í þjóðfélaginu kleift að byggja upp sína starfsemi og koma sér upp sómasamlegum heimilum. En nú er stefnt í þveröfuga átt. Um leið og íslenzka krónan er felld, þá er ekkert gert til þess að láta þá, sem hafa breiðari bökin, bera þyngri byrðar, nema síður sé, en hina, sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Ég held, að það hafi verið í gær, sem ég las eftirfarandi í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hið nýja Ísland verður að byggja framtíð sína á því, að atvinnuvegir þess séu allir reknir á heilbrigðum grundvelli með sem fullkomnustum tækjum.“

Hv. 5. þm. Austf. (ÞÞ) lýsti því mjög greinilega hér áðan, hvernig aðstaðan er nú hjá bændastétt landsins til þess að veita sér nýtízku og fullkomin tæki til búrekstrar. Það er þægilegt fyrir Morgunblaðið og sjálfstæðismenn að tala um það, að menn kaupi fullkomin og nýtízku tæki á hinu nýja Íslandi, eins og þeir segja, á sama tíma og þeir eru að skattpína þjóðina svo mikið, að það er útilokað fyrir allan almenning í landinu að veita sér nokkuð af hinum nýjustu tækjum, sem e. t. v. verður hægt að bjóða upp á. Og á sama tíma eru þeir hinir sömu, sem fjær og fjærst búa innflutningshöfnum landsins, látnir bera þennan smásöluskatt með margföldum þunga, því að þótt því sé haldið hér fram, að flutningar séu ekki söluskattsskyldir, þá hygg ég, að þegar varan er seld viðs vegar um landið, þá séu flutningarnir og farmgjöldin komin inn í verðlagið, og söluskatturinn verður þeim mun hærri, sem flutningarnir eða farmgjöldin kosta meira, og þeir, sem eru verst settir og búa við mesta örðugleika í þjóðfélaginu, verða á þennan hátt að greiða mest af þessum söluskatti, og það á sama tíma og hæstv. ríkisstj. fellir gengi ísl. krónu um rúmlega 132% og hækkar fjárlög um nálægt 50%. Þá þykir það ekki nóg að gert, heldur er þessum söluskatti bætt ofan á allt saman, og hann á eftir að verka eins og eldur í sinu í öllum þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. er nú að gera.

Þeir stjórnmálaflokkar, sem fara með völdin í landinu nú, hétu þjóðinni gulli og grænum skógum, ef hún væri svo góð að veita þeim meiri hluta á Alþingi. En er það gull og þeir grænu skógar, sem hæstv. ríkisstj. er nú að

bjóða þessum kjósendum sínum? Nei, það er þveröfugt, eins og allt annað, sem hæstv. ríkisstj. gerir, þegar miðað er við það, sem hún lofaði fyrir kosningar.

Alls staðar, þar sem borið er niður, blasir þetta við. Það er eymd og það er auðn, minnkandi framkvæmdir, minnkandi atvinna, minnkandi framleiðsla og eymdarlíf hjá öllum almenningi í landinu. Hvað er nú orðið af stefnu og baráttu alþýðumannsins Jóns Baldvinssonar, sem var alltaf á verði fyrir þá, sem áttu bágt og vildu bjarga sér? Hann myndaði pólitíska flokk, Alþfl., til þess að standa vörð um hagsmuni alþýðunnar í landinu. Jón Baldvinsson er fallinn frá, og Alþfl. í þeirri mynd, eins og hann var mótaður í upphafi, er líka fallinn frá. Hann er smoginn inn í það versta afturhald, sem til er í landinu, íhaldið, sem lýsti því með mörgum fögrum orðum fyrir skemmstu, „að leiðin til bættra lífskjara væri að kjósa Sjálfstfl.", en þjóðin hefur nú gefið leið hæstv. ríkisstj. rétta nafnið, þar sem hún kallar hana stjórn eymdar og afturhalds. Á sama tíma og Alþfl.-menn, sem nú telja sig, eru að halda mikla ráðstefnu um jafnaðarstefnuna og fara um hana mörgum fögrum orðum, eru þeir um leið að samþ. hinar mestu og verstu álögur á þjóðina, sem nokkru sinni hefur verið gert í landi voru á einu einasta ári. Það stóð í Alþýðublaðinu, að mig minnir í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Margt hefur breytzt, frá því að jafnaðarstefnan var að skjóta sínum fyrstu frjóöngum. Ný úrræði hafa komið fram, er óþekkt voru áður. Nú er unnt að koma í framkvæmd ýmsum stefnumálum jafnaðarmanna eftir leiðum, er áður voru óþekktar. Að sjálfsögðu hafa þessi breyttu viðhorf orðið til þess, að jafnaðarmenn hafa orðið að endurskoða ýmis eldri úrræði sín, en það breytir engu um það, að markmiðið er hið sama og áður. Markmið jafnaðarmanna er og verður alltaf það sama, réttlátt þjóðfélag, þar sem öllum líður vel."

Já, réttlátt þjóðfélag, þar sem öllum líður vel. Sannarlega er þetta réttlátt þjóðfélag, þar sem öllum líður vel! Já, mikil er trú þín, kona, vil ég segja, — mikil er trú Alþfl.-manna, ef þeir trúa því, að þeir séu að skapa réttlátt þjóðfélag, þar sem öllum líður vel, eins og upprunalega var markmið þeirrar Alþfl.-stefnu, sem starfaði hér á landi, á meðan Jóns Baldvinssonar og hans förunauta naut við. Nei, það stefnir áreiðanlega allt í öfuga átt við það, sem Alþfl.-menn eru að boða og trúa. Áttaviti þeirra er löngu bilaður, og enn þá dansa þeir samt eftir honum. Það er því ekki að undra, þótt þeir hafi hafnað lengst inni í hring íhaldsins í landinu, enda er íhaldið ákaflega ánægt með að nota Alþfl.-menn sem sína þjóna, því að þeir geta þar sannarlega í danssalnum innt sitt hlutverk fyrir íhaldið af hendi, en ekki fyrir alþýðuna í landinu, það er öðru nær.

Það væri synd að segja, að vitleysa hæstv. ríkisstj. ríði við einteyming. Það er öðru nær. Svo hastarlega er sorfið að lífskjörum alls almennings í landinu, að ótti og kvíði er þegar farinn að búa um sig í hugarfari almennings, enda hvílir sú ógæfa yfir hæstv. ríkisstj., að þegar eitthvað kemur frá henni af málum, styrkir hún jafnan þennan ótta og kvíða, fremur en að gera hið gagnstæða. En á meðan lifir sjálf hæstv. ríkisstj. í allsnægtum, um leið og hún er að leggja legstein á allt framtak alls almennings í landinu. Önnur eins afturhalds-, kreppu- og óstjórnarstjórn hefur aldrei setið að völdum hér á landi áður, aldrei nokkurn tíma áður. Valdafíknin er svo mikil, að hún drepur alla heilbrigða skynsemi. Það er ekki undarlegt, þótt það lægi mikið á að breyta kjördæmunum og á þann hátt að geta slætt inn á Alþingi mönnum, sem aldrei hefðu komið til greina að sitja þar annars, mönnum, sem alls ekki hugsa um velferð þjóðarinnar, en í einhverju hugsunarleysi og blindni ekki einungis svíkja gefin fyrirheit, heldur skapa komandi kynslóð svo þunga bagga, að hún fær varla undir því risið í framtíðinni. Það var sannarlega þörf á því að breyta kjördæmaskipuninni, til þess að þetta gæti átt sér stað!

Hér er verið að rífa niður áratuga uppbyggingarstarf, brjóta á bak aftur sjálfsbjargarviðleitni og menningu æskunnar í landinu. Hvert skref, sem stjórnarflokkarnir stíga, er skref aftur á bak. Hér er ekki einungis ráðizt á framfarir og framkvæmdir, heldur í miklu stærri stíl á lífskjör fólksins í landinu. Hin unga og óborna þjóð á ekki lengur að njóta gæða landsins, því að nú er verið að bjóða henni upp á þau lífskjör, sem varla munu hafa þekkzt hér á landi nema á þeim mestu niðurlægingartímum, sem þjóðin hefur lifað, og kannske hjá þeirri stétt manna, sem kallaðir voru þrælar að fornu. Lífskjörin eiga að vera svo aum, að fólk fórni hugðarefnum sínum á altari hæstv. ríkisstjórnar og dýrki hana gamla þrælsóttanum, sem þekktur var á landnámsöld.

Nei, hæstv. ríkisstj. verður sannarlega ekki öfundsverð, þegar þjóðin rífur sig úr þeim fjötrum, sem verið er að vefja hana inn í núna. Hún má sannarlega biðja fyrir þeim dögum, því að þeir koma áreiðanlega, áður en langir tímar líða.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði úr þessum löngu ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem ég skal gera hér að umtalsefni og reyna að draga þar út meginatriðin, sem þó er nokkuð erfitt í allri þessari langloku og mærð.

Í rauninni verður manni fyrst spurn: Á að taka alvarlega, á að taka hátíðlega þessa miklu andstöðugagnrýni Framsfl. og Alþb. gegn söluskatti? Ég held, að þegar málin eru athuguð, þá geti varla nokkur maður, sem eitthvað þekkir til stefnu og starfsemi þessara flokka, tekið það alvarlega, sem hér er haldið fram, að söluskatturinn sé jafnóskaplegur, ranglátur, fráleitur og þeir halda fram nú. Ef maður lítur t. d. fyrst á Framsfl., þá var Framsfl. í ríkisstj., þegar söluskatturinn var fyrst lögleiddur, en eins og kunnugt er, hafa lögin nr. 100 frá 1948 verið í gildi nú sem sagt í 12 ár og eru enn. Þessi söluskattur hefur að vísu tekið ýmsum breytingum. Og svo að segja all-

an þennan tíma, frá því er söluskatturinn var lögleiddur hér, hefur Framsfl. verið í ríkisstj. og langsamlega lengst af farið sjálfur með fjármál og skattamál, og á þessum 12 árum eru þær ræður orðnar margar, ég held næstum, að tala þeirra sé legió, sem fulltrúar Framsfl. með fyrrv. hæstv. fjmrh. í fararbroddi, Eystein Jónsson, hafa haldið til lofs og dýrðar söluskattinum sem tekjustofni. Ég minnist þess t. d., af því að vitnað var hér í ummæli þm. frá 1954, að þá sagði einn málsvari framsóknarmanna í þessu máli, — hann var framsögumaður hér í þessari hv. d., — um söluskattsfrv., sem þá var lagt fyrir af hv. 1. þm. Austf. (EystJ), — þessi frsm. framsóknarmanna í málinu sagði hér í þessari d. eitthvað á þá leið, að hann kæmi ekki auga á neinn tekjustofn eða skattstofn, sem hægt væri að láta koma í staðinn fyrir söluskattinn, nema þá helzt það, að Ísland legði undir sig Grænland og arðrændi íbúana þar. Annan möguleika sá hann ekki, ef ætti að hætta við jafnnauðsynlegan skattstofn og söluskatturinn var í hans augum þá.

Framsfl. ber sína ábyrgð, ekki einn, heldur ber sinn hluta af ábyrgðinni á söluskattinum frá upphafi í þessi 12 ár. Honum hefur að vísu farið forustan í þessu efni að mörgu leyti mjög illa úr hendi. Það er verið að hringla með söluskattinn ár frá ári, ýmist að leggja hann á ýmis stig, sem sagt fjölstigaskatt, eða sem smásöluskatt eða sem iðnaðarskatt, núna síðast hinn alræmda og illræmda 9% skatt á iðnaði og þjónustu. Þetta hefur farið honum ákaflega illa úr hendi, bæði framkvæmdin og lagasetningin, sem hann sem sagt hefur haft forustuna um. En söluskatt hefur hann viljað hafa öll þessi ár. Nú þegar hann hefur hrökklazt úr ríkisstj., þá breytist svo viðhorfið, að það þarf hvorki meira né minna en að hver einasti hv. þm. Framsfl. rísi hér upp og haldi langar ræður, sumar jafnvel svo að klukkutímum skiptir, til þess að fordæma söluskattinn sem gersamlega óhæfan tekjustofn ríkisins. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, — ég veit ekki, hvað öðrum finnst, — en mér finnst ómögulegt að taka þessar orðræður hátíðlega eða alvarlega.

Ef maður lítur svo á Alþb. eða kommúnistana, þá talar fulltrúi þeirra hér mjög digurbarkalega um söluskattinn sem alveg fráleitan skatt og ranglátan á alþýðu manna. Ég tek þetta ekki heldur hátíðlega, því að bæði hann og ég vitum, að trúbræður hans úti í Rússíá nota söluskatt sem aðaltekjulind ríkissjóðs. Þetta vita allir, að mikill meiri hluti af ríkistekjum Sovét-Rússlands kemur einmitt frá söluskatti. Beinir skattar eru þar tiltölulega litlir og tollar ekki háir, og ég ætla t. d., að sumir þeirra hv. þm., sem fyrir nokkru fóru í opinbera heimsókn til Rússlands sem gestir rússneska þingsins, hafi einmitt komið hingað aftur með þær upplýsingar beint frá hinum æðstu mönnum þar, sem þeir áttu tal við og spurðu um tekjustofna ríkisins, að langsamlega aðaltekjustofninn væri söluskattur. Nei, það þarf vissulega einhverja aðra en mig til að taka þessa andstöðu og gagnrýni hátíðlega.

Varðandi þessi miklu ræðuhöld Framsfl. verður manni náttúrlega að spyrja, hver sé stefna Framsfl. í þessum málum, og ég verð að segja, að það er ákaflega erfitt að átta sig á því. Ég hef drepið hér á fortíð Framsfl. í söluskattsmálinu. En hvernig er það: telur Framsfl. og hv. þm. hans, að það sé óþarft að afla tekna, 280 millj. kr. tekna, sem fjárlög gera ráð fyrir að séu nauðsynlegar? Er það skoðun Framsfl., að þetta sé algerlega óþarft og það megi afgr. fjárlög án þess? Ef þeir telja það, þá væri fróðlegt að vita, hvaða útgjaldaliði fjárlaga þeir ætla að skera niður sem þessu nemur. Meðan þeir benda ekki á það, er auðvitað allt þeirra tal marklaust. Maður spyr líka, og ég hef spurt um það áður, af því að þessi söluskattur, sem hér er lagt til að verði á lagður, á að koma í staðinn fyrir aðra tekjustofna ríkisins: Eru framsóknarmenn með því eða eru þeir á móti því, að 9% söluskatturinn á iðnaði og þjónustu verði lagður niður, eða vilja þeir halda honum áfram? Ég hef spurt þá líka að því: Eru þeir með því eða á móti, að afnuminn sé tekjuskattur á launatekjur, almennar launatekjur? Það hefur ekkert svar fengizt við hvorugri þessari spurningu.

Í ræðum framsóknarmanna er ómögulegt að fá neinn botn í það, neina niðurstöðu, hver er þeirra stefna í þessum málum, og í rauninni er hún vafalaust engin eða eins og svo oft er með þennan flokk, sem að stefnu til er einstakt viðrini í íslenzkri pólitík. En þetta minnir mig vissulega á það, sem einn ágætur þm. Framsfl. sagði einu sinni á framboðsfundi. Hann var að lýsa því fagurlega, að stefna Framsfl. væri millistefna og hann væri milliflokkur, og hann orðaði það þannig, að stefna Framsfl. væri í rauninni milli frostmarksins og suðupunktsins, en það þýðir á góðri og gildri íslenzku, að hann er hvorki hrár né soðinn. Það er hann í þessu máli, sem hér liggur fyrir, eins og svo mörgum fyrr og síðar.

Hér hefur verið minnzt enn í þessum umræðum á skáldsöguna um 100 millj. kr. skekkju í útreikningum hagfræðinga og ríkisstj. Ég minntist á það hér við 1. umr., að þessi saga er auðvitað tilbúningur einn, — ég veit ekki, í hvaða verksmiðju hún er upphaflega framleidd, hvort það er á ritstjórnarskrifstofu Þjóðviljans eða Tímans, það skiptir ekki miklu máli, blöðin lepja þetta hvort eftir öðru og þingmennirnir hér líka. Frjáls þjóð held ég sé gengin í lið með þeim líka í þessu efni. Sem sagt, fyrir þessari fullyrðingu er ekki hinn minnsti fótur.

Ég vil svo í sambandi við þetta mál og sérstaklega vegna ummæla sumra hv. þm. nú hér í dag taka það fram, að ég hef aldrei sagt í sambandi hvorki við fjárlagaumræður né áður á þessu þingi, að söluskatturinn ætti að verða 3%. Það var auðvitað ljóst, að til þess að ná þeirri upphæð, sem þurfti, 280 millj., hefði söluskattur þurft að vera töluvert hærri en 3%. Hann hefði þurft að vera um eða yfir 4% og gilda allt árið, til þess að von væri um, að

hann gæfi þessa upphæð. Ástæðurnar til þess, að hinn almenni söluskattur í smásölunni nægir ekki til að gefa þessa upphæð, 280 millj., hef ég rakið hér áður við 1. umr., en þær eru þrjár: Í fyrsta lagi, að niðurstaðan varð sú hjá ríkisstj. og stjórnarflokkunum að hafa söluskattinn ekki hærri en 3%, í stað þess, eins og ég gat um, að hann hefði orðið að vera milli 4 og 5% til þess að ná þessari upphæð yfir allt árið. Í öðru lagi nær söluskatturinn í ár aðeins yfir 9 mánuði. Falla þannig 3 mánuðir frá. Og í þriðja lagi eru undanþegnir allstórir flokkar, eins og fyrst og fremst byggingarvinna, sem er mjög stór liður, auk þess rekstrarvörur útgerðar og landbúnaðar. Þessar eru ástæðurnar til þess, að þessi 3% söluskattur nægir ekki, og þarf því að bæta við innflutningssöluskattinn til að ná þessari upphæð nú á þessu ári.

Ég vil líka til að fyrirbyggja misskilning taka það fram, að þetta frv. er tvenns konar. Annars vegar fjallar það um 3% smásöluskattinn, sem ekki er ætlazt til að standi aðeins þetta ár, heldur áframhaldandi. Það er gert ráð fyrir, að hinn almenni söluskattur sé ekki bráðabirgðaskattur, heldur sé gjaldstofn, sem standi áfram. Hins vegar er svo 8% innflutningssöluskatturinn, sem er bráðabirgðaákvæði, og það er ekki lagt til að þessu sinni, að hann standi lengur en þetta ár. Um það, hvað við tekur á næsta ári, skal ég ekkert segja nú. Eins og ég hef skýrt frá áður hér á hv. Alþingi, er tollskráin og öll löggjöf um aðflutnings- og innflutningsgjöld í sérstakri athugun, og er ætlunin fyrst og fremst að samræma þetta kerfi allt saman og gera það einfaldara en verið hefur. Um það, hvernig verður með innflutningssöluskatt og framtíð hans í sambandi við þetta, skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi.

Hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. ræddi nokkuð um það, að ekki hefði fengizt í fjhn. samþykkt að senda frv. til umsagnar einhverra aðila. Það kom þó fram í ræðu hans, að þetta hefði kannske ekki verið nauðsynlegt, vegna þess að við undirbúning málsins hefði frv. verið sent til athugunar nokkrum aðilum, eins og ég gat hér við 1. umr. málsins. En þeir aðilar, sem fengu frv. til athugunar nokkrum dögum áður en það var lagt fram í Alþingi, voru: Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, stórkaupmannafélagið, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Vinnuveitendasamband Íslands, en eins og ég þá tók fram, þá eru þetta þeir aðilar, sem fyrst og fremst eiga að hafa með höndum innheimtu söluskattsins, og þótti þess vegna rétt að gefa þeim kost á að koma að sínum aths. varðandi framkvæmd laganna í tæka tíð, áður en málið yrði lagt fyrir Alþingi.

Hv. frsm. 1. minni hl. sagðist hafa spurzt fyrir um það, hvers vegna Samband ísl. samvinnufélaga hefði ekki sent umsögn, og var nokkuð erfitt að skilja, hvernig í því lá. Sambandið fékk þetta mál að sjálfsögðu sent sem trúnaðarmál. Aðrir aðilar töldu einnig sjálfsagt að koma sínum aths. á framfæri við fjmrn. eða þá nefnd, sem hafði undirbúið frv. Og skil ég satt að segja ekki í þessum misskilningi, sem kann að hafa orðið hjá þessum samtökum, þegar þau fá frv. sent til umsagnar eða athugunar sem trúnaðarmál, að þau hafi ekki heimild til þess að koma að sínum aths. við þá, sem sendu frv. En það er annað mál.

Á þskj. 187 hef ég borið fram brtt., og hún er við 3. gr. frv., en í 3. málsgr. þeirrar gr. segir, að ákvæði um skattfrelsi nái ekki til umbúða, hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara. Þetta atriði, sérstaklega varðandi umbúðirnar, var töluvert rætt og athugað við samningu frv. Það þótti nauðsynlegt að hafa þessi ákvæði um, að ýmiss konar hjálparefni eða óvaranlegar rekstrarvörur væru ekki undanþegnar. En ég tel rétt eftir nánari athugun á þessu máli að fella niður orðið „umbúðir" úr þessari gr., því að það er a. m. k. um sumar tegundir eða gerðir umbúða, að það mundi bersýnilega leiða til tvísköttunar, ef þessu ákvæði yrði haldið eins og þarna er.

Aðrar brtt., sem liggja fyrir, eru á þskj. 181, 188 og 189. Varðandi brtt. á þskj. 181 frá 2. minni hl. fjhn., Birni Jónssyni, skal ég ekki fara út í einstök atriði þeirra, en það er auðvitað sýnilegt, að þar er um svo mikilvægar undanþágur frá skattinum að ræða, að það mundi svipta ríkissjóð tekjum, svo að nemur tugum milljóna, og rýra því þennan skattstofn mjög verulega frá því, sem gert er ráð fyrir og nauðsynlegt er til að ná þeirri upphæð, sem fjárlög gera ráð fyrir. Ég get því ekki mælt með samþykkt þeirra.

Á þskj. 188 eru brtt. frá Alfreð Gíslasyni, hv. 9. þm. Reykv., um að bæta þar nokkru við. Varðandi það að undanþiggja nauðsynlegustu lyf samkv. skrá söluskatti vil ég geta þess, að eitt af meginatriðum, til þess að söluskatturinn í smásölu innheimtist sæmilega og til að hægt sé að hafa eftirlit með honum, nægilega strangt eftirlit, er að allra dómi það, að undanþágur séu ekki margar, hafðar svo fáar sem mögulegt er að komast af með. Varðandi þær undanþágur, sem eru í frv., þá er það yfirleitt um þær þannig, að það eru allstórir vöruflokkar, sem ættu ekki, þó að undanþegnir séu, að raska mjög möguleikunum til eftirlits með skattinum. Hins vegar ef t. d. ætti að undanþiggja sum lyf, en önnur ekki, þá mundi það vafalaust valda verulegum erfiðleikum í framkvæmdinni, þar sem jafnan þyrfti að fara að draga þar frá eða reikna frá vissar vörutegundir, sem væru þó náskyldar öðrum, sem væru skattskyldar. Það mundi skapa mikla örðugleika og óvissu í framkvæmdinni og nokkra möguleika til þess að komast hjá skattinum.

Varðandi síðustu brtt. sama hv. þm., þá fjallar hún um það, að ekki megi álagning í heildsölu og smásölu hækka vegna söluskatts af innfluttum vörum. Ég tel, að þetta sé of fortakslaust ákvæði. Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta sé lagt á mat verðlagsyfirvalda. Segir í 23. gr., að verð vöru, vinnu og þjónustu megi

hækka sem söluskatti nemur, en að hve miklu leyti álagning yrði hækkuð, er sem sagt algerlega á valdi verðlagsyfirvalda. Ef þessi brtt. yrði samþ., þýddi það fortakslaust bann gegn því að hækka álagningu vegna söluskattsins. Nú telja margir og sérstaklega telja smásalar, að nokkur kostnaðarauki verði fyrir verzlanir að annast þá innheimtu söluskatts, sem hér er gert ráð fyrir, og ef þeir geta sannað slíkan útgjaldaauka við verzlunina, þá kemur til álita verðlagsyfirvalda að meta það, hvort rétt sé að leyfa álagningu að einhverju leyti til að mæta þeim auknu útgjöldum. Ég tel, að það sé eðlilegt, að það sé á mati verðlagsyfirvaldanna, en ekki fortakslaust bannað í þessu frv.

Þá er brtt. á þskj. 189 frá hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB). Þar er hreyft mjög merku máli, sem er að skapa möguleika til byggingar á gistihúsum og matsölu- og veitingahúsum. Þar er gert ráð fyrir, að söluskattur af sölu, afhendingu og þjónustu, sem látin er í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, skuli renna í sérstakan sjóð og fé hans skuli lánað til byggingar veitinga- og gistihúsa. Ég hef flutt hér á þingum áður ásamt nokkrum fleiri alþm. frv., er miðar í þá átt að greiða fyrir byggingu gistihúsa, frv. um ferðamál og landkynningu. Það hefur ekki fundið náð fyrir augliti annarra flokka, m. a. þess flokks, sem þessi hv. þm. fylgir. Ég er enn sama sinnis, að það ber brýna nauðsyn til þess að efla ferðamál og landkynningu og bæta úr því ófremdarástandi, sem er hér á landi vegna skorts á gistihúsum. En ég álít, að málið þurfi að taka á miklu breiðari grundvelli og með fleiri sjónarmið en kemur fram í þessari brtt. einni. Þessi till. hv. þm. mundi skerða þennan tekjustofn um 3—4 millj. kr. á ári. **(ÁB:** Það er lítið.) Já, það er lítið, en þó kemur það saman, ef samþ. eru allar þær till., sem krukka í skattinn, sem hér eru lagðar fram, og ég tel ekki fært að samþ. þessa till. eða draga þannig úr þessum tekjustofni eða auka útgjöld ríkisins sem þessu svarar, hvernig sem maður lítur á það, en vil taka það fram, að ég að sjálfsögðu hef fullan áhuga á því að reyna að greiða úr þessum málum, eins og fært er, að auka gistirúmakost í landinu.

Af þeim ádeilum, sem komið hafa fram á frv. fyrir utan almennar ádeilur á söluskattinn sem heild, sem, eins og ég tók fram, maður tekur ekki allt of alvarlega, miðað við fortíð þeirra flokka, sem beita þessari gagnrýni, — en af einstökum atriðum er m. a. í umræðum hér og í nál. a. m. k. 2. minni hl. mjög gagnrýnt, að hér sé farið inn á nýja braut, sem jafnvel sé einsdæmi, að heimila fjmrh. að ákveða hitt og þetta með reglugerð, og hefur svo verið að skilja á sumum hv. þm., að hér sé um algert einsdæmi að ræða, gengið miklu lengra en áður hefur þekkzt, og út yfir taki þó, að fjmrh. eigi samkv. þessu frv. að geta lagt á refsingar, sem sé verkefni dómstóla. Allt er þetta byggt á eintómum misskilningi, og ég skal nú benda á, til viðbótar því, sem ég sagði við 1. umr., hvernig þessum málum er varið.

Það segir í 18. gr. þessa frv., að ráðherra sé heimilt með reglugerð að undanþiggja tilteknar vörutegundir söluskatti við innflutning og heimilað að endurgreiða söluskatt í sumum tilfellum. Í núgildandi söluskattsákvæðum, þ. e. 27. gr. laga frá 1948, sem hafa verið framlengd ár frá ári, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjmrh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti" o. s. frv. Og samkvæmt þessari heimild í 27. gr. núgildandi söluskattslaga hafa fjmrh. undanfarið með reglugerð undanþegið hvorki meira né minna en 63 vörutegundir söluskatti við innflutning og það umfram þær vörutegundir, sem undanþegnar eru í sjálfum lögunum. Samkv. þessari sömu heimild hafa fjmrh. undanþegið á undanförnum árum með reglugerð 14 tegundir af innlendri starfsemi, sem er söluskattskyld samkv. lögunum, og sumar þessara undanþága eru mjög víðtækar. M. ö. o.: í 27. gr. núgildandi söluskattslaga, sem hafa verið framlengd á hverju einasta ári síðan 1948, fyrir forgöngu fyrst og fremst fjmrh. Framsfl. og með atkv. allra þm. hans, hafa sem sagt verið svona víðtækar undanþágur og notaðar, eins og ég hér greindi, þannig að það, sem þetta frv. felur í sér um heimild til undanþágu og endurgreiðslna, er nákvæmlega það sama og áður hefur tíðkazt, ekkert nýmæli.

Það er reyndar rétt að bæta því við, að í tollskrárl. eru mjög margar undanþágu- og endurgreiðsluheimildir fyrir fjmrh. og flestar þeirra mjög víðtækar. Eins og ég gat um við 1. umr., eru þessar lækkunarheimildir í tollskrárlögunum miðaðar við stafrófið, og þær eru svo margar, að stafrófið hefur ekki nægt, svo að það hefur þurft að byrja að nýju á aa og bb, og er nú síðasti liðurinn ff-liður. Þarna munu vera milli 30 og 40 undanþáguheimildir fyrir fjmrh. samkv. l. frá 1954, sem flutt voru og undirrituð af Eysteini Jónssyni, þáverandi fjmrh. Varðandi undanþágurnar í þessari grein eru þær því engin nýmæli, heldur alveg í samræmi við það, sem hér hefur gilt mjög lengi.

Varðandi það ákvæði, sem hér er mjög gagnrýnt, í 25. gr. frv., að fjmrh. skuli geta ákveðið sekt, þá segir svo í þessari gr., að ef skattskyldur aðili skýri rangt frá því, sem máli skiptir um söluskatt hans, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, þá skuli hann greiða sekt, sem skuli ákveðin allt að tífaldri söluskattsupphæð, sem tapazt hefur af vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vantalda söluskatt. Fjmrh. ákveður sektina, nema hann eða sá, sem í hlut á, óski eftir, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Þegar hv. þm. eru nú að vitna í þetta ákvæði, láta þeir venjulega staðar numið eftir að hafa lesið þessi 3 orð: Fjmrh. ákveður sektina. Hitt skiptir þá væntanlega í þeirra augum minna máli, þó að hver einasti maður, sem í hlut á, geti óskað þess, að málinu sé vísað til dómstólanna og þá fari það þangað.

Eins og ég hef getið um áður, mun þetta ákvæði vera sett inn í frv. og að því leyti sem

það er í gildandi lögum af hagkvæmniástæðum, vegna þess að í mörgum tilfellum þykir bæði fjmrn. og hinum umrædda aðila það spara tíma og fé, að rn. ákveði sektina, en ekki, að málið gangi til dómstólanna. En sem sagt, hver einasti aðili, sem í þessu lendir og vill láta málið fara til dómstólanna, ræður því.

En því fer fjarri, að þetta sé nokkurt nýmæli, því að í tekju- og eignarskattslögunum frá 1954 er svo hljóðandi ákvæði: „Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju, sem máli skiptir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Fjmrh. ákveður sektina," segir í tekjuskattslögunum, „nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna." Svo til samhljóða ákvæði að orðalagi.

Þetta er ekki aðeins í tekjuskattslögunum frá 1954, heldur hefur þetta verið óbreytt í fjóra áratugi, frá tekju- og eignarskattsl. 1921, án þess að mér vitanlega nokkur maður hafi hreyft aths. við þetta ákvæði. Og þetta er ekki aðeins í tekju- og eignarskattslögunum, heldur segir 28. gr. núgildandi söluskattslaga, að um söluskattinn skuli þessi 47. gr. tekjuskattslaganna einnig gilda. M. ö. o.: þetta ákvæði um, að fjmrh. í þessum tilfellum ákveði sektina, skattsektina, nema aðili óski eftir því, að málið gangi til dómstóla, hefur verið í 4 áratugi í tekjuskattslögunum og frá upphafi, 1948, í lögum um söluskatt.

Ég verð að segja, að það nálgast óskammfeilni, þegar hv. þm. koma hingað upp og belgja sig út með það, að þetta sé eitthvert nýmæli og einræðiskennd í ríkisstj., að leyfa sér að taka upp slíkt ákvæði, af því að sumir þessara manna, sem hér hafa ráðizt á þetta, vita, að þessi ákvæði hafa verið lengi í gildi.

Allt þetta tal um, að með þessu frv. sé verið að veita fjmrh. einhverjar auknar heimildir frá því, sem verið hefur, eða fela honum dómsvald í refsimálum, — allt saman er þetta slúður og staðlausir stafir. Og ég vil taka það fram, að að þessu leyti um heimildir til að setja ákvæði í reglugerð eða um heimildir fjmrh. hefur ekki einum staf verið aukið eða við bætt frá því, sem hinir fjórir embættismenn, sem sömdu frv., lögðu til í sínum till.

Hv. frsm. 2. minni hl., Björn Jónsson, segir í sínu nál., að fullyrðingar mínar um það, að hér sé aðeins um að ræða tilflutning á gjaldheimtu, séu hreinar blekkingar, og hann segir, að þær stangist gersamlega á við það, sem hagstofustjórinn hafi upplýst, að nýi söluskatturinn muni valda kjaraskerðingu um 3%. Í sambandi við þetta tala svo hv. stjórnarandstæðingar um það hver eftir annan, að hér sé um að ræða harkalegri álögur en nokkru sinni fyrr, þetta komi þyngst niður á alþýðuheimilunum, það sé verið að þrengja kosti launamanna, lífskjör láglaunamanna versni til muna við þetta söluskattsfrv., en hins vegar versni ekkert kjör þeirra, sem betur eru settir, eins og hv. síðasti ræðumaður komst að orði.

Ég hef tekið það fram hér áður, að sú upphæð, sem þessu frv. er ætlað að ná í ríkissjóð til viðbótar því, sem áður hefur verið í lögum, er 280 milljónir. Sumir hv. þm. hafa verið hér með talnablekkingar á þá leið, að þeir leggja við þessa tölu þær 154 millj., sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að 7% söluskatturinn af innflutningi, sem verið hefur í gildi í nokkur ár og á að standa óbreyttur, gefur, — þeir leggja þessa tölu við 280 millj. og segja, að það eigi að auka skattana um þessa samanlögðu upphæð.

Nei, það, sem hér er um að ræða, eru 280 millj. Og til hvers er verið að afla þessara 280 millj.? Það er til þess að vinna upp missi þeirra þriggja tekjustofna, sem margsinnis er búið að lýsa: Tekjuskattsins vegna afnámsins á tekjuskatti af almennum launatekjum, sem er áætlað að sé um 110 milljónir kr. Afnáms 9% söluskatts af iðnaði og þjónustu, sem er orðinn bæði ákaflega ranglátur og erfiður í framkvæmd, það er gert ráð fyrir, að hann gefi 114 millj. Þetta eru 224 millj. Þriðji liðurinn er svo hluti sveitarfélaganna af söluskatti, sem er 56 millj. Samtals eru þessir þrír liðir 280 milljónir.

Ég hef sagt það hér áður og segi það enn, að með þessu frv. er ekki verið að leggja nýjar álögur á þjóðina, heldur er hér um breytingar eða tilfærslu á gjaldheimtu að ræða. 280 millj. á að létta af, 280 millj. á að leggja á.

Varðandi hluta sveitarfélaganna af söluskattinum, þá hefur það verið dregið í efa og jafnvel verið haldið ákveðið fram af sumum þm., að útsvörin muni alls ekkert lækka við þessar 56 millj., þær muni í mesta lagi verða til þess að vega á móti eða bæta upp hækkun útgjalda sveitarfélaganna af efnahagsráðstöfununum.

Þetta er alrangt. Í fyrsta lagi munu sveitarfélögin ekki þurfa nema nokkurn hluta af þessum 56 millj. af söluskattinum til að vega upp á móti áhrifum gengisbreytingarinnar. En auk þess skulum við athuga það líka, að a. m. k. í öllum þeim bæjar- og sveitarfélögum, þar sem íbúum fjölgar, þá gefur sami útsvarsstigi að sjálfsögðu hærri heildartekjur en árið áður. Þegar auk þess bætist við, að þær tekjur, sem greiða á útsvar af á þessu ári, sem sagt tekjur ársins 1959, eru hjá almenningi nokkru hærri í krónutölu en tekjur almennings á árinu 1958, þá verður það líka til þess, að sveitarfélögin fá nokkru hærri tekjur í krónutölu með sama útsvarsstiga en áður. Það er ljóst, að bæjar- og sveitarfélögin geta vegna þessa nýja tekjustofns lækkað sín útsvör. Og að því er snertir Reykjavíkurborg, en framfærsluvísitalan er, eins og kunnugt er, miðuð við framfærslukostnað og afkomu í Reykjavík, þá er það ljóst, að Reykjavík mun lækka sín útsvör, lækka sinn útsvarsstiga að töluverðu marki á þessu ári.

Ég vil nú gera hér nokkurt yfirlit um það í stórum dráttum, hver er útgjaldaauki þeirrar fjölskyldu, sem vísitalan er byggð á, sem stundum er kölluð vísitölufjölskyldan, þ. e. alþýðufjölskylda með tvö börn og með almennar verkamannatekjur. Þá kemur það í ljós, að aukin útgjöld hennar vegna þessa frv. eru: Af

8% söluskattinum, þ. e. af innflutningi, 1700 kr., miðað við heilt ár, af 3% söluskattinum um 1525 kr. Samanlagt er því útgjaldaauki vísitölufjölskyldunnar af þessu söluskattsfrv. yfir árið 3225 kr. Til frádráttar kemur afnám 9% söluskattsins á iðnað og þjónustu, og það nemur fyrir þessa sömu fjölskyldu um 1300 kr. yfir árið. Þegar það hefur verið dregið frá, þá er hækkunin af þessu frv. um 1875 kr. á heilu ári fyrir vísitölufjölskylduna. Á árinu 1960 kemur þessi hækkun aðeins á 3 ársfjórðunga, 9 mánuði ársins. M. ö. o.: áhrif þessa frv. á hag vísitölufjölskyldunnar á yfirstandandi ári er hækkun um rúmar 1400 kr. fyrir þessa 9 mánuði. Það er það, sem vísitölufjölskyldan þarf að borga meira vegna þessa frv. heldur en ella. Á móti þessu kemur það, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að bera fram frv. hér og fá það afgr. á þessu þingi um að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum, og tekjuskattur þessarar sömu fjölskyldu er 1450 kr. Útsvarslækkun á þessari sömu fjölskyldu mun verða a. m. k. 700 kr. Ég skal taka það fram, að það er ekki hægt að segja nákvæmlega, hversu mikið útsvarsstiginn lækkar í Reykjavík á þessu ári, vegna þess að niðurjöfnunarnefndin er ekki komin það langt í sínum athugunum, að hún geti frá því gengið. Ég get aðeins sagt það á þessu stigi, að sú lækkun verður milli 10 og 15%. En sem sagt, a. m. k. um 700 kr. lækkar útsvarið á þessari fjölskyldu. Tekjuskatturinn og lækkun útsvarsins nemur því 2150 kr.

Er verið að íþyngja þessari fjölskyldu, er verið að hlaða á hana nýjum álögum, er verið að þyngja hennar hag og gera henni erfiðara fyrir, þegar létt er af henni útgjöldum, sem nema 2150 kr., en nýjar álögur eða útgjöld nema 1400 kr., m. ö. o. þær lækkanir, sem þessi fjölskylda fær á þessu ári? **(Gripið fram í:** Hver hefur reiknað þetta?**)** Hver hefur reiknað þetta? Þetta eru staðfestar tölur. **(Gripið fram í:** Reiknaðar af hverjum?**)** Reiknaðar af hverjum? Er þessi hv. þm. að rengja þessar tölur? Ég spyr hann að því, rengir hann það, að tekjuskatturinn á vísitölufjölskyldu sé 1450 kr.? Það liggur fyrir í opinberum gögnum. Hver einasta af þessum tölum er sannanleg og liggur fyrir. Ég býst við, að hv. þm. hafi séð þann grundvöll, sem vísitölureikningurinn er byggður á, og þá er hægt að reikna þetta alveg hreinlega út úr honum. M. ö. o.: þær lækkanir, sem vísitölufjölskyldan fær á þessu ári, eru milli 700 og 800 kr. meiri en útgjaldaaukinn af þessu frv. Svo dirfast hv. þm. minni hl. að koma hér og segja, að með þessu frv. og athöfnum stjórnarinnar í þessu sé verið að rýra stórkostlega kjör láglaunamanna og bæta upp þeim, sem eru betur settir.

Þetta eru staðreyndir, sem verður ekki á móti mælt, að með þessum tilflutningi á skattstofnum eða gjaldheimtu, sem ríkisstj. beitir sér fyrir með þessu frv. og tekjuskattsfrv. og útsvarsfrv., sem síðar verður lagt fram, er verið að bæta kjör alþýðufjölskyldnanna.

Hv. frsm. 1. minni hl., 1. þm. Norðurl. e. (KK), hefur áður verið stuðningsmaður þess og staðið að frv. um að tryggja sveitarfélögunum hluta af söluskatti. Hann segist nú enn þá vera í hjarta sínu með því, en samt sem áður ætli hann að greiða atkv. á móti því nú. Hann segir: Ég tel það ekki koma til mála fyrir sveitarfélögin að óska eftir hluta af söluskatti undir þessum kringumstæðum. — Ja, maður hefur heyrt margar ofstækisræðurnar frá hv. stjórnarandstæðingum á þessu þingi, en mér finnst þó taka út yfir allan þjófabálk, þegar þessi broshýri hæglætismaður er orðinn svo heltekinn af blindu ofstæki, að hann er nú orðinn á móti því, að sveitarfélögin fái hluta af söluskatti, sem hefur þó í nærri áratug verið hans hjartans mál. Vegna hvers? Vegna þess, að núverandi ríkisstj. stendur að þessu. Ég hefði allra sízt búizt við slíkri afstöðu frá hans hendi.

Varðandi þau ummæli hans, að ekki komi til mála að láta núgildandi reglur jöfnunarsjóðs gilda um úthlutun á söluskatti til sveitarfélaganna, þá skal ég taka undir, að vitanlega hefur aldrei komið annað til orða en endurskoða lögin um jöfnunarsjóð sveitarfélaga um leið. Og sú n., sem fjallar um tekjustofna sveitarfélaganna og hefur nú samið frv. um breytingu á útsvarslögunum, hefur einnig samið frv. til breytinga á l. um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Og það er rétt að skýra frá því, að þar er tekin upp sú gamla till., sem ég ætla að einnig hafi verið í því frv., sem þessi hv. þm. stóð að á sínum tíma, að tekjum jöfnunarsjóðs, þar með þessum hluta söluskatts, skuli úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum. Þetta ákvæði mun einnig hafa verið í fyrri frv. og er sett, að því er segir í grg. n., vegna þess, að ekki sé eðlilegt, að einstaka sveitarfélög kynnu með þessum hætti að losna alveg eða að mestu leyti við útsvör. En sem sagt, meginreglan verður þessi, að skipta tekjum jöfnunarsjóðsins eftir íbúatölu.

Ég ætla óþarft að svara fleiri atriðum eða gera fleiri atriði að umtalsefni, sem fram hafa komið í þessum umræðum.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög mikið. Ég sem nm. í fjhn. flutti hér engar brtt. Það var ekki af því, að mér virtist ekki frv. þetta vera þannig, að því þyrfti mikið að breyta, heldur fyrir hitt, að ég var þess fullviss, að engar brtt. mundu verða teknar til greina, og mér varð það einnig ljóst af ræðu hæstv. fjmrh. áðan, að sú ályktun hafði verið rétt. Það er nokkuð hart að þurfa að vinna að málum með þessa vitund og vissu, að meiri hl. tekur ekki til greina neinar brtt., jafnvel við frv., sem þó er viðurkennt í grg., að hefur verið samið í flýti, og þeir, sem það hafa samið, vilja ekki beinlínis leggja nafn sitt við að bera fullkomna ábyrgð á.

Um þær fram komnu brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég segja það, að ég get stutt þær nálega allar, ég tel þær yfirleitt vera til bóta.

Hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustólinn. Maður gat ætlað, að það væri til þess að kvitta fyrir það, sem fram hafði komið af aths. við frv. Sú kvittun hans, sem hann gerði, var ákaflega ófullkomin að öðru leyti en því, að hún sýndi fullkominn einstrengingsháttt. Hann var vitanlega í þeirri höfðingjakápu, sem hv. 5. þm. Austf. (PÞ) nefndi hér áðan, og það vildi svo skemmtilega til, að hann var ekki aðeins í þessari kápu, heldur sneri hann henni oft við, meðan hann var í ræðustólnum. Hann var ýmist í henni svartri eða í henni hvítri, og stundum mátti segja, að hann sneri aðeins við ermunum. Mér finnst fara illa á því fyrir þennan ágæta höfðingja að koma fram yfirleitt í svartri kápu, mér fyndist, að hann ætti jafnan að vera í þessari kápu hvítri. Þannig mundi ég kunna vel við hann.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hann gæti varla tekið alvarlega mótstöðuna gegn söluskattsfrv. frá framsóknarmönnum, vegna þess að þeir hefðu í 12 ár að einhverju meira eða minna leyti verið með söluskatti. Nú hefur ekki frá okkur framsóknarmönnum komið fram nándar nærri eins mikil fordæming á söluskatti og t. d. frá samstarfsflokki Sjálfstfl., Alþfl. Jafnvel sýndi hv. 5. þm. Austf. fram á það, að í fyrradag var blað Alþfl. að fordæma söluskattinn. Mér hefði þess vegna fundizt, að hæstv. fjmrh. hefði átt að byrja á því að setja ofan í við samstarfsflokkinn.

Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi verið utan dyra, þegar sýnt var fram á það hér í ræðu, að söluskatturinn, sem Sjálfstfl. hafi kallað „Eysteinsskatt“ af einni tiltekinni vöru, sem er þó meðal sýnishorna af þeim vörum, sem á að skattleggja, var í janúar 6.6%, en verður í apríl, þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur væntanlega tekið gildi með lögum, 15.7%. „Gunnarsskatturinn“ er sem sagt 15.7%, þegar „Eysteinsskatturinn“ er 6.6%, og þarna getur hæstv. ráðh. séð, hvers vegna við framsóknarmenn erum á móti þessu söluskattsfrv. Við erum á móti því að beita söluskatti svona sterklega eins og Sjálfstfl. vill gera nú og Alþfl. gerir með honum, þrátt fyrir það, sem hann lætur Alþýðublaðið tala til sinna kjósenda um söluskattinn samhliða.

Hæstv. fjmrh. spurði: Eru framsóknarmenn á móti því, að afnuminn verði 9% skatturinn, sem á að afnema, 6+3%? — Ég er ekki á móti því, að sá skattur verði afnuminn. Ég hefði viljað, að þeim skatti væri breytt, en ég get þrátt fyrir það ekki verið með þessum nýja söluskatti. — Hann spurði: Eru þeir framsóknarmennirnir á móti því, að afnuminn verði tekjuskattur á launatekjum? Þetta er í raun og veru of snemma fram borin spurning, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur enn ekki sýnt sitt nýja tekjuskattsfrv.

Ég er því meðmæltur, að hækkaður sé frádráttur, jafnvel svo, að niður falli skattur á hinum almennustu tekjum, ekkert sérstaklega á því, sem kallað hefur verið launatekjur, heldur á þeirri tekjuhæð, sem er sambærileg við almennar launatekjur. En ég er því aðeins með því, að ekki sé að sama skapi lækkaður skattur á þeim, sem hæstar tekjur og breiðust hafa bökin. Þegar ég segi: að sama skapi, þá á ég við, að ég sé á móti því, að niður falli hlutfallslega skattur á hátekjum. Og ég er á móti því, að rjálað sé á þennan hátt við tekjuskattslögin til þess að leggja á hinn almenna söluskatt og hækka innflutningsskattinn eins og þarna er gert.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á reikningsskekkjuna. Það kemur mjög í ljós, að þeim stjórnarflokkamönnum er mjög viðkvæmt, að talað sé um reikningsskekkju. Ég minntist á það í dag, að annaðhvort hlyti þetta að vera reikningsskekkja ellegar dæmið hefði ekki verið reiknað á þeim tíma, sem það átti að reiknast, því að það er óumdeilanlegt, að þær aðalefnahagsráðstafanir, sem stjórnarflokkarnir eru að gera, hefðu átt að liggja fyrir Alþingi samtímis, því að þar hefur það mikil áhrif til afstöðu, hvað hver þáttur þeirra aðgerða er stór, og þar verður að meta hvað eina með tilliti til annars, sem gera á.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði það réttilega, að mönnum gæti misreiknazt og það væri mannlegt, jafnvel hagfræðingar gætu reiknað skakkt, þótt það hefði ekki átt sér stað í þetta sinn, — en það væri mannlegt. Það er alveg satt. Það er mannlegt að reikna skakkt. Það má segja það jafnvel, að við höfum öll og eigum öll þann rétt, að á það sé litið, að ófullkomleiki okkar gerir það að verkum, að okkur getur yfirsézt, og það er mannlegt í því sambandi að reikna dæmi skakkt. En hitt verð ég að segja, að þegar ekki er gerð tilraun til að reikna dæmi, sem á að liggja fyrir, á réttum tíma, eins og hér hefur þá átt sér stað, ef dæmið hefur ekki verið reiknað skakkt, þá er það ómennska, hrein ómennska að láta það verk óunnið. Það tel ég alveg sérstaklega ámælisvert og miklu ámælisverðara en að hafa reiknað dæmið skakkt. Og fyrir mér mega hv. stjórnarflokkar taka á sig ómennskuorðið.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á það, að ákvæðin um vald ráðherrans á ýmsum stöðum í þessu frv. væru hneykslunarhella. En hann taldi, að það væri ekki ástæða til þess, að slíkt ætti sér stað, vegna þess að þetta væri mjög sambærilegt við það, sem verið hefði í lögum áður. T. d. hefði það verið í lögum um tekjuskatt áður, og hann sannaði það með upplestri sínum, að ráðherra gat ákveðið sekt. Hins vegar benti hann á það, að hver sá, sem ráðh. úrskurðaði undir sektarákvæði og gerði sekt, gæti áfrýjað. Þetta er allt saman alveg rétt. En þó að þetta hafi verið í lögum, þá er ekki sjálfsagt, að það hafi verið heppilegt ákvæði. Og þó að sá, sem ráðh. dæmir til sektar eða úrskurðar til sektar, geti áfrýjað, þá er annað til líka, og það er það, að ráðh. misbeiti valdi sínu þannig að ívilna skjólstæðingum sínum, að ívilna vinum sínum, og þeir menn áfrýja vitanlega ekki.

Það er í þessu sambandi auðvitað rétt að taka til greina, að hæstv. ráðh. segir: Þetta hefur verið svona áður. Spurningin er þá: Er það verra nú? Ég tel ákaflega eðlilegt, að menn vakni til umhugsunar einmitt um þetta

gallaða ákvæði, þegar fram er komin ríkisstj. eins og sú hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr að völdum, sem leitast við að ná slíku valdi undir sig á mjög áberandi hátt, en það gerði þessi hæstv. ríkisstj. með því efnahagsmálafrv., sem hún lagði fyrir og samþ. var af liðsmönnum hennar og gert að lögum. Þar á ég við t. d. ákvæðið um að ákvarða vaxtakjör í stofnlánadeildum atvinnuveganna og lánstíma, sem Alþingi hafði jafnan áður gert. Þegar slíkt á sér stað, vakna menn eðlilega til meðvitundar um, að hér hefur verið löggjöf, sem getur verið hættuleg, þegar fram koma öfl, sem eru einræðishneigð, og hæstv. ráðh. verður að afsaka, þó að vakin sé athygli á þessu nú og menn gerist óánægðir með þessi ákvæði.

Hæstv. fjmrh. í sinni hvítu kápu gerði hér grein fyrir útreikningum, sem áttu að sanna það, að þetta söluskattsfrv. væri til ávinnings fyrir almenning í landinu, þ. e. a. s., að vísitöluheimilið græddi á því, að hann væri settur, en tapaði engu. Og þetta fékk hann út með því að segja, að þessi skattur ætti að koma í staðinn fyrir afnám 9% söluskattsins, afnám tekjuskatts af launatekjum og til þess að sveitarfélögin gætu fengið hluta af söluskatti og með því lækkað útsvör hjá sér.

Nú er það svo, eins og ég sagði í dag, að það er lítil ástæða til þess að leggja á þennan skatt vegna afnáms þess söluskatts, sem rann áður í útflutningssjóð. Sá skattur var látinn renna í útflutningssjóð til þess að vega á móti þeirri gengisskekkju, sem útflutningssjóðurinn þurfti að standa straum af. Gengisfellingin átti því að gera mögulegt að fella niður þennan skatt. Ég er búinn að segja það fyrir mitt leyti, að afnám tekjuskattsins, eins og afnámið hefur verið boðað, tel ég mjög vafasamt til hagsbóta fyrir þá, sem fá söluskattinn í staðinn, og ég tek undir það með þeim, sem sögðu það hér í dag, að það væri ákaflega vafasamt, að sveitarfélögin gætu lækkað útsvör sín með tilliti til þess hluta, sem þau eiga að fá af söluskattinum, vegna þess að þarfir sveitarfélaganna til tekjuöflunar aukast mjög við efnahagsmálaaðgerðirnar yfirleitt.

Hæstv. ráðh. benti á það, sem ég hafði líka lýst yfir í dag, að ég hef verið því fylgjandi, að hluti af söluskatti þeim, sem ríkið aflar, gengi til sveitarfélaganna. Ég hef tekið þátt í að flytja frv. um það hér á hv. Alþingi, og ég tel einmitt, að slík tekjuöflun hjá ríkissjóði sé þess eðlis, að það sé mjög eðlilegt, að sveitarfélögin njóti hennar að einhverju leyti. En ég sagði í dag, að meðan ég vissi ekki um það, hvernig skiptingin ætti að verða til sveitarfélaganna, teldi ég of mikið á huldu til þess að taka afstöðu til ráðagerða hæstv. ríkisstj. í þessu efni. Nú upplýsti hæstv. ráðh., hvernig væri hugsað að skipta söluskattinum milli sveitarfélaganna, sem sé þannig, að fara ætti eftir höfðatölu, og þó ætti ekkert sveitarfélag að fá meira en sem næmi 50% af útsvarsfúlgu líklega s. l. árs. Þetta var formið, sem hugsað var, þegar söluskattsfrv. var lagt fram hér á Alþingi. Raunar var upphaflega talað um, ef ég man rétt, að hámarkið í skiptingu yrði þriðjungur af útsvarsfúlgu, en ef ég man rétt, þá var það til samkomulags, að fært var upp í 50%. Mér þykja þetta heldur góðar fréttir, en þó ekki nógu góðar fréttir, vegna þess að ég tel, að viðmiðunarmarkið ætti að vera hærra, og það er vegna þess, hve sveitarfélögin eru mismunandi stór og hve mismunandi aðstaða þeirra er. Af því að þetta er neyzluskattur, teldi ég réttast, að honum væri skipt eftir höfðatölunni eingöngu og viðmiðunarhámarkið væri ekki haft, eða ef það er haft, þá álít ég réttara, að það væri hærra en 50%, og þetta er af því, að stærð sveitarfélaganna er svo mismunandi og aðstaða öll, að hámarkið verkar ekki réttilega á úthlutunina.

Hæstv. fjmrh. hafði um það dálítið sterk orð, hve undarleg væri afstaða mín að vera á móti söluskattsfrv., sem fæli í sér þessa réttingu mála sveitarfélaganna, sem ég hefði verið áhugamaður um. En ég verð nú að segja það, að mér sýnist þetta skattafrv. vera svo eitrað epli, að ég vil alls ekki bíta í það fyrir þann litla hluta, sem er ekki eitraður, en það tel ég að sé hluti sá, sem sveitarfélögin eiga að fá. Ég get ekki verið með svona álagningu, þó að hún feli í sér þetta réttlætisbrot. Og svo er líka á það að líta frá sjónarmiði sveitarfélaganna, að einmitt af því að þetta söluskattsfrv. er svo nærgöngult almenningi, leggst svo þungt á almenning, þá er mjög vafasamt, að það borgi sig fyrir þau að taka við þessum hluta til þess að vera með hinu og taka á sig erfiðleikana, sem því fylgja.

Hæstv. fjmrh. reiknaði út, að vísitöluheimilið græddi á því, að þessi söluskattur væri settur á, eins og ég tók fram áðan. En til þess að fá það út, þurfti hann fyrst og fremst að telja, að þeir þrír liðir, sem ég nefndi og hann nefndi, væru einmitt greiddir á móti þessum skatti. En nú eru álögur þær, sem hæstv. ríkisstj. stofnar til með svo víðtækum hætti bæði í gegnum fjárlög og með gengisfellingu sinni og því, sem af henni leiðir, svo miklar, að það er bara hagræðing og hentisemiatriði fyrir hæstv. ríkisstj. að setja dæmið upp eins og hæstv. fjmrh. gerði. Og svo er annað, að yfirleitt er það svo, að það, sem hér er um að ræða, lætur ekki reikna sig út, lætur ekki taka sig með tölum, og það er margsýnt, að vísitöluheimilið og jafnaðarútreikningur á álöguþunga hefur ekki raunveruleikann með sér.

Þeir, sem að þessu standa, tala um, að í þessu sambandi sé aðeins um tilfærslu gjalda eða skatta að ræða, og þeir líta svo á, að Pétur megi sætta sig við, ef sá skattþungi, sem hvíldi á Páli áður, lendir á honum. Það geri ekkert til fyrir Pétur, ef þetta hafi hvílt á Páli áður. Þetta eru rökin, og þessi rök standast ekki með nokkru móti, þegar út í lífið kemur. Það, sem er m. a. að efnahagsmálatillögum ríkisstj. og hefur verið að þeim fundið, er það, að tilfærslan á milli Páls og Péturs er þannig, að ef Páll hefur verið efnaðri, fer hann betur út úr þessu, og þunginn færist yfir á veikari herðar Péturs. Það kom mjög greinilega fram t. d. í því, sem lesið var hér upp úr þingtíðindum eftir Haraldi Guðmunds-

syni, að hann hafði haft þá sýn á hlutunum þá, þó að Alþfl., þ. e. a. s. Alþfl.-fulltrúarnir, virðist ekki hafa það nú, að söluskatturinn fæli það í sér, að barnmarga heimilið, maðurinn með mannmörgu fjölskylduna, yrði fyrir barðinu á honum, án tillits til þess, hvort hann er fátækur eða ríkur, þegar hinn aftur á móti, sem venjulega er efnaðri, sá, sem hefur ekki fyrir stórri fjölskyldu að sjá, yrði fyrir gróða, ef þannig væri breytt álögunum. Mér fannst eiginlega satt að segja, þó að ég skammist mín hálfpartinn fyrir að segja frá því um mann í hvítri skikkju, að þegar hæstv. fjmrh. var að lýsa tölunum, sem hann vildi þó ekki segja eftir hverjum hann hefði, þá færist honum líkt og Sölva Helgasyni, sem sagðist vera svo vel að sér í reikningi, að hann hefði reiknað tvíbura í eina svarta og haft annan hvítan. Annar tvíburinn hjá hæstv. fjmrh. var auðvitað miklu stærri en hinn. Þannig er reikningskúnstin, þegar henni er beitt á þennan hátt. Ég vefengi það, að tölurnar tali rétt í þessu máli, — tölurnar, sem eru meðallagstölur. Þar að auki hef ég engar sannanir fyrir því, hvernig þessi útreikningur er gerður. Ég hef engar sannanir fyrir því og geri hvorki að fullyrða, að hann sé rangur, eftir því sem dæmið er sett upp, né segja það, að hann hljóti að vera réttur. En hitt er sannleikur — og sannleikur um alla þessa útreikninga, hvort sem dæmin reiknast rétt eða ekki, að þeir ná ekki sjálfu lífinu og tilbrigðum þess. Og ég tel, að miklu meiri sönnun hafi verið í dæmum þeim, sem ég lagði hér fram í dag úr bréfum frá mönnum, sem mæta aðgerðunum og finna, hvernig þær leggjast á, því að sannleikurinn er sá, að yfirleitt eru þessar efnahagsaðgerðir þannig, því miður, að hönd hins almenna framtaks, umbóta og uppbyggingar og framfara er með þeim snúin úr liði. Það mun kosta þjóðina mikla erfiðleika að kippa í liðinn aftur.

Ég tel, að það væri til mikilla bóta, ef hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar sneru nú aftur á þessu stigi og felldu þetta frv. með okkur stjórnarandstæðingum og tækju svo þátt í því á breiðum grundvelli samkomulags að byggja upp nýjar tillögur, sem brytu ekki niður og sneru ekki úr liði þá hönd, sem þjóðinni ríður mest á að sé með fullum krafti. Það er hin almenna, starfandi framtakshönd þjóðfélagsins.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn. hafa báðir lagt á það mikla áherzlu að sýna fram á, að ekki hafi orðið reikningsskekkja hjá sérfræðingunum, sem aðstoðuðu hæstv. ríkisstj. Hins vegar hafa þeir aldrei sagt, að hæstv. ríkisstj. sjálf hafi ekki reiknað vitlaust, svo að það getur vel verið, að þetta sé alveg rétt hjá þeim, það sé bara hæstv. ríkisstj. sjálf, sem hefur reiknað rangt, en ekki sérfræðingarnir. En það verður ekki komizt fram hjá tölunum, eins og þær standa í fjárlagafrv., 280 millj., sem söluskatturinn átti að gefa á 10 mánuðum, ekki 12 mánuðum, eins og hæstv. ráðh. heldur fram, heldur 10 mánuðum, því að það held ég að sé ofrausn að ætla að telja hv. þm. trú um, að ríkisstj. hafi búizt við tekjum af söluskatti í janúar- og febrúarmánuði, sem eru báðir liðnir, þegar við nú erum að ræða um frv. Þetta segir sig sjálft og er algerlega vonlaust að halda því fram, að þessar 280 millj. hafi verið miðaðar við 12 mánuði, það gat ekki átt sér stað.

Ég hef ekkert fullyrt um það áður og geri ekki heldur enn, hvort það hefur verið reiknað skakkt eða ekki, ég hef meiri tilhneigingu til að álíta, að það hafi verið reiknað rétt og þessi skattur muni geta gefið svona mikið. Mér þykir það sennilegra, enda er það alveg óskiljanlegt, hvernig þessar 280 millj. gátu allt í einu hrokkið ofan í 140, sem innanlandsskatturinn er áætlaður að gefa, en eins og menn vita, eru þessar 280 millj. reiknaðar af almennum skatti, en ekki af innflutningi. En hann gerði þetta, þessi frægi skattur, hann fór á fimm vikum úr 280 millj. niður í 140, og gera ekki aðrir betur á svo skömmum tíma.

Hv. frsm. meiri hl., 11. þm. Reykv. (ÓB), tók hér Frjálsa þjóð upp úr vasa sínum í dag og las talsvert úr henni. Þeir eiga nú ekki sæti hér, neinir frá flokki þessa blaðs nú, svo að það var langt seilzt. En hann sparaði ekki víturnar í garð þeirra manna, sem skrifa Frjálsa þjóð, og gaf í skyn, að þar mundi um geðbilaða menn vera að ræða. **(ÓB:** Það er ekki satt.**)** Jú, það held ég, að sé ekki ofsagt. Hann gaf það í skyn, að þar mundi einhver veiklun vera á ferðinni. Og veiklunin átti að liggja í því, að þar sem blaðið hélt því fram, að þarna hefði verið reiknað rangt, þá væru líka aðrir reikningar rangir hjá hæstv. ríkisstjórn, og kom hv. frsm. með dæmi til að afsanna þetta og nefndi lækni, sem mistækist um að lækna mann, þá hlytu aðrar lækningar hans líka að vera varhugaverðar, sem hann framkvæmdi þar á eftir. En það er ólíku saman að jafna þarna. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að þetta sé rétt, sem stendur í Frjálsri þjóð, að ef rangt er reiknað um 280 millj., þá sé líka rangt margt annað, sem sagt er í grg. efnahagsmálafrv. og fjárlagafrv., og það var það, sem blaðið var að segja.

Ég spurði við 1. umr. þessa máls: Hvernig getur það staðizt, sem stendur í grg. efnahagsmálafrv. á bls. 20, að meðalhækkun á innfluttum vörum muni sennilega verða um 25%? *Ég fékk engin svör við þessu þá og hef ekki fengið þau enn.* Og ég ætla mér að spyrja að því enn: Stenzt þetta nú, að meðalhækkun á innfluttum vörum verði ekki nema 25%, þegar allar þessar ráðstafanir koma til, sem fram eru komnar í frumvörpunum, fjárlagafrv., efnahagsmálafrv. og þessu söluskattsfrv.? Stenzt þetta nú? Þetta var nefnilega það, sem Frjáls þjóð var að tala um. Þessir útreikningar taldi blaðið að mundu ekki standast, og ég held, að þetta sé rétt, þeir geti ekki staðizt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það, sem sagt er í grg. efnahagsmálafrv. um þessa hluti, sé miðað við gengislækkunina eina, en ekki annað, ekki við söluskattinn. Er það ekki rétt? **(ÓB:** Jú, jú, það er alveg rétt til getið.**)** Nú, það

var mikið, að maður fékk þetta fram. M. ö. o.: söluskatturinn á eftir að hafa sín áhrif á þá kjaraskerðingu, sem felst í verðhækkunum, bæði innlendra vara og erlendra.

Og það var fleira af þessu tagi í þessu frv., sem ég talaði um við 1. umr. og ég spurði um um daginn, en fékk þá engin svör. Nú hefur hv. frsm. viðurkennt þetta, enda er hann kunnur að því að tala málefnalega um þessa hluti, en þá fylgir líka fleira með. Þá stenzt ekki heldur það, sem sagt var, að landbúnaðarverð hækkaði ekki væntanlega nema um 12%. Þá stenzt ekki heldur, að húsaleigan hækki ekki nema um 10—11%. Og þá stenzt ekki heldur það, að hækkun visitölu framfærslukostnaðar muni verða um 13%. M. ö. o.: allar þessar tölur, sem nefndar voru í grg. með efnahagsmálafrv., standast ekki lengur. Hitt er hægt að deila um, hvað mikið þær hækka.

Mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan og reyndar líka hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. hefði ekki innifaldar neinar álögur á fólk í landinu, engar álögur, og hæstv. fjmrh. greindi svo rækilega frá þessu, að hann las upp tölurnar, sem kæmu til lækkunar á móti þessum 280 millj. kr. skatti, og fékk út núll. Er þá söluskattur á Íslandi 280 millj. núna, ef hér er ekki um álögur að ræða? Ég hélt, að hann væri ekki nema 154 millj. plús 114.

Þá vil ég geta þess, að ég hef fengið frá fróðum manni dæmi um það, hvað búast megi við að innflutt vara hækki, sem kostar á fob-verði 1000 kr. fyrir gengislækkun, hvað hún hækki í verði við gengislækkunina og söluskattinn samkv. þessu frv. Í þessu dæmi er fob-verð vörunnar talið 1000 kr., flutningsgjaldið 100 kr., tollar og innflutningsgjald 40% og annar kostnaður en þetta í innflutningnum 50 kr. á þessar 1000. Og miðað við 55% yfirfærslugjaldið, sem var, en nú hverfur, en gengislækkunin kemur í staðinn, breytast þessar tölur þannig eftir þessu dæmi, sem mér hefur verið gefið upp: Fob-verð 1000 kr. verður 1500 kr. vegna gengisbreytingar. Flutningsgjald 100 kr. verður 120 kr. samkv. ákvörðun, sem tekin hefur verið fyrir skömmu. Tollar og innflutningsgjöld 40%, voru 400 kr. fyrir gengislækkun, en 600 kr. á eftir. 7.7% söluskattur er 115 kr. fyrir gengislækkun, 366 kr. eftir gengislækkun, þar sem hann er þá orðinn 16½%. Og annar kostnaður, sem var talinn 50 kr., hækkar upp í 60. Kostnaðarverð þessarar vörutegundar, sem er miðuð við 1000 kr. fob-verð, verður fyrir gengislækkun 1665 kr., eftir gengislækkun og hækkun söluskatts 2646 kr. Síðan er gert ráð fyrir í þessu dæmi, að 45% álagning komi á vöruna, þ. e. bæði heildsölu- og smásöluálagning til samans. Er þá verð þessarar vöru orðið fyrir gengislækkun 2414 kr., eftir gengislækkun og söluskattshækkun 3837 kr. En við þetta bætist, að 3% söluskattur á þessa vöru, sem enginn er fyrir gengislækkun, nemur 85 kr. Útkoman verður sú, að það, sem kostaði 2414 kr. fyrir gengislækkun, verður 3922 eftir gengislækkun. Hækkunin er 1508 kr., eða 62½%.

Ég vona, að þarna hafi ekki verið reiknað rangt í þessu dæmi, sem mér hefur verið látið í té, og það sé ekki um það að villast, að þessi vara, eins og hún er tekin í þessu dæmi, hljóti að hækka þetta, bæði með gengislækkuninni og hækkun söluskattsins. En þetta var vara, sem hafði áður 55% yfirfærslugjald.

Mér var líka látið í té annað dæmi. Það var yfir vöru, sem var með 30% yfirfærslugjaldi áður, sem að sjálfsögðu fellur niður nú, því að gengislækkunin kemur í staðinn, — vara, sem verður ekki niðurborguð, og það er ýmislegt af nauðsynjum almennings, sem fellur undir þennan flokk, þ. á m. ýmis efni til fatnaðar, ýmsar tegundir skófatnaðar o. fl. Það er miðað við 1000 kr. fob-verð fyrir gengislækkun, alveg eins og áðan. Þessar 1000 kr. í fob-verði verða eftir gengislækkunina 1790 kr., af því að þær báru ekki nema 30% yfirfærslugjald. Flutningsgjaldið verður eins og áðan, það hækkar úr 100 kr. upp í 120 kr. Tollar og innflutningsgjöld, 40%, hækka úr 400 kr. í 764 kr. Söluskatturinn hækkar úr 115 kr. í 441. Annar kostnaður, 50 kr. hækkar í 60. Kostnaðarverð þessarar vöru hækkar úr 1665 kr. í 3175 kr. Síðan er gert ráð fyrir 45% álagningu, bæði í heildsölu og smásölu, eins og í hinu dæminu. Verður sú álagning í fyrra dæminu 749 kr., en í síðara dæminu 1429 kr. Kostnaðarverð þessarar vöru í þessum vöruflokki hækkar því úr 2414 kr. í 4604 kr., og þá er eftir að bæta við þá upphæð 3% söluskatti hér innanlands, sem gerir 138 kr., þannig að endanlegt verð vörunnar í þessu dæmi hækkar úr 2414 í 4742, eða um 96.4%.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hann vissi ekki, hvort hann ætti að taka alvarlega þá andstöðu, sem kæmi fram hjá stjórnarandstæðingum gegn söluskattinum. Hann minnti á, að söluskattur hefði verið lögtekinn 1948, — og hvers vegna geta þá framsóknarmenn ekki verið með þessum söluskatti, fyrst þeir voru með honum þá? Ekki þarf ég að svara þessu fyrir mig út af fyrir sig, því að ekki hef ég greitt atkv. með neinum söluskatti á Alþingi og mun ekki heldur gera nú. En enda þótt framsóknarmenn hafi gert þetta áður, var þá sá söluskattur alveg sams konar og þessi? Var sá söluskattur lagður á allar innlendar matvörur, öll innlend matvæli eins og þessi? Og fylgdi sá söluskattur gengislækkun, eins og þessi? **(Fjmrh.:** Hv. þm. er margsinnis búinn að samþykkja söluskatt á hverju ári, sem hann hefur verið settur.) Það var verið að tala um söluskattinn, sem var lagður á 1948. En var verið að fella gengið 1948? Hvenær hefur Framsfl. samþ. söluskatt, um leið og hann samþ. gengislækkun? **(Fjmrh.:** 1950 til dæmis.) Það var ekki lagður á söluskattur 1950. — En það er fleira í þessu en þetta. Ef hæstv. fjmrh. getur sýnt fram á það, að söluskatturinn 1948 sé lagður á eftir sömu reglum og þessi, þá hefur hann nokkuð til síns máls. Ég bíð eftir, að hann reyni það. En þar að auki gæti ég náttúrlega spurt: Er allt rétt, sem einhvern tíma hefur verið gert, hvort sem það er hæstv. ráðh. eða aðrir? Telur hæstv. ráðh. sig skuldbundinn til þess

að samþ. allt, hvenær sem er, sem Sjálfstfl. hefur samþ. einhvern tíma? Það er aum röksemdafærslan, ef þessi á að duga.

Ég hef minnzt á það hér áðan, að það mun vera vonlaust fyrir hæstv. ráðh. að telja þingmönnum trú um það, að 280 millj. séu miðaðar við 12 mánuði eða allt árið 1960. Ég held, að það sé hyggilegra að viðurkenna, að það hefur ekki getað verið miðað við meira en 10 mánuði ársins, eða 28 millj. að meðaltali á mánuði. Hitt er nefnilega stærðfræðilegur ómöguleiki, að það hafi verið á annan hátt. En ég skildi hv. frsm. meiri hl. þannig, þegar hann ræddi um þessa upphæð, að það hefði enginn útreikningur verið gerður á þessu, þ. e. a. s. fyrir neitt ákveðið tímabil, og ekki heldur, hvað háar prósentur þurfti að leggja á í söluskatti, bara alls ekki neinn útreikningur, upphæðin hafi verið sett inn í frv. alveg eins og hún kemur fyrir sig. Ef þetta er svo, og ég ætla mér ekkert að rengja það, — ef þetta er svona, er þá ekki eitthvað meira af upphæðum inni í fjárlagafrv. alveg eins og að það sé ekki hægt að henda reiður á, hversu réttar þær eru, þær upphæðir, sem þar eru nefndar, fyrst þessi er þannig til komin? Getur ekki verið, að einhverjir tekjuliðir fjárlagafrv. séu allt of lágt áætlaðir, jafnvel sem nemur því, sem þessi hefur verið settur of hátt? Kannske hæstv. ríkisstj. eigi þarna nokkur milljónahundruð falin í tekjum, sem koma, en ekki er reiknað með? Það má við öllu búast, ef þetta á sér stað við undirbúning frv.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að vegna þess að margar undanþágur væru í þessu frv., þá væri það eitt atriðið, sem hefði valdið því, að það hefði orðið að grípa til innflutningssöluskatts til þess að ná þessari upphæð. Ég hef ekki gagnrýnt neinn í því efni, þótt undanþágur séu í frv. En ef þær valda hér miklu um, teknar hafi verið upp undanþágur, svo að upphæðin af þeim ástæðum hafi orðið lægri eða svona miklu lægri, ætlaði þá hæstv. ríkisstj. í upphafi engar undanþágur að hafa, eða hvaða undanþágur voru það, sem hún hugsaði sér að hafa frá upphafi, fyrst þessar eru nýtilkomnar? Ég veit ekki, hvaða vöruteg undir það geta verið, sem hún hefur hugsað sér að leggja á söluskatt, þegar hún lagði fram fjárlagafrv., en hefur nú horfið frá. Ætlaði hún t. d. að leggja söluskatt á nýmjólk? Eða ætlaði hún að leggja söluskatt á neyzluvatn? Einhver atriði hljóta það að vera, sem hún hefur hugsað sér fyrst að leggja á söluskatt, en horfið síðan frá, fyrst þetta er ein ástæðan fyrir því, að upphæðin lækkaði.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt hér, að frv. var ekki sent til umsagnar neinum, eftir að hv. fjhn. fékk það til meðferðar. Þó að ég sé ekki búinn að vera mörg ár á þingi, þá man ég ekki eftir neinu stórmáli, sem lagt hefur verið fyrir hv. Alþingi, að ekki fylgdi um það einn einasti stafur frá neinum aðila utan þings, ekki ein einasta umsögn eða álitsgerð. Þvert á móti er það algengt að láta álitsgerðir fylgja frumvörpum, annaðhvort í upphafi, þegar þau eru lögð fyrir þingið, eða þá eftir að málin hafa fengið meðferð í nefnd. En hér fylgir enginn stafur. Hæstv. ráðh. hefur getið þess, að uppkast að frv. hafi verið sent nokkrum aðilum. En frv. sjálft hefur aldrei verið sent neinum. Þingmenn hafa enga hugmynd um það, hvernig þetta uppkast hefur verið. Þm. vita ekkert um, hvað þeir sérfræðingar eða aðstoðarmenn hafa sett í frv. og hvað hæstv. ríkisstj. sjálf. Það er engin álitsgerð frá neinum hér á ferðinni með þessu frv. nema álit hæstv. ríkisstj. sjálfrar.

Þá hefur hæstv. fjmrh. tekið því miður vel, að það hafi verið fundið að því ákvæði 25. gr. frv., að fjmrh. skuli ákveða sektir, eins og segir í þeirri grein, og vitnar í önnur lög sem fordæmi. En sérstaklega leggur hann þó áherzlu á það, að í þessari grein sé fram tekið, að hver sá aðili, sem eigi að greiða sekt, hafi það á valdi sínu að vísa máli til dómstólanna. Þetta ákvæði er ekki sérstaklega sterkt til þess að réttlæta hitt, að pólitískur ráðh. hafi þetta vald, því að það hafa allir menn vald til þess að áfrýja máli sínu frá undirrétti til yfirréttar, svo að í þessu tilfelli er ekkert nýtt í þessu ákvæði og hæstv. fjmrh. þarna settur að þessu leyti hliðstæður undirrétti. Þótt hæstv. ráðh. geti bent á, að hliðstætt dæmi hafi verið í lögum áður, breytir það engu um þá skoðun mína, að ég tel þetta mjög varhugavert.

Hæstv. fjmrh. kom með mjög eftirtektarverðar tölur hér áðan í ræðu sinni um það, hvaða útgjaldaaukning fyrir vísitölufjölskyldu, sem svo er kölluð, samþykkt þessa frv. hafi, og ef ég hef tekið rétt eftir, nefndi hann, að 8.8% söluskattur í innflutningi mundi auka útgjöld vísitölufjölskyldunnar um 1700 kr. á ári og hinn almenni söluskattur, 3%, mundi auka útgjöld þessarar fjölskyldu um 1525 kr. á ári. Ég vona, að ég hafi tekið rétt eftir þessum tölum. Ég fór aðeins að kíkja á Hagtíðindin í þessu sambandi og fór að brjóta heilann um það, hvernig árstekjur þessarar vísitölufjölskyldu mundu endast samkv. þessum tölum. Ef útgjöld fjölskyldunnar eru 1525 kr. á ári vegna 3% söluskatts, hlýtur fjölskyldan að kaupa vörur fyrir 51 þús. kr. Það held ég, að sé þó ekki rangur reikningur. Ef hún hefur 1525 kr. útgjöld af 3% söluskatti, hlýtur þessi fjölskylda að kaupa vörur og þjónustu fyrir 51 þús. kr. (Gripið fram í.) Nei, það er einmitt það, sem ég ætla að koma að, og hv. þm. hlýtur að sjá það, að fjölskylda getur ekki greitt 1525 kr. í 3% söluskatt, nema hún kaupi vörur og þjónustu fyrir 51 þús. kr. Hv. frsm. segir, að hún borgi ekki söluskatt af öllu, sem hún þarf til lífsviðurværis. Hún á ekki að borga söluskatt af mjólk. Einhverja aura verður hún því að hafa í mjólk umfram þessa 51 þús., sem fer í hin kaupin. Það er reiknað með, að vísitölufjölskyldan kaupi mjólk og mjólkurvörur fyrir 8339 kr. Ef helmingur af þessu er neyzlumjólk, kaupir hún mjólk fyrir 4169 kr. yfir árið, og það er vafalaust það minnsta, sem slík fjölskylda getur komizt af með. Hún greiðir ekki söluskatt af húsaleigu, en vísitölufjölskyldunni eru reiknaðar 10200 kr.

í húsaleigu. Fjölskyldan greiðir ekki söluskatt af útsvari enn þá, en hvaða útsvar er á þessari fjölskyldu, get ég ekki fullyrt um. Ég hef ekki tölur yfir það. Þó hef ég nokkra vísbendingu um það, því að hæstv. ráðh. sagði, að þessi fjölskylda mundi fá 700 kr. lækkun á útsvari vegna þess hluta söluskatts, sem á að ganga til sveitarfélaganna. En hvað á ég þá að áætla útsvarið hjá þessari fjölskyldu, fyrst lækkunin er 700 kr.? Mig minnir, að hann nefndi 10—15% lækkun, en þar hefur hann sennilega átt við Reykjavík. En ef 700 kr. lækkun er 15%, hlýtur útsvarið sjálft að vera í kringum 4700 kr., og það er ekki ósennilegt, að svo sé.

Þarna er ég þá búinn að nefna þrjá útgjaldaliði þessarar fjölskyldu, sem hún borgar ekki söluskatt af: mjólk fyrir 4169 kr., húsnæðiskostnað fyrir 10200 kr. og útsvar fyrir 4700 kr. En þá er ég kominn langt upp fyrir 60 þús. kr. árstekjur, sem vísitölufjölskyldan á að hafa, og hvernig stendur á þessu? (Gripið fram í.) Eins og hverjar? Hverjar? (Gripið fram í.) Ekki þó talan, sem ég hef eftir sjálfum hæstv. ráðherra? Nú, það er líka nóg. (Gripið fram í.) Nú, borgar maðurinn ekkert útsvar? Kaupir hann enga mjólk? Þarf hann ekkert að borga í húsnæðiskostnað? Það er einhver skekkja í þessu dæmi. Ég vil ekki segja, að hæstv. ráðh. hafi reiknað þarna vitlaust, en það er einhver skekkja í dæminu. Hvernig getur þessari fjölskyldu dugað 60 þús. kr. árstekjur til að kaupa vörur og þjónustu fyrir 51 þús., borga 10200 kr. í húsnæði, kaupa mjólk fyrir meira en 4 þús. kr. og greiða útsvar milli 4 og 5 þús.? Ef hæstv. fjmrh. getur sannfært mig um það, að skekkjan sé hjá mér, skal ég viðurkenna það. En hvar er hún þá? (Gripið fram í.) Ég er búinn að sleppa ýmsu, sem á ekki að greiða söluskatt af, en þetta fólk verður að greiða.

Ég hef ekki minnzt á símakostnað, útvarp, sjúkrasamlag, almannatryggingagjald. **(KK:** Vatn.) Ha? **(KK:** Neyzluvatn.) Ja, ég tala nú ekki um ósköpin. Það er svo fjöldamargt, sem ég hef ekki nefnt, sem allir vita að þessi fjölskylda verður að greiða og engin 3% koma á. 60 þúsundin fara að verða drjúg með þessu móti.

Hæstv. fjmrh. hefur talað allstrangt í garð okkar, sem andmælt höfum þessu frv., og er ekkert við því að segja. Það væri meira að segja óeðlilegt, ef hann gerði það ekki, þar sem hann ber þetta mál svo mjög fyrir brjóstinu. En ekki vil ég kvarta á neinn hátt undan málflutningi hans, þó að hann þoli ekki vel þau andmæli, sem borin eru fram, enda held ég, að það séu aðrir aðilar, sem mættu frekar kvarta undan meðferð hæstv. ríkisstj. á sér en við andstæðingarnir. Ég held, að engir hafi frekar þörf á að kvarta en samstarfsflokkur hæstv. fjmrh., Alþfl., því að meðferðin, sem sá flokkur fær í þessari stjórnarsamvinnu, er bágborin. Það byrjaði snemma, eftir að fyrrv. ríkisstj. var mynduð á Þorláksmessu 1958. Eitt fyrsta verk þeirrar ríkisstj. var að taka aftur kauphækkanirnar, sem Alþfl. ásamt Sjálfstfl. kom á sumarið 1958. Þetta varð Alþfl. að gera, þótt ekki væri það alveg í samræmi við kenningar hans sumarið áður.

Það má minna á í öðru lagi, þegar Alþfl. gaf út brbl. s. l. sumar, með stuðningi sjálfstæðismanna að vísu, en hann var rétt búinn að gefa út lögin, þegar Sjálfstfl. lýsti því yfir, að hann væri á móti lögunum, og tilkynnti þar með þjóðinni, að Alþfl. hafi með sex þm. gefið út bráðabirgðalög. Þetta, verð ég að segja, er heldur ótuktarlegt.

Í þriðja lagi vil ég minna á, að eftir að Alþfl. hafði boðað það allri þjóðinni í tvennum kosningum, að hann væri búinn að stöðva verðbólguna, var það fyrsta verk núv. hæstv. forsrh. að skýra frá því á fundi hér í höfuðstaðnum, að það vantaði 250 millj. kr. til, að um nokkra stöðvun sé að ræða.

Í fjórða lagi vil ég minna á, að Alþfl. barðist gegn gengislækkun áratugum saman og hefur boðað það til skamms tíma, þó að hann sé hættur því núna, en verður nú að hafa forgöngu um gengislækkun.

Ég vil í fimmta lagi nefna það, að höfuðforingjar Alþfl. boðuðu það á s. l. hausti, eins og minnt hefur verið á, að verði opnuð nokkur gátt fyrir dýrtíðarflóðið með neins konar hækkunum, þá „fari þeir af stað", sem kallað er. En þessir foringjar verða jafnvel hér á hæstv. Alþingi að greiða atkv. með hverju frv. á fætur öðru, sem hefur í för með sér gífurlegar hækkanir á verðlagi í landinu, en hins vegar bindingu á vísitöluuppbótum.

Þessi meðferð á samstarfsflokki er líklega sú lakasta, sem átt hefur sér stað, síðan stjórnin kom inn í landið.

Ég hef drepið hér á örfá atriði af því, sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram og hv. frsm. meiri hl. fjhn., en ég vil að lokum mælast til þess, ef hæstv. fjmrh. hefur tök á því að greiða fyrir mig úr þeirri flækju, sem ég nefndi áðan um vísitölufjölskylduna, sem átti að hafa 60 þús. kr. árstekjur, kaupa vörur og þjónustu fyrir 51 þús. og greiða 10200 kr. í húsnæðiskostnað, kaupa mjólk fyrir rúmar 4 þús. kr. og greiða útsvar 4—5 þús., hvernig 60 þús. gátu enzt í þetta allt saman. Ég vil ógjarnan fara með reikningsskekkju viljandi, en ef skekkja er, þætti mér vænt um, að hann segði mér frá því, ekki á þann hátt, sem hann greip fram í áðan, að tölurnar væru allar vitlausar nema þær, sem hann nefndi, því að hann kemst ekki fram hjá því, að hvaða fjölskylda sem er verður að greiða húsnæðiskostnað, hún verður að kaupa mjólk fyrir heimilið og hún þarf að greiða útsvar, eitthvert útsvar. Það má deila um tölurnar, en það verður ekki deilt um 51 þús. kr. upphæðina til þess að fá út töluna, sem hæstv. ráðh. nefndi sjálfur, 1525 kr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ýmsum aths., sem komið hafa hér fram við það, sem ég sagði í framsöguræðu minni.

Ég vil nú fyrir það fyrsta taka það fram út af ummælum, sem ég vitnaði í og las hér upp úr Frjálsri þjóð, að auðvitað er það mjög fjarri mér að víta það, hvorki hjá Frjálsri þjóð

né öðrum vinstri málgögnum, þó að gagnrýndir séu þeir útreikningar, sem hagfræðingar hafa gert, bæði í sambandi við undirbúning efnahagsmálafrv. og á öðrum sviðum. Auðvitað verða hagfræðingar að sætta sig við það eins og aðrir, sem við opinber mál fást, að útreikningar þeirra séu gagnrýndir, og þeir hafa gott af því. Það var mér ekki heldur nein sérstök hneykslunarhella, þó að vinstri málgögnunum hafi skjátlazt í því, að hér hafi verið um reikningsskekkju að ræða.

Það er með vinstri málgögnin eins og aðra, að það er mannlegt að skjátlast, og út af fyrir sig getur það komið fyrir þau eins og aðra, að þeim yfirsjáist, þannig að þau telji sig finna reikningsskekkju, þar sem ekki er um það að ræða, eins og hefur glöggt sannazt í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. Hitt taldi ég aftur ómenningarvott, og þar hefur Frjáls þjóð ekki neina sérstöðu, því að þau ummæli, sem ég las upp hér, eru ekki annað en það, sem staðið hefur í vinstri málgögnunum öllum undanfarna daga, svo að ég var viss um það, að hér mundu nægir forsvarsmenn fyrir þessi sjónarmið, eins og líka hefur komið í ljós. En það, sem ég taldi ómenningarvott, var, að fullyrt skyldi vera, að af því að einhverjir hagfræðingar hefðu gert reikningsskekkju, væru allir útreikningar hagfræðinga tóm vitleysa. Mér finnst þetta alveg hliðstætt því, ef kennari, — en það munu sjálfsagt vera hér inni margir, sem hafa fengizt við kennslu, — sem væri að leiðrétta dæmi hjá nemanda sínum og sæi, að fyrsta dæmið væri skakkt hjá honum, slægi þá rauðu striki yfir allt saman, en slíkt hygg ég að flestir mundu fordæma. Ég tók það líka fram, að ef þetta kæmi fyrir á einhverju hliðstæðu sviði, t. d. á það væri bent eða í það vitnað, að einhverjum lækni hefði mistekizt við læknisaðgerð, sem auðvitað getur komið fyrir, og læknar og þeir, sem við heilbrigðismál fást, verða auðvitað að sætta sig við að geta mætt gagnrýni eins og aðrir, og á þessu væri byggð krafa um það, að öllum spítölum væri lokað og allir læknar reknir úr embættum, þá hugsa ég, að margir mundu hugsa sem svo, að menn, sem þetta gerðu, væru í þörf fyrir það, að sérfræðingur athugaði, hvort þeir væru við fulla geðheilsu. Því fer hins vegar fjarri, og það kom skýrt fram í minni ræðu, að ég sé að halda því fram, að það, sem liggur að baki málflutningi vinstri manna varðandi hagfræðingana, sé sama eðlis. Nei, þvert á móti, þetta er gert að yfirveguðu ráði, og það, sem hér skeður, er það, að verið er að fiska í því grugguga vatni, að þessir menn telja, að dómgreind almennings í þessum efnum sé takmörkuð og þess vegna sé hægt að vekja þá trú hjá almenningi, að öll mannleg þekking á þessum sviðum, sem ég veit og geri mér fulla grein fyrir að er ófullkomin, sé einskis virði og hana beri að hafa að engu.

Annars hefur málflutningur af því tagi, sem fram hefur komið í mörgum vinstri blöðunum undanfarna daga, ekki skotið upp kollinum hér, og er það þm. stjórnarandstöðunnar til sóma, hvað sem öðru líður, og því ekki ástæða til þess að fjölyrða meira um það.

Þá eru það örfá einstök atriði í því, sem fram hefur komið, sem ég vildi fara nokkrum orðum um.

Það er nú e. t. v. aukaatriði, að hv. 9. þm. Reykv. (AGl), sem nú er ekki viðstaddur í bili, fór mörgum hörðum orðum um það, að hér væri verið að taka upp sams konar afturhaldsstefnu og Adenauer fylgdi í Þýzkalandi. Ég er ekki sérstaklega kunnugur stjórnarfarinu í Þýzkalandi. Ég mun hvorki taka undir þessi ummæli né fara að verja Adenauer. En eitt tel ég þó að megi fullyrða, og það er það, að hvað snertir þróun kjara verkamanna í Þýzkalandi annars vegar frá því að styrjöldinni lauk og Íslandi hins vegar, þá hugsa ég, að Þýzkaland standist fullkomlega þann samanburð. Það eru engir, sem hafa eins mikið haldið því fram og margir flokksbræður þessa hv. þm., að kaupmáttur launa hér á Íslandi hafi staðið í stað síðan 1947. Nú ber að mínu áliti að vísu að taka allar slíkar upplýsingar með varúð, en hitt er víst, að kaupmáttur verkamannslauna í Þýzkalandi hefur ekki staðið í stað á þessum tíma, heldur stórkostlega aukizt, svo að hvað það atriði snertir þolir þýzka hagkerfið áreiðanlega fullkomlega samanburð við okkur á þessu sviði. Hitt er annað mál, að kauphækkanir í Þýzkalandi hafa að sjálfsögðu ekki orðið eins miklar og hér, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er þróun lífskjaranna eða kaupmáttur launanna.

Það, sem ég ætlaði aðallega að gera að umræðuefni, eru þær fullyrðingar, sem hér hafa komið fram um, að þær ráðstafanir, sem gerðar séu með söluskattsfrv., raski algerlega þeim niðurstöðum, sem komizt var að í grg. þeirri, sem fylgdi efnahagsmálafrv. um áhrif þess á lífskjör almennings. Það er fullkominn misskilningur, er einn hv. þm. hafði það eftir hagstofustjóranum, að söluskattsfrv. mundi hafa í för með sér 3% kjaraskerðingu. Hitt væri hins vegar rétt haft eftir, að það var gert ráð fyrir því, að vísitala framfærslukostnaðar kæmi til með að hækka 3% vegna söluskattsins. **(BjörnJ:** Þetta eru ósannindi, hrein ósannindi.**)** Hvað eru ósannindi? **(BjörnJ:** Það, sem ræðumaður er að segja.**)** Að hagstofustjóri hafi haldið því fram, að vísitalan hækkaði 3% vegna söluskattsins? **(BjörnJ:** Hann talaði um kjaraskerðingu og ekkert annað.**)** Nei, það er ekki satt, eins og fram kemur líka í þeim útreikningum, sem hagstofan hefur gert um þetta efni. Hagstofan hefur reiknað það út, og það upplýsti hagstofustjóri á fundi n., að verðlagið mundi hækka um 3% vegna þessara aðgerða, en þá er auðvitað ekki tekið tillit til þeirrar skattalækkunar, sem þarna er um að ræða, og það er aðalatriðið í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. hefur nú annars gert grein fyrir því, hvaða áhrif þessar aðgerðir, að viðbættu því, að tekið sé tillit til þeirrar skattalækkunar, sem ætla má að af þessu leiði, muni hafa á afkomu vísitölufjölskyldunnar.

Þær tölur hafa ekki verið vefengdar, enda gerðar af þeim mönnum, sem bezta aðstöðu hafa til þess að dæma um áhrif þessara aðgerða. Hér er það auðvitað vísitölufjölskyldan, sem miðað er við. Auðvitað væri hægt að setja upp önnur dæmi. Ef maður hugsaði sér t. d. barnlaus hjón, mundi útgjaldahækkunin vegna söluskattsins verða sú sama og hvað snertir vísitölufjölskylduna, en lækkun á útsvari og skatti yrði þá að krónutölu meiri, þannig að þau mundu hagnast meira. Auðvitað væri ekki heldur neinn vandi að finna fjölskyldur, þar sem útkoman yrði ekki eins hagstæð, en það stendur óhaggað, að einmitt ef tekið er meðaltal, þá gengur þetta hvað upp á móti öðru: annars vegar sú útgjaldahækkun, sem leiðir af söluskattinum, og hins vegar sú útgjaldalækkun, sem leiðir af því, að aðrir tekjustofnar eru felldir niður. Það er hlutur, sem leiðir af sjálfu sér.

Nei, það virðist sem það sé svo, að hv. stjórnarandstæðingar vilji helzt gera þetta dæmi upp á þann veg að taka eingöngu tillit til þeirra hækkana, sem af söluskattinum leiðir, og áætla hann þá helzt töluvert miklu hærri en ástæða er til. En hins vegar telja þeir ekki neina ástæðu til að taka tillit til þeirra lækkana, sem leiðir af því, að aðrir skattstofnar eru felldir niður. Þeir hafa bent á, að það sé alls ekki víst, að bæjar- og sveitarfélögin fari að lækka útsvörin, þó að þau fái þennan nýja tekjustofn. Slíkt verður auðvitað á valdi bæjar- og sveitarstjórna. En ef þær óska eftir því að ráðstafa þessu fé til fjárfestingar, verður auðvitað ekki um lækkun útgjalda fyrir borgarana að ræða að sama skapi. Það er augljóst mál. En þá verður það mat viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnar, sem liggur því að baki, að þær telja þá, að borgarar viðkomandi sveitarfélags hafi ráð á því að bæta við sig útgjöldum fram yfir það, sem leiðir af efnahagsmálaaðgerðunum. En sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, þegar bæjar- og sveitarfélögin fá nýja tekjustofna, að þau geti þá lækkað þá tekjustofna, sem þau hafa fyrir. **(ÓlJ:** Hvenær á þessu ári skyldu sveitarstjórnirnar fá þennan hluta úr jöfnunarsjóði?) Hvenær á þessu ári? Það ætti í sjálfu sér ekki að hafa nein áhrif á það, hvort þær ákveða að lækka útsvörin eða ekki. Þetta á að vera tryggur tekjustofn, og ætti þá að vera hægt að fá lán út á hann í bili o. s. frv. **(ÓlJ:** Háir vextir og ekki svo auðvelt að fá lán — **Forseti:** Ekki samtal.)

Þá vekur það mikla furðu mína, þegar það kemur fram hjá hv. stjórnarandstæðingum, að það sé í rauninni ekki ástæða til þess að taka neitt tillit til þess, þó að gamli söluskatturinn sé felldur niður, og rökstuðningurinn fyrir því er sá, að þar sem gengið hafi verið fellt, ætti útflutningssjóðurinn ekki að þurfa þann skattstofn lengur. Þetta sýnist nú algerlega fyrir utan það, sem er efni málsins, því að í grg. fyrir efnahagsmálafrv. var reiknað með því, að gamli söluskatturinn héldist. Það var reiknað út, hve miklar verðhækkanir mundu verða vegna gengislækkunarinnar að öllu öðru óbreyttu, og það væri auðvitað enginn vandi að fá út mikla kjaraskerðingu, ef það væri bæði reiknað með því, að söluskattinum yrði haldið, og líka með þeirri verðhækkun, sem leiðir af hinum nýja söluskatti, því að þá fær maður auðvitað tvöfalda þá kjaraskerðingu, sem raunverulega verður. Það ætti ekki að þurfa neinnar skýringar við, að slíkur málflutningur er fráleitur.

Þá vil ég aðeins koma að þeirri gagnrýni, sem hv. 4. þm. Vestf. (SE) bar fram á þeim tölum, sem hæstv. fjmrh. fór hér með, þar sem sýnt var fram á, hver áhrif söluskattsfrv. hefði á útgjöld vísitölufjölskyldunnar. Meginskekkjan í útreikningum hv. 4. þm. Vestf. var sú, að hann reiknaði með, að tekjur vísitölufjölskyldunnar yrðu aðeins þessar 60 eða 61 þús. kr., sem reiknað er með í núv. vísitölugrundvelli, hins vegar mundu útgjöld fjölskyldunnar hækka til samræmis við þær verðhækkanir, sem verða, og komast þannig upp í rúmlega 70 þús. Nú mun það að vísu vera þannig, að upplýsingar liggja ekki fyrir um það, hverjar séu tekjur vísitölufjölskyldunnar. Þegar vísitölugrundvöllurinn hefur verið lagður, hefur það aðeins verið gert á grundvelli útgjaldanna, en ekki safnað upplýsingum um tekjur þeirra fjölskyldna, sem búreikningana héldu, eða að því leyti sem upplýsingum hefur verið safnað um tekjurnar, þá hafa þær ekki verið birtar. En þetta dæmi og önnur svipuð eru gerð upp á þeim grundvelli, að tekjurnar séu þó a. m. k. jafnháar útgjöldunum, þannig að það verða ekki 60—61 þús. kr. tekjur, sem þarna er reiknað með, heldur rúmlega 70 þús. kr. tekjur.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vil taka fram til viðbótar því, sem ég hef áður sagt í þessum umræðum.

Síðan ég talaði hér í kvöld, hefur hæstv. fjmrh. flutt ræðu og enn fremur frsm. meiri hl. fjhn. En mikið vantar á, að í ræðum þeirra kæmu fram upplýsingar um ýmislegt, sem spurt hefur verið um í þessum umræðum, m. a. af mér.

Hæstv. fjmrh. sagðist varla vita, hvort hann ætti að taka það alvarlega, að þm. og ekki sízt við þm. Framsfl. teldum ástæðu til að halda langar ræður um þetta mál. Hér er nú samt um að ræða tekjuöflunarmál fyrir ríkissjóð, sem á að gefa yfir 430 millj. kr. í tekjur samtals. Það eru ekki allt nýjar álögur, þar eru meðtaldar 154 millj., sem innheimtar hafa verið áður og eru færðar sem sérstakur liður á fjárlagafrv. En þegar á þessa tölu er litið annars vegar og hins vegar á það, að niðurstaða fjárlaga 1959 á sjóðsyfirliti er aðeins rúmar 1000 millj., þá felast í þessu frv. hvorki meira né minna en fullkomlega ⅝ hlutar af heildarupphæð fjárlaga 1959. Mér finnst ekkert óeðlilegt, að það frv., sem felur í sér slíkar álögur eða er svo stórfelldur tekjustofn fyrir ríkið og hefur svo ríkuleg áhrif á niðurstöður fjárlaga, sé rætt.

Hæstv. fjmrh. tók að spyrja um það, hvaða skoðanir Framsfl. hefði á ýmsu í sambandi

við afgreiðslu fjárlaga, hvort hann teldi óþarft að afla þessara tekna o. s. frv. Ég ætla ekki að gera þessar spurningar hæstv. ráðh. að umræðuefni hér í nótt. Fyrir liggur innan skamms að ræða fjárlagafrv. við 2. umr., og þá munum við þm. Framsfl. taka þátt í þeim umræðum, og mun ráðh. vera það auðvelt að bíða eftir upplýsingum af þessu tagi þangað til

Hæstv. fjmrh. fór hér með nokkrar tölur um það, hvaða áhrif þau gjöld, sem innheimta á samkv. þessu frv., muni hafa á svokallað heimili vísitölufjölskyldunnar, og mér virtist niðurstaðan vera sú, að í raun og veru mundi vísitölufjölskyldan hagnast á þeim breytingum á gjaldstofnum og gjaldheimtu, sem stefnt væri að í sambandi við þetta frv. og væntanlegt frv. um breyt. á tekjuskattinum. Ég held, að í þessu efni eigi sér stað nokkuð mikill undandráttur á tíund hæstv. ráðh. Þegar hann stillir þessu dæmi upp, tekur hann áreiðanlega söluskattsfrv. alveg einangrað út úr heildarráðstöfununum, en metur ekki í þessu sambandi áhrifin af efnahagsmálalöggjöfinni, sem nýlega hefur verið sett.

Það er annars eftirtektarvert, að þessir hv. ræðumenn, sem báðir tala málefnalega jafnan og eru skilmerkilegir í málflutningi, sneiða hjá því að tala efnislega um þetta frv., sem fyrir liggur. Ég bar hér fram nokkrar fsp. í ræðu minni í dag til skýringa á málinu og hef engin svör fengið. Ég spurðist t. d. fyrir um það, hvort ekki bæri að skilja frv. svo, ákvæði 6. gr. þess, að þau ákvæði tækju einungis til þess söluskatts, sem um ræðir í II. kafla frv., en ekki til þess skattgjalds, sem á að innheimta samkv. bráðabirgðaákvæðum, og ef þetta væri rétt skilið, hvað væri fyrirhugað um undanþágu frá skattgjaldi samkv. bráðabirgðaákvæðunum. Ég spurðist fyrir um það, hvort fyrirhugað væri að gera breytingu á um skattanefndir í landinu. Ekkert svar. En ef það er ekki fyrirhugað, sýnist mér, að 22. gr. þessa frv. mætti eða ætti að orðast öðruvísi en þar er gert. Sýslumenn eru t. d. formenn yfirskattanefnda og hreppstjórar eru formenn undirskattanefnda, en það er gert ráð fyrir því, að þessir menn, sem eiga að veita viðtöku söluskatti, eigi að tilkynna skattstjóra eða skattanefnd um þá atvinnurekendur og aðra söluskattskylda aðila, sem andast eða verða gjaldþrota, m. ö. o., að formenn skattanefnda virðast eiga að tilkynna sjálfum sér um aðila, sem andast eða verða gjaldþrota. Ég spurði um það, hver væri grundvöllur þeirra áætlana, sem gerðar eru og gefnar upp í sambandi við skattgjaldstekjur, en skattgjaldstekjurnar eru auðvitað undirstaða þess, hve há fjárhæð sá skatthluti er af tekjuskatti, sem gefinn verður eftir. Ekkert svar.

Fjmrh. vildi vefengja það, sem ég hafði talið augljóst, að sveitarfélög yrðu fyrir útgjaldaaukningu vegna þeirrar löggjafar, sem nýlega er búið að setja, og vegna þeirra ákvæða, sem felast í þessu frv. Ég lét þau orð falla, að þær 56 millj., sem áætlað er að sveitarfélög fái samkv. þessu frv., mundu ekki gera betur en að vega á móti þeirri útgjaldaaukningu, sem sveitarfélögin yrðu fyrir. Hæstv. ráðh. telur, að sveitarfélögin muni geta lækkað útsvör, m. a. vegna þess, að fólksfjölgun hafi áhrif á það, að útsvar hvers einstaklings þurfi ekki að vera jafnhátt og áður. Mér virðist hann líta um of til höfuðborgarinnar, þegar hann kveður upp þennan dóm. Það er ekki svo, að fólki fjölgi í öllum sveitarfélögum landsins. Sums staðar er jafnvel um fólksfækkun að ræða, og á öðrum stöðum tekur fólksfjöldi litlum eða engum breytingum. Þetta eru því ekki almenn rök gagnvart öllum sveitarfélögum á landinu, og þess ber enn fremur að gæta, að þau sveitarfélög, þar sem fólksfjölgun er ör, þurfa að byggja upp til þess að búa í haginn fyrir þessa auknu fólksfjölgun, ef ekki á að verða kyrrstaða, svo að erfiðleikum valdi, þannig að aukinn fólksfjöldi kallar á aukin útgjöld vegna aukinna framkvæmda.

Þá segir hæstv. ráðh., að útsvörin geti lækkað hlutfallslega vegna hækkaðra skattgjaldstekna. Þá kem ég enn og aftur að því: Hvernig er hann fenginn, þessi grundvöllur, sem hinar hækkuðu skattgjaldstekjur eru byggðar á?

Hæstv. ráðh. furðaði sig á því, að sú skoðun kæmi fram hjá okkur framsóknarmönnum, að söluskatturinn væri ranglátur, þar sem hann leggst jafnþungt á allar vörur, og að hann mundi reynast erfiður í innheimtu og óvissa ríkti um það, hvort hann kæmi allur til skila. Ég benti á það fyrr í þessum umræðum, að ýmsir aðrir og þeir, sem nú eru stuðningsmenn hæstv. ráðh., hafa sagt meira um þetta en við framsóknarmenn, og ég vil árétta það með því að benda á, að meira að segja nú, meðan verið er að fjalla um þetta frv., þá er skrifað um þessa hlið málsins í málgagni annars stjórnarflokksins. S. l. föstudag, hinn 11. þ. m., segir svo í forustugrein í Alþýðublaðinu um söluskattinn: „Hér þarf einfalt kerfi, sem er auðskilið, og sem minnstar undanþágur. Hér þarf umfram allt nákvæmt eftirlit með innheimtu skattsins“, þ. e. a. s. söluskattsins, „svo að honum verði ekki hreinlega stolið á leið frá neytanda til ríkiskassans. Það mun fara verulega eftir þessu framkvæmdaratriði, hvort almenningur sættir sig við skattinn eða ekki.“

Þetta er skráð í Alþýðubl. 11. þ. m. Þessa viðvörun ætti hæstv. ráðh. vissulega að taka til greina frá stuðningsmönnum sínum og ekki vanda um við okkur stjórnarandstæðinga, þó að við bendum á þessar staðreyndir.

Að síðustu vil ég láta það koma fram, áður en þessum umræðum lýkur hér í d., að við umræður um þetta mál hefur það sannazt, að þegar gerð er grein fyrir heildarstefnu ríkisstj. í hvítri bók, sem ber nafnið „Viðreisn“, hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa söluskattsins, þegar metin er kjaraskerðing fólksins og áhrifin á lífskjörin. En aftarlega í þessari bók er þó skýrt frá því, að þennan skatt eigi að leggja á. Það segir svo á bls. 33 í þessari hvítu bók: „Veruleg ný tekjuöflun verður einnig að koma til. Er það ætlun ríkisstj., að þeirra tekna verði aflað með nýjum söluskatti, og mun frv. um hann verða lagt fyrir Alþingi á næstunni. Er áætlað, að heildartekj-

ur af þeim skatti verði 280 millj. kr.“ o. s. frv.

Hér er skýrt frá því, hvað fyrirhugað sé um nýjan skatt, sem á að leggjast á vöruverðið í landinu. En þegar myndinni er brugðið upp, sem ekki aðeins þm., heldur almenningur í þessu landi á að festa sjónir á til að meta áhrif heildarstefnunnar á lífskjörin, á viðskiptakjör heimilanna, þá er það undan fellt að taka áhrifin af þessum skatti með. Þetta hefur sannazt í þessum umræðum.

Nú er það svo, að vitanlega er það dyggð af hálfu hvers manns og skylda hans í raun og veru að haga máli sínu svo, að hann tali það eitt, sem „með vissu hann veit, að vert er að gilda“, eins og skáldið kemst að orði. Ég geri þó mikinn mun á — og það mun hver maður gera — því, sem einn eða annar lætur sér líða um munn í viðtali, og hinu, sem prentað er í þskj. og lagt fram sem rök í máli. En ég geri ekki minni mun á hinu, því, sem þó kann að koma fram í þskj., og því, sem prentað er í hvítri bók undir skjaldarmerki hins íslenzka lýðveldis og dreift út um allt land sem staðreyndum. Það er munur sambærilegur við það að meta íslenzka fánann annars vegar og mislitt klæði hins vegar. En það hefur sannazt í þessum umræðum, að í þessari bók, sem er innsigluð skjaldarmerki hins íslenzka lýðveldis, er farið með staðreyndir á blekkjandi hátt og myndin sett þannig upp, að þeir, sem bókina lesa, hljóta að draga aðrar ályktanir af henni en raunverulega efni standa til.

Þetta vil ég átelja nú að síðustu, þegar ég lýk máli mínu, og ég segi það, að svo snauð af sómatilfinningu hefur engin ríkisstj. á Íslandi verið fyrr að leyfa sér slíka meðferð á máli undir skjaldarmerki hins ísl. lýðveldis.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það var aðeins út af ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem ég vildi segja nokkur orð.

Hann viðurkenndi, að það væri rétt hjá mér, að reiknað væri með 51 þús. kr. kaupum á vörum og þjónustu hjá vísitölufjölskyldu, sem þyrfti að greiða af 3% söluskatt, og ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að ég býst við, að þetta sé rétt reiknað hjá ríkisstj., að svona há upphæð fari í kaup á nauðsynjum samkv. þeim reglum, sem hagstofan hefur til að reikna út vísitöluna. Þetta er það magn af nauðsynjum, sem vísitölufjölskyldan er talin þurfa, og reiknað er með því verði, sem á þeim verður, og þá koma út þessar 1525 kr. í söluskatt.

Hv. frsm. viðurkenndi líka, að það mundi vera rétt eða mjög nálægt því, að slík fjölskylda þyrfti að greiða um eða yfir 20 þús. kr. til annars en þess, sem söluskattskylt væri.

Þá hefur hv. frsm. viðurkennt, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar hljóti að fara yfir 70 þús. samkv. þessum reikningi, sem hæstv. fjmrh. birti sjálfur. Og ég efast ekkert um, að þessi útgjöld verða a. m. k. þetta, því að ég sleppti mörgum atriðum, sem ekki á að greiða söluskatt af, mörgum hlutum, sem fjölskyldan verður að greiða og ekki eru söluskattskyldir, svo að mér er nær að álykta, að þessi útgjöld fjölskyldunnar geti nálgazt 80 þús. frekar en 70 þús. En hv. frsm. segir: Hér er reiknað með útgjöldunum, en ekki tekjunum. — Það er rétt. En ég var að spyrja að því áðan og ég spyr að því enn: Hvaðan á þessi fjölskylda að fá þessa upphæð, milli 10 og 20 þús. kr., sem er umfram 60 þús. kr. tekjurnar hennar, því að samkv. nýafgreiddum lögum á kaupgjaldið að standa í stað? Þetta hélt ég að væri ekkert aukaatriði í dæminu. Hvaðan fær þessi fjölskylda 10—20 þús. kr. tekjur til að greiða með þessi útgjöld, því að útgjöldin verða þetta samkv. þeim áætlunum, sem vísitala framfærslukostnaðar er byggð á? Ekki munu hv. stuðningsmenn þessa frv. ætlast til þess, að fjölskyldan fari að minnka það magn af lífsnauðsynjum, sem hún kaupir, og ekki á fjölskyldan að fá hærri laun. Hvaðan á þá þetta að koma? Það var það, sem ég var að spyrja um. **(Gripið fram í:** Það eru margar fjölskyldur, sem hafa 70 þús. króna tekjur núna.) Þessi fjölskylda, sem er með 60 þús. kr. tekjur og þarna er reiknað með, hefur ekki nema 60 þús. kr. tekjur, ef allt fer eftir áætlun hæstv. ríkisstjórnar. Ekki á hún að fá kauphækkun. Það er þetta, sem ég er að spyrja um. Það er ekki nóg að viðurkenna, að útgjöldin verði svona há. Það verður líka að sýna fram á, hvernig þessi fjölskylda á að greiða útgjöldin, og það er það, sem ég hef ekki séð enn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv.

2. gr. samþ. með 11:7 atkv.

Brtt. 181,1 felld með 11:8 atkv.

Brtt. 187 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv.

Brtt. 181,2 felld með 11:8 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 11:7 atkv.

Brtt. 181,3 felld með 11:8 atkv.

Brtt. 188,1 felld með 11:8 atkv.

6. gr. samþ. með 11:3 atkv.

Brtt. 181,4 felld með 11:8 atkv.

7.—16. gr. samþ. með 11:6 atkv.

Brtt. 188,2 felld með 11:7 atkv.

17.—19. gr. samþ. með 11:6 atkv.

20.—22. gr. samþ. með 11:7 atkv.

Brtt. 189 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.

nei: GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, SÓÓ.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

23.—24. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Brtt. 181,5 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

25. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Brtt. 181,6 tekin aftur.

26.—29. gr. samþ. með 11:2 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:8 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 41. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:6 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK, ÓlJ, PÞ.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Skömmu eftir að ríkisstjórnin var mynduð, var fjórum embættismönnum falið að endurskoða tollskrána og öll aðflutnings- og innflutningsgjöld. Sú endurskoðun tekur að sjálfsögðu langan tíma, en megintilgangur hennar er sá að samræma þessi gjöld, taxta þeirra, álagningu og innheimtu, og gera þetta allt einfaldara í sniðum en verið hefur. Í annan stað var þessum sömu fjórum embættismönnum falið að endurskoða gildandi lög um söluskatt.

Það hafði komið í ljós, að söluskattur sá, sem nú er í gildi, 9% af iðnaði og þjónustu innanlands, hafði reynzt meingallaður, ranglátur og erfiður í framkvæmd.

Þessir fjórir embættismenn, sem falið var þetta verkefni, að endurskoða lögin um söluskatt, voru ráðuneytisstjórarnir í efnahagsmála- og fjármálaráðuneytinu, hagstofustjórinn og tollstjórinn í Reykjavík.

Í öðru lagi lá það fyrir við samningu og undirbúning fjárlagafrv., að afla þyrfti tekna, sem svaraði um 280 millj. kr., til þess að vega upp á móti brottfalli tekjuskatts af launatekjum í fyrsta lagi, sem var eitt af atriðum í samningi við stjórnarmyndunina, til þess að vega í öðru lagi á móti afnámi þessa 9% söluskatts á iðnað og þjónustu, sem mönnum eftir atvikum sýndist óhjákvæmilegt að fella niður, og í þriðja lagi til þess að afla fjár, til þess að bæjar- og sveitarfélögin gætu fengið nýjan tekjustofn til þess að gera þeim kleift að lækka útsvörin.

Þessum sömu embættismönnum var falið þetta verkefni, og það frv., sem hér liggur fyrir til laga um söluskatt, er árangur af starfi þeirra og athugunum ríkisstjórnarinnar á þeirra tillögum.

Í fjárlagafrv., sem samið var eða endurskoðað um áramót, var gert ráð fyrir, að þessara 280 millj. kr. yrði aflað fyrst og fremst með almennum söluskatti í smásölu eða á síðasta stigi viðskipta. Eftir að málið hafði verið athugað og undirbúið, bæði af þessum embættismönnum og rætt rækilega í ríkisstj., kom það í ljós, að með hinum almenna söluskatti, eins og hann er ráðgerður í þessu frv., 3%, mundi ekki nást þessi upphæð og þyrfti því að gera aðrar ráðstafanir til viðbótar á þessu ári.

Ástæðurnar til þess, að hinn almenni söluskattur nær ekki á þessu ári 280 millj. kr., eru ekki, eins og sum málgögn og þm. hafa látið í veðri vaka, einhverjar týndar milljónir eða skakkir útreikningar. Það er allt saman tilbúningur og skáldsaga. Ástæðurnar eru þær, sem ég skal nú greina.

Í fyrsta lagi var það í rauninni í upphafi ljóst, að til þess að ná þessari upphæð mundi ekki duga 3% söluskattur, heldur mundi verða að hafa hann a. m. k. 4% eða jafnvel milli 4 og 5%. Ríkisstj. taldi hins vegar við athugun málsins ekki rétt að leggja til, að söluskatturinn yrði hærri en 3%.

Í öðru lagi kemur þessi söluskattur aðeins á þrjá ársfjórðunga, en gildir ekki fyrir árið allt, og veldur það að sjálfsögðu lægri tekjum.

Í þriðja lagi þótti rétt við undirbúning málsins að undanþiggja söluskatti allstóra flokka vöru og þjónustu, sem rýra tekjur af skattinum verulega. Þar telur einna mest byggingarvinna, sem rétt þótti að undanþiggja. Auk þess eru undanþegnar, eins og greinir í 6. og 7. gr. frv., bæði ýmsar helztu rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar og ýmislegt fleira.

Þessar þrjár ástæður liggja til þess, að söluskattur sá, sem hér er lagt til að lögfestur verði, mun ekki á þessu ári gefa þá upphæð, sem í fjárlagafrv. hafði verið tiltekin. Það varð því að ráði, að á þessu ári skyldi náð viðbótarupphæðinni með því að bæta við innflutningssöluskattinn, sem nú er 7%, og að hann skyldi hækkaður um 8%, þ. e. a. s. verða 15%.

Nú vil ég taka það fram, að þetta tvennt, 3% smásöluskatturinn og 8% innflutningssöluskatturinn, er m. a. að því leyti ólíkt í þessu frv., að ákvæðin um smásöluskattinn eru ekki bundin við þetta ár, heldur gert ráð fyrir, að þau ákvæði standi áfram, að smásöluskattinum verði haldið ekki aðeins þetta ár, heldur áfram. Hins vegar eru um 8% innflutningssöluskattinn bráðabirgðaákvæði og ekki ákveðið annað í þessu frv. en hann skuli gilda út þetta ár.

Í sambandi við þetta mál vil ég einnig minnast á það, að stefnan er sú nú og verður væntanlega á næstu árum fremur að létta beinu skattana hér á landi heldur en að þyngja þá. Það má því gera ráð fyrir, að strax á þessu ári og á næstu árum fái ríkissjóður verulega minni tekjur af hinum beinu sköttum en verið hefur að undanförnu.

Í annan stað er þess að geta, að aðflutningsgjöld og tollar eru hér á Íslandi miklu þyngri en þekkist yfirleitt í öðrum löndum, þ. e. a. s. í öðrum löndum Vestur-Evrópu og Ameríku. Við stefnum nú að því að gera verzlunina frjálsari en verið hefur, og m. a. verður það

vafalaust stefna okkar Íslendinga að reyna á næstu árum að komast inn á fríverzlunarsvæði eða bandalög í einu eða öðru formi, og það m. a. leiðir auðvitað til þess, að fremur verður að stefna að því að lækka aðflutningsgjöldin og tollana en hækka.

Þegar við höfum það í huga varðandi þessa tvo megintekjustofna ríkissjóðs, annars vegar beinu skattana og hins vegar tolla og aðflutningsgjöld, að væntanlega stefnir fremur í þá átt á næstu árum að létta þessi gjöld heldur en þyngja þau, þá kemur að sjálfsögðu upp sú spurning: hvernig á þá ríkissjóður eða hið opinbera að afla sér þeirra tekna, sem það þarf til sinnar starfsemi og þjónustu? Og þá verður fyrir augum að sjálfsögðu fyrst og fremst sölu- og veltuskattur í einu eða öðru formi. Út á þá braut hafa nágrannaþjóðir okkar ýmsar farið hin síðustu ár.

En þegar rætt er um söluskatt eða veltuskatt, getur hann að sjálfsögðu verið með margvíslegu móti. Stundum hefur verið reyndur svokallaður fjölstigaskattur, þ. e. a. s. skattur, sem lagður er á veltuna á öllum stigum. Það getur þýtt það, að í sumum greinum lendir söluskatturinn þrisvar, fjórum, fimm sinnum á sömu vörunni eftir því, hvað hún gengur í gegnum mörg framleiðslustig frá hráefni og til fullunninnar vöru, sem komin er í hendur neytanda. Sá veltuskattur, sem fyrst var lögtekinn hér á Íslandi, 1945, var með þessum hætti, fjölstigaskattur, sem lenti á öllum stigum veltunnar. Á þessu fyrirkomulagi eru ákaflega margir annmarkar, sem ég skal ekki fara út í hér. En reynsla og athuganir manna á þessu söluskattsmáli í heild hafa yfirleitt leitt til þess, að menn hafa horfið frá fjölstigakerfinu.

Það er hægt að hugsa sér einnig, að söluskattur sé lagður á í heildsölu. Það hefur þann kost fram yfir smásöluskattinn, að þá eru aðilarnir færri, sem eiga að innheimta og standa skil á þessum skatti, en hins vegar eru á því fyrirkomulagi ákaflega miklir framkvæmdaörðugleikar og annmarkar.

Eftir nána athugun bæði á því, hvað mundi henta bezt hér á landi, og einnig með samanburði við löggjöf og reynslu nágrannaþjóða okkar, er það álit manna, að söluskattur á síðasta stigi muni bezt henta okkur Íslendingum. Á því er meginefni þessa frv. byggt, að lögfestur sé slíkur söluskattur, og er meginstefna hans skýrgreind í 3. gr. frv., þar sem segir, að söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skuli almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytenda o. s. frv.

Í II. kafla þessa frv. er rætt um þennan söluskatt af viðskiptum. Í 4. og 5. gr. er nánar skýrt með dæmum, hvað teljist til skattskyldrar sölu og þjónustu og hverjir séu söluskattskyldir. Í 6. gr. eru svo taldar upp undanþágur frá skattskyldu fyrir vörur og verðmæti og í 7. gr. undanþágur varðandi þjónustu og ýmiss konar starfsemi. Í öðrum greinum þessa kafla er svo nánar skýrt, hverjir eiga að hafa með höndum álagningu og innheimtu skattsins og eftirlit með framkvæmd hans.

Í III. kafla laganna eru ákvæði um söluskatt af innflutningi, þ. e. a. s. um þann 7% söluskatt af innflutningi, sem nú er í gildi og hefur verið um nokkurra ára skeið, og er það að meginefni til óbreytt frá gildandi lögum. Þó eru í gildandi lögum taldar upp ýmsar undanþágur frá skattinum, en þessi upptalning er mjög ófullkomin, og reyndin hefur orðið sú, að ráðh. hefur í reglugerð kveðið miklu nánar á um undanþágurnar og bætt þar mörgum við. Hér hefur verið talið rétt að hafa í 18. gr. heimild til ráðh. til þess að undanþiggja tilteknar vörutegundir með reglugerð, og eins og tekið er fram í grg. um 18. gr., þá er gert ráð fyrir, að þær undanþágur verði í aðalatriðum hinar sömu og nú tíðkast.

Þá er það nýmæli í þessu frv., að svo er ákveðið, að fimmtungur söluskattsins, þ. e. a. s. 3% söluskattsins og 8% innflutningssöluskattsins, skuli renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það mál hefur oft verið rætt hér á þingi á s. l. áratug, hver nauðsyn er á því að bæta fjárhagsaðstöðu sveitarfélaganna af ýmsum ástæðum. Bæði er það kunnugt, að mörg þeirra hafa átt í vök að verjast fjárhagslega, þegar ríkisvaldið hefur hlaðið á þau nýjum útgjöldum án þess að sjá þeim fyrir auknum tekjum, og hins vegar brýn nauðsyn til að sjá þeim fyrir tekjustofnum til þess að gera þeim kleift að draga úr útsvörunum, sem víða eru orðin allt of há. Það hefur um margra ára skeið verið sérstaklega mænt á óbeinan skatt eða hluta af söluskatti í þessu skyni, en hefur hingað til ekki fengizt samþ. á þingi, þó að till. hafi verið uppi um það alloft. Í þessu frv. er nú gert ráð fyrir, að fimmtungur söluskattsins renni til sveitarfélaganna, en það er gert ráð fyrir, að það verði 56 millj. af þessum 280 milljónum.

Það hefur verið um það rætt mjög í hv. Ed., sem þetta frv. hefur gengið í gegnum, hvort þetta frv. feli í sér nýjar álögur á landslýðinn eða ekki. Eins og ég hef tekið fram og raunar hefur komið skýrt fram, bæði í fjárlagafrv., grg. þess, og þeirri grg. ríkisstj. um viðreisnina, sem gefin var út sem hvít bók, þá hefur það komið skýrt og greinilega fram, að á móti þessum 280 millj. kr. söluskatti, sem þetta frv. felur í sér, koma þrír aðrir liðir, sem létta álögum á landslýðnum, sem nema samtals sömu upphæð.

Ég vil í fyrsta lagi út af því, að þetta frv. feli í sér nýja tekjuöflun að upphæð 280 millj. kr., geta þess, að reynt hefur verið í umræðum og blaðaskrifum að rangsnúa mjög sannleikanum í þessu efni. Stundum er talað um, að söluskatturinn, sem leiði af þessu frv., sé milli 400 og 500 millj. Stundum er því haldið fram, að hann sé ekki 280, heldur 370—380 millj. Þetta er allt saman eftir þeim tölum, sem hv. stjórnarandstæðingum þóknast að nota í hvert og eitt skipti. En þessi tala, sem stundum er notuð, að það séu ekki 280 millj., heldur 370 eða 380, er fundin út með því að áætla, hver söluskatturinn verði fyrir heilt ár. Það, sem hér er um að ræða, er það, hver söluskatturinn verði á þessu ári, og þá er gert ráð

fyrir sem sagt, að hann gefi, miðað við 10 mánuði, 280 millj. Það er að sjálfsögðu ekki rétt að setja þetta dæmi þannig upp að reikna út, hvað þessi ákvæði mundu gefa á heilu ári, ef þau væru í gildi, þegar af þeirri ástæðu, að annar hluti þessa skatts, 8% á innflutninginn, er alls ekki með þessu frv. ætlazt til að gildi nema í 9 mánuði eða til loka þessa árs. Það er því alveg einsætt og óvefengjanlegt, að hér verður að miða við 280 millj., sem gert er ráð fyrir að þetta frv. feli í sér af nýjum álögum.

Það, sem hins vegar kemur þar á móti og verður létt af landslýðnum á þessu ári, er í fyrsta lagi tekjuskatturinn, en í stjórnarsáttmálanum er ákveðið að endurskoða skattalöggjöfina í heild og sérstaklega tekið fram að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Eftir þeim till. varðandi þetta mál, er gerðar hafa verið, hefur verið reiknað út, hver tekjumissir mundi verða á þessu ári fyrir ríkissjóð af þessum sökum, og sá útreikningur sýnir, að tekjumissir ríkissjóðs mundi verða aldrei minni en 110 millj. á þessu ári. Hv. stjórnarandstæðingar reyna stundum að villa um og blekkja með því að nota töluna 75 millj., sem ríkið tapi, og þá er það fundið út með því að bera saman fjárlög fyrir 1959 og fjárlagafrv. fyrir 1960. Það, sem skiptir máli í þessu efni, er auðvitað það, hverjar tekjur ríkissjóðs hefðu orðið á þessu yfirstandandi ári að óbreyttum skattalögum. Eftir útreikningum skattstofunnar mundu þær tekjur verða að óbreyttum skattalögum a. m. k. 110 millj. meiri en eftir þær breyt., sem fyrirhugað er að gera. M. ö. o.: það er einnig óvefengjanlegt, að tekjumissir ríkissjóðs á þessu ári vegna hinna fyrirhuguðu skattalagabreytinga mun nema a. m. k. 110 millj. kr.

Í öðru lagi er svo 9% söluskatturinn, sem ætlunin er að afnema með þessu frv. En eins og ég gat um, hefur hann reynzt meingallaður og ranglátur og erfiður í framkvæmd. En ef þau ákvæði mundu gilda áfram út þetta ár, er gert ráð fyrir, að hann mundi gefa ríkissjóði um 114 millj. Þetta tvennt gerir 224 millj. kr.

Þá er í þriðja lagi ætlazt til, að sveitarfélögin fái 56 millj. kr., eins og fram er tekið í fjárlagafrv. Þegar þessar þrjár upphæðir koma saman, eru það 280 millj., en það er einmitt sú fjárhæð, sem þarf að afla í staðinn og gert er ráð fyrir að afla með þessu frv.

Það er því alveg ljóst, að hér stenzt það á, þær álögur, sem á að létta af landslýðnum nú á þessu ári, og þær, sem á að leggja á með þessu frv. Með þessu frv. er því ekki um að ræða nýjar álögur á landslýðinn, heldur, eins og ég hef tekið fram áður, tilflutning á gjaldheimtu eða skattstofnum.

Nú hefur því verið haldið fram, að þessi söluskattur væri sérstaklega ranglátur að því leyti, að hann komi sérstaklega hart niður á alþýðufjölskyldunum, launamönnum, hinum efnaminni og afnám tekjuskatts og aðrar þær ráðstafanir, sem ég gat um hér áðan, mundu hvergi nærri vega þar upp á móti. Það hefur verið gerður útreikningur á því, hvernig þetta dæmi lítur út. Hagstofan hefur reiknað út, hver útgjaldaauki mundi verða af þessu frv. fyrir þá fjölskyldu, sem vísitalan er byggð á, þ. e. a. s. vísitölufjölskylduna. Og þá kemur í ljós, að 8% innflutningsskatturinn plús 3% söluskatturinn, en að frádregnum 9% skattinum á iðnaði og þjónustu, gerir það að verkum, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar hækki um 1875 kr. miðað við heilt ár. M. ö. o.: hækkun útgjalda vegna þessa frv. mundi verða á vísitölufjölskyldunni 1875 kr. miðað við heilt ár. En nú á þetta frv. aðeins að gilda 3 ársfjórðunga á þessu ári. Sem sagt, sá hækkaði eða nýi söluskattur, sem hér er gert ráð fyrir, kemur aðeins á 9 mánuði ársins, en það þýðir, að útgjaldaauki vísitölufjölskyldunnar er vegna þessa frv. 1400 kr. á þessum 9 mánuðum. Á móti kemur svo það, að tekjuskattur þessarar sömu fjölskyldu er um 1450 kr., sem fellur niður. Auk þess er gert ráð fyrir, að útsvör lækki á þessari fjölskyldu, þ. e. a. s. útsvör í Reykjavík, en allur vísitölugrundvöllurinn er byggður á framfærslukostnaði fjölskyldu í Reykjavík. Það er gert ráð fyrir, að útsvör í Reykjavík lækki á þessu ári um 10—15% frá því, sem var í fyrra. Nákvæmar er ekki hægt að segja til um það nú, vegna þess að störfum niðurjöfnunarnefndar er skammt á veg komið enn. En þetta þýðir, að útsvar vísitölufjölskyldunnar mundi lækka a. m. k. um 700 kr. á þessu ári frá því, sem var í fyrra. Tekjuskatturinn sem sagt 1450 kr., útsvarið a. m. k. um 700, það gerir 2150, sem er létt útgjöldum af vísitölufjölskyldunni með þessu tvennu á þessu ári. Þegar við berum þessar tölur saman og annars vegar 1400 kr. útgjaldaaukann vegna þessa frv., þá er ljóst, að með þessu frv. er ekki verið að íþyngja alþýðufjölskyldunum, launamönnunum, vísitölufjölskyldunni, heldur þvert á móti, það er verið að létta af þeim gjöldum.

Varðandi meðferð þessa frv. vil ég taka það fram, að áður en frv. var prentað og lagt fyrir Alþingi, þótti það sjálfsagt og til fyrirgreiðslu við undirbúning og meðferð málsins að senda frumvarpsuppkastið til nokkurra aðila, þeirra sem fyrst og fremst eiga að hafa með framkvæmdina að gera, þ. e. a. s. að annast innheimtu söluskattsins. Þessir aðilar, sem fengu frv. sem trúnaðarmál til athugunar, voru: Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga, Vinnuveitendasamband Íslands, verzlunarráðið, Kaupmannasamtök Íslands og stórkaupmannafélagið. Þessir eru þeir aðilar, sem það lendir mest á að sjá um innheimtu skattsins, þ. e. a. s. kaupfélög og kaupmenn, iðnaðarmenn og iðnrekendur og svo verktakar að vissu leyti. Ýmsir þessara aðila komu svo ábendingum og athugasemdum sínum á framfæri, áður en gengið var endanlega frá frv. Ýmsar þeirra ábendinga voru teknar til greina og teknar inn í frv. strax.

Ég get þessa sérstaklega vegna þess, að komið hafa fram ádeilur í þingi út af því, að frv. hafi verið sent út um borg og bý til manna utan þings, áður en hv. alþm. áttu kost á að sjá það. En ég ætla, að flestir hljóti að vera

sammála um, að það hljóti að hafa verið heppilegri vinnubrögð að gefa þessum aðilum kost á að koma sínum athugasemdum á framfæri, áður en endanlega var gengið frá frv., til þess að það yrði lagt fyrir Alþingi, og það mun að sjálfsögðu spara ýmsar breyt., sem ella hefði þurft að gera í meðförum þingsins.

Ég mun láta þessi inngangsorð með söluskattsfrv. nægja og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar núverandi hæstv. ríkisstjórn á sínum tíma lagði fram efnahagstill. sínar og áætlunina um þau mál, kvaðst hún gefa heildarmynd af því, sem ætti að gera, og einn dráttur í þeirri mynd var sú yfirlýsing núverandi hæstv. fjmrh., að söluskattur á innflutningi yrði ekki hækkaður. Honum yrði ekki breytt. Og allir útreikningar þeir, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþingi og þjóðina, voru byggðir á þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. Allir útreikningar um áhrif efnahagsráðstafananna á framfærslukostnað og yfir höfuð á þjóðarbúskapinn voru byggðir á þessari yfirlýsingu ráðh. En nú í dag leggur þessi sami hæstv. ráðh. fram frv. til laga um söluskatt, þar sem söluskattur á innflutningi er meira en tvöfaldaður frá því, sem hann hefur verið. Þetta er framkvæmdin á þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem var einn meginþátturinn í efnahagsáætluninni, sem uppi var látinn.

Nú skyldu menn halda, að hér væri um einhvern smáhégóma að ræða og það væri ekki ástæða til þess að gera veður út af þessu. Hér væri alls ekki um stórfellt mál að ræða. En íhugum þetta ofur lítið og sjáum, hvað hér er að gerast. Hvað mundi þessi meira en tvöföldun á söluskattinum af innflutningnum, sem nú er dembt yfir þvert ofan í fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðh., gefa mikið í tekjur á ári? Það er mál út af fyrir sig, að hv. Alþingi er ekki einu sinni sýnd sú virðing í þessu stjórnarfrv., að það sé getið um það í grg., hvernig tekjurnar verði af frv. Það er ekki í frv., svo að ég fái séð, eða grg. einu sinni haft fyrir því að leggja fram sundurliðaða áætlun um það, hver söluskatturinn muni verða, ekki einu sinni greint frá því í grg., hvað söluskatturinn af innflutningi sé áætlaður mikill og hvað söluskatturinn af umsetningunni innanlands muni verða áætlaður mikill.

Þetta er ofur lítið dæmi um vinnubrögðin af hendi hæstv. ríkisstj. og þá virðingu, sem hún ber fyrir Alþingi, að þetta skuli ekki vera í grg. En ef marka má áætlanir hæstv. ríkisstjórnar sjálfrar, sem eru í fjárlagafrv., þá er gert ráð fyrir því, að söluskattur sá af innflutningi, sem fyrir er, gefi milli 150 og 160 millj. kr. á ári. En hér er sá skattur meira en tvöfaldaður samkv. þessu frv., þannig að hér er um að ræða álögur upp á a. m. k. 180 millj. á ári, sem nú á að leggja á þvert ofan í fyrri yfirlýsingar hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum vikum hér á Alþingi, — 180 millj. á ári a. m. k. hlýtur þessi meir en tvöföldun á aðflutningssöluskattinum að gefa miðað við heilt ár.

Hér er þá ekki heldur um neitt smáræði að ræða. Það er hvorki meira né minna en 8% ofan á meginhlutann af öllum innflutningnum, ekki aðeins aðflutningsverðið sjálft, innkaupsverðið á vörunum, heldur ofan á aðflutningsverðið, flutningsgjöldin, kostnaðinn við vörurnar og alla tollana og öll innflutningsgjöldin, sem fyrir voru, eins og þetta var allt orðið eftir 50% gengislækkun. Ofan á þetta allt saman setur nú hæstv. ráðh. 8% nýtt gjald, þvert ofan í það, sem hann lagði fyrir fyrir nokkrum vikum. Ef hann hefði átt að gera sams konar till., sem hefðu átt að þýða álíka álögur, fyrir gengislækkunina, þá hefði það ekki orðið að vera 8%, heldur, — ja, ég hef ekki reiknað út, hvað það hefði þurft að vera hátt, en það hefði þurft að verða hátt á annan tug prósenta — nýja gjaldið — ofan á allan innflutninginn til þess að gefa þessar álögur.

Það er ekki að furða, þó að hæstv. ráðh. sé í nokkrum vanda með að útskýra, hvernig á þessi höggi stendur, hvernig á því stendur, að hann kemur svo aftan að hv. Alþingi og þjóðinni með þetta stórfellda mál, enda voru afsakanir hans eftir því. Hann segir, hæstv. ráðh., að menn verði að gæta þess, að það sé nokkuð liðið af árinu og það þurfi að bæta sér það upp. Það vissi hæstv. ráðh. mætavel, þegar hann gaf þessa yfirlýsingu, að það hlutu að verða liðnir 2—3 mánuðir af árinu, þegar til greina kæmi, að hann gæti komið í gegnum þingið sínum nýja söluskatti. Þetta eru því alveg marklausar afsakanir frá hendi hæstv. ráðherra.

Þá segir hæstv. ráðh., að hann hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það hafi ekki verið hægt að leggja á svo gífurlega háa skattaprósentu á vöruumsetninguna innanlands, að hægt væri að ná eins miklu og hann þurfti með því móti. Ætlar hæstv. ráðherra að telja okkur trú um, að þegar hann gaf þessa yfirlýsingu um söluskattinn og þegar efnahagsáætlunin var gefin upp, þá hafi hann ekki verið búinn að gera sér grein fyrir því, hvaða skattaprósentu þurfti á umsetningu innanlands til þess að ná 280 milljónum? Vill hæstv. ráðh. láta trúa því á sig, að hann vinni þannig að þessum málum, að hann hafi ekki íhugað þetta og að hann hafi gefið Alþingi og þjóðinni yfirlýsingu um, að það yrði ekki hreyft við aðflutningssöluskattinum, án þess að hafa athugað það nokkurn skapaðan hlut, hvort hann treysti sér raunverulega til þess að taka af innanlandsumsetningunni þessar 280 millj., sem hann þóttist þurfa?

En það er þessi mynd, sem hæstv. ráðh. kýs nú í sínum vanda að mála af sjálfum sér fyrir hæstv. Alþingi, sem sé sú mynd, að hæstv. ríkisstj. með hæstv. ráðh. í broddi fylkingar hafi ekki gert sér neina heildarmynd af þessu máli, áður en hún lagði út í þessar stórfelldu efnahagsráðstafanir, heldur álpist áfram frá degi til dags og verði þannig að koma þvert ofan í sínar fyrir yfirlýsingar æ ofan í æ.

Ég skal ekkert segja, hvað það er, sem raunverulega liggur að baki þessum ósköpum, sem nú eru fram sett, hvort hér hafa orðið ein-

hverjar stórfelldar reikningsskekkjur í því, sem lagt hefur verið fyrir hæstv. ráðh., eða hvort algert ráðleysi ríkir af hendi hans og hæstv. ríkisstj. um það eða hirðuleysi að kynna sér, hvernig hægt er að koma í framkvæmd þeim áætlunum, sem þeir hafa gert og hafa gefið hv. Alþingi yfirlýsingar um. Ég skal ekkert um það fullyrða. En það er bara augljóst á því, sem hér liggur fyrir, algerlega augljóst, að hér er gengið þvert á fyrri yfirlýsingar og það með svo stórfelldum hætti, að það raskar öllum grundvellinum fyrir þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstjórn hafði hugsað sér að gera.

Það er vitanlega ekkert annað en tylliástæða í þessu sambandi að segja okkur, að það þurfi 180 millj. á ári eða tvöföldun á aðflutningssöluskattinum til þess að brúa það bil, sem verður vegna þriggja mánaða, því að á heilu ári gefur aðflutningssöluskatturinn aldrei minna en 180 millj., sá sem nú á að bæta við, sá nýi, en fjórðungurinn af 280 er ekki nema 70 millj. Þannig er alveg sama, hvar á þetta er litið, alls staðar blasir við ráðleysið í þessu sambandi og rangar upplýsingar, sem hv. Alþingi hafa verið gefnar um fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað hann áætlar, að 3% söluskatturinn gefi yfir árið, og hvað hann áætlar, að innflutningssöluskatturinn gefi miðað við heilt ár. En hvorugt þetta hefur mér tekizt að sjá í grg. frv. Þó að það megi ráða af áætlun hæstv. ríkisstj. í fjárlögum, að innflutningssöluskatturinn nýi hljóti að gefa um 180 millj. minnst, þá er þetta hvergi tekið fram í frv., og ég vil óska þess, að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um þær tölur, sem hann hefur fyrir sér um þetta.

Annars vil ég segja um þessar áætlanir hæstv. ríkisstj. um þessar álögur, sem hún er að beita sér fyrir að leggja á þjóðina, að þær eru allar allt of lágar, alveg augljóslega allt of lágar. Það kemur glöggt fram af þeirri innflutningsáætlun, sem við höfum nú fengið aðgang að og höfðum lauslegar upplýsingar um áður, því að sú innflutningsáætlun er byggð á verulegri lækkun á innflutningnum, jafnvel frá því, sem innflutningurinn var 1958. Og þó að það sé vitanlegt, að stjórninni tekst að þrengja mjög að almenningi með þessum ráðstöfunum og minnka stórkostlega kaupgetuna, og þó að stjórninni takist vitanlega að koma í veg fyrir það, að menn geti lagt í mjög margt af því, sem þeir ætluðu sér að gera, og þó að stjórninni þannig takist að verulegu leyti að framkvæma sína kjaraskerðingu og sinn samdrátt, þá er óhugsandi, að stjórninni takist þetta svo, að niðurfærslan á innflutningnum verði eins mikil og ríkisstj. gerir ráð fyrir. Og þess vegna eru allar áætlanir hæstv. ríkisstj. sjálfrar um álögur hennar of lágar.

Það má skjóta því inn í, að hér er ekki um neinn smáböggul að ræða, sem hafði gleymzt, má t. d. benda á, að hann gefur meira en allur tekjuskatturinn hefur verið ráðgerður, eins og hann hefur verið undanfarið, allur tekjuskatturinn og eignarskatturinn, — bara þessi böggull, sem gleymdist, pinkillinn, sem gleymdist, hann einn nemur meira en allur tekjuskattur, sem lagður hefur verið á landsmenn undanfarið, bara þessi litli skjatti, sem gleymdist, nemur þessu. Hvað mundi þá vera um heildarálögurnar, sem nú eru ráðgerðar?

Hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann hafði lokið því að afsaka, að þetta hefði farið öðruvísi en gert var ráð fyrir, að menn skyldu engar áhyggjur hafa af þessu, því að þrátt fyrir þetta væru í þessu frv., — hann margendurtók: í þessu frv., ekki lagðar nýjar álögur á þjóðina. Það var mjög eftirtektarvert, hvernig hæstv. ráðh. komst að þessari niðurstöðu. Hann komst sem sé að þessari niðurstöðu þannig, að hann rakti fyrst þær álögur, sem væru fólgnar í þessu frv., en síðan fór hann að draga frá því skattalækkanir, sem væru í öðrum frumvörpum. Þannig var reikningsdæmið, sem hæstv. ráðh. brá upp fyrir hv. þingmönnum, og svona málflutningi er okkur ætlað að taka mark á og almenningi í landinu einnig. Hann dregur sem sé frá skattahækkuninni, sem er í þessu frv., væntanlega lækkun á tekjuskattinum, sem er í öðru frv., og þar við bætir hann svo, að hann dregur frá þessum skattahækkunum söluskattinn, sem rann til útflutningssjóðs, — dregur hann líka frá. Sem sagt, hann dregur frá því, sem í þessu frv. er, skattalækkanir, sem eiga að vera í öðrum frumvörpum, og einnig dregur hann frá niðurfellingu skatta, sem runnu til útflutningssjóðs, þó að á móti þeim sköttum hafi komið margfaldar álögur í formi gengislækkunarinnar.

En ætli það væri ekki ögn myndarlegra fyrir hæstv. ráðherra en að vera að bögglast við þessar blekkingar að reyna að gera mönnum grein fyrir því, hvað miklar álögur felast í öllum þeim frumvörpum samanlagt, sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar beitt sér fyrir og ætlar að beita sér fyrir eftir yfirlýsingum hennar, og gera sér þá einnig grein fyrir því, hvað kemur á móti af lækkunum í öllum frumvörpum og öllum tillögum, sem frá hæstv. ríkisstj. eiga að koma? Ætli það sé ekki það eina, sem þjóðina varðar um? Hvað ætli þjóðina varði um það út af fyrir sig, í hvaða frumvörpum þetta er, eitt eða annað atriði? Það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, er það, hvað ríkisstj. er að leggja á þjóðina miklar álögur í heild og hvað hún er að létta miklum álögum af. Það er það dæmi, sem okkur varðar um, og það dæmi, sem þjóðina varðar um, en ekki þessi blekkingaleikur, sem hæstv. ráðh. var að leika og endaði með þessari yfirlýsingu, að með þessu frv. væru ekki lagðar nýjar álögur á þjóðina, sem út af fyrir sig er algerlega röng. Sú yfirlýsing er algerlega röng, því að hann dregur þar frá skattaívilnun, sem á að koma eftir öðrum frv. En svona málflutningur hefur alls enga þýðingu og hefur ekkert gildi. Það eina, sem hefur nokkurt gildi, er að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað verið er að gera, þegar á heildina er litið, og þá verður dæmið nokkuð öðruvísi en hæstv. ráðh. vildi láta menn halda með því að slíta einstaka

þætti málsins út úr, eins og hann gerði hér áðan. En heildarmyndin er þessi eftir tölum þeim, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið upp, að hækkun á álögum er sú, sem hér greinir: Það er hækkun á verðtolli og fleiri sköttum vegna gengislækkunarinnar, sem áætluð er í fjárlagafrv. af ríkisstj. sjálfri, 146 millj. Þetta eru nýjar álögur til ríkissjóðs. Þá eru það 113 millj. nettó, sem eru teknar í ríkissjóð, en runnu áður í útflutningssjóð. Þetta eru líka nýjar álögur til ríkissjóðs, 113 millj., og samkv. áætlun ríkisstj. sjálfrar. Þetta gera 259 millj. Í þessu frv., sem við erum að ræða hér, eru a. m. k. 370 millj. kr. nýjar álögur eftir áætlunartölum ríkisstj. sjálfrar, miðað við heilt ár, en 20% af því eiga að renna til sveitarfélaganna, þannig að þá eru eftir 296 millj til ríkissjóðs, miðað við heilt ár. Þetta eru 555 millj., sem eru alveg óumdeilanlega nýjar álögur til ríkissjóðs, og þetta er byggt á áætlunum ríkisstjórnarinnar. Á móti kemur svo það, sem hæstv. ríkisstj. hefur tilkynnt að hún ætli að lækka tekjuskattinn, sem nemur 70 millj., miðað við áætlanir ársins 1959, og það er tala, sem ríkisstj. sjálf hefur sett um þetta efni í sitt fjárlagafrv., — það eru 70 millj. Og enn fremur ætlar hæstv. ríkisstj. að létta af söluskatti af iðnaðinum, sem rann til ríkissjóðs, um 35 millj., það er einnig hennar eigin áætlun. M. ö. o.: Samkv. þessu ætlar ríkisstj. að létta af álögum til ríkissjóðs, sem nema 105 millj., en vill fá lögleiddar í staðinn nýjar álögur, sem nema 555 millj., þannig að hrein aukning á álögum til ríkissjóðs, sem hæstv. ríkisstjórn beitir sér fyrir, er 450 millj. að minnsta kosti, ef miðað er við heilt ár. En þessar álögur eru raunverulega miklu meiri, vegna þess að þær eru miðaðar við innflutningsáætlun, sem er of lág. Það er óhugsandi, að stjórninni takist að berja þjóðina svo niður, að innflutningurinn verði ekki meiri en gert er ráð fyrir í innflutningsáætlun ríkisstj. Ef menn vildu á hinn bóginn gera hæstv. ráðh. það til geðs að reikna ekki söluskattinn fyrir heilt ár, heldur aðeins fyrir 9 mánuði, eins og hann vill fara fram á, þá eru þessar nýju álögur nettó a. m. k. 370 millj. eftir þeim tölum, sem hæstv. ríkisstj. notar sjálf. Þær leika sem sagt á 370—450 millj. eftir því, hvort menn vilja telja nýja söluskattinn fyrir 9 mánuði eða 12 mánuði.

Fram hjá þessum staðreyndum er alveg óhugsandi að komast, og það er alveg sama, hvernig hæstv. ráðh. reynir að reikna út frv. sín hvert fyrir sig og reynir að rugla þessum tölum fyrir mönnum. Þetta eru staðreyndir. Þetta eru álögurnar til ríkissjóðs. Eða hvernig ætlar hæstv. ráðh. að reyna að telja okkur trú um, að það séu ekki nýjar álögur til ríkissjóðs, þessir liðir, sem ég hef greint, og að hann geti mætt 430 millj., sem ríkisútgjöldin hækka samkv. fjárlagafrv. hans, án þess að afla ríkissjóði nýrra tekna? Ég spyr: Vill hæstv. fjmrh. leyfa sér að halda því fram, að hann hafi ekki till. um það að afla nýrra tekna til ríkissjóðs í sínum áætlunum og sínum frv., þegar litið er á þau í heild? Um það er ekkert að villast. Það eru ýmist beinar hækkanir vegna gengislækkunarinnar, sem eru nýjar álögur til ríkissjóðs, eða þá að fé er tekið inn í ríkissjóð nú, sem áður rann í útflutningssjóð, í staðinn fyrir að fella þá tekjuöflun niður á móti gengislækkuninni, og loks eru svo beinar nýjar álögur í söluskattsfrv. því, sem hér liggur fyrir. Á móti koma svo lækkanir, tekjuskattslækkunin og innanlandssöluskatturinn, sem rann til ríkissjóðs, sem á að draga frá þessu, þegar ríkissjóðsdæmið er gert upp.

Höldum svo áfram lengra, sem raunar er nauðsynlegt vegna málflutnings hæstv. ráðh., því að hann fór svo að reikna út meira og minna um það, hvernig þetta dæmi kæmi út fyrir einstaklinga, fyrir fjölskyldur í landinu, og notaði þá nákvæmlega sömu aðferðina. Í stað þess að reyna að gefa heildarmynd af málinu, sleit hann út úr einstaka þætti, sleit út úr söluskattsþáttinn, hvernig hann kæmi út fyrir tiltekna fjölskyldu, og blandaði þar svo inn í hæfilega mörgum öðrum þáttum til þess að gera útkomuna sæmilega hagstæða og að hún gæti farið laglega í munni. En hann hafði um þetta í raun og veru alveg nákvæmlega sömu aðferðina og þegar hann var að reyna að sýna fram á, að með þessu frv. væru ekki lagðar nýjar álögur á þjóðina.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í útreikninga hæstv. ráðh. um það, hvernig ráðstafanir ríkisstj. snerta einstaka fjölskyldu. Manni skildist helzt, að hæstv. ráðh. væri kominn svo langt, að hann væri búinn að fá dæmið þannig, að í raun og veru væri nettógróði, væri nettótekjuauki að ráðstöfunum ríkisstj. fyrir vísitölufjölskylduna. Manni skildist það helzt. En ég ætla ekki að fara út í þetta núna, heldur ætla ég að rifja upp heildarmyndina af efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., eins og hún blasir við núna eftir þennan nýja viðauka, sem hæstv. ráðh. hefur komið með í dag, þennan nýja drátt, sem hann hefur bætt í myndina, sem sé þennan nýja innflutningssöluskatt.

Ég rakti það áðan, að nýjar álögur, ef miðað er við heilt ár, eru a. m. k. 450 millj. til ríkissjóðs. En þær eru, eins og ég hef margtekið fram, raunverulega miklu meiri. Við skulum bara nota þessa tölu, 450 millj. Það hefur verið reiknað út af hagstofunni, að innflutningsvörurnar til landsins muni hækka a. m. k. um 595 millj., þegar frá eru dregnar rekstrarvörur til útflutningsframleiðslunnar, sem ganga inn og út í dæminu, þá hækki sem sé neyzluvörur og aðrar rekstrarvörur en til útflutningsframleiðslunnar og framkvæmdavörur um 595 millj., og hækkun á duldum greiðslum og dreifingarkostnaði 152 millj., enn fremur áætlað af hagstofunni. Þetta verður samtals hvorki meira né minna en um 1197 millj. eða tæpar 1200 millj., álögurnar til ríkissjóðs, nýju álögurnar til ríkissjóðs og verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar, að frádregnum verðhækkun á rekstrarvörum til útflutningsframleiðslunnar. Frá þessu þarf síðan að draga hækkun á fjárlögunum vegna gengisbreytingarinnar, sem búið er að telja í álögunum þar, og söluskattinn margumtalaða, sem hæstv. ráðh. er alltaf að tala um, iðnaðar-

söluskattinn, sem felldur var niður og rann til útflutningssjóðs. Hann á að draga þarna frá, því að gengislækkunin kemur á móti honum. Það eru 119 millj. Þá eru eftir 1078 millj. eða tæpar 1100 milj., og þá er eftir að reikna verðhækkunaráhrifin af hinni gífurlegu vaxtahækkun ríkisstj., sem nema stórfelldum fjárhæðum til viðbótar þessu. Frá þessu verður svo að draga fjölskyldubæturnar, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir, og auknar niðurgreiðslur á verðlagi vara innanlands, sem nemur samtals um 190 millj.

Það er alveg sama, hvernig menn velta þessu dæmi fyrir sér fram og aftur, það er óhugsandi að fá lægri útkomu en svo, að það séu raunverulega um 1100 millj. nú, eftir að búið er að bæta þessum nýja skatti við, — 1100 millj., sem nýju álögurnar nema og verðhækkunaráhrif gengisbreytingarinnar.

Og þar sem það er yfirlýst stefna núverandi hæstv. ríkisstj., að kaupgjald í landinu skuli standa óbreytt í krónutölu og tekjur framleiðenda, a. m. k. bænda og sjómanna, skuli yfirleitt vera óbreyttar í krónutölu, þá er það alveg óvefengjanlegt, að meginhlutinn af þessum 1100 millj. eiga að verða eftir áætlun ríkisstj. hreinar álögur á almenning í landinu, tekjuskerðing hjá almenningi í landinu og lækkun á fjárfestingu, ýmist í formi raunverulega lækkaðra launa eða þá með því að atvinna dragist saman. Þetta er sú tilfærsla, — við getum orðað það þannig, — þetta er sú tilfærsla, sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta verða í þjóðarbúskapnum á einu ári. Auðvitað er þetta ekkert annað en vitleysa og hefur aldrei verið annað en endileysa og er óframkvæmanlegt. En samt eru þetta till. núv. hæstv. ríkisstj. Með þessu er auðvitað ekki verið að stofna til neinnar viðreisnar. Með þessu er verið að steypa út í stórfelldari vandkvæði en nokkru sinni fyrr, og það dylst engum, sem er kunnugur atvinnumálum og kjörum manna í landinu. En svo er okkur sagt hér á hæstv. Alþingi, að menn skuli vera alveg rólegir. Vísitölufjölskyldan muni að lokum ekkert finna fyrir þessu. Það sé hægt að færa til í landinu 1100 millj. á þennan hátt. Þetta komi allt aftur í gegnum fjölskyldubætur og lækkun á tekjuskatti til vísitölufjölskyldunnar.

Nú vitum við, að vísitölufjölskyldan, ef maður mætti viðhafa svo leiðinlegt orð, fær náttúrlega sáralitlar bætur við lækkun á tekjuskattinum, og það verða yfirleitt, ef fer eftir líkum, þeir, sem hafa hæstar tekjurnar, sem fá mesta tilslökun við breytingu tekjuskattsins. En þeir segja, að niðurstaðan af þessu öllu saman muni nánast verða sú, — eða það er ekki hægt að skilja öðruvísi þessar bollaleggingar, sem hér eru færðar fram, — að þetta verði í raun og veru engin kjaraskerðing, þessar 1100 millj., sem nema hvorki meira né minna en 20% af þjóðartekjunum, eins og þær hafa verið áætlaðar, — 20% af þjóðartekjunum.

En mætti ég kannske spyrja þessa hv. herra: Hvernig á þá þessi stórkostlegi samdráttur að koma, sem gert er ráð fyrir í innflutningsáætluninni? Þeir segja, að það eigi að vera frjáls innflutningur, það sé alveg óhætt að taka lán í bili, það borgi sig sjálft, því að þetta verði allt svo vel „kontrollerað“ innanlands með kaupgetunni. Hvernig ætla þeir að koma innflutningnum á neyzluvörunum niður fyrir það, sem sá innflutningur var 1958, ef vísitölufjölskyldan á að búa við sömu kjör og hún hefur búið við og býr við í dag? Ég spyr: Vill ekki hæstv. fjmrh. svara? Hvernig ætla þeir með frjálsri verzlun að koma neyzlu þjóðarinnar nú, 1960, á almennum neyzluvörum, eins og innflutningsáætlunin gerir ráð fyrir, niður fyrir það, sem neyzlan var 1958, ef það er rétt, sem hæstv. fjmrh. segir eða er að gefa í skyn, að almenningur í landinu búi í raun og veru ekkert tjón af þessum gífurlegu álögum, sem nú er verið að lögleiða, og af öllum þessum ráðstöfunum? Ég held það væri sæmst fyrir þessa hæstv. ráðh. að hætta að reikna og gera sig ekki framar að slíku athlægi frammi fyrir alþjóð, eins og þegar er orðið með þessum málflutningi. Það vottaði þó aðeins fyrir því fyrst, þegar þeir komu fram með þessar áætlanir, að þeir viðurkenndu heiðarlega, að það, sem hér væri verið að gera, væri stórfelldur samdráttur og mikil kjaraskerðing, sem menn yrðu að taka á sig. En allt slíkt er horfið og ekkert eftir annað en blekkingarnar. Sem sé, að menn skuli vera alveg rólegir, jafnvel þó að bætt sé stórlega enn ofan á áætlanirnar, sem áður voru lagðar fram, menn hafi í raun og veru bara hag af, það verði nettóhagnaður af þessu öllu saman, þegar upp verður staðið. En ég spyr enn: Ef nokkur glóra er í þessum málflutningi hæstv. fjmrh. og annarra þeirra manna, sem hafa haldið þessu fram, hvernig ætla þeir þá að koma innflutningi neyzluvara, algengustu neyzluvara, eins og gert er ráð fyrir í innflutningsáætluninni, niður fyrir það, sem var 1958? Ef allt er með felldu, þá á auðvitað innflutningurinn að vaxa ár frá ári. Ef framkvæmdir haldast og lífskjör þjóðarinnar versna ekki, þá eykst innflutningurinn ár frá ári með aukinni framleiðslu og fólksfjölgun. En þeir ætla að lækka stórkostlega innflutninginn, ekki með höftum, heldur með því að minnka kaupgetuna, hreinlega með því, og það er yfirlýst. Og hvernig ætla þeir að minnka kaupgetuna, ef einhver glóra er í þessum málflutningi um, að það þrengi ekki að neinum? Er hægt að bjóða upp á slíkan málflutning?

Ef aftur á móti ber að skilja hæstv. ráðh. svo, að hann hafi með sínum málflutningi eingöngu átt við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og eitthvað 2—3 „valda“ þætti úr þessu öllu saman, þá er það náttúrlega annað mál. En þá hefur sá málflutningur bara alls enga þýðingu. Hann fellur algerlega dauður niður. Í þessu máli skiptir það eitt, hvaða áhrif verða af ráðstöfunum ríkisstj. í heild, ekki einstökum frv. eða einstökum liðum, hvaða áhrif verða af ráðstöfunum ríkisstj. í heild, til hækkunar á álögum og lækkunar á álögum. Það er það eina, sem máli skiptir. Hitt hefur enga þýðingu, að bisa við að slíta út úr einstaka liði.

Eins og ég sagði, þá hef ég ekki gögn núna til þess að slá upp mynd af því, hvernig þessar ráðstafanir í heild koma út fyrir eina eða aðra fjölskyldu. Það er til athugunar, hvort það gæti tekizt, áður en þessu þingi lýkur, að fá mynd af því. Um það bil, sem menn eru búnir að sjá allt, sem frá hæstv. ríkisstj. á að koma, þá er til athugunar, hvort slíkt væri hægt, að gefa slíka mynd. Og það er auðvitað mjög þýðingarmikið, ef það væri mögulegt að gefa sanna mynd af því. En auðvitað eru menn nú þegar búnir að sjá nógu mikið til þess, að það ætti að mega ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., að hún viðurkenndi hreinlega, að hún stefnir að stórkostlegum samdrætti framkvæmda og þar með minnkandi atvinnutekjum í landinu, að hún stefnir einnig að stórkostlegri kjararýrnun almennings til þess, eins og hún segir, að geta tekið upp frjálsa verzlun, að hún stefnir að því að minnka kaupgetuna svo mjög í landinu, að það sé engin hætta á því, eins og þeir orða það, engin hætta á því, að það verði meiri eftirspurn eftir vörum innanlands, að menn geti keypt meira en gjaldeyririnn getur mætt, sem inn flýtur. Þetta finnst mér að hæstv. ríkisstjórn ætti hreinlega að viðurkenna.

Nú var okkur sagt, þegar efnahagsáætlanir ríkisstjórnarinnar voru lagðar fram, að áhrifin af gengislækkuninni einni eða dýrtíðarauknin vegna gengislækkunarinnar einnar væri 13%. Og ég skal ekkert segja um þessa útreikninga annað en það, að af langri reynslu er mér kunnugt um, að fram að þessu hafa slíkir útreikningar alltaf reynzt of lágir, það hefur alltaf verið áætlað minni dýrtíðarauknin af því, sem gert hefur verið, heldur en fram hefur komið. Og mér þætti líklegt, að svo færi enn. En þess ber bara að gæta, að inn í þetta dæmi vantaði söluskattinn algerlega. Það var ekki einu sinni í þessu dæmi gert ráð fyrir 3% söluskatti, sem þó voru, að því er manni skildist, hvíslingar um í stjórnarherbúðunum að hlyti að koma, hann yrði aldrei undir 3%. Það var ekki einu sinni reiknað með því. Nú er þessu dæmi gersamlega raskað. Þar stendur ekki steinn yfir steini í þessu tilliti, því að til viðbótar við þessa 13% hækkun á dýrtíðinni koma svo áhrif vaxtahækkunarinnar, sem verða stórfelld fljótlega í öllum greinum þjóðarbúskaparins og öll vitanlega í hækkunarstefnu, og inn í dæmið vantar líka 3% söluskattinn, og það sem stærst er, að inn í dæmið vantar þetta nýja 8% innflutningsgjald, sem hæstv. fjmrh. beitir sér nú fyrir að lögleiða, 8%, sem leggjast ekki aðeins ofan á innflutningsverð vörunnar, — ég legg áherzlu á það, — þau leggjast ekki aðeins ofan á cif-verð vörunnar, þau leggjast ofan á cif-verð vörunnar að viðbættum öllum tollum og ofan á þessar tölur, eins og þær eru orðnar eftir 50% gengislækkun, en gengislækkunin verkar auðvitað bæði á sjálft innkaupsverð vörunnar og verðtollana, sem fyrir eru, og söluskattinn, sem fyrir er. Ofan á þetta allt saman á að leggja þessi 8%. Hér er um gífurlegan nýjan þátt að ræða í dýrtíðaraukningunni, eins og við sjáum á því, að það getur aldrei orðið minna en 180 millj. á ári, miðað við heilt ár, sem þessi skattur gefur. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. nú með þessum síðustu till., sem eru ræddar hér, kollvarpað öllum sínum áætlunum, og stendur ekki steinn yfir steini lengur í þeim útreikningum, sem hún hefur látið gera um áhrifin af efnahagsmálaráðstöfununum.

Þá vil ég í þessu sambandi aðeins minnast á það, hvernig þessi skattur, innanlandsskatturinn, er lagður á, sem er með nokkuð nýstárlegu móti.

Á undanförnum áratugum hafa Íslendingar þurft á talsverðri skattheimtu að halda, eins og kunnugt er, og margur skattur hefur verið reyndur og á lagður á þeim árum. Þó veit ég ekki til þess, að nokkrum hafi fyrr hugkvæmzt að skattleggja þann fisk, sem Íslendingar borða sjálfir, eða það kjöt, sem Íslendingar framleiða handa sjálfum sér. Það er alveg ný uppfinning, og það hefði þótt saga til næsta bæjar fyrir stuttu, ef upp á því hefði verið stungið að lækka tekjuskatt stórkostlega, og mér leikur grunur á, að sú lækkun muni ekki verða minni á hátekjumönnum en á öðru fólki, — ef upp á því snjallræði hefði verið stungið til þess að fullnægja réttlætinu að lækka stórkostlega skatt á hátekjum, en leggja í staðinn skatt á soðninguna, leggja í staðinn skatt á þann fisk, sem Íslendingar kaupa á sitt eigið borð svo að segja daglega, og það kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir, sem þjóðin framleiðir handa sjálfri sér. Og í þessu sambandi er verið að tala um réttlæti. Það er verið að tala um að færa skattálagninguna í réttlátara horf. Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi orðað það þannig. Þá hefur hann sennilega haft í huga að skattleggja fiskinn og kjötið, sem er meginuppistaðan í fæði almennings í landinu og engum manni hefur fyrr dottið í hug að skattleggja, svo að menn viti til, og það á að gera til þess að geta fellt niður skatta á hátekjum. M. ö. o.: þessi söluskattur á að ná til miklu fleiri nauðsynja en nokkur annar söluskattur, sem lögleiddur hefur verið.

Það er verið að tala um það í þessu sambandi, að það þurfi að breyta sköttunum mjög í réttlætisátt og til þess að gera þá auðveldari í innheimtu. Og það hefur verið fundið að sumum sköttum með réttu, að þeir hafi verið mjög erfiðir í innheimtu, t. d. eins og þessi söluskattur, sem nú er verið að afnema, 9%, á iðnaðarvörum, sem er afar erfiður í innheimtu og gallaður. En ég held, að það megi segja um þetta, að með þessum úrræðum, sem hér er stungið upp á, sé nánast farið úr öskunni og í eldinn, því að svo erfitt sem það nú er að hafa eftirlit með og framkvæma tekjuskattslöggjöfina, þá held ég, að það hafi þó verið dómur allra þeirra, sem kynntust þeim málum, að það hafi verið enn erfiðara viðfangsefni að fást við innheimtu söluskattsins, þessa almenna söluskatts innanlands. Og geri ég fastlega ráð fyrir því, að þeir, sem fyrir þessu standa, eigi eftir að reka sig á. Og í þessu sambandi hefur stundum líka verið talað um, að það ætti

að gera þetta allt saman miklu einfaldara í framkvæmdinni. Það er nú helzt, að það verði, eins og nú stefnir hjá hæstv. ríkisstj., því að vitanlega verður nú haldið einhverju verulegu af tekjuskattinum samkv. þeim yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið, og þar með öllu því kerfi, sem þurft hefur til þess að halda uppi tekjuskattsinnheimtunni og útsvarsinnheimtunni, sem er grundvölluð á framtölunum. Þessu verður öllu að halda uppi áfram, og síðan bætist allt það heljarbákn við, sem þarf að koma upp, ef á að verða nokkur glóra í söluskattsinnheimtunni, þessari nýju stórfelldu söluskattsinnheimtu. Hér verður um stórkostlega aukningu að ræða á ríkisstarfrækslunni og upp settar stórfelldari flækjur í skattheimtu en nokkru sinni hafa áður komið til greina. Og það liggur í því, hversu þessi söluskattur, sem nú er stungið upp á, er miklu víðtækari en nokkru sinni hefur áður átt sér stað. En gamli söluskatturinn, sem hér var lögleiddur um eitt skeið á umsetningu innanlands, var einmitt afnuminn fyrir það, hversu örðugur hann reyndist í innheimtunni, ekki sízt fyrir það, hversu örðugt reyndist að hafa gát á því, að honum væri skilað í ríkissjóðinn.

Hér er því öllu snúið við frá þeim yfirlýsingum, sem áður hafa verið gefnar. Skattinnheimtan verður ekki gerð einfaldari en áður eða dregið úr nokkrum kostnaði eða flækjum í því sambandi, heldur verður allt gert miklu umfangsmeira en nokkru sinni áður fyrr og flóknara og erfiðara í framkvæmd.

Í sambandi við það, sem nú er að gerast, langar mig til þess að benda á eitt atriði, og það sýnir, hversu nýstárlegar þessar ráðstafanir eru allar, sem nú eru á ferðinni. Ég man ekki betur en fram að þessu hafi það ætíð verið svo, þegar gengislækkun hefur átt sér stað, að þá hafi reynzt mögulegt að létta á einhverjum álögum í leiðinni, sem hafi þá komið á móti þeim hækkunaráhrifum, sem af gengislækkuninni hafa stafað. Þannig var það t. d. 1950. En það, sem einkennir þessar aðfarir, sem nú er stofnað til, er, að gengislækkuninni fylgja gífurlegar álögur til ríkissjóðs, en hvergi slakað á þeim álögum, sem fyrir voru, nema í einu einasta atriði. Ég held, að það sé ekki nema eitt atriði, sem slakað er á, og það er, að felldur er niður iðnaðarsöluskatturinn, sem rann til útflutningssjóðs. Ég held ég megi fullyrða, að allir aðrir skattar, sem runnu til útflutningssjóðs til þess að standa undir útflutningsuppbótunum, eru látnir standa eftir sem áður og látnir renna í ríkissjóð til þess að standa undir útgjaldahækkuninni á fjárlögum, sem er hvorki meira né minna en 430 millj. kr. samkv. því, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fyrir. Það er þess vegna ekki að furða, þó að áhrifin af þessu öllu verði geigvænleg.

Það er nú langt síðan þessar aðfarir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna fóru að vekja algera furðu þjóðarinnar, enda er það ekkert einkennilegt, þegar þess er gætt, að þeir, sem að þessu standa, voru kosnir á þing til þess að halda áfram stöðvunarstefnunni, halda áfram að halda niðri dýrtíðinni án nýrra skatta. Ég sé, að sumir brosa, það er von. En þetta var það, sem átti að gera. En í staðinn fyrir fá menn þetta, sem nú hefur verið lýst, og nú er enn bætt við 180 millj. skatti, sem hefur ekki áður verið nefndur og var búið að segja að kæmi ekki til greina. Og þá kemur spurningin: Hvernig stendur á þessum ósköpum? Hvers vegna eru þeir að gera þetta? Var ekki hæstv. forsrh. að lýsa því yfir um áramótin, að það mundi vanta 250 millj., það mundi vera 250 millj. kr. halli í búskapnum, annars vegar ríkisbúskapnum og hins vegar útflutningsbúskapnum. Og það er von, að margur spyrji: Var ekki hægt að finna einhverjar einfaldari aðferðir til þess að leysa þetta en að stofna til allra þessara ráðstafana, sem nú hefur verið komið fram með og þýða hvorki meira né minna en a. m. k. 1100 millj. kr. álögur á almenning eða tilfærslu, þar sem almenningur á að leggja til fjármunina, en einhverjir aðrir eiga að fá þá. Þeir, sem eiga að halda óbreyttu kaupi, og þeir, sem eiga að halda óbreyttum tekjum í búum sínum, þeir sem eiga að halda óbreyttu fiskverði, eins og hlutamennirnir, sjómennirnir, eiga að gera, þeir eiga að bera þetta bótalaust, því að ég er búinn að draga frá fjölskyldubæturnar og tekjuskattslækkunina. Er það raunverulega svo, að það hafi þurft að gera þetta til þess að jafna þann skakka, sem kann að hafa verið í þjóðarbúskapnum? Nei, auðvitað ekki, það var um tvær leiðir að velja til þess að jafna þennan skakka. Önnur leiðin var sú að halda uppbyggingunni í landinu áfram, halda áfram að auka framleiðsluna í öllum greinum, eins og gert hefur verið jafnt og þétt undanfarna áratugi, halda uppi fullri atvinnu, samþykkja nýjar álögur, sem undir engum kringumstæðum hefðu þurft að vera raunverulega meiri en sem svaraði þessum halla, sem sjálfsagt hefur verið fremur oftalinn en vantalinn hjá hæstv. forsrh. Og það mátti gera með ýmiss konar skattlagningu á eyðsluna í landinu, án þess að það hefði orðið stórkostlega tilfinnanlegt, og þessu gat fylgt það að fikra sig áfram við að draga úr uppbótakerfinu eða ósamræmi uppbótakerfisins með eitthvað hækkuðu yfirfærslugjaldi. Þetta var hægt að gera. Þetta hefði ekki orðið tilfinnanlegt fyrir neinn, og þetta hefði tryggt áframhaldandi uppbyggingu í landinu og aukna framleiðslu.

En það var líka önnur leið til, og þá leið hafa stjórnarflokkarnir valið, og það var leið samdráttarins. Það var sú leið að reyna að jafna þennan halla með því að draga saman. Og það er þess vegna, sem hæstv. ríkisstj. kemur nú með hvert frv. eftir annað, sem miðar að því að magna dýrtíðina í landinu, af ráðnum hug, sem er beinlínis vísindalega útreiknað til þess að magna dýrtíðina í landinu og draga þannig úr framkvæmdunum og draga þannig úr neyzlunni, draga þannig úr því, sem almenningur getur keypt. Hvert frv., sem kemur fram af öðru, er vísindalega „útspekúlerað“ til þess að hækka kostnaðinn við framkvæmdirnar í landinu og til þess að hækka

verðið á neyzluvörunum og til þess þannig að draga úr framkvæmdunum og minnka neyzluna. Og markmiðið er að koma neyzlunni niður fyrir það, sem hún var 1958, eins og innflutningsáætlun ríkisstj. ber með sér, og draga stórkostlega úr framkvæmdunum, eins og þessi sama innflutningsáætlun ber glöggt vott um. Og jafnhliða þessu er svo látið fylgja, því að það á að gera meira í leiðinni en bara að draga saman, það á líka að breyta algerlega um stefnu og breyta algerlega uppbyggingu íslenzka þjóðfélagsins, og það á að gera það með því að draga úr í leiðinni öllum hugsanlegum stuðningi, sem þjóðfélagið hefur veitt til uppbyggingarinnar, þeim, sem höfðu ekki nægilega mikil peningaráð. Úr því á að draga. Það á að draga úr því með því, að íbúðirnar verði dýrari en áður, en stuðningurinn við að byggja íbúðir minnki. Það á að minnka það, sem á að fara í íbúðalán. Það á að hækka vextina. Þetta er gert til þess að draga úr uppbyggingu almennings í íbúðamálunum. Á sama hátt á að draga úr uppbyggingunni víðs vegar um landið með því að skera stórkostlega niður verklegar framkvæmdir á fjárlögum, en hækka um leið kostnaðinn við framkvæmdirnar, með öllum þessum till. og frv., sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að berja í gegnum þingið. Og það á að draga úr stuðningi þjóðfélagsins við það að byggja upp úti um landið og alls staðar í landinu raunar, framleiðsluna bæði til sjávar og sveita. Það á að draga úr atvinnuaukningarfénu raunverulega, það á að draga úr öllum framlögum, sem hafa gengið í þessa átt, og öllum lánum, sem menn hafa átt kost á í þessu skyni, og hækka líka vextina af lánunum, allt til þess, að það sé alveg víst, að samdrátturinn verði nógu mikill. Og það er ekki nóg, að samdrátturinn verði nógu mikill, það verður líka að gæta þess, að það séu réttir aðilar, sem þurfa að draga saman. Það verður að vera almenningur í landinu, sem á að draga saman, ekki hinir. Síðan er hugmyndin, þegar búið er að koma þessum samdrætti og hæfilegri stöðvun á í þessa stefnu, að þá komi þeir, sem hafa peningaráðin í landinu, og þeir, sem hafa aðgang að bönkunum, þá komi þeir og segi: Ja, ég skal framkvæma hérna, ég skal jafnvel byggja hérna íbúðarhúsakassa, sem ég leigi út. Þið getið fengið leigt hjá mér eitt eða tvö herbergi, — kannske eldhús, ég veit það ekki, — þið getið fengið leigt hjá mér eitt eða tvö herbergi. Þetta á að verða þróunin: Þeir, sem hafa peningana í landinu og aðganginn að bönkunum í landinu, þeir eiga að fylla þetta skarð, sem verður fyrir skildi, þegar búið er að stöðva almannaframkvæmdirnar.

En hver er einmitt ástæðan til þess, að hér á Íslandi er fleira af efnalega sjálfstæðu fólki en í nokkru öðru landi jarðarinnar, sem við þekkjum til, hver er hún? Ástæðan er sú, að hér hefur verið meira um þjóðfélagslegan stuðning við framkvæmdir almennings en víðast hvar annars staðar á byggðu bóli. Það hefur verið stutt í öllum hugsanlegum myndum, það hefur verið gert með landbúnaðarlöggjöfinni, það hefur verið gert með atvinnuaukningarfénu, sem veitt hefur verið í sjávarpláss landsins, það hefur verið gert með lágum vöxtum og löngum lánum til uppbyggingar í sjávarútvegi og öðrum framleiðslugreinum, það hefur verið gert með stuðningi við íbúðalánasjóðinn, við það, að menn geti fengið tiltölulega hagstæð lán til þess að byggja yfir sig sjálfir. Með þessu móti hefur verið stuðlað að því, að hér á landi eru fleiri sjálfstæðir atvinnurekendur, fleira af efnalega sjálfstæðu fólki en í svo að segja nokkru öðru landi. En það er þá líka að sama skapi færra um raunveruleg auðfélög, sem taka að sér það hlutverk t. d. að byggja íbúðir fyrir fólk og leigja því, eins og er svo algengt í öðrum löndum, eða hafa með höndum atvinnureksturinn í stórfelldum mæli.

En þessi þróun, sem hér hefur orðið fyrir þessa stefnu, sem ég hef verið að lýsa og Framsfl. hefur mest allra flokka beitt sér fyrir og barizt fyrir, — þessi þróun hefur ætíð verið þyrnir í holdi Sjálfstfl., hún hefur ætíð verið þyrnir í holdi íhaldsins.

En íhaldið hefur raunverulega aldrei getað framkvæmt sína stefnu hér, eins og það hefur viljað hafa hana, síðan 1927, því að það hefur aldrei haft hreinan meiri hluta í landinu síðan 1927, og þess vegna hefur það orðið að taka tillit til annarra. Þess vegna hefur það líka rekið uppboðspólitík, sem við þekkjum. Það hefur þótzt vera með öllum þessum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að koma uppbyggingunni í framkvæmd. Það hefur þótzt vera með því öllu saman. Þeir hafa hugsað sem svo hjá íhaldinu: Þetta verður gert hvort sem er, Framsókn sér um það. Þá er bezt að láta bara eins og við séum með því og viljum jafnvel meira. Fyrst við getum ekki komið okkar stefnu í framkvæmd hvort sem er, þá skulum við ekkert vera að flagga henni framan í fólk eins og hún þá er. Við skulum bara bíða, þangað til okkar tækifæri kemur, við skulum bara telja fólki trú um, að við séum með þessu öllu, sem Framsókn berst fyrir og stingur upp á, og viljum jafnvel gera meira.

Svona hefur þessi flokkur hagað sér síðan 1927. En baráttan hefur staðið fyrir því, hún hefur staðið innan veggja stjórnarráðsins og annars staðar, þar sem samstarf hefur verið við þessa menn. En opinberlega hefur þetta verið svona. Svo kemur bara að því núna eftir kjördæmabreytinguna, að þeir geta raunverulega framkvæmt sína stefnu, vegna þess að það er flokkur til í landinu, sem er svo umkomulaus, Alþfl., — svo umkomulaus, að hann er kominn inn á það að framkvæma núna í þjóðarbúskapnum sams konar stefnu og íhaldið hafði fyrir 1927, og það hefur ekki þorað að nefna síðan 1927, fyrr en nú, að það hefur fengið hreinan meiri hluta með þessum flokki. Þá er farið út í að framkvæma þessa stefnu á öllum sviðum, í trausti þess, að nú sé þeim óhætt að gera tilraunina með því að draga á öllum sviðum úr þeim stuðningi og þeirri uppbyggingu, sem hefur raunverulega mótað okkar þjóðfélag á þennan hátt, sem ég hef verið

að lýsa, og hefur orðið til þess, að auðmagnið hefur aldrei náð sömu tökum hér hjá okkur og í flestum öðrum löndum.

Það var hér á árunum, að það voru Bogesenar og annað slíkt og smákóngar. Einn smákóngur, einn Bogesen svo að segja í hverju plássi þessa lands. Það voru hinir góðu, gömlu dagar, sem núv. hæstv. forsrh. var að tala um hér um daginn. Þá hefði verið munur að lifa, m. a. hefði þá verið meira frelsi, t. d. í viðskiptum. Af hverju var meira frelsi í viðskiptum þá? Það var það frelsi í viðskiptum, að menn höfðu ekki ráð á því að kaupa neitt, og þess vegna var engin hætta á því, að það yrði of mikið spurt eftir erlendum gjaldeyri. Og það er sams konar frelsi í viðskiptum, sem þeir vilja fá aftur, sem var svo ánægjulegt á þessum árum. Og á þessum árum þekktum við þetta. Uppbyggingin var þannig, að það voru þessir smákóngar, sem ríktu í plássunum, þessir Bogesenar, ýmist af því að þeir höfðu kannske grætt á einhverju, en þá alveg eins stundum af því, að þeir höfðu aðgang að bönkunum. En þegar farið var fyrir alvöru að styðja uppbyggingu almennings sjálfs og almannafélögin í landinu komu til, eins og verkalýðsfélögin og samvinnufélögin, þá hurfu þessir Bogesenar, vegna þess að það vantaði aðstöðu fyrir Sjálfstfl. til þess að halda þeim við. Sjálfstfl. hafði ekki aðstöðu til þess, eftir að hann var búinn að missa meiri hluta á Alþingi, og þá fór þeim smáfækkandi. En nú er hugsunin sú að reyna að snúa þessari þróun við. Og það er verið að stíga stórfellt skref í þá átt með þessu öllu saman, sem nú er verið að gera, með stuðningi flokks, sem kallar sig Alþýðuflokk, draga úr þeim almenna stuðningi, og síðan er það efnahagslega fjárfestingin, sem á að ráða í landinu, efnahagslega fjárfestingin. Þetta, sem ég hef verið að lýsa, þetta, sem unnið hefur verið í landinu af almenningi með stuðningi í félagsmálalöggjöfinni, ýmiss konar félagslegri löggjöf, það er allt kallað núna ósköp ljótu nafni, það heitir nefnilega pólitísk fjárfesting og er bara spilling, — það er bara spilling, það er bara nokkuð, sem er komið til vegna þess, að menn eru að keppa um kjörfylgi og annað slíkt, og úr þessu verður að draga alveg stórkostlega.

En hvað á að koma í staðinn? Jú, það heitir aftur á móti afar fallegu nafni. Það heitir efnahagsleg fjárfesting. En hvað er það? Það er það, sem þeir ríku vilja gera og geta gert. Það heitir efnahagsleg fjárfesting, það á að sitja alls staðar í fyrirrúmi. Hitt heitir pólitísk fjárfesting, það sem almenningur er að bisa við. Hvað á almenningur að vera að bisa við framkvæmdir, þurfa alltaf að vera að koma og biðja um lán, alltaf blankir, það verður að losa sig við slíkt með einu höggi, með því að gera framkvæmdirnar svo dýrar, að almenningur hætti að hugsa til þess að eignast íbúðir eða koma sér upp búum eða mótorbátum eða öðru slíku.

Hvað haldið þið, að það verði margir á næstunni, sem eignast mótorbát, t. d. 75 tonna mótorbát, þegar hann er kominn upp í 4½ millj., þegar búið er að hækka vextina í fiskveiðasjóðnum um leið upp í 6% og stytta lánstímann? Hvað haldið þið, að það verði margir sjómenn á Íslandi, sem geta komið með hálfa aðra milljón í lófanum til þess að leggja út í útborgun á slíkum bát? Og hvernig haldið þið, að þeim gangi að standa undir vöxtum og afborgunum af þessum nýju fiskveiðasjóðslánum og því, sem þeir þurfa að fá til viðbótar með 12% vöxtum?

En hvernig hafa þessi mál þróazt á undanförnum árum? Þau hafa þróazt yfirleitt þannig, að þessir bátar hafa komið í sjávarplássin víðs vegar um landið, og það hafa ekki verið Bogesenarnir yfirleitt, sem hafa átt þessa báta, þó að þeir vilji nú taka við. Það hafa ekki verið þeir. Það hafa ekki verið Bogesenarnir, sem hafa átt þessa báta, það hefur verið yfirleitt almenningur í þessum plássum, sem hefur átt bátana, ýmist í gegnum félagsskap sinn eða einstakir sjómenn, sem hafa slegið sér saman um bátana. Það er þetta, sem á að slá niður. Þetta er bara pólitísk fjárfesting, sem engan rétt á á sér. En ef einhver Bogesen getur keypt bát, þá er það efnahagsleg fjárfesting. Ef hann getur farið inn í bankana og fengið nokkrar milljónir til þess að kaupa nokkra slíka báta og nokkur slík skip, þá er það allt í lagi, það er efnahagsleg fjárfesting. Og það er engin hætta á því, að Bogesenarnir geti ekki klofið þetta, þó að bátarnir séu hækkaðir á þennan hátt. Það verður séð fyrir því. Þeir bara fá það, sem þarf, úr bönkunum, á meðan þessir aðilar fara með þessi mál, sem núna fara með þau. Það verður ekki bætt við það, sem sjómennina vantar til þess að fá sér bát. Nei, það verður ekki gert. Og þetta eru menn, sem gera þetta, sem eru kosnir á þing undir framfaramerki, undir því merki jafnvel, að það hafi verið of hægar framfarir í landinu og þeir, sem hafi haft þessi mál með höndum, hafi verið dragbítar á þessi mál. — Og þessir menn leyfðu sér að segja, að nýr skriður kæmi á uppbygginguna, þegar þessi nýja samsteypa kæmi til valda. Svo fara þessir menn og styðja þá til valda, sem rétta hreinlega rothögg að þessari uppbyggingu, sem hefur verið framkvæmd á undanförnum áratugum, — hreinlega rothögg, þannig að menn sjá ekki sitt rjúkandi ráð um, hvernig eigi að halda henni áfram. Og nú þegar hefur þetta haft þau áhrif, að menn hafa orðið að leggja til hliðar langflest uppbyggingarplön, sem menn hafa haft með höndum í byggðarlögum landsins. Menn sjá enga leið til þess að koma þeim í framkvæmd.

Hver trúir því, að það hafi ekki verið hægt að ráða fram úr þeim vanda, sem var í efnahagsmálum landsins um s. l. áramót, án þess að gerbreyta stefnunni á þennan hátt? Dettur ykkur í hug, að það sé hægt að bjóða nokkrum upp á þá röksemd, að þetta allt saman þurfi að gera út af því, þó að það kunni að hafa vantað 200—250 millj. kr. til þess að ná saman endum hjá atvinnurekendum og ríki, hafi þurft að gera þetta allt, alveg gerbreyta öllu þjóðlífinu til þess að jafna þá skakka, sem

kunna að hafa verið í þjóðarbúskapnum um s. l. áramót? Það er blátt áfram vansæmd að því, finnst mér, fyrir þá, sem fyrir þessu standa, að leyfa sér að tala um það, sem hér er verið að gera, sem einhvern óhjákvæmilegan hlut, sem hafi orðið að gera til þess að rétta efnahag landsins. Þetta á ekkert skylt við slíkt. Þetta er blátt áfram algerlega ný stefna í þessum málum, sem verið er að framkvæma. Og það hefur jaðrað við, að sumir af talsmönnum hæstv. ríkisstj. hafi viðurkennt þessa staðreynd. Það hefur jaðrað við það, og það verður þó að meta þeim heldur til innleggs, sem hafa flutt mál sitt þannig. En hitt er meiri hræsnin, að boða mönnum þetta allt, sem nú er verið að gera, á þeim grundvelli, að það hafi allt verið nauðsynlegt, til þess að rétta af þann halla, sem blasti við s. l. áramót.

Ef menn athuga þá heildarmynd, sem smátt og smátt er að skapast við þessar ráðstafanir ríkisstj. allar saman, þá er það ekkert ofmælt, sem einhverjir sögðu hér úr þeim herbúðum við byrjun þessara mála, þegar þau komu fyrst fyrir, að ætlunin væri sú að gerbreyta öllum þjóðarbúskapnum. Það er alveg rétt. Ætlunin er að gerbreyta öllum þjóðarbúskapnum og í þá stefnu, sem ég hef hér verið að lýsa. Svo verða menn að gera það upp við sig, hvort þeir vilja styðja að slíkri þróun eða ekki. Og þeir, sem hér að standa, þurfa ekki að halda, að allir þeir, sem hafa stutt þá til þingsetunnar, styðji þá í þessu, sem nú er verið að gera. Það kemur auðvitað ekki til mála. Þetta er svo gersamlega þveröfugt við það, sem margt af því fólki, sem þá hefur stutt, vill vera láta. Þetta skýrist smátt og smátt og tekur allt sinn tíma. En að það sé hægt að leyna því, sem raunverulega er verið að gera, með einhverjum fakírabrögðum, eins og hæstv. fjmrh. var að reyna að gera hér áðan, með því að bregða upp einhverjum útreikningum af því, að vísitölubúið tapi svona og svona mörgum krónum á einhverjum einstökum lið í þessu og fái aftur svo og svo margar krónur í öðrum lið, allar svona fakírakúnstir falla bara dauðar fyrir þeim staðreyndum, sem smátt og smátt koma fram á heimilunum og eru að koma fram á heimilunum og hjá þeim, sem hafa framkvæmdir með höndum.

Hvaða gildi haldið þið, að svona lagaðir útreikningar t. d. hafi hjá ungu fólki, sem er að skoða það þessar vikurnar, hvernig aðstaða þess muni hafa breytzt til þess til að mynda að koma upp íbúðum fyrir sig, þaki yfir höfuðið, eða t. d. ungum mönnum, sem ætla sér að eignast báta eða koma sér áfram við búskap? Hvaða gildi haldið þið, að þessir útreikningar hæstv. fjmrh. hafi fyrir þetta fólk?

Ég er eiginlega alveg steinhissa á því, að svona lagað skuli vera borið fram. Það hefur ekkert gildi, vegna þess að þetta fólk sér það glöggt, að við þessar ráðstafanir, sem nú er verið að gera, gerbreytist viðhorfið í þessum efnum á sorglegan hátt fyrir það. Og það er ekki hægt að sjá annað en það verði raunverulega þannig, að þeirri kynslóð, sem nú er að byrja sitt starf, sé ætlað að lifa í þjóðfélagi, sem hefur í raun og veru verið fært 20—30 ár aftur á bak hvað varðar alla aðhlynningu af þjóðfélagsins hendi við uppbyggingu almennings og alveg sérstaklega unga fólksins í landinu. Það er svo gerbreytt í því sambandi öllum viðhorfum.

Ég skal nú ekki hafa fleiri orð við þessa 1. umr. um þetta mál. Ég vildi láta nokkur orð falla um málið almennt við þessa umr. og læt hér með máli mínu lokið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar maður athugar það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur hér lagt fyrir um söluskatt, þá er eðlilegt að athuga það sem einn lið í þeirri ránsherferð, sem hæstv. ríkisstj. fer á hendur almenningi í landinu nú, bæði alþýðu og millistéttum, þar sem hæstv. fjmrh. virðist nú hafa tekið að sér hlutverk ræningjaforingjans. Og mér sýnist, að í þessu frv. sé hann enn þá að reyna að rifja upp eitthvað af sínu slétta máli og fallegu framkomu, sem hann hafði, meðan hann var borgarstjóri í Reykjavík, en hæfir ekki við þau verk, sem hann er að vinna að núna, og ég er hræddur um, að í umræðum um þetta mál allt saman eigi það eftir að koma nokkuð greinilega í ljós, hvernig hér fer saman fjármálaleg glópska og slík svívirða í árásum á almenning, að önnur eins hafi ekki þekkzt.

Hræsnin, sem kemur fram í sambandi við þetta mál, ekki sízt frá hæstv. fjmrh., er dæmalaus. Það hefur verið talað um það í sambandi við þennan söluskatt, að það ætti að afnema einn illræmdan söluskatt, sem verið hefði á Íslandi. Hvernig var sá illræmdi söluskattur? Sá illræmdi söluskattur var þannig, að svo framarlega sem hann hækkaði vörur, eins og hann eðlilega gerði, þá fékk almenningur uppbót fyrir þá vöruhækkun. Þessi illræmdi söluskattur þýddi, að þegar hann lagðist á vöru, sem fátækt fólk þurfti að fá, þá fékk það fátæka fólk, ef það hafði vinnu, nokkra uppbót fyrir. Hvernig er þessi söluskattur, sem hæstv. fjmrh. leggur hérna fram, sem á víst ekki að verða illræmdur? Hann heldur kannske, að hann eigi að verða ósköp vel rómaður? Hann heldur kannske, að hann eigi ekki að verða meingallaður, ranglátur og erfiður í framkvæmd, eins og hann var að lýsa þeim gamla söluskatti? Þessi söluskattur, sem verða mun alræmdur, áður en langt um líður, er lagður á við þær kringumstæður, að hann leggst allur á almenning bótalaust. Hann er nefskattur, sem leggst á alþýðu manna í landinu, á allar hennar nauðsynjar, án þess að alþýða manna fái hann að nokkru leyti upp bættan. Það er þetta hlutverk, sem hæstv. fjmrh. hefur tekið að sér að vinna fyrstur allra fjmrh. í marga áratugi á Íslandi, að níðast á þeim, sem fátækastir eru í landinu, sem eru varnarlausir fyrir, nema þeir verði að leggja til þeirrar atlögu að fara að stöðva vinnu um langt skeið til þess að fá í gegn kauphækkanir. Hingað til hefur alþýða landsins haft þá tryggingu, ef eitthvert ríkisvald, ef einhverjar yfirstéttir í landinu hafa lagt á skatta eins og þennan, að þessar yfirstéttir hafa orðið að gæta sín,

vegna þess að skattarnir hafa komið til baka í hausinn á þeim vegna vísitölunnar. Þær hafa orðið að reyna að fara hóflega þar í, af því að almenningur fékk uppbætur samkv. framfærsluvísitölu á sitt kaupgjald. Nú er skákað í því skjólinu, að búið sé að afnema þetta með lögum. Nú á að leggja á söluskatt, án þess að almenningur fái nokkurn skapaðan hlut upp bætta þá dýrtíð, sem hann veldur. Þetta er það fyrsta, sem er afbrigðilegt við þau lög, sem hér liggja fyrir og hæstv. fjmrh. nú hefur lagt fyrir, móts við öll önnur lög, líka þann gamla illræmda söluskatt, þegar hann var settur á.

Og þegar sjálfur hæstv. fjmrh. reyndi í ræðu sinni áðan að skoða þetta sem lið í öðrum aðgerðum ríkisstj., þá verður ekki heldur hjá því komizt að skoða þetta sem lið í öðrum ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. er að gera.

Það er skammt stórra höggva á milli hjá þeirri ríkisstj., sem nú er tekin við völdum á Íslandi. Nú nýlega voru allir bankavextir hækkaðir upp í 12% að undirlagi hæstv. ríkisstj., þannig að á sama tíma sem nú eru gerðar gífurlegar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu, þá eru líka gerðar alveg sérstakar ráðstafanir af ríkisstjórninni til þess að banna mönnum að bjarga sér. Þeir bankavextir, sem lagðir hafa verið á, vafalaust að undirlagi bæði hæstv. fjmrh. og bankamálaráðh., eru nú 12%, ofur lítið lægri, þegar allra nauðsynlegustu atvinnuvegirnir eiga í hlut, en nógir til þess samt, að annars vegar vofir yfir niðurdrep, stöðvun á frekari framkvæmdum á Íslandi. Menn leggja ekki í ný atvinnutæki. Í venjulegum kapítalistískum þjóðfélögum er gengið út frá því, að t. d. 10% gróði sé sæmileg afkoma eins fyrirtækis á venjulegum tímum. Þegar bankar taka 12% til sín, þá er það raunverulega orðið útilokað að ætla að taka lán hjá þeim til þess að reka venjuleg fyrirtæki. Það þýðir bara sama sem að banna raunverulega slíka starfsemi. Og það er ekki nóg með, að þannig sé verið að hindra, að það sé komið upp nýjum fyrirtækjum í landinu eða þeir, sem fyrirtæki hafa fyrir, auki við þau, a. m. k. fái neina aðstoð frá hálfu ríkisins til þess, heldur vofir beinlínis yfir núna stöðvun á þeim rekstri, sem fyrir er.

Það er vitanlegt, að sums staðar vofir yfir núna stöðvun á útgerðinni um hávertíðina hér sunnanlands vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar, vegna vaxtahækkunar ríkisstj., vegna fyrirmæla ríkisstj. um að draga úr útlánum, vegna asnalegrar stefnu, sem verið er að reka um það að neita mönnum um að fá nægilegt fé til þess að geta borgað út laun til þeirra, sem eiga að draga fiskinn úr sjónum. Þannig er vitanlegt og hefur vofað yfir bæði í Vestmannaeyjum og annars staðar, að útgerðin á Íslandi stöðvaðist þá og þegar, aðeins fyrir þessi asnalegu afskipti ríkisstj. af fjármálum þjóðarinnar.

Þessi vaxtahækkun er í fyrsta lagi, — ég ætla að byrja á þeim frægustu og voldugustu, — árás á atvinnurekendurna í landinu. Það er verið að gera þeim helmingi erfiðara fyrir, einmitt mönnunum, sem hæstv. ríkisstj. þykist sérstaklega vera að starfa fyrir. Þetta er í öðru lagi árás á millistéttirnar í landinu, þessi vaxtahækkun, og fyrst hæstv. fjmrh. hefur verið að tala við kaupmennina og fleiri undanfarið, þá hefur hann kannske fengið að heyra það hjá þeim, hvernig þeir líta á þessar vaxtahækkanir gagnvart sér í sambandi við þeirra veltu og þeirra viðskipti. En síðast, en ekki síst eru þessar vaxtahækkanir árás á alþýðu manna í landinu, þá alþýðu manna, sem á undanförnum áratugum hefur verið að byggja upp landið, hefur verið að húsa landið, hefur verið í eftirvinnu og næturvinnu svo að segja að skapa sér fögur híbýli, sem jafnvel hæstv. fjmrh. stundum hefur verið að tala um af nokkrum fjálgleik. Það er verið að segja við alla þessa menn, að nú skuli þeir ekki hafa neina slíka drauma lengur, nú skuli þeir hætta að hugsa um það, að þeir geti eignazt sínar eigin íbúðir. Það er það, sem verið er að segja með þeim bankavöxtum, sem nú er verið að pína í gegn að undirlagi ríkisstjórnarinnar.

En það er ekki nóg með þetta, það er ekki nóg með, að þarna sé verið að ráðast á allan þorrann af Íslendingum, nema örfáa stórkaupmenn í einkaréttaraðstöðu í Reykjavík. Það er líka beinlínis með þessu verið að ráðast á íslenzkt efnahagslíf. Þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í bönkunum í Reykjavík nú undanfarið, þýða að heita má bann við íslenzkri bankastarfsemi. Ég veit, að það hafa komið bréf að undirlagi ríkisstj. núna frá Seðlabankanum, þar sem lagt er fyrir viðskiptabankana að auka ekki útlánin frá því, sem þau nú eru. M. ö. o.: hvernig sem fiskurinn kann að hlaupa hér svo að segja á land til okkar, hvernig sem okkar barátta fyrir útvíkkun landhelginnar ber ávöxt í því, að okkar sjómenn afla meira, þá á með vitlausum fjármálalegum ráðstöfunum að gera mönnum helzt ómögulegt að halda áfram að afla meiri fisks, nema því aðeins að menn fari að fá útlenda banka til þess að hjálpa til við bankastarfsemina hér á Íslandi.

Þegar bankar voru myndaðir hér á Íslandi upphaflega, Landsbanki Íslands o. fl., þá var meiningin með þeim að hjálpa atvinnulífi fátækrar þjóðar, hjálpa atvinnulífi þjóðar, sem var að reisa sig úr nýlendukúgun. Til þess voru þeir íslenzku bankar þá stofnaðir. Hvað er sagt við þessa banka nú? Það er sagt við þá, að þeir skuli ekki reka útlánastarfsemi, þeir skuli hafa vexti, sem banna raunverulega alla eðlilega og heilbrigða fjármálastarfsemi í landinu, og þeir skuli draga úr útlánum, hvað sem snertir þörf þjóðarhags. En útlendir bankar, þeir mega reka bankastarfsemi á Íslandi. Geti menn fengið lán erlendis, þá skal allt vera í lagi, bara íslenzkir bankar mega ekki starfa. Þetta á vafalaust að vera einn liður í þeirri sveltiherferð, sem ríkisstj. undirbýr á hendur almenningi. Það á að vera sem minnst hægt að gera til þess að bjarga sér, eins og menn hafa bjargað sér hér á Íslandi almennt, þegar menn hafa átt við kreppu að stríða, þegar Bogesenarnir hafa farið á hausinn og almenningur sjálfur komið upp sínum

samvinnufyrirtækjum eða bæjarfyrirtækjum. Það á að reyna að girða fyrir slíkt nú með háum vöxtum, með banni á útlánum.

Það var svo sem greinilegt, — kom fram við lok ræðu hæstv. fjmrh., — hvaðan þessi pólitík er runnin og að hverju hún stefnir. Það er engin tilviljun, að hæstv. fjmrh. segir í þessari sömu ræðu, að það sé stefna ríkisstj. að draga Ísland inn í eitthvert fríverzlunarsvæði, innlima Ísland í eitthvert kreppukerfi úti í Evrópu í staðinn fyrir að reyna að halda því sjálfstæðu. Og það er auðséð, að þessi bankapólitík eins og þessi söluskattur og gengislækkun og annað slíkt, er einn þáttur í þessari aðför að sjálfstæði íslenzks efnahagslífs og velmegun íslenzkrar alþýðu.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi sé ljóst, hvers konar samræmdar aðgerðir þetta eru til þess um leið að koma á atvinnuleysi og fátækt á Íslandi.

Það átti að vera mikill fagnaðarboðskapur, sem kom í blaði hæstv. fjmrh., Morgunblaðinu, á sínum tíma, að nú ætti að afnema hinn illræmda söluskatt. Jú, það var ósköp mikið fagnaðarefni vissulega, ef söluskatturinn yrði afnuminn. Aldrei var hann góður, og lengi var maður búinn að rífast út af honum. Og jafnvel einu sinni var hæstv. núv. fjmrh. sjálfur að leitast við að draga eitthvað úr honum, þó að hann guggnaði á því. En nú átti sá illræmdi söluskattur að hverfa. Man nú hæstv. fjmrh., hvernig og í hvaða sambandi sá illræmdi söluskattur var settur á? Söluskatturinn hélzt alllengi, sá gamli, illræmdi, sem III. kafli laga um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, — ég held, að það hafi ekki verið um dýrtíðina, þó að hann væri til þess að auka hana. En I. kafli í þeim lögum var um að mynda sjóð, sem átti annars vegar að bæta útvegsmönnum og sjómönnum upp verð á fiski og hins vegar að greiða niður nauðsynjavöru almennings. Sem sé þessi gamli illræmdi söluskattur var þó lagður á til þess að bæta sjómönnum og útvegsmönnum upp of lítið verð, sem þeir ella hefðu fengið fyrir þann fisk, sem er grundvöllurinn að efnahag Íslands. Og enn fremur var hann lagður á til þess að greiða niður vöruverð hjá almenningi, og samt hefur hann alltaf þótt illræmdur, og nú tilkynnti Morgunblaðið, að það ætti að afnema hann.

Hvað kemur þá í staðinn fyrir gamla söluskattinn? Kemur þá söluskattur, sem á að bæta sjómönnum og útvegsmönnum upp eitthvað, sem á að tryggja afkomu útgerðarinnar, söluskattur, sem á að greiða niður verðlag á vöru almennings? Nei. Vondur var þessi gamli söluskattur, þegar hann var lagður á, vondur var hann þá, en ekkert er hann þó hjá þessum söluskatti, sem nú á að leggja á, því að þessi söluskattur er lagður á einvörðungu til þess að afla tekna í ríkissjóð, án þess að nokkuð af þeim tekjum fari til neins af því, sem tekjurnar af þeim gamla söluskatti upphaflega áttu að fara til. Hann fer hvorki til útvegsins — hvorki til sjómanna né útvegsmanna — né til þess að greiða niður verðlagið. En það, sem gerir þó mestan muninn, eins og ég gat um áðan, er þetta: Með álagningu þessa söluskatts er beinlínis höggvið skarð í tekjur alþýðuheimilanna og ekkert bætt upp, ekki að neinu leyti. Þessi söluskattur leggst á vöruverðið, hækkar vöruverðið, en hann hækkar ekki kaupgjaldið. Vöruverðið hækkar, en kaupgjaldið helzt, vegna þess að það er búið að banna að reikna verðlagsvísitölu á það. M. ö. o.: það, sem verið er að gera með þessari ráðstöfun, er að opna flóðgátt dýrtíðarinnar, þessa flóðgátt, sem aumingja Alþfl. þóttist ætla af miklum hetjuskap að standa á móti í síðustu kosningum og allir hans verkalýðsforingjar gáfu miklar yfirlýsingar um, að svo framarlega sem flóðgátt dýrtíðarinnar yrði opnuð, þá mundu þeir ekki bíða, þá yrði aldeilis lagt út í slaginn. Ég trúi ekki öðru en þeir tali hér. Hv. 1. landsk. þm. (SI), forseti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem talaði einna djarfast um þetta, og fleiri fulltrúar Alþfl., ef þeir eru ekki búnir að gleyma öllum loforðum, sem þeir gáfu fyrir kosningar, nema þeir séu komnir á það stig, að þeir vilji heldur reyna að láta þögnina skýla sér eftir síðustu og verstu aðgerðir þeirra. **(Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að ég hafði hugsað, að það yrði fundarhlé núna, nema það stæði svo sérstaklega á, að þm. ætti eftir mjög lítið af máli sínu.) Það er það mikið eftir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki kominn í sæti sitt, og af því að ég kann nú kannske einhverju miður fögru að honum að víkja, þá þykir mér skemmtilegra að mæla það þannig, að hann heyri, heldur en vera að segja honum það á bak, þannig að mér þætti vænt um, að ráðstafanir væru gerðar til þess, að hæstv. ráðh. væri við. **(Forseti:** Hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu sem stendur.) Ætli það væru ekki ráð þá að fá fundi frestað, þangað til hæstv. fjmrh. kemur, því að eins og hæstv. forseti veit, þá hafa áður orðið vandræði út af því hér í hv. Nd., að hæstv. fjmrh. hefur ekki verið við, og það er ákaflega leiðinlegt, ef það þarf að vera mikil rekistefna út af því, hvar maður eigi að leita hans. Þó að það hafi verið að nóttu til, þá er það sízt skemmtilegra að deginum til. **(Forseti:** Ég skal verða við þeirri ósk hv. þm. og gera hlé á fundinum í 15 mínútur.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fyrirfinnst nú enginn enn þá. Það er eitthvað erfitt. Hann er einhvers staðar nálægur. Það er vonandi, að það sé betra að finna hann, þegar bjart er, að degi til, heldur en á nóttunni, eins og fyrir jólin.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. lýsti því mjög fagurlega, að hann hefði talað við Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda og Vinnuveitendasamband Íslands og Verzlunarráð Íslands og kaupmannafélagið og stórkaupmannafélagið, ég er eiginlega hálfpartinn að vona, að hann gefi sér tíma til að tala við Alþingi, ég er þess vegna að skyggnast um eftir honum enn þá. — Það er mjög ánægjulegt að sjá loksins hæstv. fjmrh. Það er ákaflega gott að þurfa ekki að vera að leita mjög lengi að honum að deginum til. Það er sitt

hvað, þó að það sé erfitt á nóttunni, þegar ekki er leitarbjart. En það er mjög ánægjulegt, að hann skuli loksins vera kominn, og ég var að segja, að hann hefði tilkynnt, að hann hefði talað bæði við vinnuveitendur og stórkaupmenn og ýmis þeirra samtök, og ég var þess vegna hálfpartinn að vona, að hann mundi líka vera til í að tala við Alþingi.

Ég hafði þar komið í ræðu minni áðan, hvers konar árás þessi nýi alræmdi söluskattur, dýrtíðaruppbótarlausi, verður á alþýðu manna. Og auðvitað er það höfuðatriðið í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. er að gera, að skerða hlut alþýðu, að hrinda henni af því stigi bjargálna, sem hún hefur staðið á í tæp 20 ár, og niður í þá fátækt og atvinnuleysi, sem hún bjó við áður fyrr, og þessi söluskattur, að svo miklu leyti sem hann er liður í hernaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn alþýðu, þá miðar hann að þessu. En söluskatturinn kemur ekki aðeins við alþýðu manna, þó að hann komi þyngst niður á henni og bótalaust. Hann kemur líka við millistéttirnar. Og ég held, að það séu nokkuð margir af millistéttarfólkinu í Reykjavík, jafnvel ekki sízt af smærri kaupmönnunum og handverksmönnum, sem margir hverjir hafa fylgt Sjálfstfl. um áratugi, sem líta með ugg á þessar aðgerðir. Fyrir smákaupmennina lítur það þannig út, að þeirra álagning á ekki að hækka í krónutölu, hins vegar verður velta minnkuð, kostnaður ýmiss konar hjá þeim vex, ríkisstj. gerir alveg sérstakar ráðstafanir til þess að gera þeim erfiðara fyrir um lánsfé og hækka á þeim vexti og gera þá háðari stórkaupmönnunum, og það er nú þegar altalað hér í Reykjavík, að þessar ráðstafanir ríkisstj., þessar samræmdu hernaðaraðgerðir hennar gegn alþýðu og millistétt muni hafa þær afleiðingar að setja allmarga smærri kaupmenn, handverksmenn og millistéttarmenn á hausinn, gera þá gjaldþrota.

Þegar gengislækkunin og öll sú gífurlega dýrtíð, sem hún hefur í för með sér, söluskatturinn og sú dýrtíð, sem hann veldur, og vaxtahækkunin og útlánaminnkunin og þeir erfiðleikar, sem ríkisstj. þar með veldur þessari millistétt, þegar þetta allt kemur saman, þá er greinilegt, hvert stefnt er. Það á, svo að ég noti orðalag, sem einu sinni var notað í öðru sambandi, það á svo að segja að skera niður við trog meginið af millistétt Reykjavíkur, millistétt, sem hefur verið efnuð í krafti þess, að verkalýðurinn hefur verið bjargálna, í krafti þess, að verkalýðurinn hefur haft næga vinnu, í krafti þess, að verkalýðurinn hefur getað velt af sér dýrtíðinni með vísitölunni. Þessa millistétt á augsjáanlega að skera niður, og þessi millistétt hefur verið sá þjóðfélagslegi grundvöllur Sjálfstfl. hér í Reykjavík og hans fylgis og jafnvel kannske ekki hvað sízt þeirra vinsælda, sem núv. hæstv. fjmrh. um tíma sem borgarstjóri Reykjavíkur hefur átt að fagna í þeim hóp. Ég segi þetta bara til þess, að menn geri sér alveg ljóst, hverjar hljóta að verða þær pólitísku afleiðingar af þessum ráðstöfunum.

Það er kannske ekki alveg úr vegi að minna á, undir hvaða kringumstæðum það var, sem Sjálfstfl. öðlaðist þó nokkuð mikla tiltrú hjá mörgum frjálslyndum mönnum, ekki sízt hér í Reykjavík. Það var ekki fyrir klakahöggið og aðfarirnar að atvinnulausum verkamönnum hér á árabilinu 1930—40. Nei, Sjálfstfl. öðlaðist nokkra tiltrú og skóp sér nokkurt fylgi hjá frjálslyndara fólki m. a. vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru á nýsköpunarárunum, og ekki hvað sízt þeirra ráðstafana, sem gerðar voru til þess að gera vextina handa þeim, sem keyptu togara eða komu sér upp hraðfrystihúsum, 2½%. Það þótti skynsamlega ráðið. Þá þótti sýnt, að menn væru að hugsa um að koma upp atvinnulífi í landinu, og það voru ýmsir, sem fengu þá trú á Sjálfstfl. En sá Sjálfstfl., sem ávann sér eitthvert traust með því að setja vextina 2½%, hann mun glata því trausti, þegar hann setur vextina 12%, bætir svo alræmdum söluskatti ofan á, hefur fyrst og fremst staðið fyrir þeim illræmda söluskatti, sem áður var, bætir hann að engu upp og kemur svo með gengislækkun ofan á allt saman.

Það er þess vegna bezt, að menn sjái alveg greinilega fyrir, hverjar þær þjóðfélagslegu afleiðingar verða af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. nú er að leggja út í. Þjóðhagslega séð eru allar þessar ráðstafanir ekkert nema vitleysa. Frá efnahagslegu sjónarmiði Íslands hafa aldrei verið færð nein rök fram fyrir neinum af þessum ráðstöfunum, aldrei verið sýnt fram á neina nauðsyn fyrir Ísland að gera eina einustu af þessum ráðstöfunum. En hins vegar eru afleiðingarnar greinilegar.

Afleiðingarnar verða í fyrsta lagi fátækt almennings. Það verður að nefna það því orði, sem við þekktum hér einu sinni. Það má vel vera, að það þyki eitthvað fínna núna að tala um kaupgetuleysi eða minnkaða kaupgetu eða eitthvað þess háttar, það þyki eitthvað hagfræðilegra, eitthvað sérfræðingalegra orðalag, en það, sem það þýðir fyrir hinn almenna mann, það er fátækt. Það má tala um skriffinnsku, það má tala um skömmtun og að allt slíkt kerfi sé slæmt. En það er ekkert slíkt skömmtunarkerfi eða skriffinnskukerfi, sem er verra en fátæktin. Og af því að henni hefur verið haldið frá íslenzkum alþýðuheimilum í 18 ár, þarf að gera svona hrottalegar ráðstafanir eins og þessi söluskattur er liður í til þess að leiða hana yfir alþýðuheimilin aftur. Og það er bezt, að menn horfist í augu við þann blákalda veruleika, vegna þess að sá blákaldi veruleiki hefur framkallað þá hörðustu baráttu, sem hér hefur verið háð á Íslandi. Og það er ekki vert, að þeir menn verði neitt hissa, sem horfa framan í þá baráttu seinna, að þeir fari að kenna einhverjum öðrum um. Það eru þeir, sem eru að kalla hana fram með þessu. Og Sjálfstfl., ef hann ætlar að fara að taka upp þá pólitík, sem hann rak á þeim tímum, þá mun hann aftur eiga að horfa framan í það, sem hann hefur helzt hliðrað sér hjá síðustu tvo áratugi, aðgerðir eins og 9. nóv. 1932.

Það var máske hægt alllengi að láta menn búa við fátækt á þeim árum, þegar menn

þekktu ekki annað, þegar menn héldu, að það væri óhjákvæmilegt. En það væri fáránleg villa af núverandi valdhöfum að láta sér detta í hug, að sú alþýða Íslands, sem hefur búið við bjargálnir í 20 ár, muni sætta sig við að fá þá fátækt yfir sig aftur. Það mun bezt að horfast í augu við.

Í öðru lagi: Afleiðingin af þessum ráðstöfunum verður hrun millistéttanna. Það er rétt, að millistéttin hér í Reykjavík hefur verið mjög stór, og hún hefur líka verið mjög efnuð og hún hefur oft og tíðum borizt máske óþarflega mikið á, — svo að maður noti orðalag, sem virðist vera hæstv. ríkisstjórn mjög kært: hún hefur kannske stundum lifað um efni fram. En sú hrossalækning að ætla að skera þá millistétt niður á þennan hátt, sem nú er lagt til og þetta frv. er einn liður í, kann ekki góðri lukku að stýra. Hver sú ríkisstj., sem ætlar sér að leiða fátækt yfir almenning og hrun yfir millistéttirnar, verður að horfast í augu við, hverjar afleiðingarnar af hennar verkum verða, og það er bezt fyrir hana að verða ekkert hissa eftir á. Og til hvers er verið að gera þetta hvort tveggja? Til þess að koma hér á harðstjórn peningavaldsins. Til þess að safna peningunum saman í höndum örfárra manna, tryggja þeim góð útlend bankasambönd, láta þá ráða bak við tjöldin íslenzku bönkunum og láta þá uppskera auð að sama skapi sem alþýðan verði fátækari, en millistéttirnar hrynja. Þetta er það, sem stefnt er að með þessum ráðstöfunum. *Og það verður óhjákvæmilega svo, að í hvert skipti* sem hin einstöku frv. ríkisstj. nú hvert á fætur öðru koma hér fram á Alþingi, sem öll miða að því sama, þá er eðlilegt og nauðsynlegt að minna á allt þetta samhengi.

Svo að ég komi nánar inn á þær sérstöku álögur, sem í þessu felast, þær álögur, sem a. m. k. alltaf óumdeilanlega eru 282 millj., þá er máske rétt að minna á, að fyrir nýár, held ég hafi verið, sagði hæstv. forsrh., að það væru nú eiginlega ljótu tíðindin í aðsigi, hann ætlaði varla að geta komið orðum að því, hvað það væri ljótt, sem hann þyrfti að tilkynna þjóðinni. Það hefði verið svo ægileg aðkoma hjá honum. Það væri hvorki meira né minna en hann sæi fram á, að það þyrfti að leggja 250 millj. kr. í nýjum sköttum og álögum á þjóðina. *Svona væri það skelfilegt.* Aldrei hefði hann getað grunað, að þetta ætti hann eftir að uppgötva, þegar hann tók við ríkisstjórn, 250 millj. kr., fyrr mætti nú rota en dauðrota að ætla honum að leggja öll þessi ósköp á þjóðina. En það var von hann yrði hissa. — Nú var þetta tóm vitleysa hjá honum. Það þurfti engar 250 millj. að leggja á þjóðina. Ef hann hefði þá nokkurn tíma þorað að ræða þetta við Alþingi, hefði verið hægt að koma honum niður í svona 125, en hann treysti sér aldrei til þess að ræða það neitt. Hvað kemur svo núna? Nú erum við bara með einn pínulítinn þátt, bara með þennan söluskatt, og hæstv. fjmrh. var að segja hér áðan, að þessi söluskattur væri svo saklaus, hann væri svo góður, að raunverulega væri bara gróði að honum fyrir almenning, og hann reiknaði út, hvað alþýðufjölskyldan græddi á því að fá svona fínan söluskatt. Það eru eitthvað annað skattarnir hans Gunnars heldur en skattarnir hans Eysteins. Það er bara stórgróði að því að fá svona söluskatt og sleppa að fá vísitölu á hann. — Nei, hæstv. forsrh. hafði uppgötvað það fyrir nýár, að þessi skelfilegu ósköp, sem fram undan væru, væru þau, að það yrði að leggja 250 millj. kr. á þjóðina. Og það var þetta, sem hann hryllti við. Hæstv. fjmrh. kemur hér aftur á móti með 282 millj., og hann hryllir ekki við. Nei, hann segir, að það sé stórgróði fyrir hverja einustu alþýðufjölskyldu, og reiknar út, hvað hún græði, þær standi miklu betur á eftir. Hann er þó að leggja á 282 millj. með þessu, en hæstv. forsrh. var hræddur við að leggja á 250, enda hefði hann aldrei þurft þess. Það er svo sem auðséð, hverjum er att á foraðið, sem hæstv. ríkisstj. er að skapa með sinni pólitík.

Það er alveg greinilegt af þessum yfirlýsingum, þegar þær koma saman hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að það var ekkert til, ekkert fyrirbrigði í þjóðfélaginu, sem gerði þessar álögur nauðsynlegar. Það var ekkert í efnahagskerfi Íslands fyrir, sem gerði neitt af þessu nauðsynlegt. Það var hægt að deila um það hér fyrir nýárið, hvort það væru 125 eða kannske, eins og hæstv. forsrh. sagði, 250 millj., sem þyrfti að leggja á, — eða þá, sem sumir eiga nú erfitt með að hugsa sér, að spara. Það var það, sem þeir áttu að deila um. Það var *ekkert í efnahagslífi Íslands, sem gerði* neitt af þeim álögum, sem nú hafa verið lagðar á, nauðsynlegt. Krafan um það er komin annars staðar frá, enda ljóstraði hæstv. fjmrh. því upp, þegar hann kom lengra í sinni ræðu. M. ö. o.: hér er nú lagt á bara með þessum pínulitla þætti í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, þessum gróðavænlega þætti fyrir alþýðuheimilin, eins og hæstv. fjmrh. sagði, meira en forsrh. upplýsti fyrir nýár að þyrfti yfirleitt að leggja á, þó að gamla uppbótakerfinu væri haldið.

Svo var eitt loforðið, sem gefið var, og það var skriffinnskan, þessi óskaplega leiðinlega skriffinnska, hún átti nú aldeilis að hverfa: skriffinnskan í sambandi við skömmtunina, skriffinnskan í sambandi við leyfin, *skriffinnskan í sambandi við allt mögulegt.* Menn áttu sannarlega ekki lengur að þurfa að fara til neinna kontóra, opinberra stjórnarvalda, til þess að ná í hitt og þetta. Hvernig er svo með þetta frv., sem hér liggur fyrir? Er skriffinnskan alveg þurrkuð út í því? Hér er í annarri hverri grein þessa frv. gert ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. verði að ákveða ótal hluti með sérstökum reglugerðum, sérstökum leyfum. Í staðinn fyrir að þessir hlutir væru gerðir einfaldari í sniðunum en þeir voru áður, þá er allri vitleysunni, sem í þeim var, haldið og bætt svo ofan á hana. Það á meira að segja auðsjáanlega að fara að innleiða svo að segja nýja stétt manna í landið. Þessi söluskattur á að vera þannig, að sérstakir menn eiga að vera undanþegnir honum, og ég er hræddur

um, að það komi til með að þurfa nokkuð hárfína aðgreiningu, þegar á að fara að finna út, hvenær menn eiga að sleppa við söluskattinn og hvenær ekki. Mér sýnist t. d., að matsölurnar, ef ég skil rétt, eigi að geta keypt í búðunum með því að hafa eitthvert kort upp á vasann og eigi ekki að greiða söluskatt af því, af því að þær selja aftur. Hvernig ætli það sé með fjölskyldur til dæmis, sem hafa einn eða tvo í kosti? Eiga þær þá að kaupa í matinn, sem fer handa kostgangaranum, söluskattsfrítt, en sennilega að borga söluskatt af því, sem er handa þeim, sem tilheyra heimilinu? Hæstv. fjmrh. virðist sjálfur eiga að aðgreina þetta allt saman. Mér skilst, að hann eigi að gefa út einhver sérstök kort, einhver sérstök skírteini, þau eigi þessir greifar, sem eiga að vera söluskattsfrjálsir, að ganga með upp á vasann, og þegar þeir koma í búðina, þá eigi þeir að sýna, að þeir séu einhverjir skattfrjálsir greifar af náð hátignar fjármálaráðherrans, og þá skuli þeir fá allt söluskattsfrítt. En hinir veslingarnir, sem bara eru að sjóða ofan í sig, kaupa handa heimilunum og hafa jafnvel ekki kostgangara á heimilunum, þeir fá ekki neitt kort hjá hæstv. fjmrh. Ég held það þyrfti að skýra dálítið betur fyrir okkur, hvernig þetta allt saman á að verða í framkvæmd.

Hæstv. fjmrh. var að segja það áðan, að hann hefði verið svo meingallaður, fyrir utan það, hvað hann hefði verið ranglátur og erfiður í framkvæmd, sá gamli söluskattur. Ég er nú ofur lítið búinn að sýna fram á, að þessi sé nú enn ranglátari, því að alþýðuheimilin fá þó enga uppbót fyrir þennan skatt, þau fengu þó vísitölu á þann gamla.

Svo vil ég minna á eitt. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem við fáum söluskatt um svipað leyti og við fáum gengislækkun. Þegar gengislækkunin var sett á 1950, var það eitt af höfuðloforðunum, sem voru gefin, að söluskatturinn skyldi verða afnuminn. Af hverju átti að afnema hann? Ég skal minna hæstv. fjmrh. á það. Söluskatturinn var upphaflega settur á til þess að láta útflutningsuppbætur í té handa útveginum. Þess vegna var sagt 1950: Nú ætlum við að afnema söluskattinn, því að nú lækkum við gengið, og nú þarf ekki lengur að hafa söluskatt, því að hann var bara til þess að láta útvegsmenn fá uppbætur. — Og hvað var svo gert? Jú, gengið var lækkað, og svo var söluskattinum haldið ofan á allt saman. Þegar menn svo fóru að tala um þessa vitleysu á eftir, hvað sögðu menn þá? Jú, þá sögðu hagfræðingarnir með voðalegri speki: Það var gerð sú vitleysa 1950, þegar gengið var lækkað, að söluskattinum var haldið. Það var haldið áfram að íþyngja almenningi, og það voru allt of miklar tekjur, sem ríkið fékk, í staðinn fyrir að það átti að spara. Svona vitleysur voru gerðar 1950, sögðu þeir lærðu hagfræðingar eftir á. Menn héldu söluskattinum, þegar menn lækkuðu gengið, í staðinn fyrir að þá átti að afnema söluskattinn. Og hvað er svo verið að gera nú? Hvað er verið að gera? Jú, það er verið að lækka gengið til þess að afnema uppbæturnar. Og hvað kemur svo? Svo kemur söluskatturinn. Sem sé, það á að halda söluskattinum, það á að hækka söluskattinn, og það á að gera hann enn þá ranglátari og enn þá vitlausari en áður. Og svo á vafalaust að koma eftir tvö ár og segja: Dæmalaus vitleysa var þetta, sem gerð var 1960. Menn afnámu ekki söluskattinn, þegar þeir lækkuðu gengið. — Og hálærðir menn frá París og Washington koma og segja: Það er ekki nokkurt vit í þessu stjórnarfari. Hvers konar Bakkabræðrastjórnarlag er þetta? Geta menn ekki munað nokkurn skapaðan hlut af því, sem verið var að tyggja í þá af þeim útlendu hagfræðingum fyrir 10 árum, þó að menn taki aldrei tillit til neins, sem þeir eru aðvaraðir um af íslenzkum alþingismönnum?

Nei, ég skal segja hæstv. fjmrh., hvað er verið að gera með þessum söluskatti. Það er verið að byrja á hringrás vitleysunnar aftur. Það er verið að undirbúa næstu gengislækkun, af því að menn þora ekki að horfast í augu við að breyta okkar þjóðarbúskap. Alveg eins og þessi söluskattur er settur á núna, eins verður bátagjaldeyririnn settur á næsta ár. Og þeir byrja á allri sömu vitleysunni og eftir 1950, af því að ráðin, sem þeir grípa til, eru bara eins og þegar sumir sjúkir menn eru látnir moka sandi á vissan stað.

Mér heyrðist næstum á hæstv. fjmrh. áðan, að hann væri nú eiginlega að byrja að sjá vitleysuna í þessu. Þegar hann fór að tala um þetta frv., þá sagði hann, að sérfræðingar ríkisstj. hefðu undirbúið þetta frv., hagfræðingarnir og vissir lærðir menn, sem hann gat um. Og svo talaði hann um athuganir ríkisstj. á þeirra till. Hann var að gefa í skyn, að ríkisstjórnin hefði ekki búið þetta frv. til, nei, það hefðu bara hagfræðingar gert. Svo hefðu komið til athuganir ríkisstj. á þeirra till. Má ég nú spyrja hæstv. fjmrh: Eru þetta till. ríkisstjórnarinnar eða ekki? Ég spyr vegna þess, að þegar allar vitleysurnar í afleiðingunum af þessu fyrir utan í útreikningunum koma í ljós, þá er það hæstv. ríkisstj., sem á að hrökklast frá, en ekki hagfræðingarnir. Það er ekki til neins að ætla að kenna hagfræðingunum um þetta. Það er eins og að ætla að kenna reiknivélunum um hlutina. **(Gripið fram í:** Þetta er stjfrv.**)** Jú, það er líka það eina, sem minnir á það. Það stendur að vísu hvergi, en samkv. reglunum er það það. En eins og hæstv. fjmrh. sagði sjálfur, þá leit helzt út fyrir, að það væru hagfræðingar, sem hefðu útbúið þetta frv., og svo hefðu bara komið til athuganir ríkisstj. á þeirra till. Er hæstv. fjmrh. nú þegar byrjaður að reyna að skjóta ríkisstj. undan ábyrgðinni af þessu frv. og þess afleiðingum? Heldur hann, að af því að sumir héldu, að hagfræðingarnir hefðu týnt 100 milljónunum, sem hann týndi víst sjálfur, þá sé nú hægt að koma sér hjá því, að ríkisstj. beri ábyrgð á þessu frv.?

En út af þeim týndu 100 millj., sem nú var verið að bæta ofan á með þessum átta prósentum, þá erum við ekkert hissa á, þótt svona týnist. Við erum ekkert hissa á þessum vitlausu útreikningum. Við erum svo alvanir

þessu. Ég var hér nýlega að rekja, hvaða vitleysur hefðu verið gerðar í útreikningunum 1950 í sambandi við fiskverðið. Þá stóð það í gengislækkunarfrv., að fiskverðið ætti að hækka samkv. því frv. úr 75 aurum upp í 93 aura. Og við tókum þetta í gegn í fjhn. þessarar d. og fengum þá yfirlýsingar um það frá hraðfrystihúsunum, að þau mundu ekki borga 93 aura. Þetta var 1950. Og ég sagði frá þessu nú í sambandi við gengislækkunarfrv. Og ég yfirheyrði sérfræðinga ríkisstj. í fjhn. þessarar d. nú í sambandi við gengislækkunarfrv. og ég spurði þá að því, hvað fiskverðið ætti að vera eftir þeirra útreikningi, og þeir gáfu þá yfirlýsingu, að það ætti að hækka um 28% eða a. m. k. úr kr. 2.12 upp í a. m. k. kr. 2.50, þannig að hraðfrystihúsin greiddu til útvegsmanna a. m. k. kr. 2.50 í staðinn fyrir kr. 2.12. Og ég gat um þetta í minu nál. Hefur þetta verið gert? Er búið að framkvæma þetta? Er búið að hækka verðið svona við smáútveginn? Hafa þessir reikningar sérfræðinganna staðizt? Hefur það, sem Davíð Ólafsson fiskimálastjóri sagði hér í fjhn. þessarar d. við okkur og ég letraði niður eftir honum, hefur það staðizt? Er ekki allt, sem þessir sérfræðingar hafa reiknað út, tóm hringavitleysa?

Svo þarf hæstv. fjmrh. ekki að vera neitt hissa, þó að maður kippi sér ekkert upp við það, þó að tapist einar 100 millj. þarna, því að þarna skakkar það mörg hundruð milljónum. Það skakkar öllum grundvellinum í þessu öllu saman. Það er sagt við þjóðina, að það sé verið að gera alla þessa vitleysu, sem gerð er, til að bjarga sjávarútveginum. En þetta er gert til þess að stöðva sjávarútveginn. Og það, sem ríkisstj. kemur til með að þurfa að gera næstu daga, er að hlaupa frá hverju einasta af öllu því, sem hún er að ákveða, brjóta kerfið, gefa eftir á kerfinu, vinna á móti „prinsipum" kerfisins til að láta atvinnulífið ganga, því að kerfið er hringlandi vitlaust.

Mótsagnirnar koma alls staðar fram, eins og í ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Hann segir við okkur t. d.: Þessi 8.8% á söluskattinum, það er nú bara í ár. Það er nú í bráðabirgðaákvæðunum. — Hvað segir hann svo rétt á eftir? Þá segir hann, að stefnan sé sú að létta af beinum sköttum og fara þess vegna inn á söluskatta. Náttúrlega hefði ekki einu sinni þurft að segja það. Við, sem höfum verið á Alþ. þann tíma, sem ég hef verið, vitum, hvað sjaldan það kemur fyrir, að skattur, sem lagður er á, sé afnuminn. Það þarf þess vegna ekki einu sinni yfirlýsingu, eins og hæstv. fjmrh. gaf, til þess að menn mættu nokkurn veginn vita það, að þessi 8.8% skattur verður líklega ekki í bráðabirgðaákvæðum næst, heldur innlimaður í sjálft frv., kannske um leið og bátagjaldeyririnn yrði settur á.

Hæstv. fjmrh. boðaði fleira, og það er nú eiginlega hið góða við hæstv. fjmrh., að hann kemur helzt ekki hér í stólinn án þess að gefa yfirlýsingar f. h. hæstv. ríkisstj. Að vísu hef ég stundum það á tilfinningunni, að hinir ráðh. hafi ekki ætlazt til þess, að það sleppi svona út úr honum. En það er ágætt, að hann taki slíka forustu fyrir ríkisstj., því að ég hef einhvern veginn þá hugmynd, að allir hinir ráðh. kinoki sér hálfpartinn við því, sem þeir eru að gera, hæstv. fjmrh. sé alveg ósmeykur við að ana út í þetta allt saman. Þess vegna tilkynnti hann: Nú er stefnan að létta beina skatta. — Já, að létta beina skatta. Það á ekki að létta nefsköttum af þjóðinni. Það á ekki að létta söluskatti af þjóðinni, ekki einu sinni illræmdum eða alræmdum söluskatti. Nei, það á að létta beinum sköttum.

Það er eðlilegt, að beinir skattar lendi yfirleitt meira á efnamönnum og þeim ríku í þjóðfélaginu, nefskattar á þeim fátæku, svo að það er alveg auðséð, hverja hæstv. fjmrh. hefur í huga við þessa stefnuyfirlýsingu sína. En merkilegust af þeim yfirlýsingum, sem hann hér gaf, var þó sú, sem hann gaf næst á eftir þessu, hvernig aflétta skyldi beinum sköttum. Þá gaf hann þá yfirlýsingu, að það væri nú meiningin að gera verzlunina frjálsari og komast inn á eitthvert fríverzlunarsvæði eða bandalag. Ég hefði satt að segja eftir öllum reglum um skiptinguna milli ráðherranna kunnað betur við að fá svona yfirlýsingu frá hæstv. viðskmrh., að það væri stefna ríkisstj. að ætla að komast inn í einhver sérstök viðskiptabandalög eða inn á eitthvert sérstakt fríverzlunarsvæði. Hingað til hefur þessi yfirlýsing ekki verið gefin.

Hæstv. fjmrh. hleypur auðsjáanlega fram fyrir skjöldu og gefur nú yfirlýsingu, rétt eins og þegar hann var að tala um nýja efnahagskerfið fyrir nýárið, og þetta er ákaflega gott við hæstv. fjmrh. Hann segir sem sé frá því, sem hinir eru að hugsa. Og þá veit maður, á hverju maður á von. Ég er nefnilega alveg sammála hæstv. fjmrh., að þetta er tilgangurinn hjá hæstv. ríkisstj., sá tilgangur, sem hún er alltaf að reyna að dylja, því að hér hafa verið gefnar margar yfirlýsingar um, að það sé ákveðin stefna ríkisstj. að viðhalda t. d. viðskiptunum við hin sósíalistísku lönd og gera ekkert, sem gæti orðið til þess að brjóta þau niður. Það er auðséð, að hæstv. fjmrh. er allt annarrar skoðunar, að það á þvert á móti að stefna að því, og hann gefur yfirlýsingu um, að það sé stefna ríkisstj. að innlima Ísland í eitthvert fríverzlunarsvæði. Öll verk ríkisstj. miða að þessu. Og það er ákaflega gott fyrir mig sérstaklega að fá staðfestingu á því frá hæstv. fjmrh., að þetta sé markið, sem stefnt er að, vegna þess að menn hafa verið að bera brigður á það áður. Ég hef haldið því fram, að það, sem býr á bak við allar efnahagsaðgerðir ríkisstj., væri að innlima Ísland í kreppukerfi kapítalismans í vesturátt eða ameríska, það væri höfuðtilgangurinn og sá vilji væri höfuðorsökin fyrir því, að út í þetta er lagt. Það eru engar íslenzkar efnahagslegar aðstæður, sem gera það að verkum, að lagt er út í þá hringavitleysu og þá svívirðu, sem efnahagskerfi ríkisstj. er, heldur einmitt þessi vilji: að innlima Ísland í kreppukerfið. Og það, sem veldur því, að það er gert, er, að voldugir bankar og lánastofnanir í París og New York eða Washington hafa gert það að skilyrði við

ríkisstj. í þeirra samningum, að þetta yrði gert, og þess vegna sagði hæstv. forsrh. í umr. um gengislækkunarlögin og raunar hæstv. sjútvmrh. líka, að ríkisstj. ætti einskis annars úrkosta. Það, sem fyrir þeim er nauðung, er fyrir hæstv. fjmrh. fagnaðarboðskapur og stefna. Fyrirskipun auðvaldsins í Vestur-Evrópu um að innlima Ísland í sitt kreppusvæði, það er stefnan, sem hann er þarna að vinna að.

Mér sýnist hæstv. fjmrh. vera eins og að búa sig undir að verða eins konar faktor þessa erlenda fjármálavalds á Íslandi, sem yrði gert fátækt. Og hafi honum ekki verið ljóst, hvert hann væri að stefna með þessu, þá vonast ég til, að ég tali a. m. k. svo ótvírætt, að hann verði ekkert hissa á því seinna, þó að þetta eigi eftir að koma í ljós. Vegna fyrirskipana erlends auðvalds til þess að innlima Ísland í kreppukerfi þess er ráðizt í þá röngu og skaðlegu efnahagspólitík, sem þessi söluskattur er einn þáttur af. Í krafti þessa er verið að rýra lífskjör íslenzkrar alþýðu, er verið að gera alþýðu Íslands aftur fátækari, er verið að leiða efnahagslegt hrun yfir millistéttirnar á Íslandi og verið að gera öllum atvinnurekstri á Íslandi erfiðara fyrir, leiða kreppu yfir hann, til þess að þeir smærri fari á hausinn og þeir voldugustu, sem hafa velþóknun útlenda auðvaldsins og ríkisstj., geti keypt upp sem mest af eignum, sem hingað til hafa verið dreifðar á marga Íslendinga. Og í samræmi við þessa pólitík boðar hæstv. fjmrh. að létta beinum sköttum af ríkum mönnum og auðkýfingum og boða þyngri söluskatta framvegis, því að eins og hann sagði: Þegar búið er að innlima Ísland í eitthvert friverzlunarsvæðið, þá má ekki leggja á tolla nema takmarkað. Þá heyrir Ísland undir þau lögmál, að það verður að lækka jafnvel tollana á Íslandi, þannig að þeir séu ekki hærri en í þeim löndum, sem búið er að innlima Ísland í, og þá er það bara söluskattur, sem er eftir, söluskattur, sem leggst jafnt á alla framleiðslu, fiskinn og mjólkina eins og útlenda iðnaðarvarninginn, þá er það nefskattsprinsipið, sem á að ríkja í því fátæka Íslandi, sem útlenda auðvaldið er búið að klófesta. — Þetta er stefnan, sem hæstv. fjmrh. er að boða.

Svo sagði hæstv. fjmrh., að nú ætti að afnema tekjuskattinn, og reiknaði og reiknaði og reiknaði í sambandi við tekjuskattinn. Má ég spyrja: Af hverju er ekki farið að sýna okkur þennan tekjuskatt enn þá? Því er ekki frv. um þennan tekjuskatt komið fram? Hvað er það, sem tefur Orminn langa? Það var búið að lofa þessu í sambandi við gengislækkunina og lofa þessu í sambandi við söluskattinn. Hvað tefur Orminn langa? Af hverju kemur ekki frv? Er það satt, að þegar ríkisstj. fór að reikna skalann, þá hafi eftirgjafirnar, tekjuskattslækkunin á hálaunamönnunum verið svo gífurleg, að jafnvel sjálfri ríkisstj. hafi þótt nóg um, tekjuskattsminnkunin á alþýðu manna hafi verið svo lítil í samanburði við það, sem þeir stóru fengu eftir gefið, að hún hafi ekki þorað að sýna hann, hún sé þess vegna enn þá að endurskoða tekjuskattinn? Því megum við ekki fá að sjá þennan tekjuskatt, sem alltaf er verið að tala um? Er þetta eitthvert huldubarn?

Eitt er a. m. k. víst. Með breyt., sem á að gera í sambandi við að draga úr tekjuskattinum eða afnema hann á svo og svo stóru svæði teknanna, er verið að gefa tekjuháum mönnum mjög ríflega eftir. En með þessu, sem hér er verið að gera, er verið að auka nefskatta á almenningi mjög ríflega, og þetta kallar hæstv. fjmrh. að létta á landslýðnum. Þetta er að létta á landslýðnum. Landslýðurinn — er það bara þeir ríku? Anzi held ég, að það dragi skammt, t. d. hér í Reykjavík, hvað atkv. snertir næst fyrir Sjálfstfl., ef hann ætlar ekki að reikna landslýðinn annað. Og svo talar hann um tilflutning. Er tilflutningurinn sá, að tekjuskatturinn er tekinn burt, honum er létt af þeim efnameiri og nefskattur í staðinn settur á alþýðu manna? Það er tilflutningurinn. Ef hann heldur lengi áfram, hæstv. fjmrh., og á eftir að vera fjmrh. í mörg ár og þetta er hans fyrsta ganga, hvernig verða þá hinar?

Svo fór hæstv. fjmrh. að reikna. Ég held, að hann eigi að láta sérfræðingana um að reikna. Það er miklu, miklu skynsamlegra. Hann var búinn að reikna. Hvað var hann búinn að fá mikinn gróða? Hann var búinn að reikna fyrir meðalfjölskylduna, að þetta voru ekki nema 1400 kr., sem komu á meðalfjölskylduna, — sumir mundu segja, að það færi upp í nokkur þúsund, — og svo fékk hann í staðinn 1400 eftirgefið í tekjuskatti og 700 eftirgefið í útsvari. Þetta var stórgróði af þessu frv. upp á 700 kr. Og hvernig var farið að við að reikna gengislækkunina? Hvernig var reiknað þá? Jú, þá var gengislækkunin reiknuð, svo var reiknað: svona komu miklar fjölskyldubætur, svona fá menn mikinn frádrátt í skattinum. Því í ósköpunum gleymdi fjmrh. að reikna með fjölskyldubótunum áðan? Gróðinn af þessum söluskatti er miklu, miklu meiri en hann hélt. Hann gleymdi fjölskyldubótunum. Hvernig verður með þær eiginlega á endanum, þessar álögur, sem ríkisstj. er að reikna á? Það lá við, að gengislækkunin væri hagur, og þetta er bara beinn gróði. Hugsið þið ykkur svo, þegar tekjuskatturinn kemur fram, ég tala nú ekki um, þegar við förum að ræða alvarlega almannatryggingarnar hérna. Þvílíkur óskapagróði er ekki af þessari gengislækkun og söluskattinum! Það er ekki amalegt að vera fjmrh. á þessum tímum.

Nei, ég er hræddur um, að hæstv. fjmrh. sé búinn að gleyma því, sem hæstv. forsrh. sagði, þegar hann tilkynnti ríkisstjórnina. Hæstv. forsrh. tilkynnti þá nefnilega, hvaða endurbætur ætti að gera, en talaði í raun og veru sem minnst um allar álögurnar. Honum var nefnilega ljóst, að endurbæturnar voru allar saman smásárabætur á svöðusár, sem átti að veita. Og það er það, sem er inntakið í þessu öllu saman, og það er ekki til neins að ætla að reyna að setja sama plásturinn yfir í hvert

einasta skipti, sem verið er að ræða um þetta. Það er miklu betra að horfast strax í augu við það. Það er verið að undirbúa með öðru frv. að létta sköttum á þeim tekjuháu og þeim efnameiri. Það er verið að þyngja á almenningi, á þeim almenningi, sem var rændur fyrir, á þeim almenningi, sem er níðzt á fyrir með geigvænlegri álögum en þekkzt hafa í sögu margra áratuga á Íslandi, jafnvel nokkurn tíma hafa þekkzt.

Svo lauk hæstv. fjmrh. ræðu sinni með því að segja, eftir allar þær sjónhverfingar, sem hann var að reyna að hafa hér í frammi: Við í ríkisstj. ráðfærðum okkur við góða menn, áður en við lögðum þetta fyrir Alþ. — Það var mjög fróðlegt að heyra það. Það var nefnilega um það leyti, sem Sjálfstfl. hætti að vera í stjórnarandstöðu og fór að gerast stjórnarflokkur aftur, þá lýsti hann því yfir, að það skyldi nú ekki aldeilis verða haldið þeim hætti, að áður en sum frumvörp væru lögð fram á Alþ., væri verið að tala við hitt og þetta fólk, sem fyrir kosningar er kallað háttvirtir kjósendur utan þingsalanna, og jafnvel forsetinn, sem kosinn var hér þá og tilheyrði Sjálfstfl., tók við sem forseti sameinaðs Alþingis, ef ég man rétt, sagði, um leið og hann tók við, að það yrði nú aldeilis hætt þeim vinnubrögðum að vera að tala við einhverja menn utan þingsala, jafnvel einhver samtök, áður en frv. væru lögð fyrir Alþ. Það var þess vegna mjög gott að fá þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem hann lauk ræðu sinni með hér áðan, eftir að hafa gefið yfirlýsinguna um innlimunina í Vestur-Evrópu. Hann sagði, að það hefði verið talað við nokkra aðila, þetta hefði verið sent sem trúnaðarmál, og auðvitað heyrðum við þm. það fyrst sem trúnaðarmál frá þessum aðilum, sem það var sent til, og þessir aðilar voru Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband ísl samvinnufélaga, Vinnuveitendasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, kaupmannasamtökin og Stórkaupmannafélag Íslands. Það eru því þessir menn, sem á að tala við utan þingveggjanna. Það var ekki það, sem var að hér áður fyrr frá sjónarmiði Sjálfstfl., að það var talað við viss samtök utan þingsalanna. Það var bara það að, að talað var t. d. við aðra eins menn og verkamenn og bændur eða þeirra samtök. Það var það, sem var glæpur. Og það er auðséð, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að vera að tala við mennina, sem eiga að borga söluskattinn, sem eiga að bera hann bótalaust. Nei, það var ekki talað við þá. Það eru vafalaust ekki nógu fín samtök fyrir þá, sem ætla að innlima Ísland í fríverzlunarsvæði auðhringanna í Vestur-Evrópu. Nei, það verður að tala við fína menn. Það verður að tala við stórkaupmennina, þá stórkaupmenn, sem eiga að fá sérstök lán í Vestur-Evrópu, þegar bönkunum er lokað fyrir venjulegum Íslendingum. Það eru þessi samtök. Kannske ég mætti spyrja, hvað þessi samtök, a. m. k. flest þeirra nema eitt, borga í Sjálfstfl., það væri a. m. k. gaman að fá útreikninginn yfir það, stórkaupmennirnir, vinnuveitendurnir, Félag ísl. iðnrekenda eða aðrir slíkir. Ég sé, að það hefur ekki einu sinni verið talað við samtök, ef t. d. Alþfl. átti einhverja fulltrúa þar í. Það er ekki verið að hafa svo mikið við þennan flokk, sem verður nú að teljast stjórnarflokkur, að það sé verið að spyrja meira að segja samband eins og Alþýðusamband Íslands, þó að hann hafi þar fjóra menn í stjórn, þar af einn þingmanninn, sem hér er í hv. Ed.

Það er ekki nóg með, að þessum samtökum hafi verið sýnt það sem trúnaðarmál. Nei, hæstv. fjmrh. upplýsti líka, að ábendingar þeirra hefðu verið teknar til greina, vissar ábendingar þeirra. Má ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða ábendingar voru það, sem þessir stórkaupmenn og aðrir slíkir gerðu, sem voru teknar til greina? Það þætti mér vænt um að fá upplýsingar um, ef ekki nú við þessa umr., þá mun ég aftur krefjast upplýsinga um það í fjhn. þessarar hv. d. og í hvaða formi þetta frv. hafi verið, þegar hæstv. ríkisstj. hafi sent það til þessara samtaka. Ég hélt, að þetta væri 1. umr. málsins hér, en það væri ekki nein aukaumræða úti í bæ og fyrst væri farið að breyta frv. þar eftir ábendingum stórkaupmanna, áður en farið er að ræða við Alþingi Íslendinga. Ég hélt, að 1. umr. væri hérna og svo færi málið í nefnd, og hingað til hefur það verið starf nefndanna á Alþ. að senda mál til umsagnar og ræða við hin ýmsu samtök þjóðarinnar og fulltrúar slíkra samtaka kæmu hér til fjhn. Alþ. og segðu þeim, hvað þeir álitu athugavert við þessi mál, fjhn. ræddi innbyrðis um það, ræddi við ríkisstj. um það, reynt að bæta úr, ef hægt hefði verið, ýmsum göllum eða a. m. k. málin verið rædd. Ég sé, að hér mun eiga að hafa aðra hætti á. Eiga kannske þessi fínu samtök, sem hæstv. fjmrh. nefndi, að vera eins konar konungkjörin efri deild, sem ríkisstj. útnefnir sjálf og ráðgast sjálf við og tekur ábendingar þessara konungsfulltrúa til greina, áður en málin eru lögð fyrir Alþingi Íslendinga — venjulegra Íslendinga? Hvers konar málsmeðferð er þetta? Og fyrst svona meðferð er höfð, því er þá ekki öllum gert jafnt undir höfði. Maður skyldi ekki halda, að það væri flokkur allra stétta, sem hagar sér svona. Manni liggur við að detta í hug, að þetta sé flokkur yfirstéttar, sem hagar sér svona og þykist of fínn til þess að tala við Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda eða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem sé fulltrúa 90% Íslendinga, sem eiga að borga.

Hæstv. fjmrh. minntist á það, að það mundi nú verða gefinn kostur á að athuga þetta og bæta. En ég sé það nú, að hæstv. fjmrh. er búinn að gefa vissum aðilum kost á að athuga þetta og bæta, sem sé hinum fínu mönnum í landinu, þeim ríku mönnum í landinu, og þeir hafa vafalaust bætt þetta frá sínu sjónarmiði. Mér skilst þá, að hann ætli að eftirláta okkur í fjhn. að gefa þeim fátækari í landinu, þeim vinnandi stéttum í landinu, þeim sem á að gera fátæka, verkamönnum, launþegum, bændum, gefa þeirra samtökum kost á að athuga

þetta og bæta, og ég vona þá, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki á móti því, að fjhn. d. sendi þetta þá til umsagnar þeirra samtaka, sem eru fulltrúar fyrir 90% Íslendinga, eftir að ríkisstj. hefur talað við þessi 2—3%, sem hann taldi upp áðan, eða varla það.

Nei, það er greinilegt af öllu, sem hér um ræðir, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að þyngja álögur á almenning í landinu. Engar sjónhverfingar, sem hæstv. fjmrh. með sinni sléttu framsetningu á málunum, sínum tilraunum til hvers konar blekkinga í málsmeðferðinni, engar slíkar sjónhverfingar geta dulið, hvað er að gerast.

Það, sem er að gerast, er, að það er verið að skipuleggja fátæktina á Íslandi. Af því að það hefur ekki verið hægt að koma henni á þessi 20 ár með allri þeirri verðbólgu, sem yfirstéttin í landinu hefur stjórnað og ráðið og skipulagt, þá á nú að koma fátæktinni á með harðstjórn peningavaldsins, með þeirri harðstjórn, sem nú er verið að skipuleggja og einstaka menn jafnvel dirfast að kalla frelsi.

Verkið, sem hæstv. fjmrh. hefur tekið að sér að vinna, er að skipuleggja fátæktina. Það er ljótt verk og það er illt verk. Það er versta verkið, sem unnið hefur verið hér á Íslandi um áratugi. Þessi söluskattur og það frv., sem hér er um hann, er aðeins einn þáttur í þessu, einn þáttur í sambandi við vaxtaokrið, einn þáttur í sambandi við gengislækkunina, einn þáttur í sambandi við atvinnuleysið, sem verið er að skipuleggja, einn þáttur í sambandi við stöðvun íbúðarhúsabygginga, sem verið er að undirbúa. En eitt er mönnum rétt að gera sér ljóst og ganga ekki í neinar grafgötur með: Sú alþýða, sem í 20 ár, a. m. k. 18 ár, hefur búið við bjargálnir, sættir sig ekki við fátækt baráttulaust.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er nýliði hér og ætlaði ekki að fara að taka þátt í þessum umr., þegar ég kom á fund í dag, en hv. 1. þm. Austf. gaf mér tilefni til að standa upp. Hann var að reikna hér og reikna, og hann nefndi margar tölur, og ég ætla líka aðeins að reikna, en ekki að nota margar tölur. Það er þeim mun einfaldara að melta þær. Ég ætla aðeins að nota eina tölu, töluna 200.

Það er viðurkennt og ekki vefengt, að við höfum á undanförnum árum tekið lán erlendis, sem nemur 200 millj. kr. árlega, og lifað þannig 200 millj. kr. um efni fram. 200 millj. kr. eru 20% af útflutningi þjóðarinnar, ef við miðum við venjulegt gengi eða gamla gengið. En nú er komið að skuldadögunum, og þetta er ekki nein smáræðisskuld, sem þarf að greiða. Hún er þeim mun stærri, þegar við þurfum að borga hana tvöfalda. Hafi það verið áður 10% á útflutningnum, þá verða það nú 20%, þegar við þurfum að fara að endurgreiða.

Það fannst mér einna broslegast hjá hv. 1. þm. Austf., þegar hann var hér að fordæma skattana. Hann hefur aldrei séð aðra björg en skatta. Hann á vafalaust líka heimsmetið í skattaálagningu.

Þegar Framsókn komst fyrst til áhrifa hér á fjórða tug aldarinnar, byrjaði hún valdaferil sinn á því að leggja í rúst myndarlegan atvinnurekstur, einkarekstur, í mörgum byggðarlögum. Hún ofsótti einkaatvinnureksturinn leynt og ljóst, og henni varð mikið ágengt. Hún notaði alla aðstöðu, jafnvel banka, og ég, sem er úr Vestmannaeyjum, þekki kannske eitt gleggsta dæmið, hversu svívirðilega var farið að því að ofsækja einkareksturinn, þegar atvinnurekstur Gísla J. Johnsens var lagður í rúst. Hann var í miðri uppbyggingunni. Hann var að fá sér nýtízku báta af allra fullkomnustu gerð, sem þá gerðist á Íslandi, með meiri nýtízkutækjum en áður þekktust. Hann var í miðri byggingu á þurrkhúsi, sem var auðvitað framfaraspor og kom seinna. Hann var að byggja nýtízkulifrarbræðsluna, og hann var nýbúinn að endurbyggja fiskimjölsverksmiðju. Allt þetta var stöðvað í miðjum klíðum af Framsfl., sem þá komst til valda. Og við skulum hugsa okkur það, að þeir framsóknarmenn hefðu nú komið og bjargað byggðarlaginu með atvinnurekstri. Nei, þeir gerðu það ekki. Það liðu tíu ár, það leið alveg að stríðinu, og það kom enginn þarna til þess að taka við því myndarlega verki, sem var stöðvað í miðjum klíðum.

Aðeins varð þó vart við lítils háttar anga. Það var KEA, sem kom til Vestmannaeyja á vetrarvertíð til þess að kaupa saltfisk. Og til hvers? Til þess að ná í gjaldeyri. Þeir voru undanþegnir að hlíta sömu reglum og aðrir um meðferð gjaldeyris. Þeir gátu látið sér nægja að gera skil á gjaldeyrinum, senda skýrslu um það, hvernig þeir höfðu varið honum.

Þá minntist hv. 1. þm. Austf. á bankana og var að tala um það, hve menn og að manni gat skilizt ekki hinir réttu menn hefðu mikinn og góðan aðgang að bönkunum. En hvað skeði nú, — við skulum ekki fara langt aftur í tímann, — þegar vinstri stjórnin tók við? Lét hún ekki samþykkja nýja bankalöggjöf til þess að geta fengið fullkomin yfirráð yfir bönkunum, og við skulum ætla, að það hafi ekki verið hinir vondu menn. Ótrúlegt er, að búið sé að ausa svo miklu fé úr bönkunum síðan, það er ekki svo langt síðan vinstri stjórnin hrökklaðist frá, að það ætti að vera komið þannig eins og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vildi draga myndina upp. Nei, það var ramakvein þess manns, sem finnur, að hann hefur ekki sömu tök þarna og hann hafði áður.

Þá var þessi hv. þm. hér að fella krókódílstár yfir álögunum á almenning, sköttunum á soðninguna og kjötið, eins og hann var að tala um. Ég veit ekki til,— ég hef nú ekki horft á hann hér í ráðherrastól, — að hann hafi nokkurn tíma, þegar hann var ráðherra, fellt tár yfir álögum á almenning. Og ekki var nein fordæming á gengislækkun, þegar hann sat í ríkisstj. og Framsókn lagði til, að gerð yrði gengislækkun. Nei, nú er það eitthvað það versta, sem á að hafa verið gert. Nú mátti laga allt á annan hátt en að framkvæma gengislækkun. Ef þetta er ekki tvískinnungur, þá

veit ég ekki, hvað tvískinnungur er. Eystein Jónsson hefur aldrei klígjað við sköttum.

Í sambandi við skattana og tollana getum við sagt, að þeir séu allt of miklir, og ég vil segja það fyrir mig, að ég hefði kosið, að hætt hefði verið niðurgreiðslum og tollarnir lækkaðir. Ég álít, að það hefði verið heilbrigðara. En þar kemur margt til greina, það hefði sjálfsagt lagzt miklu þyngra á almenning en með því að fara þá leið, sem farin var.

Lífsafkoma almennings mætti áreiðanlega vera betri. Það eru allir menn þannig hugsandi, að þeir vilja lífsafkomu almennings sem bezta, hvað svo sem hv. 1. þm. Austf. segir um hinn vonda tilgang efnahagsfrv. og núv. ríkisstjórnar og stjórnarflokka. En ég held, að höfuðmeinsemdin í því, að afkoma almennings er ekki betri en hún er, sé sú, að yfirbyggingin er allt of mikil. Það er yfirbyggingin og hin mikla skriffinnska, sem lamar lífsafkomu almennings og dregur allt of mikið til sín. En ég held, ef við eigum að fara að rekja orsakirnar til þess, þá sé það fyrst og fremst til vinstri flokkanna. Þeim hefur aldrei fundizt nóg komið af nefndum og opinberu eftirliti og hafa ungað út einni stofnuninni á fætur annarri, sem hefur orðið að launa og halda uppi, ekki aðeins með kaupgjaldi, heldur húsnæði, svo að ríkisstofnanir eru hér dreifðar út um allan bæ. En það er auðvitað á fleiri sviðum, sem léleg lífsafkoma segir til sín, og það mætti nefna mjög mörg dæmi um það, hvernig gálaust líferni vinstri flokkanna og vinstri stjórnarinnar kemur nú niður á almenningi, þegar þarf að fara að reisa hlutina við.

Hv. 1. þm. Austf. minntist hér á eina af sögupersónum Halldórs Kiljans Laxness, Bogesen. Bogesen var góðlátur kaupmaður um 1920, og það er ekki óskemmtileg mynd eða endurminning, sem menn hafa um Bogesen úr sögu Laxness, síður en svo. Hann var atvinnurekandi og kaupmaður og lifði þá breytingu, sem varð, þegar verkalýðsfélögin fóru að láta til sín taka, og hann beið á vissan hátt sinn ósigur. En Íslendingar höfðu annan yfirdrottnara yfir atvinnulífi sínu og lífi heldur en Bogesen og alla Bogesenana, sem voru og hétu um 1920. Fram um aldamótin og fram yfir þau voru selstöðukaupmennirnir öldum saman allsráðandi í lífi íslenzku þjóðarinnar. Þeir gátu haft hlutina alveg eins og þeir vildu. Þeir gátu haft búðina opna tvo tíma á dag, ef þeim svo sýndist, og þeir sátu náttúrlega yfir hlut manna, eftir því sem þeim fannst að þeir þyrftu, til þess að fá sínar krónur heim. Þeir neituðu sjómönnum, sem reru til fiskjar á opnum skipum, um salt í fiskinn sinn, ef þeir vildu ekki selja selstöðukaupmönnunum hann upp úr sjó, af því að meira var fyrir þá upp úr honum að hafa þannig. En hvað er verið að minnast á þessa hluti hér? Eru nokkrar hliðstæður 1960 við það, sem var fyrir 60 árum eða mörgum öldum? Jú, það eru einmitt hliðstæður í dag, svo einkennilegt sem það er. Og eru það þessir harðsvíruðu kaupmenn, atvinnurekendur, frystihúsamenn og braskarar, eins og þeir heita á máli þeirra Tímamanna? Nei, það er hinn græni laukur, samvinnufélögin. Í haust, þegar stóð til að fara að ráða til sín báta, þá sagði kaupfélagsstjórinn á Hornafirði við smáatvinnurekanda þar, sem hafði haft einn eða tvo báta: Heyrðu, góði minn, ég ætla ekki að kaupa af þér beinin eða lifrina í vetur. Þú getur lagt árar í bát. — Þetta minnir mann átakanlega á atferli selstöðukaupmannanna öldum saman gagnvart Íslendingum. Ég er ekkert að fara lengra aftur í tímann, en Hornafjörður er frægur úr sögunni fyrir slíkar hliðstæður. En engin ástæða er til að rifja upp þær syndir. En það er víða svo hér á landi, þar sem kaupfélögin eru algerlega einráð á sama hátt og Bogesen. Þau náttúrlega beita valdi sínu misjafnlega og nota aðstöðuna. Það fer eftir mönnunum. En þetta er til og sjálfsagt víðar en þarna, þar sem einokunin er. Þess vegna viljum við, sem unnum frjálsu framtaki, fyrst og fremst samkeppni og teljum hana beztu leiðina til þess að skapa lágt vöruverð og þar með góða lífsafkomu, fjölbreytni í framleiðsluháttum o. s. frv. Þó að leitt sé að þurfa að segja það, hefur Framsfl. gert allt, sem hann hefur getað, til að skapa samvinnufélögunum aðstöðu til þess að útiloka samkeppni og skapa þeim þannig sömu aðstöðu og einokunarkaupmennirnir höfðu. Framsóknarmenn hafa árum saman haft það í lögum, sem komið var á fyrir þeirra atbeina, að banna byggingu sláturhúsa, þar sem sláturhús var fyrir, og það voru oftast nær kaupfélagshúsin. Þannig gátu þeir útilokað samkeppni um afurðir bænda, og þetta hefur verið ómetanlegt fyrir kaupfélögin. Á áratugnum fyrir stríð var bannað að byggja frystihús og flytja inn frystivélar, og það var notað miskunnarlaust gegn einkaframtakinu, sem mátti ekki komast af stað með slíkt. Mörg dæmi eru um það, hvernig menn í stórum verstöðvum urðu að kaupa gamlar vélar úti á landi og setja þær í gömul hús til þess að reyna á einhvern hátt að komast áfram fram hjá þessum ákvæðum, sem áttu að hindra samkeppnina.

Í sambandi við ráðstafanirnar skal ég segja það, að auðvitað eru atvinnurekendur ekki hrifnir af því, að vextirnir séu hækkaðir. Það getur hver maður sagt sér sjálfur. Og auðvitað erum við ekki hrifnir af því, að dregið sé úr lánunum. Haldið þið, að við séum hrifnir af því, að Seðlabankinn ætlar nú ekki að lána okkur nema helming út á framleiðsluna, en lánaði okkur áður ⅔? Nei, við erum ekki hrifnir af þessu. En við erum eins og sjúklingur, sem tekur inn bragðvont lyf. Við erum jafnvel eins og sjúklingur, sem gengur undir skurðaðgerð. Við viljum þola bragðvont lyf, og við viljum þola sársauka í von um bata. Við viljum ekki vera háðir ríkisvaldinu jafnmikið og við höfum verið, þó að hv. 3. þm. Reykv., — þið fyrirgefið, ef ég ruglast í röðinni, — lofi það og vilji halda við þessu sama skipulagi. Við viljum það ekki. Við viljum burt með afskipti ríkisvaldsins. En það er skiljanlegt, að hann sjái hilla undir sigur stefnu sinnar við aukin afskipti ríkisvaldsins. Það getur maður vel skilið. En ég held, að allir séu sammála um, að þetta

fyrirkomulag a. m. k., sem við höfum búið við nú frá því í lok stríðsins með sífelldum breytilegum uppbótum, sem hafa borið þessi og hin heiti, var búið að ganga sér fullkomlega til húðar.

Okkur langar ekki, að smámurkað sé úr okkur lífið, en verið var á góðri leið með það. Okkur langar ekki, að atvinnurekstur einstaklinganna fari yfir til bæjarfélaganna eða ríkisins, þegar búið er með rangindum að koma okkur fyrir kattarnef eða atvinnurekstri okkar. Nei, við trúum ekki á, að bæjarfélög eða ríkið geti náð betri árangri og skapað almenningi betri lífsafkomu. Við trúum því ekki, og ég er sannfærður um, að svo er ekki. Það er alveg rétt, að það hafa verið erfiðir tímar hjá útgerðinni og fiskverkuninni nú í haust og framan af vertíð, á meðan lítið aflaðist. Hv. 3. þm. Reykv. minntist á það, og hann sagði, að það hefði gengið erfiðlega að greiða kaup, og það er alveg rétt. Það er margur atvinnurekandi, sem hefur átt erfitt með að greiða kaup í haust og í vetur, þó að hann hafi ekki verið krossfestur í Þjóðviljanum eða Tímanum, ef munað hefur tíu mínútum. En það er ekki efnahagsráðstöfunum núv. ríkisstj. að kenna, það var komið til áður. Það var allt of illa búið að fiskvinnslunni og útgerðinni í byrjun s. l. árs, og af því var verið að súpa seyðið. En við skulum vona, að gæftir og góður afli létti undir, ekki aðeins með útgerðarmönnum, heldur líka með ríkisstj., því að það er nú einu sinni svo, að ekkert blessast, ef forsjónin heldur ekki í höndina á manni. Og við skulum vona, að forsjónin haldi í höndina á þjóðinni með því að gefa henni meiri og betri afla og betri gæftir en hún hefur lengi gert. Við getum þurft að þola tímabundið tap, og við getum þurft á lánum að halda til þess að fleyta okkur yfir erfiðleikana eða dauða tímann.

Okkur ber öllum saman um, að mikilvægast af öllu sé kannske sjávarútvegurinn, og ég þarf ekkert að segja: kannske, því að fyrir hverja krónu, sem við kaupum erlendan varning fyrir, fáum við 95 aura frá sjávarútveginum. En þó er nú viðurkenning þjóðarinnar eða forráðamanna hennar á þessum atvinnuvegi ekki meiri en það, að helzt er algerlega útilokað að fá nokkur stofnlán, t. d. til fiskvinnslu. Bankarnir mega ekki heyra nefnd stofnlán. Þeir geta hugsað sér að fara kannske allt upp í 100% rekstrarlán, en stofnlán, guð hjálpi okkur, nei, ekki krónu. Þetta er auðvitað ekki heilbrigt, það er langt, langt frá því, við atvinnuveg, sem er jafnnauðsynlegur og sjávarútvegurinn, hvernig sem á málið er litið.

Í sambandi við vextina, sem hv. 3. þm. Reykv. var að minnast á, hefði ég nú álitið, — það þýðir ekkert að vera að segja það nú, þetta er klappað og klárt og engu verður breytt, en það getur hver sagt sína skoðun á hlutunum fyrir því hreinskilnislega og afdráttarlaust, — að vextirnir af lánum út á sjávarafurðir eða þessi seðlabankalán, sem við köllum og verða nú ekki nema helmingur, — látum það vera, — hefðu ekki átt að hækka. Refsivextirnir hefðu þá verið 12%, eins og gert var ráð fyrir. Það hefði þó a. m. k. náð þeim tilgangi að pína þá, sem voru í þessum atvinnurekstri til þess að eiga sem mest fé í þessu sjálfir. Þegar mismunurinn er orðinn svona gífurlegur eins og milli 5 og 11½ eða 5½ og 12, þá segir það sig sjálft, að hver einasti maður hefði lagt sig allan fram um að reyna að skulda ekki neitt á þessum refsivöxtum. Ég minnist þess, þegar ég kom stundum inn í bankann og var að reyna að slá fyrir vinnulaunum, lán, sem ég átti kannske lítinn rétt á, af því, hvernig búið var að sjávarútveginum með stofnlán, heyrði ég það oft, að bankarnir yrðu að vera með sín lán á refsivöxtum, 12%, og lánuðu svo aftur féð út á 7½ eða 8%. Og þetta fannst náttúrlega bankastjóranum hreinasta goðgá, og ég skal alveg játa, að það var það. En auðvitað hefði atvinnurekendum fundizt nákvæmlega það sama og lagt sig alla fram um að þurfa ekki að sæta slíkum refsivöxtum. Þetta er nú klappað og klárt. En það kemur dagur eftir þennan dag, og það getur vel verið, að augun opnist á öðrum fyrir þessu sama, þó að ég skuli ekkert um það segja. En ég trúi því, að menn séu svo réttsýnir og glöggskyggnir á þarfir útflutningsframleiðslunnar, að þeir sjái, að það er mjög mikilvægt að létta undir með henni, ekki aðeins með aðgang að stofnlánum, heldur með hæfilegum rekstrarlánsvöxtum og rekstrarlánum.

En það er þó kannske enn annað, sem er miklu mikilvægara fyrir okkur, af því að það er grundvallaratriði, og það er jafnrétti rekstrarformanna. Það er ekkert gaman að stunda atvinnurekstur í þjóðfélagi, þar sem annar er ofhlaðinn sköttum á öllum sviðum, en hinn skattfrjáls, og ekki aðeins skattfrjáls, heldur styrktur á allan hátt, eins og opinberi reksturinn er. Ef það er sveitar- eða bæjarfélag, sem hefur atvinnurekstur með höndum, greiðir það auðvitað ekkert útsvar, það greiðir auðvitað engan skatt og fær venjulegast styrk í útsvörum frá borgurunum, en á sama tíma má einareksturinn stynja undir þungum veltuútsvörum og sköttum og margs konar öðrum gjöldum. Alveg sama má segja um ríkisreksturinn. Víðast hvar er hann algerlega skattfrjáls. Þetta er kannske eitthvað það allra versta. Lítils háttar útsvar, sem er þó ekkert sambærilegt við einareksturinn, ber hann sums staðar, eins og á Siglufirði. Og þó er ekki fullupptalið misrétti rekstrarformanna, því að samvinnufélögunum, þó að þau séu þarna einhvers staðar mitt á milli, er sannarlega hyglað í þessum efnum. Ég man ekki betur en við síðustu útsvarsálagningu væri Samband ísl. samvinnufélaga útsvarsfrjálst í Reykjavík, en hefði það verið einkarekstur, hefði það þurft að borga margar millj. kr., og alveg það sama er að segja um kaupfélögin úti um land. Þau verða að vísu sums staðar að bera eitthvert veltuútsvar, eða eitthvert útsvar, af því að þau hafa tekið við af einkarekstrinum, sem oft og einatt var lagður í rúst. Það hefur orðið að leggja á þau útsvar, af því að þau hafa orðið að bera uppi gjöld til bæjarfélaganna eða sveitarfélaganna. Það var óhjákvæmilegt. En það er samt sem áður ekkert borið saman við það, sem einareksturinn verður að bera, og sjálfsagt

eru þau ekki skyld til þess samkv. lögum, að greiða útsvar nema af verzlun utanfélagsmanna, sem alltaf er hægt að hnika til, eins og hverjum sýnist. Alveg það sama er að segja um skattana. Þau eru í mun lægri skatti eða svo að segja alveg hverfandi skatti borið saman við einkareksturinn. En þrátt fyrir þetta þótti framsóknarmönnum, sem eru eins og skjaldborg um samvinnufélögin, — og látum það gott heita, — ekki nóg að gert, heldur þurftu þeir að beita sér fyrir setningu laga, sem voru hreint rán hjá einkarekstrinum og einstaklingunum, og það er stóreignaskatturinn, sem mun halda uppi nafni hv. 1. þm. Austf., á meðan reynt verður að berjast fyrir verndun eignarréttarins á Íslandi.

En það er kannske margt, sem hefur hjálpað til að gera lífsafkomu almennings verri en hún gæti verið. Og fyrst og fremst er það ráðdeildarleysi þeirra, sem hafa stjórnað undanfarið, t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég minnist þess t. d., að á þingmálafundi, — ég hef aldrei getað gleymt því, — sagði hv. 1. þm. Austf.: Ég mokaði og mokaði atvinnubótafé í þetta og þetta sveitarfélagið eða útgerðina, sem þar var um að ræða. — Já, hann mokaði og mokaði eftir þörfum. Haldið þið, að það hafi bætt lífsafkomuna að vera að moka fé í t. d. útgerð Austfjarðatogaranna, til þess að þeir gætu lagt upp hérna í Reykjavík, eins og þeir gerðu þetta ár allt? Ég held, að 4.4 millj. hafi það verið, ég man það ekki almennilega, nefni þessa tölu, til þess að menn fái einhverja hugmynd um það. Ekki er furða, þó að almenningur súpi seyðið af því í dag. Og það virðist vera mælt af söknuði, að ekki væri hægt að halda slíku áfram nú, þegar hann hafði ekki lengur tögl og hagldir á ríkissjóði.

En það er auðvitað á fleiri sviðum en í sambandi við skattana, sem hefur verið mismunað, t. d. opinberum rekstri og samvinnurekstri. Við vitum, að í sambandi við innflutninginn hafa þessir aðilar haft allt aðra aðstöðu en einkareksturinn. Og það eru ótal eftirlitsnefndir og skrifstofubákn, sem Framsfl. fyrst og fremst hefur beitt sér fyrir til þess að geta hlúð að þessum atvinnurekstri fram yfir aðra. En við, sem trúum á einkaframtakið og einkareksturinn fyrst og fremst, neitum því að vísu ekki, að opinber rekstur geti verið nauðsynlegur á vissum sviðum. *En ég fyrir mitt leyti trúi* ekki á, að atvinnurekstur í venjulegum skilningi geti nokkurs staðar náð betri árangri undir stjórn þess opinbera heldur en undir stjórn einstaklinganna, ef á það er litið, hvað bezt er fyrir almenning í landinu og lífsafkomuna í heild. Við trúum á það, að samfara þessum efnahagsráðstöfunum, sem nú er verið að gera, hversu erfiðar sem þær eru, fyrst og fremst vegna þeirra synda, sem við verðum nú að gjalda fyrir og voru drýgðar í tíð vinstri stjórnarinnar, fáum við aukið frelsi, og við trúum á það, að við fáum meira jafnrétti eða kannske fullkomið jafnrétti í atvinnurekstri og verzlun. Við trúum á það, að farsælasta leiðin til betri lífskjara sé afnám skriffinnskunnar, afnám haftanna og afnám forréttindanna og jafnrétti atvinnurekstrarformanna í skattheimtu og útsvörum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það hefur verið sagt hér í þessum umr., að frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. um söluskatt, sé í rauninni aðeins einn þáttur í efnahagsráðstöfunum ríkisstj., og vegna þess að þetta frv. er raunverulega aðeins einn þáttur af mörgum í hinum nýju efnahagsráðstöfunum ríkisstj., þá er eðlilegt, að það sé skoðað hér nokkuð í samhengi við hina aðra þætti þessa máls, og mun ég gera það nokkuð í þeim orðum, sem ég ræði hér um þetta mál nú við 1. umr.

Þegar hæstv. ríkisstj. tilkynnti í meginatriðum, hvað hún hygðist gera í efnahagsmálunum, var einmitt eitt af því, sem hún upplýsti að til stæði, að leggja átti á nýjan söluskatt, sem hún áætlaði að mundi gefa í nýjar tekjur um 280 millj. kr. Þegar ríkisstj. lagði svo fram í janúarlok hið nýja fjárlagafrv., var gerð nokkur frekari grein fyrir þessum nýja söluskatti og það upplýst, að hér væri fyrirhugaður söluskattur, sem ætti fyrst og fremst að vera á alla smásölu og allan dreifingarkostnað í landinu, en skýrt og greinilega var tekið fram í grg. frv., að ekki væri um að ræða neinn nýjan söluskatt á innflutning. Það hefur því auðvitað vakið nokkra undrun hjá mönnum að sjá það nú í þessu nýja frv., að a. m. k. helmingur eða líklega röskur helmingur hins nýja söluskatts, sem nú er hér til umr., er einmitt í formi þess að leggja söluskatt á innflutning, þveröfugt við það, sem tilkynnt var í grg. hæstv. fjmrh. fyrir fjárlagafrv. í janúarlok. Hæstv. fjmrh. hefur reynt hér á Alþ. að gefa skýringar á þessari missögn hans í grg. fjárlagafrv. Hann hefur í fyrsta lagi bent á, að það hafi ekki verið alveg ákveðið, að þessi söluskattur á alla innanlandssölu yrði aðeins 3%, vel hafi getað komið til mála, að söluskatturinn yrði 4—5%. En hann fær nú ekki hlaupizt undan þessu, því að um það var ekki að villast, að bæði hér í umr. á Alþ. og manna á meðal hér á Alþ. og reyndar um allan bæinn var ekki farið neitt dult með það, að hér var boðaður söluskattur, sem átti að vera 3% á alla innanlandssölu, og því var aldrei mótmælt hér á Alþ., þegar þessi tiltekna prósentutala var hér nefnd. Nei, það er enginn vafi á því, að hið rétta var það, að ríkisstj. hafði hugsað sér að leggja 3% söluskatt á alla smásölu í landinu, miklu viðtækari, eins og hún sagði, heldur en áður hafði verið gert um söluskatt í smásölu. En svo bara kom í ljós, þegar hæstv. ríkisstj. fór að athuga málið betur, að þessi skattur fékk ekki staðizt. Þarna höfðu átt sér stað stórkostlegar reikningsskekkjur, og í staðinn fyrir það, að nú þykir ekki varlegt að reikna með því, að hægt verði að leggja þennan nýja söluskatt á meiri fjárhæð en rúma 5 milljarða króna, þá var áður reiknað með miklum mun hærri upphæð í þessum efnum. Miklu væri sæmra fyrir hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. að viðurkenna

það hreinlega, sem er rétt í þessum efnum, að í þessu tilfelli hrundu útreikningar ríkisstj. og ráðunauta hennar eftir rúman mánuð, þannig að helmingur skattsins hafði þegar týnzt á þessum tíma, og vegna þess verður ríkisstj. að grípa til þess ráðs að leggja á söluskatt, sem er helmingi hærri en sá söluskattur var, sem var á innfluttar vörur til landsins, eða 16.5% í staðinn fyrir 7.7% áður. Nú á að bæta hér ofan á 8.8%, þannig að heildarskatturinn á innflutning verður 16.5% þrátt fyrir það, þó að búið væri að lýsa því yfir alveg sérstaklega á þann hátt, sem verður ekki rengdur, í grg. fjárlagafrv., að slíkan skatt eigi ekki að leggja á. Við vitum, að ríkisstj. er nokkuð í mun að reyna að halda því að mönnum, að þessi reikningsskekkja hafi ekki verið svo stór og raun er nú á þarna. Og af hverju vill hún dylja þetta fyrir mönnum? Það er vegna þess, að hún þarf á því að halda að reyna að halda því fram enn þá gagnvart þjóðinni, að það sé eitthvað að marka þá útreikninga, sem efnahagsaðgerðir hennar eru byggðar á. En við sögðum það hér strax við 1. umr. gengislækkunarfrv. ríkisstj., að hún mundi reka sig á það, að þeir útreikningar, sem hún væri að byggja á, væru þess eðlis, að þeir fengju ekki staðizt, hún mundi reka sig á það eins og aðrir, sem hafa byggt á slíkum útreikningum, að þeir mundu falla um koll tiltölulega fljótlega. En það skal ég játa, að þó að ég treysti ekki á þessa útreikninga, þá datt mér ekki í hug, að t. d. atriði eins og þetta mundi vera fallið að hálfu leyti strax eftir rúman mánuð, þá skyldi það koma í ljós, að reikningarnir væru svona illa úr garði gerðir.

Auðvitað er það engin skýring, að þessi fyrirhugaði söluskattur, sem átti aðeins að vera á innanlandssölu, hefði þurft að vera 4 eða 5% eða jafnvel 6%, en ekki 3%, eins og sagt hafði verið manna á meðal. Ef þessi söluskattur átti að leggjast einvörðungu á innanlandssöluna og átti að gefa 280 millj. kr., þá skipti engu máli, hvort það átti að vera 3% skattur eða 6% skattur. Það, sem skipti máli, var: Átti að leggja á þjóðina í formi söluskatts á innlenda sölu 280 millj. kr., eða átti ekki að gera það? Hvort prósentan var 3% eða 5%, skipti ekki máli. En ríkisstj. hafði boðað hitt. Hún ætlaði að leggja 280 millj. á þjóðina á þennan hátt með söluskatti, hafði látið reikna það út, reikningarnir reyndust rangir, og hún heyktist á því, þegar hún fór að kynna sér málið betur, hvarf frá þessari stefnu sinni, gafst þarna upp. Og svo fór hún inn á gamlar, troðnar slóðir í þessum efnum, einmitt þær slóðir, sem hún hafði verið að tilkynna Alþ. og þjóðinni áður að hún mundi alls ekki fara inn á. Sennilega hefur það verið vegna þess, að ýmsir af hæstv. ráðh. höfðu gerzt allstórorðir hér á Alþ. og í áheyrn allrar þjóðarinnar um svona söluskatt. Hæstv. viðskmrh. sagði hér á Alþ. og einnig í áheyrn allrar þjóðarinnar um söluskatt, að slíkur söluskattur væri óvinsælasti skatturinn af öllum sköttum, sem landsmenn þyrftu að borga. Hann væri í eðli sínu óréttlátasti skatturinn, og það bæri að reyna að létta honum af. Og það hefur ekki heldur leynt sér hér í umr. á Alþ., að hæstv. fjmrh. var sannarlega ekki hrifinn af slíkum söluskatti, en samt varð nú að grípa til þessa ráðs tiltölulega fljótlega.

Þetta atriði viðvíkjandi söluskattinum er býsna líkt ýmsu öðru í hinu nýja efnahagskerfi, sem nú er að gerast. Ég vil minna á það, að eitt af því, sem klifað var einna mest á af hæstv. ríkisstj. um það leyti, sem var verið að samþykkja hér gengislækkunarfrv., var það, að nú ætti að leggja algerlega niður allar útflutningsuppbætur, við ættum að losna við þær, þó að nú í þessu skrefi væri ekki hægt að leggja niður niðurgreiðslurnar á vöruverði hér innanlands. En einmitt sömu dagana, sem er verið að segja þetta hér á Alþingi, verður hæstv. ríkisstj. að beita sér sjálf fyrir því að gera samninga við bændasamtökin um að auka útflutningsuppbætur frá því, sem lög stóðu til, í sambandi við útfluttar landbúnaðarafurðir. Og þessar útflutningsuppbætur eiga að standa þvert ofan í allar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um, að það eigi að leggja niður allar útflutningsuppbætur.

Annað var það, að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir í þessum efnum, að það þyrfti endilega að losa sig við slíka meinsemd eins og væri í hinu gamla kerfi, sem stafaði af misjöfnum verðbótum á smáfisk, steinbít og aðrar fisktegundir, og hingað til hefði gilt. En hvað svo? Liðinn er rúmur mánuður síðan, og þá er farið að tilkynna opinberlega, að nú standi til að borga þessar uppbætur áfram eitthvað.

En þetta eru ekki einu dæmin. Eitt af því, sem alveg sérstaklega var boðað í þessum efnahagsráðstöfunum, var, að það væri verið að koma í veg fyrir þessi miklu útlán bankanna, sem verið hefðu og valdið hefðu hér alveg óeðlilegri eftirspurn eftir gjaldeyri og gjaldeyrishalla á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Og um leið og þetta var sagt, var einnig bent á, að í hinu gamla kerfi hefði það jafnvel þróazt, jafnskaðlegt og það væri, að þjóðin hefði verið að taka stutt erlend vörukaupalán og ekki hirt um að borga þau á eðlilegan hátt. En hvað svo? Nú, eftir að einn mánuður er liðinn, síðan efnahagskerfið nýja var sett á fót, tilkynnir hæstv. ríkisstj. verzlunarstéttinni: Það átti að vísu að loka nokkuð fyrir það, að þið gætuð fengið aukin lán í lánastofnunum landsins, af því að við höfum ekki efni á því að flytja alveg svona mikið inn af vörum, og það á að draga úr útlánunum, það er nauðsynlegt. — En svo er verzlunarstéttinni sagt: Þið megið taka stutt vörukaupalán hver í kapp við annan, eins og þið bara bezt getið. Þannig getið þið komizt fram hjá háu vöxtunum innanlands, sem áttu að vera allra meina bót í sambandi við þetta efnahagskerfi. — Þannig getur kaupsýslustéttin tekið lán í bönkum eða hjá firmum í nálægum löndum á tiltölulega lágum vöxtum, flutt inn vörur með þessum lánsaðferðum og auðvitað hrúgað upp skuldum hjá þjóðinni. Hvernig getur nú staðið á því, að hæstv. ríkisstj. leyfir þetta eftir það, sem hún hafði sagt hér í sambandi við efnahagsmálaráðstafanirnar, réttum mánuði

eftir að nýja kerfið tók gildi? Nú getur verzlunin fengið að taka lán, sem voru forboðin fyrir rúmum mánuði, og nú á ekki að taka það í smáum stíl, heldur má hver taka það, sem hann vill, og hver í kapp við annan. Nú er það ekki lengur orðið hættulegt. Nú eru ekki háu vextirnir allra meina bót í þessum efnum, til þess að draga úr miklum innkaupum til landsins, til þess að draga saman. Nei, nú geta menn bara farið fram hjá háu vöxtunum og komizt á lága vexti með þessari aðferð í löndunum í kringum okkur, eða a. m. k. þessir aðilar.

Hvað kemur nú til, að þetta hefur snúizt svona við á örstuttum tíma? Það er nákvæmlega það sama og gerðist með söluskattinn: rangir útreikningar, menn sáu ekkert fram í tímann, menn áttuðu sig ekki á því, hverjar mundu verða afleiðingarnar af þessari pólitík, sem átti að reyna að reka. Það kom sem sé strax í ljós, alveg eins og útreikningarnir varðandi söluskattinn voru allir rangir, og þá þurftu menn að gera sjálfa sig ómerka orða sinna eftir einn mánuð. Eins fór þetta viðvíkjandi stuttu erlendu lánunum og eins fór þetta viðvíkjandi vaxtapólitíkinni í þessum efnum. Svona hefur verið að hrynja eitt atriðið af öðru í sambandi við hið nýja efnahagskerfi ríkisstj.

En það er ekki aðeins í þessum efnum, sem hið nýja kerfi hefur verið að hrynja. Það er að hrynja í miklu fleiri tilfellum.

Eitt var það, að það átti að draga úr útlánum bankanna til framleiðsluatvinnuveganna. Það var sérstaklega tekið fram í hinum nýju efnahagsráðstöfunum, að Seðlabankinn mætti ekki auka útlán sín frá því, sem verið hafði, þrátt fyrir þá verðhækkun, sem hlaut að verða í sambandi við sjálfa framleiðsluna. Af þessum sökum átti raunverulega að lækka lánin út á hverja framleidda einingu. Það átti að gera miklu örðugra fyrir framleiðendur að framleiða sjálfa gjaldeyrisvöru þjóðarinnar, og það átti að bæta hér ofan á að stórhækka vextina, einnig af framleiðslulánum, og meira að segja voru menn svo forhertir í þessum efnum, að þeir játuðu, að við þá útreikninga, sem fram höfðu farið, hefði ekki einu sinni verið tekið tillit til þess í sambandi við aukinn rekstrarkostnað, að hækka átti vextina stórkostlega.

Ég og nokkrir fleiri hér bentum hæstv. ríkisstj. á, að þetta væri með öllu óframkvæmanlegt. Ef hún ætlaði að standa fast á stefnu sinni í þessum efnum, þá hlyti hún að stöðva framleiðsluna. En auðvitað væri eina ráð hennar að gefast upp. Það væri að hverfa frá þessari vitleysu, af því að þetta væri ekki framkvæmanlegt. Þó að ríkisstj. hafi nú gefizt upp í sambandi við þessa skekkju sína varðandi söluskattinn, af því að þar fer hún bara inn á þá braut að leggja nýjan skatt á þjóðina, og þó að hún hafi gefizt upp fyrir kaupmönnum og leyft þeim að taka nú stutt vörukaupalán erlendis og sleppa fram hjá háu vöxtunum, þá er hún auðvitað ekki búin að gefast upp fyrir framleiðendum enn þá. Hún er enn þar að berjast, enn ætlar hún sér að láta þá borga háu vextina án þess að reikna með þeim í útgjöldunum. Og enn ætlar hún sér þá dul, að hún geti haldið uppi fullri og eðlilegri framleiðslu með því að skera niður framleiðslulánin. **(Forseti:** Ég hafði hugsað mér að gera núna hlé á fundinum, ef ræðumaður ætti nokkuð verulegt eftir af sínu máli). Já, ég kýs þá það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar, þegar ég gerði hlé á máli mínu, sýnt fram á það með nokkrum dæmum, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur þegar nú eftir einn mánuð orðið að yfirgefa í mjög verulegum atriðum þá stefnu í efnahagsmálum, sem hún boðaði með gengislækkunarfrv. sínu, og þá stefnu, sem hún sagðist mundu byggja sitt nýja efnahagskerfi á. Ég hafði með nokkrum orðum drepið á það, að ríkisstj. hefði nú þegar í sambandi við þennan söluskatt orðið að breyta til um frá því, sem hún hafði tilkynnt Alþingi fyrir réttum mánuði. Ég benti á það einnig, hvernig ríkisstj. hefði að verulegu leyti orðið að yfirgefa þá vaxta- og lánapólitík gagnvart verzluninni í landinu, sem hún hafði þó sett sér að halda uppi, og hvernig hún hefði yfirgefið strax í upphafi það fyrirheit sitt að ætla að leggja með öllu niður allar útflutningsuppbætur, því að hún hefur orðið nú að lögleiða útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. verið að hrekjast á þessum eina mánuði út af sinni mörkuðu stefnu á einu atriðinu á fætur öðru. En varðandi þann þáttinn, sem sérstaklega snýr að framleiðslunni í landinu, streitist hæstv. ríkisstj. enn við. Enn þá vill hún reyna að halda því fram, að útflutningsframleiðslan eigi að borga þessa gífurlega háu vexti, sem hennar efnahagsmálapólitík hefur gert ráð fyrir, og enn reynir hún að halda því fram, að útflutningsframleiðslan geti starfað með eðlilegum hætti, þó að stórkostlega sé raunverulega dregið úr lánum til framleiðslunnar.

Það var hv. 3. þm. Austf., Einar Sigurðsson, sem næst talaði hér á undan mér og ætti að þekkja nokkuð vel til framleiðslunnar. Hann vék nokkrum orðum að þessum þætti og bar sig heldur illa undan því. Honum þótti, eins og hann orðaði það, þetta lyf hæstv. ríkisstj., sem honum og öðrum framleiðendum var ætlað að taka inn, heldur bragðvont, og það skil ég mætavel. En það tel ég heldur lítið raunsæi hjá honum, ef hann heldur, að hægt sé að lækna nokkurn hlut með því að taka inn þetta lyf í sambandi við framleiðsluatvinnuvegina, jafnvel þó að hann vilji festa alla trú sína og von á það, að náttúruöflin verði okkur hliðhollari en nokkurn tíma áður, gefi okkur meiri fisk, betri veðráttu o. s. frv., eins og hann vék hér að. Auðvitað er engin leið í sambandi við aðalframleiðsluatvinnuvegi okkar að treysta á það, að til þess að vega upp á móti röngum ráðstöfunum ríkisstj. í efnahagsmálum verði bara fiskurinn að margfaldast í sjónum eða veðráttan að vera óvenjugóð. Nei, það er vitanlega ekki þannig, sem á að leysa

vanda atvinnulífsins. Auðvitað er alltaf gott, að það aflist vel, og það er alltaf gott, að það viðri vel. En við verðum að reikna með því, sem er aðeins eðlilegt hlutfall í þessum efnum, og við getum ekki búizt við því, að náttúruöflin reynist okkur svo miklu hliðhollari til þess að jafna það, sem stjórnarvöld landsins gera rangt. Ég er sannfærður um það, að enginn veit það betur en hv. 3. þm. Austf., Einar Sigurðsson, að það er með öllu útilokað að ætla sér að halda uppi eðlilegri útflutningsframleiðslu á þann hátt að skera niður útlánin *til framleiðslunnar frá því, sem þau hafa verið*. Það er óframkvæmanlegt. Slíkt geta þeir einir áætlað, sem þekkja ekki til útflutningsframleiðslunnar, skilja ekki þarfir hennar og vilja jafnvel hætta því, að hún dragist saman, á meðan þeir eru að reyna að gera tilraunir með kenningar sínar. En í þessum efnum er það rétt, að hæstv. ríkisstj. streitist enn á þann hátt, að framleiðendur tilkynna bönkum landsins, að við sjálft liggi, að þeir verði að stöðva framleiðsluna. Það er ekkert gamanmál, sem líka er engin ástæða til þess að dylja neitt, að viðskiptabankarnir hafa orðið að tilkynna ríkisstj., að við sjálft liggi og við því megi búast hvern daginn sem er, að framleiðslan stöðvist, ef Seðlabankinn fær að halda áfram þeirri pólitík, sem ríkisstj. lýsti hér yfir í upphafi að meiningin væri að láta Seðlabankann reka í krafti hinnar nýju efnahagsmálastefnu. Það liggur við sjálft, að framleiðslan stöðvist við þennan samdrátt á lánum. Viðskiptabankarnir hafa tilkynnt, að þeir geti ekki haldið áfram að hlaupa hér í skarðið, eins og þeir hafa þó þurft að gera þennan mánuð, sem liðinn er, og sjá vitanlega allir, að slíkt er ekki fært, þegar ofan á þetta bætist, að slík vaxtapólitík er rekin eins og nú hefur verið upp tekin, Seðlabankinn lætur viðskiptabankana, sem þurfa að sinna nauðsynjamálum framleiðslunnar, borga 16% vexti. Slík vaxtakjör munu líklega hvergi í heiminum þekkjast, eða það væri gaman að vita, hvar það er þekkt á byggðu bóli, að menn stundi framleiðslustörf og ætli sér að keppa á erlendum mörkuðum og *þurfi á beinan eða óbeinan hátt* að búa við vaxtakjör önnur eins og þessi. Slíkt er vitanlega með öllu óframkvæmanlegt.

Nei, um það verður ekki villzt, að hæstv. ríkisstj. verður, ef hún ætlar ekki að stöðva núna framleiðsluna á miðri vetrarvertíðinni, einnig að gefa eftir í sambandi við þennan þátt í sínum efnahagsmálatillögum. Allt annað er óframkvæmanlegt, alveg eins og ríkisstj. varð að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum gagnvart innflutningsverzluninni, á sama tíma og heildsalarnir sögðu við ríkisstj.: Það flytur enginn inn vörur til landsins, ef hann fær ekki aukið lánsfé með stórhækkandi verðlagi og á þann hátt, að hann þurfi ekki að borga 11—12% vexti, en megi ekki leggja þetta á vöruverðið. Það tekur enginn þátt í þessu. Það tekur þá bara algerlega fyrir það að flytja inn vörur til landsins. — Þegar verzlunarstéttin sagði ríkisstj. þetta, þá gafst ríkisstj. vitanlega upp, og þá fann hún út þessa fínu leið að segja við innflytjendur: Þið skuluð bara taka stutt vörukaupalán erlendis, flytja inn vörurnar til landsins upp á krít og komast þannig fram hjá hinum óframkvæmanlegu háu vöxtum og komast þannig líka fram hjá útlánapólitík ríkisstj. hér innanlands. — En það er rétt, fiskframleiðendur eiga ekki svona auðvelt með að fara þessa leið. Þeir hafa nefnilega ekki heimild til þess samkv. lögum, þeir hafa ekki frelsi til þess að fara svona létta leið. Ef þeir mættu fara til viðskiptalandanna og segja við viðskiptalöndin: Ja, viljið þið lána okkur fé með 2 eða 3% vöxtum *til þess að framleiða* handa ykkur fiskinn og fiskafurðirnar og leyfa okkur að flytja inn varning fyrir þessi lán, olíur, veiðarfæri og hvað annað eins og aðrir, — þá gæti vitanlega útflutningsframleiðslan gert þetta líka. Þá væri það auðvelt. En vill hæstv. ríkisstj. leyfa útflutningsframleiðslunni að gera þetta? Vill hún t. d. leyfa hv. 3. þm. Austf., sem hér var að tala á undan mér, að semja um það við Sovétríkin, — en hann selur Sovétríkjunum mikið af fiski, sem hann framleiðir, — semja um það við þau, að þau láni honum rekstrarfé á 2½—3% vöxtum og hann geti síðan keypt olíu og annan varning fyrir lánið og selt það hér innanlands? Þannig gæti hann komizt fram hjá háu vöxtunum. Þannig gæti hann líka komizt fram hjá þeirri lánatakmörkun, sem *hér á að vera* í bönkum landsins. Þá stæði hann og aðrir framleiðendur svipað að vígi og heildsalarnir, sem flytja inn varning til landsins. Nei, ég býst við, að ríkisstj. hiki nokkuð við þetta. En kannske velur hún þessa leið, þegar hún gefst upp í þessu máli, sem hún verður fyrr eða síðar að gefast upp í. En því hef ég vikið að þessum þáttum, að ég vil leiða athyglina að því, að ríkisstj. er að gefast upp núna við hvern þáttinn af öðrum í sínu nýja efnahagsmálaprógrammi, hún verður að gefast þar upp, því að stefnan er röng.

Á nákvæmlega sama hátt er þetta og sízt betra, þegar maður tekur þann þátt þessara efnahagsmála, sem snýr að almenningi í landinu, t. d. sjómönnum og verkamönnum, svo að við tökum þá sem dæmi. Efnahagsmálastefna ríkisstj., eins og við höfum bent á frá upphafi, er á nákvæmlega sama hátt óframkvæmanleg gagnvart þeim. Það er hægt að streitast við að halda henni fram í stuttan tíma, en svo hlýtur hún að hrynja. Það er engin leið að ætla sér að skapa slík vaxtakjör og slík lánakjör eins og nú hafa verið sett upp, sem þýða það, að meðalfjölskylda, sem kemur sér upp íbúð, verður að reikna með því núna, þó að maður taki heldur af lægra taginu, ódýrari tegundina, hún verður núna að reikna með því að borga samkv. hinum nýju lánakjörum aldrei undir 40—50 þús. kr. á ári í vexti og afborganir af íbúðinni sinni, og segja á sama tíma: þessi fjölskylda verður að lifa við verkamannakaup, sem er 48—50 þús. kr. á ári. Þetta er vitanlega óframkvæmanlegt með öllu. Svona gífurlega háir vextir, svona okkjör í lánum eins og þarna eru sett upp hljóta vitanlega að hvíla með öllum sínum þunga á fjöldamörgum alþýðuheimilum í landinu, — þessi okkjör eru þess

eðlis, að þau hljóta að leiða til þess, að það verður smám saman kallað á hærra kaup, verkföllin koma, kauphækkunin kemur, vegna þess að þetta fær ekki staðizt. Og það vita menn líka, að það er vitanlega engin leið að ætla sér að framkvæma jafnstórkostlega gengislækkun og nú er hér verið að framkvæma, sem þýðir mjög mikla almenna verðhækkun í landinu á öllum sviðum, en ætla sér að halda öllu kaupi óbreyttu um langan tíma eftir sem áður. Auk þess á svo ofan á þessar almennu verðhækkanir að dengja þessum háa söluskatti og öðrum sköttum, sem enn auka á dýrtíðina. Það er barnaskapur að búast við því, að kaupgjald geti haldizt lengi óbreytt undir þessum kringumstæðum. En ríkisstj. getur auðvitað streitzt á móti. Hún getur reynt þetta. Hún getur framkallað nokkur verkföll, nokkrar stöðvanir í framleiðslunni, og hún getur þannig valdið talsverðu þjóðhagslegu tjóni. En þetta hlýtur að brotna. Þetta gengur aldrei. Þetta er það, sem ég held að sé aðalatriði málsins að hæstv. ríkisstj. geri sér grein fyrir einmitt núna, þegar hún er óðum að brjóta niður sitt kerfi, þegar hún er að gefast upp á hverju atriðinu af öðru, einmitt núna, þegar hún verður að koma fram fyrir hv. Alþ. og verður að viðurkenna það eftir einn mánuð, að hún geti ekki staðið við loforð sín í sambandi við álagningu söluskatts, þau, sem hún gaf fyrir rúmum mánuði, nú verði hún að breyta þeim, þá á hún að horfast í augu við meira en þetta með söluskattinn. Hún á að horfast í augu við meira en þetta, sem hún hefur gefizt upp á gagnvart verzluninni í landinu. Hún á einnig að breyta um sína fjármálastefnu gagnvart framleiðslunni og gagnvart vinnandi fólki í landinu.

En það virðist vera svo, eins og hefur komið fram í þessum umr., að a. m. k. sumir ráðh. séu á þeirri skoðun enn þá, að það sé raunverulega hægt að standa á þessari efnahagsmálastefnu og það sé hægt að halda áfram og taka þar upp næsta þáttinn á eftir. Hæstv. fjmrh. boðaði í sinni ræðu, að ætlunin væri, að Ísland gengi inn í annað hvort af þeim tveimur fríverzlunar- eða tollabandalagssvæðum í Evrópu, sem mynduð hefðu verið. Ég vil aðeins spyrja í tilefni af þessu: Hefur þessi hæstv. ráðh. gert sér einhverja grein fyrir því, hvaða möguleikar eru á því fyrir okkur að reka okkar utanríkisviðskipti, eins og þeim er nú háttað, á þann hátt, að við göngum í þessi bandalög, annað hvort þeirra? Hefur hann séð einhverja möguleika á því, að við gætum innan þessara svæða selt okkar aðalútflutningsvörur? Veit hann ekki, að við höfum einmitt á þessum svæðum reynt allt hvað við höfum getað á undanförnum árum til þess að selja þar okkar útflutningsvörur? Við höfum meira að segja haldið uppi ströngum hömlum í þá átt, að við höfum knúið íslenzka framleiðendur og útflytjendur til þess að selja á þessum svæðum allmikið af framleiðsluvörum sínum fyrir miklum mun lægra verð en þeir gátu fengið fyrir þær annars staðar. Eða er það kannske meining hans, að við eigum að taka þann bagga á okkur til viðbótar við annað, að við eigum t. d. að selja allan hraðfrysta fiskinn okkar, þann sem við seljum núna fyrir utan þetta svæði, — að við eigum að selja hann á svæðum þessara landa fyrir miklum mun lægra verð en við höfum hingað til talið með nokkru móti kleift? En ég vil segja það, að þessi hæstv. ráðh. er þá ekki hissa á því að glíma við vandann, ef hann ætlar sér að koma þessum málum fyrir á þennan hátt. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur gengið svo langt í þessum efnum einmitt nú síðustu mánuðina, að hún hefur verið að knýja ýmis fyrirtæki í landinu til þess að selja inn á þessi fríverzlunarsvæði afurðir sínar með slíku verði, að alveg er sýnilegt, að þau fyrirtæki, sem til þess eru knúin, fá ekki staðizt sinn rekstrarkostnað og geta ekki haldið uppi eðlilegum rekstri áfram. Mér sýnist, að þessi hæstv ráðh. hafi tiltölulega lítið áttað sig á því, hve erfitt það muni reynast fyrir hann að reyna að halda uppi þessari efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. var að boða og hún hefur verið að hrekjast út af nú að undanförnu og vitanlega er óframkvæmanleg, hvað þá hvernig muni ganga fyrir henni að ætla að taka á sig slíka erfiðleika eins og því mundu fylgja að ætla að tengja viðskipti Íslands öll við þessi fríverzlunarsvæði.

Þessi söluskattur, sem nú er gert ráð fyrir að leggja á og upphaflega hafði verið boðaður af hæstv. ríkisstj. í allt öðru formi en hann birtist hér nú, er hér í tvennu lagi. Annars vegar er gert ráð fyrir allháum söluskatti á innfluttum vörum, en hins vegar er um að ræða 3% skatt á mestalla innanlandsverzlun. Það er boðað í þessu frv., að þessi 3% skattur eigi að standa áfram. En orð eru látin liggja að því, að hinn hluti skattsins, þessi 8.8% á innflutningi, eigi e. t. v. aðeins að standa út þetta ár. En auðvitað trúir því enginn maður, að eins og á þessum málum er haldið, þá muni svo verða haldið á málum, að þessi 8.8% skattur verði látinn niður falla eftir þetta ár, — því trúir enginn maður. Það er ekkert, sem bendir til þess, að slíkt verði kleift fyrir ríkið, eins og á fjármálum þess er haldið, og öll slík bráðabirgðaákvæði eins og þetta, sem sett hafa verið hér í lög, hafa alltaf verið framlengd áfram, og auðvitað er það ætlunin í þessu tilfelli líka. Hið eina hugsanlega í þessu er auðvitað það, að hæstv. ríkisstj. hverfi að því að breyta þessum skatti, sem nú er lagður á innflutninginn, og taki allan söluskattinn einmitt í formi smásöluverzlunarinnar innanlands. En hitt þykir mér þó miklu líklegra, að ríkisstj. segi eins og jafnan áður hefur verið gert: Þessi skattur er þó kominn á. Það er bezt að halda honum í lengstu lög og fitja ekki upp á nýjum. En það er sérlega ósjaldgæft, eða ég hygg, að segja megi, að það hafi ekki komið fyrir, að skattur af þessu tagi væri raunverulega lagður niður.

Annars vil ég segja það um þann hluta skattsins, þessi 3%, sem ráðgert er að leggja á veltuna innanlands, að mér lízt enn verr á þá skattlagningu en þó hina, svo ill og bölvuð sem hún er. Mér þykir alveg auðsýnt, að þessi skattlagningaraðferð, að leggja 3% á umsetn-

ingu innanlands, mundi verða mjög erfið í framkvæmd og þau undanþáguákvæði, sem gert er ráð fyrir í frv., hljóti að skapa möguleika til þess að misnota þau ákvæði alveg stórkostlega. Það er eins og hér hefur verið bent á, það er til þess ætlazt, að sumir aðilar geti fengið að kaupa tilteknar vörur innanlands án þess að borga söluskattinn af þeim. En aðrir aðilar, sem kaupa nákvæmlega sams konar vöru og í sams konar tilgangi út af fyrir sig, þeir eiga að borga söluskatt af vörunni. Dæmi um þetta var hér nefnt, að t. d. matsöluhús eða matsölustaður á raunverulega að fá kort frá fjmrh. og getur komið með þetta kort í búð og keypt þar matvörur án þess að þurfa að borga söluskatt af þessari matvöru. En húsmóðir, sem kemur til þess að kaupa nákvæmlega sams konar matvöru í búðinni, þarf hins vegar að borga þessa matvöru með söluskattinum. Svona undanþáguákvæði, eins og gert er ráð fyrir í frv., ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur mörgum öðrum, skapa vitanlega möguleika til þess að misnota þetta á hinn herfilegasta hátt, og ég er alveg fullviss um, að miðað við þær aðstæður, sem við búum við hér, verður þessi skattstofn fljótlega illa liðinn og mun taka öllu fram til hins verra af því, sem við höfum áður þekkt varðandi söluskatt. Við vitum, að röksemdin í þessu efni er sú, að matsölustofan á að borga þennan söluskatt, þegar hún selur aftur út matinn fulltilbúinn til þeirra, sem kaupa hann, og það sé ekki ætlunin að leggja þennan skatt á vöruna oftar en einu sinni. En einmitt þessi atriði eru þess eðlis, að það verður afar erfitt að fylgja skattinum eftir, og þetta mun einnig verða til þess, að hinar fjölmörgu verzlanir eða verkstæði eða aðrir þeir, sem hafa á beinan eða óbeinan hátt með framkvæmd skattsins að gera, fá þarna kærkomið tækifæri til þess að gera upp skattinn við hið opinbera á þann hátt, sem þeim kann að þykja heppilegt fyrir sína buddu. Ég held því, að skattur, sem er byggður upp á þessum forsendum, sé verulega hæpinn og að því leyti sé skatturinn á innfluttu vöruna þó skömminni skárri, hann verði í eðli sínu réttlátari og það verði minna svindl í sambandi við alla framkvæmd þess skatts.

En það er helzt að skilja á hæstv. fjmrh., að hann sé svo hrifinn af þessari skattaaðferð, að hann hugsi sér að stórauka hana, að hann hugsi sér jafnvel að stefna að því að leggja niður tolla, að maður tali nú ekki um alla beina skatta, og auka skattlagninguna eftir þessari aðferð.

Ég held, að þetta sé mjög varhugavert og það muni sýna sig, að það fari svipað fyrir þessu og ráðagerðum ríkisstj. viðvíkjandi þessum söluskatti strax í upphafi. Hún ætlaði sér að fá eftir þessari leið 280 millj. kr. Hún gafst upp eftir einn mánuð og varð þá að undanþiggja mörg atriði og margs konar starfsemi.

Ég held líka, að það muni fara þannig, þegar ríkisstj. og hennar sérfræðingar athuga þetta betur, að þá sér hún, að þessi skattstofn er mjög óheill og verður líklega ríkinu ódrjúgur í framkvæmd, þó að hann leggist með æðimiklum þunga á almenning í landinu. Mér sýnist, að þessi nýi söluskattur sé eins og aðrir þættir þessa nýja efnahagsmálakerfis, hann sé þannig, að hann raunverulega stefni að því að knýja hér á það tiltölulega fljótlega, að kerfinu sem heild verði varpað fyrir borð.

Ég vék hér áður nokkuð að þeim þætti efnahagsráðstafananna, sem snýr að útflutningsframleiðslunni og ég tel þann þáttinn, sem er þýðingarmestur og alvarlegastur, ef illa tekst til um framkvæmdina.

Þegar gengislækkunarfrv. var hér til 1. umr., minntist ég nokkuð á það, hvort nokkur trygging væri fyrir því, að t. d. bátaútvegurinn í landinu fengi það fiskverð örugglega greitt, sem hann þyrfti að fá vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar, sem leiddi af gengislækkuninni og hinni nýju skattlagningu. Nú er liðinn rúmur mánuður, síðan gengislögin voru samþykkt, og hvernig hefur þetta nú orðið í reyndinni?

Reyndin er þannig, að bátaútvegsmenn í landinu vita ekki nokkurn skapaðan hlut um það, hvaða verð þeir eiga að fá fyrir þann fisk, sem þeir hafa veitt á þessum tíma. Þeir vita ekkert um það. Þeir vissu í byrjun vertíðar, að þeir áttu að fá kr. 1.57 fyrir hvert kg af þorski og þeir áttu að fá tilteknar uppbætur og þeir áttu að fá tiltekin vátryggingargjöld greidd fyrir sig, og það var áætlað, að heildarfiskverðið á kg, ef öll þessi fríðindi væru metin, væri raunverulega í kringum kr. 2.35 á kg. Þetta var það, sem bátaútvegsmenn vissu í upphafi vertíðar að þeir höfðu samninga upp á. En hvaða samninga hafa þeir um fiskverð, frá því að gengislögin voru samþykkt? Nú er liðinn einn mánuður eða nærri fjórði hluti vertíðarinnar með þeim hætti, að bátaútvegsmenn í landinu vita ekki neitt um það, hvað þeir eiga að fá fyrir fiskinn. Þeir stóðu auðvitað í sínum verstöðvum í róðrum og áttu ekki gott um vik, hafa selt ýmsum frystihúsum og öðrum fiskinn, — og hvað fá þeir fyrir hann? Þeir segja: Við vitum ekkert um það. Frystihúsin vilja ekkert láta uppi um það. Það eina, sem þau hafa fengizt til að segja, er, að þau geti raunverulega ekki borgað nema svona í kringum kr. 2.07 fyrir kg, eða miklu minna en bátarnir höfðu samning upp á áður.

Nú er það svo, að þetta er í rauninni alveg óbærilegt ástand fyrir eigendur bátanna. Auðvitað er það svo, að sumir þeirra hafa aðstöðu til þess eða mundu a. m. k. leggja sig fram um það að skapa sér aðstöðu til þess að verka afla sinn sjálfir, salta fiskinn og reyna þannig að komast yfir hið fulla verð fyrir framleiðsluna, og það mundu þeir gera ef til vill, ef þeir vissu nákvæmlega, hvaða verð á að greiða þeim frá frystihúsunum. Það er t. d. enginn vafi á því, að ef frystihúsin ætla að standa á því að borga ekki nema kr. 2.07 fyrir kg af fiskinum, þá mundi nú enginn bátur, sem hefur aðstöðu til þess að verka afla sinn sjálfur, láta fiskinn. Þá mundu eigendur bátanna taka þennan afla og reyna að verka hann sjálfir. En hvernig er hin nýja efnahagsmálalöggjöf? Hún er svo fín, að hún segir við þessa aðila: Nú er ekki neitt fiskverð gildandi í landinu lengur. Það

veit enginn, hvað út úr því á að koma. — Þannig á að reyna að halda bátunum að framleiðslustörfum út vertíðina í fullkominni óvissu, og það er skákað í því skjóli, að eigendur bátanna stöðvi ekki framleiðsluna. Það bendir allt til þess, að hér sæki í nákvæmlega sama horfið og gerði upp úr gengislækkuninni 1950.

Ég benti á það við 1. umr. gengislækkunarfrv., þegar þessi efnahagsmál voru rædd hér í heild, að það væri verulega mikil hætta á því, að svona gæti farið núna aftur. Þá var sagt, að bátaútvegsmenn ættu að fá tiltekna fiskverðshækkun og yrðu að fá hana, því að allir sáu, að þeir þurftu að fá hana. Nú hefur aftur verið látið liggja að því með óbeinum orðum, að þeir eigi að fá fiskverðshækkun, en engin fiskverðshækkun kemur. Mér sýnist því, að það stefni til hins sama og 1950, þetta brotnar um sjálft sig, bátarnir eða umboðsmenn þeirra koma að vertíðinni lokinni og segja: Hér höfum við verið féflettir á hinn herfilegasta hátt, og það verður að bæta okkur þetta upp með einhverjum hætti. — Þetta gerðist 1950, og þá var það, sem ríkisstj. féllst á bátagjaldeyrinn, og vitanlega stefnir að því sama núna.

Er það nú svo, að ríkisstj. hugsi sér að láta þessi mál ganga á þann veg fyrir sig, að hún bíði eftir því, að bátaeigendurnir í landinu stöðvi rekstur bátanna eða þá komi í kröfugöngu og krefjist slíkra uppbóta eins og þeir gerðu 1950? Ætlar hún bara að láta skeika að sköpuðu í þessum efnum? Nei, ríkisstj. væri sæmst í þessum efnum að sjá, hvað að fer, glöggva sig á því og viðurkenna það, að kerfi hennar í þessum efnum hefur ekki reynzt framkvæmanlegt, það á að breyta því.

Þessi söluskattur, sem hér er verið að leggja á, kemur til með að verða nýr aukaskattur, líka á framleiðsluna í landinu. Hann kemur til með að hvíla með allmiklum þunga í sambandi við hinn almenna útgerðarrekstur, því að fjöldamargir hlutir, sem útgerðinni eru ómissandi, eiga að fá á sig þennan söluskatt. Og það kemur vitanlega allt ofan á þá erfiðleika, sem eru fyrir í þessum efnum. En það er eins og fyrri daginn, að það er kannske léttasta verkið fyrir ríkisstj. að samþykkja á Alþingi í krafti síns meiri hluta nýjan skatt. En nýr skattur þýðir hækkað verðlag. Framleiðslan mun koma með sinn reikning þar á móti, og nýr skattur eykur á útgjöld heimilanna, og stéttasamtökin munu koma með reikning þar á móti og segja til sín á sínum tíma. Þetta eru aðalatriði málsins. Hitt er svo vitanlega alveg tilgangslaus skollaleikur, sem hæstv. fjmrh. hefur reynt að halda hér uppi og ýmsir af talsmönnum ríkisstj., þegar þeir reikna og reikna til viðbótar við allar fyrri reikningsskekkjur sínar og ætla að reyna að sanna almenningi í landinu, að hver nýr skattur sé raunverulegur búhnykkur fyrir heimilin í landinu,

Slíkar reikningslistir breyta engu til um staðreyndir málsins, — að ætla sér þá dul að reyna að sanna hér í umræðum, að þessi nýi söluskattur upp á 280 millj. kr., sem ábyggilega verður talsvert mikið yfir 300 millj. kr., þýði raunverulega auknar tekjur hjá alþýðuheimilunum í landinu. Þeir blikna ekki og blána fyrir öllum vanda, þeir menn, sem reyna að halda slíku fram. Að vísu er það svo, að þessi sönnun á að fást á þennan sérkennilega hátt, að bent er á lækkun tekjuskatts og líka farið að reikna með lækkuðum útsvörum.

Þessi lækkun á tekjuskattinum er góðra gjalda verð. En mikið hlýtur það að vera geysihagleg geit, þessi lækkun á tekjuskattinum, því að hægt er að nota hann til alls. Fyrst er þessi geit notuð til þess að sanna mönnum, að hún sé til þess að draga stórkostlega úr erfiðleikum eða þunga gengislækkunarinnar, og svo kemur hún aftur og á að vera til þess að vega upp þennan skatt.

Nei, svona skollaleikur stoðar vitanlega ekkert, og það er líka mesti misskilningur, að nokkur maður taki það gilt, þegar hæstv. ríkisstj. er að tala um væntanlega útsvarslækkun. Hvað er að heyra? Eitthvað er nú þangað til útsvör verða tilkynnt, og ég hef ekki hitt einn einasta forstöðumann bæjarfélags, sem gerir ekki ráð fyrir því, að þær ráðstafanir, sem nú hafa verið lögleiddar í efnahagsmálum, muni beinlínis þýða stóraukin útgjöld fyrir bæjarfélögin, langt fram yfir þann litla hluta, sem bæjarfélögin eiga að fá í auknum tekjum af þessum söluskatti. Auðvitað vita allir, að hið stórhækkandi verðlag þýðir stóraukin útgjöld í rekstri skóla, í rekstri sjúkrahúsa og öllum rekstri bæjarfélaganna. Rekstrarútgjöldin munu hækka langt fram yfir það, sem tekjurnar aukast af þessum litla hluta í söluskatti. Það eru því allar líkur til þess, að útsvörin muni eins og fyrri daginn fara hækkandi, nema bæjarfélögin fari inn á þá braut að skera stórkostlega niður framkvæmdir sínar. Ég held það sé því nokkuð snemmt hjá hæstv. ríkisstj. að reikna út, hversu útsvarslækkunin muni nema miklu á meðalheimili í landinu.

Það er enginn vafi á því, að allar þessar nýju álögur munu auðvitað ýta á það, að framleiðslan í landinu geri auknar kröfur um bætur sér til handa. Og það er enginn vafi á því, að allar þessar nýju álögur ýta líka á það, að launafólk í landinu geri auknar kröfur um bætur sér til handa.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar gert kórvillu í sambandi við uppsetningu á sinni stefnu í efnahagsmálunum og þó kannske villuna mesta í þeim efnum að forðast að hafa samráð við launasamtökin í landinu um það, sem gera þurfti í efnahagsmálunum. Það er vitanlega ómögulegt annað en veita því athygli, að ríkisstj. telur, að það sé rétt að hafa samband eða samráð við kaupsýslumenn í landinu og þá einkum og sérstaklega alla innflytjendur, — það boðar hún hér, að hún hafi gert, — en að hún skuli á sama tíma forðast með öllu að hafa samráð við launaþegasamtökin. Allir hljóta þó að viðurkenna, að ríkisstj. hagar málum sínum þannig, að hún ætlar einmitt launþegum í landinu að bera þyngsta baggann, eða getur það verið, að ríkisstj. beinlínis stefni á það, að hún vilji fá átök við

verkalýðssamtökin í landinu? Getur það verið? Eða hvernig stendur á því, að hún hagar vinnubrögðum sínum á þann hátt, sem hún gerir, að hún hunzar þessi samtök með öllu?

Það hefur svo sem heyrzt síðustu daga, að ýmsir þeir, sem nokkrar áhyggjur hafa af flokkum sínum í ríkisstj., tala um það, hvort ekki sé hægt að finna einhver ráð til þess að láta þetta drasla í 2—3 vikur, og séu svo uppi með vonir um það, hvort þessi eða hinn hópurinn, hvort þessi eða hinn aðilinn í verkalýðssamtökunum fari nú ekki að leysa þá af hólmi með því að hrinda þessu kerfi um koll formlega.

Ég hygg, að flestir í ríkisstj. hafi þegar gert sér grein fyrir því, að þetta kerfi þeirra fær ekki staðizt, það er raunverulega ekki hægt að byggja á því. En svo rækilega hefur ríkisstjórnin verið aðvöruð í þessum efnum, að hún skal minnast þess, að þegar kemur til framleiðslustöðvunar í landinu vegna þessara aðgerða, þá er það ekki launamönnum í landinu að kenna, heldur er það ríkisstj. sjálfri að kenna, vegna þess að hún hefur beinlínis knúið á um að gera óhjákvæmilegt að létta af almenningi í landinu þeim gífurlegu álögum og þeirri alröngu stefnu, sem ríkisstjórnin hefur reynt að halda uppi eða ætlar sér að halda uppi í efnahagsmálunum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík almennt að því frv., sem hér liggur fyrir, ætla ég að minnast nokkrum orðum á 1. gr. frv., það atriði, sem þar kemur fram. Í 1. gr. frv. segir á þá leið, að ríkissjóður skuli greiða jöfnunarsjóði sveitarfélaga um fimmta hluta skatts þess, sem um ræðir í 1. tölulið gr. Á hæstv. fjmrh. var svo að skilja, að þær tekjur, sem bæjar- og sveitarfélögin mundu fá samkvæmt þessu, yrðu notaðar til þess að lækka útsvörin, og ef það væri mögulegt, þá er það vitanlega sjálfsagt, en þá er spurningin sú: Hvaða útsvör eru það, sem þessi lækkun ætti þá fyrst og fremst að beinast að?

Í því sambandi finnst mér rétt að rifja það upp, að fyrir réttum tveimur árum, í apríl 1958, beittu nokkur félagssamtök sér fyrir því að fá hingað erlendan sérfræðing í skattamálum til þess að segja álit sitt á beinum sköttum hér á landi. Þau samtök, sem áttu hlut að þessu, voru Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Félag ísl. stórkaupmanna, Samband smásöluverzlana, Landssamband iðnaðarmanna. Þau fengu Iðnaðarmálastofnun Íslands til þess að útvega þennan sérfræðing, og hún sneri sér til framleiðniráðs Evrópu, og fyrir milligöngu þess kom hingað sænskur skattasérfræðingur, prófessor Nils Västhagen, sem skilaði síðan allýtarlegri skýrslu um skattamálin hér á landi.

Í sambandi við útsvörin vakti hann alveg sérstaka athygli á einni grein útsvaranna, sem að hans dómi eða samkv. hans upplýsingum átti sér hvergi stað nema hér á Íslandi og hann taldi að öllu leyti hina fjarstæðustu. Hann segir t. d. á einum stað í áliti sínu, með leyfi hæstv. forseta: „Það er einkennileg og sérstæð regla í útsvarsálagningu á Íslandi, að sveitarfélögin leggi einnig útsvar á veltu fyrirtækjanna.“ Á öðrum stað segir hann svo á þessa leið: „Í kafla B er getið þess sérkennilega skatts, veltuútsvarsins, sem lagt er á veltu fyrirtækjanna. Ókostir skattakerfis sveitarfélaganna, sem drepið var á hér rétt áður, eiga sérstaklega við um þennan skatt.“ Svo segir hann enn fremur: „Með því að leggja á þennan veltuskatt, geta sveitarstjórnirnar lamað verulega þróun fyrirtækja og gert vissar atvinnugreinar algerlega óarðbærar. Skattlagning á veltu virðist hafa slíkar efnahagslegar afleiðingar, að sveitarfélögunum ætti ekki að vera heimilt að beita henni.“ Fleira segir hann um veltuútsvarið í þessari grg. sinni eða þessu áliti sínu, sem ég tel ekki ástæðu til þess að rifja frekar upp, en niðurstaða hans var í stuttu máli sú, að veltuútsvarið hefði þau áhrif í mörgum tilfellum, að það ekki aðeins lamaði starfsgetu fyrirtækjanna, heldur gengi oft og tíðum á eignir þeirra, vegna þess að það æti upp allar tekjurnar og meira til.

Í framhaldi af þessu finnst mér rétt að vekja athygli á grein, sem birtist í Morgunblaðinu s. l. sunnudag, þar sem nokkuð er rætt um þetta mál. Þar er það rifjað upp, að nýlega hafi fallið dómur í máli út af veltuútsvari, og svo nokkuð lagt út af því. Í þessari grein segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Margur maðurinn hefur oft og einatt borið sig illa út af veltuútsvarinu og það ekki að ástæðulausu. Ranglátari skattur er ekki til í þjóðfélaginu.“ Svo er sagt frá þessum dómi, sem ég minntist á áðan, og segir síðan, með leyfi hæstv. forseta: „Athyglisverðast við dóm þennan er það, að niðurjöfnunarnefndum virðist heimilt samkvæmt landslögum að taka upp allar eignir manna eða félaga með veltuútsvari á fáum árum. Hvar eru nú ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins? Skeljungur“ — það var félagið, sem fór í málið — „Skeljungur sýndi fram á undir rekstri málsins, að með sama áframhaldi í útsvarsálagningu yrði svo komið innan fjögurra ára, að allt stofnfé félagsins væri gengið til þurrðar. Í þjóðfélagi, sem lögverndar slíkt, er ekki unnt að búast við, að heilbrigður atvinnurekstur þrífist til lengdar. Það er verið að setja ýmis lög, reglur og fyrirmæli, sem miða eiga að því að efla traust manna á eignarréttinum og krónunni og hvetja menn til sparnaðar, en svo á sér stað óátalið slíkt rán sem veltuútsvarið. Það er ekki von, að vel fari. Hver reynir eftir beztu getu að koma sér undan refsivendi slíkra laga og reglna, þótt margir séu ofurseldir og eigi sér enga undankomu.“

Ég held, að það sé alveg óhætt að taka undir það, sem segir í þessari Morgunblaðsgrein, að veltuútsvarið verkar í mörgum tilfellum þannig, að það eyðir ekki aðeins öllum þeim tekjum, sem fyrirtækin hafa, heldur gengur stórkostlega á eignir þeirra og lamar þar með starfsgetu atvinnufyrirtækjanna, og það leiðir svo aftur til atvinnuleysis og versnandi afkomu almennings í landinu. Og það verða menn

að gera sér ljóst, að fyrst búið er við kapítalískt kerfi á annað borð, þá þýðir ekki að búa þannig að atvinnufyrirtækjunum, að þeim sé gert ókleift að starfa, en það er óneitanlega gert í mörgum tilfellum með veltuútsvarinu. Og á það má alveg sérstaklega benda, að veltuútsvarið leikur oft og tíðum þau fyrirtæki verst, sem leysa bezta þjónustu af hendi, t. d. verzlunarfyrirtæki, sem hafa lága álagningu, fá því mikla veltu, en þetta verður svo aftur til þess, að skatturinn á þeim verður hærri en ella. Veltuútsvarið fer oft og tíðum mjög illa með ný fyrirtæki, sem verið er að byggja upp og eiga erfitt með að rísa undir þeim álögum, sem af því hljótast. Ég held þess vegna, að ef mögulegt væri vegna þessa ákvæðis í því frv., sem hér liggur fyrir, að láta bæjar- og sveitarfélögin fá nokkurn hluta af söluskattinum, ef það gæti leitt til þess, að það væri hægt að lækka útsvörin að einhverju leyti, þá ætti það fyrst og fremst að verða til þess að draga úr veltuútsvarinu. Heppilegast væri, að það væri hægt að afnema það með öllu, en a. m. k. lækka það og gera það frádráttarhæft.

Ríkisstj. hefur boðað, að hún muni gera breytingar á tekjuskattslögunum, sem verði til þess að lækka álögur á einstaklingunum. En það væri þó ekki óeðlilegt, fyrst slík lækkun er gerð á annað borð, að þetta næði að einhverju leyti líka til atvinnufyrirtækjanna, ekki sízt þegar þannig er ástatt, að nú er verið að gera ýmsar ráðstafanir og leggja á ýmsar álögur, sem koma til með að gera þeim erfiðara að starfa en áður. Það gæti komið til mála í sambandi við þetta frv., að sett yrði eitthvert ákvæði um, að þær tekjur, sem sveitar- og bæjarfélögin fá samkv. því, yrðu til þess að draga að einhverju leyti út veltuútsvarinu eða a. m. k. gera það frádráttarhæft. En nú heyrist, að ríkisstj. hafi í undirbúningi lagasetningu eða sennilega frv., sem verður lagt fyrir þetta þing um skattamál bæjar- og sveitarfélaga, og ef svo er, þá má e. t. v. sleppa því að koma með sérstaka breytingu um þetta í sambandi við þetta mál. Þess vegna vildi ég gera þá fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það væri ekki rétt, að ríkisstj. mundi leggja fram frv. á þessu þingi um skattamál bæjar- og sveitarfélaganna, og eins spyr ég hann að því, hvort ríkisstj. hefði þá ekki hugsað sér einhverjar breyt. í því sambandi, einhverjar breytingar á veltuútsvarinu í samræmi við það, sem ég hef nú sagt. Ef það lægi fyrir, að ríkisstj. hefði einhverjar slíkar áætlanir á prjónunum, væri óþarft að hreyfa þessu frekar í sambandi við þetta mál.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. fjmrh. að því vegna þeirra upplýsinga hans, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafi verið borið undir samtök ýmissa aðila, eins og t. d. iðnrekenda og kaupmanna, hvert væri heildarálit þessara samtaka á því frv., sem hér liggur fyrir, t. d. hvort það er yfirleitt álit kaupmanna og iðnrekenda, að það sé heppilegt skattafyrirkomulag, sem ætlunin er að taka upp með hinum nýja almenna söluskatti, og hvort þessi samtök hafi ekki bent á einhverjar aðrar leiðir, sem þau teldu heppilegri til þess að ná þeirri tekjuöflun, sem hér er stefnt að. Ég teldi mjög æskilegt, að hæstv. fjmrh. gæfi upplýsingar um þetta.

Hv. 3. þm. Austf. (EinS) flutti hér áðan að ýmsu leyti athyglisverða og skemmtilega ræðu, og mér fannst það sérstaklega koma fram hjá honum, að hann væri hygginn maður að því leyti, að hann leiddi það hjá sér að ræða það mál, sem hér liggur fyrir, eða ræða um efnahagsráðstafanir ríkisstj. yfirleitt, heldur talaði um flesta hluti aðra, og það gefur að sjálfsögðu auga leið um það, hver afstaða hans muni vera í raun og veru eða hvað hann telur þessar ráðstafanir vera hyggilegar, því að ef hann teldi það, þá mundi hann vafalaust hafa eytt meira af máli sínu til þess að tala um þær heldur en tala um ýmsa óviðkomandi hluti. Ég sé ekki ástæðu til þess að minnast á þau atriði hjá honum, sem snertu ekki málið sjálft, en vildi aðeins minnast á tvö atriði og annað þeirra vegna þess, að mér finnst það lýsa miklum misskilningi og undarlegum hjá manni, sem þekkir jafnvel til atvinnuvega og atvinnurekstrar og hann áreiðanlega gerir.

Hann var að tala um það í sinni ræðu, að þjóðin hefði á undanförnum árum lifað um efni fram, og byggði það m. a. á því, að það hefði verið tekið talsvert mikið af lánum erlendis á undanförnum árum. En nú má segja það nokkurn veginn undantekningarlaust um öll þessi lán, að þau hafa farið til ákveðinna atvinnuframkvæmda í landinu, sem flestar standa undir sér og meira en það, þ. e. a. s. þær ýmist afla gjaldeyris eða spara gjaldeyri, sem nemur miklu meiri upphæðum en sem svarar vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Ég held, ef við gerum samanburð í þessum efnum, að hv. þm. gæti ekki orðað það þannig, að þegar hann hefur verið að byggja upp sín atvinnufyrirtæki og fengið lán til þess að koma þeim upp, þá hafi hann sjálfur lifað persónulega um efni fram, þó að hann hafi stofnað til skulda vegna þessara atvinnufyrirtækja sinna. Ég hygg þvert á móti, að í staðinn fyrir það að lifa um efni fram, þá hafi hann með þessum skuldum, sem síðar meir hafi svo lagt grundvöllinn að því, að hann er nú talinn ríkasti maður landsins, verið að styrkja og bæta sinn efnahag, en ekki verið með sérstakan eyðslulifnað og lifað um efni fram. Og það er nákvæmlega það sama, sem gerzt hefur með þessum lánum, sem þjóðin hefur tekið erlendis á undanförnum árum. Hún hefur verið að byggja upp margvíslegar atvinnuframkvæmdir og atvinnustarfsemi, sem gera það að verkum, að hún getur haft miklu betri afkomu á næstu árum en ella. Þess vegna er algerlega rangt að tala um það í þessu sambandi, að hér hafi þjóðin verið að lifa um efni fram eða eyða einhverju í óhag. Þvert á móti hefur hún verið að byggja upp atvinnulíf sitt og lagt með því grundvöllinn að því, að hún getur haft betri afkomu í framtíðinni og jafnframt lagt grundvöll að því, að það er síður en svo þörf fyrir þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það, að Eysteinn Jónsson hafi verið mikill skattakóngur og lagt á skatta öðrum mönnum meir o. s. frv. Ég held, að hv. þm. fylgist ekki nægilega mikið með því, sem nú er að gerast, ef hann vill halda því fram, að Eysteinn Jónsson eigi eitthvert met í skattaálögum hér á landi. Ég vil aðeins nefna nokkrar tölur í þessu sambandi. Í seinasta fjárlagafrv., sem Eysteinn Jónsson lagði fram hér á Alþingi, haustið 1958, fjárlagafrv. fyrir 1959, eru allar rekstrartekjur ríkisins áætlaðar um 900 millj. kr. Nú í því frv., sem var lagt fram af Guðmundi Í. Guðmundssyni sem fjmrh. á s. l. hausti fyrir árið 1960, eru rekstrartekjurnar komnar upp í 1000 millj. kr. Þar með er gert ráð fyrir hækkandi álögum um 100 millj. kr. á einu ári. En einn kemur öðrum meiri, og það urðu fjmrh.-skipti hér nokkru fyrir áramótin, og hinn nýi fjmrh. lagði svo fram nýtt fjárlagafrv. nú eftir áramótin. Í því frv. eru álögurnar ekki áætlaðar 1000 millj., eins og hjá Guðmundi Í. Guðmundssyni, heldur eru þær áætlaðar 1464 millj. kr. eða hafa í meðförum þessa manns á tveimur mánuðum hækkað um hvorki meira né minna en 464 millj. króna. Þessar nýju álögur, sem hér eru lagðar á og eiga að leggjast á nú á þessu ári, eru þær langsamlega mestu álögur eða hækkun á álögum, sem nokkru sinni hefur átt sér stað í íslenzkri sögu, og það er algert met. Hæstv. fjmrh. er með þeim fjárlögum, sem nú eru til meðferðar á Alþingi, að setja algert met í þessum efnum, langsamlega meira met en nokkru sinni hefur áður verið sett hér. Þetta er langsamlega stærsta stökk í álögum ríkisins, sem nokkru sinni hefur átt sér hér stað. Og það skrýtna er með þennan hv. þm., hv. 3. þm. Austf., sem þykist vera mjög mikið á móti opinberum álögum og sköttum, að hann virðist vera þessu mjög fylgjandi og telja þetta í alla staði hið ágætasta ástand, að hækka álögurnar, hinar opinberu álögur, á einu ári um hvorki meira né minna en 400—500 millj. kr. ofan á aðrar álögur, sem eru lagðar á landsmenn eða felast í gengislækkuninni, vaxtahækkun og öðru slíku.

Ég held, að þegar hv. þm. fer að athuga það, sem er að gerast nú í landinu og hann er að hjálpa til að gera, þá ætti hann að minnast á eitthvað annað en það, að það hefðu verið lagðir á háir skattar á undanförnum árum, vegna þess að hann er hér að hjálpa til þess, að þetta verði svo stórkostlega aukið frá því, sem áður var, að það, sem þekktist t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar, er að verða að smáræði í samanburði við þær álögur, sem núv. ríkisstjórn er að leggja á.

Þá var það ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm., þegar hann var að tala um það, að með þeim ráðstöfunum, sem nú væri verið að gera, hinum svokölluðu efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj., væri verið að draga úr höftum og auka frjálsræði í landinu og skapa mönnum betri aðstöðu til þess að njóta framtaksins. Þetta er hinn herfilegasti misskilningur. Svo að segja allar þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera, miða að því og eru miðaðar að því að skerða framtak og sjálfsbjargarmöguleika allra hinna minni máttar einstaklinga í landinu. Gengislækkunin, sem gerir allar framkvæmdir dýrari, skerðir að sjálfsögðu framtaksmöguleika þeirra einstaklinga, sem hafa ekki þeim mun sterkari efnahagslega aðstöðu. Vaxtahækkunin gerir nákvæmlega hið sama. Þær skattaálögur, sem felast í því frv., sem hér liggur fyrir, stefna að nákvæmlega sama marki. Þannig er undantekningarlaust með öllum þessum ráðstöfunum, svokölluðum efnahagsráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. er að gera, stefnt að því að draga úr einkaframtakinu, lama það og skerða, nema kannske örfárra einstaklinga, sem eru svo vel efnum búnir, að þeir þola þetta. Þess vegna er einkennilegt, að maður, sem er jafngreindur og hv. 3. þm. Austf., skuli láta sér fara það um munn, að með þessum ráðstöfunum sé verið að greiða fyrir einkaframtakinu í landinu. Þvert á móti er verið að skerða það og lama á allan hátt, nema kannske örfárra hinna allra fjárhagslega sterkustu einstaklinga.

Ég held, að það sé ekki úr vegi í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og þær svokölluðu efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera, að rifja upp frétt, sem maður heyrði nýlega í morgunútvarpinu og var um, að það hefði verið auglýst hernaðarástand í einu landi Suður-Ameríku, Argentínu. Saga þessa máls er sú, að fyrir einu—tveimur árum fóru þar fram forsetakosningar. Sá maður, sem var kosinn, gaf þjóðinni alls konar fögur loforð um framfarir og endurbætur á hennar lífskjörum og vann kosningarnar út á þessi loforð. Eftir að hins vegar var búið að kjósa hann sem forseta, var alveg snúið við blaðinu, og það var leitað til bandarískra hagfræðinga og óskað þeirra tillagna, m. a. hjá hinum svokallaða Alþjóðabanka, um þær ráðstafanir, sem ætti að gera í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það var farið eftir þessum ráðleggingum, sem hinir bandarísku sérfræðingar gáfu, og að sjálfsögðu gáfu þeir eins og sérfræðingar Alþjóðabankans yfirleitt fyrirmæli um það eða ráðleggingar um að taka upp samdráttarstefnu í margs konar myndum. Afleiðingarnar hafa orðið þær, að það hefur þrengt mjög að kjörum manna í þessu landi síðan og dregið þar úr framkvæmdum, og forsetinn, sem var mjög vinsæll fyrir tveimur árum, þegar hann var kosinn, er nú orðinn mjög óvinsæll. Það standa þar fyrir dyrum kosningar til efri deildar þingsins, og nú er forsetinn og hans fylgismenn orðnir svo hræddir við úrslit þessara kosninga, að þeir búa til sögur um, að það séu einhverjir vondir menn að undirbúa uppreisn í landinu. Og til þess að koma í veg fyrir það og í raun og veru til þess að koma í veg fyrir kosningarnar, þá er nú lýst yfir hernaðarástandi í þessu landi.

Þetta er aðeins lítið dæmi um það, sem er að gerast í ýmsum þeim löndum, sem nú fara eftir ráðleggingum hinna bandarísku kreppuhagfræðinga, og hefur gerzt miklu víðar en í Argentínu, enda ef maður flettir upp og les greinar um alþjóðleg mál í vestrænum blöðum, þá sést þar, að það gægist fram verulegur ótti

um, að hin lýðræðislegu ríki, lýðræðisliðin, kunni að verða undir í hinni efnahagslegu samkeppni við kommúnistaríkin. Það er ekki svo mjög óttazt um það nú eins og áður var, að þessi lönd verði undir í hinni hernaðarlegu samkeppni, heldur miklu frekar í hinni efnahagslegu samkeppni. Þetta ætti þó að vera mjög undarlegt, vegna þess að lýðræðisríkin búa yfirleitt við miklu öflugra og betra framleiðslukerfi en kommúnistaríkin. En þrátt fyrir það er það nú yfirleitt upp á teningnum, að framleiðsluaukningin er tiltölulega meiri í kommúnistaríkjunum en í hinum ríkjunum, og það sem er kannske ekki síður um vert, að framleiðsluaukningin í kommúnistaríkjunum beinist meira að þeim verkefnum, sem telja verður nauðsynleg og þurfa að ganga fyrir, heldur en í lýðræðisríkjunum.

Hvað er það, sem veldur því, að þrátt fyrir það, þó að lýðræðisríkin eigi að hafa betri aðstöðu í þessum efnum, vegna þess að þau búa við sterkara og öflugra framleiðslukerfi, — hvað er það, sem veldur því, að þróunin virðist nú ganga þeim svo mjög í óhag? Svarið við þeirri spurningu er ákaflega einfalt. Það er vegna þess, að í aðalríkjum hins lýðræðislega heims er nú fylgt fjármálastefnu kreppuhagfræðinganna. Í Bandaríkjunum — og raunar í Bretlandi líka, þó að það sé ekki í eins ríkum mæli, er fylgt fjármálakerfi kreppuhagfræðinganna, samdráttarstefnunni, og þetta verður til þess, að framleiðslugeta þessara landa notast miklu verr en skyldi, og verður líka til þess, að framleiðsluaukningin í þessum löndum beinist að ýmsu leyti að verkefnum, sem bæta ekki aðstöðuna í samkeppninni við kommúnistaríkin.

Ég held, að ef ætti að dæma nú um það, hverjir það væru, sem væru í raun og veru beztu liðsmenn og bandamenn kommúnistanna og kannske vinna meira að því en kommúnistarnir sjálfir að skapa stefnu þeirra betri aðstöðu í samkeppni við lýðræðisríkin, þá væru það kreppuhagfræðingarnir, sem nú stjórna fjármálum flestra hinna vestrænu þjóða. Og það má telja nokkurn veginn víst, að þessi þróun heldur áfram að verða lýðræðisríkjunum í óhag, nema því aðeins að þau beri gæfu til þess að taka upp aðra stefnu en nú er fylgt í þeirra fjárhagsmálum, taki upp stefnu, sem meira beinist að því að hafa sem mest not af því framleiðslukerfi og þeim framleiðslutækjum, sem þau hafa, og beina þeim að þeim verkefnum, sem eru nauðsynlegust, þó að það séu ekki alltaf þau verkefni, sem séu gróðavænlegust. Það, sem þessi lönd þurfa að stefna að tvímælalaust, er að taka upp í vaxandi mæli meiri áætlunarbúskap, meiri skipulagningu, sem felst í því að nýta þeirra framleiðslumöguleika sem mest og beina þeim að þeirri framleiðslu, sem mestu máli skiptir. En innan þess ramma á að sjálfsögðu að skapa einkaframtakinu sem bezta aðstöðu til að njóta sín, og þar er það, sem meginmunurinn á að koma fram í kerfi vestrænu ríkjanna og kommúnismans. Með því að beina einkaframtakinu þannig að réttum viðfangsefnum og láta það þá hafa hæfilegt svigrúm til að njóta sín þar og þrengja ekki of mikið að því með þungum sköttum eða verðlagshömlum, næst áreiðanlega langsamlega mestur árangur í þessum efnum. En meðan lýðræðisríkin fylgja samdráttarstefnunni í jafnríkum mæli og nú er gert, má búast við, að sú hættulega þróun haldist áfram, að kommúnistaríkin sæki á í samkeppninni við þau frekar en hið gagnstæða. Og það, sem ég tel að sé ekki síst hættulegt í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem nú á að fara að framkvæma hér á Íslandi, er, að það er verið að taka upp þessa samdráttarstefnu, sem hefur gefizt svo illa úti í heiminum hjá öðrum lýðræðisþjóðum, sem henni hafa fylgt, og hefur t. d. þær afleiðingar í för með sér, að nú eru í Bandaríkjunum um 4 milljónir atvinnuleysingja, að framleiðslugeta Bandaríkjanna er mjög illa hagnýtt á mörgum sviðum og henni ekki heldur alltaf beitt að réttum viðfangsefnum.

Það má líka benda á það í þessu sambandi, að það eru fjölmargir hinna framsýnni kapítalista, sem sjá, að þessi stefna er röng, að samdráttarstefnan er röng. T. d. hefur sérstök stofnun, sem vinnur að því að afla upplýsinga um efnahagsmál almennt og er rekin af tveimur Rockefeller-bræðrum, birt álit um þetta, þar sem því er haldið fram, að framleiðsluaukningin í Bandaríkjunum sé helmingi minni en hún gæti verið og þyrfti að vera, til þess að þau héldu sínum hlut í samkeppninni við kommúnistaríkin. Og í þessu áliti er bent á ýmsar leiðir til að ná þessu marki, sumar, sem eru allróttækar og jafnvel íhaldssamari kapítalistar í Bandaríkjunum telja að nálgist hálfgerðan kommúnisma. En hér er hins vegar um framsýna kapítalista að ræða, þá Rockefeller-bræður og þeirra hagfræðinga, sem loka ekki augunum fyrir því, sem er að gerast í heiminum, loka ekki augunum fyrir því, sem er rangt í þeirra skipulagi, loka ekki augunum fyrir þeirri hættu, sem felst í samdráttarstefnunni, og vilja þess vegna knýja fram breytingar til bóta.

Það, sem ég tel alveg sérstaklega skaðlegt og jafnvel enn verra en sjálfa kjaraskerðinguna við þær svokölluðu efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera, er einmitt þetta, að það er stuðlað að stórfelldum samdrætti á mörgum sviðum atvinnulífsins og það er verið að brjóta á bak aftur framtak fjöldamargra efnaminni einstaklinga, sem mundu hafa ráðizt í ýmsar framkvæmdir og vildu ráðast í ýmsar framkvæmdir, en geta það ekki, eftir að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur undirbúið, koma til framkvæmda.

Hv. 3. þm. Austf. talaði um það í sinni ræðu, að takmarkið væri að koma á frelsi með þessum ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefði undirbúið, og það má að því leyti til sanns vegar færa, að þegar með þessum ráðstöfunum er búið að brjóta niður framtak og sjálfsbjargarviðleitni hinna mörgu einstaklinga í landinu, þá verður meira olnbogarúm og frelsi fyrir hina fáu útvöldu einstaklinga, þessa einstaklinga, sem telja sig sérstaklega hæfa til þess að hafa svo

að segja öll mannaforráð í landinu, og þá verði komið á það frelsisástand, sem þessir menn stefna að. Manni skilst, að aðalsjónarmiðið eigi þá að vera það, að það eigi fyrst og fremst að snúa sér að þeim atvinnugreinum og efla þær atvinnugreinar, sem eru gróðavænlegastar í það og það skiptið, enda mundi þá að sjálfsögðu fyrst og fremst vera stefnt að því. En við höfum reynslu af því, hvernig þetta frelsi gefst, þegar komið er á þetta stig. Þetta kerfi var reynt til fulls í Bandaríkjunum fyrir 30—40 árum. Þá ríkti þar slíkt frelsi, að hinir stóru og fjárhagslega sterku einstaklingar gátu farið að eins og þá lysti og fyrst og fremst stundað þær atvinnugreinar, sem voru gróðavænlegastar, en látið hinar eiga sig. Hver var niðurstaðan? Niðurstaðan var sú, að þegar vissar atvinnugreinar voru lengi búnar að vera vanræktar og búið var að offylla markaðinn af framleiðslu þeirra vara, sem hafði verið gróðavænlegast að framleiða á vissu tímabili, þá hófst þar kreppan, heimskreppan mikla. Hana leiddi af þessu ástandi, sem fólst í því, að þær atvinnugreinar voru algerlega vanræktar, sem ekki voru gróðavænlegar í það og það skiptið, en fyrst og fremst snúið sér að framleiðslu þeirra atvinnugreina, sem voru gróðavænlegastar í svipinn. Svo þegar ofþenslan kom til sögunnar á sviði þeirra, dróst hún saman. Þetta var orsökin að hinni mestu heimskreppu, efnahagslegu kreppu, sem yfir heiminn hefur gengið.

En lærdómarnir af þessu eru nú yfirleitt þeir, að menn óska ekki eftir því, að þetta ástand verði tekið upp aftur. Meira að segja Bandaríkin gera marghátt aðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þetta fyrirkomulag komi þar upp aftur, vegna þeirrar reynslu, sem þau fengu af því. Þar í landi eru styrktar ýmsar atvinnugreinar, sem þykja ekki sérstaklega gróðavænlegar, til að koma í veg fyrir, að þær dragist óhæfilega saman og það valdi svo samdrætti á öðrum sviðum. Hér á nú hins vegar að taka upp þá stefnu samkv. kenningu ríkisstj., að það eigi bara að stunda þá atvinnuvegi og þær atvinnugreinar, sem séu gróðavænlegar í það og það skiptið, en hitt eigi að mæta afgangi. Í samræmi við þetta er stefnt að því að leggja niður bátaútgerðina, bæði vestan-, austan- og norðanlands, vegna þess að sjávarútvegurinn þar eða bátaútgerðin þar er svipt uppbótum, sem hún hafði áður og námu meira en gengislækkuninni. Þetta verður til þess, að þarna dregst atvinnan saman.

Aðrar þjóðir fara öðruvísi að en við í þessum efnum. Það má t. d. minna á það í þessu sambandi, að Norðmenn leggja fram úr ríkissjóði mikið fé til þess að styrkja útgerðina á ýmsum afskekktari stöðum, þar sem um sérstakar fisktegundir er að ræða, sem þurfa á slíkum styrk að halda. Ég sá það nýlega í norskum blöðum, að t. d. uppbætur til sjávarútvegsins í Norður-Noregi verða auknar á þessu ári um 19 millj. kr. Bretar styrkja sinn sjávarútveg í stórum stíl. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að á þessu ári muni Bretar veita í uppbætur til sjávarútvegsins um 19 millj. sterlingspunda.

Það, sem þarf að gera í þessum efnum, er, að þegar einni atvinnugrein kann að vegna miður, en nauðsynlegt er samt að halda henni við, þá þarf að færa til hennar frá þeim atvinnugreinum, sem eru gróðavænlegar í það og það skiptið, og skapa þannig jöfnuð milli atvinnuveganna og atvinnugreinanna í landinu. En þetta verður að sjálfsögðu ekki gert með því fyrirkomulagi, sem nú á að taka upp, að skipta sér eingöngu af þeim atvinnugreinum, sem eru gróðavænlegar í svipinn, en láta svo allt annað mæta afgangi. Við höfum líka reynslu af því í ýmissi okkar atvinnuuppbyggingu, hvernig það hefur gefizt að haga sér á þennan hátt. Þegar t. d. síld hefur veiðzt á vissum stöðum hér á landi og gefið sæmilegan arð að stunda síldveiðar þar, þá hefur verið rokið í það að byggja upp síldarverksmiðjur í stórum stíl, sem svo hafa reynzt algerlega arðlausar, vegna þess að síldin hefur ekki komið til þessara staða aftur. Gleggsta dæmið um þetta er báknið mikla, sem er úti í Örfirisey, Faxaverksmiðjan svokallaða. Það var rokið í að byggja hana með ærnum kostnaði og hún látin hafa forgangsrétt að erlendu lánsfé, vegna þess að síld kom einu sinni í Hvalfjörð. Svo hefur síldin ekki komið aftur og verksmiðjan hefur ekki enn þá komið að neinu gagni, en búið að setja í hana tugi og jafnvel hundruð millj. kr., miðað við núverandi skráningu krónunnar. Þetta sýnir, hvernig sú atvinnuuppbygging er, sem miðast eingöngu við það, eins og vakir fyrir núverandi ríkisstj., að stunda eingöngu þær atvinnugreinar, sem eru gróðavænlegar í svipinn, en láta annað mæta afgangi.

Það, sem þarf að koma í staðinn fyrir þessa stefnu, er að halda hæfilegu jafnvægi á milli atvinnugreinanna og jafna á milli þeirra, þannig að ef ein stendur höllum fæti, þá fái hún styrk frá hinum, sem betur standa. Vel getur þetta svo orðið öfugt eftir lítinn tíma, að þær atvinnugreinar, sem stóðu höllum fæti fyrir nokkru, verði orðnar veitandi og geti hjálpað þeim, sem áður höfðu betri útkomu. En þetta verður að sjálfsögðu ekki gert með því svokallaða frjálsa fyrirkomulagi, sem hér á nú að taka upp, heldur verður þetta ekki gert nema með því, að við hverfum meira, eins og ég minntist á áðan, að áætlunarbúskap til þess að jafna á milli atvinnugreinanna og beina framtaki bæði félaga og einstaklinga að þeim verkefnum, sem mestu skipta, en gefa þá hins vegar framtaki manna aðstöðu til þess að njóta sín innan þess ramma.

Fjöldamargt annað mætti nefna, þó að ég geri það ekki frekar að þessu sinni, til að sýna fram á, að það, sem þarf að hverfa að í vaxandi mæli í stað þess fyrirkomulags, sem hér er tekið upp, er að koma á meiri áætlunarbúskap til þess að tryggja sem bezta nýtingu framleiðslutækjanna og til þess að beina framtaki fyrirtækja og einstaklinga að þeim verkefnum, sem mestu skipta á hverjum tíma, og leyfa þeim þá að njóta sín sem bezt innan þess ramma, en ekki að láta þetta verða algerlega

óheft og skipulagslaust, með afleiðingum, sem geta oft og tíðum orðið svipaðar og þær, sem leiddu til heimskreppunnar miklu og eru nú að leiða til þess, eins og ég hef rakið hér á undan, að lýðræðisríkin standa höllum fæti í hinni efnahagslegu samkeppni við kommúnistaríkin, af þeim ástæðum, að þau fylgja nú samdráttarstefnu og nýta ekki sína framleiðslumöguleika eins vel og skyldi. En það vil ég taka fram alveg sérstaklega, að á sama tíma sem ég álít nauðsynlegt að koma upp meiri áætlunarbúskap, þá á að gefa einstaklingum og félögum og líka ríkisfyrirtækjum sem bezta aðstöðu til að njóta sín innan þess ramma, sem áætlunarbúskapurinn setur, og í samræmi við það tel ég það rétt, sem ég minntist á hér í upphafi, að veltuútsvarið verði að mestu eða öllu afnumið og a. m. k. komið í það form, að það hafi ekki í för með sér hreint eignarán, eins og nú á sér oft stað.

Ég ætla, áður en ég lýk máli mínu, að víkja nokkrum orðum að því, sem oft hefur verið haldið fram af stjórnarflokkunum og þeir nota nú helzt til réttlætingar þessum svokölluðu efnahagsráðstöfunum sínum, að það hafi verið nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að gera þetta. Ég hef sýnt það áður, með því, sem ég sagði í svari mínu til hv. 3. þm. Austf., að það var óþarft að gera þessar ráðstafanir vegna erlendu skuldanna, vegna þess að þær standa undir sér sjálfar og miklu meira en það, með því að þær ýmist afla gjaldeyris eða spara gjaldeyri, sem nemur miklu meira en vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Þá er það, sem er annað atriðið eða önnur röksemdin fyrir þessum efnahagsráðstöfunum, að þetta hafi verið nauðsynlegt að gera vegna atvinnuveganna, að afkoma ríkissjóðs og útflutningssjóðs hafi verið slík nú um áramótin, að það hafi verið nauðsynlegt að ráðast í þessar framkvæmdir, þessa miklu röskun, sem hér er stefnt að. En það vill nú svo vel til, að það liggur fyrir vitnisburður hæstv. fjmrh. um, að það hafi engin nauðsyn verið til þess að ráðast í jafnviðtækar ráðstafanir og þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. er nú að framkvæma.

4. des. s. l. var verið að ræða hér í Nd. um bráðabirgðafjárgreiðslur ríkisins á næsta ári, og þá var sú fyrirspurn lögð fyrir hæstv. fjmrh., hvað mikið mundi vanta í ríkissjóð og útflutningssjóð, til þess að þessir sjóðir mundu geta staðið undir eðlilegum greiðslum á næsta ári, og svar hæstv. fjmrh. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef svarað því áður, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, sem því miður eru ekki nákvæmar enn, mun að óbreyttu skipulagi vanta milli 200 og 300 millj. kr. handa ríkissjóði og útflutningssjóði á næsta ári.“

M. ö. o.: samkv. þessum upplýsingum fjmrh. 4. des. s. l. vantaði á milli 200 og 300 millj. kr. í ríkissjóð og útflutningssjóð, til þess að þessir sjóðir gætu staðið undir eðlilegum greiðslum á næsta ári. Þetta þýddi það, ef maður tekur þessar upplýsingar góðar og gildar, að það hefði þurft að afla nýrra tekna handa ríkissjóði og útflutningssjóði sem svaraði þessari upphæð, og ef það hefði verið gert, þá hefði ekki verið nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir eða frekari tekjuöflun, til þess að atvinnuvegirnir gætu haldið áfram rekstri sínum með sama hætti og verið hefði.

En hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert? Hefur hún bara aflað þeirrar upphæðar, sem hæstv. fjmrh. taldi nauðsynlega vegna útflutningssjóðs og ríkissjóðs fyrir 3 mánuðum? Nei, ríkisstj. hefur gert allt annað og miklu meira en þetta. Í stað þess að afla þessara 200—300 millj. kr., sem var nauðsynlegt að afla, ef gamla kerfinu var haldið áfram, samkv. upplýsingum fjmrh., þá hefur hún ráðizt í að leggja á álögur, sem er hægt að færa skýr rök að að nema allt að 1100 millj. kr. á ári eða fjórfaldri þessari upphæð. Hér er því margfalt lengra gengið en nokkur nauðsyn er á. Og það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvort menn kalla þetta heldur álögur, eins og venjulegt er, eða hvort menn vilja kalla þetta tilfærslur og það sé verið að færa þetta úr einum vasa í annan. Hvort orðið sem er heldur notað, þá má fullyrða það, að hér er lengra gengið í álögum eða tilfærslum en nokkru hófi gegnir, og þessu hlýtur að fylgja svo stórkostleg röskun í okkar efnahagsmálum og á tekjuskiptingunni innbyrðis milli landsmanna, að það er engin von til þess, að þetta fái staðizt. Alveg eins og sá ræðumaður sýndi fram á, sem talaði hér á undan mér, hlýtur þetta fyrr en seinna að enda með því, að það springur.

Hæstv. núv. dómsmrh. hefur fyrir nokkru skrifað grein í danskt blað um þessar svokölluðu efnahagsráðstafanir ríkisstj. Hann segir svo í niðurlagsorðum greinarinnar, að það muni skapast mikið hættuástand á Íslandi, ef þessar ráðstafanir misheppnist. Og það er vitanlega hverju orði sannara. En það mun líka skapast mikið hættuástand og enn þá verra ástand á Íslandi á mörgum sviðum, ef hæstv. ríkisstj. heppnast að ná fram þeim tilgangi, sem raunverulega er stefnt að með þessum ráðstöfunum, þ. e. að koma á nýju efnahagskerfi, sem miðar að því að skapa frjálsræði og olnbogarúm fyrir aðeins örfáa útvalda einstaklinga, á kostnað allra annarra landsmanna. Það er að sjálfsögðu það langsamlega versta, sem gæti leitt af þessum aðgerðum. En hitt er líka alveg rétt, að það getur skapazt við það mikil hætta, ef þessar ráðstafanir verða brotnar niður með miklum átökum og verkföllum, sem annars er hætt við að komi til sögunnar. Þess vegna er áreiðanlegt, að það eina rétta, sem hæstv. ríkisstj. gæti nú gert, er að reyna að taka sönsum, að íhuga sitt ráð að nýju og hverfa frá því að framkvæma þær fyrirætlanir, sem felast í þessum svokölluðu efnahagsráðstöfunum hennar. Ríkisstj. hefur enn þá tækifæri til að breyta hér um stefnu. Hún hefur enn þá tækifæri til að bæta úr þeim vandræðum, sem munu fylgja ráðstöfunum hennar, ef hún framkvæmir þær. Hún hefur enn þá möguleika til að draga úr ýmsum þeim álögum, sem hún ætlar að leggja á. Hún hefur tækifæri til þess að létta af vaxtaokinu. Og hún hefur tæki-

færi til að gera ýmsar fleiri ráðstafanir til endurbóta á þeim fyrirrætlunum, sem hún hefur haft á prjónunum, þó að hún sé þegar búin að framkvæma nokkuð af þeim. Þetta er áreiðanlega eina leiðin og eini möguleikinn til að forða vandræðum og vaxandi erfiðleikum í þjóðfélaginu. Þess vegna á hæstv. ríkisstj. að taka sönsum, meðan tækifæri er til, en stefna þjóðfélaginu ekki út í það óefni, sem hlýtur að leiða af því, ef hún ætlar að framfylgja þessum fyrirrætlunum sínum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var ákaflega ánægjulegt að hlusta hér áðan á hv. 3. þm. Austf. (EinS). Það er svo nýtt fyrir okkur hér í d. að hafa nokkurn mann, sem hefur trú á þessum ráðstöfunum ríkisstj. Það hefur gengið sú saga hér í þinginu, að utan tveggja ráðh. væri það einn einasti óbreyttur þm., sem hefði nokkra trú á þessum ráðstöfunum, það væri hv. 6. landsk. (BK), svo að nú virðast þó vera tveir þm. hér í deildinni hjá okkur, sem hafa trú á þessum ráðstöfunum. **(Gripið fram í:** Það eru fleiri.) En það var líka ákaflega gaman að fá allt í einu einn lifandi kapítalista hér inn með allan sinn boðskap, — þetta var eins og maður sæi risaeðlu frá fornöld allt í einu koma hér, — að heyra þennan boðskap fluttan af svona miklum krafti og trú á þetta allt saman. Hann virtist hins vegar vera alveg sammála okkur stjórnarandstæðingum um það, að söluskatturinn, sem hér væri til umræðu, væri gersamlega óverjandi, enda kom hv. 3. þm. Austf. ekki einu orði að söluskattinum, og það var mjög rétt af honum, því að það er ekki hægt að eyða einu orði að því að verja hann fyrir þá, sem neyðast nú annars til þess að standa með stjórninni.

Hv. 3. þm. Austf. byrjaði með því að tala um töluna 200, 200 millj. kr., og að við hefðum lifað um efni fram, af því að við hefðum safnað skuldum. Má ég nú spyrja hv. 3. þm. Austf.: Finnst honum það endilega þurfa að vera að lifa um efni fram að safna skuldum? Geta menn ekki vel safnað skuldum og orðið ríkir samt? Íslenzka þjóðin hefur undanfarið haft þann hátt á, að hún hefur safnað nokkrum skuldum. Meginið af þeim skuldum hefur hún sett í mjög gagnleg fyrirtæki og það sérstaklega fyrirtæki í sjávarútveginum. Það hefur að vísu verið sumt sett í ýmislegt annað. En það held ég, að hv. 3. þm. Austf. alveg sérstaklega kannist þó við, að geti maður slegið sér lán og setji lánið inn í sjávarútveginn, þá er það gott fyrir þann, sem það gerir. Og þegar íslenzk þjóð hefur slegið sér lán erlendis og sett það í skip og hraðfrystihús, þá hefur hún breytt mjög rétt, svo að ég held, að þegar hv. 3. þm. Austf. fer að athuga þetta niður í kjölinn, þá hljóti hann að vera okkur sammála um, að þegar við höfum tekið lán erlendis og sett það í sjávarútveginn, þá hefur það verið mjög skynsamleg ráðstöfun og öðruvísi mundi hann ekki hafa farið að sjálfur, ef hann hefði átt völ á því að taka lán erlendis og ekki getað fengið lán hér heima. Mundi honum nokkurn tíma detta í hug að halda því fram, að hann lifði um efni fram, þó að hann tæki lán hér hjá bönkunum og setti það í hraðfrystihús eða togara eða báta? Ekki mundi honum detta í hug að álíta, að það væri að lifa um efni fram, heldur þvert á móti. Hann mundi álíta, að hann væri að gera mjög skynsamlega ráðstöfun, ekki aðeins fyrir sjálfan sig, heldur líka fyrir sína þjóð. Og ef hann álítur það, þá er hann alveg sammála okkur, stjórnarandstöðunni, og alveg á móti ríkisstjórninni.

Svo sagði hv. 3. þm. Austf., að það kæmi að því, að nú yrðu menn að fara að borga þessar skuldir. Ég segi nú ekki, að þær séu allar saman fallnar í gjalddaga. Og stendur hann ekki sjálfur í því stundum að eiga skuldir og ganga jafnvel út frá því að verða einhvern tíma að borga þær? En ef hann hefur sett lánin í hraðfrystihús og togara og skip, finnst honum hann þá ekki standa undir skuldunum og geta borgað þær, þegar þar að kemur? Og sama hefur þjóðin gert. Ég held, að það sé engu að kvíða, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það eina, sem hann hefur að kvíða og þjóðin, það er, að það kæmu einhver svo vitlaus stjórnarvöld, að þau færu að ganga að þeim mönnum, sem hefðu sett sína peninga í sjávarútveginn, þó að þeir ættu nægar eignir, eða svo vitlaus stjórnarvöld, sem stöðvuðu sjávarútveginn og hindruðu þróun hans og framfarir og gerðu þjóðinni þannig ómögulegt að afla þess fjár, sem hún þarf til þess að borga skuldir sínar.

Hv. 3. þm. Austf. var eitthvað argur út í Framsókn. Hún getur svarað fyrir sig hér. En hann var í sambandi við það að tala um, að hann hefði haft einhver hryggileg dæmi um, að Framsfl. hefði einhvern tíma í sinni sögu ætlað að leggja allt í rúst, leggja atvinnuvegi í rúst, og stundum hefði allt verið stöðvað í miðjum klíðum. Má ég spyrja: Hvað er það, sem verið er að gera núna? Mér fannst hann bara vera að gefa lýsingu á því, sem ríkisstjórnin væri að gera í dag. Ætli það séu ekki nokkuð margir atvinnurekendur, sem standa frammi fyrir því nú, að það eigi að stöðva hjá þeim í miðjum klíðum? Og hefur ekki jafnvel hv. 3. þm. Austf. fengið að kenna á því líka? Hvað skyldu þeir hugsa í Vestmannaeyjum núna, af því að það er góður afli, og hérna jafnvel við Faxaflóa líka eða norður á Snæfellsnesi? Ætli það sé ekki þannig með nokkuð marga útgerðarmennina núna, að þeir séu hræddir um, að allt verði stöðvað í miðjum klíðum, enda heyrðist mér á honum sjálfum, að hljóðið út í meirihlutastjórnina á Seðlabankanum að undirlagi ríkisstj. væri ekki rétt gott. Hann var að tala um einhverja menn, sem hefðu farið á hausinn fyrir 20—30 árum. En hvernig skyldi það vera, ef það yrði farið að praktísera að framkvæma þá pólitík, sem ríkisstj. hefur heimtað núna og er að láta Seðlabankann framkvæma gagnvart ýmsum fyrirtækjum á Snæfellsnesi, á Vestfjörðum, í Reykjavík? Hvernig skyldi fara fyrir þeim — og það jafnvel fyrirtækjum, sem ýmsir af stjórnarstuðningsmönnunum hér í þessari

deild þekkja? Er þessi stefna, sem ríkisstj. hefur tekið upp, ekki bara beinlínis að stöðva þetta allt saman í miðjum klíðum, setja þessi fyrirtæki á hausinn? Það þarf kannske ekki að leita langt aftur í tímann.

Hv. 3. þm. Austf. var að veitast að vinstri stjórninni eitthvað í sambandi við, hvort réttir menn hefðu aðgang að bönkunum. Hafa kapítalistarnir hér á Íslandi þurft að kvarta nokkuð sérstaklega yfir því á undanförnum árum, að þeir hafi ekki haft aðgang að bönkunum? Hefur það ekki yfirleitt verið þó stefnan á undanförnum árum, ekki bara hjá vinstri stjórninni, heldur líka þar áður, að láta þá menn, sem eitthvað vildu gera til þess að auka atvinnulíf þjóðarinnar, fá aðgang að bönkunum? Er það ekki ný stefna, sem er verið að taka upp núna, að banna öllum þeim mönnum, sem koma nærri atvinnurekstri, að hafa aðgang að bönkunum, að loka bönkunum fyrir þeim? Það er sú stefna, sem sú ríkisstjórn, sem hann styður, er að taka upp. Ég held, að það hafi bæði réttir og rangir menn haft aðgang að bönkunum undanfarið, þeir hafi látið sína sól skína yfir réttláta og rangláta, eins og þar stendur.

Yfirleitt hefur það verið pólitík á Íslandi um langt, langt skeið, að menn reyndu að hjálpast að við það að efla atvinnutækin, auka atvinnulífið. Það hefur verið mismunandi mikið frjálslyndi, mismunandi þröngsýnt um það, en heildarstefnan hefur a. m. k. síðustu 20 árin verið sú. Það er fyrst núna, sem ný bankapólitík er tekin upp. Hún hefur aldrei þekkzt á Íslandi áður.

Þá talaði hv. 3. þm. Austf. um yfirbygginguna í þjóðfélaginu, hún væri svo voðaleg og þar þyrfti að spara. Það var gott, að hann skyldi koma inn á það, áður en fjárlögin eru afgreidd. Þar er nefnilega aldeilis tækifæri fyrir hann. Það hafa verið hér smátill., sem stundum hefur verið reynt að fá í gegn á undanförnum árum, eins og t. d. að sameina sendiráðin á Norðurlöndum, leggja þau niður í nokkrum höfuðborgum og hafa bara eitt sendiráð í Paris og annað þess háttar. Vonandi kemur hann nú vitinu fyrir ríkisstj., að þessi yfirbygging hjá henni á þessu öllu saman sé of mikil. Nú hefur hann tækifæri til þess að skera þessa yfirbyggingu niður. Nú hefur hann valdið. Þessi ríkisstjórn er ekkert sérstaklega sterk hér á Alþingi. Þetta er ekki svo mikill meiri hluti, að ef voldugir, duglegir, nýir menn, sem hér koma inn, segja við hana: Nú verður þú að fara að passa þig, annars snýst ég á móti þér, — þá er vissara fyrir svona ríkisstjórn að hafa sig hæga.

Ég sé hins vegar, að hann virðist hafa þá trú enn þá, að þetta, sem honum finnst svona bragðvont, eins og hann sagði, þetta, sem ríkisstj. væri að gefa honum inn sem sjúklingi, eins og atvinnurekendunum, það væru lyf, og sjúklingur verði oft að sætta sig við það, að lyfin séu bragðvond. Það er bara miklu verra en það. Þetta er ekkert lyf, sem verið er að gefa sjúklingi. Þetta er eitur, sem verið er að gefa heilbrigðum manni. Það er það, sem er að gerast. Og það er það, sem er það hættulega. Þess vegna er um að gera fyrir heilbrigða menn, sem vilja auka atvinnureksturinn á Íslandi, að láta ekki troða þessu eitri niður í sig undir því yfirskini, að þetta séu lyf, því að þeir mundu bara drepast af því. Og hann er sjálfur farinn að finna fyrir því nú þegar, að það liggur við, að það sé verið að kyrkja atvinnureksturinn, enda heyrði ég það á lokum hans kafla, að hann setti eiginlega alla trú sína á guð og gæfuna að forða sér frá þessari ríkisstjórn.

Svo kom hv. 3. þm. Austf. inn á það, að hann vildi burt með öll afskipti ríkisvaldsins. Er þetta nú ekki ofmælt? Mér skildist á öðrum kafla í ræðunni, að hv. 3. þm. Austf. væri nú á því, að Seðlabankinn og bankarnir ættu að lána atvinnurekstrinum, m. ö. o.: ríkið ætti að skipta sér af atvinnurekstrinum á þann hátt að lána honum fé. Það er alveg rétt. Þetta á ríkið að gera, fyrst og fremst vegna þess, að þó að til kunni að vera einstakir ríkir menn á Íslandi, þá er yfirleitt svo lítið einkafjármagn til á Íslandi, að það er ekki hægt að reka neinn atvinnurekstur á Íslandi, sem heitir, fyrir þetta. Við höfum þessa hálfa öld orðið að hafa þann hátt á að lána okkar ágætu kapítalistum allt það fé, svo að þeir gætu haft einhvern einstaklingsrekstur hér við hliðina á samvinnurekstri og ríkisrekstri og bæjarrekstri og öðru slíku, sem við höfum komið upp til að bjarga okkur. Þeir hafa farið misjafnlega með þetta, sumir hafa farið á hausinn, og aðrir hafa orðið ríkir. En ríkið hefur oft tapað á þessu. Ríkið hefur samt ekki hætt þessum afskiptum, og ég held það sé alls ekki meiningin, hvorki hjá honum né okkur, að við eigum að láta ríkið hætta þessum afskiptum. Ég held, að ríkið eigi að halda áfram að lána þeim, lána þeim ekki með 12%, heldur með lægri vöxtum, skera ekki niður lánin við þá, hvorki rekstrarlánin né stofnlánin. Og það er satt að segja ákaflega hart, að þessir menn, sem oft eru kallaðir ótætis kommúnistar, skuli þurfa að vera að slást fyrir því hér á Íslandi, að kapítalistunum sé lánað fé með sæmilegum kjörum. Það er sérstaklega hart, þegar hákapítalistískur flokkur er við völd, að þeir skuli ekki geta fengið hann til þess að breyta af nokkurn veginn skynsemi í venjulegum efnahagsmálum. Auðvitað er þetta ekkert nýtt. Við höfum áður orðið að berja það í gegn hér, — og ég veit, að hv. 3. þm. Austf. var því mikið fylgjandi þá, — við höfum áður orðið að berja það í gegn hér á þinginu að knýja bankavaldið til þess að lána bæði honum og fleiri góðum mönnum stofnlán með 2½% vöxtum. Og hann kvartaði yfir því, að sig vantaði slík stofnlán núna, minnist gamalla, góðra tíma, þegar hægt var að byggja skip fyrir slík stofnlán, sem búin eru að vera í rekstri ein 10 ár síðan og lengur. Ég held þess vegna, að hann eigi ekki að vera alveg svona prinsipfastur viðvíkjandi afskiptum ríkisvaldsins. Ég held þvert á móti, að hann mundi nú í hjarta sínu óska

eftir heldur meiri afskiptum ríkisvaldsins til að hjálpa til við útveginn, að koma honum upp.

Það er engum efa bundið, að án þess að ríkisvaldið íslenzka hjálpi til, þá mundi verða ákaflega lítið úr þessu svokallaða einstaklingsframtaki. Það er alveg misskilningur hjá hv. 3. þm. Austf., að það væri eitthvað verið að smámurka úr atvinnurekendunum lífið. Það er ákaflega langt frá því, að það hafi verið stefnan á undanförnum árum. Ég hef jafnvel heyrt menn úr hans flokki kvarta yfir því, að það hefði ekki nokkur maður verið gerður gjaldþrota nú í háa herrans tíð. Menn hafa sem sé ekki verið að skera þá niður. Ég held jafnvel þvert á móti, að bankarnir hafi haft þá stefnu að lána mönnum og lána, þegar þeir sáu, að þeir voru að koma upp fyrirtækjum og reka þau sæmilega. Ég held, að ríkisvaldið hafi einmitt verið að setja fæturna undir atvinnurekendur hér á Íslandi. Ég hef sjálfur orðið að berjast fyrir því að tryggja atvinnurekendum 75% stofnlán, til þess að þeir gætu keypt sér togara, komið upp hraðfrystihúsum og öðru slíku, sem sé, ef þeir ættu 25% sjálfir, þá gætu þeir fengið hitt hjá ríkinu og það jafnvel til 15—20 ára með 2½% vöxtum.

Ég held, að það sé svo fjarri því, að lífið hafi verið murkað úr atvinnurekendunum, — ég held, þvert á móti, að þeim hafi verið haldið lifandi, að það hafi verið settir undir þá fæturnir, og ég er ákaflega hræddur um, að ef ríkið sleppir af þeim takinu, þá séu þeir komnir á hausinn um leið. Og mér sýnist, að einmitt núverandi pólitík, sem hæstv. ríkisstj. er að taka upp, stefni beinlínis að því. Mér er spurn: Hve lengi halda atvinnurekendur út þetta ástand, sem nú er að skapast hér á Íslandi? Menn geta verið ríkir, menn geta átt eignir, skuldlausar eignir, jafnvel upp á margar millj., en menn geta staðið uppi veltufjárlausir með því skipulagi, sem nú er verið að taka upp á Íslandi, geta ekki staðið í skilum með nokkurn skapaðan hlut, og ef hart er gengið að, er látið bjóða upp eignir, sem eru margra milljóna virði, en enginn maður getur keypt. Það er hægt með þeirri stefnu, sem nú er verið að koma á á Íslandi, að setja hvaða mann á hausinn sem vera skal. Og ríkisstj. getur ráðið sjálf, hverja hún vill láta setja á hausinn. Þá væri ekki lengur verið að murka lífið úr mönnum, en næstum því verið að höggva niður, líklega þannig helzt, að það væru mörg söx á sama hálsi, svo að það gengi fljótar. Það er pólitíkin, sem núv. ríkisstj. er að finna upp. Og ég skil ákaflega vel, að manni, sem er eins mikið inni í atvinnulífinu og þekkir þess þarfir eins og hv. 3. þm. Austf., lízt ekkert á.

Hann talaði um einkaframtak hér í gamla daga. Hvernig fór með þetta einkaframtak í gamla daga? Það fór, a. m. k. meginið af því, á hausinn hjálparlaust. Ég skal ekkert segja um einstök dæmi, sem hann nefnir. Það getur hann deilt um við Framsókn. En það, sem ég þekki til sérstaklega, þá áttu hin stærstu fyrirtæki, voldugustu fyrirtækin, fyrirtækin, sem voru ríkustu fyrirtækin, — við skulum bara taka fyrirtæki eins og Kveldúlf og Alliance 1929, þegar þau hafa milli 80 og 90% af öllum saltfiskútflutningnum á Íslandi, — hvar voru þessi fyrirtæki eftir 5 ár, eftir 3 ár, frá 1929? Voru það nokkuð aðgerðir ríkisins, sem voru að setja þau á hausinn? Það var þeirra eigið kapítaliska skipulag, það var þeirra eigin kreppa, þannig að það varð að hlaupa til og biðja um afskipti ríkisvaldsins, til þess að þau færu ekki á hausinn og til þess að þau settu ekki Landsbankann á hausinn og Landsbankinn þjóðfélagið. Nei, kapítalistarnir okkar hér á Íslandi hafa svei mér farið á hausinn hjálparlaust, ef ríkisvaldið hefur sleppt af þeim hendinni eitt augnablik. Og hvað er það, sem er að gerast núna? Mér liggur næstum því við að segja, að ríkisvaldið sé að hjálpa þeim til að fara á hausinn, ýta þeim á hausinn með þeim vitlausu ráðstöfunum, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að taka upp. Ég heyrði á hv. 3. þm. Austf., að þetta var það, sem honum fannst undir niðri. Þegar kom fram í ræðuna, var það ekki traustið á ríkisstjórninni og hennar ráðstöfunum og efnahagsráðstöfunum, sem var ríkast hjá honum. Nei, það var hitt: gæftir og góður afli. Það var það, sem hann fór að vona sem sá fiskimaður, sem hann er. En gæftir og góður afli, — hvað mundu gæftir og góður afli þýða fyrir okkur núna? Jú, við skulum segja það, að við fáum gæftir og góðan afla og við fáum mikinn, mikinn fisk í land, við förum að verka þetta hér í hraðfrystihúsunum og við höfum mikinn, mikinn fisk. Hvernig verður svo, þegar við ætlum að fara að borga sjómönnunum og verkamönnunum og stúlkunum, sem vinna við þetta? Ef við fáum mikinn afla og góðar gæftir, þá þýðir það meiri fisk. Það þýðir, að við þurfum að borga meiri peninga í vinnulaun, meiri peninga til sjómannanna, meiri peninga til útgerðarmannanna, og hvað segir þá Seðlabankinn? Hann segir: Það má ekki auka útlánin, ekki um nokkurn eyri. Það má ekki láta útvegsmennina og hraðfrystihúseigendurna fá peninga til þess að borga fólkinu út. Ríkisstj. fyrirskipar, að það skuli draga úr lánunum. Ef guð gefur góðan afla, eins og hv. 3. þm. Austf. var að biðja um, þá ætlar ríkisstj. að stöðva það, að hægt sé að hagnýta hann. Þetta er pólitíkin, þetta eru efnahagsaðgerðirnar — með þessari idíótísku bankapólitík, sem nú er verið að taka upp.

Það er eins og hver önnur vitleysa að ætla að láta lánsfjármagnið vera það, sem ræður í slíkum efnum, þegar við erum þar að auki að framleiða vöru, sem öll er útflutningsvara, sem öll er gjaldeyrir. Maður hefur svo sem heyrt þessa sérfræðinga ríkisstjórnarinnar vera að segja við útvegsmenn og hraðfrystihúsin undanfarið: Þó að við stöðvum þetta nú hér heima, þó að þið fáið ekki lán til þess að borga verkafólkinu, til að borga sjómönnunum, til að borga útgerðarmönnunum, þá skuluð þið bara reyna að slá það út í Ameríku, slá út vörulán út á fiskinn vestanhafs. — Það er efnahagspólitík að tarna. Og takist ekki að slá út lán þar, þá á líklega bara að stöðva rekstur inn eða kannske að fara að reka atvinnu-

reksturinn á Íslandi með því, sem einu sinni þekktist á vissum stöðum á landinu, að atvinnurekendurnir geti ekki borgað verkamönnum launin, reka hann með þeim lögbrotum að geta ekki borgað út í vikulokin. Og það ætti þá kannske að fara að telja það ósvinnu hjá verkalýðssamtökunum, að þau héldu við þau lög, sem hér var þó komið í gegn í lok 19. aldarinnar, að menn ættu að fá laun sín borguð í peningum, og að vegna vitlausrar pólitíkur hjá meiri hluta seðlabankastjórnarinnar að undirlagi ríkisstj. væri því velt yfir á verkalýðinn að eiga að fara að sjá auðmönnunum á Íslandi fyrir lánsfé, af því að seðlabankastjórnin og ríkisstjórnin vildi ekki láta eðlilegt lánsfé til handa útveginum á Íslandi. Með þessu er verið að reka svo vitlausa pólitík sem hægt er að hugsa sér.

Og hv. 3. þm. Austf. varð því gagnrýnni á ríkisstjórnina, því lengra sem hann komst í ræðu sinni, eins og skiljanlegt er. Hann sagði, að það væri engin stofnlán að fá. Það er alveg rétt. Það var eitthvað öðruvísi 1945. Það var stofnlán að fá þá, en það kostaði líka baráttu, baráttu við bankavaldið, að knýja það í gegn, langa töf í samningum við Sjálfstfl. að knýja það fram. Það er alveg jafnt hægt að knýja fram stofnlán nú eins og þá, ef menn láta ekki bara menn, sem ekkert þekkja inn á nauðsyn íslenzks atvinnulífs, ráða ferðinni.

Ég skal segja hv. 3. þm. Austf., hvert er verið að stefna með þessum aðgerðum. Hann skal ekki gera sér í hugarlund, að þetta sé nein lækningaaðferð. Það er verið að stefna að því að kyrkja útflutningsframleiðsluna íslenzku. Það er verið að stefna að því að draga úr eflingu sjávarútvegsins, stöðva eflingu sjávarútvegsins, vegna þess að sjávarútvegurinn er grundvöllurinn að efnahagslegu sjálfstæði Íslands. Og það passar ekki fyrir þá, sem vilja innlima Ísland í kreppukerfi kapítalismans í Vestur-Evrópu, að eiga sterkan sjávarútveg. Hins vegar tók ég eftir því, að hv. þm. hafði fyrst og fremst trú á þessu. Ég skildi það þannig, að honum virtist mjög erfitt að hafa nokkurn skilning á því. Það er ákaflega skiljanlegt, því að það er engin heil brú í þessum efnahagsráðstöfunum. Ef menn ætla að fylgja þeim, verða menn að trúa, en ekki skilja, það er ekki hægt. Ég er hræddur um, að ef hann á eftir að sitja dálítinn tíma hér í þinginu hjá okkur enn þá, þá fari þessi trú hans dagminnkandi, og af því að hann hefur til að bera nokkurn skilning á íslenzku atvinnulífi, þá gæti ég bezt trúað, að það endaði með því, að hann snerist á móti ríkisstjórninni, ef hann verður hér lengi áfram.

Eysteinn Jónsson: Ég hafði dregið það að taka til máls aftur, af því að ég gerði ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. mundi tala, m. a. svara fsp., sem til hans hefur verið beint, en það hefur nú ekki orðið, og sá ég því ekki fært annað en setja mig á mælendaskrána til að segja nokkur orð, enda þótt ráðh. hafi ekki tekið til máls, og þá með sérstöku tilliti til þess, að það er orðið nokkuð framorðið og vafalaust nokkuð langt komið þessari 1. umr. málsins. En ég vona, að hæstv. forseti gefi mér tíma til aths., ef hæstv. ráðh. talar hér á eftir og tilefni verður sérstakt til að víkja að einhverju, sem hann tekur fram.

Ég kvaddi mér hljóðs sérstaklega nú til þess að minnast á þá ræðu fáeinum orðum, sem hv. 3. þm. Austf. (EinS) flutti hér í dag og var eiginlega að sumu leyti tileinkuð mér. Þó að hún væri ekki gerð það formlega, þá fór það varla milli mála, að hún var að verulegu leyti tileinkuð mér, þessi ræða, jómfrúræða. Það er mjög veglegt að fá þannig tileinkaða sér jómfrúræðu í þinginu, og er ég ekkert að kvarta yfir því.

Eitt af því, sem þessi hv. þm. sagði í þessari jómfrúræðu, sem tileinkuð var mér með nokkuð sérstökum hætti, var það, að ég væri þessi geysilegi skattamaður. Ég hefði staðið fyrir feikilegum álögum á landsmenn og hefði öll met í því efni. Ég get nú sagt eins og kerlingin sagði hér um árið, að lítið var, en lokið er, og litlar verða mínar framkvæmdir í þeim efnum, samanborið við afrek þeirra, sem nú hafa tekið við þeim málum. Mér dettur í hug í því sambandi að segja frá því, að í fyrradag mætti ég góðum sjálfstæðismanni á götu hér í Reykjavík, sem ég þekki dálítið, og aldrei þessu vant heilsar maðurinn upp á mig og segir: „Ósköp voru þínir skattar litlir.“ Ég rak upp stór augu og segi: „Hefur þér fundizt það?“ „Nei,“ sagði hann, „mér hefur ekki fundizt það, en ég sé það núna vegna þess, hve þessir skattar eru stórir.“

Svona er nú það. Nú er sem sé kominn sá, sem meiri er og langsamlega hefur metið í öllum skattlengdum og skatthæðum, eins og segja mætti á íþróttamáli.

Þá var hv. þm. eitthvað að tala um Bogesenana, sem ég minntist á að hefðu ríkt hér á árum áður og íhaldið vildi nú endurreisa. Og hv. þm. sagði eitthvað á þá lund, að Bogesenar væru nú ekki lengur til. Ég er ekki alveg viss um, að þeir séu ekki lengur til, en þeir eru fáir. En þeir eru þó til. En aftur á móti eru til talsvert margir, sem vilja verða Bogesenar, og það er að því, sem Sjálfstfl. stefnir með þeirri stefnu, sem hann nú hefur tekið upp, að reyna að planta Bogesenunum á ný. Það er stefnt að því að reyna að eyðileggja framtak annarra, til þess að þessir Bogesenar Sjálfstfl. geti komizt að. Það á að draga saman stuðning við aðra, til þess að hægt sé að styðja þá, og það á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að herða kosti almannasamtakanna í landinu, t. d. kaupfélaganna, vegna þess að þessir nýju Bogesenar Sjálfstfl. eru nú ekki meiri fyrir sér en það, að þeir treysta sér ekki til þess að koma sér áfram nema með því að beita almannasamtökin í landinu bolabrögðum og reyna að koma þeim þannig á kné. Þeir treysta sér sem sagt ekki til þess að keppa við almannasamtökin við jöfn skilyrði. Og einn er sá liður í efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., sem sérstaklega er miðaður við þetta, og hann er sá að draga rekstrarfé, sem almenningur hefur látið sínum eigin félögum í té, kaupfé-

lögunum, að draga það út úr þessum félögum og inn í bankakerfið til þess að geta svo aftur lánað þetta fé fólksins hinum nýju Bogesenum Sjálfstfl. Þetta eru þær aðfarir, sem núverandi stjórnarmeirihluti stefnir að, og þetta er það, sem þessi hv. þm. á sennilega við, þegar hann er að tala um, að hér verði allt að starfa á jöfnum grundvelli, það verði allir að standa jafnt að vígi. Það eru sennilega þessar aðfarir, sem hann hefur þá í huga m. a.

Sannleikurinn í þessum efnum er auðvitað sá, að almenningur víðs vegar um landið hefur komið upp sínum eigin félögum til þess að taka við viðskiptastörfum af þessum Bogesenum þeirra íhaldsmanna, sem þekktust hér á árum áður og sátu yfir allra hlut og vildu sitja yfir allra hlut. Fólkið hefur sjálft komið upp félögum til þess að taka upp samkeppni við þessa aðila á jafnréttisgrundvelli, og víða hefur það farið svo, að bæði viðskipti og atvinnurekstur er mjög í höndum þessara almannafélaga. Þessi félög hatar hv. 3. þm. Austf., það er alkunnugt. Hann hefur þau á heilanum. Og hans framkoma í þeirra garð hefur verið þannig, að ef eitthvert af þessum félögum fólksins hefur verið athafnasamt og komið miklu í framkvæmd í atvinnurekstri eða viðskiptum, þá hefur hann haldið því fram, að þar væri verið að sölsa undir sig allan atvinnurekstur á þeim stað og sitja yfir hlut manna. Ef aftur á móti eitthvert félag hefur farið sér hægara og haft umfangsminni starfsemi á einhverjum stað, þá hefur þessi hv. þm. sagt: Hvers vegna stofnar ekki kaupfélagið hér til útgerðar, hvers vegna reisir það ekki hér atvinnurekstur o. s. frv.? M. ö. o.: það er bara einn fastur punktur í hugsunarhætti þessa hv. þm., og það er hatrið á þessum félagsskap almennings. Það er ekkert samhengi í því, sem hann heldur fram um starfsemi þeirra, það er ýmist of eða van að hans dómi. Ýmist eru þau aðgerðalaus og gera minna en þau ættu að gera eða sitja yfir hlut fólksins og halda uppi einokun á atvinnurekstri og viðskiptum. En hvort tveggja er auðvitað jafnmikil fjarstæða. Þessi félög eru byggð upp á frjálsum grundvelli í frjálsu þjóðfélagi í samkeppni við annan atvinnurekstur. En nú er ætlunin að hefta þennan félagsskap, lama hann með afskiptum ríkisvaldsins til þess að ryðja braut hinni nýju tegund atvinnurekstrar, sem nú á að innleiða á nýjan leik.

En hvernig var umhorfs hér í landinu, á meðan Bogesenarnir réðu? Þá var þannig umhorfs, að fólkið bjó yfir höfuð í moldarkofum, það hafði ekki ráð á því að koma sér upp þaki yfir höfuðið, það átti allt undir högg að sækja hjá þessum smákóngum, sem ríktu í byggðarlögunum með stuðningi Sjálfstfl. í gegnum bankavaldið og á annan hátt. Og það er þetta fyrirkomulag, sem var svo ágætt! Þetta voru hinir góðu, gömlu dagar, sem þessa menn dreymir nú um að komi aftur á ný. Þess vegna á m. a. að draga úr þeim stuðningi, sem fólkið á að fá til þess að byggja íbúðir sjálft. Það getur leigt hjá Bogesenunum, þegar þeir verða búnir að byggja einhverja íbúðarbragga til þess að leigja fólkinu, eitt herbergi, tvö herbergi og kannske eldhús. Þetta er hugsjónin. Svo geta menn fengið pláss á útvegi Bogesenanna, eins og áður var, en menn skulu hætta að vera að brjótast í því að eignast mótorbáta sjálfir, vegna þess að 75 tonna bátur á að kosta 4½ milljón. Og vextirnir eiga að vera 12% og 6% á hlunnindalánunum, og það á að stytta lánstímann o. s. frv. Og fjármagnið m. a. úr framfarafélögum fólksins á að taka með valdi og færa inn í bankakerfið, ekki til þess að lána almenningi það út aftur til að greiða fyrir því að koma sér upp heimilum eða atvinnurekstri. Nei, til þess að bæta upp það, sem á kynni að vanta, að Bogesenarnir gætu komið sér við af eigin rammleik. Til þess á að nota fjármagnið.

Það er engin tilviljun, að hv. 3. þm. Austf. er eini þm. í stjórnarliðinu, sem í raun og veru virðist hugsa með ánægju til framtíðarinnar, og eini þm., sem hefur verulegan áhuga á því að mæla bót þeirri meginstefnu, sem hér er tekin upp. Það hefur víst enginn annar þm. orðið til þess, nema þá þeir, sem eru blátt áfram til neyddir vegna stöðu sinnar sem framsögumenn, hafa orðið að gera það. En þessi þm. mun vera eini sjálfboðaliðinn í þeirri sveit. Og það er engin tilviljun. Hann rýkur til fyrsta daginn, — hann var ekki búinn að sitja hér nema tvær stundir eða kannske varla það og búinn að hlusta á eina ræðu, — þá er hann kominn hér upp og farinn að mæla fyrir þessari „hugsjón", sem stjórnin er að framkvæma. Hann er eini maðurinn, sem er hrifinn. Á því geta menn kannske ofur lítið séð, hvert verið er að fara. Ef til vill er það gleggsti votturinn, sem hefur komið fram á þinginu um það, hvað raunverulega er að gerast.

Svo var hv. þm. að tala nokkru nánar um skatta, og hann minntist hér á stóreignaskattinn. Og þá komst hann í feiknaham og sagði, að stóreignaskatturinn hefði verið hreint rán frá einkarekstrinum. Aftur á móti hefur þessi hv. þm. ekkert við þá skatta yfir höfuð að athuga, sem nú er verið að leggja á. Hann gat t. d. ómögulega hugsað sér, að nokkur maður gæti í einlægni fundið að því, að það væri lagður skattur á fisk eða kjöt, sem fólk notar til daglegra þarfa. Honum fannst það svo mikil fjarstæða, að nokkur gæti fundið að því í einlægni, að hann sagði eitthvað á þá lund, að ég hefði verið að gráta hér krókódílstárum út af öðru eins og því, að það væri lagður skattur á fisk og kjöt. Þannig er hugsunarháttur hv. þm. Hann trúir því ekki, að nokkur maður finni að því í einlægni eða af sannfæringu, að nú er fundið upp það snjallræði að skattleggja fiskinn, sem menn eiga að borða, og kjötið. Í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar er gengið þannig að þessum málum, að það er skattlögð soðningin, sem menn hafa sér til daglegs lífsviðurværis. En því trúir hv. þm. ekki, að nokkur maður geti í einlægni fundið að þessu. En það var annað mál með stóreignaskattinn. Hann er bara hreint rán frá einkarekstrinum — stóreignaskatturinn. Hv. þm. tekur því sem sé ekki aðeins með jafn-

aðargeði, heldur að því er virðist með fögnuði, að skattleggja algengustu fæðutegundir, eins og fisk og kjöt, en hann ætlar að ganga úr bjórnum af ofsa út af því, að lagður er sérstakur skattur á þá ríku í landinu, stóreignaskatturinn.

Það er ekkert einkennilegt, þó að þessi hv. sjálfboðaliði sé ánægður með þessar ráðstafanir. Það á bara að leggja núna á eða færa til, eins og þeim þykir betra að orða það, 1100 millj. a. m. k., og í öllum þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í því sambandi, vottar ekki fyrir einni einustu ráðstöfun í þá átt, að það eigi að leggja sérstaklega á þá ríku. Það er ekki að furða, þó að þessi hv. þm. sé ánægður. Og þetta er munur eða áður var, bæði í sambandi við gengislækkunina 1950 og yfirfærslugjaldið 1958, þegar stóreignaskatturinn var lagður á, sérstakur skattur á þá, sem höfðu grætt á verðbólgunni. Sá skattur er kallaður rán, en það er ekki rán að leggja á fiskinn og kjötið og aðrar vörur, sem menn nota til daglegrar neyzlu. Og það er að breyta skottunum í réttlætisátt, hafa þeir haldið fram, þessir hv. þm. og hæstv. ríkisstj., að lækka skatta á hæstu tekjum mest, en leggja tolla á brýnustu nauðsynjar í staðinn. Það verða lækkaðir tekjuskattar hér á hæstu tekjum mest, og það er hugsjón þessara manna að lækka tekjuskattinn á hæstu tekjunum, en leggja í staðinn á nauðsynjar.

Það er líka táknrænt fyrir vinnubrögð þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og mér leikur grunur á, að hv. 3. þm. Austf. hafi verið einn í því liði, að svo ferlegar hafa verið þeirra aðfarir til þess að komast undan réttmætum greiðslum samkv. stóreignaskattslögunum, að það mun hafa verið leitað út fyrir landssteinana, í önnur lönd, til þess að klaga íslenzk yfirvöld fyrir að leggja á stóreignaskattinn, og reyna að fá fulltingi erlendis frá til þess að hnekkja íslenzkri löggjöf. Svo langt hefur verið gengið, þegar um það var að ræða að leggja skatt á þá ríku, og var þó sá skattur sannast að segja mjög hóflegur, á allar lundir mjög hóflegur.

Svo var þessi hv. þm. að tala um það í þessu sambandi, að kaupfélögin hefðu ekki borgað neinn stóreignaskatt. Það er eins og þessi hv. þm. viti ekki, að stóreignaskatturinn var lagður þannig á, að allar eignir hvers einstaklings í landinu voru lagðar saman í eitt dæmi, í hvaða félögum sem þeir áttu eignirnar. Það var til þess, að menn skyldu ekki getað skotið sér undan skattinum með því að skipta eignum sínum í t. d. mörg hundruð félög og vera þannig skattfrjálsir, þótt menn væru ríkustu menn landsins. Það var ljótt, að menn skyldu ekki geta það! Það var höfð sú sjálfsagða aðferð bæði 1950 og 1958, að það var lagt saman í eitt dæmi, hvað hver einstaklingur átti, í hvaða félögum sem það var, og þá kom fram, hverjir það voru, sem raunverulega höfðu dregið saman mestan auðinn og það mestmegnis á alls konar verðbólgubraski. Við vitum, að undanfarið hefur ástandið verið hér í þessu landi þannig, að það hefur helzt ekki verið hægt að græða nema á skuldum, — ekki verulega. Það hygg ég, að fáir viti betur en hv. 3. þm. Austf., að í raun og veru hefur ekki verið hægt að græða stórkostlega nema á skuldum. En þegar dæmið var sett upp svona og skatturinn lagður á þennan sjálfsagða og réttmæta hátt, þá kom í ljós, hverjir höfðu náð saman mestum auði í landinu, og þá kom það einfaldlega fram, að það var ekki almenningur í landinu, sem byggir upp kaupfélögin, sem hafði dregið saman mestan auðinn á sínar hendur. Það kom í ljós, að sárafáir af félagsmönnum kaupfélaganna komu til greina í sambandi við stóreignaskattinn, þegar af þeirri ástæðu, að þeir voru ekki svo efnaðir, að þeir kæmu til greina. Og það er ráðningin á þeirri gátu, hvers vegna kaupfélögin borguðu ekki stóreignaskatt. Það var vegna þess, að milljónerarnir og margmilljónerarnir og þeir, sem áttu tugi milljóna hver, voru ekki í kaupfélögunum. Það er alþýðan í landinu, sem byggir upp kaupfélögin, sem þessum hv. 3. þm. Austf. er svo illa við. Kaupfélögin eru sem sagt félagsskapur alþýðunnar í landinu, en ekki milljónamæringanna.

Hvað vildi þessi hv. þm. láta gera? Vitanlega vildi hann ekki láta leggja á neinn stóreignaskatt. Hann vildi hafa það eins og það er haft núna, leggja á fiskinn og kjötið, daglega viðurværið, það er hans hugsjón. Það er „réttlætismál“ og ekkert við slíka skatta að athuga. Og það getur ekki verið mælt í einlægni að mæla í móti slíkum álögum. Það hljóta að vera bara krókódílstár, sem felld eru í sambandi við slíkt, að dómi hv. þm. Aftur á móti er það sem sagt engin furða, þótt menn ætli að ganga úr bjórnum út af stóreignaskattinum og þeirri ránsherferð allri saman. Það væri fróðlegt, ef þessi hv. þm. gerði einhverja tilraun til þess að skýra fyrir mönnum þann hugsunarhátt, sem lýsti sér í þessum ummælum.

Þá sagði hv. þm. eitthvað á þá lund, að menn gerðu sér miklar vonir um frelsið. Hann ræddi líka um þann feikna stuðning við atvinnureksturinn, sem stæði til. En aðrir, sem hér hafa talað í kvöld, hafa gert því þau skil, að ég held, að það sé ekki á það bætandi að ræða það atriði. Það hefur verið sýnt rækilega fram á það, í hverju stuðningurinn við einkarekstrinn í þessu sambandi er fólginn, — eða hitt þó heldur.

En hv. þm. var að tala um þetta aukna frelsi, sem menn gerðu sér nú vonir um að mundi leiða af þessum nýju efnahagsmálaráðstöfunum. Hvers konar frelsi er það, sem nú er í uppsiglingu í sambandi við þetta? Hvers konar frelsi er það? Það er frelsi alþýðu manna í landinu til þess að hætta yfirleitt við allar meiri háttar fyrirætlanir um þátttöku í atvinnurekstri og fyrirætlanir um að koma sér upp sjálfstæðu heimili. Það er frelsið, sem í þessu er fólgið, því að sú stefna, sem hér er í framkvæmd, er þannig, eins og ég sagði hér í dag, að það er með vísindalegri nákvæmni mögnuð dýrtíðin í landinu til þess að gera mönnum ókleift að kaupa jafnmikið af nauðsynjum og þeir hafa áður getað keypt og til

þess að gera mönnum ókleift að ráðast í framkvæmdir, þannig að þeir neyðist til þess að hætta við þær. Það er þetta frelsi, sem á að koma og verið er að vinna að með þeirri efnahagsmálastefnu, sem hér er verið að hrinda í framkvæmd. Eða hvernig heldur hv. 3. þm. Austf. t. d., að það muni ganga fyrir almenningi í landinu að byggja upp sjávarútveg, landbúnað eða koma sér upp þaki yfir höfuðið á næstunni, þegar búið er að hækka allt verðlag jafngífurlega og hér stendur til að gera og skera niður útlán bankanna, eins og hugsað er, og bæta vaxtahækkuninni þar ofan á?

Skelfing verða menn frjálsir, þegar búið er að koma þessu öllu vel í framkvæmd. Þetta jafngildir í raun og veru því að múra menn inni og segja síðan: Nú ertu frjáls, nú geturðu notið þín, nú ertu frjáls. — Þetta er frelsishugsjón hv. 3. þm. Austf. í framkvæmd.

Þá var hv. þm. eitthvað að tala um í dag, að það væri ákaflega þýðingarmikið að minnka ríkisafskipti, sagði: burt með ríkisafskipti, og að það væri stórfelld hugsjón að losna við ríkisafskipti. En hvað er það, sem nú er verið að gera? Ég er hræddur um, að hv. þm. hljóti að verða fyrir vonbrigðum, ef hann íhugar það nánar, og það eiginlega neyðist hann til að gera, held ég, að íhuga þetta nánar. Er verið að minnka ríkisafskiptin núna? Við skulum skoða það ofur lítið að gefnu þessu tilefni frá hv. þm.

Hvernig stendur á því, að vextirnir eru allt í einu komnir upp í 12%? Gerðist það alveg af sjálfu sér. Var það eitthvert náttúrulögmál, eða hvernig gerðist það? Ætli það hafi ekki verið ríkisafskipti? Ætli það séu ekki ríkisafskipti, sem hafa komið þar til greina?

Hvernig stendur á því, að vextirnir í stofnlánadeildum atvinnuveganna, sem áður voru 4% í þeim mörgum, eru nú komnir upp í 6½% og lánin hafa verið stytt? Er það náttúrulögmál? Er það eitthvað, sem gerist bara eins og þegar hann kemur á norðan eða snýst í suðaustan-rumbu? Hvernig stendur á þessu, að vextirnir hafa allt í einu breytzt? Það eru ríkisafskipti. Það er ríkisstj., sem hefur staðið fyrir þessu og stendur fyrir því að þröngva kosti manna á þessa lund.

Hvernig stendur á því, að það á núna að fara að leggja á nýjan söluskatt, bara 8.8% ofan á allt, sem áður var komið, svo að maður taki bara eitt lítið atriði? Hvað hefur komið fyrir? Er þetta eins og þegar lægð kemur frá suðurodda Grænlands eða eitthvað slíkt, sem dettur yfir menn og enginn getur við gert? Nei, þetta eru ríkisafskipti, einn liður í þeirri stefnu, sem verið er að framkvæma, og ríkisafskipti.

Og hvað er að gerast núna í útlánapólitíkinni? Það er náttúrlega alveg útilokað, að nokkur ríkisafskipti komi þar framar til greina, þar á allt að fara eftir náttúrulögmálunum! En hvað er að gerast þar? Hvaðan er það komið, að nú á t. d. allt í einu að koma gersamlega í veg fyrir, að lán út á afurðir séu hækkuð, þótt framleiðslan aukist og verðmæti útflutningsframleiðslunnar stóraukist? Hvaðan er þetta komið? Er þetta náttúrulögmál? Hver hefur fundið upp á þessu? Hver hefur komið því í framkvæmd? Eru þetta ekki ríkisafskipti? Ég hugsa, að uppsprettan að þessu sé einhvers staðar nálægt stjórnarráðinu.

Svona væri hægt að telja upp í alla nótt dæmi um — ekki aðeins venjuleg ríkisafskipti, eins og þau hafa þekkzt áður, heldur alveg ný ríkisafskipti, sem áður eru alveg óþekkt í þessu landi. Hefur hv. 3. þm. Austf. gert sér grein fyrir því, hvað raunverulega er að gerast?

Ég fer að halda, að það hefði verið betra fyrir hv. þm. að bíða tveim eða þremur klukkustundum lengur, áður en hann felldi dóm um það, sem hér er raunverulega verið að gera, því að það hlýtur að vera augljóst hverju barni, eftir að hafa íhugað þetta af nokkurri nákvæmni, að með þessum ráðstöfunum, sem hér er nú verið að framkvæma, er stefnt að meiri ríkisafskiptum af fjármálum og peningamálum þessa lands en nokkru sinni hafa áður þekkzt og harkalegri íhlutun um þessi mál og meira gengið á rétt einstaklinga og félaga en nokkurn tíma hefur áður komið til greina.

Það þarf mikla trú til þess og litla skoðun að standa upp ótilneyddur og lýsa yfir ánægju sinni yfir þessum aðförum öllum saman — og kalla þetta meira að segja skref í áttina til aukins frelsis og til þess að styðja einstaklingsframtak og sjálfstæðan atvinnurekstur í landinu og minnkandi ríkisafskipti. Ég veit ekki, hvað á að segja um svona frammistöðu. En í raun og veru var ágætt, að hv. þm. tók þessi atriði fram, vegna þess að sannast að segja hefur þessari hlið á málunum ekki verið sinnt áður í umræðunum. Hv. 3. þm. Austf. hefur snúið fram alveg nýjum fleti á þessum málum, sem við höfum vanrækt að ræða áður. En fyrir bragðið skýrist málið, og þess vegna er ástæða til þess að vera honum þakklátur fyrir það, sem hann hefur lagt í þessar umræður.

Þá er ástæða til þess að minnast með örfáum orðum á eitt í sambandi við þetta innlegg hv. 3. þm. Austf. Ég skal ekki vera langorður um það fremur en annað í þessu sambandi. En það er eiginlega ómögulegt að komast hjá því að minnast á það, vegna þess að hv. þm. fór að mæla svo sterklega með þessari efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Í kosningabaráttu þeirri, sem háð var á s. l. ári, var þessi hv. þm., eins og gefur að skilja, einn af þátttakendunum, og mér er af sérstökum ástæðum dálítið kunnugt um, hvernig hans stefna var í kosningunum. Hún var í stuttu máli þessi: Þetta gengur allt saman of hægt, það er allt of lítið gert. Og það er náttúrlega Eysteinn og fleiri, sem eru dragbítar á framkvæmdirnar, — stórkostlegir dragbítar á framkvæmdirnar. Það vantar allt, sem til þarf, fyrir fólk: meiri atvinnutæki og meiri vegi, betri vegi. — Hv. þm. hafði það fyrir sið að breiða sig nokkuð út um þetta. Hann sagði, að það þyrfti breiða vegi, góða vegi, og það væri ekkert vit í því að vera að kjótla þessu svona eins og gert hefði verið. Það þyrfti að fá t. d. nokkurra milljónatuga lán og gera þetta í einu átaki, sagði hv. þm. Þetta kjótl, sem Eysteinn

hefði staðið fyrir, væri bölvuð ómynd og búið að gera stórtjón. Þetta hjakkaði allt í sama fari. Framfarir væru nánast engar. Það þyrfti að setja stórkostlegan kraft á þetta allt saman, í öllum greinum uppbyggingarinnar.

En nú er hv. 3. þm. Austf. kominn hér á þing, að vísu sjálfsagt fyrir tilviljun, vafalaust einhver bagaleg forföll, svo að það er sjálfsagt tilviljun, að hann er hér, því að hann er varamaður, og engin áætlun eða „plan" á bak við það. En hann er nú hér kominn og farinn að taka þátt í þingstörfunum. Og hann hefur þegar á fyrsta degi sínum á Alþingi gerzt kröftugur talsmaður þeirrar efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. beitir sér fyrir. Þessi stefna er m. a. fólgin í því, að næstu daga verður hann látinn samþykkja hér á hv. Alþingi í sambandi við fjárlögin stórkostlegan samdrátt verklegra framkvæmda, — það verða sem sé efndirnar á kosningaloforðum hv. þm., — ekki einu sinni, að það eigi að halda í horfinu um þær framkvæmdir, sem verið hafa og hafa náttúrlega ekki verið litlar, eins og þessi hv. þm. leyfði sér að orða það, heldur verulegar. En það á ekki að halda í horfinu, heldur stefnir þingmeirihlutinn, sem þessi hv. þm. er einn liður í, að því alveg markvisst að draga stórkostlega úr þessum framkvæmdum í öllum greinum.

Og það er ekki aðeins stefnt að því að draga úr framkvæmdum ríkisins, heldur með vísindalegri nákvæmni stefnt að því að draga úr framkvæmdum einstaklinganna engu síður og hefta þá á allar lundir. Það er beinlínis leitað að úrræðum til þess að koma þessu fram, samdráttarstefnunni, þveröfugt við það, sem hv. 3. þm. Austf. hélt fram í kosningabaráttunni. Og þegar stjórnarliðið þóttist ekki alveg nægilega öruggt um, að menn væru nægilega fjötraðir með gengisbreytingunni plús nýju tollunum öllum saman og öllum nýju álögunum og lækkun opinberra framkvæmda á fjárlögum og öllu þessu, þá var vaxtahækkuninni bætt við í ofanálag til frekara öryggis, til þess að það væri nú alveg víst, að menn gætu ekki haldið áfram uppbyggingunni eins og áður. Þetta gera þeir hv. þm., sem hafa verið kosnir á þing, ekki aðeins til þess að halda sama framkvæmdahraða og var, heldur til að stórauka framkvæmdir í öllum greinum, en því höfðu þeir lofað.

Þá er eitt atriði, sem er mjög eftirtektarvert í þessu sambandi, og það er ekkert að því að minnast á það líka í leiðinni. Ég hafði hugsað mér að gera það við eitthvert tækifæri, og ég get þá alveg eins gert það núna, fyrst hv. 3. þm. Austf. er orðinn sjálfboðaliði, — eini sjálfboðaliðinn á galeiðu stjórnarinnar, held ég megi segja. Þessi hv. þm. lagði alveg gífurlega áherzlu á það í kosningabaráttunni, að sjómenn og fiskimenn væru rangindum beittir í sambandi við skiptaverð á fiski, það væri höfuðnauðsyn, að sjómennirnir fengju rétt verð fyrir fiskinn, og hann deildi kröftuglega á suma, sem þar voru viðriðnir, fyrir að hafa haldið niðri kjörum sjómannanna. En nú er það einn liðurinn í þeirri efnahagsáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, og hv. 3. þm. Austf. er svo ánægður með, að lögbinda fiskverðið óbreytt eins og það var og koma þannig í veg fyrir, að skiptaverðinu verði breytt. Nú vil ég spyrja: Hvernig ætlar hv. 3. þm. Austf. að koma í framkvæmd þeirri hugsjón sinni frá kosningabaráttunni að hækka skiptaverðið til sjómanna? Það er spurning, sem ýmsir munu velta fyrir sér, ekkert síður en þeirri ráðgátu, hvernig á því getur staðið, að menn, sem létu kjósa sig á þing til þess að stórauka framfarir og framkvæmdir í öllum greinum, skuli láta það verða sitt fyrsta verk að leggja öll þau stórgrýtisbjörg, sem þeir geta fundið, í veg fyrir þá, sem eru að brjótast í því að koma framkvæmdum áleiðis.

Einn er enn sá liður, sem ástæða er til að minnast á í þessu sambandi. Þessi hv. þm. hefur talað með manna mestum ofsa gegn skatta- og tollaálögum og talið þær algerlega fordæmanlega háar og gersamlega úr hófi fram. Hann sagði í dag það, sem hann hefur oft sagt áður, að ég hafi haft heimsmet í skattaálögum. Ég hef lýst því hér áður, að það er nú kominn annar meiri, sem er þá sjálfsagt heimsmethafi, svo að ekki verður um deilt. En einkennileg örlög eru það og mætti kalla meinleg örlög, að það skuli svo verða hlutskipti þessa hv. þm. eftir allt það starf, því að hv. þm. er ákaflega starfsamur maður, allt það feiknastarf, sem hann hefur lagt í að fordæma skattaálögur og sýna fram á, hversu þær væru gersamlega úr hófi fram og óforsvaranlegar úr öllum máta, — það eru meinleg örlög, að það skuli verða hlutskipti þessa hv. þm. fyrsta daginn, sem hann situr hér á Alþingi, að rísa hér upp og styðja ótilneyddur, — segi ég enn, það er það furðulega, — standa upp ótilneyddur og styðja þá efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. nú er að framkvæma. En í henni eru þær langmestu álögur, sem nokkurn tíma hafa komið til greina í sögu íslenzku þjóðarinnar. Samanburður þar er einna líkastur því að bera saman tunglið og sólina eða eitthvað slíkt, ef það má fremja önnur eins afglöp og þau að líkja þessum aðförum við sólina.

Ég skal ekki lengja umræður þessar úr hófi fram eða ræða þessi atriði nánar, en ég taldi alveg nauðsynlegt að láta þessi fáu orð falla í tilefni af því, að mér var tileinkuð þessi jómfrúræða þm. Það er ekki á hverjum degi sem slíkir atburðir gerast. Ég vænti, að menn skilji það og virði mér til vorkunnar, að ég láti það ekki eins og vind um eyrun þjóta. Ég vildi láta þessi fáu orð falla svo sem eins og í viðurkenningarskyni til hv. þm. fyrir þetta. En af því að mér er — alveg fullkomlega í alvöru sagt — meinlítið við hv. 3. þm. Austf., vildi ég nú segja það að lokum, að ég hefði talið það miklu eðlilegra, að sá hv. þm., sem kominn er hingað á þann hátt, sem þessi hv. þm. er, og ég hef bara pínulítið minnzt á, bara ósköp lítið samanborið við það, sem ástæða hefði verið til, að sá þm. hefði farið að öllu hljóðlega. En hv. þm. hefur viljað hafa á annan hátt, og það er vitanlega hans að ákveða, hvern hátt hann hefur. En mér sýnist það hljóti að fara þann-

ig, eins og þetta er í pottinn búið, að hans hlutur verði að svo vöxnu í sambandi við þessi mál öll saman því verri, sem hann lætur fara meira fyrir sér. En hann um það, hvernig hann hagar því, og hann getur engum um neitt kennt í því sambandi nema sjálfum sér, — alls engum, — því að hann hefur sjálfur búið í pottinn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hafa nokkrar fyrirspurnir verið til mín gerðar, sem ég vildi leitast við að svara.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) vildi fá upplýst, hvort það væri ríkisstj., sem bæri ábyrgð á þessu frv., eða þessir bannsettu hagfræðingar, sem hann þarf að eyða mörgum klukkutímum hér til að skamma og úthúða. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli hans, þess reynda þingmanns, sem setið hefur á Alþingi í meira en tvo áratugi, á því, að stjfrv. er flutt af ríkisstjórninni og á ábyrgð ríkisstj. og einskis annars, í öðru lagi, að undirbúningur þessa máls var falinn fjórum embættismönnum, eins og ég gat um hér áðan, og ég vil gleðja hv. þm. með því, að það voru aðeins tveir þeirra hagfræðingar. Það er á engan hátt ætlunin, eins og hv. þm. er að gefa í skyn, að ríkisstj. sé á nokkurn hátt að skjóta sér bak við þá embættismenn, sem hafa undirbúið frv. Ég tel, að þeir hafi lagt mikla og góða vinnu í undirbúning málsins, en að sjálfsögðu var það ríkisstj., sem tók ákvarðanir um einstök atriði og málið í heild og ber ábyrgð á frv.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á því, að þetta frv. skyldi vera sýnt nokkrum samtökum þeirra manna, sem eiga að hafa með höndum innheimtu söluskattsins, áður en þm. var sýnt frv. Hér var um að ræða vinnubrögð, sem ég held að hafi verið hyggileg. Í stað þess að kveðja til í undirbúningsnefnd fulltrúa frá þessum samtökum, eins og t. d. Sambandi ísl. samvinnufélaga, kaupmannasamtökunum, iðnaðarsamtökunum og öðrum, til þess að vera með í undirbúningsnefndinni, er undirbúningurinn falinn þessum fyrrnefndum fjórum embættismönnum, og þegar þeir höfðu lokið sínum tillögum, voru kvaddir til fulltrúar frá þessum samtökum til þess fyrst og fremst að gera ábendingar og aths. um þá framkvæmdahlið, sem snertir þá sjálfa, en eins og menn vita, þá er framkvæmd þessa söluskatts, innheimta hans, fyrst og fremst í höndum kaupfélaga, kaupmanna, iðnrekenda og iðnaðarmanna. Ég tel, að þetta hafi verið hyggileg vinnubrögð og miklu heppilegra að leita þannig álits þessara aðila, áður en endanlega var frá frv. gengið til prentunar, heldur en láta þetta ógert og tefja svo málið í þingi með því, að þingnefndir leituðu til þessara aðila, og þyrfti þá að breyta frv. miklu meira en ella í meðförum þingsins. Þetta ætla ég að allir, sem kynna sér málið, séu sammála um að hafi verið hyggileg vinnubrögð.

Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) spurðist fyrir um heildarálit samtakanna á þessu máli. Því er til að svara, að sum samtakanna svöruðu ekki og gerðu engar aths. við frv., eins og t. d. Samband ísl. samvinnufélaga. Það hreyfði engum aths. Ég skal ekkert segja, að í því felist, að Samband ísl. samvinnufélaga sé samþykkt frv. í öllum greinum, en sem sagt, svör komu ekki né neinar aths. Að því er snertir önnur samtök, voru þar skiptar skoðanir. Smásalarnir hafa yfirleitt, bæði nú og fyrr, verið fremur andvígir þeirri leið að leggja á smásöluskatt, sem þeir þurfa að innheimta, og hefðu heldur kosið, að skatturinn yrði tekinn allur í tolli, þ. e. a. s. innflutningssöluskatturinn hefði verið hafður þeim mun hærri. Hins vegar voru teknar til greina ýmsar ábendingar kaupmannasamtakanna um framkvæmdaatriði. Í umsögn Vinnuveitendasambandsins, Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna kom það skýrt fram, að um leið og þeir gerðu vissar ábendingar og óskir um breytingar, sem sumar voru teknar til greina, lýstu þessi samtök yfir ánægju yfir því, að í frv. væri í veigamiklum atriðum bætt úr margs konar misrétti, sem leiðir af núgildandi söluskattsreglum.

Í sambandi við þetta minntist sami hv. þm., 7. þm. Reykv., á hluta sveitarfélaganna af söluskatti og spurðist fyrir um, hvort von væri á frv. frá ríkisstj. um þetta mál nú á þessu þingi. Því er til að svara, að á þessu þingi verða lögð fram af ríkisstj. hendi tvö frv. snertandi þetta mál, annað um breyt. á útsvarslögunum og hitt frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar sem nánar verður kveðið á um, hvernig þessi hluti sveitarfélaganna af söluskatti skuli skiptast milli sveitarfélaganna, og er þar gert ráð fyrir þeirri meginreglu, að hann skiptist milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu hvers og eins, en þó með vissu hámarki eftir sérstökum reglum.

En það var vissulega eitt, sem vakti nokkra athygli í ræðu hv. 7. þm. Reykv., þegar hann lýsti skoðun sinni á því, hvernig bæjar- og sveitarfélögin ættu að nota þennan hluta sinn af söluskatti. Hann taldi nefnilega, að þennan hluta sveitarfélaganna af söluskatti ætti fyrst og fremst að nota til þess að lækka veltuútsvörin eða afnema þau með öllu. Nú er það að sjálfsögðu rétt, að um veltuútsvörin þarf að setja nýjar reglur, og gert ráð fyrir því. Í frv., sem ég var að skýra frá að lagt yrði fram, er lagt til, að þau verði lögbundin og settar um það ákveðnar reglur. En ég verð að segja, að það er fróðlegt að heyra frá þessum fulltrúa Framsfl., að það er skoðun hans og stefna, að hluta sveitarfélaganna af söluskatti eigi fyrst og fremst að nota til þess að lækka veltuútsvörin á atvinnurekendum eða afnema þau með öllu, en það eigi ekki að nota þau til að lækka útsvörin á almenningi. Um leið og ég tel, að veltuútsvörin þurfi gagngerrar endurskoðunar við, hef ég talið, að fyrst og fremst ætti að nota hluta bæjar- og sveitarfélaganna af söluskatti til þess að lækka útsvörin á alþýðu manna, á hinum almenna útsvarsgreiðanda. En sú stefna sem sagt fær ekki hljómgrunn hjá hv. 7. þm. Reykv.

Annars er í rauninni spurning um það, að hve miklu leyti eða hvort á að nokkru leyti að taka alvarlega andstöðu og hneykslun fulltrúa Framsfl. og Alþb. á móti söluskattinum.

Hv. 3. þm. Reykv. á varla nógu sterk orð til að lýsa andstöðu sinni og andúð á þessum söluskatti. Nú veit þessi hv. þm. ákaflega vel, alveg eins og við flestir hér á Alþingi, að í dýrðarríkinu, sem hann mænir jafnan til, Sovét-Rússlandi, er einmitt söluskattur aðaltekjustofn ríkisins. Þetta liggur fyrir m. a. í upplýsingum þeirra hv. alþm., sem fyrir skemmstu voru boðnir í opinbera heimsókn til Rússlands á vegum rússneska þingsins. Þeir spurðu einmitt um þetta, hvernig Rússar öfluðu sér tekna í sinn ríkissjóð, og var ekkert farið dult með það. Það var upplýst, að yfirgnæfandi meiri hluti af tekjum ríkisins til þess þarfa væri tekinn með söluskatti. Þetta er þannig ekki aðeins í Rússlandi, heldur í kommúnistaríkjunum yfirleitt. Ég skal bæta því við, að ég hef upplýsingar um það, að í sæluríkinu í Austur-Þýzkalandi er ekki aðeins tekinn söluskattur af innflutningi eða framleiðslustigi eða heildsölustigi eða þjónustustigi, í Austur-Þýzkalandi er tekinn söluskattur á öllum viðskiptastigum. Þannig er það yfirleitt með kommúnistaríkin. Ég spyr þess vegna: Á maður að taka alvarlega þessa hneykslun hv. 3. þm. Reykv. á því, að söluskattur sé eitthvert glapræði og árás, eins og hann orðaði það, svívirðileg árás á alþýðu manna, það sé með söluskattinum verið að níðast á hinum fátæku?

Að því er varðar Framsfl. og hv. 1. þm. Austf., verður manni að spyrja um það sama, því að frá því að söluskatturinn, sem nú er í gildi, var lögleiddur 1947—48, — ekki aðeins þá, heldur alla stund síðan, með nokkurra mánaða undantekningu, hefur Framsfl. verið í ríkisstj., og lengst af þessu 12 ára tímabili hefur þessi sami hv. þm., 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, verið fjármála- og skattamálaráðherra. Ég hef aldrei orðið þess var, að þessi hv. þm. hafi talið söluskattinn neina goðgá, heldur hefur hann talað fyrir honum og talað fyrir minni söluskattsins á hverju einasta þingi, vegna þess að söluskatturinn hefur alltaf verið framlengdur frá ári til árs. Og þessi hv. þm. hefur oft lent í deilum hér á þingi, vegna þess að aðrir hafa gagnrýnt söluskattinn, en þessi hv. þm. og Framsfl. staðið í fyrirsvari fyrir söluskattinn, að hann væri réttlátur og eðlilegur tekjustofn. Það meira að segja gekk svo langt í umræðum hér í þingi fyrir 5 eða 6 árum, að einn af fulltrúum Framsfl. taldi hreina fjarstæðu að ætla sér að fara að afnema söluskattinn og sagðist ekki geta komið auga á nokkurn tekjustofn, sem gæti þá komið í staðinn, nema þann, að Íslendingar legðu undir sig Grænland til þess að arðræna Eskimóana. Nú eftir þennan 12 ára feril hv. 1. þm. Austf. kemur það nokkuð spánskt fyrir, ef hann nú allt í einu, þegar hann er utan gátta í stjórnmálum, er ekki í valdaaðstöðu, þá skuli söluskatturinn allt í einu vera orðinn óalandi og óferjandi og árás á alþýðu manna. Hinu er svo ekki að neita, að á þessu tímabili hefur söluskatturinn tekið breytingum og verið færður úr einu formi í annað, og undir forustu hv. 1. þm. Austf. hefur hann færzt í það versta form, sem hann hefur tekið hér á landi, sem er 9% söluskattur á iðnaði og þjónustu, sem öllum kemur saman um nú að sé ekki hafandi lengur vegna þess ranglætis, sem hann skapar.

Í sambandi við söluskatt á síðasta stigi eða smásöluskatt í öðrum löndum má minnast þess sérstaklega, vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. sæmdi einu sinni stærsta stjórnmálaflokkinn í Bandaríkjunum, Demókrataflokkinn, því heiðursheiti að kalla hann Framsóknarflokk Bandaríkjanna, að þessi Framsfl. Bandaríkjanna lögleiddi á sínum tíma allháan smásöluskatt í Bandaríkjunum, og ætla ég, að bæði sá flokkur og Repúblikanaflokkurinn séu sammála um að halda þeim skatti. Að því er snertir önnur lönd, er það nú þannig, að þessi skattur, sem hv. 1. þm. Austf. og 3. þm. Reykv. mega ekki heyra nefndan og telja að með honum sé verið að níðast á alþýðunni, — ja, hann hefur nú verið í mörg ár í gildi í jafnágætu landi og Noregi, hann hefur nýskeð verið tekinn upp í Svíþjóð, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sniðið í veigamiklum atriðum eftir þeirri löggjöf, sem gildir í Noregi og Svíþjóð, og stuðzt við þeirra reynslu. En það eru fleiri lönd en þessi, sem ég nú hef minnzt á, sem hafa tekið upp þann hátt að hafa söluskatt á síðasta stigi, smásöluskatt. Auk þessara þjóða, sem ég nefndi nú, eru það Bretar, Vestur-Þjóðverjar, Belgar, Hollendingar, Austurríkismenn, Ítalir, og þannig mætti nefna marga fleiri, sem einmitt hafa þann sama hátt á og hér er lagt til og hafa haft hann lengi. Það er náttúrlega fjarstæða ein að láta sér detta í hug, að allar þessar menningarþjóðir, þar sem einmitt félagsmál standa með hvað mestum blóma og á hæsta stigi, þar sem við þekkjum til, hafi farið inn á þessa leið vegna þess, að þær vilji endilega níðast á alþýðu manna.

Annars hafa þessir tveir hv. aðalandmælendur og formenn sinna þingflokka, hv. 1. þm. Austf. og 3. þm. Reykv., þyrlað hér upp hinu mesta moldviðri og ruglað saman annars vegar gengisbreytingu og beinum áhrifum hennar og hins vegar hreinum skattamálum. Annars vegar er um að ræða gengisbreytinguna sjálfa og þær ráðstafanir, sem standa í beinu sambandi við hana, eins og afnám útflutningssjóðs, afnám útflutningsbóta og styrkja o. s. frv., þær ráðstafanir, sem beinlínis eru til þess gerðar að komast út úr því kviksyndi, sem íslenzka þjóðin hefur verið í að undanförnu, og reyna að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll. Hins vegar er svo sú breyting á skattakerfi landsmanna, sem tekjuskattsbreytingin og útsvarsbreytingin og söluskattsbreytingin hafa í för með sér. Það er í rauninni alveg sjálfstætt mál og stendur alls ekki í beinu sambandi við gengisbreytinguna. Gengisbreytingin, afnám útflutningssjóðs, viðskiptafrelsi og annað, sem þarf til þess að koma hér á jafnvægi í efnahagsmálum, gæti fyllilega staðizt út af fyrir sig, þó að við gerðum ekki þá breyt. á okkar skattakerfi, sem hér er lagt til. Og ef menn vilja heldur halda skattalögunum óbreyttum, ef menn vilja í öðru lagi halda 9% iðnaðarskattinum og ef menn vilja ekki láta einn einasta eyri af nýjum tekju-

stofnum til sveitarfélaganna, þá er þetta frv. óþarft og má leggja það til hliðar. Því spyr ég: Er það ósk og stefna Framsfl. og Alþb., að þetta sé gert? Eru þeir andvígir því að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum? Eru þeir andvígir því að afnema 9% skattinn á iðnaði og þjónustu? Eru þeir andvígir því að láta hluta af söluskattinum ganga sem nýjan tekjustofn til bæjar- og sveitarfélaganna til þess að gera þeim kleift að lækka útsvör? Ef þeir eru andvígir þessu, þá eru þeir sjálfum sér samkvæmir í því að berjast á móti þessu frv. En ef þeir vilja afnema tekjuskatt á launatekjum og fella niður 9% skattinn og hjálpa bæjar- og sveitarfélögunum til að lækka útsvörin, þá eru þeir ekki sjálfum sér samkvæmir, og þá er það skylda þeirra að benda á einhverjar aðrar leiðir til að afla þessara tekna. Hitt, að koma hér fram eins og þeir gera með sínar rökleysur, það er náttúrlega ein hringavitleysa.

Nei, eins og ég hef tekið fram, ástæðan til þess, að þetta frv. er fram borið, sem gert er ráð fyrir að færi ríkissjóði um 280 millj. kr. í tekjur á þessu ári, er eingöngu sú, að þessa upphæð vantar í ríkissjóðinn til þess að bæta upp tekjumissinn af hinu þrennu, sem ég nefndi. Hér er því eingöngu um að ræða breytingu á skattakerfinu, tilflutning á skattstofnum og annað ekki. Hvers vegna erum við þá að gera þessar tilfærslur? Það er vegna þess, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir og þm. þeirra eru sannfærðir um, að það skattakerfi og útsvarskerfi, sem þjóðin býr nú við, fær ekki staðizt og því verður að gerbreyta. Svo er allt slitið út úr samhengi og slegið fram hér, að þetta söluskattsfrv. þýði hækkun um það bil 3% á vísitölunni og framfærslukostnaði almennings, en hinu er sleppt, að um leið og í beinu sambandi og áframhaldi af þessu er verið að létta af því sama fólki tekjuskatti, hluta af útsvari og iðnaðarsöluskatti, og það hefur verið reiknað út, og það eru óvefengjanlegar tölur, að aukin útgjöld þeirrar fjölskyldu, sem vísitöluútreikningurinn er byggður á, verða á þessu ári um 1400 kr. vegna söluskattsfrv., en lækkuð útgjöld þeirrar sömu fjölskyldu verða vegna afnáms tekjuskattsins og lækkunar um 10—15% á útsvarsstiga í Reykjavík 2150 kr. M. ö. o.: það er ekki verið að auka útgjöld vísitöluheimilisins eða fjölskyldunnar með þessari breytingu á skattalöggjöfinni, heldur er það fremur í hina áttina, að það sé henni til hagnaðar.

Sé það athugað, hver geti verið grundvöllurinn fyrir hv. 3. þm. Reykv., formann þingflokks Alþb., að berjast með slíkum stóryrðum og heift gegn söluskatti, þegar vitað er, að í hans þúsund ára ríki, í öllum ríkjum kommúnismans, er söluskattur aðaltekjustofn ríkisins, þá verður manni að spyrja: Hvað kemur til þess, að hv. þm. lætur eins og hann gerir? Hann afhjúpaði sjálfan sig hér í ræðu sinni áðan. Aðalfjandskapurinn stafar af því, að ég hafði látið orð falla í minni framsöguræðu, að það væri ætlunin og stefna stjórnarflokkanna að gefa verzlunina sem mest frjálsa og komast í samband við fríverzlunarsvæði Evrópu. Í því felst að sjálfsögðu ekkert um það, hvort við eigum að ganga inn í eitt eða annað af þeim tveim fríverzlunarsamböndum, sem nú eru í Vestur-Evrópu. Von mín er sú, að það takist að sameina þetta og fá fríverzlun á miklu stærra svæði en nú er. Aðalatriðið er, að við Íslendingar gefum verzlunina sem mest frjálsa og fáum hlutdeild í hinum frjálsa viðskiptaheimi. Það er þetta, sem hv. 3. þm. Reykv. er reiðastur út af, því að til þess má hann ekki hugsa, því að hann er hræddur við, að við þetta gætu viðskiptin við kommúnistaríkin í Austur-Evrópu eitthvað minnkað. Nú er það að vísu furðulegt, ef hann þarf að vera svo hræddur við frjálsa samkeppni og frjáls viðskipti. Það, sem í orðum mínum fólst, var ekkert annað en það, að ég vil, að Íslendingar stefni að því að geta selt vörur sínar þar, sem þeir fá hagkvæmust kjör fyrir þær, og keypt aftur innflutningsvörur sínar þar, sem hægt er að fá hagstæðust kaup. Þetta er allt og sumt. En hv. þm. þarf í bræði sinni að segja, að ég heimti, að Ísland sé innlimað í kreppukerfi vesturlanda. Við vitum ákaflega vel, hvað fyrir honum vakir. Fyrir honum vakir ekki, að Íslendingar verði hluttakar í hinum frjálsa viðskiptaheimi. Fyrir honum vakir það að ánetja Íslendinga meira og meira í viðskiptaheim kommúnistaríkjanna, vafalaust með það fyrir augum, að við lendum á sínum tíma í svipaðri aðstöðu og t.d. ein af Norðurlandaþjóðunum, Finnar, sem eru orðnir svo háðir Sovétríkjunum, að þegar fyrir tveimur árum var mynduð stjórn, sem studd var af yfirgnæfandi meiri hluta þings, þá var hún með viðskiptaþvingunum frá hinum volduga nágranna knúin til þess að segja af sér.

Stefna okkar Íslendinga er auðvitað sú og á að vera sú að eiga sem bezt viðskipti við allar þjóðir, hvort sem þær eru í vestri eða austri. En um leið á stefnan að vera sú að selja okkar afurðir og kaupa okkar nauðsynjar þar, sem kjörin eru bezt.

Þegar hv. 7. þm. Reykv. lýsti hér stefnu sinni í efnahagsmálum og alþjóðaviðskiptum, var nokkuð erfitt að komast til botns í, við hvað hann ætti. Annars vegar fordæmdi hann þá stefnu, sem nú ætti að taka upp hér á Íslandi og væri sú stefna, sem ríkti á vesturlöndum. Hann sagði, að það væri stefna samdráttarins, stefna kreppuhagfræðinganna. Hann fordæmdi þessa stefnu, sem sagt stefnu viðskiptafrelsis og efnahagsjafnvægis. Hann telur hana leiða til öngþveitis. Hann lýsti því með fögrum orðum, að kommúnistaríkin hefðu miklu betur nú í samkeppninni við hin frjálsu vesturlönd. Ég vil ekki leggja það inn í orð hv. þm., að hann hafi verið að prédika hér hið kommúnistíska efnahagskerfi. En hvað er það þá, sem hann vill? Það er vafalaust þriðja leiðin, og þriðja leiðin er aðeins ein: það er verðbólgustefnan, sem við Íslendingar höfum búið við í áratugi. Hann vill ekki stefnu jafnvægis í efnahagsmálum og hins frjálsa viðskiptalífs. Það er á hans máli samdráttarstefna kreppuhagfræðinganna, sem leiðir til öngþveitis. Ég geri ekki

ráð fyrir, að hann vilji stefnu kommúnismans. En hann vill vafalaust og Framsfl. með honum áframhald á verðbólgustefnunni, sem ég hélt þó að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga hafi sannfærzt um að getur ekki staðizt lengur.

Sami hv. þm. sagði, að ég hefði sagt hér í þingi 4. des., að með óbreyttu skipulagi mundi vanta milli 2 og 3 hundruð millj. til að jafna halla ríkissjóðs og útflutningssjóðs á árinu 1960, það sé ekki aðeins með skattaálögum verið að ná þessum milljónum, heldur finnur hann og hv. 1. þm. Austf. út, að núv. ríkisstj. sé búin að leggja hvorki meira né minna en 1100 millj. kr. á landslýðinn. Minna má nú gagn gera á ekki lengri tíma. En ég held, að þeir fari villir vegar í því, að athafnasemi ríkisstj. hafi verið svo mikil að koma því í verk að leggja 1100 millj. á landslýðinn á þessum tíma. Vitanlega er þarna um að ræða hinar ferlegustu talnablekkingar. Ruglað er hér saman við skráningu á genginu, þ. e. a. s. viðurkenningu á því, hvert er raunverulegt gengi eftir stjórnartíma vinstri stjórnarinnar. Reikna þessir herrar út þannig, að með því sé núv. ríkisstj. að leggja mörg hundruð millj. kr. í nýja skatta á þjóðina. Hv. þm. finnur út, að það hefði mátt láta nægja þessar 200—300 millj., þá var allt í himnalagi og þurfti ekki að gera frekari ráðstafanir, segir hann. Hv. þm. ætti þó að vita, að þó að þessar tölur hafi verið nefndar sem nauðsynlegar til þess að mæta halla útflutningssjóðs og ríkissjóðs á þessu ári, þá var ekki öllu borgið með því. Það var öllum ljóst, að gjaldeyrishallinn, gjaldeyrishungrið var eftir, og það var gersamlega óhugsandi að halda áfram nema kannske nokkra mánuði, í mesta lagi eitt ár, á braut hins óbreytta skipulags, nema við hefðum fengið til viðbótar stórkostleg gjaldeyrislán, sem lá þó fyrir að hvergi voru fáanleg, og áframhald þessa skipulags þegar af þeirri ástæðu dauðadæmt. Og hv. 7. þm. Reykv. finnur það svo út, að í stað þess að í síðasta fjárlagafrv. Eysteins Jónssonar hafi tekjur ríkisins eða álögur numið aðeins 900 millj., þá hafi mér tekizt á stuttum tíma að koma þessu upp í 1464 millj., sem sagt hækkað það um rúml. hálfan milljarð. Þessi fullyrðing er náttúrlega á svipuðum grunni byggð og hitt, að núv. ríkisstj. sé þegar búin að leggja 1100 millj. nýja skatta og álögur á þjóðina. Það er m. a. eitt, sem hv. þm. láist að geta, og veit hann þó mætavel, að fyrrv. hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, notaði ýmis klókindabrögð vafalaust í hans augum til þess að láta útgjöld og tekjur ríkissjóðs fá allt annan svip en þau raunverulega höfðu. Það var t. d. tekinn upp sá háttur að kljúfa ríkissjóðinn í tvennt. Síðustu árin, sem Eysteinn Jónsson var fjmrh., var ríkissjóður í tvennu lagi, annar parturinn hét ríkissjóður og hinn parturinn hét útflutningssjóður, og ef ríkissjóðurinn væri tekinn í einu lagi, eins og vitanlega ber að gera, voru ekki álögurnar í þessu síðasta fjárlagafrv. 900 millj., heldur má bæta nokkuð mörgum hundruðum millj. þar ofan á. Ég hélt, að þessi blekkingaplata væri svo gatslitin bæði á mannfundum og ekki sízt í málgagni þessa hv. þm., að hann mundi ekki koma með þetta enn þá einu sinni hér inn í þing. Nei, slíkur loddaraleikur hefur náttúrlega ekki áhrif á og blekkir ekki nokkurn mann lengur, þó að það hafi e. t. v. tekizt rétt í bili að telja einhverjum trú um það, að útgjöld ríkissjóðsins og tekjur væru ekki nema 900 millj., þó að partur úr honum væri tekinn út úr og kallaður útflutningssjóður.

Hv. 7. þm. Reykv. deilir fast á núv. stjórn og á mig fyrir hækkun fjárlaga. Skýring þess máls hefur margsinnis verið gefin hér í Alþingi. En það má í því sambandi minnast aðeins á 2—3 atriði, aðeins til skýringar. Það er í fyrsta lagi, að hinar taumlausu ríkisábyrgðir, sem stofnað var til undir forustu fyrrv. hæstv. fjmrh., hafa leitt til þess, að vanskilaskuldir hrúgast svo á ríkissjóð, að nú í fjárlagafrv. 1960 þarf að áætla þann lið eingöngu, greiðslur á vanskilaskuldum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, hvorki meira né minna en 35 millj. kr., og er þó viðbúið, að sú upphæð nægi ekki. Þetta er einn arfurinn frá fjármálastjórn Framsfl. og ekki sízt í tíð vinstri stjórnarinnar.

Það má nefna hér annað. Það var nýlega lagt fyrir Alþingi frv., flutt af hv. framsóknarþm. öllum, 6 að tölu, í Ed., um það, að ríkissjóður taki að sér að borga nokkur lán fyrir Búnaðarbankann og sjóði Búnaðarbankans. Það var smáupphæð, 160 millj. ísl. kr. eða rúmlega það, og föst árgjöld af því áttu að vera rúmar 14 millj. kr. Hvernig er þetta til komið? Það er vegna þess, eins og segir í grg. framsóknarmanna fyrir þessu frv., að það komi alltaf fyrir öðru hvoru, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður, þessar lánastofnanir landbúnaðarins, komist í fjárþrot og þess vegna þurfi ríkissjóður öðru hvoru að hlaupa undir bagga. Og það er ekki þannig, að þessir háu herrar hafi þá sýnt þá fjármálaábyrgð að sjá um tekjur, hvort sem það er úr ríkissjóði eða með sérstökum tekjustofnum, til að bæta þessum sjóðum upp árlega þann halla, sem þeir urðu fyrir með því að lána með lægri vöxtum en þeir þurftu að borga, heldur lýsir það ákaflega vel fjármálaspeki og ábyrgð þeirra, að þeir láta allt reka á reiðanum. Þeir taka erlend lán með allháum vöxtum til þessara sjóða og lána féð út aftur til lengri tíma og með lægri vöxtum. Af því leiðir fyrirsjáanlegan árlegan greiðsluhalla á sjóðunum, en ekkert séð fyrir því að reyna að láta þá standa undir sér. Svo er komið á nokkurra ára fresti og heimtað, að ríkissjóður taki að sér 160 millj. kr. í einu lagi, vegna þess að sjóðirnir séu orðnir gjaldþrota. Ég verð að segja, að svona fjármálapólitík er vissulega ekki til fyrirmyndar, að ætla að reka bankastofnanir eða fjárfestingarsjóði fyrir heilan atvinnuveg þannig, að þeir séu fyrirsjáanlega gjaldþrota á nokkurra ára fresti. Þetta er aðeins ein lítil mynd af mörgum, sem mætti bregða upp af fjármálaspeki og ábyrgð þessara herra.

En hv. 1. þm. Austf. tekur undir með hv. 7. þm. Reykv. og segir: Hver trúir því ekki, að hægt hefði verið að ráða fram úr þessum

efnahagsmálum um s. l. áramót án þess að gerbreyta þjóðfélaginu, eins og gert er? Hvers vegna hefði ekki verið hægt að gera það með því að bæta við tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs þessum 200—300 millj. og halda svo öllu áfram í sama horfinu? — En ég vil spyrja þennan hv. þm.: Hvernig stóð á því, að hann gafst upp í des. 1958? Var það ekki vinstri stjórnin, sem tók að sér að leysa efnahagsmálin, ekki til bráðabirgða, heldur finna varanlega lausn á efnahagsvandamálum atvinnuveganna. Eftir 2½ ár, eftir að þeir höfðu þó haft samstjórn með fulltrúum verkalýðsins, því að samstarfið við kommúnista var afsakað með því, að það væri nauðsynlegt að hafa þá með til að tryggja vinnufrið, — eftir 2½ ár gafst þessi hv. þm. upp, og forsrh. ríkisstj. gaf þá yfirlýsingu, að innan ríkisstj. væri ekki samstaða um nokkur úrræði til umbóta eða lausnar á efnahagsvandamálunum. Maður, sem þannig hefur hreinlega gefizt upp á að leysa vandamálin, kemur svo hingað nú og segir: Það var enginn vandi að leysa þetta með einhverjum smávægilegum umbótum.

Sami hv. þm., 1. þm. Austf., segir: Það vottar ekki fyrir því nú, að neitt sé lagt á þá ríku. Það er aðeins lagt á hina efnaminni og almenning. Það er ekki lagður á stóreignaskattur, eins og gert var t. d. 1958. — Þessi hv. þm. hefði átt að kveinka sér við að minnast á stóreignaskattinn, því að sú löggjöf mun vissulega lengi halda nafni hans á lofti til lítillar sæmdar. Þessi stóreignaskattur, sem er einhver vanhugsaðasta löggjöf, sem hér hefur verið samin, hefur nú hvað eftir annað komið til meðferðar í hæstarétti og meira og minna af henni búið að dæma sem hrein stjórnarskrárbrot. Þessi stóreignaskattslöggjöf er nú ekki orðin nema svipur hjá sjón af því, sem hún var í upphafi, og eftir að æðsti dómstóllinn hefur úrskurðað um gildi hennar og ógildi, eru annmarkarnir og rangindin í þessum skatti orðin margfalt meiri en þau voru í upphafi. Og hvað náðist eða næst með þessum stóreignaskatti? Það náðist eða næst ekki fyrst og fremst til einhverra fárra auðkýfinga, eins og hv. þm. lætur í veðri vaka. Árangur þessa skatts er fyrst og fremst að vera lamandi hönd á atvinnulífið, á atvinnureksturinn í landinu. Ég býst við, að fyrir hv. 1. þm. Austf. hafi vakað tvennt við þessa lagasetningu. Annað er náttúrlega að fá blóm í hnappagatið og segja við almenning á Íslandi: Auðvitað látum við breiðu bökin standa undir þessu. Við leggjum sérstakan stóreignaskatt á auðkýfingana. — Það er annað atriðið. Hitt atriðið var vitanlega hjá honum að reyna að ná sér niðri á hinum frjálsa atvinnurekstri í landinu. Það hefur tekizt að nokkru leyti, vegna þess að stóreignaskatturinn hefur verkað eins og lamandi hönd, eins og ég sagði, á hið frjálsa atvinnulíf. En svo að öðru leyti reynist þessi skattur vera meira og minna stjórnarskrárbrot og ómögulegt að segja um það á þessu stigi, hvað eftir verður af þessari löggjöf, um það er lýkur.

Að lokum vil ég svo segja þetta: Hv. 1. þm. Austf. var svo heppinn hér í sinni ræðu að koma með samlíkingu, þar sem hann líkti ráðstöfunum núv. ríkisstj. við sólina annars vegar og hins vegar vænti ég fyrri aðgerðum hans við tunglið. Hann áttaði sig á því, að þetta var ekki rétt heppileg samlíking. En það er enginn vafi á því, að honum hefur orðið hugsað til kvæðisins gamla, um leið og hann líkir sjálfum sér við tunglið: „Máninn hátt á himni skín," því að það var um tíma, að hans máni skein ákaflega hátt, en hins vegar er hann nú orðinn hrímfölur og grár.

Hann segir, þessi hv. þm., að með þessum ráðstöfunum sé verið að rétta rothögg að uppbyggingunni í landinu og hér sé ekkert annað en svartnætti, eymd og hrun fram undan. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt, þó að þessi hv. þm. spái hruni og eymd, því að hann er einn af þessum svartsýnismönnum, þessum mönnum, sem rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson kallar einhvers staðar öngþveitismenn, og hann segir, að sú manntegund fari einna mest í taugarnar á sér af öllum mönnum. En þessir öngþveitismenn eru þeir, sem yfirleitt sjá ekkert annað en öngþveiti og svartnætti fram undan. Það er að vísu svo, að þessar efnahagsráðstafanir og hliðarráðstafanir hafa auðvitað í för með sér vissar þrengingar fyrir þjóðina um nokkurt skeið, það er öllum ljóst. En við, sem að þeim stöndum, erum sannfærðir um, að ef þjóðin sýnir skilning á þessum ráðstöfunum, muni þessar þrengingar ekki verða langvarandi, heldur áður en langt um líður hafa náðst hér efnahagslegt jafnvægi, sem þýðir það, að þjóðin mun áður en langt um líður sækja fram til enn vaxandi velsældar.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. virtist hneykslast á því, að ég gerði söluskattinum ekki slík skil, sem hann hefði vænzt. Frá mínu sjónarmiði er söluskatturinn mjög eðlilegur skattur, þar sem hann er skattur á eyðsluna. Hann er innifalinn í vöruverðinu, og þess vegna kemur hann ekki niður á þeim, sem innheimta skattinn, ekki neitt sérstaklega, heldur á þeim, sem eyða mestu.

Í sambandi við söluskattinn og hv. 3. þm. Reykv. má svo geta þess frekar í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að nú eru í Rússlandi 8% beinir skattar. Og verið er að undirbúa að afnema þessi 8% og breyta því öllu í óbeina skatta. En eins og allir vita, er Rússland fyrst og fremst föðurland þeirra kommúnistanna, og ætti þess vegna að vera mjög eðlilegt frá þeirra sjónarmiði, að lagður væri á söluskattur. Það má líka í þessu sambandi minnast á það, að fyrir nokkru var getið um það í útvarpinu, að kommúnistar björguðu sænsku stjórninni einmitt í sambandi við álagningu söluskatts í Svíþjóð.

Efnahagsmálin hafa verið rædd almennt í þessum umræðum, þó að þetta séu umræður um söluskattinn fyrst og fremst, og skal ég víkja nokkuð að því, sem hefur komið fram hjá þeim tveim ræðumönnum, sem einkum beindu geiri sínum að mér.

Hv. 3. þm. Reykv. var að varpa fram ýmsum spurningum í sambandi við lántökur erlendis og beina því til mín, hvort ég hefði nokkuð við það að athuga, þegar fé væri lagt í heilbrigð fyrirtæki eða atvinnutæki á einn eða annan hátt. Það er síður en svo, að ég hafi nokkuð við það að athuga. En það er náttúrlega skilyrði, þegar verið er að leggja erlent fjármagn í atvinnutæki, t. d. eins og skip, að þau beri sig, en séu ekki rekin með halla, eins og átti sér t. d. mjög stað með útgerðina, hvort heldur báta eða togara. En margt af þeim lánum, sem tekin hafa verið undanfarið, í tíð vinstri stjórnarinnar, hafa verið hrein eyðslulán.

Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., var að minnast á starf sitt fyrir rúmum tíu árum og hversu heilladrjúgt það hefði verið. Hefur hann þá sjálfsagt átt við nýbyggingaráð. Það er alveg rétt, nýbyggingaráð gerði margt gott og nýsköpunarstjórnin yfirleitt. En það var líka úr miklu að spila. Það fé, sem þá var fyrir hendi, var mjög mikið á mælikvarða fátækrar þjóðar, og miklu af því var vel varið, en mikið varð líka eyðslueyrir. Mjög vafasamt er, að bent verði á nokkra stjórn, sem hafi eiginlega verið íslenzku þjóðinni þarfari í atvinnulegu tilliti en einmitt nýsköpunarstjórnin, og þá fyrst og fremst fyrir það, hve ríkan þátt hún átti í því að byggja upp útveginn á Íslandi. Við búum enn í dag að því, þar sem meiri hlutinn af togurunum, sem eru í eigu landsmanna, varð einmitt til á þeim árum. En eitthvert ömurlegasta tímabilið aftur á móti er áratugurinn fram að stríðinu, frá 1930—1939, þegar höftin hófu innreið sína. Ég minntist áður lítils háttar á, hvernig einkareksturinn var þá ofsóttur á allan hátt með skerðingu á lánsfé og með ofsóknum í sambandi við svonefnda höfðatölureglu, sem fræg varð á sínum tíma.

Það er að vissu leyti mjög mikilvægt, að menn hafi trú á því, sem verið er að berjast fyrir. Þeir virðast hálfhneykslast á því, hv. 3. þm. Reykv. og 1. þm. Austf., að ég skuli hafa trú á því, sem hér er verið að gera. En ég hef fulla trú á því. Ég hef trú á að endurreisa traust þjóðarinnar á krónunni, ég trúi, að því fylgi batnandi efnahagur alls almennings og bætt lífskjör, þegar við erum komin yfir erfiðasta hjallann. Verðbólgan er hins vegar rót alls ills. Af hverju er svona mikill tvískinnungur hjá þessum mönnum, eins og hv. 3. þm. Reykv.? Hann hefur bölsungið verðbólguna, en þegar á að fara að koma á jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, reynir hann að gera það tortryggilegt á allan hátt.

Hv. 3. þm. Reykv. tók mig sem dæmi um hinn sanntrúaða kapítalista, mann, sem trúir á hið vestræna efnahagskerfi, mann, sem trúir meira á velliðan fólksins og betri lífsafkomu þess undir því skipulagi heldur en fyrir austan járntjald, og hann sagði, að þetta væri eins og að sjá risaeðlu aftan úr fornöld. En það er aðeins ein risaeðla, sem við Íslendingar og aðrar vestrænar þjóðir óttumst, og það er risaeðla kommúnismans. Takmark kommúnismans og takmark kommúnistanna íslenzku er fyrst og fremst það að koma Íslendingum austur fyrir tjald. Þeir hafa að vísu ýmis stefnumál. Þeir segja: Við viljum berjast fyrir hagsmunum verkalýðsins, og meira að segja, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, viljum við berjast fyrir, að kapítalistarnir og útgerðarmenn, — já, sérstaklega útgerðarmenn, þeir eru í eitthvað betri flokki hjá hv. 3. þm. Reykv. en kapítalistar almennt, ég tala nú ekki um heildsala, — að þeir fái lán. Við viljum hjálpa til þess, við höfum gert það áður, og við viljum hjálpa til þess enn. — Jú, þeir hafa vissulega sín mál til að berjast fyrir. Ef þeir hefðu það ekki, hlustaði heldur enginn á þá eða gæfi þeim atkvæði sitt, svo að þeir verða að hafa eitthvert mál til að berjast fyrir. En tilgangurinn er að koma okkur austur fyrir tjald. Til þess starfa þeir, til þess fá þeir fé, og okkur undrar, að þeir skuli geta keypt eitt húsið á fætur öðru, byggt eina höllina á fætur annarri, og nú er sagt, að það nýjasta, sem þeir séu að bera víurnar í, sé Lídó fyrir 8 millj. kr. — Nei, það eru ekki þessir menn, þessi hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson. Þetta er sjálfsagt prýðilegur maður í eðli sínu, en hann þjónar húsbændum sínum og gerir það dyggilega.

Það hefur æxlazt svo til, að ég hef orðið fyrir árásum eða geiri tveggja, — já, mér er víst óhætt að segja einna mestu ræðumanna andstöðuflokkanna. Það var alls ekki ætlun mín að lenda í þessum mönnum, síður en svo. En hv. 1. þm. Austf. sagði mér sjálfur, að hann hefði sérstaklega beint ræðu sinni að mér, og þm. vöktu athygli mína á því, að hann hefði aldrei undir sinni löngu ræðu litið af mér, þar sem ég húkti í sæti mínu. Það getur vel verið, að hann hafi ætlað að ganga af mér dauðum þegar á fyrsta fundinum, svo að þið hv. þm. verðið að afsaka, að ég hef eytt hér dýrmætum tíma og tafið mikilvægt mál frá afgreiðslu, en ég gat ekki annað en tekið þessari áskorun, hólmgönguáskorun.

Það vantar vissulega margt á Austurlandi, og hv. 1. þm. Austf. er mjög hörundssár fyrir því, þegar á það er minnzt, hvað skammt er komið framfaramálum Austurlands undir hans forustu fyrst og fremst. Þarna hefur Framsókn verið einráð og hv. 1. þm. Austf. oftast verið valdamestur eða einn af valdamestu mönnum þjóðarinnar. Honum svíður náttúrlega mjög sárt, þegar við erum að vekja athygli á því, að honum hafi ekki enzt 25 ára eða hvað langur þingmennskuferill til þess að koma á aðalvegasambandi með smávegaspotta, sem er ekki nema eitthvað 7 km, og þvinga svo Austfirðinga til þess að fara 70 km leið til þess að komast þar á áfangastað. Jú, það er ákaflega margt, sem vangert er á Austurlandi, og honum svíður það, þegar ég er að vekja athygli á því, sem ógert er, þó að minn mátt bresti til þess að koma því fram, það er annað mál. En það getur vel verið, að meira hefði verið hægt að gera hér á þessu þingi

fyrir Austurland, ef við hefðum ekki verið að súpa seyðið — kannske fyrst og fremst af ráðsmennsku hv. 1. þm. Austf.

Hann vék að sjómannaskiptaverðinu, og ég held ég megi til að minnast aðeins á það. Það er alveg rétt, að ég hélt því fram á framboðsfundunum, að sjómennirnir ættu að fá sama verð fyrir fiskinn og útgerðarmennirnir. Þetta var ekkert nýtt. Ég bara staðfesti það, sem ég hafði sagt áður. Ég hef ár eftir ár haldið þessu fram, og ég gerði ekkert annað en að standa við orð mín, og ég stend við þau hér líka, þó að það verði lagt mér út á verri veg og reynt að túlka það mér til lasts í augum útgerðarmanna. Fyrir þremur árum munaði aðeins orðið 7 aurum á skiptaverðinu og útgerðarmannaverðinu. Þá var það kr. 1.35, en skiptaverðið 1.28. Svo var þetta bil látið breikka. Og hvenær var það látið breikka? Það var í tíð vinstri stjórnarinnar. Það var undir forustu hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, verkalýðsforingjans, samflokksmanns hv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar. Það getur vel verið, að það breikki nú, en það hefur alltaf verið mín skoðun, að það ætti ekki að vera neitt sérstakt skiptaverð. Og ég skal segja ykkur, af hverju ég hef haldið þessu fram. Það er af því, að alltaf er verið að koma með alls konar önnur fríðindi. Það er ekki af neinni sérstakri umhyggju fyrir sjómönnunum, þó að ég unni þeim alls hins bezta og áliti, að þeir þurfi að hafa gott kaup, fyrst og fremst til þess að við fáum menn á skipin. Það er vegna þess, að alltaf er verið að færa sig upp á skaftið með alls konar kröfur á útgerðarmenn, aukakröfur, af því að sjómennirnir fengju ekki sama verð fyrir fiskinn og við fengjum, útgerðarmennirnir. Það var samþykkt að borga 10. hlutinn, það var samþykkt að borga 11. hlutinn, og nú fyrir nokkrum dögum var samþykkt að borga kr. 3.50 á tonn í Vestmannaeyjum. Allt þetta hefði ekki heyrzt nefnt, ef reynt hefði verið að halda hlutföllunum, sem voru fyrir þremur árum t. d. En það er eins og alltaf sé verið að fara lengra og lengra út í ófæruna í þessum efnum, og ég get satt að segja ekki séð, hvernig þetta verður leyst núna, — kannske ekki í vetur, en hvernig það verður leyst á næstunni.

Hv. 1. þm. Austf. var ósköp hrifinn af því, að ég skyldi hafa tileinkað honum jómfrúræðuna. Það gleður mig sannarlega. Venjulega er mönnum ekki tileinkað nema eitthvað gott, bók eða eitthvað annað slíkt. Það er gert í virðingarskyni. Og ég skal segja það, að maðurinn Eysteinn Jónsson er mér alls ekki ógeðþekkur, það fer prýðilega á með okkur, og ég hef ekkert út á hann að setja sem mann, síður en svo. En stjórnmálamaðurinn Eysteinn Jónsson er í mínum augum ófyrirleitinn stjórnmálamaður, sérstaklega í sambandi við umgengni sína við ríkissjóðinn, þegar flokksbræður og Framsfl. hafa átt í hlut.

Um vextina vitum við, að þeir eru aðeins neyðarúrræði, sem við vonum að standi ekki nema mjög skamma hríð.

Ég fer ekki að fara út í stóreignaskattinn, þó að það hefði verið gaman og gagnlegt, því að hæstv. fjmrh. gerði því svo prýðileg skil.

Hv. 1. þm. Austf. hafði þau orð um mig, að ég hataði samvinnufélögin. Það er alveg rangt. Ég hata ekki samvinnufélögin, síður en svo. Við útgerðarmenn höfum oft notað samvinnusniðið á samtökum okkar og gerum enn. En ég hef krafizt jafnréttis rekstrarformanna. Þess krefst ég, en ég legg ekkert hatur á samvinnufélögin, síður en svo.

Það er hins vegar mjög athyglisvert að athuga samvinnufélögin. Framsfl. hefur notað kaupfélögin og samvinnufélögin sérstaklega sem tæki í stjórnmálabaráttu sinni. Hann hefur skipað sig þar sem hinn alvísa föður og forsjármann þessara samtaka, þó að þau séu skipuð mönnum af öllum stjórnmálaflokkum.

Það er ekki gott að einoka samvinnufélögin undir einn stjórnmálaflokk. Það hlýtur að kalla á, að hinir stjórnmálaflokkarnir eða fólk úr öðrum stjórnmálaflokkum leitast við að koma sér upp verzlunarsamtökum, og það ber meira og meira á því. Ef Framsfl. hverfur ekki af þeirri braut að einoka þannig samvinnufélögin undir sig, er mjög hætt við, að áframhald verði á þessu. En hann gæti komið í veg fyrir þetta með því að hleypa pólitískum andstæðingum sínum til nokkurra áhrifa í stjórn samvinnufélaganna. Hann getur valið á milli, hvort hann vill heldur, að það komi í flestum sveitum landsins, síður í kaupstöðum, samvinnufélag, sem keppir við það félag, sem fyrir er. En sé það til tjóns, getur Framsfl. sjálfum sér um kennt, ef það er ekki eins og hann vildi.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta frekar, en vil að lokum aðeins endurtaka, að þessar tilraunir, sem nú er verið að gera í efnahagsmálum til að losa okkur við alla þá skriffinnsku, sem við höfum búið við síðan 1930, eru fyrir mér hugsjón og trú á betra líf íslenzku þjóðarinnar og fyrst og fremst íslenzkrar alþýðu.

Forseti (JóhH): Ég hafði haldið, að við værum komnir á leiðarenda með þessar umræður, en þá kvöddu sér hljóðs þrír hv. þm. Nú er það ekki svo, að þm. sé alls varnað enn að láta til sín taka í þessu máli eða láta til sín heyra, þar sem við erum hér með 1. umr. Einn af þessum þm. hefur hins vegar talað einu sinni aðeins, og ég ætla að gefa honum fyrst orðið. Ég vænti þess, að hv. þm. misvirði það ekki, þó að forseti mælist til þess, að hann reyni að stytta mál sitt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú ekki orðið svo mjög framorðið, að það sé ástæða til þess að fara að þrengja mjög að mönnum með ræðutíma, en ég skal samt verða við þeim tilmælum forseta að taka ekki mjög langan tíma.

Hæstv. fjmrh. svaraði fsp. minni um það, hverjar hefðu orðið undirtektir þeirra samtaka, sem ríkisstj. sneri sér til og óskaði eftir að segðu álit sitt um það frv., sem hér liggur

fyrir, og það kom fram í þessum upplýsingum hæstv. fjmrh., að smásalarnir hefðu yfirleitt verið þessu frv. andvígir eða a. m. k. hinum almenna söluskatti, sem ætlunin er að leggja á, og þeir hefðu heldur lagt til, að innflutningssöluskatturinn yrði aukinn. Ég hygg, að þetta sé nokkuð skynsamleg tillaga, og það er alveg víst, að skatturinn mundi innheimtast miklu betur með því móti og verða miklu auðveldari og kostnaðarminni í innheimtu. Þess vegna álít ég, að það hljóti að koma mjög til greina, að ríkisstj. geri þau skipti á þessum sköttum, að í staðinn fyrir, að í frv. er ætlazt til þess, að hinn almenni smásöluskattur haldi áfram, en aukningin á söluskattinum á innflutningi falli niður um næstu áramót, ef til þess kæmi, að það yrði einhver samdráttur á þessum sköttum, að þá yrði það framkvæmt þannig, að hinn almenni smásöluskattur yrði felldur niður, en í staðinn væri hinn aukni söluskattur af innflutningi látinn haldast. Ef þetta væri gert, mundi það tvímælalaust tryggja miklu betri innheimtu þessa skatts og koma í veg fyrir þá geysilega miklu skriffinnsku, sem mun fylgja hinum almenna söluskatti.

Hæstv. fjmrh. svaraði einnig fsp., sem ég lagði fyrir hann í sambandi við væntanleg frv. ríkisstj. um skattamál sveitar- og bæjarfélaga, og tel ég það vel farið, sem kom fram í orðum hans, að frv. um þessi mál verða lögð fram síðar á þinginu.

Hæstv. ráðh. tók hins vegar illa undir það, sem ég sagði um veltuútsvörin, og það var bersýnilegt, að hæstv. ráðh. hefur áhuga á því að halda veltuútsvörunum áfram.

Ég tel það miður farið, vegna þess að það er tvímælalaust, að veltuútsvörin eru einn ranglátasti skattur, sem lagður er á, vegna þess að hann er lagður á fyrirtækin án alls tillits til afkomu og efnahags. Hann getur þess vegna í mörgum tilfellum verið mjög léttbær hjá fyrirtæki, sem hefur góða afkomu og á miklar eignir, aftur á móti mjög þungbær fyrir fyrirtæki, sem hefur lélega afkomu, og getur leitt til þess, að það verði að greiða skattinn að verulegu leyti af eignum sínum. Þess vegna á að hverfa frá veltuskattinum í því formi a. m. k., sem hann er lagður á núna, og koma í veg fyrir, að hann þýði raunverulega eignaupptöku hjá fyrirtækjunum.

Hæstv. fjmrh. var að lýsa því hér áðan, hvernig stóreignaskatturinn hefði lamað atvinnufyrirtækin og verkað eins og dauð hönd á þau. Það má vel vera, að eitthvað sé rétt hjá honum í þessu sambandi, a. m. k. í vissum tilfellum. En það er alveg víst, að veltuútsvarið verkar í mörgum tilfellum miklu þungbærar fyrir fyrirtækin en stóreignaskatturinn þó gerir. Þess vegna er það réttlætismál að hverfa frá veltuútsvarsfyrirkomulaginu, a. m. k. í því formi, sem það er nú, eða því formi, að það geti orðið til þess, að það þýði raunverulega eignaupptöku hjá fyrirtækjunum.

Það, sem á að stefna að í sambandi við skattaálögur, er að sjálfsögðu það, að skattarnir séu lagðir á með tilliti til afkomu og efnahags fyrirtækjanna, og veltuútsvar, eins og það er lagt á núna, fullnægir alls ekki þeim kröfum.

Eins og ég sagði hér í frumræðu minni, verkar veltuútsvarið í mörgum tilfellum þannig, að það leggst þyngst á þau fyrirtæki, sem veita bezta þjónustu, sem hafa lága álagningu og hafa þess vegna mikla veltu, en aftur á móti sleppa í mörgum tilfellum þau fyrirtæki miklu betur, sem hafa lakari þjónustu, hafa t. d. háa álagningu, hafa að vísu kannske þess vegna minni veltu, en þó meiri gróða en þau fyrirtæki, sem veita betri þjónustu.

Þess vegna á að hverfa frá veltuútsvarafyrirkomulaginu í því formi, sem því er beitt nú, og ég er satt að segja talsvert undrandi yfir því, ef það á að haldast, vegna þess að hæstv. fjmrh. og sá flokkur, sem hann fylgir, telur sig vilja styðja að heilbrigðu einkaframtaki, en veltuútsvarið stendur í mörgum tilfellum mjög í vegi þess, að heilbrigt einkaframtak fái notið sín.

Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., að þeir vísitöluútreikningar, sem ríkisstj. er með, eru hagkvæmir til þess að ná alls konar blekkjandi niðurstöðum. Þannig er hæstv. fjmrh. búinn að finna það út, að samkv. þessum vísitöluútreikningi sé það til hagsbóta fyrir almenning, að tekjuskatturinn sé lækkaður, en söluskatturinn lagður á í staðinn, það sé hagkvæmt fyrir hina svonefndu vísitölufjölskyldu og þess vegna hljóti það að vera hagkvæmt fyrir allan almenning. En þegar menn athuga þá staðreynd, að samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. nemur tekjuskattslækkunin ekki nema 110 millj., og er það áreiðanlega mjög ríflega reiknað, en samkv. upplýsingum fjmrh. á söluskatturinn að gefa 280 millj. kr. á 9 mánuðum þessa árs, en mundi gefa um 370—380 millj. kr. yfir heilt ár, þá hygg ég, að allir hljóti að sjá, að það sé meira en lítið undarlegt eða meira en lítið skrýtið við þessa útreikninga, sem fjmrh. er með, þar sem það á að vera til hagsbóta fyrir almenning, að felldar séu niður 110 millj., en 280 millj. teknar í staðinn. Ég held, að þetta nægi alveg til þess að sýna, hversu fjarstætt það er, sem hæstv. fjmrh. var hér að halda fram, að það væri raunverulega hagnaður fyrir almenning að fá tekjuskattslækkunina, miðað við það, að söluskatturinn væri svo lagður á í staðinn, eða m. ö. o., að það sé hagkvæmt fyrir almenning að fá skatta upp á 280 millj. í staðinn fyrir 110 milljónir.

(Fjmrh.: Hv. þm. gleymir 9% innflutningsskattinum.**)** Hann nemur ekki nema 35 millj. kr., svo að það breytir ekki miklu í þessu sambandi, sá hluti, sem rennur í ríkissjóð, og það er það, sem hér er um að ræða.

Þá fór hæstv. fjmrh. að tala um viðskipti okkar við önnur lönd og afstöðu okkar til væntanlegra verzlunarbandalaga eða fríverzlunarsvæða og gerðist mikill talsmaður þess, að við gengjum í eitthvert af hinum vestrænu fríverzlunarsamböndum og sennilega þá annað hvort þeirra fríverzlunarsambanda, sem nú er búið að stofna, því að eins og ástatt er í dag, er ekki um önnur að ræða. Ég held, að

Íslendingar eigi að fara að með mikilli gát í þessum efnum. Og ég held, að það sé rétta stefnan hjá okkur, eins og nú er ástatt og eins og líklegt er að verði ástatt í náinni framtíð, að bindast ekki neinum bandalögum, heldur reyna að halda okkur utan við þau. Eins og það var rétt hjá hæstv. fjmrh., að það gæti fylgt því nokkur hætta, að við byndum okkar viðskipti um of við Austur-Evrópu, þá getur fylgt því nákvæmlega sama hættan, ef við bindum viðskiptin um of við Vestur-Evrópu eða vestrænu löndin. Við höfum mjög glögga reynslu af því, hvað af því getur hlotizt. Við vissum t. d. hvaða afleiðingar það hafði fyrir okkur á sínum tíma, þegar Spánarmarkaðurinn hrundi saman, og er skemmst að minnast þess, að fyrir eitthvað fimm eða sex árum var mikill samdráttur í fiskmarkaðinum í Bandaríkjunum og verðfall þar, sem hafði mjög slæmar afleiðingar fyrir íslenzka fiskverzlun. Þess vegna er það vafalaust rétta stefnan í þessum efnum að reyna að hafa viðskipti sem allra víðast, bæði til austurs og vesturs, en ánetjast ekki að litt hugsuðu máli neinu ákveðnu bandalagi. Þess vegna fannst mér það mjög miður að heyra, hvað mikinn áhuga hæstv. fjmrh. virtist hafa á því, að við að litt athuguðu máli stefndum að því að gerast aðilar að einhverju vestrænu markaðsbandalagi og við gerðum alveg sérstakar þrengingarráðstafanir hér innanlands til þess að geta náð því takmarki. Það er áreiðanlega ekki eftir svo miklu að sækjast í þeim efnum, að við þurfum að vera að gera einhverjar neyðarráðstafanir hér í landinu í því skyni að reyna að réttlæta þær með því, að við höfum eitthvert slíkt takmark fyrir augum.

Hæstv. fjmrh. taldi sig ekki hafa skilið það fullkomlega, sem ég sagði um kreppuhagfræðina og kreppuhagfræðingana, og það má vel vera, að hæstv. fjmrh. hafi ekki fullkomlega skilið það. En það, sem ég talaði um og átti við í þeim efnum, var sú samdráttarstefna, sem nú er yfirleitt ríkjandi í vestrænum löndum undir forustu Bandaríkjanna og hefur það í för með sér, að framleiðsluaukningin er miklu minni í þessum löndum en hún gæti verið og þarf að vera, og af þeim ástæðum minnkar bilið á milli framleiðsluafkasta lýðræðislandanna og kommúnistaríkjanna miklu meira en nokkur þörf er á. Í því, sem ég sagði hér áðan, varaði ég mjög við þessari stefnu, og ég er ekki einn um það, því að það er yfirleitt viðhorf frjálslyndra manna í vestrænum löndum að vara við þessari þróun, sem leiðir af samdráttarstefnunni, vegna þess að hún veikir lýðræðisríkin alltaf meira og meira í samkeppninni við kommúnistaríkin, og þess vegna er það áreiðanlega ekkert ofsagt, að beztu bandamennirnir, sem kommúnistar eiga í heiminum í dag, eru kreppuhagfræðingarnir, sem nú ráða fjármálastefnunni í vestrænum löndum, vegna þess að þeir eiga sinn mikla þátt í því, hve framleiðsluaukningin er þar óhæfilega lítil miðað við það, sem á sér stað hjá kommúnistaríkjunum, og eins það, að framleiðsluaukningin þar beinist ekki heldur að þeim framleiðslugreinum, sem eru mikilvægastar í samkeppninni á milli austurs og vesturs. Það, sem ég sagði að væri rétta stefnan og ætti að leysa þessa stefnu af hólmi, ef lýðræðisríkin ættu að halda sínum hlut í samkeppni við kommúnistaríkin, var í stuttu máli það, að í vestrænum löndum þyrfti að hverfa meira að áætlunarbúskap en nú er gert til þess að beina framleiðslumöguleikunum eða framleiðslugetunni að hinum réttu viðfangsefnum og innan þess ramma ætti svo einkaframtakið að fá sem mest svigrúm, og í sambandi við það lagði ég einmitt áherzlu á, að það ætti að veita m. a. hér á landi einstaklingsframtakinu aukið svigrúm með því að afnema óeðlilega skatta, eins og t. d. veltuútsvarið, og t. d. draga úr verðlagshömlum, sem oft og tíðum hafa ekki aðrar afleiðingar í för með sér en þær að draga úr því, að framtak félaga og einstaklinga geti veitt almenningi góða þjónustu.

Þetta var það, sem ég sagði að þyrfti að koma í hinum vestræna heimi til þess að mæta sókn kommúnismans, og sú stefna, sem ég áliti að við ættum að fylgja í vaxandi mæli hér á landi. Hæstv. fjmrh. þóttist hins vegar lesa það út úr því, sem ég sagði, að ég teldi, að í staðinn fyrir þá samdráttarstefnu, sem væri fylgt í vestrænum löndum og ætlunin væri nú að taka upp hér á landi, sæi ég ekkert nema verðbólgustefnuna. Ég skil það satt að segja ekki, vegna hvers eða hvernig hæstv. fjmrh. getur komizt að þessari niðurstöðu, vegna þess að sú stefna, sem nú er verið að framkvæma hér á landi, er sú að koma á samdrætti í atvinnulífinu með óðaverðbólgu. Megintakmark núverandi stjórnarstefnu er að auka verðbólguna til að draga úr framkvæmdum og framförum og skerða lífskjörin.

Það, sem ríkisstj. hefur verið að gera, síðan hún kom til valda, hefur svo að segja allt beinzt að því að auka verðbólguna. Með gengislækkuninni hefur verðbólgan verið stórkostlega aukin. Með þeim skatti, sem hér er verið að leggja á, og öðrum nýjum álögum, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, er verið að auka verðbólguna. Með vaxtahækkuninni er verið að auka verðbólguna. Það hefur aldrei hér á landi verið fylgt þvílíkri verðbólgustefnu og þeirri, sem núv. ríkisstj. fylgir, og það er einmitt gegn þessari stefnu, sem ég og aðrir stjórnarandstæðingar hafa verið að tala hér. Og svo kemur hæstv. fjmrh. alveg eins og álfur út úr hól og segir, að stjórnarandstæðingar séu að berjast fyrir verðbólgustefnunni, þegar þeir eru að berjast á móti henni. Ég skil ekki þessa niðurstöðu hjá hæstv. fjmrh. eða ég satt að segja skil það ekki, hvernig hann álítur sig geta bætt sinn hlut og ríkisstjórnarinnar með öðrum eins útúrsnúningum og fjarstæðum og þessu.

Þá var hæstv. fjmrh. að reyna að hnekkja því, sem ég hafði haldið fram, að hann hefði aukið álögur ríkisins og ríkisútgjöldin eins stórkostlega og hefði komið fram í þeim tölum, sem ég nefndi, og vildi aðallega nota sér það til afsökunar, að áður hefði nokkur hluti þeirra

útgjalda, sem væru nú í fjárlögum, verið færður hjá útflutningssjóði. Þetta er rétt. En það breytir þessu dæmi ekki mikið. Eftir því sem upplýst er í grg. fjárlagafrv., tekur ríkið að sér nú að sjá um niðurgreiðslur upp á 265 millj. kr., sem útflutningssjóður greiddi áður, en í staðinn fyrir það hverfur út úr ríkisreikningnum líka framlag til útflutningssjóðs, sem nam 152 millj. kr., svo að raunverulega hækka útgjöld ríkissjóðs af þessum ástæðum ekki nema um 112 millj. kr. Og þá verður niðurstaðan sú, að samkv. fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., að þessum 112 millj. frádregnum, verða útgjöldin 1354 millj. kr., og hækkunin, sem verður þá hjá honum frá því, sem var í því fjárlagafrv., sem Eysteinn Jónsson lagði seinast fyrir þingið, fjárlagafrv. fyrir 1959, sem lagt var fram haustið 1958, er um 450 millj. kr., þó að búið sé að taka það tillit til útflutningssjóðs, sem hann talaði um, svo að hann er á þessum stutta tíma eða tæpu 1½ ári búinn að eiga sinn þátt í því, að ríkisútgjöldin og þar með ríkisálögurnar eða álögur til ríkisins eru auknar um 450 millj. kr. Annað eins þrekvirki í þessum efnum hefur aldrei verið unnið hér á landi og sennilega hvergi, ef menn þá vilja kalla þetta þrekvirki. En vafalaust lítur hæstv. fjmrh. svo á, að hann sé að gera hér einhverja stóra og merkilega hluti, sem eru þá fólgnir í því að auka ríkisálögurnar um 450 millj. frá því haustið 1958. Og svo eru þessir menn, eins og hv. 3. þm. Austf., að koma hér upp og tala af miklum eldmóði á móti sköttum og háum ríkisálögum, þó að þeir á þessum stutta tíma hafi aukið ríkisútgjöldin miklu meira en nokkru sinni hefur áður átt sér stað.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess að vera að elta ólar að þessu sinni við fleiri vífilengjur hjá hæstv. fjmrh., en þó er sennilega rétt að koma að einni að lokum og það var það, að hæstv. fjmrh. reyndi að bera á móti því, að með þeim svokölluðu efnahagsráðstöfunum, sem ríkisstj. er búin að gera, er raunverulega búið að auka álögurnar um 1100 millj. kr. Það hafa verið færð svo glögg rök að þessu, að það er óþarfi að vera að rifja það upp hér líka, enda kom hæstv. fjmrh. ekki fram með neinar fullyrðingar til að hnekkja þessu. Hins vegar viðurkenndi hann það, sem hann reyndar var líka búinn sjálfur að segja hér áður í þinginu, að það hefði ekki þurft nema 200—300 millj. kr., til þess að útflutningssjóður og ríkissjóður hefðu getað verið hallalausir á þessu ári. Það þurfti sem sagt ekki að afla nema ¼ af þeim álögum, sem nú eru lagðar á, til þess að tryggja áfram hallalausan rekstur útflutningssjóðs og ríkissjóðs á þessu ári. Það eru m. ö. o. lagðar á fjórum sinnum meiri álögur en nokkur ástæða er til.

Það er þess vegna ekki hægt að halda því fram með neinum rétti eða neinum sanni, að verið sé að gera þessar ráðstafanir vegna þess, að atvinnuvegirnir hafi þurft á öllu þessu að halda. Þetta er eingöngu gert vegna þess, að ríkisstj. ætlar sér að knýja fram nýja þjóðfélagsstefnu. Hún ætlar að hverfa aftur til gamla tímans, eins og hæstv. forsrh. hefur útmálað svo greinilega hér á Alþingi. Tilgangurinn er að reyna að þröngva sem mest framtak allra efnaminni einstaklinga í þjóðfélaginu og skapa þar með sem mest olnbogarúm fyrir örfáa einstaklinga. En ríkisstj. skal gera sér ljóst, að þetta heppnast ekki, og því meira sem hún gerir til þess að framkvæma þessa stefnu og því lengur sem hún heldur því áfram, því meiri verða ógöngurnar, sem þjóðin kemst í.

Það er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. hefur látið danskt blað hafa eftir sér, að það getur skapazt mjög varhugavert ástand hér á landi, ef þessar ráðstafanir ríkisstj. leiða til stórátaka og verkfalla. Það er alveg rétt. En hættulegast af öllu, sem þó gæti komið fyrir, væri það, að ríkisstj. tækist að framkvæma stefnu sína. Hvort heldur af þessu tvennu, sem fyrir gæti komið, þá er það hættulegt og skaðlegt, og það er ekki gott að segja, hvaða afleiðingar það kynni að geta haft í för með sér. Þess vegna er það eina rétta, sem ríkisstjórnin getur gert nú, að taka sönsum og snúa við í tíma, reyna að bæta úr ágöllum þeirra ráðstafana, sem hún er búin að gera, eftir fremsta megni, leitast við að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem hún er búin að stofna til, hverfa frá vaxtahækkuninni og öðrum slíkum ráðstöfunum, koma þannig til móts við almenning í landinu í tíma og jafnframt draga úr þeim mikla samdrætti, sem annars hlýtur að fylgja hennar ráðstöfunum. Með þessu eina móti getur ríkisstj. komið í veg fyrir það öngþveiti, sem annars er hætta á að verði hér fram undan. En geri hún það hins vegar ekki, þá er það hún og hún ein, sem ber ábyrgð á þeim afleiðingum, sem því fylgja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. minntist á það hér áðan, að í sósíalísku ríkjunum mundi vera lagður á söluskattur. Ríkið tekur sínar tekjur í þeim ríkjum með gróða af þjóðnýttum fyrirtækjum. Vill hæstv. fjmrh. ganga inn á að þjóðnýta hér stærstu gróðafyrirtækin? Vill hann ganga inn á samtímis söluskattinum að fyrirskipa hækkun á launum? Vill hann ganga inn á að sjá um, að húsaleigan hér í Reykjavík og annars staðar sé ekki nema í hæsta lagi 6—8% af kaupi? Og vill hann sjá um, að hér fari sífelldar verðlækkanir fram á vörum í staðinn fyrir verðhækkanir? Þá getur hann farið út í þennan samanburð.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að í Noregi og fleiri löndum væri söluskattur. Hafa þær þjóðir nýlega verið að lækka gengið og afnema vísitölu á kaup?

Hæstv. fjmrh. var að kvarta undan því, að gengislækkunin, frjáls verzlun og söluskatturinn hefði verið sett í samband hérna. Hver setti þetta í samband? Hæstv. fjmrh. lauk sjálfur fyrstu ræðu sinni með því, að þetta væri gert og það ætti að gera meira að því að koma á söluskatti vegna þess, að hér vildi hann stefna að því að koma á frjálsri verzlun og setja Ísland inn í eitthvert fríverzlunar-

svæði. Hæstv. fjmrh. fór síðan að tala um viðskiptin austur á bóginn og hætturnar við þau. Hvenær var það, sem Sjálfstfl. leitaði nú seinast austur á bóginn? 1952, þegar Bretar ætluðu að drepa okkur með banni á fiskinum þangað og frelsið að koma í ljós í öllu sínu almætti. Hvert leitaði Sjálfstfl. þá? Til Sovétríkjanna til að biðja þau um að kaupa fisk. Og hvert er leitað núna, þegar markaðirnir eru að hrynja í Ameríku? Ætli það væri ekki bezt fyrir hæstv. fjmrh. að tala eins og hann bæri eitthvert ofur lítið skynbragð á efnahagsmál Íslands?

Það er hægt að hafa hér á Íslandi sjálfstætt efnahagslíf án verðbólgu. Því hafa bara auðmennirnir hér á Íslandi ekki haft áhuga á.

Hv. 3. þm. Austf. (EinS) sagðist hér áðan vera með lánum til sjávarútvegs, en á móti eyðslulánum. Hann verður þá fljótur að snúast á móti ríkisstj. Hún er búin að ákveða 800 millj. kr. lán, sem hún ætlar að taka erlendis og eyða, sem má ekki nota til þess að kaupa fyrir tæki.

Hv. 3. þm. Austf. var að tala um verðbólguna. Hver hefur skipulagt verðbólguna á Íslandi, og hver hefur grætt á henni? Ætli við þurfum langt að leita. Hins vegar: Það er hægt að stöðva verðbólgu án þess að lækka launin um 10—20%.

Svo kom hv. 3. þm. Austf. inn á það, að það væri einhver voðaleg hætta í sambandi við vissa menn og samböndin austur fyrir tjald. Hvað hafa þessir voðalegu menn verið að gera, þessir ógurlegu kommúnistar? Þeir hafa verið að reyna að bjarga honum og öðrum með því að koma fiskinum þeirra austur fyrir tjald, þegar Bretinn og Kaninn þeirra höfðu verið að drepa þá með hruni á mörkuðunum hérna. Og hvað er það, sem verið er að gera í dag? Það er verið að knýja þá til þess að selja á hrunmörkuðum á Vesturlöndum fiskimjölið og annað slíkt og verið að hafa af þeim það hærra verð, sem þeir gátu fengið með því að selja það áður austur eftir. Ég held nú, að þó að hæstv. fjmrh. tali eins og fáráðlingur um efnahagsmál, þá eigi hv. 3. þm. Austf. ekki að gera það.

Svo lauk hann með því, að hann sá einhvern mann, sem var að kaupa hvert húsið og hvert fyrirtækið á fætur öðru, hann nefndi nú ekki fiskverkunarstöðvar beint, — en leit hann í spegil, sá hann sjálfan sig? Það er eini maðurinn, sem ég kannast verulega við hér í Reykjavík að hafi getað gengið með fé þjóðarinnar upp á vasann til að kaupa upp hvert fyrirtækið og hvern togarann á fætur öðrum. Við höfum sannarlega ekki verið þannig í náðinni.

Og svo lauk hann með því, að þetta væri hans trú og hans hugsjón líka í sambandi við söluskattinn. Þá er nú farið lítið að verða úr trú og hugsjón eins manns, þegar það er það að rýra lífskjör þeirra fátækustu í landinu, þyngja skattaálögurnar, án þess að alþýða manna fái nokkra bót. Ég vona, að hann öðlist einhvern tíma betri trú og hugsjón en það.

Eysteinn Jónsson: Ég mun svara vífilengjum hæstv. fjmrh. síðar, því að eins og hæstv. forseti tók fram, þá hef ég aðeins tíma fyrir stutta aths., en ég vil aðeins segja þetta núna:

Hæstv. ráðh. var að tala um, að ég væri öngþveitismaður, nánast öngþveitismaður, og þess konar manntegund, sem Þórbergur Þórðarson hefði kallað öngþveitismenn, og verið mikill — að því er mér skildist — svartsýnismaður og oft séð fram undan mikla erfiðleika. Þetta var hæstv. ráðh. að reyna að útmála.

Ég hef verið nokkuð riðinn við málefni þjóðarinnar undanfarna áratugi, má nú orðið segja, og ég held, að það verði alls ekki dregið í efa, að þeir áratugir hafa verið langmesta framfaratímabil í sögu þessarar þjóðar. Auðvitað hef ég ekki ráðið öllu því, sem gert hefur verið í þessu landi, en ég hef átt þátt í mörgu af því, sem gert hefur verið síðustu áratugina. Og ég þori alveg óhræddur að láta mín afskipti af þeim málum undir smásjá, og það mun aldrei verða dæmt öðruvísi en þannig, að afskipti mín af þeim málum hafi ætíð gengið í þá átt að reyna að efla sem allra mest framfarir í landinu, enda hefur aðstaða mín verið þannig og ég gegnt þeim störfum á þessum árum, að það væri óhugsandi, að þessari stefnu hefði verið fylgt, framfarastefnunni hefði verið fylgt allt þetta tímabil, öðruvísi en að ég hefði átt verulegan þátt í því að berjast fyrir henni. Og þetta tímabil, nálega þrjátíu ára tímabil eða svo, hefur verið tímabil mestu framfaranna í landinu, og Sjálfstfl. hefur gefið þessu tímabili þann vitnisburð í kosningaáróðri sínum nú s. l. ár, að sennilega mundi þetta tímabil verða kennt við Framsfl. síðar í sögu þjóðarinnar. Og það er mikið til í því. En það er sannarlega engin ástæða til þess fyrir Framsfl. að skorast undan því, að svo verði gert.

En hver eru afskipti þessa hæstv. ráðh. af þessum málum þann örstutta tíma, sem hann hefur setið í ríkisstjórn? Þessi hæstv. ráðh. hefur staðið fyrir því að svíkjast aftan að þjóðinni undir kjörorðinu: Bætt lífskjör og stöðvun dýrtíðar án skatta, — og stendur nú fyrir því í fararbroddi að svíkja þetta svo gersamlega að gera ráðstafanir til þess að leggja á þyngri álögur en nokkru sinni hafa áður þekkzt í sögu landsins og stórþrengja lífskjör þjóðarinnar. Þessi hæstv. ráðh., sem er búinn að hanga hér í ráðherrastólnum tæpa fjóra mánuði, er nú búinn á þessu tímabili, þessum örstutta tíma, með óviturlegum ráðstöfunum og hrokafullum sjálfbirgingshætti að snúa öflugri framfarasókn almennings í landinu alveg við, leggja dauðaloppu á framfaraviðleitni manna. Það er það, sem þessi hæstv. ráðherra hefur haft forustu um þessa tæpa fjóra mánuði, sem honum hefur verið trúað fyrir því starfi, sem hann nú gegnir. Hann er búinn að koma málum þannig og hans félagar á þessum örstutta tíma, að þjóðin horfir með ugg og kvíða fram á veginn í stað eðlilegrar bjartsýni, sem áður ríkti.

Það er ekkert meira né minna en þetta, sem

hefur gerzt, og svo er þessi hæstv. ráðh. að tala um framfarir og bendla aðra menn í landinu, sem hafa staðið fyrir stórkostlegri uppbyggingu þjóðarinnar, við svartsýni og annað slíkt. En úr þessu verður vitanlega bætt á þann hátt, að þjóðin mun losa sig við forustu þessara manna. Þjóðin mun alls ekki þola lengi þessum mönnum þær aðfarir, sem nú eru viðhafðar. Það er alveg óhugsandi.

Þá var það hv. 3. þm. Austf. (EinS). Ég mun kannske síðar aðeins víkja að hans ræðu, ég get það ekki núna. Hann var að minnast hér á skiptaverðið til sjómanna, og hann kannast við, að hann hafi flutt það mál þannig, að hann hafi deilt stórkostlega á aðra fyrir það, að skiptaverð til sjómanna hafi ekki fylgt verði útgerðarmanna fyrir fiskinn. Það er bara spurt núna: Hvað ætlar þessi hv. þm. að gera hér á Alþingi til þess að framkvæma yfirlýsingar sínar um þessi mál? Það er ekki nóg að tala um þessi mál, jafnvel þó að menn tali hátt. Það verður að gera eitthvað í þessum efnum, og nú er komið að skuldadögunum í þessu efni hjá honum, það er komið að þeim. Hvað ætlar hv. þm. að gera? Það verður tekið eftir því næstu daga og næstu vikurnar, hvað hann ætlar að aðhafast í þessu efni. Ég hugsa, að fyrsta frv. hans hér á Alþingi verði um að afnema lagaákvæði, sem nýbúið er að setja um það að lögbinda þetta skiptaverð. Ég býst við því, að það verði fyrsta ráðstöfunin, sem þessi hv. þm. gerir, ef hann hefur þann snefil af sómatilfinningu, sem ég vil álíta að hann muni hafa. En það verður eftir þessu tekið, og það er ekki heldur hægt að una við orðin tóm í sambandi við framkvæmdamálin, sem hann raunar að nokkru leyti rifjaði hér upp áðan. Það verður tekið eftir því, hvað hann fær stjórnarliðið til að gera. Það þýðir ekki fyrir hann að segja, að hann sé máttvana og getulaus. Hvað vill hann þá hingað, sé hann máttvana og getulaus og geti ekki staðið við neinar sínar yfirlýsingar? Það verður tekið eftir því, hvað sú stjórnarsamsteypa, sem hann styður og er að framkvæma þá hugsjón, sem hann trúir á og hefur lýst yfir trú sinni á, gerir í framkvæmdamálunum og um skiptaverðið. Það verður tekið eftir því, og hv. þm. skal gera sér það ljóst.

Annars hélt ég, að þessi hv. þm. mundi halda áfram að útlista það í síðari ræðu sinni, í hverju hið nýja frelsi væri fólgið, sem menn ættu von á og ég vék ofur lítið að í minni ræðu. Ég hélt, að hann mundi halda áfram að útlista það. Eins hélt ég, að hann mundi eyða nokkrum tíma til þess að lýsa því fyrir mönnum, hvernig afskiptaleysi ríkisvaldsins er framkvæmt um þessar mundir og verður framvegis, ef áfram heldur í sömu átt samkv. hans hugsjón. En það vottaði ekki fyrir því, að hann útlistaði þessar hugsjónir nokkuð nánar í framkvæmdinni, og er það nú kannske ekkert einkennilegt, þegar það er athugað, hvernig þetta mál er allt vaxið. En aftur á móti lét hv. þm. það alls ekki undir höfuð leggjast að lýsa enn á ný hrifningu sinni yfir samdráttar- og kreppustefnu ríkisstjórnarinnar. Það lét hann ekki undir höfuð leggjast, og það er niðurstaðan af þessum umræðum við hann hér í kvöld og nótt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:8 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 210 og 212, 211).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Fjhn. hv. d. hefur haft frv. það, sem hér er til umræðu, frv. um söluskatt, til athugunar og kynnt sér efni þess og rætt og aflað sér upplýsinga frá n. þeirri, er hæstv. fjmrh. hafði falið samningu þess.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og hefur mér verið falið að gera d. grein fyrir skoðunum og rökum meiri hl. n., sem mælir með því, að frv. verði samþ., að gerðum þeim breyt., sem bornar eru fram á þskj. 211 og n. í heild stendur óskipt að.

Hæstv. fjmrh. gerði svo ýtarlega grein fyrir frv. þessu í framsöguræðu sinni, er hann fylgdi frv. úr hlaði, að nákvæmrar rakningar á efni þess ætti nú ekki að teljast þörf, og mun ég því frekar ræða málið almennt, auk þess sem þau rök verða greind, sem talin eru hníga undir þær brtt., sem n. flytur.

Tvennt ber að hafa í huga, þegar frv. þetta er rætt: Í fyrsta lagi, að það er byggt á bráðabirgðaathugun n. þeirrar, er hæstv. fjmrh. fól málið, og eru sumir þættir þess og aðeins hugsaðir til bráðabirgða, eins og fram kemur í grg. frv. Er því gert ráð fyrir, að fyllri og varanlegri löggjöf verði síðar samin um þetta fjárhagsmál, og ætti þá að gefast kostur á að sníða af þá vankanta, sem reynslan kann að leiða í ljós að á þessari löggjöf væru. Í öðru lagi verður jafnan að hafa hugfast, að skattakerfið er ein heild. Hæstv. fjmrh. undirstrikaði og mjög í sinni framsöguræðu, að þetta frv. væri aðeins hluti af þeirri heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar, sem nú færi fram á vegum ráðuneytis hans. Skattapólitíkin er snar þáttur í efnahagsmálapólitíkinni, og hún verður að laga sig eftir kröfum tímans og mótast af breyttum aðstæðum, en má ekki daga uppi sem stirðnað kennisetningakerfi. Sú skattapólitík, sem hæstv. fjmrh. boðaði og er í fullu samræmi við þær stefnuskrár, er núv. stjórnarflokkar gengu til kosninga undir, og þá yfirlýsingu, er hæstv. ríkisstj. gaf alþjóð, er hún tók við, hnígur að því, að í vaxandi mæli verði horfið frá beinum sköttum til óbeinna, þó að vafalaust megi telja, að lengi muni enn verða stuðzt við báðar tegundir skatta og skattakerfið því verða blandað.

Það er og alveg rétt, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) við 1. umr., að þetta frv. og stefna ríkisstj. í skattamálum er hluti af stærri heild, þ. e. a. s. stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, því að núv. hæstv. ríkisstj. er að móta ákveðna og

aðra og viðsýnni efnahagsmálapólitík en að undanförnu hefur verið rekin.

Það er hins vegar alrangt, sem haldið hefur verið fram af stjórnarandstöðunni við þessar umræður, að stuðningsmenn ríkisstj. þyrðu ekki að viðurkenna, að efnahagsmálaaðgerðum hennar gæti fylgt einhver kjaraskerðing fyrir þjóðina um stund. Þessi möguleiki hefur vissulega verið viðurkenndur af hæstv. ríkisstjórn og okkur stuðningsmönnum hennar, og var þjóðin þar engu dulin. Við höfum hins vegar bent á þær staðreyndir, að í fyrsta lagi verði kjaraskerðingin með þessum hætti minni en ella hefði orðið, ef allt hefði verið látið reka á reiðanum, og í öðru lagi, að þessi kjaraskerðing *eigi aðeins* að þurfa að vera tímabundin, því að ef aðgerðir ríkisstj. takist, sé skapaður grundvöllur fyrir eðlilegum vexti þjóðarbúskaparins, framleiðsluaukningu og vaxandi velgengni. Í stuttu máli sagt, að ef ekki hefði verið gripið til úrræða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, hefði beðið þjóðarinnar geysileg, varanleg kjaraskerðing, en fyrir atbeina viðreisnarstefnunnar má takast að koma í veg fyrir þessa þróun með aðgerðum, sem að vísu kosta nokkra tímabundna kjaraskerðingu, en hins vegar leggja hornstein að aukinni almennri velmegun í landinu, þegar frá líður.

Þær munu vera legió, kenningarnar, sem settar hafa verið fram um mismunandi skatta, allt frá dögum Williams Pitts til Eysteins Jónssonar. Það hefur vissulega lengi verið leitað að fyrirmyndarskattakerfinu, og þess mun sjálfsagt lengi enn verða leitað og trúlega seint finnast. Það útilokar hins vegar ekki nauðsyn á endurskoðun skattalaga og aðhæfingu skattakerfisins að nýjum aðstæðum, breyttum framleiðsluháttum, stækkandi þjóðfélagsbyggingu og þeim efnahagsviðfangsefnum, sem af því leiðir og við er að etja hverju sinni.

Skattur, hverju nafni svo sem hann kann að nefnast, er skyldugreiðsla þegnanna til þess opinbera, til þess að gera því mögulegt að standa straum af vissum sameiginlegum útgjöldum borgaranna, án þess að hver og einn skattgreiðandi fái beint endurgjald þar í staðinn. Ríkið og sveitarfélögin þarfnast fjármuna til sinna framkvæmda, hvort sem einstaklingarnir hver fyrir sig kunna að telja þessar framkvæmdir æskilegar eða ekki. Skattar eru því eðlilega sú tegund útgjalda, sem öllum þegnum er misjafnlega vel við, ekki síst vegna þess, að mönnum er oft og tíðum alls ekki ljós sú þjónusta, sem ríki og bæjarfélög láta af hendi fyrir þetta endurgjald. Og enda þótt mönnum væri þetta fullkunnugt, þá eru því takmörk sett, hversu mikið borgarinn vill ótilneyddur láta af hendi rakna fyrir hina opinberu þjónustu, hvort honum blátt áfram finnst ekki sumt af þessari opinberu þjónustu minna virði en önnur lífsins gæði, sem hann telur sig sjálfan einfæran um að afla fyrir sömu fjármuni. Þetta er auðvitað ærið mismunandi eftir hugarfari manna og efnahag. En eitt er þó víst, að einstaklingar sætta sig ekki til lengdar við, að það opinbera taki til sín meira en vissan hluta af tekjum þeirra. Og jafnljóst ætti það og að vera, að við erum í okkar þjóðfélagi komnir mjög nálægt því að ganga of nærri ráðstöfunarrétti einstaklinganna á tekjum þeirra og erum meira að segja í sumum tilfellum komnir langt yfir þau takmörk, svo að það hefur verið þrengt um of að persónufrelsi einstaklinganna og atvinnurekstrinum verið sniðinn of þröngur stakkur. Slík ofsköttun er ekki aðeins einstaklingunum böl, heldur er hún þjóðfélaginu meinsemd, ef hún dregur úr þjóðarframleiðslunni og beint þrýstir þjóðartekjunum niður.

Dragi skattakerfið úr þjóðarframleiðslunni, þá er það rangt og skaðlegt og verður aldrei réttlætt með því, að það stuðli að tekjujöfnun, réttlátari dreifingu byrðanna, eða öðrum viðlíka slagorðum. Íslenzka skattakerfið hefur sýnt sig að fela í sér þessa meinsemd og raunar fleiri.

Sænskur skattafræðingur, dr. Nils Västhagen, prófessor við viðskiptaháskólann í Stokkhólmi, kom hingað til lands vorið 1958 og rannsakaði áhrif núverandi skatta og útsvara á íslenzk fyrirtæki og atvinnurekstur og komst m. a. að eftirfarandi niðurstöðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi Ísland hef ég komizt á þá skoðun, að atvinnuvegirnir hafi ekki nægilegt fjármagn til umráða, til þess að unnt sé að ráðast í þá fjármunamyndun, sem nauðsynleg er til bættrar framleiðslu. Endurskipulagning á íslenzkum skattareglum virðist vera nauðsynleg til þess í fyrsta lagi að gera fyrirtækjunum kleift að halda eftir sanngjörnum hluta af eigin tekjum til nauðsynlegra endurnýjana og aukninga og í öðru lagi að tryggja aðstreymi nýs fjármagns til atvinnuveganna."

Þetta voru ummæli hins sænska skattafræðings.

Af þessum og öðrum ástæðum er sú heildarendurskoðun, sem nú fer fram á íslenzkri skattalöggjöf, bráð nauðsyn og þarft verk. Þetta frv. er einn hluti þeirrar heildarlöggjafar, sem í smíðum er, og verður því fyrst og fremst að skoðast í ljósi þeirrar meginstefnu, sem sú löggjöf á að mótast af, en ekki að gagnrýnast sem einangrað fyrirbæri.

Það er alveg rétt, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram, að í þessu frv. eru nýir skattar. Það er sömuleiðis gamalkunn staðreynd, að skattborgararnir telja alla nýja skatta vonda skatta, en gamla skatta nokkuð lengi bærilega. Nú er hins vegar svo komið hér á landi, að mörgum finnast hinir gömlu skattar lítt bærilegir lengur, bæði sökum þunga þeirra og þess misréttis, er þeir skapa. Þótt í frv. þessu felist nýir skattar, þá ber þess að gæta, að þeir eru hvorki meiri né annarrar tegundar en áður hafa verið lagðir á og innheimtir af öðrum ríkisstj. og af ríkisstjórnum, sem einmitt andstöðuflokkar núv. ríkisstjórnar stóðu að. Það nýja í málinu er frekast það, að samtímis þessum nýju sköttum á að lækka aðra eldri skatta, þannig að skattþunginn aukist ekki á almenningi, heldur beint léttist að

einhverju leyti, a. m. k. á láglaunafólkinu. Þessi löggjöf í heild kemur því fyrst og fremst til með að verða skattatilfærsla lágtekjufólkinu í hag. Nýjung er það og við þessi skattalög, að sveitarfélögum er þar séð fyrir nýjum tekjustofni.

1. þm. Austf. gat þess við 1. umr., að margir skattar hefðu verið reyndir á Íslandi á liðnum árum, enda má hann það gerst vita. Virðist hann og horfa til þess nokkrum öfundaraugum, að löggjafinn hafi nú eygt einhverja þá skattstofna, sem honum hefði á aldarfjórðungs skattlagningartímabili sézt yfir. Það má þó vera honum til huggunar, að sú öfund er vafalaust án ástæðu.

Gagnrýni stjórnarandstöðunnar í þessu máli hefur verið næsta fátæk að rökum. Hefur að vísu verið bent á ýmsa galla, sem eru á söluskatti, og það hefur líka verið bent á ókosti beinna skatta. Það getur vissulega verið stefna að vera á móti söluskatti, og það getur vissulega líka verið stefna að vera á móti tekjuskatti, en það getur a. m. k. ekki verið rökstudd eða heiðarleg stefna að vilja hvorki söluskatt né tekjuskatt og þó miklar opinberar framkvæmdir, eins og sumir stjórnarandstæðingar túlka málstað sinn.

Það má þó annar stjórnarandstöðuflokkurinn, Framsfl., eiga, að hann hefur fram til þessa átt stefnu í skattamálum, stefnu, sem hv. 1. þm. Austf. hefur stytzt og bezt orðað í bæklingi, sem hann eitt sinn gaf út og bar nafnið „Fjármál". Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsóknarmenn vilja háa beina skatta og verzlunargróða handa ríkinu."

Um þessa stefnu ætla ég hér ekki að ræða. Framsóknarmenn hafa verið henni trúir og sjaldan brugðizt málstað hinna háu beinu skatta. Hins vegar er mér nær að halda, að almenningi í landinu sé ekkert sárt um, þó að nú verði horfið frá framkvæmd þessa boðskapar að sinni.

Stefna hins stjórnarandstöðuflokksins er í skattamálum töluvert óljósari og nokkuð mikið á reiki, eftir því hvort setið er í stjórn eða ekki. T. d. er söluskattur alveg óbærilegur, þegar Sósfl. er utan stjórnar, en laus við að vera frágangssök, ef sami flokkur á sæti í þeirri stjórn, sem aflar sér tekna með söluskatti. Það skiptir að vísu ekki miklu máli fyrir okkur hér úti á Íslandi, hvernig þeir vísu feður í Sovét-Rússlandi skattleggja sína borgara, en af því að 3. þm. Reykv. var við 1. umr. þessa frv. að fræða okkur á því og var ekki alls kostar nákvæmur í þeim útlistunum, ætla ég að skjóta hér inn í smáleiðréttingu í því máli. Þar sem ég veit, að 3. þm. Reykv. ber vægast sagt takmarkað traust til íslenzkra hagfræðinga og sérstaklega þó ungra íslenzkra hagfræðinga, aflaði ég mér bókar um þetta efni eftir rússneska hagfræðinga, sem vonandi eru líka gamlir hagfræðingar. Þessi bók ber nafnið „Politische Ökonomie, Lehrbuch", samin á vegum Akademie der Wissenschaften der U.S. S.R., Institut für Ökonomie, og um þessa þýzku útgáfu hefur séð, eftir því sem titilblaðið upplýsir, Marx-Engels-Lenin-Stalin Institut, sem þýzki sósíalistíski einingarflokkurinn rekur, svo að heimildin ætti að vera að öllu pottþétt. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tekna aflar ríkið sér með söluskatti, hreinum hagnaði af ríkisfyrirtækjum, gjöldum vegna almannatrygginga, tekjuskatti af samyrkjubúskap og samvinnufélögum o. fl."

Þar í landi er því ekki aðeins söluskattur, heldur eru samvinnufélögin líka látin borga skatta rétt eins og aðrir. Og bókin góða heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðaltekjur ríkisins í Rússlandi eru af tveim fyrstnefndu liðunum" — m. ö. o. af söluskattinum og af gróða ríkiseinkasalanna.

Ríkið aflar sér í Rússlandi meiri hluta af tekjum sínum með þeim hætti, sem greint er frá í þessari bók, en til viðbótar eru svo nokkrir beinir skattar á einstaklinga. Um þá er dálítinn fróðleik að finna í öðru gagnmerku riti, sem einnig er gefið út af kommúnistum í Austur-Þýzkalandi og ber nafnið „Sovét-Union von A bis Z." Þar segir, að persónufrádráttur verkamanna og launþega sé 260 rúblur á mánuði. Tekjuskatturinn sé svo stighækkandi upp í 1000 rúblur, sem munu vera meðalembættismannslaun í því landi. „En úr því tekjurnar eru komnar upp í 1000 rúblur," segir bókin orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „er tekjuskatturinn óbreyttur án tillits til þess, hversu tekjurnar eru háar." Þannig er skattafyrirkomulagið í landi jafnaðarins, og þykir mönnum það hér í landi ójafnaðarins að sumu leyti dálitið furðulegt, þótt eitthvað megi e. t. v. af því læra.

Það er ekkert launungarmál, að á söluskatti eru bæði kostir og gallar, eins og á öðrum sköttum, og hefur stjórnarandstaðan í gagnrýni sinni á þessu frv. reynt að gera gallana sem ferlegasta í augum almennings, auk þess sem hún hefur gert sér grýlur þar, sem enginn fótur var fyrir þeim. Varðandi skattheimtuna er það rétt, að það er lagt á smásöluverzlunina í landinu mjög vanþakklátt verk. Þeir hafa mikið til síns máls, sem halda því fram, að einhver takmörk verði að vera fyrir því, hvað ríkið geti skyldað einstaklinga og stéttir til þess að vinna án þess að fá fyrir það endurgjald. Það gefur auga leið, að þessu nýja kerfi fylgir töluverð vinna fyrir þá, sem skattheimtuna eiga að annast, smásalana, — vinna, sem kemur til viðbótar ýmiss konar annarri skylduvinnu, sem ríkið hefur lagt á atvinnurekendur í landinu að inna af hendi og það án endurgjalds. Hér verður sannarlega einhvers staðar að staldra við, og sýnist ekki ósanngjarnt, þegar fullnaðarlöggjöf verður samin um þetta efni, að þá sé tekið til athugunar, að þeim, sem skattheimtuna annast, verði a. m. k. greidd fyrir það hæfileg þóknun.

Þá hefur það orðið stjórnarandstæðingum mikið ásteytingarefni, að fjmrh. væri með frv. þessu afhent óhæfilega mikið vald, og hefur þar einkum verið vitnað til 25. gr. frv. Því er til að svara, að ef hér er um óhæfilega eða óeðlilega mikið vald að ræða, þá hefur Alþingi sjálft fyrir löngu afhent ráðh. sömu og jafn-

mikil völd í skattamálum, því um áratugi hefur fjmrh. haft slík völd samkv. tekjuskattslögunum.

En svo ljósir sem nokkrir gallar á kerfi söluskattsins kunna að vera, ættu kostirnir þó ekki síður að vera auðséðir, bæði frá sjónarhóli ríkis og þegna. Sú hliðin, sem að ríkinu snýr, er þessi: Söluskattar hafa löngum þótt stöðugri tekjustofn en tekjuskattur, verið taldir ódýrir í innheimtu og gefa fljótt tekjur í ríkissjóðinn. Fyrir einstaklinginn hefur söluskatturinn verið talinn hafa þann kost fram yfir tekjuskatt, að hann gerir mönnum jafnara undir höfði. Tekjuskattur gerir mönnum misjafnlega mögulegt að víkja sér undan skattgreiðslunni, sem söluskattur aftur á móti útilokar. Einnig hefur það verið talið nokkurs virði, að með söluskatti sé skattgjaldandanum veitt meira sjálfdæmi en við aðra skattlagningu. Þegar t. d. söluskattur leggst á lúxusvörur, verður skattgreiðandinn sjálfur að meta greiðslugetu sína, gera upp við sig, hvort hann vill greiða tiltekinn skatt til að eignast hlut eða lífsþægindi, sem hann þó gæti verið án.

Tryggve Bratteli, fjmrh. Noregs, svaraði mjög skemmtilega þeirri gagnrýni, sem söluskattskerfið hefur sætt, í erindi, er hann hélt hér í Reykjavík á fundi norræna þingmannasambandsins árið 1956. Hann benti á, að í Noregi væri 10% söluskattur, sem á sínum tíma hefði sætt töluverðri gagnrýni og verið kallaður skattur á hina fátæku. En hann upplýsti, að lífskjör manna hefðu batnað í Noregi frá þeim tíma, er skatturinn var upp tekinn, vöruvalið hefði aukizt og lífskjörin almennt orðið betri og jafnari en áður var. Hann bætir að vísu við, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessu leiðir að sjálfsögðu ekki, að hægt sé að halda því fram, að veltuskatturinn út af fyrir sig hafi stuðlað að því, að vöruúrval sé meira og betra, né heldur hinu, að hann út af fyrir sig hafi gert lífskjörin jafnari. Hitt er annað, að veltuskatturinn hefur verið þáttur í framkvæmd stjórnarstefnu, sem leitt hefur til meira vöruúrvals og jafnari lífskjara."

Og þannig er einmitt tilætlunin, að þessu verði einnig háttað hér á Íslandi.

Ég mun þá að lokum víkja fáeinum orðum að þeim brtt., sem n. flytur í heild og eru á þskj. 211.

Í 4. gr., II. kafla, er lagt til, að grein sé felld niður, sem óþörf er talin, og að ekki verði innheimtur söluskattur af sölu happdrættismiða eða af líftryggingu. Þar sem happdrætti eru oft aðal- og stundum eini tekjustofn félagasamtaka, sem vinna að margs konar mannúðar- og menningarstarfsemi í landinu, sem ríkið og bæjarfélög yrðu ella að standa straum af, þótti ekki forsvaranlegt að skattleggja þessa starfsemi. Varðandi líftryggingar er það sjónarmið nefndarinnar, að kaup á líftryggingu sé ein tegund sparifjármyndunar, og þar sem annað sparifé landsmanna er skattfrjálst að lögum, þótti ekki eðlilegt að skattleggja þessa sérstöku tegund sparifjár með söluskatti.

Þá eru lagðar til breyt. á 6. og 7. gr., II. kafla, og 17. gr., III. kafla, sem miða að því að láta flugvélaviðgerðir innanlands verða aðnjótandi svipaðrar aðstöðu og gert er ráð fyrir að skipaviðgerðir hafi samkv. frv. þessu og að stuðla að því, að sú starfsemi megi haldast áfram í landinu. Um þessi atriði þarf þó að kveða nánar á í reglugerð, m. a. afmarka skýrt, hvað til flugvélavarahluta teljist, svo að ekki verði um misnotkun á þessari undanþágu frá söluskatti að ræða.

Að þessum brtt. stendur fjhn. öll. Meiri hl. n. vill að þeim framgengnum mæla með því, að frv. verði samþykkt í heild.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. n. skýrði frá, var ekki samkomulag í fjhn. um þetta frv. Ég hef gert sérstakt nál., sem nú er í prentun og væntanlega verður útbýtt, áður en langt um líður. Ég geri það þar að till. minni, að þetta frv. verði fellt. Fari hins vegar svo, að ekki verði á það fallizt, mun ég taka það til athugunar milli 2. og 3. umr., hvort reynandi sé að flytja brtt. við frv., en legg engar brtt. fram við þessa umr.

Í frv. þessu, sem er stjfrv., er gert ráð fyrir söluskatti tvenns konar. Það er gert ráð fyrir því að leggja 3% skatt á innanlandsviðskipti yfirleitt. Skattur sá á að verða mjög yfirgripsmikill. Hann á að leggjast á flest viðskipti manna á milli. En við lifum nú á mikilli viðskiptaöld, og skipti manna eru margvísleg og mikil. Skatturinn á að leggjast á andvirði seldrar vöru og verðmæta, og hann á að leggjast á endurgjald fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu með tiltölulega fáum undantekningum. Þessi viðtæki skattur á að koma í staðinn fyrir tiltölulega takmarkaðan skatt, sem að undanförnu hefur verið tekinn af vissri þjónustu og iðnaðarframleiðslu.

Að undanförnu hefur verið tekinn söluskattur af innfluttum vörum, miðaður við tollverð þeirra og innheimtur við tollmeðferð vöru, en nú á samkv. þessu frv. á þessu ári að hækka þennan skatt svo mjög, að hann meir en tvöfaldast. Hann hækkar úr 7.7%, sem hann er nú, í 16.5%. Það liggur í augum uppi, að þessi hækkun á söluskattinum, sem tekinn er af innfluttum vörum, og einnig þessi nýi, almenni söluskattur af innanlandsviðskiptum, þeir verða til þess að hækka mjög vöruverð í landinu. Ég vil aðeins nefna hér fjögur dæmi um verðhækkanir af völdum gengisbreytingarinnar og þessa söluskatts, ef frv., sem hér liggur fyrir, verður samþykkt.

Ég tek hér helztu tegundir byggingarefnis. Útsöluverð á timbri mun hækka vegna gengisbreytingarinnar um 42.95%, og hækkun á söluskatti mun valda hækkun á þessari vöru, sem nemur 14.12%, ef miðað er við timburverðið, sem var fyrir gengisbreytinguna. Verðhækkunin á þessari vöru er þá alls vegna gengisbreytingar og hækkunar á söluskatti rúmlega 57%. Þakjárnið hækkar í verði vegna gengisbreytingarinnar um 42.48%, og vegna hækkunar á söluskatti bætist við verð þess 14.2%. Verðhækkun þessi er því alls 56.68%. Steypustyrktarjárnið hækkar vegna gengis-

breytingarinnar um 38.52% og vegna hækkunar á söluskatti um 13.74%. Alls er verðhækkun á því 52.26%. Það liggur í augum uppi, að verðhækkunin á þessum vörum og öllum öðrum innfluttum efnivörum til bygginga verður til þess að hækka stórkostlega byggingarkostnaðinn og torvelda byggingarframkvæmdir.

En aðrar innfluttar vörur hækka vitanlega í verði einnig og verðhækkunin þá svipuð og á þessu. Ég vil nefna hér eitt dæmi um verðhækkun á nauðsynlegum vélum. Það eru dráttarvélar, en þær eru nú á dögum eins nauðsynlegar bændum við búreksturinn og það er nauðsynlegt fyrir útvegsmenn að hafa vélar í sínum fiskibátum og jafnnauðsynlegar bændunum og iðnaðarmanni er nauðsynlegt að hafa vélar í sinni verksmiðju. Dráttarvél, sem bóndinn þurfti að greiða fyrir, áður en genginu var breytt, 52200 kr., kostar nú eftir gengisbreytinguna 77414 kr. En verði þetta frv. samþykkt, þá mun, þegar áhrifa þess fer að gæta, vélin komast upp í 85765 kr. Þetta er hækkun, sem nemur 33565 kr. á þessu tæki. Það sjá allir, að með þessum gífurlegu hækkunum er þeim mönnum, sem nauðsynlega þurfa að kaupa ný tæki til atvinnurekstrarins, gert það ákaflega örðugt og í mjög mörgum tilfellum alveg ókleift. Þetta bitnar á öllum atvinnugreinum landsmanna, iðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði.

Hv. frsm. meiri hl. var áðan að minnast á það, að söluskatturinn væri fremur ódýr í innheimtu. Þetta held ég að fái alls ekki staðizt. Svona yfirgripsmikill söluskattur er erfiður í framkvæmd, og það kostar mikið að leggja hann á, hafa eftirlit með skattheimtunni og innheimta hann. Það kostar áreiðanlega stórfé. Það þarf mikið starfslið í því sambandi, og kostnaðurinn af því verður mikill. Við höfum nú allfjölmennt lið við tollgæzlu og innheimtu tolla af innfluttum vörum og einnig starfslið allfjölmennt við álagningu beinna skatta og innheimtu þeirra. Hér bætist við þriðja stofnunin, sem mun einnig kosta allmikið fé eins og hinar, sem fyrir eru, — stofnun með allmiklu starfsliði, sem hefur það verkefni að líta eftir þessari skattheimtu, innheimtu söluskattsins. En þrátt fyrir það, þótt miklu muni verða til kostað, þá er það alveg vafalaust, að það verða miklar vanheimtur á þessum skatti. Hann er þannig í eðli sínu, að það er fyrir fram vitað, að það verða Hálfdánarheimtur á honum. Þannig var raunin, þegar hann var í gildi hér fyrir nokkrum árum, og ekki sízt þess vegna var frá honum horfið.

Hækkun á söluskatti samkv. þessu frv. nemur hárri fjárhæð í allt. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að sú upphæð hefði nægt í útflutningssjóðinn og ríkissjóðinn til að jafna halla þeirra. En ég tel, að það hefði verið skynsamlegra að viðhafa aðrar aðferðir til að ná þessari upphæð, aðrar og skárri aðferðir, og það hefði vel verið hægt að finna þær. Með slíkri fjáröflun hefði verið hægt að tryggja framleiðsluna og afkomu ríkissjóðs, án þess að um aðrar og meiri álögur á almenning væri að ræða. Það hefði þá verið hægt að sleppa við gengisbreytinguna og allt það, sem henni fylgir. En úr því að stjórnarflokkarnir völdu gengisbreytingarleiðina, átti vitanlega að sneiða hjá skattahækkunum um leið. Því er ekki að heilsa hjá hæstv. stjórn og hennar stuðningsliði. Fyrst er samþykkt gengisbreyting, sem veldur geysilegum verðhækkunum, og svo fá menn skattahækkanir í ofanálag. Með þessu móti eru lagðar margfalt þyngri byrðar á almenning í landinu en nauðsyn krafði.

En hvers vegna er þetta gert? Hvers vegna eru hv. stjórnarflokkar að gera öllum almenningi í landinu stórum erfiðara fyrir en þörf krefur með öllum þessum aðgerðum?

Þetta er gert í ákveðnum tilgangi. Með þessum aðferðum og aðgerðum er verið að endurvekja íhaldsstefnuna, sem var brotin á bak aftur í alþingiskosningum hér á landi fyrir 33 árum. Formælandi þeirrar stefnu, sem þá beið skipbrot, hét Íhaldsflokkur. Þetta þótti ekki sigurstranglegt heiti til frambúðar, eftir að stefna hans hafði beðið ósigur, og þess vegna var skipt um nafn á flokknum. Hann var skírður upp og hefur síðan heitið Sjálfstæðisflokkur. Stefnan er vitanlega sú sama og áður. Inni fyrir bjó það sama. Þetta var eins og þegar maður leggur til hliðar gömul föt, sem eru farin að slitna, og fær sér önnur ný hjá klæðskera.

En síðan þetta gerðist, hefur Sjálfstfl. skort þingstyrk til þess að gera stefnuna gildandi þar til nú. Með kjördæmabyltingunni, sem gerð var á árinu sem leið, var verið að ryðja íhaldsstefnunni braut. Það voru allt of fáir, sem áttuðu sig á þessu. En þrátt fyrir það, þó að kjördæmabyltingin væri knúin fram og kosningar færu fram á næstliðnu hausti eftir hinu nýja fyrirkomulagi, þá vantaði Sjálfstfl. samt hjálparkokk á skipið, svo að ferðin gæti hafizt. En hann var þá svo heppinn að eignast hjálparkokk, fúsan til liðveizlu. Sá nefnist Alþfl. Í gamla daga vann hann að því með öðrum að víkja íhaldsstefnunni til hliðar. Nú hefur hann skipt um hlutverk. Nú tekur hann þátt í því að magna dýrtíðina í landinu og leggja þyngslabyrðar á almenning langt umfram það, sem nokkur þörf er á.

Það eru enn ekki liðnir alveg fimm mánuðir frá síðustu alþingiskosningum. Í þeim kosningum sögðust frambjóðendur Alþfl. hafa stöðvað dýrtíð á s. l. ári. Þeir lofuðu að vinna þannig áfram, lofuðu að vinna að því að koma í veg fyrir vaxandi dýrtíð, og þeir lofuðu að vinna gegn nýjum álögum á almenning í landinu. Þeir fengu atkvæði hjá kjósendunum út á þetta, út á þessi fyrirheit. Hvernig lízt mönnum svo á efndirnar? Þeir eru vissulega ekki öfundsverðir, foringjar Alþfl., af sinni framgöngu.

Að sjálfsögðu er íhaldsstefnan í dulargervi nú eins og í gamla daga. Þeir, sem eru að reyna að þrengja henni upp á þjóðina, segja ekki við fólkið eins og er, að þeir séu að gera því illmögulegt að byggja yfir sig með hækkun á byggingarefni, með hækkun á vöxtum og með takmörkunum á lánsfé. Nei, þeir segja ekki

þetta. Þeir segja ekki við menn, að þeir séu að gera þeim illkleift eða ómögulegt að kaupa nauðsynleg tæki til atvinnurekstrar. Nei, nei, þeir segja: Við erum að gera verzlunina frjálsa. Við erum að skapa jafnvægi í peningamálum og viðskiptamálum. — Þeir vekja ekki sérstaka athygli á því, að þeir séu með því að demba yfir fólk geysilegum verðhækkunum á öllu, sem það þarf að nota, að þrengja svo að fólki fjárhagslega, að ung hjón, þótt fullfrísk séu og vel vinnandi, geti ekki að dómi sjálfra stjórnarflokkanna annazt hjálparlaust uppeldi á einum einasta krakka, hvað þá ef þeir eru fleiri. Nei, þeir vekja ekki athygli á þessum afrekum sínum, en þeir segja í staðinn: Við erum að hreinsa til á heimilinu eftir vinstri stjórnina.

Formælendur þessarar stefnu, íhaldsstefnunnar, styðja löngum málflutning sinn við fræðikenningar af erlendum uppruna. Þeir leita tíðum til útlendra fræðimanna um fjármál og efnahagsmál til þess að fá þar stoðir undir það, sem þeir eru að framkvæma. En það er ákaflega vafasamt að byggja á slíku. Ég hef nú einhvern tíma í upphafi þessa þings aðeins vikið að því, en ég sé ástæðu til þess að gera það enn, að á næstliðnu hausti var einn slíkur útlendur fræðimaður á ferð hér á landi. Það var forstjóri Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Hann var hér í nóvembermánuði, og 29. dag þess mánaðar flutti hann fyrirlestur í hátíðasal háskólans um viðskiptahorfur Íslendinga í Vestur-Evrópu og einnig um þau efnahagsvandamál, sem Íslendingar eiga við að stríða. Það var að sjálfsögðu ýmislegt í þessum fyrirlestri athyglisvert, en ég get ekki stillt mig um að vitna hér í einn stuttan kafla úr þessum fyrirlestri forstjóra Efnahagssamvinnustofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir hér m. a.:

„Í sannleika sagt furða ég mig á því, að nálægt helmingi fjárfestingarútgjalda ykkar skuli vera varið til íbúðabygginga og landbúnaðar. Þið verjið um 16% þjóðarframleiðslu ykkar til þessara tveggja þátta, miðað við 5% í löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar í heild. Vitaskuld þörfnumst við öll húsnæðis, en við verðum að haga útgjöldum okkar til íbúðabygginga eftir því, sem við höfum efni á, og það er augljóslega rangt af Íslendingum að verja miklu stærri hluta þjóðarteknanna til að byggja yfir sig heldur en aðrar þjóðir Efnahagssamvinnustofnunarinnar gera."

Og hann segir enn fremur:

„Í sjálfu sér er ekkert á móti fjárfestingu í landbúnaði. En það nær engri átt, að á Íslandi, þar sem aðstaða til landbúnaðar er langt frá því að vera ákjósanleg, skuli vera varið til hennar miklu meira hlutfallslega en í öðrum Evrópulöndum."

Þetta segir sá vísi maður, og þetta þykir víst bara nokkuð góð latína hjá ýmsum ráðamönnum hér um þessar mundir.

En hvað er þá um þetta að segja, þetta sem hann talar t. d. um húsnæðismál? Ég hefði haldið, að með í þann útreikning ætti að koma einhver athugun á því, hve þjóðarframleiðsla Íslendinga er mikil að meðaltali á hvern landsmann í samanburði við það, sem er í öðrum löndum. Eftir því, hve þjóðarframleiðslan er mikil á hvern landsmann, hlýtur það m. a. að fara, hve stóran hundraðshluta af henni í heild þarf að nota til kaupa á venjulegum neyzluvörum handa þjóðinni. Hefur það þá jafnframt áhrif á það, hve mikið er eftir af heildartekjum þjóðarinnar til þess að verja til framkvæmda. Það er ekkert minnzt á þetta, að það þurfi að líta á slíka hluti, í erindi þessa fræðimanns.

Og hvað er að segja um landbúnaðinn? Hann virðist telja það sjálfsagt, að til framkvæmda í landbúnaði hér á landi verði varið jafnhárri hundraðstölu af heildartekjum þjóðarinnar og í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Hvað segja menn nú um svona málflutning? Í Vestur-Evrópu eru lönd, sem eru þéttbýl og mjög ræktuð, en hér erum við í mjög stóru, en um leið kostaríku landi, þar sem svo er ástatt um landnámið, þar sem svo er ástatt um ræktun landsins, að það er aðeins nú á allra síðustu áratugum, sem telja má, að hér sé um ræktun að ræða, sem nokkru nemur.

Nei, það er ekki við góðu að búast, ef slíkar kenningar erlendra fræðimanna eru hafðar að leiðarljósi hér á landi. Þá er ekki við góðu að búast. Þessa menn skortir m. a. þekkingu á íslenzkum málefnum til þess að geta dæmt réttilega um það, hvað hér eigi við, og þeir eru misvitrir eins og aðrir menn, þótt lærðir séu á bók.

Íhaldsstefnan túlkar enn sem fyrr sjónarmið peningamanna. Hvað gefur mestan arð í augnablikinu? er það, sem þar er spurt um. Hitt er ekki eins stórt atriði í þeirra augum, að vinna að alhliða og almennum framförum í þjóðfélaginu og það um landið allt.

Með aðgerðum ríkisstj. er verið að skerða stórkostlega möguleika almennings til framkvæmda. Það er verið að stöðva framfarasóknina á ýmsum sviðum. Þetta er óheillastefna. Og þess vegna á þjóðin að beita sér gegn henni og mun vafalaust gera það.

Það eru u. þ. b. 150 ár liðin, síðan séra Jón á Bægisá kvað:

„Fátæktin var mín fylgjukona,
frá því ég kom í þennan heim."

Hún fylgdi fleirum en séra Jóni á Bægisá á þeirri tíð, og hún fylgdi landsmönnum fyrr og síðar, lengi. Það má segja, að það sé fyrst á okkar öld, sem hefur rofað til, fyrst á okkar öld, sem fátæktin hefur orðið að þoka úr sessi. Það eru framfarirnar, sem hafa hrakið hana á flótta, framfarir á öllum sviðum og almennar framfarir. En aðgerðir núv. stjórnarflokka miða að því að leiða þessa gömlu og hvimleiðu fylgjukonu fortíðarmanna í öndvegi á ný. Það á að setja hana í húsmóðursætið á fjölda heimila um land allt. Ekki er það álitlegt. Ekki mun það flytja þjóðinni farsæld.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins eitt vers í þulunni, sem stjórnarflokkarnir eru nú að þylja og á að vekja upp drauginn, fylgjukonu skáldsins á Bægisá. Móti þessu versi eins og öðrum í þeim kveðskap stjórnarflokkanna

erum við framsóknarmenn. Þess vegna legg ég til, að þetta frv. verði fellt.

Halldór Ásgrimsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því máli, sem hér er til umræðu, vil ég leyfa mér að segja fáein orð við hv. 3. varaþm. Austf. (EinS). Við 1. umr. þessa máls hafði hann flutt jómfrúræðu sína, að sjálfsögðu með miklum hávaða og skörungsskap, eins og maður þekkir ræðuhöld hans að austan. Ég var svo óheppinn að vera ekki við, þegar ræðan var flutt, en hef síðan kynnt mér að nokkru innihald hennar. Í ræðu sinni veittist hv. þm. mjög að kaupfélögunum. Sá kafli ræðunnar er gamla níðið um þau, sem íhaldið í áratugi án árangurs hefur hamrað sýknt og heilagt á, og var ekki nema eðlilegt, að hv. varaþm. vildi krydda ræðu sína með nokkrum slíkum kjarnyrðum úr gömlum Morgunblaðsdálkum. Þennan ræðustúf um einokun kaupfélaganna o. s. frv. hafði hv. varaþm. haldið á fyrsta framboðsfundi sínum s. l. haust, á Hornafirði. Að þeim fundi loknum var það haft eftir vel metnum meðframbjóðanda hans, að þessi ræða Einars Sigurðssonar væri þannig, að hann, þ. e. meðframbjóðandinn, mundi þurfa langan tíma til þess að laga það í Hornafirði, sem aflaga hefði farið við þessa ræðu. Hvað sem þessu líður, flutti hv. varaþm. ekki oftar en á Hornafirði þennan hluta framboðsræðu sinnar, og ætla ég, að sá hinn gætni og prúði meðframbjóðandi hans hafi ráðið þar nokkru um, að sá kafli var ekki oftar fluttur á yfirreið frambjóðandans um Austurland s. l. haust.

Það getur út af fyrir sig ekki talizt svo mjög óeðlilegt, að maður með innræti hv. varaþm. í garð kaupfélaganna noti nú tækifærið, þegar hann flytur sína jómfrúræðu hér á Alþingi, til þess að ætla níði um kaupfélögin allmikið rúm í ræðu sinni. Þessi maður er búinn svo mörgum frumkröftum jarðar, að hver maður, sem kynnist honum, verður að skilja, að hann verður að fá að gjósa af og til.

Það er eins og ég sagði, það er fjarri mér að fara að elta ólar við þennan hv. varaþm. út af illmælum hans í garð kaupfélaganna. En það var visst atriði í þessari jómfrúræðu, sem var náttúrlega ekki jómfrúræða að því leyti, að hann hefur oft flutt hana, einu sinni á Hornafirði og svo á gatnamótum og úti undir bæjarvegg, þegar hann hefur haft tækifæri til að hvísla slíkum sögum að einum og einum manni. En það, sem ég ætlaði að gera aths. við í sambandi við þessa jómfrúræðu hv. varaþm., er þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í haust," segir hann, „þegar stóð til að fara að ráða til sín báta, þá sagði kaupfélagsstjórinn á Hornafirði við smáatvinnurekanda þar: Heyrðu, góði minn, ég ætla ekki að kaupa af þér beinin eða lifrina í vetur. Þú getur lagt árar í bát."

Það fer ekki á milli mála fyrir þá, sem eitthvað þekkja til á Hornafirði, um hvaða atvinnurekanda er hér að ræða, en nöfn skipta ekki máli í þessu sambandi. Þessi svokallaði atvinnurekandi hv. 3. varaþm. Austf. á einn bát, sem hann gerir út, og auk þess hefur hann af og til keypt eitthvað af fiski af öðrum bátum. Þótt hann að sjálfsögðu eigi kost á að leggja fisk sinn inn hjá hraðfrystihúsi staðarins, kýs hann heldur, sennilega til að skapa sér og sínum nokkra atvinnu, að verka fiskinn sjálfur, og skal það ólastað af mér. En bein og lifur úr þessum „atvinnurekandafiski" hefur hann í vetur eins og ætíð endranær lagt inn hjá kaupfélaginu á Hornafirði. Ég vísa því á bug — og það með mestu fyrirlitningu — þessari rakalausu gróusögu varaþm., og ég lýsi hann ósannindamann að því, að kaupfélagið hafi nokkurn tíma meinað þessum atvinnurekanda að leggja þau fiskbein og þá lifur inn hjá sér, sem til hafa fallið á hans útvegi.

Morgunblaðið, sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna, þegar kaupfélögin og kaupfélagsstjórarnir eiga í hlut, klígjar við rætninni í þessum orðum og fellir þau niður ásamt fleiru, þegar það birtir jómfrúræðu hv. 3. varaþm. Austf. Og það mætti e. t. v. verða til þess, að þessi hv. varaþm. hugleiddi það, eftir því sem honum mætti teljast sjálfrátt a. m. k., að haga svo orðum sínum hér á hv. Alþingi, að þetta aðalmálgagn flokksins gæti talið sér sæma að flytja orð hans út til landsmanna.

Eins og ég gat um, hefur þessi atvinnurekandi hv. varaþm. dálitla saltfiskverkun, og til þess að svo megi verða, verður hann auðvitað að hafa salt. Fyrir nokkrum dögum kom saltskip til kaupfélagsins á Hornafirði. Hinn tittnefndi atvinnurekandi var sama sem saltlaus, og það varð niðurstaðan, að atvinnurekandinn fékk salt hjá kaupfélaginu, nægilegt salt, nákvæmlega á sama verði og kaupfélagið þurfti að greiða fyrir það. Og þetta gerist nærri því samtímis, að kaupfélagið gerir þetta og þessi hv. varaþm. flytur hér á hv. Alþingi rógsorð og rætin um kaupfélagsstjóra þessa kaupfélags. Sem betur fer, mun svona málflutningur vera sjaldgæfur, og ég ætla, að hann sé dæmalaus hér á hv. Alþingi, og ég tel þess vegna þarflaust að hafa um þetta atriði fleiri orð, en vil svo gjarnan víkja lítils háttar að málinu sjálfu, sem fyrir liggur.

Í tilefni af framsöguræðu hæstv. fjmrh., þegar þetta mál var lagt fyrir, hefur hvarflað að mér mikil furða yfir, hvað sumir menn geta gengið langt í meira en vafasömum málflutningi og það jafnvel, þótt þeir viti, að áheyrendurnir eru málum svo kunnugir, að ekki er við því að búast, að þeir verði blekktir. Það, sem hæstv. fjmrh. sagði um söluskattsmálið í framsöguræðu sinni hér í hv. d., var vafalaust ekki gert í þeirri von, að hann gæti blekkt alþm. með málflutningi sínum, heldur í þeirri von, að með því að birta þetta í málgögnum flokksins yrðu einhverjir lesendur til að trúa. Annars verð ég að segja, að það virðist vera furðulega tilgangslaust að reyna þetta, því að ekki getur liðið langur tími, þar til fólkið sjálft fær að kynnast í þungum álögum hinum ömurlegu staðreyndum t. d. söluskattsins. Hæstv. ráðh. taldi, að nýi söluskatturinn í heildsölu og smásölu mundi gefa um 280 millj. kr. á þeim rúmu níu mánuðum, sem

eftir eru af þessu ári. Og um leið komst hann ekki hjá því að viðurkenna, að yfir heilt ár mundu þessir skattar nema minnst eða hreint ekki undir 370 millj. kr. En ég tel sennilegast, að þessar álögur, nýju álögur, söluskattur í heildsölu og smásölu, muni reynast miklu hærri, og m. a. vil ég leyfa mér að segja það ugglaust í sambandi við heildsöluskattinn, sökum þess að það er vitað, að hæstv. ráðh. fæst ekki til að áætla innflutning ársins líkt því svo háan sem hann hlýtur að verða.

Hæstv. ráðh. kom með tölur og útreikninga, sem áttu að sýna og sanna, að skattþegnarnir mundu græða á því að fá þennan nýja söluskatt yfir sig. Í sambandi við það hampaði hæstv. ráðh. mjög niðurfellingu tekjuskattsins á láglaunatekjur, en þó veit hann sem aðrir, að þeir, sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu nú þegar, bera engan eða nær því engan tekjuskatt, og því síður ættu þeir að þurfa að kvíða tekjuskattinum, eftir að efnahagsmálalöggjöf þessarar hæstv. ríkisstj. hefur rýrt þær tekjur, sem þeir höfðu áður. Það er líka vitað, að hæstv. ríkisstj. ætlar öðrum en lægst launaða fólkinu fyrirhuguð skattfríðindi í sambandi við lækkun tekjuskatts. Munu þau fríðindi fremur falla hátekjumönnum í skaut, enda nær eðli og innræti þessarar hæstv. ríkisstjórnar að gleyma ekki slíkum mönnum. Allir útreikningar hæstv. fjmrh. um tekjuskattsfríðindi til handa láglaunamönnum með lækkun tekjuskatts móti söluskattsálaginu eru því blekking og gripnir alveg úr lausu lofti.

Menn eru líka búnir að sjá í gegnum þá bragðvísi hæstv. ríkisstj. að vera aðeins með eitt álögufrv. í einu og telja svo fram gegn því eina frv. öll þau fríðindi, sem ríkisstj. telur sig hafa á boðstólum í sambandi við allt álögubrjálæðið. Mér virðist hæstv. ríkisstj. í þessu efni farast ekki ólíkt og óreiðumanninum, sem gefur mörgum lánardrottnum sínum á sama tíma ávísun á alla bankainnstæðuna, þó að hann viti, að í hæsta lagi verður ein þeirra innleyst. Það er því laust við, að þessi vinnubrögð geti talizt heiðarleg. Þau ein geta að mínum dómi talizt heiðarleg í þessu efni, ef hæstv. ríkisstj. hefði komið fram með öll sín álögufrv. í einu lagi, jafnhliða þeim svokölluðu fríðindum, sem hún þykist ætla að veita þjóðinni, og þar með gefið mönnum tækifæri til að skoða málið í heild. En það er ekki fjarri lagi að láta sér detta í hug, að þessi blekking ríkisstj. um meðferð mála og málaflutnings bendi til þess, að hún sé að reyna að hylja sig reykskýi í þeirri von, að hún komist í skjóli þess með málefni sín til þess, sem hún kallar í örugga höfn.

Auk lækkunar tekjuskatts, sem sízt má mikils af vænta fyrir láglaunafólk, eins og ég er búinn að víkja að, hampar svo ríkisstj. mjög niðurfellingu þess söluskatts, sem nú er í gildi. Og hæstv. ráðh. dró hann rækilega og réttilega frá þeirri upphæð, sem hann ætlar og vill telja rétt að verði sú upphæð, sem fyrirhugaður söluskattur gefur. En jafnhliða ber að gæta þess, að hæstv. ráðh. áætlar fyrirhugaðan söluskatt miklu lægri en hann hlýtur að verða, og fyrst og fremst, eins og ég hef bent á, að söluskatturinn í heildsölu hlýtur að verða miklu hærri en hæstv. ráðh. vill vera láta, einfaldlega vegna þess, að hann hefur allt aðra innflutningstölu, sem hann leggur til grundvallar, heldur en þá, sem mun verða í raunveruleikanum. Og það mætti segja mér, að það kæmi síðar í ljós, að hæstv. ráðh. drægi í raun og veru tvisvar frá þá upphæð, sem nemur þeim söluskatti, sem nú á að leggja niður. Fyrst og fremst dregur hann frá tölurnar, sem sá söluskattur var áætlaður, og enn fremur lætur hann liggja milli þils og veggjar upphæð, sem mun nema a. m. k. mjög svipaðri upphæð í vantalinni innflutningsáætlun.

Þá reiknar hæstv. ráðherra út, hvað útsvör muni lækka vegna söluskattshluta sveitarfélaganna. En hefur hæstv. ráðh. íhugað eða reiknað það út, hvað efnahagsmálalöggjöf ríkisstj. hlýtur að auka rekstrargjöld sveitarfélaganna? Kemur þar margt til greina, svo sem gífurleg vaxtahækkun, aukin útgjöld vegna trygginga o. fl., o. fl., sem fylgir rekstri hvers sveitarfélags. Það liggur því ekki fyrir, að hlutur sveitarfélagsins af söluskatti geti gengið til þess að lækka útsvör frá því, sem þau hafa verið að undanförnu, og það er hreint ekki sennilegt, að svo verði, og allra sízt hjá þeim sveitarfélögum, sem helzt hefðu þurft einhverrar aðstoðar með vegna mikilla áhvílandi skulda. Þessi fríðindaávísun hæstv. ráðh. verður því að teljast vægast sagt mjög vafasamur pappír.

Hæstv. ríkisstj. ætti að vera farin að gera sér grein fyrir, að þessar annars landsföðurlegu prédikanir ríkisstj. um fríðindi og svo að segja fullar bætur fyrir allar álögur hennar, eru algerlega þýðingarlausar og gera hlut hennar í raun og veru verri en annars. Veit ríkisstj. virkilega ekki, að fólkið er að byrja að gera sér sjálft grein fyrir, hver er hinn bitri sannleikur varðandi álögubrjálæði hennar? Veit hún það ekki, að fólkið er farið að þreifa á staðreyndum í þessu efni, sem eru allt aðrar en þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur viljað vera láta? Fólkið veit, að nauðsynjavörurnar ásamt öllu öðru eru að stórhækka, og þegar söluskattur hæstv. fjmrh. hefur verið lagður á, þá hafa t. d. lífsnauðsynlegar kornvörur eins og hveiti, svo að dæmi sé nefnt, hækkað um meir en 40% frá því, sem það var fyrir gengisfellinguna. Kaffi hækkar um rúmlega 58%. Ódýrustu bómullarvörur, sem venjulegt fólk notar mest til klæðnaðar, munu þá hafa hækkað um meira en 82% frá því, sem það var fyrir gengisfellinguna, og skófatnaður, ódýrasti skófatnaður, mun hafa hækkað um svipaða upphæð eða rúmlega 82%. Og svona má halda áfram að telja. Það má vel vera, að ríkisstj. reyni í einstökum tilfellum að milda eitthvað þessa óskaplegu verðhækkun og greiða eitthvað niður, en vissulega greiðir hún ekki niður með öðru fé en því, sem hún kreistir undan nöglum skattþegnanna.

Ég minntist hér á örfáar bráðnauðsynlegustu neyzluvörur. En það er sömu sögu að segja,

hvar sem niður er gripið, t. d. í sambandi við rekstrarvörur atvinnuveganna. Og ekki er betri sagan í sambandi við það, ef menn vilja kaupa sér meðalstóran bát. Hann hefur hækkað um nálægt 50% eða sem skiptir milljónum króna. Sömu sögu er að segja í sambandi við öll veiðarfæri, sem slíkum bát verða nauðsynlega að fylgja. Og ekki er betri sagan af landbúnaðarvélunum, svo sem dráttarvélum ásamt tilheyrandi vinnuvélum, sem nú eru hverjum bónda lífsnauðsyn.

Dráttarvélar, sem kostuðu fyrir gengisfellingu 59192 kr., kosta nú með söluskatti hæstv. fjmrh. 97450 kr. og hafa því hækkað við gengisfellinguna og álögur hæstv. ríkisstj. um meir en 64%, og þessi verðhækkun nemur í krónutali nærri því 40 þús. kr. Ofan á bætist svo það, að fæstir bændur geta risið undir að taka lán til slíkra vélakaupa, fyrst og fremst vegna vaxtaokursins, og þótt einhverjir bændur vildu leggja út í slíkt lántökuævintýri, virðast þeir ekki eiga kost á því vegna þess, hvernig ríkisstjórnin hefur gengið frá málum útlánabankanna. Auk þessarar verðhækkunar á dráttarvélinni, sem ég nefndi, kemur svo auðvitað samsvarandi verðhækkun á þær heyvinnuvélar, sem dráttarvélinni verða að fylgja, svo að bóndanum geti orðið vélin að liði. Ef hæstv. landbrh. vildi nú hugleiða þetta mál, þá væri það æskilegt, ef til nokkurs væri til hagsmuna fyrir bændur. Ég geri ekki miklar kröfur til þessa hæstv. ráðh. frekar en annarra hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj., en svo mikils mætti ætlast til, að þessi hæstv. ráðh. hugleiddi það tjón, sem hann hefur gert þeim bændum, sem fram að þessu hafa a. m. k. viljað trúa á hann. Í tíð vinstri stjórnarinnar hamaðist hann gegn þeirri verðhækkun, sem þá varð á landbúnaðarvélunum. Hann taldi þá, að sú hækkun, sem átti sér stað, væri það mikil, að bændur gætu ómögulega undir risið, og það væri í raun og veru ekkert vit í því fyrir þá að steypa sér út í þá fjárglæfra að fara að kaupa dráttarvélar og aðrar heyvinnuvélar á þessu brjálæðisverði vinstri stjórnarinnar. Og ég held, að hann hafi talað þannig, að það mætti a. m. k. hafa skilizt svo, að hann ráðlegði bændum að hætta við að kaupa vinnuvélar, dráttarvélar og annað slíkt í bili, í þeirri von, að hann kæmist aftur í sæti landbrh. og mundi þá ekki draga að færa þetta ranglæti vinstri stjórnarinnar í garð bænda aftur til betri vegar. Og nú er komið að því, að hans er mátturinn, en dýrðin bara sú, að hann lætur hækka dráttarvélarnar um tæpar 40 þús. kr. Þeir bændur, sem trúðu þessum núv. hæstv. landbrh. og biðu með vélakaup sín þess vegna, þekkja nú væntanlega betur, þótt það sé dýru verði keypt, hvað má treysta orðum þessa hæstv. ráðherra. A. m. k. í þessu tilfelli hafa orð hans orðið þeim bændum, sem hafa hagað sér samkv. þeim, furðu dýr.

En svo að ég snúi mér aftur að söluskattsmálinu í heild og ræðu hæstv. fjmrh., þá minnist ég þess, að hæstv. ráðh. talaði fjálglega um, hve núv. söluskattur væri meingallaður og erfiður í framkvæmd, auk þess sem hann væri mjög ranglátur. Ég er að því leyti alveg sammála hæstv. ráðh., að ég tel, að allur söluskattur, fyrst og fremst í smásölu, hafi alla þá ókosti til að bera, sem hæstv. ráðh. minntist á, og eðlilega því meiri sem með söluskattsálagi er seilzt eftir hærri fjárhæðum. Söluskattur ríkisstj. í smásölu er því að mínum dómi ranglátasta skattaformið, sem hún gat fundið upp á að beita. Og hann er einnig, eins og hæstv. ráðh. gaf líka í skyn, ógeðfelldasta skattaformið sökum þess, hve hann er erfiður í innheimtu. Ég veit, hvað hæstv. ráðh. hafði í huga, þegar hann hagaði orðum sínum svo, að skatturinn væri erfiður í innheimtu. Hann veit það eins og aðrir af fenginni reynslu, að það er einatt hætt við því, að þeir menn séu til, sem hafi tilhneigingu til að gera sér söluskatt að meiri eða minni féþúfu og freistist þar af leiðandi til að láta eitthvað af honum verða eftir í sínum kassa, í staðinn fyrir að láta hann allan renna í ríkiskassann. Þetta er mannlegur breyskleiki, sem þekkist og ég heyrði að hæstv. ráðh. gerði sér grein fyrir. Og auk þess er söluskattur í smásölu alveg sérstaklega ranglátur, þar sem hann leggst með jöfnum þunga jafnt á lífsnauðsynjar og annað, og leggst því með miklum þunga á lífsnauðsynjar fólksins, einmitt þegar sízt skyldi.

Þrátt fyrir allt þetta segir hæstv. fjmrh., að smásöluskatturinn skuli fram, enda skulu nú smáfuglarnir fyrst og fremst plokkaðir, og ég veit, að hæstv. ráðh. telur óþarfa fyrir sig að fá sér dýra vél til þeirra hluta. Og skatturinn er fyrirhugaður svo umfangsmikill, að hann á að ná yfir svo að segja alla hluti nema andrúmsloftið, kalda vatnið og nýmjólkina. Þetta telur hæstv. ráðh. út af fyrir sig góðra gjalda vert. En þær 100 millj., sem talið er að einhvers staðar hafi týnzt eða misreiknazt, hafa e. t. v. gleymzt, þegar þeir hættu við að skattleggja framantaldar nauðsynjar. Þar í liggur e. t. v. útskýringin á hinum týndu 100 millj. En vilji einhver breyta til um svaladrykkinn og fá sér heldur mjólkursýru í staðinn fyrir vatn, þá verður hann að borga söluskatt, og þurfi einhver fjárhagsins vegna að þrengja kost sinn og sinnar fjölskyldu með því að kaupa a. m. k. að einhverju leyti undanrennu til matar í staðinn fyrir nýmjólk, þá skal hann borga söluskatt. Hér er rösklega að unnið og allt á sömu bókina lært.

Það hefur verið reiknað út, að samtals muni álögur hæstv. ríkisstj. á þjóðina, að meðtalinni gengislækkuninni, nema á annan milljarð króna árlega, og þetta á að gerast án þess, að menn fái á móti nokkuð uppborið í hækkuðum launum. Þessar álögur munu vissulega ekki vera ofreiknaðar. Það mætti heldur segja mér, að þær reyndust vanreiknaðar, þegar öll kurl verða séð og þau verða öll til grafar komin. Samt telur ríkisstj., að kjaraskerðingin verði aðeins 3%. Svo kemur hæstv. fjmrh. með sinn söluskattspinkil og vill endilega koma honum ofan á milli klyfjanna. Hann segir um leið við þjóðina: Það er óhætt að trúa mér, að þessi böggull minn inniheldur ekki kjaraskerðingu, heldur kjarabætur. — Og líklega fer svo,

að hæstv. ríkisstj. fer að reyna að telja mönnum trú um, að kjarabætur söluskattsins muni fyllilega vega upp á móti þessari 3% kjaraskerðingu, sem gengislækkunin hefur verið af hæstv. ríkisstj. talin valda. Og sjá, þá er allt fullkomnað, mun þessi hæstv. prestlegi og prúði fjmrh. segja. En margir eru þeir, sem trúa ekki á kraftaverk og sízt að þau geti gerzt nú á tímum. En hvers vegna skyldu menn ekki trúa á kraftaverk, þegar t. d. Kristur sjálfur með sína 12 lærisveina gat mettað 5000 manns með nokkrum fiskum og fáeinum brauðum, — hvers vegna skyldu menn ekki trúa á kraftaverk, segi ég aftur, ef hæstv. forsrh., Ólafur Thors, með aðeins 6 lærisveinum getur haldið 170 þús. manna þjóð áfram vel mettri og í alla staði vel á sig kominni, þótt hann hnupli frá henni á annan milljarð króna árlega?

En ég er eins og Tómas, ég vil fá að þreifa á. En því miður veit ég, að sú áþreifing verður mér og öðrum til sárra vonbrigða. Þjóðin mun reyna, að hér eru ekki kraftaverkamenn á ferðinni, heldur sjónhverfingamenn, sem fyrr eða síðar hljóta að falla í gólfið, og þjóðin situr eftir með sárt ennið, fátækari, en reynslunni ríkari en áður.

Gunnar Jóhannsson: Frv. hæstv. ríkisstj. um söluskatt, sem boðað hafði verið að flutt yrði á Alþingi, var lagt fram í Ed. nú fyrir nokkrum dögum. Við afgreiðslu málsins í hv. Ed. voru engar efnislegar breyt. gerðar á frv., heldur var það samþ. að mestu óbreytt. Sjálfsagt hafa menn ekki búizt við því, að fram kæmi í frv. nein stefnubreyting hjá hæstv. ríkisstjórn. Menn eru nú orðnir ýmsu vanir og m. a. því, að þau mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt hér, eru barin í gegn af meira offorsi en áður hefur þekkzt og til þess notuð öll hugsanleg og óhugsanleg meðul. Það, sem ríkisstj. ákveður, skal fram, hvað sem hver segir.

Í sambandi við þessi efnahagsmál öllsömun mætti að sjálfsögðu margt segja, og það er búið að segja margt orðið um þau. Menn eru orðnir ýmsu vanir í sambandi við efnahagsmálin og afgreiðslu þeirra hér, eins og áður hefur verið bent á, og þá ofsalegu fjárplógsstarfsemi, sem ríkisstj. berst fyrir og aldrei í sögu Alþingis hefur nálgazt það hámark, sem nú er stefnt að með auknum álögum á þjóðina. Það má vel vera, að það sé tilgangslítið að ræða við hæstv. ríkisstj. um þessi mál. Sjáanlegt er, að hún hefur þegar tekið sínar ákvarðanir í krafti þess þingmeirihluta, sem að henni stendur. Ég er einn af þeim, sem eru ekki alveg vissir um, að það sé ætíð og ævinlega rétt pólitísk afstaða og rétt pólitísk hyggindi að neyta í einu og öllu krafta meirihlutavalds og taka að engu leyti til greina óskir og ábendingar frá stjórnarandstöðunni. Ég álít t. d., að slík afstaða til stjórnarandstöðunnar sé síður en svo hyggileg vinnubrögð. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. telji sig ekki standa pólitískt sterkt meðal almennings í landinu og hún álíti, að með því að mæta að einhverju leyti kröfum og óskum stjórnarandstöðunnar á einn eða annan hátt, þá sé hætta á því, að hin pólitíska spilaborg hennar bresti, jafnvel hrynji saman.

Annars eru starfsaðferðir hæstv. ríkisstj. út af fyrir sig ákaflega merkilegt mál, sem hægt væri ýmislegt um að segja. Það er t. d. mikið rannsóknarefni, hvernig á því getur staðið, að efnahagsmálin og söluskattsfrv. skuli ekki hafa verið lögð fram samtímis, svo nátengd sem þau tvö mál eru. Á þessum óvenjulegu og óeðlilegu vinnubrögðum hefur engin frambærileg skýring fengizt. Það er engin skýring og það er engin afsökun að bera því við, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft nægan tíma til að undirbúa þessi mál og leggja þau fyrir bæði í einu, — það er engin afsökun. Það hljóta allir að sjá, að það hefði verið miklu eðlilegra og reyndar alveg sjálfsagt, að allar aðaltillögur hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum og öðrum hliðstæðum málum hefðu verið lagðar fram á Alþingi samtímis. Með því hefði fengizt betri yfirsýn yfir málin og þm. gefizt betra tækifæri til að kryfja málin frekar til mergjar. Auk þess hefði slík málsmeðferð haft mikinn tímasparnað í för með sér. Menn tala hér mikið um sparnað. Menn tala um, að það sé mjög nauðsynlegt að spara í öllum ríkisrekstri. En mér sýnist einmitt, að allar starfsaðferðir hæstv. ríkisstj. bendi í alveg þveröfuga átt.

Ég þarf ekki mörgum orðum um það að fara, en það er vitað, að aldrei á Alþingi Íslendinga hefur verið lagt fram fjárlagafrv. með jafnháum upphæðum og nú. Bendir það í sparnaðarátt? Er ekki alltaf verið að stofna til nýrra embætta? Hefur ekki hæstv. ríkisstj. m. a. stofnað heilt ráðuneyti? Ég held það — með fjölda starfsmanna, miklu skrifstofuhaldi o. s. frv. Það bendir sannarlega ekki í þá átt, að hæstv. ríkisstj. sé á sparnaðarleiðinni, síður en svo.

Það hafa verið boðaðar alhliða breytingar á skattalöggjöfinni. Ekkert frv. er enn þá fram komið frá hæstv. ríkisstj. um það mál. Hvað veldur því? Eftir hverju er verið að bíða með að koma með slíkt frv. fram? Það hefur verið boðað, að það ætti að lækka tekjuskattinn. Það var gert í frv. um efnahagsmálin. En endanlegt frv. um þetta er ekki komið fram.

Þá ræða hæstv. ráðherrar um lækkun tekjuskattsins sem orðinn hlut, og nú er farið að ræða um lækkun útsvara. En hver trúir því í alvöru, að útsvörin verði lækkuð, á sama tíma sem flestir útgjaldaliðir bæjarfélaganna hljóta að hækka stórlega vegna aðgerða ríkisstj. og Alþingis? Ég tel það mikinn vafa, þó að Reykjavíkurbær geti ausið af nægtabrunni sinna skattgreiðenda hér, með þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera, að Reykjavíkurbær geti lækkað svo sem neitt útsvörin frá því, sem þau voru í fyrra. Ég hef fylgzt með því, hvernig útsvörin hafa verið afgreidd úti á landi hjá hinum ýmsu bæjum. Ég minnist ekki, að í einu einasta bæjarfélagi hafi útsvar verið lækkað nema í einu, á Akureyri, og það eru taldar vera mjög óraunhæfar aðgerðir.

Margt furðulegt hefur komið fram í umræðum um þessi mál undanfarna daga. Því er t. d. haldið fram, að vaxtahækkunin auki ekki dýrtíðina í landinu og að vaxtahækkun eigi ekki að koma fram í verðlaginu. Svona málflutningur er hinn furðulegasti. Hver trúir svona málflutningi? Hver trúir því, að kaupmaður, sem verður að taka víxil í banka eða sparisjóði með 11% vöxtum — og 11½ eða 12% á framlengingarvíxlum, sleppi að setja það inn í vöruverðið? Ja, hver trúir því? Ekki ég. Trúir hæstv. fjmrh. því? Trúa hv. þm. stjórnarflokkanna því, að svona lagað sé hægt að bera á borð fyrir almenning?

Þá er verið að reyna að telja þjóðinni trú um, að hinar nýju efnahagsráðstafanir séu ekki neinar byrðar fyrir almenning, í hæsta lagi svolítil óþægindi. Staðreyndin er hins vegar sú, að varla líður sá dagur, að ekki komi fram nýjar og nýjar stórhækkanir, stórkostlegar hækkanir. Seinast í dag var það birt í blöðunum, að t. d. allar tóbaksvörur í landinu hefðu stórlega hækkað. Ja, tóbaksvörur eru algengar neyzluvörur, sem almenningur í landinu almennt notar, og það gengur út yfir tekjur fólksins hin stórkostlega hækkun á þeim. Það gengur út yfir það, að fólkið verður að neita sér um margt annað, vegna þess að allar vörur í landinu hafa stórhækkað og eru að hækka daglega frá 30 upp í 80%. Svo halda hv. stjórnarflokkar, að hér sé ekkert á ferðinni, hér sé ekki um neina hækkun að ræða, aðeins örlítil óþægindi. Jafnvel vörur, sem hæstv. ríkisstj. greiðir niður, eftir því sem blöð ríkisstj. hafa sagt og ríkisstj. sjálf, þær hækka, þær hækka mikið. En það er annað, sem er dálítið merkilegt við þetta, og það er það, að blöð hæstv. ríkisstj. eru alveg þögul sem gröfin yfir hinum nýju hækkunum. Ég minnist ekki að hafa séð það í einu einasta blaði, sem stendur að ríkisstj., að það sé minnzt á neinar hækkanir. Nei, nei, ekkert. En sú var tíðin, að Morgunblaðið, Vísir og Alþýðublaðið þögðu ekki yfir hækkunum, ef einhverjar urðu. Ég minnist þess á dögum vinstri stjórnarinnar. Þá var ekki þagað yfir því, að vörurnar hækkuðu. Þá komu fyrirsagnir á fyrstu síðum þessara blaða um stórkostlegar hækkanir af völdum og fyrir aðgerðir vinstri stjórnarinnar. Þá var ekki þagað yfir því, ef vörurnar hækkuðu. En þá gerðist líka annað. Þá gerðust þau stórtíðindi, að Sjálfstfl. gerðist kaupkröfuflokkur á Íslandi og meira að segja lét flokksmenn sína bjóða kauphækkun til vissra aðila. Það getur margt merkilegt skeð, jafnvel það, að Sjálfstfl. getur gerzt kaupkröfuflokkur, ef hann heldur, að hann græði á því pólitískt. Nei, annar eins hráskinnsleikur hefur aldrei áður verið leikinn. Aldrei hefur meiri blekkingum og lýðskrumi verið beitt en þá var gert af Sjálfstfl. Og enn er sömu aðferðunum beitt, lýðskrumi og blekkingum. Nú er ekki hvatt til verkfalla reyndar. Nei, nú er fólkinu bara sagt, að það hafi lifað um efni fram og það verði að fórna einhverjum hluta launa sinna, svo að kapítalisminn á Íslandi geti lifað, annars sé hann búinn að vera, auðvaldsþjóðfélagið sé alveg í andarslitrunum. Ja, það er ekki lítið: sjálft auðvaldsþjóðfélagið á Íslandi var alveg komið að því að deyja. Og þá náttúrlega hljóp hæstv. ríkisstj. upp til handa og fóta til þess að bjarga því, — bjarga því, sem bjargað yrði. Og að ætla sér að lifa á Íslandi, án þess að auðvaldið sé alls ráðandi, það væri alveg óhugsandi út frá sjónarmiði þessara manna. Þannig er fólkinu sagt í öðru orðinu, að það þurfi að færa fórnir, í hinu orðinu, að það færi engar fórnir. Hvað rekur sig hér á annars horn, hver æpandi mótsögnin á móti annarri.

Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. telji, að fólkið í landinu sé hætt að hugsa og það sé óhætt að bjóða almenningi upp á hvað sem vera skal. Heldur nú hæstv. ríkisstj. — og ég endurtek: Heldur hæstv. ríkisstj., að verkalýðssamtökin t. d. láti það viðgangast til lengdar, að kjör verkafólks og annarra launþega verði rýrð jafnstórkostlega og nú er stefnt að, án þess að til gagnráðstafana komi frá þeirra hendi? Dettur hæstv. ríkisstj. það virkilega í hug? Hæstv. ríkisstj. mun fyrr eða síðar sannfærast um, að það er óhugsandi, það er óvinnandi verk að stjórna Íslandi í baráttu á móti verkalýðssamtökunum. Auðvaldið á Íslandi hefur áður reynt að koma á fót sterkri afturhaldsstjórn, en allar tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt, hafa verið fyrir fram dauðadæmdar, og eins mun nú verða, vegna þess að stefna þeirra í fjármálum og efnahagsmálum gengur á móti hagsmunum fólksins í landinu. Þetta er ákaflega einfaldur sannleikur, sem hæstv. ríkisstj. mætti gjarnan leggja sér betur á minni hér eftir en hún hefur gert hingað til. Alþýðan í landinu líður engri ríkisstjórn að traðka á rétti sínum, og hún mun ekki heldur láta nokkra misvitra fulltrúa auðmannastéttarinnar í ríkisstjórn og á Alþingi leiða yfir sig stórfellt kauprán, atvinnuleysi og fátækt. Það er engin ástæða til þess, að við á okkar góða landi séum að leiða yfir landið fátækt og örbirgð. Við, sem erum komin á þann aldur, sem ég er, þekkjum, hvað var að búa við fátækt, og við óskum ekki eftir henni. Og við munum beita öllum okkar samtakamætti, beita okkar samtökum á móti því, að slíkt ástand endurtaki sig sem var um 1920 og fram til 1930 og 1940.

Það er algerlega vonlaust verk fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að reyna að telja almenningi í landinu trú um það, að launin séu of há og hlutur hans af þjóðartekjunum sé of mikill. Menn vita, að þetta eru ósannindi, hvað sem öllum hagfræðilegum útreikningum líður. Efnahagsörðugleikarnir liggja ekki í of háu kaupgjaldi, síður en svo, heldur fyrst og fremst í skipulagsleysi í sjálfum þjóðarbúskapnum. Að ætla sér að reka þjóðfélagsbúið án nokkurs skipulags, án nokkurrar fyrir fram gerðrar áætlunar, er hrein og bein pólitísk glópska — ekkert annað, sem fyrr eða síðar hlýtur að hefna sín geipilega.

Frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum og fram á þennan dag er það eitt fremur öðru, sem einkennt hefur stefnu hæstv. ríkisstjórnar, og það er hið óhugnanlega skatta-

æði, sem virðist hafa gripið hæstv. ríkisstjórn. Mönnum hafði þó fundizt fulllangt gengið á skattabrautinni áður. Engar opinberar skýrslur liggja fyrir um það, hvað launafólk greiðir mikinn hluta af launum sínum til hins opinbera. Hins vegar telja menn, sem hafa rannsakað þetta lítillega, að ekki muni fjarri lagi að ætla, að íslenzkir launþegar greiði af launum sínum 45% til ríkis og bæja, þar með talin sjúkrasamlagsgjöld og tryggingagjöld. Séu þessar tölur ekki fjarri því rétta, sést, að hér er gengið lengra í skatta- og tollaálögum en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu. Við Íslendingar búum þó ekki við það ástand að þurfa hér að kosta her, en það gera allar aðrar þjóðir í Evrópu. Þrátt fyrir það er þó skattaálagningin hér á Íslandi og tollaálagningin meiri en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu.

Með frv., sem hér liggur fyrir, er boðaður nýr og áframhaldandi söluskattur, söluskattur á allan almenning, sem er hreint og beint ekkert annað en nefskattur og leggst vitanlega og kemur harðast niður á þeim, sem hafa stærstu fjölskyldurnar. Stærstu fjölskyldurnar hafa ekki greitt háan tekjuskatt, heldur tiltölulega mjög lágan, en þessir nýju skattar koma með öllum sínum þunga og lenda með öllum sínum þunga mest á þeim, sem hafa flesta munna að fæða og klæða. Þessi skattur skal lagður á allar vörur og þjónustu, án þess að launþegar fái neitt í staðinn. Vísitöluna er búið að afnema. Það þýðir, að hvað mikið sem allt verðlag hækkar í landinu, fá launþegarnir engar bætur á móti.

Á meðan vísitalan var í gildi, fengu þó launastéttirnar hækkaða vísitölu í nokkru samræmi við hækkað verðlag. Þetta öryggi launastéttanna, sem alveg tvímælalaust var mikið öryggi fyrir alla alþýðu gegn vaxandi dýrtíð, var mikill þyrnir í augum stóratvinnurekenda og afturhalds á Íslandi. Engin ríkisstj. hafði þó þorað að afnema vísitölukerfið, þar til nú að samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. taldi sig hafa til þess nægilegan pólitískan styrk hér á Alþingi að ráðast þannig aftan að launþegasamtökunum á ósvífnari hátt en nokkur dæmi eru til í allri þingsögu Íslendinga.

Í skjóli þeirra aðgerða að afnema vísitöluuppbót á kaup hefur svo hæstv. ríkisstj. lagt til, að hún fái mjög víðtækt vald í skattamálum og að lögleiddur verði nýr söluskattur, sem mun nema 16½% eða jafnvel meira. Það er erfitt að reikna út, hvað hinn nýi skattur kann að verða hár, það er hægt að láta sér detta í hug, að skatturinn verði samanlagt allt upp í 20%. Með svona aðferðum er gengið lengra á rétt verkalýðsfélaganna og annarra launþega en áður hefur þekkzt. Ég vil hér alveg sérstaklega sem einn af meðlimum verkalýðshreyfingarinnar mótmæla fyrir hönd verkalýðsfélaganna hinum síendurteknu árásum á lífskjör verkalýðsins og annarra launastétta, og ég er alveg viss um það, að þau munu áskilja sér allan rétt til að gera nauðsynlegar gagnráðstafanir, þótt síðar verði.

Engar af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum þjóðarinnar, eru gerðar að vilja launastéttanna, heldur þveröfugt. Allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum þjóðarinnar, eru gerðar án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna. Það hefur aldrei verið við hana rætt um eitt einasta atriði. Það hefur verið rætt við aðra. Það hefur verið rætt við samtök atvinnurekenda, við samtök kaupmanna, við samtök heildsala, það hefur verið rætt við þá, en alls ekki verið rætt við fulltrúa verkalýðsfélaganna um þessi mál. Þau eru þó stærstu fjöldasamtökin í landinu, og þess ætti ríkisstj. að vera minnug, að þau eru vald, sem er erfitt að brjóta á bak aftur, ef þau fara af stað á annað borð. Við skulum vona, að ekki komi til slíkra átaka, en ég tel mér skylt að aðvara ríkisstjórnina að halda ekki áfram á þeirri braut, sem hún er nú á.

Hæstv. ríkisstjórn ber því að fullu og öllu ábyrgð á þeim afleiðingum, sem óumflýjanlega munu fyrr eða síðar fylgja í kjölfar þessara hrottalegu aðgerða og stórkostlegu árása á lífskjör fólksins í landinu. Alþýða manna um allt land mun taka sér tíma til að athuga sinn gang, athuga, hverjar afleiðingar hinar nýju aðgerðir í efnahagsmálum koma til með að hafa á lífskjörin, og að lokinni þeirri rannsókn og athugun mun fólkið í þessu landi taka sínar ákvarðanir og krefjast þess réttar, sem núv. valdhafar eru að reyna að ræna frá fólkinu. Réttinn til að lifa mannsæmandi lífi, þann frumburðarrétt mun alþýðan á Íslandi aldrei leyfa neinum að taka af sér. Þess skyldi hæstv. ríkisstj. minnast, að hún hefur verið aðvöruð. Hún ein ber því ábyrgðina á því, sem kann að verða gert. Hún hefur með aðgerðum sínum stuðlað að auknum stéttaátökum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þetta frv. er bara einn hlekkur í þeirri miklu árásakeðju, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið og er að leggja á herðar allrar alþýðu. Þessi keðja verður slitin, og þessum árásum verður hrundið, það má hæstv. ríkisstjórn vera viss um.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég mun ekki fara mörgum orðum um það frv. til laga um söluskatt, sem hér liggur fyrir, við þessa umræðu. Ég átti satt að segja ekki von á því, að hún færi fram fyrr en eftir helgi.

Í þeim umræðum, sem orðið hafa um þetta frv. og önnur frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á þessu þingi, efnahagsmálafrv., hefur borið mjög á því, að talsmenn ríkisstj. hafa beitt fyrir sig tölum, sem hafa átt að sanna, að því er mér skilst, að ráðstafanir þessar mundu ekki þýða neina kjaraskerðingu fyrir svokallaða vísitölufjölskyldu í landinu, en vísitölufjölskyldan er, eins og menn vita, hjón með 2.2 börn, ef svo mætti segja. Ég vil taka það fram, að þó að ég dragi ekki í efa, að sá tölulegi útreikningur, sem hér hefur verið nefndur af forsvarsmönnum ríkisstj., geti verið réttur og sé það sennilega, þá er ég líka alveg jafnviss um, að áhrif þeirra efnahagsaðgerða, sem nú er verið að framkvæma,

koma mjög verulega einmitt við heimili eins og vísitöluheimilið, að ég tali nú ekki um þau heimili, sem t. d. hafa fleiri börn en það heimili hefur. Vísitölukerfið er nefnilega þannig uppbyggt, að í vísitölugrundvellinum er ekki fjöldi vara, sem eru óhjákvæmileg nauðsynjavara öllum heimilum, eins og árferði hefur verið hér á landi á síðustu árum, og hafa því hækkanir á þeim vörum ekki áhrif í vísitöluútreikningnum. Enn fremur er í þessum útreikningi reiknað með því, að fjölskyldufaðir á slíku heimili hafi svo og svo miklar tekjur af yfirvinnu, eða ég held ég megi segja, að reiknað sé með því, að Dagsbrúnarmaður hafi einn tíma í eftirvinnu a. m. k. En mér þykir sýnilegt, að allar efnahagsráðstafanir ríkisstj. hljóti að hafa þau áhrif í framkvæmd, að mjög þrengist nú um atvinnu hjá launafólki í landinu, og hefur það þegar af þeirri ástæðu mjög mikil áhrif til þess að skekkja það dæmi, sem vísitöluheimilisdæmið er.

Eitt atriði er enn þá, sem gerir að verkum, að allur samanburður eða öll mynd, sem við eigum að fá með því að reikna vísitöludæmið áfram, hlýtur að vera skakkur í rauninni, og það er, að nú er vísitalan greidd niður með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, sem nema samkv. fjárlagafrv. á fjórða hundrað millj. kr. eða á milli fjórðungs og fimmtungs af heildarútgjöldum ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1960. Það fer ekki milli mála, að slíkar niðurgreiðslur, sem beint er einmitt að þeim vörum í vísitölunni, sem vega hvað þyngst þar, hljóta að skekkja þetta dæmi stórlega, því að að sjálfsögðu eru þær 305 milljónir kr., sem nota á til að greiða niður vöruverð í landinu, fengnar með álögum á þjóðina, þannig að hér má segja, að verið sé að gefa það með annarri hendinni, sem tekið er með hinni.

Það hefur komið fram hér í umræðunum, og ég held, að talsmenn ríkisstj. hafi ekki neitað því, að þær hinar nýju álögur eða tekjufærsla á milli stétta, eins og hæstv. menntmrh. vill kalla þær, nemi um 1100 millj. kr., ef reiknuð eru með áhrif þau, sem verða af gengisbreytingunni, og svo áhrif af skattaálögunum nýju.

Það er staðreynd, sem er rétt að allir geri sér ljósa þegar, að á þessu ári á að minnka neyzlu og fjárfestingu þjóðarinnar um á annan milljarð króna, og ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að í umræðum um efnahagsmálin hafi það komið fram, að neyzluvöruinnflutningur þjóðarinnar á árinu 1960 eigi — miðað við sama gengi og gilti árið 1958 — að vera um 200 millj. kr. minni en hann var árið 1958. Það er því augljóst, ef menn hafa þessa meginstaðreynd í efnahagsmálaaðgerðunum í huga, sem sagt að neyzla og fjárfesting á þessu ári á að dragast saman um 1100 millj. kr. og að neyzluvöruinnflutningurinn til landsins nemi um 200 millj. kr. minna en hann gerði 1958, þá hljóta allir að sjá, að þetta hlýtur að koma einhvers staðar við, og það er hreinn barnaskapur að ætla sæmilega greindum mönnum að trúa því, að einar 152 millj. kr., sem á að auka fjölskyldubæturnar um á árinu og að sjálfsögðu eru teknar úr ríkissjóði og goldnar af þegnum landsins, að þær ásamt 70 millj. kr. eftirgjöf í tekjuskatti komi í reyndinni nokkuð nálægt því að halda kjörum vísitöluheimilisins í sama horfinu á árinu 1960, eftir að áhrif efnahagsaðgerðanna eru komin fram, eins og kjör þessa vísitöluheimilis voru fyrir efnahagsráðstafanirnar. Ég hygg, að talsmenn hæstv. ríkisstjórnar séu að gera sjálfum sér litinn greiða með því að setja dæmið svo blekkjandi upp fyrir almenning, því að ég er sannfærður um, að þegar vöruverðshækkanirnar fara að koma í ljós, þá verða margir, sem kannske núna eru rólegir, órólegir og þykjast hafa verið illa sviknir af sínum fyrirsvarsmönnum hér á þingi.

Í sambandi við söluskattsfrv., sem hér er til umr., vil ég taka fram, og ég sé enga ástæðu til þess að leyna því, að frá skattfræðilegu sjónarmiði er þar mjög margt til bóta frá því, sem áður hefur verið um söluskatt. Ég hef dálitinn kunnugleika af þessum málum, og mér hefur frá fyrstu tíð sýnzt út frá hreint skattfræðilegu sjónarmiði skoðað, að æskilegasta framkvæmdin og æskilegasta formið á söluskatti væri að viðhafa hið svokallaða einstigsskattkerfi, sem nú er verið að koma á, þ. e. a. s. að söluskatturinn sé ekki innheimtur nema einu sinni og aðeins á lokastiginu, og þá jafnframt að skattprósentan sé sú eina og sama yfir allt.

Þá er því ekki að leyna, að það er líka kostur frá skattfræðilegu sjónarmiði séð að hafa undanþágur frá söluskattsgreiðslunni sem allra fæstar. En það þarf ekki endilega að vera bezta úrræðið í hinu daglega lífi, sem er bezt, skoðað frá sjónarhóli þeirra, sem standa eiga í skattaframkvæmdinni.

Þær viðtæku undanþágur, sem hafa verið í sambandi við söluskattinn á undanförnum árum, hafa helgazt af því fyrst og fremst, að stjórnarvöldin hafa viljað hlífa almennum neyzluvörum fyrst og fremst við því að bera þennan skatt. Nú á að hverfa frá þeirri stefnu, því að nú á að fara að skattleggja kjötneyzlu og fiskneyzlu almennings í landinu, sem aldrei hefur verið lagður á söluskattur frá fyrstu tíð, eftir því sem ég bezt veit.

Svona mætti áfram telja, að vörur, sem vega þungt í heimilisútgjöldum launamanna og hefur verið hlíft til þessa við álagningu söluskatts, eru nú teknar inn í og á þær er lagður fullur skattur. Söluskatturinn kemur því óneitanlega þyngra við þessar fjölskyldur en áður var, jafnvel þótt heildarupphæð söluskattsins, sem innheimta á af almenningi yfir árið, væri sú sama og áður var.

Í sambandi við söluskattinn eða frv., sem nú á að fara að lögfesta hér í þingi, sýnist mér, að aðalhættan við það sé sú, að sá söluskattur, sem innheimtur verður af almenningi í landinu gegnum þann fjölda innheimtumanna, sem nú á að gera skylt að taka söluskatt, komi ekki allur til skila í ríkissjóðinn.

Mér er kunnugt um, að það söluskattsfrv., sem hér á að fara að lögfesta, er sniðið eftir norskum og sænskum lögum, og á framkvæmd

þessarar löggjafar í Noregi er komin nokkuð löng reynsla. En það er greinilegt, að ef við ætlum að láta skatt þennan koma í ríkissjóðinn og hverfa ekki á leiðinni, frá því að neytandinn geldur hann í verzluninni og til ríkissjóðsins, þá verðum við að taka upp þó nokkuð víðtækt og sennilega þó nokkuð fjölmennt kerfi embættismanna til þess að fylgjast með skattaframkvæmdinni úti í bæ. Mér kæmi ekki á óvart, ef á að tryggja það nokkurn veginn, að söluskatturinn komi allur til skila, að það þyrfti að bæta við nokkrum tugum nýrra starfsmanna hjá ríkinu til þess að fylgjast með þessu, framkvæma birgðatalningar úti í bæ og gera þar bókhaldsrannsóknir.

Einhver kynni nú að segja, að þær breytingar á tekjuskattslöggjöfinni, sem fyrirhugaðar eru, gerðu það að verkum, að á skattstofunni losnaði um fólk, sem mætti nota í þessu skyni. En svo er nú ekki. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir þá tekjuskattslækkun, sem nú á að framkvæma hjá launafólki, þá verður að vinna næstum öll þau sömu störf á skattstofunni, sem unnin hafa verið til þessa. Það gerir útsvarsálagningin. Það þarf að yfirfara öll framtöl framteljenda, alveg eins nú og áður, og því er það nauðsynlegt, ef eitthvert eftirlit á að hafa með söluskattsinnheimtunni, að auka þar verulega fjölda starfsmanna til þess að tryggja það, að innheimtur söluskattur komi til skila.

Frá árinu 1956, sem var seinasta árið, sem smásöluskattur var í gildi, hef ég aflað mér upplýsinga, sem gefa það nokkuð til kynna, hversu skattur þessi getur komið misjafnt niður á rekstrarformum, t. d. í verzlun, ef eftirlit með skattskilunum er ekki stórlega aukið og betrumbætt frá því, sem nú er. Þá skeði það, að t. d. í Keflavík skilaði kaupfélagið þar á staðnum 158529 kr. í söluskatt, smásöluskatt, en allar aðrar verzlanir samtals skiluðu 211078 kr. Gjaldendur þessa smásöluskatts voru 43 og þar af 26 verzlanir. Kaupfélagið eitt greiddi nánast nærri jafnmikið og allir hinir gjaldendurnir samanlagt. Á Neskaupstað var útkoman sú, að kaupfélögin greiddu 89235 kr., á meðan kaupmannaverzlanirnar greiddu 37988 kr. Kaupfélögin eru þarna tvö að vísu. Mér er ekki kunnugt um fjölda einkaverzlana. Á Ísafirði borgaði kaupfélagið í söluskatt 186660 kr., en aðrar verzlanir guldu 461076 kr. Gjaldendur söluskatts þessa voru 50 aðilar, verzlanir og nokkur iðnfyrirtæki. Á Siglufirði borgaði kaupfélagið árið 1956 í söluskatt 75098 kr., en kaupmannaverzlanirnar á staðnum guldu 199737 kr. Tala þeirra verzlana, sem guldu þennan skatt, var 23. Á Akureyri var útkoman sú, að kaupfélagið greiddi 875760 kr. í söluskatt, en allar aðrar verzlanir á staðnum guldu samtals 831314 kr., eða þó nokkru lægri upphæð en kaupfélagið eitt. Á Ólafsfirði var útkoman sú, að kaupfélagið borgaði þar 33528 kr., en aðrar verzlanir á staðnum guldu 37806 kr. eða nánast sömu fjárhæð og kaupfélagið eitt. Á Húsavík galt kaupfélagið í söluskatt 1956 287812 kr., en aðrar verzlanir á staðnum guldu 49708 kr.

Ég hygg, að þeir, sem hafa kunnugleika á verzlunarháttum á þeim stöðum, sem ég hef verið að nefna hér sem dæmi, hljóti að sjá, að hér er eitthvað meira en lítið bogið við þau söluskattsskil, sem þarna hafa verið framkvæmd. Ég vil því leyfa mér til þess að reyna að tryggja það, að þeim söluskatti, sem innheimtur verður samkv. því frv., sem hér er til meðferðar, verði skilað, að flytja hér brtt. við ákvæði í 26. gr. frv. Ég hef skilað þessari brtt. til hæstv. forseta og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. mgr. 26. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú stendur sá, sem innheimt hefur söluskatt, eigi skil á honum í ríkissjóð, og varðar það þá refsingu samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga."

Það má vera, að í því frv., sem hér er til umræðu, sé ef til vill að finna heimild til þess að beita ákvæðum hegningarlaganna í tilfelli sem þessu, en á því leikur a. m. k. mikill vafi. Ég tel því rétt, að það komi hér skýrt fram, að þeir, sem uppvísir verða að því að halda eftir og skila ekki í ríkissjóð söluskatti, sem þeir hafa innheimt af almenningi, verði látnir sæta refsingu fyrir það, eins og um fjárdrátt væri að ræða, því að hér er að sjálfsögðu ekkert annað, sem skeður, en það, að sá, sem skilar ekki söluskatti, er að draga sér fé, sem ríkissjóður á. Ég hef alla tíð haldið, að það væri óeðlilegt, að sömu viðurlög giltu um brot á hinni almennu tekjuskattslöggjöf og löggjöfinni um söluskatt, því að á þeim er mikill eðlismunur og ástæða til þess að hafa viðurlögin enn þá þyngri í söluskattslöggjöfinni en löggjöfinni um tekju- og eignarskatt.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í umræðum um söluskattsfrv., við 1. umr., að það væri stefna ríkisstj. að draga úr þunga aðflutningsgjalda og beinna skatta, en auka í staðinn veltuskattana og þ. á m. söluskattinn. Hann lýsti þessu yfir sem stefnu ríkisstj., og verður maður því að ætla, að ráðherrar Alþfl. í ríkisstj. séu þessari stefnu samþykkir. Það er ekki óeðlilegt að heyra slíka yfirlýsingu frá talsmanni Sjálfstfl. Sjálfstæðismenn hafa verið og eru enn þá á móti því prinsipi í skattalöggjöf, að þeir, sem breiðu bökin hafa, beri þyngstu byrðarnar við þær álögur, sem nauðsynlegar eru bæjarfélögum og ríkissjóði til þess að standa undir sameiginlegum þörfum þjóðfélagsþegnanna. En hitt kemur mér spánskara fyrir, að Alþfl. sé nú orðinn svo gersamlega fráhverfur öllum sínum meiri háttar baráttumálum og stefnumálum frá fyrri tíð sem raun ber vitni um og þessi yfirlýsing hæstv. fjmrh. virðist gefa til kynna.

Menn vita, að tæknilegar nýjungar og breytingar eru á engu sviði jafnhraðar og örar og á hinu tæknilega sviði.

Samband ungra jafnaðarmanna hefur verið að halda að undanförnu fræðsluviku eða fræðsluerindaflokk, og ég held ég fari rétt með það, að einn af forustumönnum Alþfl. hafði þá framsögu um málefni, sem mig minnir að auglýst væri að héti: Jafnaðarstefnan

á atómöld. Með þessu virðist mér forustumenn Alþfl. vera að staðfesta og undirstrika þá ætlan Alþýðuflokksmanna, að raunverulega skuli þeir engin meginstefnumál hafa í neinu stóru máli, heldur skokka til með stefnuna frá degi til dags eftir því, hvernig vindurinn blæs í þjóðfélaginu. Að tala um einhverja sérstaka jafnaðarstefnu á atómöld hlýtur að þýða, að t. d. þegar vetnisöldin rennur upp, þá verður einhver allt önnur tegund af jafnaðarstefnu upp fundin og rekin af íslenzka Alþfl. Alþfl. hefur horfið frá því, sem var hans meginstefna fyrir nokkrum árum, að hagsmunum þjóðfélagsþegnanna væri bezt borgið með því, að hið opinbera ætti og ræki atvinnufyrirtækin í sem ríkustum mæli. Hann hefur fram til þessa verið talsmaður þeirrar stefnu í skattamálum, að eðlilegast væri, að þeir, sem breiðust bökin hefðu, greiddu mest til þjóðfélagsins. En hvoru tveggja þessara stefnumála ásamt fjölda annarra, sem þessi flokkur hefur haft í nokkur ár, á að henda fyrir róða, af því að við lifum á einhverri atómöld jafnaðarstefnunnar.

En í sambandi við þessa yfirlýsingu um að draga úr aðflutningsgjöldum og beinum sköttum hjá ríkinu, en auka í stað þess veltuskatta, vil ég aðeins segja þetta: Sérhver breyting í þessa átt, miðað við ástandið, eins og það er í dag, hlýtur að þýða, að launþegar og þeir, sem eru tekjulægri í þjóðfélaginu, hljóta í ríkara mæli en hingað til að standa undir þeim skattabyrðum, sem nauðsynlegt verður talið að innheimta til þjóðfélagsins á næstu árum. Sannleikurinn er sá, að beinu skattarnir til ríkisins hafa ekki verið stórkostlegir á almenningi nú hin síðustu árin. Ég vil aðeins nefna það, að vísitöluheimilið er talið hafa um 60900 kr. í brúttótekjur á ári. Einstaklingur, sem hefði þessar tekjur, mundi hafa goldið í tekjuskatt 3055 kr. Hjón, sem hefðu þessar tekjur, hefðu goldið í tekjuskatt 1838 kr. Hjón með einu barni, sem hefðu þessar tekjur, hefðu goldið 1445 kr. Hjón með tveim börnum, sem hefðu þessar tekjur, hefðu goldið 1111 kr. Hjón með þrjú börn hefðu goldið af þessum tekjum 411 kr., hjón með 4 börn hefðu goldið af þessum tekjum 290 kr. og hjón með 5 börn 183 kr. En hvað á að fara að gera nú? Það á að afnema þennan tekjuskatt á þessu fólki, en í staðinn á að leggja á það söluskattinn, sem verkar í þessu tilfelli algerlega þveröfugt við það, sem tekjuskatturinn gerir, af því að þeim mun fleiri börn sem hjón hafa á framfæri, þeim mun minni tekjuskatt greiða þau, en þeim mun hærri söluskatt verða þau að greiða. Það er þessi stefna í skattamálum, sem Alþfl. virðist nú hafa tekið upp á arma sína og berst fyrir af fullum krafti.

Ríkisstjórnir á Íslandi á undanförnum árum hafa í gegnum tollana náð stærstum hluta af tekjum sínum. Þær ríkisstjórnir, sem hafa sérstaklega viljað hlífa almenningi og þeim, sem lægri tekjur hafa, við sköttum, hvort sem það voru skattar á tekjur eða skattar á innfluttar vörur, þær hafa getað gert það með því að láta nauðsynjavarning vera undir lágum tollflokkum og lágum tekjuskattsstiga. Ef á að breyta um þessa stefnu, minnka verulega tekjur ríkissjóðs af tollum, en færa þær yfir í óbeina skatta eins og söluskattinn, þá þýðir það hreinlega, að launamenn og þeir, sem lægri tekjur hafa í þjóðfélaginu, axla meiri part skattaálagna ríkissjóðs með því móti heldur en áður var. Ég held því, að sú stefna hæstv. ríkisstj. að ætla að draga úr tollum og beinum sköttum, en auka í þess stað söluskattinn, hljóti að verða veruleg byrði á öllum launamönnum og almenningi í landinu, en geri það að verkum, að þeir, sem betur mega sín, og þeir, sem hafa tekjur af hvers kyns atvinnurekstri, sleppi enn betur en þeir hafa gert hingað til við að gjalda sinn hluta af þeim sköttum, sem nauðsynlegt er talið að innheimta hjá þjóðinni á hverjum tíma.

Þá finnst mér lítið samræmi í þeirri stefnuyfirlýsingu, að hvort tveggja sé hægt að gera, lækka beina skatta, eins og ríkisstj. segist ætla að gera, og að lækka tolla, því að í ræðu hæstv. fjmrh. kom það fram, að Íslendingar kepptu að því að gerast aðilar að einhverju af þeim tollabandalögum, sem nú eru að rísa upp í Vestur-Evrópu, en það þýðir, að við hljótum að lækka tolla verulega smátt og smátt gagnvart öðrum aðildarþjóðum tollabandalaganna, þannig að innan tíðar verði tollar ekki stór hluti af tekjum ríkissjóðs.

Það hefur verið deilt dálítið um það, að óeðlilegt væri að fela ráðh. jafnmikið vald til þess að ákveða ýmsa stóra þætti í sambandi við söluskattinn með reglugerð eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég viðurkenni, að því er þetta varðar, að allar þær heimildir, sem á að veita ráðh. í frv., eru ekki nýjar. Þær hafa áður verið í lögum, og er því ekki neitt nýtt við þær. Hitt er svo annað mál, hvort það sé æskilegt, að Alþingi afsali sér í jafnríkum mæli og ætlazt er til í þessu frv. valdi, sem raunverulega heyrir undir það. Ég get þó viðurkennt, að skattamálin og ekki kannske sízt söluskatturinn eru þess eðlis, að óhjákvæmilegt er, að ráðh. hafi vissar heimildir til vissra ráðstafana í sambandi við þau. En ég hygg, að Alþingi megi mjög gæta sín á því að hafa þetta sem stefnu. Meiri hl. hv. alþm. er nú nýbúinn að afsala sér valdi til þess að ráða vöxtum hjá öllum stofnlánasjóðum í landinu og samþykkja, að ákvörðun um það skuli heyra undir ríkisstj. eina og seðlabankastjórnina. Í umræðum um þetta mál benti ég á, ásamt fleirum, að ég teldi mjög óeðlilegt, að ríkisstj. hefði þetta vald, eins og allt er í pottinn búið, og ég vil enn endurtaka það, að ég tel, að með því valdi, sem hæstv. fjmrh. er ætlað í reglugerð um söluskatt, sé Alþingi að afsala sér valdi, sem það ætti ekki að gera í jafnríkum mæli og gert er ráð fyrir í löggjöfinni.

Hv. 3. þm. Austf. (EinS) flutti sína jómfrúræðu hér um daginn og flutti hana af miklum skörungsskap, og margir hafa orðið til þess að koma inn á hana í þeim umræðum, sem hér hafa orðið á eftir. Hv. þm. kvartaði þá mjög

m. a. undan því, að mjög illa hefði verið búið að einkarekstrinum í landinu á undanförnum árum, og talaði um, að framsóknarmenn og Framsfl. hefðu sérstaklega verið andvígir allri uppbyggingu og einkarekstri í landinu. Sérstaklega talaði hann um framsóknarmenn — og þá Eystein Jónsson aðallega — sem einhvern sérstakan skattpíningarstjóra. Ég vil ekki láta hjá líða að ræða þetta atriði.

Það hefur gegnum markvissan áróður ár eftir ár verið reynt að troða því inn í þjóðina, að Framsfl. væri einhver sérstakur flokkur beinna skatta og óhóflegrar skattaálagningar. E. t. v. eru einhverjir, sem hafa trúað þessu. Ég hélt nú satt að segja, að það þyrfti að gera annað og meira en skrifa um þetta í áróðursstíl eða hrópa það upp á mannamótum. Ég hélt, að þessi hv. þm. þekkti betur til raunveruleikans en svo, að hann tæki undir þennan ómelta áróður án þess að gagnrýna hann eitthvað dálitið með sjálfum sér og segja þá ekki alveg allt, sem hann sagði í jómfrúræðu sinni hér um daginn. Sannleikurinn er sá, að ýmsir af þeim nýju sköttum til ríkisins, sem lagðir hafa verið á, svo sem bæði tekjuskattsviðaukinn og stríðsgróðaskatturinn, eru ekki settir á af framsóknarmönnum eða þegar Eysteinn Jónsson hefur verið fjmrh. Báðir þessir skattar eru á lagðir, meðan Sjálfstfl. fór með fjármálastjórn í ríkinu, og það er fyrst eftir að Framsfl. tekur við stjórn fjármálanna, að þessir skattar eru afnumdir. Tekjuskattsviðaukinn er afnuminn á árinu 1956 og stríðsgróðaskatturinn árið 1957. Það verkar því sem hreinasta öfugmæli, þegar hv. þm. kemur hér upp og básúnast yfir því, að sá ráðh. eða sá þingflokkur, sem hefur á undanförnum árum verið að leggja niður ríkisskatta, sem hans eigin flokkur hefur verið að koma á, — að hann skuli tala um þann flokk og það meira að segja sem sérstakan skattpíningarflokk.

Þá tel ég líka, að það hljóti að vera dálitill holtónn í því, þegar hv. þm., sem ég met mikils og lít upp til fyrir dugnaðar sakir og framsýni, er að tala um, að stjórnvöldin hér á Íslandi á undanförnum árum hafi búið illa að einkarekstrinum. Ég hygg, að þetta sé eitt það stærsta öfugmæli, sem hægt sé að segja, og dæmin eru nú þau til, er sýna, að ríkisvaldið hefur ekki búið verr en það að einkarekstrinum, að einmitt hv. þm. hefur tekizt undir því skipulagi, sem hann hefur átt við að búa, og við þær ríkisstjórnir, sem hér hafa verið á undanförnum árum, að verða ríkasti maður á landinu. Hann einn á samkvæmt þeim reglum, sem giltu um skattmat eigna í sambandi við stóreignaskattinn, eignir, sem nema að ég held á milli þriðjungs og helmings eigna Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en í Sambandi ísl. samvinnufélaga munu vera á milli 30 og 40 þús. manna. Það er eðlilegt, að menn, sem hefur ekki verið verr búið að en þetta af hálfu ríkisvaldsins, þykist þess umkomnir að koma hér upp og tala um það í einhverjum sérstökum vandlætingartón, að ríkisvaldið hafi búið illa að einkarekstrinum í landinu og að Framsfl. hafi tekið sér sérstaklega fram um að drepa þann rekstur niður.

Ég vil benda á, að það er fyrir forgöngu ríkisvaldsins, að afurðalánin, sem mig minnir að hv. þm. segði í umræðunum að numið hefðu um ⅔ frekar en ¾ af verðmæti þeirra afurða, sem lánað er út á, eru til komin. Ég vil benda á, að í gegnum þá ríkisábyrgðapólitík, sem í gildi er, þó að hún sé verulega gölluð að mínu áliti, hefur einkarekstrinum tekizt að byggja upp stórvirk atvinnutæki um allt land. Ég vil benda á, að ríkisvaldið hefur hvað eftir annað hlaupið undir bagga, fyrst með ábyrgðum á fiskverðinu, þegar útflutningurinn gat ekki starfað við þau skilyrði, sem heimsmarkaðsverðið skapaði honum, síðan með ýmsum ráðstöfunum í efnahagsmálum, bátagjaldeyri, gengisfellingu og þar fram eftir götunum. Það hefur ekki sízt verið að hjálpa einkarekstrinum í landinu með þessu. Einkarekstrinn, eins og annar rekstur í landinu, hefur búið við veruleg skattfríðindi í sambandi við rúmar fyrningarafskriftir, sem ríkisstj. hafa beitt sér fyrir. Eigendur togara og skipa og fiskiðjuvera hafa fengið að afskrifa sín tæki um 20% á ári. Þegar svo þessi ágæti maður kemur hér og er að hamast út af því, að sérstaklega sé illa búið að einkarekstrinum í landinu, þá held ég, að hann meini það tæplega. Þetta er eins konar kosningaslagorð, sem sumir menn hafa og þykir hagkvæmt að nota á stórum kjósendafundum, en ég held, að hv. alþm. þekki of vel til þessara hluta til þess, að svona slagorð geti verkað mikið hjá þeim.

Út af ummælum 3. þm. Austf. vil ég benda á, að ég hygg, að einkarekstrinn í landinu hafi ekki búið við þyngri drápsklyfjar í formi skatta en svokölluð veltuútsvör eru, og ég held, að þrátt fyrir góðan vilja hjá hv. þm. til þess að kenna Framsfl. og framsóknarmönnum um alla beina skatta og jafnvel óbeina líka, þá ætla ég, að hann reyni ekki að telja, að Framsfl. eða framsóknarmenn hafi yfirleitt staðið að þeirri veltuútsvarsálagningu, sem átt hefur sér stað í hinum stærri bæjarfélögum hér á landinu og hefur satt að segja oft verið mjög mikil. Ég held, að hann geti við aðra sakazt um það en Framsfl. og framsóknarmenn.

Að síðustu vildi ég aðeins segja þetta: Það frv. til söluskattslaga, sem hér er verið að fá lögfest, er að sjálfsögðu aðeins einn liðurinn í efnahagsráðstöfunum þeim, sem nú er verið að framkvæma. Ég held, að ef af heiðarleik á að taka á þessum málum öllum, þá sé ekki neinn samanburður í þessu raunhæfur og ekki fáist nein niðurstaða úr þessu, nema öll sú löggjöf, sem búið er að setja og á eftir að setja í sambandi við efnahagsmálin, sé skoðuð sem ein heild, og þá verður það fyrir, sem ég tók fram í upphafi minnar ræðu, að neyzla og fjárfesting í landinu á á einu ári að minnka um á annan milljarð króna og neyzluvöruinnflutningur til landsins á á einu ári að lækka um 220 millj. kr., sé miðað við árið 1958 og

það gengi, sem þá var. Þessum álögum, sem hljóta einhvers staðar að koma niður, eiga launamenn að mæta með óbreyttu kaupgjaldi. Aukning á fjölskyldubótum og afnám lágs tekjuskatts hjá þessu fólki getur undir engum kringumstæðum brúað það bil, sem þarna verður, og ég hygg, að ef talsmenn ríkisstj. vilja skoða þetta niður í kjölinn og skýra hreinskilnislega frá staðreyndum, þá hljóti þeir að viðurkenna, að hér er verið að leggja á þá, sem kannske minnst efnin hafa á því að standa undir slíkum álögum, stórfelldar nýjar byrðar. Og spurningin er nú bara sú, hvort hér sé ekki of langt gengið. Það er haft eftir kunnum stjórnmálamanni, Disraeli, einum mesta stjórnmálaskörungi, sem hefur verið uppi í heiminum í gegnum aldirnar, að listin í stjórnmálum væri kannske ekki sú fyrst og fremst að vita, hvað væri rétt, hún væri miklu frekar sú að vita, hvað væri framkvæmanlegt á hverjum tíma. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi algerlega brotið þá reglu, sem þessi reyndi stjórnmálamaður gaf, í þessu tilfelli, með þeim efnahagsráðstöfunum, sem nú er verið að framkvæma og á eftir að framkvæma, því að sannarlega er boginn þar spenntur allt of hátt og áhættan, sem tekin er með þessum aðgerðum, er stærri en svo, að hún sé réttlætanleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 214) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Sigurðsson: Ég skal aðeins víkja fáeinum orðum að hv. 4. þm. Reykn. (JSk), síðasta ræðumanni hér, þar sem hann minntist á mig og afstöðu mína til skattamálanna og á, að Sjálfstfl. ætti mikinn þátt í þeim sköttum, sem nú væru. Ég vil segja það í þessu sambandi, að það er langt frá því, að ég álíti Sjálfstfl. nokkurn engil í skattamálum undanfarið. Hann átti þátt í því að leggja á fyrri stóreignaskattinn, og hann hefur fylgt hinum flokkunum í því að leggja á þunga skatta. En honum til afsökunar má segja, að hann hefur unnið með mönnum, sem hafa haft mjög slæmt hugarfar í skattamálum, og ég fullvissa hv. 4. þm. Reykn. um það, að ef hann hefði ekki oft og einatt þurft að taka upp samninga við þessa menn einmitt í skattamálum, þá væri þessum málum ekki jafnilla komið á Íslandi og raun ber vitni undanfarin ár, þó að nú sjái fyrir nokkurn bata.

Hann gerði mér þann heiður, hv. 4. þm. Reykn., að titla mig hér sem ríkasta mann landsins. Meðframbjóðandi minn á Austurlandi, hv. 4. þm. Austf. (LJós), gerði mér þann greiða og heiður að koma þessu á framfæri í Þjóðviljanum, og síðan hefur það gengið aftur í Þjóðviljanum og Tímanum á víxl, og nú er hv. 4. þm. Reykn. kominn með það inn í Alþingi. Það var sú tíð, að gaman þótti að vera ríkasti maður landsins eða vera ríkur, og því var iðulega skeytt við nafn manna hér áður fyrr, eins og Guðmundur ríki. En ræða eins og hjá hv. 4. þm. Reykn. og það, sem Þjóðviljinn og Tíminn hafa verið að segja í sambandi við þetta, lýsir vel hugarfari þeirra til eignarréttarins og borgaralegs þjóðfélags. Þeir eru að reyna að gera það að skammaryrði að vera ríkur. Það ætti þó að bera vott um, að sá maður, sem hefði komizt í álnir, kynni þó kannske að fara með fjármuni. Ég er ekki að segja, að ég kunni það, síður en svo. Og ég verð kannske að rífa það niður á eftir. En það er eins og sá, sem ekkert getur festst við, sé virðingarverðastur í þessu kommúnistíska hugarfari, sem birtist hjá þessum hv. 4. þm. Reykn. og kommúnistum í Þjóðviljanum.

Það var svo með þennan stóreignaskatt, sem hv. 4. þm. Reykn. byggir þessar fullyrðingar sínar á, að þar hefur ekki staðið steinn yfir steini. Því hefur verið svo gersamlega kollvarpað, að annað eins hefur ekki átt sér stað um nokkra lagasetningu á Íslandi. Þeim tókst í skattanefnd á sínum tíma að koma mér upp fyrir alla með stóreignaskattinn, — ég held það hafi verið á 5. millj., — en það voru falskar tölur. Það hrundi. Það hrundi að vísu ekki alveg til grunna, en það hrundi þó það, að skatturinn er nú víst ekki nema rúmlega fjórði hluti af því, sem þarna var. Að vísu voru þetta ekki allt saman leiðréttingar hjá skattanefnd, nokkru af því varð hæstiréttur landsins að hrinda. Svo vel var staðið að þessari löggjöf, sem ég hef haldið að hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hafi fyrst og fremst verið faðir að til þess að ofsækja einkaframtakið í landinu. Og það er þá ekki það fyrsta, þó að hv. 4. þm. Reykn. vilji láta liggja að öðru. Og þótt okkur hafi tekizt að byggja upp eitt og annað, er það ekki fyrir það, að ekki hafi verið reynt að bregða fyrir okkur fæti, fyrst og fremst af framsóknarmönnum, þessum mönnum, sem hafa viljað einkaframtakið feigt. Þeir ganga jafnvel lenga í þeim efnum en sjálfir kommúnistarnir, sem vilja fá annað þjóðskipulag. En það má vel vera, að framsóknarmenn hugsi sér líka annað þjóðskipulag, þegar allt væri orðið eintómur samvinnurekstur.

Nei, ef leggja ætti til grundvallar það, sem endanlega hefur verið ákveðið í sambandi við stóreignaskattinn og mig, mætti frekar deila á mig fyrir að vera með jafnmikið í veltunni og ég er án þess að eiga meira, en fyrir því hefur skattaokið og veltuútsvarið séð. Það hefur ekki verið hægt fyrir atvinnurekendur að byggja upp varasjóði. Það er e. t. v. að vakna einhver skilningur á því nú, og það var einmitt framsóknarmaður, sem hélt alveg prýðilega ræðu hér fyrir nokkrum dögum um þetta. Það var framsóknarþingmaðurinn hér í Reykjavík, og talaði hann alveg eins og úr mínu hjarta um þessi mál og veltuútsvarið. Það er sannarlega gleðiefni, að um hugarfarsbreytingu er að ræða, og ég vildi, að það næði til höfuðforingjans, að hann yrði fyrir hinum góðu straumum, því að ég vil segja, að þetta séu góðir straumar, það sé gott fyrir Íslendinga að geta byggt upp sterk atvinnufyrirtæki. En ef þessi skattur, svo að ég komi að því aftur, stóreignaskattur væri lagður til grundvallar fyrir eignum mínum, mundi ég ekki eiga nema sem svarar eins og skuldlausum mót-

orbát, eins og þeir kosta núna. Það er allt og sumt. Svona hefur verið búið að þeim mönnum, sem verið er að kalla ríkustu menn landsins. Nei, það þarf heldur áreiðanlega ekki að leita að ríkustu mönnum landsins í stétt útgerðarmanna, því hef ég ekki neina trú á. Ég skal svo ekki fara frekar út í að svara þessum hv. þm.

Ég vil ekki heldur lengja þennan fundartíma eða fundarsetu hv. þm. á laugardegi með óþarfamælgi í sambandi við hinn ræðumanninn, sem ég ætlaði að svara, hv. 2. þm. Austf. (HÁ). En ég get ekki komizt hjá að víkja að honum nokkrum orðum, þar sem hann vék að mér persónulega og brá mér um, að ég færi með ósannindi.

Honum hefur sviðið undan dæminu frá Hornafirði, sem ég nefndi hér um daginn. Auðvitað var það jafnsatt eins og ég stend hér í þessum ræðustól, og mér þykir furða, að hv. þm. skuli lýsa það ósannindi. Maðurinn, sem varð fyrir þessu, sagði mér þetta í öngum sínum, ekki af því að hann væri neitt að ráðast á kaupfélagið í sambandi við það, heldur bara að bera upp vandræði sín við mig. Það gæti verið, að hann yrði að leggja árar í bát með útgerð sína eða verkun á afla sínum og fiskkaup, eins og hann hefði stundað áður. Mér dettur ekki í hug, að hann hafi verið að ljúga því upp. En það er náttúrlega ósköp skiljanlegt, að hv. þm. reyni að bera þetta af kaupfélaginu. Ég sagði frá þessu á framboðsfundi fyrir austan í haustkosningunum, og það má vel vera, að það hafi komið góðu til leiðar, sem gæti komið fram í því, sem hv. þm. sagði um saltið. Hann átti ekki nógu sterk orð til þess að lýsa aðdáun sinni á því, að þessi blessaður maður skyldi nú fá salt hjá kaupfélaginu, en það lýsir samt sem áður viðhorfi hans til slíkra mála. Ég vildi óska þess í sambandi við Hornafjörð og Vopnafjörð, sem hér hefur borið á góma, að það megi verða sem mest samkeppni, því að ég trúi á, að það sé fólkinu fyrir beztu. En kaupfélagsveldið er víða mikið á Austurlandi, meira en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Ef til vill er ekki unnt fyrir hv. þm. að setja sig inn í, hversu geysilegt veldi þetta er og hversu einráð kaupfélögin eru á mörgum stöðum. Og því er ekki að leyna, að fólkið þar er hálfhrætt, það er hrætt við að missa atvinnu sína, ef það er ekki hæfilega hæverskt við hin voldugu fyrirtæki. Já, þetta er ekkert grín. En það koma kannske breyttir tímar og breytt viðhorf með því, að aðrir menn reyna að skapa einhverja samkeppni þarna. Það yrði þeim mönnum til góðs, sem standa fyrir þessum voldugu fyrirtækjum.

Ég ætla aðeins að nefna eitt lítið dæmi úr heimabyggð hv. þm., 2. þm. Austf., af því að það talar líka sínu máli. Hann sagði mér frá því, þegar hann sýndi okkur allt sitt veldi þarna á Vopnafirði, sem er mikið og á margan hátt myndarlega upp byggt, — þó að þar sé kannske ýmislegt, sem mætti deila á hann fyrir, t. d. eins og það, að hann hefur ekki starfrækt frystihúsið neitt undanfarin ár og öll útgerð farin þar í kaldakol undir hans handleiðslu, — hann sagði mér frá því, að allar útistandandi skuldir um áramót hefðu verið 30 þús. kr. Þið hv. þm. munduð ef til vill segja, að þetta bæri aðeins vott um, hversu mikill fjármálasnillingur hv. þm. er. En ég segi: Þetta ber vott um, hversu hart hefur verið gengið að þarna og hversu litlum skilningi hefur verið að mæta á uppbyggingu manna þarna. Þetta er nokkuð stórt verzlunarhérað. Ef ég man rétt, eru eitthvað um 1000 íbúar á kaupfélagssvæðinu, þó að ekki séu nema tæpir 400 á Vopnafirði. Það getur þó verið, að ég fari ekki alveg rétt með þessar tölur. En þetta sýnir, hversu kaupfélagið hefur lánað lítið til þess að hjálpa mönnum áfram. Og þó er þetta á stað, þar sem megnasta atvinnuleysi ríkir allan veturinn, þar sem engin útgerð er, og má nærri geta, hvort ekki má halda fast á til þess að sýna jafngott ástand hvað útistandandi skuldir snertir og þetta. Ég er viss um, að þetta er einsdæmi. Hv. þm. þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af fylgi Sjálfstfl. í Vopnafirði, það get ég sagt honum. Ég efast um, að flokkurinn hafi nokkurs staðar bætt meira við sig í síðustu kosningum en þar.

Framsfl. hefur verið alveg einráður í Norður-Múlasýslunni, og það hafa hvergi nokkurs staðar á landinu verið jafnlitlar framfarir eins og í Norður-Múlasýslu og kyrrstaða.

Almenningur hittir oft naglann vel á höfuðið. Í haust var nýbúið að segja brauðinu að Hofi í Vopnafirði lausu. Þetta var lengi talið bezta brauð landsins. Enginn prestur sótti um Hof. Og það voru að verða þarna læknaskipti. Héraðslæknirinn, sem var búinn að vera þarna í ein 20—30 ár, fullorðinn maður, gegn og góður, var að fara, og hann hafði sagt embættinu lausu. Enginn sótti. Þá sagði almenningur: Ætli kaupfélagið taki þetta ekki að sér hvort tveggja eins og allt annað.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að þessu sinni að fara hér langt út í deilur og sízt að fara að svara síðasta ræðumanni, því að ræða hans var svo mikið staðbundin, að mig brestur kunnugleik til þess að ræða þar um. En þó vil ég geta þess, að ég hef á Vopnafjörð komið og finnst sá staður mjög myndarlegur.

En ástæður til þess, að ég fór að kveðja mér hljóðs að þessu sinni, eru tvær fyrst og fremst. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að fyrst þarf að halda hér fundi á laugardögum, þá kynni ég betur við það, að það yrði ekki hlutverk okkar stjórnarandstöðumanna að halda þeim uppi. Þegar fundir hófust hér í dag, vantaði einn af þm. Framsfl., en það voru t. d. tveir af þm. Alþfl., og ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta þessarar deildar, sem hefur farið vel með sitt vald, að ef þarf að halda þeim síðum hér, að fundir séu á laugardögum, þá sé þess gætt, að menn mæti sæmilega, svo að það lendi ekki alltaf á sömu mönnunum að vera þar til kvaddir, þegar fundir eru á óvenjulegum tíma, hvort sem það er á nótt eða degi. Mér var sagt, að menn væru við sín störf, þegar ég spurði um þetta í dag. Ég hafði full-

komna þörf fyrir það að fara upp í Borgarnes og sinna þar mínum störfum um þessa helgi. Ég varð að vera hér um síðustu helgi og vinna bæði laugardag og sunnudag við afgreiðslu fjárlaga og gat þess vegna notað þessa helgi í mína þágu eins og þeir hv. þm., sem hér eru fjarverandi nú. Það má ekki minna vera, ef hæstv. ríkisstj. þarf að halda fundi á óvenjulegum tímum, en að hv. stjórnarsinnar séu mættir, a. m. k. á móts við okkur hina.

Þá ætla ég ekki að ræða frekar um það, en ég vildi svo spyrja um þetta: Það er gert ráð fyrir því samkv. þeim upplýsingum, sem við höfum fengið um þennan söluskatt, 3% söluskatt, að hann muni gefa 173 millj. kr., miðað við heilt ár. Nú er talað um, að fimmti hluti hans eigi að ganga til sveitarfélaganna. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um það: Þegar niður fellur sá hluti af innflutningssöluskattinum, sem talað er um að eigi að vera til bráðabirgða, hver á þá að verða hlutur sveitarfélaganna? Á það að verða ⅕ af þessum 3% skatti, sem gefur 173 millj. kr., þ. e. 37.4 millj.? Í öðru lagi, ef söluskattur í ár reynist meiri en 280 millj. kr., fá þá sveitarfélögin ⅕ af honum í heild eða þær 56 millj. kr., sem talað er um að þau eigi að fá? Það hefði verið mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði lofað hæstv. Alþingi að sjá framan í frv. um breytingar á jöfnunarsjóði og á öðrum þeim atriðum, sem að sveitarfélögunum snúa, áður en frá þessu máli yrði gengið hér á Alþingi. En fyrst það er nú ekki, vildi ég mega spyrja um þetta, hvort það sé sem sagt meiningin, að ef hinn skatturinn falli niður, þá verði 37.4 millj. kr., sem komi til sveitarfélaganna, og svo í öðru lagi, ef hann gefur meira en 280 millj. kr., fá þá sveitarfélögin ⅕ af því?

Um það, sem hér hefur verið drepið á, að þetta muni allt reynast hagnaður fyrir sveitarfélögin, ætla ég ekki mikið að fara að ræða að þessu sinni, enda þarf ekki að ræða það mál lengi við þá menn, sem eru jafnkunnugir málefnum sveitarfélaga og t. d. hæstv. fjmrh., hvort honum er það ekki fullkomlega ljóst, að það fylgir þeim aðgerðum, sem hér hafa verið gerðar í efnahagmálum og er verið að gera í efnahagsmálum, allmikill baggi til sveitarfélaganna, svo að dæmið er ekki uppgert. Hins vegar er það nú svo með þennan söluskatt og þær aðrar aðgerðir í efnahagsmálum, sem hér hafa verið á ferðinni, að mér sýnist, að það sé alltaf verið að gera það upp tekjumegin við almenning með sömu tölunum.

Þetta frv. um söluskatt er að því leyti merkilegt, að mér hafa sagt menn, sem hafa komið utan af landsbyggðinni, að það sé búið að senda þeim frv., svo að þeir geti kynnt sér það, því að það verði að lögum, áður en langur tími líði, og þess vegna sé gott, að þeir hafi það í sínum höndum. Það munu sennilega vera fá dæmi um það, að frv. sé sent frá Alþingi eða sent út um landsbyggðina eins og lög væru orðin.

Gunnar á Hlíðarenda svaraði Hallgerði, er hún neitaði um hárlokkinn forðum, með þessum orðum: Allir hafa sér til ágætis nokkuð. — Mér komu þessi orð í hug, þegar ég sá þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar. Hún er eins og Hallgerður, sjálfri sér samkvæm.

Í haust, í kosningunum, var talað um verðstöðvun. Framkvæmdin er óðaverðbólga. Það var talað um, að þetta skyldi gert án þess að leggja á nýja skatta. Framkvæmdin er daglegar álögur. Það var talað um, að ekki skyldi taka erlend lán, allra sízt til stutts tíma. Framkvæmdin: meiri lántökur en nokkru sinni fyrr til styttri tíma. Það var sagt: ekki er áformað að breyta núv. söluskatti af innflutningi. Framkvæmdin: söluskatturinn er meira en tvöfaldaður. Það var sagt: bætt lífskjör. Framkvæmdin: meiri kjaraskerðing en nokkru sinni fyrr.

Og þessu er haldið áfram, þó að það liggi fyrir, að ekki hafi verið þörf á þessum álögum, sem á almenning eru lagðar, heldur eru þær miðaðar við hina nýju stefnu í efnahagsmálum, sem nú er verið að koma á. Meðferð málsins er svo þannig, að málin eru tínd hér inn í hv. Alþingi, eitt og eitt mál í senn. Fyrst komu fjárlögin, þar næst efnahagsmálin, þau voru afgreidd, án þess að vitað væri þá um, hvernig söluskatturinn yrði, nú kemur söluskatturinn, þá er ekkert vitað um tekjuskattinn, hann verður auðvitað næst. Svo er talað um að breyta innflutningsverzluninni, það kemur svo eitt út af fyrir sig, og svo koma síðar breytingar á lögum um jöfnunarsjóð og annað viðvíkjandi þeim málum. Sem sé: það er verið að tína þetta, en það miðar allt í sömu áttina. Í hinni nýju stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum er þverbrotið allt, sem áður var fram tekið að hún mundi beita sér fyrir. Og svo þegar þeir hæstv. stjórnarliðar ræða um það, hvaða áhrif þetta hafi á almenning í landinu, þá á að bera það saman við það, sem hv. frsm. fjhn. ræddi hér um í ræðu sinni, þegar hann talaði fyrir efnahagsmálunum, — það átti að bera lífskjörin, sem nú yrðu eftir þessa breytingu, ekki saman við þau fölsku lífskjör, sem þjóðin býr við í dag og eru fengin að láni, eins og hann orðaði það, heldur þau lífskjör, ef ekkert væri hér að gert og hér væri óðaverðbólga, alger gjaldeyrisskortur og fjárhagslegt hrun. Þegar þetta er haft til samanburðar, þá er stefna ríkisstj. e. t. v. betri að dómi þeirra stjórnarliða, og þarf svo ekki fleira um það að ræða, hvernig hún er.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Austf. Hann vildi halda því fram, að með því að nefna dæmi, sem hann gat ekki hrakið, hefði ég verið að reyna að koma óorði á ríka menn í landinu, eins og hann orðaði það, og að það væri eitthvert skammaryrði að vera ríkur maður í landinu. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Sannleikurinn er sá, að stundum inn á mér, ef ég á að tala í fullri hreinskilni, öfunda ég þennan hv. þm. af hans ríkidæmi og þeim hæfileikum, sem hann óneitanlega hlýtur að hafa og sýna sig í því, að hann skuli hafa getað orðið svo ríkur. En ástæðan til þess, að ég nefndi þetta dæmi, var eingöngu sú, að ég taldi með því sannað, að það væri alrangt hjá

honum og meira en alrangt, — það væri sérstaklega vanþakklátt af honum að tala um það, að ríkisvaldið hefði á undanförnum árum ekki veitt einkarekstrinum í landinu alla þá aðstoð, sem frekast var hægt að krefjast af því. Sannleikurinn er sá, að ég tel, að ríkisvaldið sé orðið allt of flækt í allan atvinnurekstur í landinu, ég tel, að að skaðlausu mætti draga þar mjög úr. En það er bara ekkert samræmi í þeim hlutum, að sömu mennirnir eða sömu aðilarnir, sem kannske ár eftir ár róa í stjórnarráðinu, skuli svo samtímis vera að bölsótast út í öll þau afskipti, sem ríkið á að mínu áliti rétt á að hafa af einkarekstrinum og af öllum rekstri í landinu, fyrst það á annað borð er svona flækt í hann.

Það kom ekki fram í minni ræðu kalt hugarfar í garð efnamanna eða einkarekstrar í landinu. Í þessu tilfelli er bara á milli okkar hv. þm. mikill skoðanamunur. Ég tel, að ríkissjóður, eins og nú er í pottinn búið, — með allri þeirri geysilegu útgjaldalöggjöf, sem búið er að samþykkja hér á hv. Alþingi, og öllum þeim gífurlegu greiðslum, sem hann þarf að inna af hendi á mörgum sviðum: til fræðslumála, til heilbrigðismála, til utanríkisþjónustu og annars, að það sé augljóst, að hann þurfi að afla til þess arna verulegra tekna.

Hv. þm. sagði í ræðu hér í fyrradag, að söluskatturinn væri að sínu skapi, það væri eyðsluskattur. Hann kemur nefnilega þannig við, að hann leggst með fyllsta þunga á þær fjölskyldur í landinu, sem mesta barnamergðina hafa. Ég segi: Söluskatturinn er að vísu nauðsynlegur þáttur í tekjuöflunarkerfi ríkisins, en hann má ekki fara yfir visst mark. Ef hann gerir það án einhverra hliðarráðstafana, þá er verið að leggja of þunga byrði á launafólk og efnaminna fólkið í landinu til þess að hlífa þeim, sem ríkir eru og mega sín meira.

Hv. þm. sagði líka, að væntanlegt afnám veltuútsvars væri að sínu skapi. Já, það kemur hér fram sá skoðanaágreiningur, sem á milli okkar er í skattamálum. Ég tel, að atvinnureksturinn í landinu hljóti og verði að bera að sínu leyti þær byrðar, sem nauðsynlegar eru til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs og bæjarfélaganna. Ég tel undir engum kringumstæðum, að hægt sé að velta þeim byrðum að mestu leyti yfir á almenning og launamenn hér á landi. Það getur aldrei boðað neitt gott.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að lengja þessar umræður meira, en ég vil þó að lokum taka þetta fram: Ég held, að reynslan muni sýna það, að bæði beinir skattar og veltuskattar og skattar á atvinnurekstur séu nauðsynlegir til að halda uppi því ríkisbákni, sem við höfum nú í dag, og til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóður þarf að inna af hendi. Ég tel hins vegar, að beinir skattar eigi að vera þannig, að ekki sé gengið allt of nærri getu atvinnurekstrarins, ef hann telur rétt fram.

Það er ekki að marka, þó að dálítil andúð sé á beinum sköttum hér í landi nú, því að sannleikurinn er sá, að ef allt væri tíundað, þá er skattalöggjöfin — beina skattalöggjöfin — allt of ströng. Að mínu viti á að setja slíka skattalöggjöf, að hvorki almenningur né atvinnurekstrinn í landinu hafi of mikla tilhneigingu til þess að koma sér, ýmist á löglegan eða ólöglegan hátt, hjá því að greiða til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Og það er hægt að setja slíka tekjuskattslöggjöf. Það má ekki, þótt tekjuskattslöggjöfin hafi orðið fyrir mikilli krítík, alveg brotna undir þeirri krítík og hopa af hólmi, af því að það verður aldrei hægt til lengdar að afla þeirra tekna í ríkissjóð, sem nauðsynlegt er að gera, nema halda við að svo og svo miklu leyti beinum sköttum, bæði á atvinnurekstur og eins á einstaklinga.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. beindi til mín tveim fyrirspurnum.

Sú fyrri var um það, hvort hlutur jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna af innflutningssöluskattinum ætti að haldast lengur en út þetta ár. Eins og kunnugt er, þá er söluskatturinn samkvæmt þessu frv. tvenns konar. Annars vegar er hinn almenni 3% söluskattur í smásölu eða á síðasta stigi, og sá söluskattur er samkv. frv. ótímabundinn, gildir ekki aðeins fyrir þetta ár, heldur er gert ráð fyrir, að hann standi áfram. Af þessum hluta fær jöfnunarsjóður sveitarfélaga ⅙ hluta, og er það ákvæði að sjálfsögðu einnig ótímabundið. Að hinu leytinu eru svo ákvæði til bráðabirgða um innflutningssöluskatt, 8%, og segir í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta: „Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1960 skal greiða 8% af tollverði" o. s. frv. „Af þessum viðbótarskatti skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga." Þetta ákvæði stendur að sjálfsögðu ekki lengur en viðbótarskatturinn er í gildi. M. ö. o.: þetta frv. gerir ráð fyrir, að viðbótarskatturinn gildi til ársloka, til loka þessa árs, og þá hluti jöfnunarsjóðs af honum jafnlengi. Þegar Alþingi kemur saman í haust, verður það svo að taka ákvörðun um, hvað við tekur, þegar þessi viðbótarinnflutningssöluskattur fellur úr gildi, og þá kemur það atriði að sjálfsögðu til athugunar, hver verður hlutur jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna af því.

Í öðru lagi spurði hv. 3. þm. Vesturl., hvernig færi um greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, ef söluskatturinn færi fram úr áætlun, þ. e. a. s. yrði hærri samtals en þær 280 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Því er til að svara, að jöfnunarsjóður sveitarfélaganna á að fá fimmta hluta af söluskattinum, hvort sem hann verður hærri eða lægri en þessi áætlun segir til um.

Björn Fr. Björnsson. Herra forseti. Á framboðsfundi í haust í mínu kjördæmi, Suðurlandskjördæmi, bar hv. 3. þm. Austf. (EinS) á góma, og sérstaklega þegar komið var til Vestmannaeyja. Þá fengum við, sem vorum ókunnugir í Vestmannaeyjum, og við sveitamennirnir, sem erum ókunnugir útgerðinni nema af afspurn, að vita það, að þessi hv. þm. hefði fyrst færzt verulega efnahagslega í auk-

ana á dögum vinstri stjórnarinnar, og virtust þeir mörgu, sem á hlýddu þessar upplýsingar, gera ráð fyrir því, að þetta væri ekki fjarri marki skotið. Og ég átti tal við nokkra Vestmanneyinga, útgerðarmenn, sem töldu sig hafa þá sögu að segja, að þeim hefði ekki í annan tíma betur vegnað í sínum útvegsmálum en einmitt í ríkisstjórnartíð hinna þriggja vinstri flokka. Þóttu mér því ummæli hv. 3. þm. Austf. vera nokkuð fjarri lagi, þegar hann kvað upp sinn dóm á hendur vinstri stjórninni, og þótti sem hann hefði mátt kveða upp öllu mildari dóm, sem væntanlega hefði þá verið réttmætari að því er hann og hans starf varðaði. Mér þótti rétt að skjóta þessu fram, því að þetta varpar líka nokkru ljósi á það málefni, sem rætt hefur verið nokkuð undanfarið og hv. 3. þm. Austf. kom fram með. En hann um það, hvern dóm hann kveður upp á hendur vinstri stjórninni.

En svo kom hann að þeirri stjórn, sem nú ríkir hér í þessu landi. Hafði hann margt út á hennar gerðir að setja, svo að mér þótti með nokkrum ólíkindum, en sérstaklega taldi hann skaðsamlega þá stefnu ríkisstj., sem felst í vaxtapólitíkinni og væntanlegum samdrætti lána til útvegsins. En þrátt fyrir þennan kvíða hans og óhug varðandi þennan þátt í stefnu hæstv. ríkisstj. taldi hann það bezt ráðið að taka inn þetta, sem hann kallaði lyf, þó að bragðvont væri, í þeirri von, að ekki væri það eitur, og hann bað sér til hjálpar æðri máttarvöld og sínum flokki til þess að komast hamingjusamlega yfir áhrif þessarar inntöku.

Þá veittist hann að samvinnufélögunum, og hefur því verið rækilega svarað hér af samflokksþingmanni mínum, hv. 2. þm. Austf., og þarf ég ekki við að bæta, nema að því leyti, að ég vil upplýsa hv. þm. um það, að þar sem ég þekki til í byggðum þessa lands, hafa samvinnufélögin verið frá fyrstu tíð og fram á þennan dag hin mesta lyftistöng að því er varðar efnaleg kjör alls almennings, og fylgi almennings einmitt við samvinnufélögin kemur til af því, hversu fólkið, hversu almenningur finnur vel til þess, að þessi félagsskapur, samvinnufélögin, hefur unnið vel að því setta marki að bæta lífskjör fólksins, og ég þekki ekki mörg dæmi þess, að einstakir athafnamenn hafi sett sig niður úti á landi til þess að vinna við hliðina á samvinnufélögunum að bættum hag fólksins.

Ég veit miklu fremur, og þekki enda mörg dæmi þess, að ýmsir athafnamenn áður fyrr fóru brott af landsbyggðinni og þangað, sem betur byrjaði, til þess að þjóna því marki einkaframtaksins að safna gróða í eigin hendur án tillits til almennings og hagsmuna hans, og þetta veit ég að hv. þm. hefur nokkra hugmynd um og mun læra betur, þegar hann fer að kynnast málefnum á Austurlandi, ef það á fyrir honum að liggja að liggja nokkuð við festar í því kjördæmi.

Hæstv. fjmrh. gat þess í framsöguræðu sinni um fjárlög, held ég það hafi verið, að íslenzka þjóðin hefði í efnahagslegu tilliti verið nokkurs konar sjúklingur um, að því er mér skildist, nokkurra áratuga skeið. Þetta kom okkur, sem hlustuðum úti í sveitinni á þessa ræðu, nokkuð spánskt fyrir sjónir, a. m. k. þar sem ég þekki til, því að þar er ekki betur vitað en verið hafi hið öflugasta framfaratímabil og í raun og veru muni þess minnzt einmitt fyrir sakir glæsileiks, sem hefur verið kennimerki þessa tímabils, undanfarinna tveggja áratuga a. m. k. og þó lengur. Þarna var þá sjúklingurinn kominn, og nú var honum elnuð svo sóttin, að það var verkefni hæstv. ríkisstj. á næstu árum að eiga við hann uppi á skurðarborði, og var gert ráð fyrir því, að það tæki nokkurn tíma. En það var enginn efi um það í ræðu hæstvirts ráðherra, að sjúklingurinn mundi komast nokkurn veginn klakklaust yfir þessa aðgerð. Þegar miðað er við þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur nú í frammi, þá má gera ráð fyrir því, að hafi þjóðin í efnahagslegum málum sínum verið sjúklingur undanfarin 20—30 ár, þá verði hún fyrr en varir að dauða komin, ef svo vindur fram sem nú horfir, og það mál, sem er hér á gómum í dag, söluskattsfrv., er einmitt eitt atriði í þeirri stefnu, sem ríkisstj. í öndverðu hefur markað sér, að herða að þjóðinni á ýmsa lund, og er æ betur að koma fram með hverjum degi sem líður.

Hæstv. fjmrh. var á nokkuð þunnum ís staddur að minni hyggju, þegar hann hélt því fram á dögunum, að þegar söluskatturinn væri kominn í fulla framkvæmd, mundi allur almenningur í þessu landi í raun og veru græða á því, að söluskatturinn væri á lagður, þannig að í fljótu bragði gæti maður ætlað það, að því hærri sem söluskatturinn væri, mundi fólkið og þá sérstaklega vísitölufólkið græða á þessum skatti því meir.

Hæstv. fjmrh. er kunnur að því að kunna að beita rökum og gera það stundum á þann veg, að hann geti nokkuð um vélað eða hagrætt máli þannig, að fólkið trúi því, sem hann segir. Nú er ég ekki að lýsa því yfir, að svo sé ætíð, heldur þegar hann vill það við hafa, þá er hann ekki ólíklegur til þess að geta nokkuð vélað um í sinni röksemdaleiðslu. En það hygg ég, að í þessu efni hafi hann skotið nokkuð yfir markið, og mun þjóðin og þ. á m. vísitölufjölskyldan finna það, þegar söluskatturinn er kominn í fullan gang.

Eins og ég sagði áðan, er frv. það, sem hér liggur fyrir og fjallar um söluskatt, einn liður af mörgum í efnahagsaðgerðum ríkisstj. og verður að sjálfsögðu að skoðast með hliðsjón af því. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að þetta frv., ef að lögum verður, færi ríkissjóði auknar tekjur í stórum stíl, og mun þannig ríkisstj. bæta verulegum þunga ofan á fyrri álögur í sambandi við efnahagsaðgerðirnar á allan almenning og þó hækkar allt í meðförum og í höndum ríkisstj. Hún er, ef má svo að orði komast, bókstaflega í álagaham, sem ekki er að vita, hvenær af kann að falla. En vist eru það frómar óskir okkar stjórnarandstæðinga og meginþorra fólks í þessu landi, að sá hamur megi af henni falla sem fyrst. Fyrri loforð og yfirlýsingar um stefnu hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna sýnast vera utan

og ofan við allar sýnilegar aðgerðir, þegar til framkvæmda er gengið, og svo er einnig í þessu máli. Frá því, sem upphaflega var boðað, mun söluskatturinn samkvæmt þessu frv. hækka um 100—200 millj. kr., eftir því sem séð verður bezt. En hvað sem því líður, eru þessi efnahagsmál ríkisstj. keyrð áfram og munu verða keyrð áfram, og þau sýna í raun og veru og sanna, um hve gersamlegan snarsnúning verður að ræða í lífsafkomu þjóðarinnar, þegar þær allar eru komnar fram. Og ríkisstj. keyrir það fram án þess að taka hið minnsta tillit til fyrirheita sinna og fyrri loforða, sem gefin voru fyrir tvennar kosningar á liðnu ári, og án þess að sinna hið minnsta hóflegum fortölum og vel rökstuddum málflutningi stjórnarandstæðinga. Og það er leitt til þess að vita, sem er nú, að því er bezt sýnist, að koma fram, að auðhyggjumenn innan stjórnarflokkanna virðast hafa náð fullkomnum undirtökum og hinir gætnari menn og gegnari þessara sömu flokka mega sín þar miður. Er það sannarlega illa farið, og það væri vissulega þegar mál til komið, að hin betri og gætnari öflin taki í taumana nú þegar, áður en algerlega er út í ófæruna komið og allt stendur fast.

Allur almenningur til sjávar og sveita sér nú glögglega, að efnahagsráðstafanirnar, sem stjórnarflokkarnir standa nú fyrir, stefna þvert á hagsmuni almennings. Almenningur veit ofur vel, þó að núv. forustumenn stjórnarflokkanna sýnist ekki hafa nægilega ljósa hugmynd þar um, að á síðustu árum hafa orðið stórstígar og það verulega stórstígar framkvæmdir í landinu og allsherjar viðreisn átt sér stað í efnahag fólksins og ytri kjörum yfirleitt. Þessi þróun í efnahagsmálunum að því er varðar almenning hefur byggzt á þeirri uppbyggingarstefnu, sem haldið hefur verið fram undir forustu Framsfl. undanfarna áratugi. Hún hefur að verulegu leyti, þessi uppbyggingarstefna, sem við köllum svo og er réttnefni, verið studd af löggjöf svo og margháttuðum öðrum aðgerðum af einmitt opinberri hálfu, og alveg sérstaklega og eðlilega hafa atvinnuvegir til lands og sjávar verið styrktir með fjárframlögum úr ríkissjóði, stofnlánasjóðir margvíslegir myndaðir og til þeirra aflað fjármagns, svo sem auðið var á hverjum tíma, og einnig aflað fjármagns erlendis frá í formi lána. Allt hefur þetta verið gert í því skyni að efla framleiðsluna og styrkja framtak dugandi fólks, sem síðan hefur átt sinn þátt í bættum lífskjörum. Stóriðjufyrirtæki af mörgu tagi, áburðarverksmiðja, sementsverksmiðja, raforkustöðvar um land allt, stórar og smáar, ásamt dreifingarkerfi rafmagns, hvers kyns vinnslustöðvar atvinnuveganna og stórfellt átak í byggingarmálefnum bæja og sveita og ræktunarmálum, allt er þetta auðsær vitnisburður um þá efnahagsstefnu, sem áður hefur verið haldið uppi og fylgt af sífellt auknum krafti og stórhug og að sjálfsögðu í óbilugri trú á vaxtarmöguleika þjóðarinnar í efnahagslegu tilliti og í óbilugri trú á þá miklu, ónýttu orku, sem fólgin er í íslenzkri mold og öðrum auðsuppsprettum, sem sannarlega má virkja og á að virkja til nauðsynlegrar öflunar gæða þess lífs, sem þjóðin getur sem bezt lifað, ef vel er á haldið. Og getum við svo okkur að skaðlausu kastað í dag þessari trú á framtíðina og hlaupizt frá þeirri glæsilegu og skýrt afmörkuðu stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarna áratugi? Nei, og við megum ekki gera það okkur að skaðlausu og getum ekki.

Uppbyggingarstarfið verður að halda áfram. Allir þeir, sem hugað hafa að því, hversu fyrr á tímum voru kröpp kjör alls þorra fólks í landi okkar, hve fátækt og atvinnuleysi þrúguðu þjóðina, hljóta að mótmæla stefnubreytingu þeirri, sem nú er í aðsigi og raunhæfari verður og auðsærri með hverjum degi sem líður. Við, sem erum miðaldra og eldri, munum við ekki tíma hinna skuggalegu framtíðarhorfa unga fólksins og hvernig var að því kreppt um hagstæð og hugstæð störf, aukna menntun og yfirleitt um þroskamöguleika og bættan efnahag? Þessa tíma vill sjálfsagt enginn, sem til þekkir af eigin reynd, leiða aftur yfir þjóðina. Það eru þessir tímar, sem nú í dag eru kallaðir hinir gömlu, góðu tímar. Það eru tímarnir fyrir árið 1927. Saga hinna mögru ára Íslands hlýtur að vekja miður ánægjulegar endurminningar hjá öllum góðum mönnum og gegnum og verða þannig þeim áminning um það að veita öflugt viðnám, þegar örfáir auðhyggjumenn hyggjast taka völd af hyggnari og betri mönnum innan flokka sinna og koma almenningi í úlfakreppu erfiðleika fjárhagslega og atvinnulega, sem eigi sýnist betur en að sé stefnt með efnahagslöggjöf þeirri hinni nýju, sem sífellt er verið að prjóna við dag hvern, sem líður.

Hin nýja stefna er í raun og veru ekkert annað en ódulbúin eða ógrímuklædd íhalds- og afturhaldsstefna, sem sannarlega á sína sögu í þessu þjóðfélagi og við eigum að kunna glögg skil á og á að vera okkur til varnaðar. Vissulega er þessi stefna m. a. á þá lund að draga saman fé í landinu og koma því á tiltölulega lítinn blett í hinu stóra landi okkar, svo að fjármagnið komist inn undir einráðavaldsvið auðgæðinga stjórnarflokkanna. Jafnvægi byggðarinnar verður að sjálfsögðu ekki þá lengur um að tala, og öllum almenningi munu hverfa þeir fjármunir, sem honum eru nauðsynlegir til sæmilegs lífsframdráttar, og dýrtíðin magnast meir en nokkru sinni fyrr, og enginn fær séð, hversu skaðsamlegar afleiðingar verða þar af. Hin stórkostlega gengisfelling, vaxtahækkun og nú söluskattur harkalegri en nokkurn mátti gruna, öllu er þessu steypt yfir þjóðina án nokkurrar tillitssemi við þann almenning, sem helzt á við að búa og sízt má við því, að dýrtíðaröldur skelli á honum meiri en orðið hefur. Og það er síður en svo, að fólkið í landinu hafi verið spurt um það, hvort því léki hugur á slíkri kollsteypu í efnahagsmálum sínum. Það hefði þó sýnzt vera rétt að farið að kveðja þjóðina til álitsgerðar og fyrirsagnar í slíku stórmáli. Henni var ekki við tvennar kosningar á s. l. ári tjáð um þessa fyrirhuguðu breytingu á

öllu efnahagskerfinu. Þá þögðu stjórnarflokkarnir núverandi þunnu hljóði um, að þessi bylting væri í vændum, en boðuðu hins vegar í ákafa allt aðra stefnu. Og þá stefnu tóku margir landsmenn undir, einmitt margir þeirra, sem nú mega stjarfaðir sig ekki hræra af undrun og kvíða yfir byltingar- og kollsteypupólitík stjórnarflokkanna, sem rekin er af hinum mesta dugnaði nú þessa daga hér í þinginu.

Sjálfstfl. lagði fram svo hljóðandi kosningastefnuskrá í kosningunum á s. l. ári m. a.: Stöðvun verðbólgunnar, jafnvægi í þjóðarbúskap, stéttafriður, uppbygging atvinnuveganna, hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi, aukin framleiðsla og loks — og eðlilega af þessu öllu saman — bætt lífskjör. — Þetta var stefnan.

Alþfl. boðaði þessa stefnu: Alþfl. vill halda niðri verðlagi og kaupgjaldi til að hindra dýrtíðarskrúfu, halda atvinnuvegunum vel gangandi, afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra skatta og afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra sérstakra byrða á almenning.

Nú er það orðið ljóst í dag, að af þessum stefnuskrám og þessum gefnu loforðum stendur í raun og veru ekki steinn yfir steini, nema þetta eitt: kaupgjald launamanna og bænda mun standa í stað, ef það þá hvort tveggja ekki raunverulega lækkar verulega, sem helzt má þó við búast í þessum ægilegu efnahagssviptingum, og yrði þá nákvæmlega ekkert eftir af hinum gefnu loforðum.

Það, sem ég hef hér drepið á, er byggt á óhug mínum og fjölda annarra um framtíðarhag alls almennings í landinu, ef hin nýja stjórnarstefna fær óhindrað að verka. Mig tekur það nokkuð sárt að vita af Alþfl. sem bakhjarli og boðara í þessum aðgerðum. Ég man vel þá tíma, þegar Alþfl., þótt fáa ætti hann formælendur hér í þingi og jafnvel utan þings, hafði ekki síður stefnuskrá heldur en nú. Og ég man það vel, að Alþfl. tókst á þeim árum að vinna vel að þeirri glæsilegu stefnuskrá, og ég man enn fremur, að Framsfl. stóð við hlið Alþfl. á þeirri tíð og þeir hjálpuðust að við að koma fram hinum þýðingarmestu hagsmunamálum almennings í þessu landi, bæði til sjávar og sveita. Ég man eftir baráttunni fyrir vökulögunum, baráttunni fyrir því að koma upp byggingum yfir alþýðufólk í landinu. Við munum eftir baráttunni fyrir breyttri löggjöf í sambandi við landbúnaðinn og afurðir hans, sem var komið á 1935, að mig minnir, og þau voru fjölmörg fleiri, mál almennings, sem Alþfl. tók þá vel undir og átti sinn þátt í að komið var fram. Alþfl. átti sinn þátt í því að lyfta alþýðu í þessu landi upp á hærra stig. Þá átti Alþfl. fjölmarga hugsjónamenn, sem báru eldmóð í brjósti sér, voru dugmiklir og vildu vinna að því að koma málunum fram og gerðu það. Með hliðsjón af þessu finnst mér það ömurleg örlög, hvernig er komið fyrir honum í dag, að þurfa nú að hljóta það hlutskipti að vinna að því baki brotnu dag með nóttu að koma á íhaldsstefnu í þjóðfélaginu og afturhaldsstefnu, þeirri stefnu, sem á að kreppa að því fólki, sem Alþfl. vildi á fyrri tíð vinna svo vel fyrir. En um þetta tjáir ekki að sakast nú sem stendur.

Ég ætlaði mér að ræða aðeins lítillega efnahagsaðgerðirnar í sambandi við landbúnaðinn, rétt taka fram örfá atriði, og ætla þó að stytta mál mitt, því að liðið er nokkuð á dag.

Það er auðsætt hverjum sem íhugar, að landbúnaðurinn mun verða mjög illa úti í þessum hörðu sviptingum í efnahagsmálunum, og það er að koma fram með hverjum degi sem líður. Afleiðing hinnar nýju stjórnarstefnu hlýtur að verða þessi fyrir hinar dreifðu byggðir m. a.: Opinberar framkvæmdir lamast mjög, vegaframlög og brúa minnka að sjálfsögðu með hliðsjón af hinni miklu dýrtíð, rafmagnsmálunum verður væntanlega illa fyrir komið og erfitt að koma þeim fram og ég tala nú ekki um af þeim krafti, sem verið hefur á undanförnum árum. Samvinnufélögum og öðrum hagsmunasamtökum almennings er settur mjög stóll fyrir dyr í eðlilegum fyrirgreiðslum um vörukaup, vörusölu og aðstoð við framkvæmdir einstaklinganna. Samdráttur verður í búskap á öllum sviðum sakir dýrtíðarinnar, og dregið verður svo smám saman af þessum sökum úr athafnalöngun og framfaravilja, og auk þess á að draga beinlínis fjármagn úr sveitunum og flytja það til þéttbýlisins, þar sem auðmennirnir eru einráðir um úthlutun fjármagnsins, og loks veldur þetta því, að flótti úr sveitunum verður meiri en nokkru sinni fyrr. Þetta er alveg auðsætt, ef ekki verður við spyrnt.

Er þetta þá sú leið til bættra lífskjara, sem boðuð var á stjórnmálafundum fyrir kosningar á s. l. ári?

Ég minnist þess, að einn höfuðleiðtogi sjálfstæðismanna í Suðurlandskjördæmi, hæstv. landbrh., sagði fyrir haustkosningarnar, á fundum öllum og í útvarpi, á þessa leið, eftir því sem Morgunblaðið hafði eftir honum:

„Bændur munu ekki láta blekkjast af áróðri Framsfl. Bændur þekktu orsakir erfiðleika landbúnaðarins um þessar mundir, er væru hinir þungu framsóknarskattar á öllum rekstrarvörum landbúnaðarins og nauðsynjum hans frá vorinu 1958.“

Og þessi ræðumaður, hæstv. landbrh., sagði líka: „En bændur hér vita og vita vel, að þeirra hlutur verður ekki réttur, fyrr en Sjálfstfl. fær forustuna í landbúnaðarmálum og létt er af framsóknarsköttunum.“ Þetta var höfuðinntakið í ræðum þessa hæstv. ráðherra á s. l. ári fyrir kosningar.

Ef við berum nú saman þessi orð ráðh. við það, sem hann er nú í óða önn að framkvæma, þá sjá allir, jafnvel þeir, sem ekki vilja sjá, að hér skýtur nokkuð skökku við, og ég satt að segja vorkenni því fólki, því marga fólki, sem hefur látið blekkjast til fylgis við þennan málstað, sem var boðaður af hæstv. ráðh., og fær svo þetta í staðinn. Ég tel, að því góða fólki hefði mátt hlotnast annað hlutskipti og betra og átt það skilið. Og ég sé ekki betur en hæstv. landbrh. sé í allverulegri hættu staddur, ef hann reynir nú ekki að vinna að því

að bæta nokkuð fyrir það, sem er að verða í þessum efnum, og koma í veg fyrir það, að landbúnaðinum verði þrýst niður á það lága plan, sem sýnist munu verða, ef svo vindur fram sem nú horfir. Ég hef ekki heyrt neitt um það, að bæta eigi þá geysilegu hækkun, sem verður á ýmsum útgjöldum í sambandi við rekstur bænda. Það er búið að lýsa hér í hv. d., hversu t. d. höfuðnauðsynleg tæki landbúnaðarins eins og dráttarvélar hækka ofboðslega fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar, og þá hækkar ekki síður rekstrarvara eins og fóðurbætir og áburður. Hafi verið nóg að gert 1958 með aðgerðum þeim, sem fram fóru þá um vorið, hvað þá nú í dag?

Það er auðsætt, að meðalhækkun á rekstrarvörum landbúnaðarins og nauðsynjum hans yfirleitt vegna efnahagslöggjafarinnar verður frá 50 og upp í 70—75% og jafnvel meira, þegar söluskatturinn er tekinn að verka.

Var nú ástæða til þess að leggja þessi ósköp öll á almenning í landinu? má spyrja. Var ekki hægt að fara einhverja aðra leið, eða var ástandið orðið svona illt eftir árið 1959? Sannarlega mála stjórnarflokkarnir fjandann á vegginn til þess að fá fremur til liðs við sig fólkið, og þeir skýra frá því, að ástandið sé svo alvarlegt, að það þurfi þessara stórkostlegu hluta með, enda spara stjórnarflokkarnir ekki áróðurinn um hina lélegu efnahagsafkomu þjóðarinnar. En í október s. l. skýrði einn ráðherrann frá því, að kalla mætti, að endar næðu saman hjá ríkissjóði og útflutningssjóði. Hæstv. núv. forsrh. sagði einum og hálfum mánuði síðar, að það mundi vanta um 200, jafnvel 250 millj. kr., til þess að endar næðu saman hjá þessum aðilum, ríkissjóði og útflutningssjóði, sem færu með tekjur og gjöld þjóðarheildarinnar. Ef það væri rétt, að það hefði ekki vantað meira, — nú skortir að vísu upplýsingar að ýmsu leyti um þann halla, sem á átti að vera, við skulum segja, að hann hafi verið um 250 millj. kr., — þá er það ljóst, að söluskattshækkunin ein gat orkað með þeim hætti, að útflutningssjóður hefði fengið nægilegt til þess að geta orðið rekinn eins og áður hafði verið. En um leið mátti svo hefja umræður og undirbúning að víðtæku samstarfi sem flestra stjórnmálaflokka um lausn á framtíðarverkefnum, og í raun og veru var þetta leiðin, sem átti að fara og hefði ábyggilega fengið þjóðarfylgi, ef farin hefði verið.

Um söluskattsfrv., sem hér liggur fyrir, eitt út af fyrir sig hef ég verið fáorður og einstakar greinar þess, enda ber á það að líta sem einn lið í hinu nýja efnahagskerfi. En það er alviðurkennt og verður engan veginn undan því komizt að álíta, að söluskatturinn sé sú skattálagningaraðferð, sem harðast kemur niður á öllum almenningi og bitnar þó hvað mest á þeim, sem sízt hafa greiðslubolmagnið. En hins vegar má þó segja, að slík álagningaraðferð eða innheimta skatts geti orðið afsökuð, ef koma á með henni í veg fyrir stórfellda gengislækkun eða annan fjárhagslegan ófarnað, þegar í óefni er komið. En því var síður en svo til að dreifa nú. Hér fer því hvort tveggja saman, stórfelldari söluskattsálagning en hingað til hefur þekkzt og gengisfelling af stærstu gerð. Og sem fylgihnöttur skefjalausra álaga af völdum gengislækkunar á söluskatturinn í því formi og í því efni, sem hér liggur fyrir, engan rétt á sér og er fráleitur að minni hyggju.

Það má geta þess, — og ég vil gera það, — að nokkur hluti af þessum væntanlega söluskatti á að ganga til sveitar- og bæjarfélaga, og mundi nú sýnast vera eini ljósgeislinn í öllum þessum sorta. Og víst er það og rétt, að ekki mun sveitar- og bæjarfélögum veita af tekjum og auknum tekjustofnum. En það er alls ekki vitað, hvernig á að úthluta þessu fé, sem svo mjög er rakað saman af almenningi, og það er engin ástæða til þess að fylgja þessari tekjuöflun til bæjar- og sveitarfélaga, meðan öldungis er óvíst um meðferð og úthlutun fjárins, — það er höfuðatriði að sjálfsögðu, — og auk þess er í raun og veru fjarri lagi að ætla það, að útsvör lækki, svo að nokkru verulegu nemi, fyrir þetta ákvæði, því að vitanlega vegna dýrtíðarinnar hækka útgjöld bæjar- og sveitarfélaga stórum, þannig að aukin útgjöld af völdum efnahagsráðstafananna verka þannig, að þó að eitthvað komi inn af söluskatti til bæjar- og sveitarfélaga, þá gerir það ekki meira en vega upp á móti hinum auknu útgjöldum.

Efni þessa frv., sem hefur verið mjög rætt í einstökum greinum og óþarfi er að ræða frekar og ég mun ekki gera nánar, það er þannig, að ég tel, að gera verði gangskör að því að koma í veg fyrir, að það fái að verka í framkvæmd, eins og í pottinn er búið. Að gera brtt. sýnist alveg út í hött, því að það sýnast engar líkur fyrir því, þó að slíkar till. væru bornar fram og ærin ástæða til að bera þær fram, að þær fengjust samþykktar hér á hv. Alþingi. Og allur undirbúningur að þessu máli sýnist vera allhlaupkenndur og með — ef svo má orða það — fyrstastigsyfirbragði, enda byggt á bráðabirgðatill. þeirrar n., sem undirbúa skyldi. Þannig er frv. að minni hyggju bæði að efni og formi þess eðlis, að það kemur ekki til mála, að það nái fram að ganga, eins og efnahagsmálum er nú komið. Frv. er ómakleg og að mínu áliti ónauðsynleg skattaherferð á efnahagsafkomu almennings, — almennings, sem þegar hefur verið að þrengt óhóflega með öðrum efnahagsaðgerðum. Og það verður sannarlega erfitt verk og sennilega mjög langsótt að leiðrétta þá efnahagsskekkju, sem hér hefur verið knúin fram á hv. Alþingi, á þeim stutta tíma, sem það hefur setið að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 193, n. 210 og 212, 211, 214).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:12 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19:8 atkv.

Brtt. 211,1 samþ. með 25 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 211,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 211,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 211,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 211,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 24:3 atkv.
18.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
20.—25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 214 tekin aftur til 3. umr.
26.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, a-liður, samþ. með 21:14 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, b—e-liðir, samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, EinS, JR, JóhH.

nei: ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj.

2 þm. (GíslG, RH) fjarstaddir.

Á 52. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 216, n. 218, 217).

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér við 2. umr. og nál. mitt kemur þess vegna allseint og hefur ekki verið útbýtt fyrr en nú. Það hefur nú þegar verið rætt allmikið, bæði í hv. Ed. og hér, um alla hina fjármálalegu hlið þessa máls, og það, sem ég vil þess vegna aðallega gera að umtalsefni við þessa umr. málsins, er tvennt. Það er í fyrsta lagi sú stefna, sem í þessu frv. felst gagnvart alþýðu manna, frá sjónarhóli hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ríkisstj. er nýbúin að fá það fram á Alþingi, að sjálfkrafa vísitala á kaupgjald hefur verið afnumin, þannig að sú hækkun, sem verður á vöruverði, jafnt á brýnustu lífsnauðsynjum sem öðrum, kemur ekki lengur sjálfkrafa fram sem hækkun á kaupi. Hingað til hefur það verið svo, að einmitt hvað snerti það, sem var lífsnauðsyn manna fyrir stríð, fiskur, kartöflur, mjólk, kjöt og annað slíkt, allt saman þetta vó ákaflega sterkt í þeirri gömlu vísitölu. Og meðan svo var og meðan hver sú ríkisstj., sem að völdum sat í landinu, hafði þess vegna nokkurt aðhald um, að hún vildi ekki láta verðvísitöluna, framfærsluvísitöluna, hækka mjög mikið og dýrtíðina í landinu verða mikla og af því leiða verðbólgu, þá hafði ríkisstj. ætíð sérstakt aðhald sökum þessarar sjálfkrafa vísitölu á kaupgjald með að hækka ekki brýnustu lífsnauðsynjar almennings. Meðan hin gamla vísitala frá 1939 var í gildi og þessi ákvæði, sem verið hafa nú í upp undir 20 ár, að reikna vísitölu á kaupgjald, þá var þess vegna reynt að hlutast svo til um allar verðhækkanir, þegar þær fóru fram, — sem, eins og hv. þm. vita, hafa verið miklar á þessu 20 ára tímabili, — þá var ætíð reynt að hlutast svo til um, að frekar væru tollar eða aðrar álögur lagðar á þær vörur, sem voru ekki eins knýjandi lífsnauðsyn hjá alþýðu manna, til þess að framkalla þannig ekki meiri verðbólgu en óhjákvæmilegt væri. Það mátti segja með þessu móti, að það yrði svo að segja regla ríkisstjórnanna að skekkja þannig vísitöluna, falsa hana jafnvel og hún sýndi ekki rétta mynd þess vegna af því, hvernig um lífskjörin væri í landinu, ef litið var frá sjónarmiði landsbúa almennt. En einn kost hafði þetta ætíð. Þetta hafði þann kost, að lífsnauðsynjar hins fátæka manns voru ekki hækkaðar í verði. Þeir, sem höfðu úr minnstu að spila, gátu verið öruggir um, að því, sem þeir þurftu nauðsynlegast, fiskinum, brauðinu, kartöflunum og öðru slíku, væri haldið niðri. Þeir, sem áttu einhverja peninga á sparisjóði, eitthvað lítið, gátu verið vissir um það, að verðgildi þessara peninga hélzt í hlutfalli við þessar brýnustu lífsnauðsynjar.

Hvað er nú það fyrsta, sem við rekum okkur á, eftir að þessi vísitala hefur verið afnumin? Í fyrra var látið svo heita, þegar lögin 1. febr. voru sett, að nú væri verið að leiðrétta vísitöluna, nú ætti hún að verða rétt mynd af þeirri neyzlu, sem sá almenni launþegi byggi við í landinu, og brennivín og sitt hvað eina var tekið þarna mjög samvizkusamlega inn í með. En ekki var fyrr búið að gera þetta og sníða vísitöluna við það, sem þótti gefa rétta mynd af þeim lífskjörum, sem þjóðin byggi við, en vísitalan sjálf var afnumin sem mælikvarði. Og þetta þýðir um leið, eins og við sjáum á þessum söluskatti og öðrum þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar, að það er ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur, það er hækkað almennt verð á öllum vörum, þannig að brýnustu lífsnauðsynjarnar eru hvað sízt undan skildar. Og þetta er beinlínis stefna, sem hæstv. ríkisstjórn tekur upp, stefna, sem er framkvæmd tillitslaust og harðvítugt. Það var rætt um það við 1. umr. málsins og minnzt á það í fjhn., hvort það væri nokkur leið að fá undanþegin þarna einstök atriði, eins og fisk eða annað slíkt, og var ekki við komandi, og þótt till. muni koma fram um það, hefur maður ekki sérstaklega mikla von um, að tillit til slíks verði tekið.

En það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst. Það eru nú líklega ekki nema 60—70 ár síðan fyrstu tollar voru lagðir á á Íslandi, og var þá jafnan sagt af miklum fjármálamönnum, sem þó greiddu atkv. á móti þeim tollum, að þeir gerðu það vegna þess, að svo framarlega sem byrjað væri á því, jafnvel þó að byrjað væri bara með toll á brennivíni, þá mundi það enda með því, að það yrði hver einasta lífsnauðsyn, sem almenningur þyrfti að nota, tollur. Sú er nú orðin leiðin, og hér er nú gengið lengra í slíku en nokkurn tíma hefur verið gert áður, hver einasta brýnasta

lífsnauðsyn daglegs lífs, sem aldrei hefur verið tolluð fyrr, er nú tolllögð. Þess vegna verða þessi söluskattslög í sínu eðli allt öðruvísi en öll þau lög um söluskatt, sem við höfum búið við í meira en áratug í mismunandi formi.

Þegar sá gamli söluskattur, sem stundum hefur verið kallaður „sá illræmdi söluskattur", var settur á, þá var það gert í alveg sérstökum tilgangi, sem sé til þess að tryggja fé handa útgerðinni, bæta mönnum upp fiskverð, sem var tryggt sjómönnum og útvegsmönnum, og til þess að greiða niður dýrtíðina. Og þennan söluskatt, sem þá var á lagður, fékk alþýða manna upp bættan. Að svo miklu leyti sem brýnustu lífsnauðsynjar, sem fyrir stríð komu inn í vísitöluna, hækkuðu, þá hækkaði kaup almennings. M. ö. o.: allan þann illræmda söluskatt, sem menn hafa orðið að búa við í 10—12 ár, hafa menn fengið einhverjar bætur fyrir, sérstaklega alþýða manna. Þessi söluskattur er lagður á bótalaust. Menn fá ekkert. Hann er aðeins neftollur, nefskattur, sem á er lagður. Og alþýða manna verður að bera hann, ef hún gripur ekki til annarra sérstakra ráðstafana, án þess að fá sjálfkrafa þær uppbætur, sem hingað til hafa gerzt með vísitölunni. Þetta er það, sem gerir þennan söluskatt áreiðanlega óvinsælasta söluskattinn, sem nokkurn tíma hefur verið leiddur í lög á Íslandi. Og hann hefur þau einkenni hinna verstu nefskatta að lenda einmitt þyngst á þeim, sem sízt mega við því. Og á sama tíma er svo sú stefna boðuð, eins og var af hæstv. fjmrh., að það skuli lækka hina beinu skatta, þá skatta, sem alltaf hafa verið réttlátastir frá því sjónarmiði, að þeir komu þó þyngra niður á þeim, sem meira höfðu að miðla, og þess vegna er auðséð, í hvaða átt er stefnt með þessum álögum.

Það er vitað mál, að svona stefna um skattaálögur er ekki aðeins óréttlát og ill, heldur er hún líka óviturleg, og þeir valdhafar, sem knýja hana fram, eru furðu óraunsæir. Það er engin von til þess, að alþýða manna muni sætta sig við svona árásir án þess að svara, hún muni sætta sig við það, að svona sé af henni tekið, eins og gert er nú með þessum bótalausa söluskatti og með þeim ráðstöfunum, sem hann fylgir í kjölfarið á, gengislækkuninni. Þess vegna mundi Alþingi firra þjóðina miklum vandræðum með því að fella þetta frv., með því að stemma á að ósi, með því að segja við ríkisstj. nú: Þessi braut, sem þú ferð út á, er svo ranglát, svo ill, svo óraunhæf og óviturleg, að það er bezt að stöðvast nú þegar, áður en þetta hefur valdið þjóðfélaginu miklum vandræðum og efnt til flokkadrátta og harðvítugrar innanlandsbaráttu. Þess vegna er það, að mín till. er, að þetta frv. sé fellt. Ef ríkisstj. kærði sig um að leita annarra ráða, þá er ég reiðubúinn að benda á þau. Það er mikill gróði skapaður í þessu þjóðfélagi, og það fer mikið í eyðslu í okkar þjóðfélagi vegna skipulagsleysis, og það er lítill vandi, bæði í sambandi við sjálfan þjóðarbúskapinn og meira að segja ríkisbúskapinn, að spara svo að hundruðum millj. kr. skiptir, í stað þess að fara að leggja bótalausan söluskatt á brýnustu lífsnauðsynjar almennings. Meira að segja ríkisstofnanir hafa svo að skiptir tugum milljóna króna í gróða, sem aldrei rennur þó til ríkissjóðs, þannig að þær eru meira að segja í vandræðum oft og tíðum með að reyna að fela þetta, því að þær kunna ekki við að sýna það. Ég á þar við suma bankana. Þar að auki er vitanlegt, að gífurlegur gróði safnast fyrir hjá voldugum auðhringum í þjóðfélaginu, eins og t. d. olíufélögunum, enda vitanlegt, að hann hefur verið svo mikill, að þau hafa neyðzt til þess sum hver að reyna að koma honum fyrir erlendis til þess að láta ekki bera allt of mikið á honum hér heima. Það er þess vegna engum efa bundið, að það er hægt að finna nóg, ef farið er í — ja, músarholurnar var það kallað einu sinni, og Alþingi yrði engin skotaskuld úr að benda ríkisstj. á betri, réttlátari, viturlegri og raunsærri álögur en þær, sem lagt er til að fara út í með þessum söluskatti.

Ég skal svo láta útrætt um þá hlið þessa máls, sem snýr að íslenzkri alþýðu og þeirri árás, sem með þessum söluskattslögum er á hana gerð og hennar lífskjör, en víkja að öðru.

Mér sýnist það greinilegt eftir orðum hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, að þessi lög um söluskatt eru ekki einvörðungu hugsuð sem sérstök ný eða gömul — endurnýjuð, skulum við segja, tekjuöflunaraðferð fyrir ríkissjóð. Þau eru hugsuð sem ný stefna, ný almenn stefna um skattheimtu á Íslandi. Hingað til hafa skattar á Íslandi fyrst og fremst verið tvenns konar. Þeir hafa verið tollar á hinar ýmsu vörur, sérstaklega aðfluttar, og svo á nokkrar innlendar, með allt öðrum hætti hins vegar og eftir öðrum reglum, og í öðru lagi beinir skattar, hlutfallslegir eftir tekjum manna og eignum. Hins vegar fannst mér það liggja í orðum hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, að söluskattsfrv. það, sem hér liggur fyrir, væri þáttur í nýrri stefnu, sem ætti að taka upp á Íslandi. Hann fór ekki mörgum orðum um þetta, en nægum til þess að sýna, enda sýndu þau orðaskipti, sem áttu sér stað á milli okkar, að þar var á bak við þrauthugsuð stefna hjá hæstv. ráðherra. Þessi orðaskipti sýndu og ummæli hæstv. fjmrh., að það átti í fyrsta lagi að fara að hverfa burt frá hinum beinu sköttum, hverfa meira og meira burt frá því að leggja því hærri tekjuskatta á menn og félög, því meira sem þau græddu, eða haga sér á sama hátt hvað eignir snertir. En jafnframt kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að einnig tollarnir, sem verið hafa aðaltekjustofninn fyrir íslenzka ríkið, þyrftu að fara að breytast, ekki vegna þess að ríkisstj. áliti, að lokssins væri alþýða manna orðin svo langþreytt á tollum, að það dygði ekki að bjóða henni tolla lengur, nei, heldur af hinu, að það væri verið að undirbúa inngöngu Íslands í fríverzlunarsvæði, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, eitthvert fríverzlunarsvæði, og eins og hann nefndi seinna, helzt ef þau yrðu sameinuð, þau tvö, sem nú er aðallega um að ræða í Vestur- og Norður-Evrópu, þá þyrfti að undirbúa inngöngu Íslands í fríverzlunarsvæðin. Við vitum,

að á fríverzlunarsvæðunum er það svo, að það er samningur á milli þjóðanna um að lækka gagnkvæmt tollana, m. ö. o. stefna í áttina til þess kerfis, sem var um miðja 19. öld, þegar tollar voru yfirleitt ákaflega lágir eða jafnvel ekki til og þegar hin ýmsu þjóðlönd, sérstaklega þau, sem á eftir voru í sinni iðnaðarþróun, tóku að skapa sér tolla og tollmúra, jafnvel ekki fyrst og fremst sem tekjuöflun fyrir sinn ríkissjóð, heldur sem vernd til þess að koma upp sínum innlenda iðnaði, eins og þegar Þýzkaland fyrir tæpum 100 árum byrjaði á sínum tollasamböndum, þau mörgu þýzku ríki, sem þá voru, til þess að byrja þannig að vernda sig á móti þeim volduga, sterka enska iðnaði, sem alls staðar barðist fyrir fríverzlun, vegna þess að hann var svo sterkur, að með fríverzlun treysti hann sér til þess að halda niðri iðnaði allra annarra landa og einoka markaðinn í þeim löndum fyrir sig. M. ö. o.: þegar sú stefna skýtur nú upp kollinum hjá hæstv. fjmrh., að það skuli jafnvel fara að stefna að því að auka ekki tolla á Íslandi, jafnvel lækka þá, en taka upp söluskatt sem stefnu og kerfi í staðinn, þá er það þáttur í því, að Ísland eigi að gerast aðili að einhverju fríverzlunarsvæði. Þau lönd, sem slíkt fríverzlunarsvæði mynda, eru á vissan hátt að afsala sér hluta af sínu efnahagslega sjálfstæði. Það er engum efa bundið fyrir hvern, sem með því hefur fylgzt, að þegar tollakerfið, hvað sem annars má um tolla segja, þegar tollamúrarnir eru reistir, t. d. 1866 af mörgum þýzkum ríkjum sameiginlega, þá er það þáttur í sjálfstæðisbaráttu Þýzkalands og sameiningu Þýzkalands, fjárhagsleg ráðstöfun borgarastéttarinnar í Þýzkalandi til þess að geta reist innan þessara tollamúra sterkan þýzkan iðnað, sem geti barizt við þann brezka.

Þegar verið er að ræða nú um fríverzlunarsvæði, verið er að ræða um það að reisa sameiginlega tollamúra máske fyrir sex lönd eða máske fyrir sjö lönd, en að þessi þjóðlönd innan þessara tollamúra smám saman lækki og brjóti niður þá tollamúra, sem voru á milli þeirra, og gerist þannig raunverulega eitt sameiginlegt, sterkt tollaríki með vel vörðum landamærum, tollmúrum út á við, þá þýðir þetta, að innan slíks fríverzlunarbandalags verða þeir auðhringar, þær stóriðjusamsteypur, sem sterkastar eru, enn þá risavaxnari og öflugri en áður, vegna þess að þær fá enn þá stærri og meiri markað sem vettvang og eflast þannig að auð og völdum, en troða að sama skapi niður þá smáu, sem áður voru í þessum þjóðlöndum, smáfyrirtækin. Það má vera, að gömul, rík nýlenduveldi á meginlandi Evrópu geti hugsað sem svo, að eitthvað af þeirra fyrirtækjum bjargist af, þegar þau sameinist svona. Jafnvel smáríki eins og Holland hafa svo lengi arðrænt aðrar þjóðir heims, að þar eru risnir upp hringar, sem í samsteypu með brezku auðmagni eru með voldugustu hringum heims, eins og t. d. Unilever-hringurinn, sem við höfum oft fengið að kenna á, eða Shell, þessir gömlu kunningjar okkar, og þessi ríki og borgarastétt þessara ríkja getur þess vegna vel hugsað sér, að þessir hringar þeirra haldi sjálfstæði sínu og valdi sem hollenzkir eða ensk-hollenzkir hringar. En fyrir Ísland er enginn slíkur möguleiki til. Fyrir Ísland er hvorki til slíkt fjármagn hjá einstaklingum né ríkinu né þjóðin svo stór, að í fríverzlunarsvæði gætum við, jafnvel þótt við vildum státa af því, að við héldum okkar þjóðlega sjálfstæði innan slíks kerfis, svo framarlega sem einhver auðhringur hjá okkur væri nægilega voldugur til að bjóða hinum byrginn, — við gætum ekki státað af neinu slíku. Sé Ísland innlimað í eitthvert slíkt fríverzlunarsvæði, þá er úti um okkar efnahagslega sjálfstæði. Ísland getur aðeins haldið sínu efnahagslega sjálfstæði með því að ráða sjálft algerlega sinni utanríkisverzlun, ekki aðeins hvað snertir viðskipti, heldur einnig hvað snertir tollamúra. Okkar litli íslenzki iðnaður, bæði sá, sem við eigum nú, og sá, sem við þurfum að koma hér upp í framtíðinni, verður þess eðlis, að ef við ætlum að halda honum sem íslenzkum iðnaði, hvaða aðilar sem kunna að eiga hann hér innanlands, þá þurfum við alltaf á því að halda, að ríkið geti með tollmúrum verndað hann. Það hefur engin þjóð í Evrópu komið upp sínum iðnaði og sízt af öllu stóriðju án þess að taka ríkisvaldið í sína þjónustu með tollmúrum og jafnvel fleiri ráðstöfunum til þess að vernda iðnaðinn, a. m. k. meðan hann væri nýgræðingur, og tryggja þannig sjálfstæði hans og tilveru. Og því meira sem stóriðja hefur þróazt og tæknin tekið þeim gífurlegu framförum, sem heimta svo mikinn stórrekstur, því greinilegra er það, að engin von er fyrir land eins og Ísland, land, sem með nýlendukúguninni, sem við vorum beittir, var haldið burt af þeirri þróunarbraut, sem lönd í Vestur-Evrópu og Norður-Evrópu hafa gengið, — það er engin von til þess, að við getum skapað okkur þann iðnað, sem við höfum alla orku og alla möguleika til, öðruvísi en við stöndum einir og óháðir í þessum efnum og leggjum áherzlu á að skapa slíkan iðnað sem íslenzkan iðnað, sem Íslendingar ráða yfir, en innlimum ekki okkar land í stórt efnahagskerfi annarra ríkja, hvaða ríki svo sem um væri að ræða, heldur höldum okkar efnahagslega sjálfstæði og neytum allra þeirra færa, sem við höfum, til að koma okkar ár sem bezt fyrir borð, hvar sem er í veröldinni.

Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess, að mér heyrðist á ræðu hæstv. fjmrh., að þetta frv., sem hér liggur fyrir um söluskatt, sé raunverulega yfirlýsing um nýja stefnu, sem upp skuli taka, um leið og hverfa skuli meira og meira frá beinum sköttum, tekjuskattinum og öðru slíku, og tollum. Það er eftirtektarvert, að það er hvorki lagt til að hækka nú gífurlega tolla á ýmsum ónauðsynlegasta varningnum né taka á honum einkasölu fyrir ríkið, þannig að það mætti ná tekjum ríkissjóðs þannig, heldur að leggja á almennan söluskatt, sem kemur jafnt niður á öllu, hinum brýnustu nauðsynjum og hinum ónauðsynlegasta lúxus. Hingað til hefur alltaf verið sagt af hálfu allra fjmrh., sem lagt hafa fram till. um söluskatt,

að þetta væri einhver ill nauðsyn og einhver góður tilgangur, eins og dýrtíðarsjóðurinn 1948, ætti að gera það þolanlegt, að menn gripu nú til þessa slæma verks. Nú aftur á móti virðist það vera yfirlýsing hæstv. ríkisstj., að söluskatturinn sé stefna, sem eigi að miða við í framtíðinni, vegna þess að í framtíðinni muni Ísland ekki þora að beita þeirri aðferð að hækka t. d. tolla á ýmsum erlendum varningi, vegna þess að Ísland væri of bundið erlendum þjóðum með samningum til þess að mega gera slíkt, og þess vegna sé eina ráðið, sem Ísland hefur, að leggja almennan söluskatt á alla mögulega hluti og að öllum líkindum meir og meir söluskatt í sjálfri smásölunni, sem lendir á öllu, því að það er náttúrlega gefið um söluskatt á þá innfluttu vöru, svo mikið sem hann hefur fram yfir, samanborið við hinn söluskattinn, að það er náttúrlega hægt að umskíra alla tolla í söluskatt á innfluttar vörur, þannig að ef Ísland væri búið að binda sig samningum við önnur ríki, þá mundi það a. m. k. varla ganga til frambúðar, jafnvel þó að einhvern tíma væri hægt að beita því. Ég vil vekja eftirtekt á þessu, vegna þess að mér sýnist, að ef ekki er tekið þannig undireins í þessa stefnu, sem hæstv. fjmrh. nú hefur tilkynnt og mér satt að segja fannst eins og gloprast upp úr honum, en hann ætlaði ekki beinlínis að gera að höfuðatriði, — ég held, að það sé nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst, að ef menn ekki stöðvi þennan söluskatt nú þegar, þá sé voði þarna yfirvofandi. Það er sem sé ekki aðeins með þessu frv. verið að leggja út í hatramma árás á lífskjör íslenzkrar alþýðu og tolla hennar brýnustu nauðsynjar. Það er líka verið, að líkindum í samræmi við þær kröfur, sem hæstv. ríkisstj. veit að auðvald Vestur-Evrópu mun gera til hennar, ef á að fara að semja meira um fríverzlunarsvæði og innlimun Íslands í það, þá er verið að feta inn á svo að segja nýja braut hvað þetta snertir, hvað eðli þessa skatts snertir í íslenzkum fjármálum.

Þetta frv. um söluskatt er því ekki aðeins harðvítugar álögur á almenning, bótalausar og ranglátar, heldur líka tilkynning um stefnu, sem ríkisstj. ætli að taka upp, að innlima Ísland í efnahagskerfi vestur-evrópska auðvaldsins, en gefast upp við þá stefnu, sem Ísland hefur reynt að fylgja, frá því að það varð lýðveldi, að reyna að halda sínu efnahagslega sjálfstæði, byggja okkar land upp eingöngu með hagsmunasjónarmið þjóðarinnar sjálfrar fyrir augum og með hverjum þeim aðferðum, hvað villutrúarkenndar frá hagfræðilegu sjónarmiði sem mönnum kynni að finnast þær, sem henta Íslandi í hvert sinn. Það er því till. mín, að þetta frv. verði fellt, og ef það yrði gert, þá skyldi ég m. a. vera reiðubúinn til þess að koma fram með till. um, á hvern hátt ætti að taka þær tekjur í ríkissjóð, sem kynni þar að vanta, þótt hitt sé slæmt til að vita, að hæstv. ríkisstj. skuli vera búin með gengislækkunarlögunum að stórskemma alla möguleika í slíku efni svo gífurlega, að hún verður með þessum söluskatti að leggja á þjóðina hærri álögur en allar þær álögur, sem hæstv. forsrh. sjálfur áleit að væri nauðsynlegt að leggja á þjóðina, áður en gengislækkunarlögin voru framkvæmd. Það er því tillaga mín, að frv. sé fellt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. um frv. lét ég þess getið, að ég mundi taka til athugunar fyrir 3. umr. að flytja einhverjar brtt. við það. Við höfum nú leyft okkur, ég og hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Norðurl. v., að leggja fram brtt., sem eru í prentun, en ekki komnar enn til útbýtingar í d. Verð ég því fyrir okkar hönd að leggja þessar brtt. fram skriflegar og fara fram á við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þeim, þannig að þær geti komið hér til meðferðar.

Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir þessum brtt. okkar. Brtt. eru við 6. og 17. gr. frv.

Við 6. gr. eru þrjár brtt. Í fyrsta lagi till. um það, að kjöt og fiskur verði undanþegið söluskatti eins og nýmjólk. Það er sannarlega langt gengið að ætla að skattleggja þessar almennu neyzluvörur, sem öll heimili landsins nota allan ársins hring á hverjum degi. Við leggjum til, að 2. tölul. 6. gr. orðist þannig: „Nýmjólk, kjöt og fiskur, nema um veitingasölu sé að ræða.“

Þá er önnur brtt. við sömu frvgr., að á eftir 12. tölul. komi nýr tölul., þannig: „Dráttarvélar (traktorar) og aðrar heyvinnuvélar.“ Í þessu felst það, að þessi nauðsynlegu tæki til landbúnaðarins verði undanþegin söluskatti á sama hátt og ýmsar þær vörur, sem taldar eru upp í 6. gr. Ég hef áður í umræðum um þetta frv. skýrt frá því, hve geysimikil verðhækkun verður á nauðsynlegum vélum og tækjum, bæði vegna gengisbreyt. og einnig söluskattsins, sem hér er verið að fjalla um. Þessar vélar eru nauðsynlegar fyrir bændurna. Það er ekki hægt nú á tímum að reka landbúnað nema hafa þessi tæki. Það er þegar allmikið til af þeim í landinu. Þó munu þau heimili allmörg vera í sveitum, sem hafa ekki dráttarvélar og þurfa vitanlega eins og önnur að fá þær. Einnig má á það benda, að þetta eru tæki, sem ganga úr sér, og þess vegna þarf árlega að flytja inn allmikið af slíkum vélum til endurnýjunar fyrir þær, sem ónothæfar verða. Og sé um það að ræða, að menn, sem áður hafa stundað aðra atvinnu, hefji búskap, þá þurfa þeir vitanlega að ná sér í slík tæki. Við leggjum til, að þessi tæki verði undanþegin söluskattinum.

Þá er í þriðja lagi lagt til, að síðari málsgr. 6. gr. orðist þannig: „Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.“ Eins og mgr. er orðuð nú í frv., er þar aðeins um að ræða heimild til að endurgreiða þetta, en við teljum rétt, að það sé ákveðið í l., að söluskattur af þessu sé endurgreiddur.

Þá er brtt. við 17. gr. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir svo: „Undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum eru vörur þær, sem 2. gr. toll-

skrárlaganna tekur til, einnig viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis og flugvélavarahlutir.“ Við leggjum til, að við þessa mgr. bætist: „enn fremur dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar, svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands.“ Þetta er í samræmi við brtt. okkar við 6. gr. frv.

Í bráðabirgðaákvæði frv. er gert ráð fyrir því, að innheimta skuli til viðbótar 7% söluskatti samkv. 17. gr. 8% af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10%, eins og þar segir, og síðan segir, að ákvæði III. kafla l. skuli gilda um þennan viðbótarskatt. Við lítum svo á, að það leiði af sjálfu sér, að ef samþ. verður brtt. okkar við 17. gr. um að undanþiggja þær vélar, sem þar eru nefndar, 7% gjaldinu, þá muni þær líka verða undanþegnar þessu viðbótargjaldi, vegna þess að í bráðabirgðaákvæðinu segir, að þetta skuli vera til viðbótar 7% söluskattinum og að ákvæði III. kafla l. skuli gilda um þennan viðbótarskatt. Verði því ákveðið í III. kafla l. að undanþiggja þessar vélar 7% skattinum, þá gildir samkv. þessu það sama um viðbótarskattinn, hann kemur þá vitanlega ekki heldur á þessar vélar.

Að sjálfsögðu hefði verið ástæða til þess að gera hér tillögur um að fella margt fleira undan þessum skatti. Við höfum þó ekki gengið lengra en þetta í okkar brtt., þar sem okkur er ljóst, að það muni vera þýðingarlaust að bera fram brtt. um mikla röskun á þessu frv., en gerum okkur þó vonir um, að þessar undanþágur, sjálfsögðu undanþágur að okkar dómi, verði veittar, væntum þess, að hv. d. geti á það fallizt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 219) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef haft tækifæri til að hafa fregnir af ræðu hv. 3. varaþm. Austf. (EinS) s. l. laugardag, sem hann hélt hér við 2. umr. þessa máls. Hv. varaþm. sagði, að gróusaga hans frá Hornafirði væri eins dagsönn og það væri staðreynd, að hann stæði hér í ræðustólnum. Auðvitað var þetta mjög áhrifamikið sönnunargagn, því að það má nú minna sjá og heyra en hv. 3. varaþm. Austf., þegar hann stendur a. m. k. í fárra feta fjarlægð frá áheyrendunum. En enn þá áhrifameira og trúverðugra hefði ég nú talið, ef hann hefði haft þá venju, sem var þekkt fyrir austan s. l. haust, að hann byndi sig ekki algerlega við ræðustólinn, heldur stigi stríðsdans, sem maður gæti kallað, utan við ræðustólinn, jafnhliða og hann flytur sínar áhrifamiklu ræður. A. m. k. heyrði ég það á mönnum eystra, kjósendum og fleirum, að þeim þótti þetta mjög athyglisverður háttur um ræðuflutning, sem hv. þm. viðhafði þar eystra, og því athyglisverðari sem hann var áður óþekktur þar í fásinninu. Og menn létu jafnvel á sér skilja, að svona málflutning í ræðu og látbragðslist hefðu þeir aldrei orðið varir við, nema þá e. t. v. meðan Konni var upp á sitt bezta og sótti stjórnmálafundi fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

En það ber að skilja svo ræðu hv. varaþm., að hann hefði ekki alveg verið sannfærður um, að tilheyrendur tækju þetta gott og gilt, sem hann sagði, með tilvísun til þess, að hann stæði hér í ræðustólnum og gæti ekki meira. Hann fór líka að vitna í það, að sannorður maður á Hornafirði hefði sagt sér þessa sögu. Þetta er mjög átakanlegt og áþreifanlegt dæmi um Gróueðlið, þ. e. „sannorður maður hafði sagt mér“. En varaþm. hv. kærði sig ekkert um að leita fleiri heimilda um gróusögu sína. Hún var að hans skapi, og hann gat ekki látið það á móti sér að telja hana umsvifalaust sanna. Hann varð endilega að veita sér þann munað að hlaupa með hana jafnvel inn í sali Alþingis. Það varð að kosta sem kosta vildi.

Ég skal ekki mjög fjölyrða um þessa hornfirzku gróusögu hv. varaþm. Ég geri í raun og veru ekki ráð fyrir, að það séu margir hv. þdm., sem hafi tilhneigingu til þess að vilja trúa þessu rugli hv. varaþm. En ef það væri einhver, sem hefði löngun til þess og vildi sannprófa sannleiksgildi hennar, þá vil ég mælast vinsamlegast til þess, að hv. dm. kynntu sér þessa hluti þar, sem hægt er, þ. e. á Hornafirði, og þá munu þeir komast að raun um, að þessi atvinnurekandi, sem hv. 3. varaþm. Austf. ber svo mjög fyrir brjósti, hefur nú sem áður og endranær lagt öll sín fiskbein, alla sína lifur inn til fiskimjölsverksmiðju og lifrarbræðslu kaupfélagsins.

En hv. varaþm. er ekki af baki dottinn, þótt hann sé hér í þessari hv. þd. staðinn ósannindamaður að þessari hornfirzku slúðursögu. Hann sezt bara á prikið aftur og ríður gandreið og kemur niður í Vopnafirði. Og það verður að segja hv. varaþm. til hróss, að hann er þó nokkru gætnari í sögum sínum frá Vopnafirði heldur en Hornafirði. En sami er hugurinn á bak við, þ. e. dylgjur og rætni. Hann reynir inn í þessar sögur sínar frá Vopnafirði að flétta einhverju, sem ókunnugir áheyrendur gætu haldið að séu staðreyndir, en hann misstígur sig strax og bregzt bogalistin. Maðurinn nær sem sagt ekki flugtakinu, ef hann þarf að halda sig nokkurn skapaðan hlut við sannleikann. Það er staðreynd.

Hv. varaþm. vildi m. a. í þessari ræðu sinni segja mönnum frá því, hvað íbúar Vopnafjarðarhrepps væru margir. Hann telur þá tæplega 400. En sannleikurinn er sá, að íbúar Vopnafjarðar eru á áttunda hundrað manns. Þessum hv. ræðumanni er tæplega sjálfrátt. **(Gripið fram í:** Stendur hér.) Já, það stendur í þér, og það mun standa í þér áfram, þegar þú ferð með ósannindi. Þetta er því furðulegra, þar sem maðurinn ferðaðist s. l. sumar víðs vegar um Vopnafjörð og spurði menn m. a., hvað þá vantaði nú, og ég er viss um, að á þessari yfirreið sinni hefur varaþm. hitt miklu fleiri menn en 400, og þar að auki var hann á fjölmennum framboðsfundi í Vopnafirði s. l. haust, og ef hann hefði bara hugleitt þann mannfjölda, sem þar var á þessum eina

fundi, þá er ég viss um, að hann hefði hlotið að komast að þeirri niðurstöðu, að íbúarnir hlytu að vera fleiri en 400. Og eitt enn, ef maðurinn hefði viljað kynna sér kjörskrá Vopnafjarðarhrepps, sem ég geri ráð fyrir að hann hefði haft ástæðu til, þá hefði hann slysazt til og ekki komizt hjá því að sjá, að meira að segja kjósendurnir eru fleiri en 400, hvað þá íbúarnir.

Hv. varaþm. vildi auðvitað í þessari ræðu sinni koma við hjá kaupfélaginu. Það var náttúrlega sjálfsagður hlutur. Hann hefur það eftir mér, að skuldir viðskiptamannanna þar séu mjög litlar í ársbyrjun 1959, og nefndi tölu. Þetta skyldi hann nú varast, ekki sízt eftir þetta. Hann á að varast að nefna nokkuð það, sem kemur nálægt staðreyndum. Það er helzt, að hann geti fleytt sér á gróusögunum, sem erfitt er að festa fingur á. Ég hef sem sagt aldrei sagt honum frá skuldum viðskiptamanna Kaupfélags Vopnfirðinga, hreint ekki. Og talan, sem hann nefnir, er röng. Ég geri ráð fyrir, að maðurinn hafi haft viðleitni til þess að leita frétta af kaupfélaginu og einhver kunni að hafa sagt honum, að skuldir viðskiptamanna við kaupfélagið hefðu verið sem hann nefndi. Ég geri ráð fyrir líka, að aðspurður Vopnfirðingur hafi viljað segja honum söguna eins og hann mundi bezt og réttast, t. d. frá síðasta aðalfundi kaupfélagsins. En hv. varaþm. hugsaði ekki um það að leita sér meiri sönnunargagna en spyrja einhvern á götunni. Og hvers vegna spurði hann? Auðvitað vegna þess, að hann bjóst við að fá aðrar upplýsingar og sér geðþekkari. Hann hélt, að hann gæti fengið upplýsingar um það, að viðskiptamenn kaupfélagsins skulduðu svona og svona mikið, þannig að það gæti orðið árásarefni á mig og kaupfélagið, hve miklar skuldir væru við það. En hann fékk sögu, — þó að hún sé ekki rétt flutt, þá fékk hann sögu um, að skuldir viðskiptamanna við kaupfélagið væru litlar. Það er rétt. En þá er bara að athuga það, hvernig mætti nota þá sögu. Og þá var að ráðast á kaupfélagið fyrir það, hvað viðskiptamennirnir við kaupfélagið skulduðu lítið, og draga þá ályktun og flytja þá staðhæfingu fram, jafnvel hér á hv. Alþingi, að vegna þess að viðskiptamenn kaupfélagsins, bæði félagsmenn og aðrir, skulduðu lítið, þá hlyti að ríkja þar eymd og volæði. Ég verð líka að minnast á það, að þrátt fyrir þetta, sem og sýnir, hvað þessi málflutningur hv. varaþm. er fjarstæður, fór hann s. l. sumar og s. l. haust hús úr húsi í þorpinu og hrósaði réttilega hinu unga og framtakssama fólki fyrir mörg og snyrtileg nýbyggð hús, svo mörg, að þau setja yfirleitt svip á þorpið. Og ég veit það enn fremur, að hv. varaþm. ferðaðist svolítið með okkur öðrum frambjóðendum s. l. haust um sveitina og enn meir einn s. l. sumar í sambandi við sitt framboð og alls staðar hrósaði hann fólkinu og það réttilega fyrir ræktunina, heyvinnuvélarnar, útihúsin og íbúðarhúsin og eins og ekki síður fyrir alla þá snyrtimennsku, sem væri ráðandi í sveitinni á hverjum bæ utan húss og innan. Þetta var mér sagt, að hv. varaþm. hefði haft þar á orði, og ég trúði því, að rétt væri frá skýrt, vegna þess að ég hef heyrt, að margir ferðamenn hafa haft orð á þessu sama við mig. En nú á allt í einu að vera eymd og volæði á Vopnafirði, og það á að vera kaupfélaginu að kenna, sökum þess að viðskiptamennirnir skulda lítið. Mikil er trú hv. varaþm. á skuldunum, ef þær eiga að vera að hans dómi mælikvarðinn á, að því meiri skuldir, því meira framtak og velliðan og velgengni. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessum orðum hv. varaþm.

Þessi hv. varaþm. reyndi svo að ráðast á kaupfélagið á Vopnafirði fyrir, að það hefur ekki getað starfrækt hraðfrystihús sitt nú um 3 s. l. sumur. Hann vill gefa það í skyn, að kaupfélagið geri þetta af illvilja við fólkið, sem sagt illvilja við þá, sem eiga kaupfélagið. Sannleikurinn er sá, að kaupfélagið starfrækti hraðfrystihúsið svo lengi sem nokkur fiskur fékkst þar til frystingar og horfði ekki í að starfrækja það þrátt fyrir það, þó að ýmis árin fengist svo lítill fiskur til frystingar, að rekstrarhalli var á húsinu, sem tilfinnanlegum upphæðum nam. Hraðfrystihúsið var sem sagt starfrækt svo lengi sem nokkrir menn í kauptúninu treystu sér til þess að gera þar út, en þeir gáfust smátt og smátt upp, vegna þess að það var engan fisk að hafa á venjulegum miðum um fjölda ára. Hreppsfélagið og kaupfélagið reyndu að hjálpa mönnum til að ná í stærri báta en áður, svo að frekar væri hægt að sækja á dýpri mið, en það stoðaði ekki. Meðal þeirra, sem nutu aðstoðar, voru bræður tveir ásamt fleirum, sem fengu nýjan bát, sem þeir hlupu svo frá og komu svo s. l. haust fram hér í Reykjavík. Sjálfstfl. hafði tekið þá upp á arma sína, útvegað þeim lán til að kaupa nýjan bát og þ. á m. veitt til þeirra af atvinnuaukningarfé á nafni Vopnafjarðarhrepps, án þess að hreppsnefndin hefði þar komið við sögu eða um beðið. Svo er birt að sjálfsögðu mynd í Morgunblaðinu af bátnum og mönnunum, ágæt mynd, og sagt eitthvað á þá leið: Hér sjáið þið vopnfirzka píslarvotta, píslarvotta rangsnúins kaupfélagsvalds, sem hindrar framtak duglegra og heiðarlegra ungra manna. — Og Morgunblaðið var ekki nægilegur vettvangur fyrir þennan málflutning. Það var farið með málið í útvarpið og saga þessara bræðra dregin þar fram sem dæmi um vonzku kaupfélaganna og Framsfl. En á Vopnafirði var hlegið, ýmist hlegið eða hneykslazt, því að fólkið þar þekkti sögu þessara manna. Það mundi það, að bæði kaupfélagið og hreppsfélagið höfðu hlaupið undir bagga með þessum mönnum til þess að komast yfir nýjan bát, sem þeir svo hlupu frá. E. t. v. kannast hv. varaþm. nokkuð við þetta mál og veit kannske, hver átti þátt í því að hleypa Sjálfstfl., sjálfsagt í góðri trú, út í þessa málsmeðferð og málaflutning. Og e. t. v. vill svo hv. varaþm. segja okkur hér sögulokin, sem ég veit reyndar í stórum dráttum. Þau eru í aðalatriðum þannig, að þessir menn eru líka hlaupnir frá „sjálfstæðisbátnum" og kunna hv. varaþm. og Sjálfstfl. enga þökk fyrir það, sem

liðið er. Þetta var raunalegt. Svona fór, þegar hv. varaþm. ætlaði að fara að byggja upp einkaframtakið í útgerðarmálum á Vopnafirði.

Þetta ævintýri gat aldrei orðið til framdráttar hagsmunum Vopnafjarðar, og það var ekki heldur til þess ætlazt. En málið átti að vera til framdráttar Sjálfstfl., en það misheppnaðist. En nú bíða Vopnfirðingar eftir því, að hin tvö austur-þýzku togskip, sem þeir eiga með nokkrum öðrum sveitarfélögum á Norðausturlandi, geti orðið þeim að einhverju liði, því liði, sem til var ætlazt, og það geta þau væntanlega orðið, ef hæstv. núv. ríkisstj. vill t. d. hjálpa með því að lána eitthvert atvinnuaukningarfé, til þess að hægt sé að búa þessi skip út með nægum nýtízku veiðarfærum. Og ég vil alls ekki ætla hæstv. ríkisstj., að hún vilji ekki hlaupa undir baggann með því að lána til þessara hluta eitthvert atvinnuaukningarfé. Það er ekki ástæða til þess að vantreysta henni fyrir fram í því efni, fyrst hún hefur lánað einstaklingum, sem kenndir eru við Vopnafjörð, nokkra fjárhæð úr þeim sjóði, án þess meira að segja að sveitarfélagið hafi þar um beðið.

Hv. varaþm. lætur drjúglega yfir fylgi sínu og Sjálfstfl. á Vopnafirði. Ekki held ég nú, að maðurinn viti mikið um það, ef hann veit ekki einu sinni, hve margir kjósendur eru þar á kjörskrá. En ég hef enga löngun til þess að ræða mikið við hann um þetta mál, því að mér líkar það ekki illa, að hann standi í þessari trú sinni, sem er í raun og veru oftrú. Ef hv. varaþm. hefði kynnt sér málið, þá hefði hann sannfærzt um, að fylgi Sjálfstfl. er og hefur aldrei verið mikið á Vopnafirði, miðað við fólksfjöldann. En hv. varaþm. stendur sjálfsagt einn í þeirri trú, að hann hafi s. l. haust sópað að sér kjósendum út á sín fögru og stórkostlegu loforð. Hann lofaði vegum, hann lofaði höfnum, hann lofaði heilum verksmiðjum, svo að bara lítið eitt sé upp talið af því stærsta, sem hv. varaþm. lofaði að menn skyldu fá og fá strax, ef hann næði sæti á Alþingi. En kjósendurnir fóru að reikna og leggja saman og komust að þeirri niðurstöðu, að þessi duglegi maður lofaði ekki milljónum, heldur tugmilljónum á suma staðina og hundruðum milljóna, þegar allt var saman talið, og þeir fylltust nokkrum ugg og tortryggni í garð þessa manns, að þótt hann væri ríkur, eins og sagt er, þá mundi hann tæplega geta gert allt þetta, sem hann lofaði.

En hvað heldur svo hv. varaþm. að fylgið aukist við það, að það kemur nú í ljós á Alþingi, að hann hefur ekki einu sinni viðleitni til þess að standa við sín kosningaloforð, ekki einu sinni viðleitni í sambandi við allt það smæsta, meira að segja nauðsynlegar fjárveitingar til vega, litlar fjárveitingar, sem nema nokkrum tugum þúsunda. Hann sér sér ekki fært að standa að því að flytja slíkar tillögur. Vill ekki varaþm. hugsa út í það, að svona framkoma verður honum tæplega til framdráttar þarna eystra?

Það er ekki ástæða til þess í raun og veru að elta meir ólar við þennan hv. varaþm., hvorki út af kaupfélaginu á Vopnafirði né öðru. Í hverju orði skín í löngun hans til að níða kaupfélögin. En honum bregzt bogalistin þar eins og annars staðar í sambandi við þau mál, sem snerta samvinnufélögin. Hann gefur í skyn í sambandi við Vopnafjörð, að fólkið sé kúgað og þrælkað af kaupfélaginu. Ef þetta ætti að vera satt eða nærri sanni, þá mætti ímynda sér, hvernig hugur fólksins þar væri til þessara samtaka sinna. Hv. varaþm. segir svo í því sambandi eina sögu frá Vopnafirði, þar hafi einstaklingur — þetta er í stíl við Gróuna og fer honum vel — sagt við sig s. l. haust í tilefni af því, að sóknarpresturinn og héraðslæknirinn voru að hætta störfum og enginn hafði sótt um embættin: „Ætli kaupfélagið taki þetta nú ekki að sér hvort tveggja eins og annað?“

Þetta er út af fyrir sig skemmtileg saga. En ef sagan væri sönn, sem hún þarf ekki að vera, þótt hv. varaþm. segi hana, þá bið ég samt hann og aðra að hugleiða, að það er síður en svo, að þarna sé vantraust. Það mætti miklu frekar segja og eðlilega kalla það oftraust. Samt slysast hv. varaþm. í ofurkappi sínu að segja sögur að koma með svona alveg misheppnað dæmi um vantrú á kaupfélagið. Hitt er svo annað mál, að annaðhvort er sagan tilbúin af hv. varaþm. eða hann hefur hitt fyrir sér einhvern gárunga, sem hefur haft gaman af að vita, hvort hægt væri að segja hv. varaþm. svo ótrúlega sögu, að hann hlypi ekki með hana.

Ég skal nú ljúka máli mínu. Ræður hv. varaþm. hafa gefið nokkra innsýn í hugarfar hans til manna og málefna. Hv. varaþm. hefur, eins og hans er venja, gengið rösklega fram hér á hv. Alþingi að kynna sig hér í sölunum. Og mönnum er það vafalaust ljóst, hvaða mann hann hefur að geyma eftir þessar ræður, sem hann hefur flutt hér.

Ég hafði áður nokkur kynni af ræðumennsku og innræti hv. varaþm., en eðlilega aðrir þm. miklu síður. Síðustu orð mín nú til þessa hv. varaþm. eru þau, að ég þakka honum fyrir þessar viðræður, og sennilega verður það eina þökkin, sem hann fær fyrir þetta frumhlaup sitt, því að ég á ekki von á, að hans flokkur a. m. k. þakki fyrir málflutning þann, sem hv. varaþm. hefur viðhaft.

Forseti (JóhH): Forseti vill nú að gefnu tilefni minna hv. þm. á 34. gr. þingskapa, þar sem stendur, að þm., sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól, og kannske er rétt að taka það fram, að sama gildir um ráðherra. En svo er það annað atriði, sem er svo hljóðandi í þessari grein og rétt er að hv. þm. fylgi: „Eigi má ræðumaður ávarpa nokkurn einstakan þm., og kenna skal þm. við kjördæmi hans eða kosningu.“

ATKVGR.

Brtt. 219,1.a felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP,

EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV.

nei: EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, JóhH.

3 þm. (RH, GJóh, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 219,1.b felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS.

nei: ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, JóhH.

2 þm. (RH, GJóh) fjarstaddir.

Brtt. 219,1.c felld með 19:17 takv.

Brtt. 219,2 felld með 21:17 atkv.

Brtt. 217 felld með 21:17 atkv.

Brtt. 214 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG.

nei: GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, JóhH.

BP greiddi ekki atkv.

2 þm. (GJóh, RH) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, JóhH.

nei: ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ.

2 þm. (GJóh, RH) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK, PÞ, SE greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁB, FS, JÁ, JÞ, ÓlJ, AGl) fjarstaddir.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. um söluskatt var afgr. héðan úr þessari hv. d. með einni breytingu. Hún var við 3. gr. frv., 3. mgr., að orðið „umbúða" félli þar niður. Í Nd. voru gerðar nokkrar frekari breyt. á frv. að till. fjhn., og vil ég taka fram, að fjhn. þeirrar d. stóð öll og óskipt að þeim brtt., og voru þær samþ. með shlj. atkv. Ég skal nú rekja, hverjar breyt. voru gerðar í hv. Nd.

Það er í fyrsta lagi við 4. gr. frv. F-liðurinn, sem var í frv. upphaflega, var felldur niður. Hann reyndist óþarfur, vegna þess að það, sem hann felur í sér, kemur í rauninni glöggt fram í upphafi 2. gr. frv. Í öðru lagi var felldur niður h-liður í sömu gr.: „sala happdrættismiða, getraunastarfsemi og þess háttar". Þá var þriðja breyt. gerð á k-lið þessarar sömu gr., 4. gr. Þar segir, að til skattskyldrar sölu og þjónustu skuli telja m. a. sölu hvers konar vátrygginga, sem lög nr. 20 frá 1954 taka til, en í Nd. var bætt við: „þó ekki líftrygginga", m. ö. o. að líftryggingar séu undanþegnar söluskatti.

Þá varð gerð breyt. á 6. gr., 12. tölul. Í henni sagði í frv. upphaflega, að undanþegin söluskatti skyldi vera m. a. sala á fasteignum, skipum og flugvélum, og var þar bætt við flugvélavarahlutum.

Í 7. gr. var gerð breyt. við 2. tölul. Samkv. honum er undanþegin söluskatti vinna við skipaviðgerðir, og var þar bætt við: „og flugvélaviðgerðir".

Við 15. gr. var gerð orðalagsbreyting. Það er í lok 2. mgr., þar sem sagði svo í frv., að félög og félagasamtök skuli skyld að gefa upplýsingar um meðlimi sína, atvinnu þeirra og tekjur. Orðið „tekjur" var þar fellt niður, þannig að það er skylt að gefa upplýsingar um meðlimi sína og atvinnu þeirra.

Loks er breyt. á 17. gr., 2. mgr. Þar segir, að undanþegnar séu söluskatti af innfluttum vörum m. a. viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis. Þar er bætt við: „og flugvélavarahlutir".

Þessar eru þær breyt., sem gerðar voru á frv. Ég tel þær fremur til bóta og legg til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir með þessum breytingum á þskj. 216.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Áður en lengra er farið, vildi ég leggja til, að málinu yrði vísað til n. Eins og hæstv. ráðh. upplýsti, hafa verið gerðar allmargar breyt. á frv. í Nd., og mér finnst óvandvirkni, ef þessi hv. d. lætur ekki n. athuga, hvernig þær breyt. falla inn í frv., og enn fremur, hvort þær brtt., sem þar hafa inn í frv. komið, gefa ekki efni til nýrra og viðtækari breytinga. Enn fremur vildi ég, úr því að farið hefur verið inn á það að breyta frv., gera tillögur um breytingar. Ég ætla ekki að lýsa þeim till. hér, enda hef ég þær nú varla fullkomlega tilbúnar, en geri þetta að till. minni, að málinu verði vísað til n., og þá gefst tóm til þess að leggja fram tillögur.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjhn. með 13 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. með sérstöku tilliti til þeirra breyt., sem á því hafa verið gerðar í hv. Nd., að því leyti sem aðstaðan hefur leyft á þeim skamma tíma, sem n. hefur til umráða.

Úrslit málsins í n. hafa í stuttu máli orðið þau, að allir nm. voru sammála um það, að þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., hefðu verið til bóta, og mæla með þeim út af fyrir sig.

Meiri hl. n., en í honum eru auk mín hv.

9. landsk. (JÞ) og hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), telur ekki ástæðu til þess að gera frekari breytingar á frv. og mælir með því, að hv. d. samþykki það óbreytt eins og hv. Nd. gekk frá því.

Minni hl. n., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), áskilur sér hins vegar rétt til þess að flytja frekari brtt. við frv., auk þess sem afstaða þeirra til málsins í heild mun óbreytt frá því, sem var, þegar frv. lá fyrir hv. deild.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég taldi við athugun þær breyt., sem gerðar höfðu verið á frv. í hv. Nd., frekar til bóta. En þótt þær hafi verið gerðar, þá er langt frá því, að breyt. sé ekki þörf í fleiri efnum, og enn fremur er það svo, að málið í heild er þess efnis, að ég hlýt að leggja til, eins og þegar það var til umræðu hér í hið fyrra sinn, að frv. verði fellt. En því fleira sem hægt er að breyta til bóta, því skárra verður málið, og ég vil leyfa mér þar af leiðandi að leggja hér fram þrjár till. til breyt. Skriflegar hljóta þær að vera, af því að tíminn er svo naumur, og ég ætla að leyfa mér að lýsa þessum till. í örstuttu máli.

Fyrst er það brtt. við 6. gr. Hún er í þremur stafliðum. Annar tölul. í frv. er um það, að nýmjólk ein matvæla sé undanþegin söluskattinum. Það er að mínu áliti ákaflega fráleitt að ganga svo langt í skattlagningu sem þarna er gert, að skattleggja þá framleiðslu, sem þjóðin hefur með höndum sér til matar. Og fyrst og fremst tel ég þá, að undanþiggja ætti með nýmjólkinni kjöt og fisk, sem eru höfuðmatvæli þjóðarinnar af eigin framleiðslu. Þessi skattur verður eins og maðkur í þessum vörum, og ég hygg, að það gangi mjög illa að innheimta skattinn t. d. af fiskinum, eins og sölu hans er háttað víða frá framleiðanda til neytanda. Það er hægt að innheimta þennan skatt vitanlega þar, sem fullkomnar sölustöðvar eru. En víða um land er það svo, að þær eru fjaran og bryggjan. Þangað fer fólkið til að fá sér soðningu hjá fiskimönnunum, þegar þeir koma að landi. Og við getum getið því nærri, þegar um svona óeðlilegan skatt er að ræða, hvort hann verður heimtur í þeim viðskiptum, og út af fyrir sig er það ákaflega athugavert að leggja á þjóðina skatta, sem vitað er fyrir fram, að ekki verður hlýtt að greiða. Ég legg þess vegna til í a-lið, að 6. gr. breytist þannig, að á eftir orðinu „nýmjólk" í 2. tölul. komi: kjöt og fiskur.

Enn fremur er b-liður, að á eftir 12. tölul. komi nýr tölul., sem hljóði þannig: „Dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar." Samkv. gr., eins og hún er nú, er undanskilið fasteignir, skip og flugvélar, og þetta út af fyrir sig er mjög hliðstætt því, að dráttarvélar og heyvinnuvélar væru undanþegnar. Þær eru hliðstæðar fyrir bóndann bátnum fyrir sjómanninn. Enn fremur eru undanskilin í þessari gr. samkv. 4. lið fiskinet, fiskilínur, önglar og öngultaumar. Það styður það enn fremur, að dráttarvélarnar og heyvinnuvélarnar séu undanskildar, vegna þess að það má segja, að þær séu hliðstæðar netjum fiskimannsins og fiskilínunum, þetta eru veiðarfæri bóndans.

Til samræmis við það, að dráttarvélar og heyvinnuvélar yrðu undanþegnar skattinum, tel ég mjög eðlilegt, að síðasta málsgr. í 6. gr. breytist á þá leið, að það verði ekki aðeins heimilt að endurgreiða söluskatt af því, sem þar er til tekið, sem er efni í vinnuvélar og tæki í skip og báta, heldur sé það beinlínis skylt. Þess vegna hljóðar till. á þá leið: „Síðari mgr. greinarinnar orðist svo: Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest." Þetta, sem er samkv. frv. heimilt, tel ég eðlilegt að verði skylt, miðað við aðra þá breyt., sem ég hef nú lýst.

Þá er það 2. till. Hún er við 17. gr., en 17. gr. er um 7% skattinn, og brtt. er um það, að undanþegnar verði dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands, því að þetta er til samræmis við það, sem stendur að öðru leyti í gr. En af því að bráðabirgðaákvæðið, sem fjallar um viðbótarskattinn, 8.8% við 7.7% skattinn, er á þá leið, að það sama gildi um grundvöll hans, 8.8% skattsins, sem er í viðbót, og 7.7% skattinn, þá tel ég, að þessi brtt. nái einnig til hans og að hún feli í sér undanþágu að því er hann snertir.

Þá hefur töluvert verið um það rætt hér á Alþingi, — var um það rætt hér í þessari hv. deild, — að það væri nokkuð langt gengið í 25. gr. að veita hæstv. ráðh. úrskurðarvald í skattamálum eins og þar er gert. Það er að vísu á það bent af hæstv. ráðh., að slíkt fyrirfyndist í öðrum lögum. En þegar þetta færist eins mikið í aukana og gert er ráð fyrir með álagningu skatta nú, — færist í aukana skatturinn og um leið valdið, — þá er full ástæða til þess að fara að athuga þetta betur og stinga fótum fyrir sig, áður en slíkt vald, sem er í því efni einræðisvald, er gefið. Ég vil þess vegna leggja til, að aftan við gr. bætist ný mgr., sem veiti nokkurt aðhald. Í landi kunningsskaparins, eins og land okkar er, þá er ákaflega freistandi og reynir mikið á staðfestu ráðherrans, þegar vinir og kunningjar biðja um úrskurði. Ég vil ekki segja það, að t. d. núv. hæstv. ráðh. muni vera sérstaklega veikur fyrir í þeim efnum. En ég vil segja það, að almennt muni það vera svo með menn, sem eru í ráðherrastöðu og hafa slíkt vald á hendi, að það yrði örðugt að fara með það, og vitað mál er, að þeir muni liggja undir ánauð í þessum efnum. Því álít ég, að það væri gott að setja þarna eitthvert hömlunarákvæði, eitthvað það, sem geri að verkum, að bæði ráðh. og skattþegninn, sem biður um úrskurðinn, hafi aðhald af almenningsálitinu, og þess vegna legg ég til, að aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Allir úrskurðir, sem fjmrh. kveður upp samkvæmt ákvæðum þessarar gr., skulu birtir opinberlega." Með því ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að ekki yrði gengið langt í því að ívilna mönnum í þessum efnum,

því að með því þyrfti að ganga í berhögg við almenningsálitið, ef slíkt ákvæði sem þetta væri í lögum. Ég tek fram, að ég miða ekki þessa till. neitt sérstaklega við einstaka ráðh., heldur almennt við þá, sem þurfa með slíkt vald eins og þarna á að gefa að fara.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, enda vil ég ekki verða til þess að lengja þessar umræður úr hófi, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar skrifl. brtt. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 224) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 224,1.a felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SE, BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

4 þm. (ÓlJ, AGl, ÁB, JÞ) fjarstaddir.

Brtt. 224,1.b felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK, PÞ, SE.

nei: EggÞ, FS, GTh, JÁ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

BGuðm greiddi ekki atkv.

4 þm. (ÁB, JÞ, ÓlJ, AGl) fjarstaddir.

Brtt. 224,1.c felld með 10:6 atkv.

Brtt. 224,2 felld með 11:6 atkv.

Brtt. 224,3 felld með 11:6 atkv.

Frv. samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.

nei: FRV, BGuðbj, KK, PÞ, SE, BjörnJ.

3 þm. (ÓlJ, AGl, ÁB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

10. Framleiðsluráð landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [41. mál] (stjfrv., A. 71).

Á 16. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 1. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er brbl., sem út voru gefin 15. des. s. l., en þau koma í staðinn fyrir önnur brbl., sem út voru gefin á s. l. hausti af fyrrverandi ríkisstjórn. Þau lög voru það mikið rædd, að allir hv. þm. þekkja þau gerla, og þarf ekki út í það að fara, en aðdragandi þeirrar löggjafar var sá, að fulltrúar í sex manna nefnd, fulltrúar neytenda og fulltrúar bænda, komu sér ekki saman um nýjan verðgrundvöll á s. l. hausti, og var þess vegna ekki unnt þá að verðleggja landbúnaðarvörur eins og lög stóðu til, og tók fyrrv. hæstv. ríkisstj. það ráð að gefa út brbl., sem tryggðu óbreytt verð s. l. haust. Eins og kunnugt er, undu bændur því illa, að þessi lög voru gefin út og verðlagið bundið.

Báðir aðilar, bændur og neytendur, hafa í mörg ár samið um verðlagið í svokallaðri sex manna nefnd og verðlagið verið ákveðið eftir útreikningum og föstum reglum samkv. framleiðsluráðslögunum. Það, sem bændur höfðu krafizt s. l. haust, var það, að framleiðsluráðslögin yrðu aftur gerð starfhæf, að sex manna nefndin yrði skipuð á ný svo og yfirdómurinn, ef sex manna nefnd kæmi sér ekki saman. Nýju bráðabirgðalögin tryggja þetta, og vil ég við þetta tækifæri færa þeim fulltrúum bænda og fulltrúum neytenda, sem unnu að þessu samkomulagi, þakkir fyrir góðan skilning á þessum málum og samstarfsvilja. Það er enginn vafi á því, að skilningur þeirra manna, sem að þessari löggjöf unnu, þessu samkomulagi, er hollastur, bæði fyrir neytendurna og eins fyrir bændurna. Þetta frv. tryggir nánara samstarf, tryggir betra samkomulag milli bænda og neytenda en gömlu lögin gerðu.

Þetta frv. gefur neytendunum kost á því að fylgjast með og vera með í að ákveða dreifingarkostnað varanna, en það hefur að undanförnu verið nokkurt ágreiningsefni, valdið misskilningi og tortryggni, að neytendur hafa ekki, jafnvel þótt þeir hafi haft nokkurt vald til þess samkv. gömlu framleiðsluráðslögunum, notað sér það að kynna sér sem skyldi, hvernig dreifingarkostnaðurinn er ákveðinn. Það er enginn vafi á því, að það er hollast bæði fyrir bændur og neytendur, að þarna sé ekki um neinn misskilning að ræða. Fulltrúar bænda í framleiðsluráði hafa sagt, að það væri ekki nema velkomið, að neytendur fylgdust með hvað þetta snertir og væru með í ákvörðun um þetta, vegna þess að það væri auðvelt að leggja öll gögn á borðið og það væri ekki neitt að fela í þessu efni. Ég hygg, að það sé gott, að neytendafulltrúarnir eigi þess kost að sannfæra sig um það, hvort dreifingarkostnaðurinn er óþarflega hár eða hvort hann er eðlilegur, eins og hann hefur verið ákveðinn að undanförnu.

Þá hefur það og valdið deilum í sex manna nefndinni á milli fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda, að í gömlu framleiðsluráðslögunum var heimild til þess að hækka útsöluverð innanlands til þess að bæta upp halla á útfluttum vörum. Þrátt fyrir heimild í framleiðsluráðslögunum hefur þetta ekki verið gert nema örsjaldan, og hafa bændur því oft orðið að taka á sig það tap eða halla, sem orðið hefur á útflutningi landbúnaðarvara. Er skemmst að minnast þess, að árið 1958 töpuðu mjólkurframleiðendur 23 aurum af hverjum innvegnum lítra, vegna þess að þá voru fluttar út landbúnaðarafurðir, sem fengust ekki bættar. Hafa bændur og oft áður orðið fyrir tapi af þessum ástæðum, vegna þess að framleiðsluráð

þrátt fyrir heimild í lögum hefur ekki treyst sér til að hækka innanlandsverðið svo mikið, að það gæti borið upp þennan halla. Með þeim lögum, sem hér er um að ræða, er ekki lengur um ágreiningsefni að ræða á milli fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda, því að nú er það ákveðið, að ekki skuli vera heimilt að hækka verð innanlands til þess að bæta halla á útflutningnum, heldur er ákveðið að bæta hallann af útflutningnum úr ríkissjóði, en þó ekki yfir 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara, miðað við næsta ár á undan. Þetta ætti hins vegar að vera nægileg trygging, því að árið 1957 og 1958 var heildarútflutningurinn 5.4% og má þess vegna aukast talsvert til þess, að þessi 10% nægi ekki.

Hér er á tvennan hátt með þessu frv. komið í veg fyrir það, að deilur geti risið upp á milli framleiðenda og neytenda, sem hafa orsakað það m. a. síðastliðið sumar, að upp úr slitnaði í sex manna nefndinni.

Það er ekki ástæða til að fara mjög mörgum orðum um þetta frv. að öðru leyti. Þetta er viðauki við framleiðsluráðslögin, raskar þeim ekki að öðru leyti en þeim breytingum, sem ég nú hef lýst. Það er ekki nein grundvallarbreyting, þótt tveir nefndarmenn, sem taka sæti fyrir hönd bænda, séu kosnir af Stéttarsambandinu og einn af framleiðsluráði, en áður voru þeir allir kosnir af stjórn Stéttarsambandsins. Það út af fyrir sig er aðeins smávegis atriði, en um aðrar breytingar veigamiklar er ekki að ræða, aðrar en þær, sem ég hef lýst.

6. gr. frv. er samhljóða því, sem tekið var upp á s. l. ári. Hún er um það, að ef grunnkaup breytist og vísitala hækkar, megi hækka landbúnaðarvörurnar ársfjórðungslega í samræmi við það. En það hefur vantað í framleiðsluráðslögin veigamikið atriði til þess að tryggja bændum þann rétt, sem þeim er ætlaður, en hann er sá, að þeir skuli bera úr býtum svipað og aðrar vinnandi stéttir, verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Bændur hafa ekki alltaf náð því verði, vegna þess að eins og lögin voru, tryggðu þau þetta ekki. Eins og lögin voru frá 1947, var gert ráð fyrir verðlagningu aðeins einu sinni á ári. Þótt rekstrarvörur hækkuðu, jafnvel fyrri hluta ársins, var ekki heimilt að taka þá hækkun inn í grundvöllinn og hækka vörurnar af þeim ástæðum. Aðeins var heimilt að taka tillit til aukins dreifingarkostnaðar. Út af þessu hafa bændur ekki undanfarin ár, á þessum verðhækkanatímum, fengið sömu tekjur og ætlazt er til, þegar þannig er til orða tekið, að bændur skuli njóta sömu tekna og aðrar vinnandi stéttir, því að þeir hafa orðið að búa við óbreytt verðlág á framleiðsluvörunni, þótt rekstrarvörurnar hafi hækkað stórkostlega. Með þessu frv. er þetta ekki að öllu leyti tryggt heldur, ekki hvað rekstrarvörurnar snertir. Er nauðsynlegt á annan hátt og þá í sambandi við aðra löggjöf að koma því í lög, að ef rekstrarvörurnar hækka, gangi þær sjálfkrafa inn í verðlagsgrundvöllinn og leiði til hækkunar á verði landbúnaðarvara, þannig að bændur hafi svipaðar tekjur og verkamenn og aðrar vinnandi stéttir.

Ég veit það, að þeir, sem stóðu að samkomulaginu í desember, samkomulaginu um það að endurreisa sex manna nefndina, samkomulaginu um það að gefa út þessi brbl., þeir skilja það, að bændur, sem inna mikið starf af hendi, vinna einir með sinni konu að framleiðslu meðalbúsins, eiga að hafa ekki minni tekjur en aðrar vinnandi stéttir. Það er ekki nema gott, að skilningurinn fer vaxandi á milli framleiðenda og neytenda, vegna þess að bóndinn og bóndakonan og verkamaðurinn við sjóinn eru vissulega engir andstæðingar. Þetta er fólk, sem vinnur fyrir brauði sínu í sveita síns andlitis og hefur vissulega lítinn afgang, þótt vel sé starfað og vel unnið.

Ég verð að segja, að ég met mikils og mér var mikil ánægja að því að vinna með fulltrúum neytenda og bænda að því samkomulagi, sem náðist í sambandi við útgáfu þessara laga. Ég veit, að það samkomulag getur orðið hollur og traustur grundvöllur að framtíðarstarfi og bættri skipan í þessum málum.

Sex manna nefnd er nú að vinna að því að reikna út verðgrundvöll landbúnaðarvara, sem gilda á samkv. þessu frv. frá 1. sept. s. l. Þeir byrjuðu þetta starf í janúarmánuði, en hafa ekki lokið því enn. Eðlilegt er, að það taki nokkurn tíma, og ekkert er um það að sakast, þótt enn hafi ekki orðið samkomulag eða þótt ekki hafi enn slitnað upp úr, ef ekki næst samkomulag. Vitanlega væri það æskilegast, að samkomulag gæti náðst og að tölurnar og aðeins réttir útreikningar væru látnir tala og á því væri byggt.

Ég vænti þess, að þegar fulltrúar sex manna nefndar, fulltrúar bænda og fulltrúar neytenda, hafa gefið sér nægilegan tíma til þess að skoða þetta mál ofan í kjölinn, verði það til þess að færa þá nær hvora öðrum og að það bil, sem virtist vera óbrúanlegt á s. l. hausti, að minnsta kosti minnki, þótt ekki næðust endarnir alveg saman. En fari svo, að ekki verði um fullnaðarsamkomulag að ræða, verður málinu vísað til yfirdóms samkv. þessu frv., þar sem hagstofustjóri er oddamaður og einn fulltrúi er frá neytendum og annar frá framleiðendum, og verður sá dómur hæstaréttardómur í þessu máli, sem báðir aðilar væntanlega hlíta og una sæmilega við, vegna þess að það er engin ástæða til að ætla annað en sá dómur verði felldur eftir rökum einum, eftir glöggum og réttum útreikningum í þessu efni. Og það er enginn, sem óskar eftir öðru en því, að byggt verði á réttum útreikningum það, sem út úr þessu á að koma.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni, en óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki vera langorður við þessa 1. umr., en ég verð þó að benda hér á örfá atriði í sambandi við þetta mál.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp þann hátt að leggja brbl. fyrir strax, eins og á að gera, og vona,

að það sé vottur um, að hún hafi við nánari íhugun séð einhver missmíði á því, hvernig hún hefur hagað einmitt þeim málum áður, og vísa þar til þess, sem um var rætt hér fyrir jólin.

Í sambandi við þetta mál hlýt ég að minna á það, að þegar núverandi valdasamsteypa tók við í desember 1958, — því að eins og öllum landsmönnum er ljóst, var það raunverulega þá, sem núverandi valdasamsteypa tók við málefnum landsins, — hóf sig upp nýr andi í landbúnaðarmálum, að vísu gamalkunnur, en hafði þó haldið sig við jörðina þá um æðilangan tíma. Og sá andi hefur svifið yfir vötnunum síðan í landbúnaðarefnum. En sá andi var að reyna að finna leiðir til þess að létta lausnir í efnahagsmálum með því að halla á bændastéttina. Þetta kom fram í löggjöfinni, sem þá var lögð fyrir hv. Alþingi og samþ., í fleiri en einu atriði, eins og Stéttarsambandið benti skörulega á, og fékkst ekki leiðrétt þá nema að sáralitlu leyti. Og eitt atriðið, sem þá kom fram, var þetta og fékkst ekki leiðrétt, að enda þótt ætlunin væri með þeirri löggjöf að brjóta blað, eins og það var kallað, í efnahagsmálum og að vissu leyti byrja búskapinn á nýjan leik, eins og þá var látið í veðri vaka, eins og m. a. sást á því, að það átti að taka upp vísitöluna 100, þá fékkst það ekki fram, að tekjur bænda væru færðar til samræmis við tekjur annarra stétta. Þessu fékkst ekki framgengt, þótt augljóst væri, að bændastéttin var á eftir með sitt verðlag. Það fékkst ekki leiðréttur sá skakki, þannig að allir gætu byrjað jafnt. En því var þess í stað lýst yfir, að þetta mundi koma af sjálfu sér, því að þetta mundi leiðréttast næsta haust. Þá ætti að fara fram verðlagning á landbúnaðarafurðum að réttu lagi og þá mundi þessi skakki verða leiðréttur. Þessar yfirlýsingar voru þá gerðar af hendi þessarar nýju valdasamsteypu og lagt mikið við, að menn skyldu engar áhyggjur hafa af þessu, það kæmi af sjálfu sér.

Til þess svo að gera langa sögu stutta, vil ég minna á það, að þegar haustið kom og það átti eftir gildandi löggjöf að verðleggja landbúnaðarafurðir, kom upp nokkur ágreiningur á milli neytenda og framleiðenda, sem hefur nú áður komið fyrir. Og þá var það, að þessi nýja valdasamsteypa, sem hafði gefið þessar yfirlýsingar þó veturinn áður, notfærði sér þennan ágreining, sem þarna kom upp. Hún lagði sig ekkert fram um að leysa þennan ágreining eða koma málunum í höfn með samkomulagi. Ónei. Hún tók aðra leið, og hún var sú að gefa út brbl. um það, að verðlag landbúnaðarvara skyldi standa óbreytt, þó að allir vissu, að ef rétturinn átti að ske og hlutlaus úrskurður færi fram, hlaut að verða úrskurðuð hækkun á landbúnaðarverðlaginu. En fulltrúar valdasamsteypunnar, sem voru Alþfl.-menn í stjórnarráðinu, en sjálfstæðismenn utan þess, sem einmitt af þessu tilefni endurnýjuðu stuðningsyfirlýsingar sínar við ríkisstj., réðu þessu. Forráðamenn hinnar nýju valdasamsteypu réðu því, að sett voru brbl. um, að verðlag landbúnaðarafurða skyldi óbreytt standa.

Auðvitað kom ekki til nokkurra mála, að það væri hægt að sætta sig við þetta, og Framsfl. hóf þegar baráttu fyrir því, að þetta yrði leiðrétt og að valdamenn landsins kæmust ekki upp með þetta. Þetta var alveg í eðlilegu framhaldi af starfi Framsfl. bæði fyrr og síðar til þess að tryggja bændastéttinni jafnrétti í þjóðfélaginu á við aðrar stéttir, því að lengra hefur aldrei komið til mála að ganga.

Enn fremur varð það að sjálfsögðu niðurstaðan hjá Stéttarsambandi bænda að mótmæla þessu harðlega og hefja öfluga baráttu fyrir því að fá þessum lögum hrundið og fá eðlilega verðlagningu á landbúnaðarafurðir.

Að sjálfsögðu kom fljótt í ljós nokkur veila hjá sjálfstæðismönnum í þessu efni, og beygur var auðsær í því liði út af þessu. Þeir lýstu því strax yfir t. d., að þeir vildu bæta seinna þetta tjón, sem bændum væri gert með löggjöfinni, en þeir sögðu ekkert um það á hinn bóginn, hvernig þeir vildu haga verðlagningu landbúnaðarafurða framvegis, hvort þeir vildu standa óskorað með Stéttarsambandinu og bændastéttinni í því að fá sinn rétt aftur, sem hafði verið tekinn af þeim með brbl. Um það sögðu þeir ekki neitt. Það lengsta, sem svo var gengið, þegar beygurinn jókst og kosningabaráttan harðnaði, var að lýsa því yfir, að flokkurinn væri á móti brbl. En ekkert fékkst fram um það, fyrir hverju flokkurinn vildi beita sér, hvort hann vildi taka til greina sjónarmið Stéttarsambandsins eða ekki. Og þannig stóðu þessi mál, þegar Alþingi kom saman í haust og ný ríkisstj. var mynduð af þessari sömu valdasamsteypu, sem búin var að fara með málefni landsins, eins og ég sagði, síðan í des. 1958, og var sú stjórnarmyndun í sjálfu sér meira formsbreyting en efnisbreyting.

Á þinghlutanum, sem haldinn var fyrir jólin, voru gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá þetta mál tekið málefnalega fyrir á Alþingi og ítrekaðar tilraunir voru gerðar til þess að fá hreinar yfirlýsingar um, hvar t. d. Sjálfstfl. stæði í þessu máli. En slíkar yfirlýsingar fengust engar. En það er enginn vafi á því, að hin harða barátta, sem háð hefur verið allan tímann, síðan þetta kom til, af Framsfl. og Stéttarsambandinu, setti í vaxandi mæli merki á þá, sem fyrir þessu máli stóðu. Það var auðfundið, að það var vaxandi lát á þessum mönnum. Þeir sáu vaxandi missmíði á því að halda til streitu því, sem þeir raunverulega vildu og höfðu stofnað til. En aftur á móti var ómögulegt að fá þetta hreint upp gert, áður en þingið fór heim, sem hefði þó að sjálfsögðu verið það eina rétta.

Síðan leið að þeim tíma, að það varð að taka endanlega ákvörðun um þetta mál, og Stéttarsambandið herti að í þessu efni, eins og það hafði mesta möguleika á. Niðurstaðan varð svo sú í stuttu máli, að hin nýja valdasamsteypa guggnaði á því, sem hún hafði staðið að, hún guggnaði fyrir baráttu Framsfl. og Stéttarsambandsins, guggnaði á því að halda

landbúnaðarverðlaginu föstu með löggjöf. Og það er aðalatriðið í þessari baráttu, og ber að fagna því alveg sérstaklega, að þessi valdasamsteypa skyldi guggna á þessu, og þeim árangri, sem þannig náðist af þeirri baráttu, sem háð var.

Engum Íslendingi dettur í hug, að það hefði komið til mála, að valdasamsteypan hefði fallið frá þessari stefnu, ef ekki hefði komið til þessi barátta Stéttarsambandsins og Framsfl. Ég verð því að lýsa sérstakri ánægju minni með þetta. Ég vil einnig lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að það hefur einnig komið fram í þessu sambandi, að fulltrúum framleiðenda og neytenda hefur auðnazt að ná samkomulagi, og það tel ég líka mjög mikilsvert. Með því er ég engan veginn að draga neitt úr því, hversu mikilsvert það er, að valdasamsteypan guggnaði á þeirri stefnu gagnvart bændastéttinni, sem hún hafði hafið framkvæmd á. Það er þýðingarmikið og þýðingarmeira en orð verða fundin yfir. En hitt er líka þýðingarmikið, mjög þýðingarmikið, að fulltrúum framleiðenda og neytenda skyldi takast að ná samkomulagi sín í milli.

En það, sem er kjarnapunkturinn í þessu máli, er auðvitað þetta, að í þessari löggjöf er gert ráð fyrir því, að meginreglan verði sama fyrirkomulag á verðlagningunni og verið hefur, þó að nokkuð sé breytt í einstökum atriðum og höfð nokkru víðtækari afskipti neytenda en áður hafði verið. Sá sigur hefur unnizt, að verðlagningin fer fram eftir sömu meginreglum og áður, þ. e. a. s. samkomulagi neytenda og framleiðenda, en gerð hagstofustjóra, ef á milli ber. Og með því að lögleiða þetta á nýjan leik, er fallið frá þeirri verðfestingarstefnu, þeirri árásarstefnu í garð bændastéttarinnar, sem þessi nýja valdasamsteypa hafði byrjað á að framkvæma.

Ég skal ekki þreyta langar umræður um þetta, eins og ég sagði, en ég vil þó aðeins minna á tvö einstök atriði í framhaldi af þessu.

Það er þá fyrst það, sem hæstv. landbrh. kom lauslega inn á, að eins og nú horfir um stórfelldar breytingar í efnahagsmálum landsins, sem ég skal ekki fara að ræða hér nú, þá er það geysilega þýðingarmikið, að sett verði ákvæði inn í löggjöfina um, að verðlag landbúnaðarafurða geti orðið endurskoðað, ef hækkun verður á rekstrarvörum, því að ef stefna ríkisstj. verður framkvæmd eins og hún hefur nú verið boðuð, er fram undan stórfelld hækkun á rekstrarvörum til landbúnaðarins eins og öllu öðru í landinu. Og þá er ákaflega þýðingarmikið, að eðlileg og réttlát ákvæði séu sett um það, að endurskoðun fari fram þá tafarlaust í sambandi við þá þýðingarmiklu breytingu. Þetta vil ég strika undir.

Þá er það í sambandi við 9. gr. laganna. Eins og hæstv. landbrh. drap á, varð þarna að samningi, að Stéttarsambandið félli frá því að halda til streitu því löggjafaratriði, að hægt væri að verðjafna landbúnaðarvörur með því að taka verðjöfnunargjald á innlendum markaði, — en þetta er gamalt ákvæði, eins og við vitum, — félli frá þessu, en í móti kæmi aftur ákvæði 9. gr. um útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh., og mér er það dálítið forvitnismál, hvort hann hefur látið athuga það, hvað þetta ákvæði muni kosta mikið, miðað við líkur, ef ríkisstj. framkvæmir þá stefnu í efnahagsmálum, sem hún nú hefur hugsað sér og gert till. um og er rétt aðeins óframkomin. En ég spyr að þessu vegna þess, að ég hef ekki getað séð við fljótan yfirlestur á fjárlagafrv. gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir og átta mig ekki vel á því, hvernig þetta er hugsað. En má vera, að þetta eigi eftir að athugast nánar. Ég hef sem sagt ekki getað séð, að á fjárlagafrv. væru ætlaðar nokkrar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, og ég hef séð það á ýmsu, sem fram hefur komið frá hæstv. ríkisstj., að ráðgert er að fella útflutningssjóðinn niður. Og þá er spurningin: Hvernig horfir þetta mál við að dómi hæstv. landbrh., ef hæstv. ríkisstj. framkvæmir þá stefnu, sem hún nú hefur hugsað sér í efnahagsmálum? Verður ekki þá að gera ráð fyrir samt sem áður einhverjum útflutningsuppbótum samkv. þessari grein, og hvað álítur hæstv. ráðh. að það yrði stórfellt?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru þessar spurningar, sem ég vil svara í stuttu máli.

Hversu útflutningsuppbæturnar muni verða miklar á þessu ári eða hvort það hafi verið reiknað út, þá er því til að svara, að framleiðsluráð mun reikna út og gera áætlun um það, eftir að kunnugt er um efnahagsráðstafanir ríkisstj. Það er ekki unnt að biðja framleiðsluráð um að gera slíka áætlun, á meðan því er ókunnugt um, hvað fram kemur. Ég get þó sagt hv. 1. þm. Austf. (EystJ), að til þessara hluta mun verða ætlað fé eftir því, sem gert er ráð fyrir að þurfi í samræmi við það frv., sem nú er verið að ræða. Mætti ætla til þess í óvissum útgjöldum á fjárlögum.

Þá var það, að ég talaði um, að ef bændur ættu að fá laun í samræmi við það, sem ætlazt er til samkv. 1. gr. þessa frv., þarf að taka inn í grundvöllinn verðhækkanir á rekstrarvörum, ekki einu sinni á ári, eins og verið hefur, heldur jafnóðum og þær koma. Ég talaði um það áðan, að einmitt þetta ákvæði mundi koma fram í öðru frv. í samræmi og sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera.

En það væri kannske ómaksins vert að minna á, að hv. 1. þm. Austf. hefur staðið að efnahagsráðstöfunum oft undanfarið, sem leitt hafa til hækkunar á rekstrarvörum landbúnaðarins, og hann hefur ekki fyrr en nú, eftir að ég hef minnt á það hér í minni frumræðu, talið ástæðu til að breyta lögum um framleiðsluráð þannig, að bændur gætu fengið hækkun á grundvellinum oftar en einu sinni á ári. Það er sérstök ástæða til þess að minna á þetta, þegar þessi hv. þm. gerist svo djarfur að tala um það, að þegar hin nýja valdasamsteypa, eins og hann orðaði það, hafi ver-

ið mynduð hér á Alþingi, hafi komið nýr andi og svifið yfir vötnunum, andi, sem virtist spilla fyrir afkomu bænda. Heldur þessi hv. þm., að bændur og þeir, sem eru kunnugir þeirra högum, viti ekki, hvernig að þeim var búið, t. d. í vinstri stjórninni? Var ekki jólagjöfin lögð á 1956 án þess að gera ráðstafanir til, að sú verðhækkun, sem varð á rekstrarvörunum, kæmi inn í verðgrundvöllinn? Ekki fengu bændur það bætt fyrr en haustið 1957. Og hvaða ráðstafanir gerði þessi hv. þm. í sambandi við bjargráðalögin 1958? Gerði hann ráðstafanir til þess að tryggja það, að verðhækkun rekstrarvaranna kæmi fyrr inn í grundvöllinn en um haustið? Var hann ekki sæmilega ánægður með það, að bændur væru snuðaðir, á meðan hann stjórnaði þessum málum? Hvað gerði þessi hv. þm. til þess að breyta l. um framleiðsluráð þannig, að bændur fengju hækkun á landbúnaðarvörum, ef kaupgjald hækkaði, grunnkaup eða vísitala? Hvernig stendur á því, að sú leiðrétting fékkst ekki fyrr en eftir að framsóknarmenn voru farnir úr stjórn og höfðu misst völdin? En eins og kunnugt er, var lögum um framleiðsluráð breytt á s. l. ári þannig, að í stað þess að grunnkaupshækkun og vísitöluhækkun var tekin aðeins einu sinni til greina í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara, einu sinni á ári, þá er samkv. þessum lögum ætlazt til, að verðlagningunni sé breytt ársfjórðungslega, ef grunnkaupið hækkar eða vísitalan yfir 2 stig. Og svo kemur þessi hv. þm. og talar hér næstum dólgslega um, að það hafi orðið stefnubreyting til hins verra fyrir bændur, þegar hann fór frá völdum. Þetta er kokhreysti, þegar hann er að tala hér við menn, sem hafa fylgzt með og þekkja öll þessi mál.

Það er enginn vafi á því, að bændur gerðu sér ljóst, hvernig hag þeirra var komið í desembermánuði 1958. Verðlagið hækkaði stöðugt, kaupgjaldið hækkaði, en þeir áttu eftir nótum Framsfl. að búa við óbreytt verðlag frá haustinu 1958 til haustsins 1959. Þótt vísitalan hefði haustið 1959 í ágústmánuði verið komin upp í 270 stig, hefðu bændur alls ekki fengið hækkun á vörum sínum. Hv. 1. þm. Austf. var ekkert að hugsa um það þá, að það þyrfti að breyta lögunum um framleiðsluráð og verðlagningu landbúnaðarvara.

Ég held, að bændur hafi gert sér grein fyrir því, að sú stefnubreyting, sem varð í des. 1958 um stöðvun á verðlagi og vísitölu, hafi komið þeim ekki síður til hagsbóta en öðrum landsmönnum, og það þarf ekki að spyrja að því, að ef bændur hefðu þurft að búa við óbreytt verðlag á landbúnaðarvörum til hausts 1959, en stefna vinstri stjórnarinnar verið ríkjandi áfram og allt hækkað, bæði verðlag á innfluttum vörum og kaupgjald, þá hefði mörgum bóndanum fundizt þröngt fyrir dyrum orðið 1959, þegar að því kom að draga að áburð og aðrar rekstrarvörur til búsins.

Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta hér, vegna þess að þetta dæmi er svo augljóst. Hitt geta svo menn deilt um, hvort lögin um verðstöðvunina voru nákvæmlega eins og bezt væri á kosið. En það geta menn ekki deilt um, að verðstöðvunin var nauðsynleg og hún var öllum til góðs, enda þótt það væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun.

Ég hygg, að ég hafi nú svarað þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. bar hér fram, og gert nægilegar aths. við það, sem hann var hér að ræða um áðan í sambandi við það, sem snýr að bændum og hann var ekki alls kostar ánægður með frá hendi þessarar valdablokkar, eins og hann orðaði svo. En hv. þm. vildi halda því fram, að vegna harðrar baráttu Framsfl. væri þessi valdablokk orðin allmiklu betri í garð bænda en hún hefði verið og hefði ætlað sér að vera, m. ö. o., þessi valdablokk hefði látið undan af ótta vegna hinnar hörðu baráttu hv. 1. þm. Austf. Ég hygg, að þessar fullyrðingar séu ekki svaraverðar, og ég lít þannig á, að það sé ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það. Mér er ljóst, að flestir hv. þm., sem hlusta á hv. 1. þm. Austf. tala hér í þessum dúr, hljóta að brosa. Menn hljóta að minnast þess, hversu þessi hv. þm. barðist hart gegn því, að þinginu væri frestað fyrir 15. des. s. l., en það var þá, sem hin fyrri brbl. gengu úr gildi. Hv. 1. þm. Austf. vildi ekki fresta þinginu fyrir 15. des. vegna þess, að hann var viss um, að ef þingið sæti, mundi ekki verða samið um að endurreisa sex manna nefndina, þá mundi ekki nást samkomulag milli fulltrúa bænda og neytenda, þá mundi hann og þingflokkurinn hafa betri aðstöðu til þess að flækjast fyrir og spilla fyrir þessu máli en ef þingið væri farið heim. Það er rétt að minnast þess, að fulltrúar bænda í framleiðsluráði höfðu ónæði af þessum hv. þm., á meðan á samningunum stóð, vegna þess að hv. 1. þm. Austf. hafði áhyggjur af því, ef samkomulag næðist. Það var ekki ástæða til þess að vera að greiða fyrir þessu samkomulagi, vegna þess að málið var erfitt innan stjórnarherbúðanna og átti að áliti 1. þm. Austf. að verða púðurtunna í stjórnarherbúðunum. Það er talsverð hreysti að koma hér nú og tala eins og þessi hv. þm. gerði hér áðan, — það er mikil hræsni.

Það hafa margir brosað að því, hversu Tíminn var fljótur að snúa við blaðinu, þegar ljóst var, að til samkomulags var að draga milli þeirra aðila, sem voru að semja um málið. Tíminn sneri við blaðinu á einni nóttu, þegar ljóst var, að það var að verða samkomulag, og þá var um að gera að þakka Framsfl., að það skyldi takast. En það brostu margir, þegar blaðinu var snúið svo snöggt við, alveg eins og þegar sama blað, Tíminn, letraði með feitri fyrirsögn: Fyrir harða baráttu Framsfl. hefur nú tekizt að útvega 15 millj. kr. í húsbyggingarsjóð ríkisins. — Ja, þeir eru valdamenn, framsóknarmenn, þegar þeir eru farnir úr valdastólunum. Þá kveður að þeim. Þá koma þeir málunum fram. En á meðan þeir sitja í valdastólunum og hafa ráðin, kveður minna að þeim. Svona framkoma er brosleg.

Ég vil enn endurtaka þakkir til þeirra allra, sem unnu að samkomulaginu, þeirra manna, sem voru í samninganefndinni, og einnig annarra manna, sem höfðu góð áhrif á samning-

ana og unnu að því, að samkomulag náðist. Það er áreiðanlega gott spor, bæði fyrir bændur og neytendur, að það skyldi takast.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. landbrh. sagði, að þegar efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar kæmi fram, yrði framleiðsluráði falið að reikna, hvað útflutningsuppbætur þyrftu að vera samkv. samkomulagi, sem gert var og staðfest verður í 9. gr. þessara laga, ef þau verða samþ. hér á hv. Alþingi, og síðan mundi nauðsynleg fjárhæð verða sett á fjárlögin. Þessa yfirlýsingu tel ég alveg fullnægjandi af hendi hæstv. ráðh. og vil ekki segja neitt orð í þá átt að gera ráð fyrir því, að meiningin sé að skjóta sér undan berum lagaákvæðum, enda mætti nú fyrr rota en dauðrota. Og við ýmsu gætu menn nú búizt, en tæplega því. Skal ég því ekki vera að finna að þessu, þó að það sé dálítið einkennilegt, að efnahagsmálafrv. þurfi endilega að koma fram, til þess að þessi liður sé reiknaður, því að vitanlega lætur hæstv. ríkisstj. reikna alla hugsanlega liði, á meðan á sjálfum undirbúningnum stendur. Og mér þykir ólíklegt annað en hæstv. landbrh. sé búinn að láta reikna þetta dæmi eins og öll önnur dæmi, sem eru vitanlega reiknuð vikum saman, á meðan verið er að skoða þessi mál, af trúnaðarmönnum ríkisstj. En hann um það auðvitað, hvenær hann vill segja frá því, hver niðurstaðan er í þessu, og er ekki ástæða til að eyða fleiri orðum að því. Ég vildi aðeins fá það hreint fram, að hæstv. ráðherra myndi fullkomlega eftir þessu ákvæði og það yrði tekið með í reikninginn.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri leiðinlegt að heyra, að ég væri að tala um þennan nýja anda, sem hefði hafið sig á loft í landbúnaðarmálum, þegar núv. valdasamsteypa kom til greina, og einkennilegt, að ég skyldi kjósa að ræða þessi mál, þar sem þetta hefði allt verið í ólestri, þegar Framsfl. hefði haft aðalábyrgð á málefnum bændastéttarinnar, og var ráðh. meira en að gefa í skyn, jafnvel fullyrða, að nú ætti að ganga haganlegar frá ýmsu en þá hefði verið gert, bændanna vegna, og það væri fyrir áhrif frá honum og öðrum, sem slíkt yrði. Sérstaklega nefndi hann, að nú væri gert ráð fyrir því að endurskoða fjórum sinnum á ári landbúnaðarverðlagið að takmörkuðu leyti a. m. k., en það hefði ekki áður verið. Ég vil svara hæstv. landbrh. með því að minna hann á þá staðreynd, að þegar fyrrv. ríkisstj., — þar með á ég ekki við Alþfl.-stjórnina, því að mér er nú tamt að líta á hana sem eins konar lið í þessari stjórn, sem núna er, og finnst tæpast taka því að tala um hana sem sérstaka ríkisstj., þó verður kannske að gera það, og þá verður að segja, að þegar næstsíðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir efnahagslöggjöf 1958, var hún borin undir Stéttarsamband bænda, og sá vitnisburður var gefinn löggjöfinni af hendi stjórnar Stéttarsambands bænda, þ. á m. af sjálfstæðismanni, að í þeirri löggjöf væri alveg hliðstætt búið að bændum og öðrum stéttum í landinu. Sá vitnisburður kom þá, og hann er býsna þýðingarmikill í þessum málum öllum, sá vitnisburður, því að hann sýnir nokkuð, hvernig framsóknarmenn vinna að þessum málum. En þegar efnahagsmálafrv. nýju valdasamsteypunnar í fyrravetur var borið undir Stéttarsambandið, varð það að taka upp harðsnúna baráttu, vegna þess að í því frv. var bændum ætlaður í þremur atriðum a. m. k. annar og minni réttur en öðrum stéttum. Það var þessi munur. Það var þannig, sem hinn nýi andi hafði komið fram í því frv. Og eitt atriðið var, að þá var tekinn upp sá háttur, sem alls ekki hafði áður verið, að framleiðendur við sjóinn fengju leiðréttingu á verðlagi sínu, ef vísitala hækkaði, en landbúnaðarframleiðendum var alls ekki ætlaður hliðstæður réttur í frv. En það var fyrir baráttu Stéttarsambandsins og Framsfl., að þetta var nokkuð leiðrétt, þó að ekki fengist full leiðréttíng í þessu efni í þeirri löggjöf.

Þannig snýr hæstv. landbrh. þessu alveg við. Bændur bjuggu við sama rétt og aðrir áður, en undireins og hin nýja valdasamsteypa tók við, var farið að snúa við blaðinu, og þetta átti vitanlega alls ekki að vera nema byrjunin, því að næsta skrefið átti að vera það að stöðva verðlag á landbúnaðarafurðum, þó að annað hækkaði, og halda bændum niðri. Það átti að taka upp, eins og einn ágætur maður hefur sagt í blaðagrein, nýlendustefnu gagnvart landbúnaðinum, og brbl. voru þannig hugsuð.

Nú er hæstv. landbrh. að finna að því, að ég segi, að núv. valdasamsteypa hafi guggnað á brbl. og þeirri stefnu, sem þar kom fram, og fleygt henni á haug fyrir baráttu Framsfl. og Stéttarsambandsins. Og lætur ráðherra í það skína, að þetta séu getsakir einar, að það séu afleiðingar eða uppskera af þessari baráttu, og að þeir hafi ekki treyst sér til þess að halda þessari stefnu til streitu. En ég segi: Hver efast um, að þannig er þessu varið, þó að hæstv. landbrh. sé að gefa svona alveg marklausar yfirlýsingar í aðra átt? Hverjum dettur það í hug, að Sjálfstfl. hefði ekki sagt það skýrt og skorinort fyrir mörgum mánuðum, að hann ætlaði að standa á þeirri stefnu í verðlagsmálum landbúnaðarins, sem var í framleiðsluráðslögunum, ef hann hefði þá verið búinn að hugsa sér að gera það? Vitanlega hefði flokkurinn sagt það strax, og hann hefði lýst því greinilega yfir allan tímann, að það væri þetta, sem hann ætlaði að standa á, og hann ætlaði að standa með Stéttarsambandinu í þessu tilliti. En það gerði Sjálfstfl. ekki, og hann tók á sig ámæli og máske nokkurt tjón, vegna þess að hann sagði þetta ekki. Og af hverju sagði hann það ekki? Af því að hann ætlaði sér ekki að gera það. Hann var að þreifa fyrir sér, hvað óhætt væri að fara, og ætlaði sér ekki að innleiða á nýjan leik sama hátt í verðlagningarmálum og áður var, áður en brbl. komu til greina. Ef hann hefði ætlað sér það, hefði hann vitaskuld lýst því hreinlega yfir. En það kom aldrei neitt meira en aðeins það eitt lengst, að hann væri á móti brbl. Hver efast um þetta samhengi? Enginn

auðvitað, sem hugleiðir þessi mál. Þess vegna er það vitanlega sízt ofsagt, að sá árangur, sem þarna hefur náðst, er hreinlega ávöxtur af þeirri baráttu, sem háð hefur verið, sumpart af Stéttarsambandinu og sumpart af Framsfl. Um það efast heldur enginn maður, sem þessum málum er kunnugur.

Þá kom hæstv. ráðh. loks með það atriði, að Framsfl. hefði viljað spilla því, að efnislegt samkomulag næðist á þá lund, sem hér liggur fyrir, og sagði, að fulltrúar bænda í framleiðsluráði og samningamennirnir hefðu orðið fyrir ónæði af framsóknarmönnum, sennilega „svokölluðum" leiðtogum Framsfl., í sambandi við þessi mál. Þeir hefðu verið að vinna að því öllum árum, að því er manni skildist, að koma í veg fyrir það, að samkomulag gæti náðst. Vitanlega veit hæstv. landbrh., að þetta er hreinn tilbúningur, uppspuni frá rótum. En hvað varðar hann um það? Hvaða máli skiptir það fyrir hann? Hann þarf að koma því áleiðis, ef einhver skyldi trúa því, að leiðtogar Framsfl. hafi verið að reyna að vinna á móti því, að samkomulag næðist í þessum efnum, en síðan snúið við blaðinu, þegar þeir sáu, að ekki var hægt að standa á móti því, að það yrði samkomulag. Þá varðar hann ekkert um það, þó að þetta sé algerlega tilhæfulaust.

En hæstv. landbrh. er kannske að einu leyti nokkur vorkunn, og það er vegna þess, að hann á heima í húsi sjálfstæðismanna, hann er í Sjálfstfl., og við vitum svo sem hér um bil, hvernig Sjálfstfl. hefði unnið að þessum málum, ef hann hefði haft stöðu Framsfl. Sjálfstfl. hefði náttúrlega ekki kunnað neina aðra leið en þá að láta blaðakost sinn reyna af öllum mætti að koma í veg fyrir samkomulag, þegar verið var að semja. Og leiðtogar Sjálfstfl. hefðu sennilega lítið annað gert en að reyna að spilla samkomulagi, ef draga má ályktanir af þeirri reynslu um Sjálfstfl., sem kunn varð, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Þá kunni hann engar aðrar leiðir en þessar, engar aðrar leiðir en þær að reyna að halda uppi sem mestum illindum og ófriði í þjóðfélaginu, alveg gersamlega án tillits til þess, hvort hann var með því að vinna í rétta stefnu málefnalega eða ranga stefnu málefnalega. Það skipti engu máli. Það var bara eitt, sem skipti máli, og það var, að ekki gæti orðið lag á neinu, að efnahagsmálaráðstafanir gætu farið úr böndunum og ófriður gæti orðið sem mestur og allt í sem mestum ólestri. Þetta var sjónarmið Sjálfstfl., og út frá þessu sjónarmiði var unnið. Þess vegna var það t. d., að þeir unnu að því af öllum kröftum að reyna að koma úr böndunum efnahagslöggjöfinni 1958 með því að ganga svo langt að láta t. d. atvinnurekendur, sem þeir réðu yfir, bjóða fram kauphækkanir, ef ekki náðist nógu skjótur árangur í einstökum samtökum með því að láta handlangara flokksins í félögunum tala fyrir hækkunarbaráttunni. Það voru þessar starfsaðferðir, sem Sjálfstfl. notaði, og þetta eru einu starfsaðferðirnar, sem Sjálfstfl. kann í stjórnarandstöðu. En þetta eru starfsaðferðir, sem Framsfl. hefur aldrei tamið sér og mun aldrei temja sér.

Framsfl. álítur það í þessu falli t. d. algerlega mál Stéttarsambandsins, en ekki Framsfl. neitt viðkomandi, hvað Stéttarsambandið telur heppilegt að fallast á vegna bændastéttarinnar. Það álítum við, að sé Framsfl. gersamlega óviðkomandi með öllu. En á hinn bóginn mundum við telja, að Framsfl. hefði talsvert mikla skyldu til þess að standa með sanngjarnri afstöðu Stéttarsambandsins. En okkur hefur aldrei komið það til hugar að reyna að ráða fyrir forráðamönnum Stéttarsambandsins í þessu efni eða dæma fyrir þá, hvað væri heppilegt fyrir bændastéttina að fallast á og hvað heppilegt að fallast ekki á. Þennan hugsunarhátt skilur hæstv. landbrh. sennilega alls ekki. Ég býst við, að hann skilji alls ekki þennan hugsunarhátt, það sé honum gersamlega framandi, að svona hugsunarháttur sé til. En hér er líka um alveg gerólík sjónarmið að ræða, alveg gerólík þjóðfélagsviðhorf. Að baki afstöðu okkar í Framsfl. býr sá skilningur, að í stéttarfélögunum, bæði launþegasamtökunum og þar, sem framleiðendur koma saman, eigi að afgreiða málin, ekki frá pólitísku sjónarmiði, heldur frá stéttarlegu sjónarmiði, reyna að finna, hvað hagfelldast er frá stéttarlegu sjónarmiði. Og þessi skoðun byggist á þeim skilningi, að þegar til lengdar lætur, muni það fara svo, ef af viðsýni er á málin litið í stéttarsamtökunum, að það, sem er bezt fyrir stéttirnar, verði, þegar til lengdar lætur, líka bezt fyrir þjóðfélagið, ef málin eru skoðuð með hófsemi og víðsýni í þessum samtökum.

Út frá þessu sjónarmiði og þessum skilningi, sem ég var nú að skýra, hafði Framsfl. engin afskipti af þessum samningum, og ég lýsi það tilhæfulaust með öllu, sem hæstv. landbrh. sagði hér um það efni. Þvert á móti vil ég lýsa því hér yfir, að það gladdi mig alveg sérstaklega, að það skyldi nást þetta samkomulag, sem varð. Og það var af tveimur ástæðum: Annars vegar vegna þess, að þetta samkomulag er sigur fyrir bændastéttina og henni í hag og auk þess gott neytendum. Hins vegar vegna þess, að með þessu guggnaði ríkisstj. og valdasamsteypan, sem að baki henni stendur, guggnaði á ofsóknarstefnunni gagnvart landbúnaðinum, — það er enginn smáræðissigur, sem í því felst, — og á hinn bóginn náðist samkomulag á milli neytenda og framleiðenda, og það er heldur ekkert smámál, að þannig skyldi fara. Það er þess vegna alveg sérstök ástæða til þess að fagna yfir því, að þessi niðurstaða skyldi verða. En hún hefði vitaskuld aldrei orðið nema fyrir harða baráttu. Það sjáum við gleggst á því, hvernig viðhorf sjálfstæðismanna, sem þarna segja nú lokaorðið, hefur verið að smábreytast í þessu máli. Þeir hafa í raun og veru hörfað undan stig af stigi, unz þessi árangur náðist, sem nú liggur fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. En ég vildi aðeins leiðrétta það, sem kom fram hjá hæstv. landbrh., og ég vil vænta þess, að það, sem hann sagði um þetta, sé að verulegu leyti byggt á því, að hann skilji ekki þann hugsunarhátt, sem liggur að baki afstöðu okkar framsóknarmanna í þessu efni.

En hann verður að reyna að skilja, að það hugsa ekki allir menn um þessi efni eins og sjálfstæðismenn gera og hafa gert, og það hafa ekki heldur allir menn í hyggju að vinna eins og þeir hafa unnið að þessum málum — og ég segi: sem betur fer.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nokkuð erfitt að skilja hugsanagang hv. 1. þm. Austf. (EystJ), því að framkoma hans og sumra hans hv. flokksmanna hér í þinginu fyrir þingfrestunina gaf það beinlínis til kynna, að það, sem hann nú var að segja, og það, sem hann nú var að lýsa, er algerlega rangt. Það þarf ekki að setja sig svo mjög inn í hugsunarferil þessa manns, a. m. k. ekki fyrir þá, sem hafa hann fyrir framan sig. Það er hægt að sjá á svipnum, hvað hann ætlar sér, og ég er dálítið hissa á því, að þessi hv. þm. skuli vera að reyna að afsaka það hér og telja hv. þingheimi trú um, að Framsfl. hér á þingi hafi fagnað því, að ríkisstj. tókst að leysa þennan hnút, sem virtist vera torleysanlegur og gat valdið ósamkomulagi innan stjórnarinnar. Það er ekki eðlilegt að vitna í einkasamtöl, og það skal ég ekki gera. En það er enginn vafi á því, að það væri hægt að leiða fram vitni að því, hvernig sumum hv. Framsóknarforingjunum varð við, þegar vonin brást um það, að brbl. yrðu stjórninni að fótakefli.

Það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera hér með þetta hræsnistal. Það má vera, að honum finnist það eitthvað áhrifaríkara að láta það, sem hann hefur talað hér, koma í Tímanum heldur en skrifa það sérstaklega. Ég efast ekki um, að þessu tali hans hér er sérstaklega ætlað að verða birt í Tímanum og fá einhverja af lesendum blaðsins til þess að trúa því, að hér hafi alltaf verið um einlægni að ræða af hendi Framsfl.

Hv. þm. talar um það, að Sjálfstfl. hafi ætlað að svíkja bændur, — Sjálfstfl. ætlaði að svíkja bændur, og það er reynslan af þessum flokki á undanförnum árum, sem hefur sannfært mig um það, — að hann segir. Það væri þá ekki nema eðlilegt að fletta, þó að ekki væri nema fáum blöðum upp í sögunni, sem sýna reynsluna, og þarf ekki að nefna mörg dæmi, sem afsanna það, sem hv. þm. fullyrti hér áðan, að Sjálfstfl. hafi oftast eða jafnan unnið gegn hagsmunum bænda.

Ég held, að það þurfi ekki að vera fróðir menn í þingsögunni, sem geta sannað það, að bændum hefur jafnan vegnað vel, þegar áhrifa Sjálfstfl. hefur gætt. En áhrifa Sjálfstfl. hefur jafnan gætt mest, þegar hann hefur verið í stjórn. Hv. 1. þm. Austf. heldur því hins vegar fram, að Framsfl. sé áhrifaríkastur, þegar hann er ekki í stjórn, og það er þess vegna, sem hann leitast við að þakka Framsfl. það, sem gert er fyrir atbeina Sjálfstfl., þegar Framsfl. er utan stjórnar, en Sjálfstfl. við völd. Ég hef t. d. heyrt framsóknarmenn þakka sér það, þegar verðlagning landbúnaðarvaranna var leiðrétt á árinu 1942, þegar Framsfl. var utan stjórnar. Ég hef heyrt framsóknarmenn þakka sér það, þegar raforkulögin voru sett á árinu 1946, og þakka sér það sérstaklega vegna þess, að þeir voru þá utan stjórnar. Ég hef einnig heyrt sömu menn þakka Framsfl. fyrir lögin um landnám, nýbýli og endurbyggingar í sveitum, sem sett voru á árinu 1946, lög, sem hafa tryggt landbúnaðinum þær framkvæmdir, sem orðið hafa síðan, og eru undirstaðan að framförum í sveitum, bæði í ræktun og byggingum. Þeir hafa sérstaklega þakkað sér þessi lög, m. a. vegna þess, að þeir voru utan stjórnar, þegar þau voru sett. Og nú er ég ekki í nokkrum vafa um það, enda máttum við gjarnan heyra það á mæli hv. 1. þm. Austf. hér áðan, að hann mun þakka sér og sínum flokki það, að bændur fá útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörurnar, þannig að þeir þurfi nú ekki lengur að bera hallann af útflutningnum. En það hafa þeir gert, þegar Framsfl. hefur verið í stjórn, og þá hefur Framsfl. aldrei imprað á því, að þetta þyrfti að lagfæra. Ekki er ég í nokkrum vafa um það, að hv. 1. þm. Austf. og framsóknarmenn munu þakka sér það, þegar nú verður sett í löggjöf, að hækkun á rekstrarvörum landbúnaðarvara skuli koma inn í grundvöllinn jafnóðum, þótt þeir, á meðan þeir fóru með völd, liðu það, að bændur fengju enga hækkun af þessum ástæðum nema einu sinni á ári. Þeir munu þakka sér þetta núna vegna þess, að þeir eru ekki í stjórn og að það eru aðrir, sem setja þetta ákvæði inn í lögin. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þeir munu með miklum hávaða og stærilæti þakka sér það, að nú er komið í lög, að það má hækka verðlag landbúnaðarvara ársfjórðungslega, ef grunnkaup hækkar og vísitalan hækkar. Þetta ákvæði var sett í lög, þegar framsóknarmenn voru ekki lengur í stjórn, en á meðan þeir voru í stjórn, létu þeir sér nægja, að það væri ekki tekið tillit til þessara hækkana nema einu sinni á ári.

Þannig er nú málflutningur þessara manna, og það er ætlazt til, að þeir, sem á hlýða, taki þetta alvarlega. Það er mikið traust á dómgreindarleysi þeirra, sem lesa Tímann, ef ætlazt er til, að þeir sjái ekki í gegnum þetta, því að þeir munu vera fáir, sem trúa því, að um leið og einn flokkur fer frá völdum, fái hann fyrst aðstöðu til þess að koma málum fram, áhugamálum og hagsmunamálum þeirra, sem flokkurinn telur sig vilja berjast fyrir. En það eru þessi öfugmæli, sem við höfum oft orðið að hlusta á hjá hv. 1. þm. Austf. og ýmsum fleiri hv. framsóknarmönnum hér í þinginu.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að vera að nefna fleiri dæmi um þessi öfugmæli, og ég get þess vegna látið máli mínu lokið. En ég vil að lokum aðeins minna á það, að framsóknarmenn vildu ekki, að þinginu yrði frestað fyrir 15. des., vegna þess að þeir töldu nokkurn veginn öruggt, að ef þingið sæti, mundi ekki nást samkomulag um þessi mál, að þá gætu þeir þvælzt fyrir og komið í veg fyrir samkomulag. Það getur vel verið, að þetta sé beiskur sannleikur fyrir hv. 1. þm. Austf. að hlusta á, en þeir munu vera fáir, sem vita það ekki, að þetta er þannig, þetta er nú svona,

og það er ekki hægt að bæta úr því með því að setja hér upp einhvern hræsnis- og sakleysissvip og segja: Við fögnuðum því mjög, að þessir erfiðleikar stjórnarflokkanna voru leystir og að þeir eru úr sögunni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í 3. málsgr. 3. gr. frv. þess, sem hér er til meðferðar, er það ákvæði, að ef ekki verður samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða varðandi verðlagningu söluvara landbúnaðarins, skuli sérstök yfirnefnd þriggja manna, sem sé þannig skipuð, að einn fulltrúi í hana sé tilnefndur af neytendum og annar fulltrúi af hálfu framleiðenda, en hagstofustjóri sé oddamaður, hafa úrskurðarvald. Nú skeði það á s. l. ári, þegar verðlagning á landbúnaðarafurðum átti að fara fram, að ekki varð samkomulag um hana í sex manna nefndinni, og átti þá samkv. réttum lögum að koma til kasta þriggja manna nefndarinnar, en það komst þó aldrei það langt, því að fulltrúi neytenda í þriggja manna n. var dreginn til baka út úr n., þannig að hún gat ekki starfað. Hv. þm. muna eflaust eftir þessu allir, ekki sízt kannske vegna þess, að menn aumkuðu þá mjög sjálfstæðismenn fyrir það, hvað þeir áttu ákaflega bágt með að taka afstöðu til þeirra brbl., sem þá voru gefin út um það, að verðlag landbúnaðarafurða skyldi verða óbreytt.

Mig langar til þess að beina fyrirspurnum til hæstv. landbrh. út af 3. mgr. 3. gr. þessa frv., sem hér er til meðferðar.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. þess, hvort hann telji sig hafa heimild til þess, ef samkomulag verður ekki í 6 manna n. um verðlagninguna eða um verðlagsgrundvöllinn, að skipa mann í þriggja manna yfirnefndina, ef neytendahópurinn eða framleiðendahópurinn dregur sinn fulltrúa til baka. Og ég vil spyrja hann jafnframt í því sambandi, hvort hann geti lýst því yfir nú þegar, að hann mundi nota sér þá heimild, ef hann hefði hana.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, ef hann telur sig ekki hafa heimild til þess að skipa í þriggja manna n. og ef fulltrúar eru dregnir til baka úr henni, hvort hann geti lýst því hér yfir á þingi, að hann muni beita sér fyrir því að afla sér slíkrar heimildar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem við höfum verið að ræða í dag, er byggt á samkomulagi og ekki síður 3. mgr. 3. gr. laganna. Það er þess vegna engin ástæða til þess að ætla, að fulltrúar bænda eða fulltrúar neytenda neiti því að þessu sinni að skipa yfirdóminn, því að ef það væri, yrði samkomulagið brotið.

Um það, hvort ríkisstj. hefði heimild til þess að skipa menn í dóminn, ef annaðhvort fulltrúar bænda eða fulltrúar neytenda neituðu að skipa hann, vil ég aðeins upplýsa það, að þetta frv. hér gefur ekki heimild til þess, og tel ég það mjög óæskilegt, ef til þess þyrfti að grípa að verðleggja landbúnaðarvörurnar með þeim hætti, vegna þess að þá væri það ekki byggt á samkomulagsgrundvelli. En að þessu sinni er hreinn óþarfi að gera ráð fyrir því, að annar hvor aðilinn neiti að skipa mann í dóminn, vegna þess að málið er byggt á samkomulagi, — samkomulagi, sem engin ástæða er til þess að ætla að ekki verði haldið.

Eysteinn Jónsson: Þetta er, eins og gefur að skilja, aðeins stutt aths. út af því, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann er, að því er mér virðist, í nokkrum vanda staddur með að útlista ganginn í þessu, og er það ekki einkennilegt. Og eitt af því, sem hann finnur upp, er það, að barátta framsóknarmanna fyrir því, að þinginu væri ekki frestað jafnsnemma og gert var fyrir jólin, — að einn þáttur í þeirri baráttu framsóknarmanna hafi verið, að þeir hafi viljað hafa Alþingi til þess að spilla fyrir því, að sá árangur næðist fyrir bændastéttina í þessu máli, sem varð. Ég hugsa, að hæstv. ráðh. sé nú nokkurn veginn einn um þennan hugsanagang, því að það er sjálfsagt ákaflega erfitt að fá menn til að trúa því, að það hefði spillt fyrir þessu máli, að þingið hefði setið hér að störfum venjulegan tíma fram að jólunum. Auðvitað hefðu samningar milli neytenda og framleiðenda farið fram alveg nákvæmlega jafnt eins og áður. Og það eitt er alveg víst, að Sjálfstfl. hefði ekki verið minna hræddur við Framsfl. í þessu máli, þó að þingið hefði setið áfram, en með því að þingið færi heim. En vitanlegt er, að sá árangur, sem í þessu máli hefur náðst, er fyrst og fremst fyrir þann beyg, sem Sjálfstfl. hefur af Framsfl., og það aðhald, sem hann hefur í því sambandi. Ég held, að um þetta sé nú lítill vafi.

Þá talaði hæstv. ráðh. þannig, að framsóknarmenn hefðu sennilega gert ráð fyrir því, að stjórninni væri sérlega erfitt að vinna að þessu máli vegna ósamkomulags innan hennar, og jafnvel, að þetta gæti orðið stjórninni að fótakefli. Ég hef aldrei heyrt þetta fyrr. Mér hefur frá upphafi verið ljóst, að Sjálfstfl. ræður öllu um þessi mál og hefur gert, síðan þessi nýja valdasamsteypa kom til greina. Sjálfstfl. réð raunverulega brbl. og öllu, sem gert hefur verið í þessu efni, og hefur aldrei haft neitt að berjast við nema sjálfan sig í þessu sambandi og svo náttúrlega ótætis Framsfl. og Stéttarsambandið og allt það. Alþfl. hefur aldrei getað neitt annað í þessu gert en það, sem Sjálfstfl. sagði honum að gera. Það er því engin innanstjórnarbarátta eða stjórnin nokkru sinni verið í hættu út af þessu, enda sjáum við það á sjálfri niðurstöðunni, sem hér liggur fyrir og er fengin fyrir það, að Sjálfstfl. komst að þeirri niðurstöðu, að honum væri ekki pólitískt óhætt að halda fram stefnu brbl. Það er því alveg vonlaust fyrir hæstv. ráðh. að vera að reyna að draga athygli frá aðalatriði málsins með því að benda á þetta um þinghaldið.

Þá sagði hæstv. landbrh., að ég héldi því fram, að Framsfl. væri áhrifaríkastur, þegar hann væri ekki í stjórn. Þessu er auðvitað al-

veg snúið við. En hinu hef ég leyft mér að halda fram og mun leyfa mér að halda fram, að Framsfl. er ekki áhrifalaus í þessu landi, þó að hann sé ekki í ríkisstj., og það er mikill misskilningur, ef menn halda, að áhrif flokka í þjóðmálum varðandi það, hvaða úrlausnir eru teknar á hverjum tíma, séu eingöngu bundin við, hvort þeir eru í ríkisstj. eða ekki. Og ef einhverjir halda þetta, ættu þeir að endurskoða það, því að þannig gerast ekki hlutirnir, og hæstv. landbrh. hefur gott af að hugsa einmitt um þetta. Þó að ég vilji því alls ekki halda því fram, að Framsfl. sé áhrifaríkastur, þegar hann er ekki í stjórn, fer því alls fjarri, að hann sé áhrifalaus, þó að hann sé ekki í ríkisstj., eins og þetta fyrsta átakamál um landbúnaðinn sýnir, sem komið hefur upp, síðan þessi nýja samsteypa kom.

Svo skal ég ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta og láta hér við sitja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 92).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv., sem hér liggur fyrir, og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er hér um að ræða staðfestingu á brbl., sem gefin voru út af hæstv. landbrh. 15. des. s. l., en þau voru löggilding á samkomulagi, er gert var milli fulltrúa framleiðenda, þ. e. bænda, annars vegar og fulltrúa neytenda hins vegar um nokkuð breytta skipan á verðlagsmálum landbúnaðarins.

Þessi brbl. má segja að hafi verið grafskrift á leiði hinna eldri brbl. Þessi, sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi, upphófu anda og efni hinna fyrri, sem svo mjög höfðu valdið deilum, og það, sem mest er um vert: þetta var gert með samkomulagi á milli þeirra, sem hér eru fyrst og fremst aðilar. Því skal ekki heldur gleymt, að hæstv. landbrh. hafði um þetta samkomulag ötula og farsæla forustu, og ég tel skylt að taka það einnig fram, að eindreginn samkomulagsvilji ríkti hjá flestum þeirra, er að lausn þessa máls unnu.

Ég held, að sú skipan, sem hér er um búvöruverðið, mætti um margt vera til fyrirmyndar. Ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því, að það eru aðrar stéttir, sem ákveða bændunum kaupið. Þeir hafa aldrei frumkvæði um hækkunarkröfur, þeir hafa aðeins tryggt sér rétt til sams konar launa og aðrar hliðstæðar starfsstéttir, sæta bæði hækkun og einnig lækkun að annarra frumkvæði. Ákvæðið um gerð eða hlutlausan úrskurð, ef ekki næst samkomulag, er hið merkilegasta og mætti vera til fyrirmyndar. Er það byggt á virðingu fyrir lögum og rétti og vottur félagslegs skilnings.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. kom fram aths. frá hv. þm. Jóni Skaftasyni um það, að enn væri ekki skýrt tekið fram í frv. um skyldur sexmannanefndarhlutanna til að nefna mann í yfirnefnd. Það er æskilegast að mega nú treysta á þegnskap og skilning, þar sem þessi ákvæði eru beinlínis byggð á samkomulagi, og ég held, að deilan í haust hafi orðið flestum slíkur lærdómur, að naumast þurfi að óttast, að reynt verði að brjóta gegn anda þessara laga, er þau hafa öðlazt fullnaðargildi, a. m. k. ekki í bráð.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að landbn. leggur einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekkert að ræða þetta mál sjálft, þó að það gæfi ýmis tilefni til þess og kannske ekki síst eftir samþykkt þessarar hv. d. á efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., en ég tel, að stefna þeirra gangi í þveröfuga átt við það, sem einmitt hér hefur gerzt.

En það er annað, sem ég vildi vekja athygli á, og það er, að þessi brbl., sem gefin voru út í des., eru gefin út sem viðaukalög við önnur lög, sem voru mjög sama efnis, þ. e. a. s. lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins, sölu landbúnaðarvara o. fl. Það má segja kannske, að þetta hafi að ýmsu leyti verið eðlilegt, vegna þess að hér var um samningamál milli þessara stétta að ræða, og að sú samninganefnd, sem leiddi það mál til lykta, færi ekki að skipta sér af því, á hvern veg lögin yrðu gerð. En ég tel, að það væri Alþingi til lítils sóma að ganga frá lögunum eins og lagt er til í áliti n. Ég teldi, að það væru miklu betri vinnubrögð og sjálfsögð, að þessi brbl. verði felld inn í lögin um framleiðsluráðið. Þetta er að mörgu leyti nákvæmlega hið sama og er nú í II. kafla framleiðsluráðslaganna, og hafa þær breyt. einar þar á orðið, sem þessar höfuðstéttir hafa komið sér saman um, að vera skuli. Fer því illa á því að láta framleiðsluráðslögin standa eins og þau eru með II. kaflanum þar óbreyttum, og gefa síðan út viðaukalög, sem eru orði til orðs að mestu leyti hið sama, aðeins með þeim breytingum, sem á urðu í samningunum í desember. Ég teldi, að það væru miklu betri vinnubrögð og Alþingi eigi raunar ekki að láta lögin frá sér fara án þess að fella þau saman.

Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess, að hv. landbn. tæki málið aftur fyrir og reyndi að samræma þessi brbl. inn í ramma framleiðsluráðslaganna, en ekki, að þetta verði viðaukalög.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það kom til tals, þegar verið var að gefa út þessi brbl., að það færi betur á því að fella þau inn í framleiðsluráðslögin, og það var einnig um það talað, að það mætti vel gerast hér í hv. Alþingi undir meðferð málsins. Og það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að það færi betur á því, lögin væru betri í sniðum með því að fella þetta saman

án þess að breyta þar nokkru að efni, og hv. landbn. hefur enn tækifæri til þess að gera þetta, ef samkomulag verður um það. Ég vil aðeins benda á, að ég get tekið undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, að þessu leyti, að þetta færi betur í sniðum, ef það væri fellt þannig saman.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég viðurkenni fyllilega þessa aths. hv. 2. landsk. (EðS), og þetta kom einmitt nokkuð til tals á milli okkar, sem vorum í landbn., og það var sérstaklega það, sem fyrir mér vakti, ef það væri þá hægt að gefa lögin út í heild á eftir, þegar búið væri að fella þetta inn í. Það er alveg rétt líka, að þetta er eingöngu II. kafli laganna, sem þarna er umsaminn, og það mundi sennilega ekki þurfa að umsemja þetta mjög mikið, til þess að hægt væri að fella þetta saman. Greinaskipun mundi eitthvað breytast, en að öðru leyti er þetta sem sagt II. kafli laganna, sem þarna er endursaminn. Hins vegar kom okkur saman um, að það væri ekki nein þörf á því að gera þetta, vegna þess að eins og venja er í lögum, er það skýrt tekið fram, að þau ákvæði, sem koma í bága við þau lög eða þennan viðauka, falli að sjálfsögðu úr gildi. En það er ekkert í veginum af hendi okkar í landbn. að taka þetta til athugunar nánar, ef Alþingi sýnist betur á því fara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 71, n. 112).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það kom fram við 2. umr. málsins hér í d. ábending um, að betur færi á að fella þessar breytingar inn í sjálft meginmál laganna um framleiðsluráð. Ég gat þess þá, að þetta hefði komið ofur lítið til umræðu í landbn., en þó ekki virzt ástæða til þess. En rétt er að viðurkenna það, að miklu betur fer á þessu, og þess vegna tók n. þetta til athugunar að nýju. Sú brtt., sem hér liggur fyrir, er aðeins um það að fella það frv., sem lá fyrir, eða brbl. frá 15. des. inn í heildarlögin um framleiðsluráð. Þetta er engin efnisbreyting, en auk þess ákveðið í niðurlagi brtt., að lögin skuli gefin út í heild, eftir að þau hafa öðlazt samþykkt. — Þessa vildi ég aðeins láta getið.

ATKVGR.
Brtt. 112 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með þeirri breyt. á fyrirsögn, að í stað „viðauka við" kemur: breyt. á.

Á 25. fundi í Ed., 19. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 115).

Á 28. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Enda þótt þetta mál, sem hér er til umræðu, sé öllum hv. alþm. kunnugt, þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum við þessa 1. umr. hér í hv. d.

Það er kunnugt, að brbl. fyrrv. ríkisstj. voru mikið rædd á s. l. hausti og ollu ágreiningi á milli ýmissa aðila. En þetta frv., sem hér er til umræðu nú, er afleiðing af þeim lögum og er byggt á samkomulagi, sem náðist í desembermánuði s. l., en hin fyrri brbl. runnu út, eins og kunnugt er, hinn 15. des.

Það tók nokkurn tíma að fá aðila til að sættast í þessu máli, en vegna góðs vilja af beggja hálfu tókst það, að vænta má til mikilla hagsbóta fyrir báða aðila, bæði framleiðendur og neytendur. Meginbreyting í þessu frv. frá gildandi lögum er sú, að upp í þetta frv. er tekið ákvæði, sem heimilar neytendum að vera með í að ákveða dreifingarkostnað á landbúnaðarvörum. Ég tel, að það sé hagsmunamál beggja, jafnt framleiðenda sem neytenda, að dreifingarkostnaðurinn geti hverju sinni verið sem minnstur. Og það þarf ekki um það að ræða, að það er einnig hagsmunamál beggja og undirstaða undir áframhaldandi samstarfi, að báðir aðilar eigi þess kost að kynna sér til hlítar þann grunn, sem byggt er á hverju sinni. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé hollt, að neytendafulltrúar, sem stundum telja, að bændur fái of mikið í sinn vasa, kynni sér það til hlítar, hvað bóndinn raunverulega fær og hvað hinn nauðsynlegi dreifingarkostnaður er, sem er gífurlega mikill. Við það, að aðilar kynni sér þetta til hlítar, mun skapast betri skilningur og betri aðstaða til þess að semja um þessi mál, bæði í nútíð og framtíð.

Önnur breyt. í þessum lögum er sú, að í stað þess, að heimilt var að hækka verð innanlands til þess að bæta með halla á útfluttum vörum, er nú horfið frá því, en tekin upp útflutningstrygging á þeim landbúnaðarvörum, sem út eru fluttar. Það má segja, að það ákvæði í lögunum að hækka vöruverð innanlands til þess að bæta upp halla á útflutningi hafi verið að mestu óframkvæmanlegt, auk þess sem það var mjög óvinsælt, og það fullnægði alls ekki því, sem bændur í rauninni áttu rétt á, en það var að fá svipaðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir, vegna þess að þeir þurftu oft að bera halla af útflutningi landbúnaðarvara. Og sérstaklega var þetta tilfinnanlegt á árinu 1958, því að þá vantaði bændur 23 aura á hvern innveginn mjólkurlítra það ár, vegna þess að það var tap á útfluttum mjólkurafurðum, sem ekki var unnt að ná upp þrátt fyrir þá heimild í lögum að geta hækkað verð innanlands til þess að bera uppi hallann.

Það, sem hefur vantað í framleiðsluráðslögin, til þess að unnt væri að fullnægja því ákvæði, að bændur bæru ekki verri hlut frá borði en aðrar vinnandi stéttir, voru þrír

punktar. Það var í fyrsta lagi það, að lengst af hefur ekki verið heimilt að taka tillit til kauphækkana nema einu sinni á ári, þ. e. í septembermánuði, þegar vörurnar eru verðlagðar. Þótt kaup hækkaði í október og fyrri hluta árs, gátu bændur ekki fengið það bætt fyrr en eftir ár. Afleiðingin af þessu var sú, að bændur báru skarðan hlut frá borði og neytendur margir hverjir héldu, að þegar landbúnaðarvara hækkaði ár eftir ár, væru það bændur, sem væru að ryðja brautina til nýrra krafna. En þessu hefur verið breytt þannig, að ef kaup hækkar, má taka tillit til þess ársfjórðungslega í verðlaginu. Annar veigamikill punktur, sem vantaði í framleiðsluráðslögin, var það, að ef rekstrarvörur landbúnaðarins hækkuðu, var ekki unnt að taka tillit til þess nema einu sinni á ári. Þótt rekstrarvara hækkaði, þegar nýbúið var að verðleggja vöruna, t. d. í október, varð bóndinn að bíða eftir verðhækkun í heilt ár. Þetta varð til þess, að á þessum verðhækkunartímum hafa bændur borið skarðan hlut frá borði og lögunum alls ekki verið fullnægt að því leyti, að þeir hafi svipaðar tekjur og annað vinnandi fólk. Og svo er þriðji punkturinn, sem var ekki veigaminnstur og ég minntist lítillega á áðan, en það var það, að þegar landbúnaðarvörur voru fluttar út fyrir lægra verð en þær voru í grundvellinum, báru bændur oft þann halla, og það varð til þess, að tekjur þeirra urðu mun lægri en ætlazt var til með sex manna nefndar samkomulaginu.

Þessir þrír punktar verða teknir í lög með þessu frv., og má þess vegna ætla, að þetta frv. tryggi það betur en nokkru sinni áður, að bændur fái svipaðar tekjur og annað vinnandi fólk, m. ö. o., að 1. gr. þessa frv. og 4. gr. laganna verði fullnægt, sem ekki hefur verið áður. Ég veit það, að fulltrúar neytenda í sex manna n. hafa alltaf ætlazt til þess, að bændur fengju það verð til sín, sem ætlazt er til og reiknað er með að þeim beri samkv. samkomulaginu. Það hefur alls ekki verið að vilja neytendafulltrúanna, að bændur fengju ekki það, sem þeim ber að fá lögum samkvæmt. Þetta frv. tryggir betur en nokkru sinni fyrr, að ákvæðum l. verði fullnægt að þessu leyti, og ég vil segja það, að það samkomulag, sem hér hefur náðst á milli neytenda og framleiðenda, spáir góðu um það, að áframhald megi verða á því, það er öllum fyrir beztu.

Nú hefur sex manna n. samkv. þessu samkomulagi setið á rökstólum undanfarið, og ég hygg, að hún hafi að þessu sinni náð samkomulagi, enda þótt það hafi ekki enn verið staðfest, en ég hygg, að svo hafi verið. Þetta frv. gerir að vísu ráð fyrir þeim möguleika, að samkomulag náist ekki og að þá verði skipaður yfirdómur með hagstofustjóra fyrir oddamann og einum fulltrúa frá framleiðendum og öðrum frá neytendum. En ég hygg, að til þess þurfi ekki að grípa að þessu sinni að skipa yfirdóminn, og ég veit það, að þeir aðilar, sem stóðu að samkomulaginu í desember og unnu að því af miklum áhuga og góðvild, hafa einnig nú í sex manna n. unnið með sama hugarfari að því að ná samkomulagi um endanlegt verðlag, sem gildir frá 1. sept. s. l.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla mér ekki efnislega að ræða þetta frv. nú við 1. umr., því að að sjálfsögðu gefst mér kostur á að fjalla um það í n. og mun láta það bíða þess tíma. En það voru aðeins tvær fsp. á þessu stigi, sem ég vildi leggja fram fyrir hæstv. ráðherra. Það er í fyrsta lagi það, hvort samningsaðilar, sem hafa verið að semja um búvöruverðið núna undanfarandi, hafi náð samningum, hvort samkomulag sé komið um verðlagsgrundvöllinn fyrir árið 1959 og 1960. Og í öðru lagi, ef samningsgrundvöllur er þegar fenginn og hann er á þann veg, að það er um verðhækkanir að ræða, hvort þá er meiningin, að búvöruverðið hækki í verði til neytendanna eða að sá mismunur, sem kann að skapast nú við nýtt samkomulag, verði greiddur niður úr ríkissjóði. — Það eru aðeins þessar tvær fsp., sem ég vænti að hæstv. ráðh. svari.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Viðvíkjandi þessum fyrirspurnum, þá held ég, að ég geti sagt það, að það sé orðið samkomulag. Það er að vísu ekki opinbert, og ég hygg, að það sé eftir að halda einn fund, en mér hefur skilizt, að það væri samkomulag, og eftir daginn í dag geri ég ráð fyrir, að það verði heyrinkunnugt.

Um það, ef um hækkun verður að ræða, hvort útsöluverðið verður þá látið hækka eða niðurgreiðslan aukin, því get ég ekki svarað í dag, vegna þess að það er ríkisstj. öll, sem fjallar um það, en það hefur ekki komið fyrir ríkisstj. að svo komnu, vegna þess að verðið eða niðurstaðan hefur ekki verið tilkynnt. Ég gæti vel trúað því, að ríkisstj. fengi vitneskju um þetta seinni partinn í dag eða á morgun, og þá mun hún að sjálfsögðu halda fund um málið og taka ákvörðun um það, hvort niðurgreiðsla verður aukin, ef um verðhækkun er að ræða, eða hvort útsöluverðið hækkar. Þetta er sennilega aðeins einum degi of fljótt spurt til þess, að það sé hægt að gefa fullnægjandi svar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 115, n. 158, 153, 157, 159).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Brtt. við 6. gr. þessa frv., er landbn. leggur hér fram, er einungis til samræmis við lagabálk um efnahagsmál, sem afgreiddur var hér á Alþingi, eftir að þetta frv. var flutt og

afgr. hingað til Ed. Að þessu er vikið í nál., og tel ég því þarflaust að fara um brtt. mörgum orðum, enda er þar ekki um efnisbreytingu að ræða. Brtt. þessi liggur hér fyrir á þskj. 159.

En um frv. sjálft tel ég hlýða að segja nokkur orð. Með afgreiðslu þess, ef að lögum verður, ætti að vera lokið umræðuþætti alllöngum og nokkuð háværum, er hófst s. l. haust um landbúnaðarverðlag og verðlagningu. Margt orð hefur farið og fokið um bekki út af þessu máli og ekki öll svo næsta þarfleg. En allt er gott, þá endirinn allra beztur verður. Ber nú að fagna því, að lausn er fengin á löngu þófi og umfangsmiklu ofhitamáli. Að lausn þess hafa margir menn unnið vel og drengilega og algerlega málefnalega. Ég nefni ekki nöfn í því sambandi, en þeir eru bæði úr hópi fulltrúa neytenda, sem svo eru nefndir, þeir eru einnig úr hópi fulltrúa framleiðenda, að ógleymdum afskiptum hæstv. landbrh. af þessu máli og hæstv. ríkisstj. Ég tel, að hér hafi verið unnið að málefnalegri lausn á réttan hátt, og vil telja, að allir þessir menn eigi fyrir það traust skilið og virðingu.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á gömlu framleiðsluráðslögunum frá 1947, er þá voru sett til að tryggja bændum með lögum verð fyrir vöru sína, er færði þeim tekjur, er sambærilegar teldust við tekjur annarra vinnandi stétta, eins og það er orðað. Á þessari lagasetningu þá var mjög mikil nauðsyn. Nú eru gerðar nokkrar breytingar á þessum lögum frá 1947. Ég nefni aðeins þær helztu.

Fulltrúar neytenda hafa nú meiri íhlutunarrétt en áður um það, hvernig dreifingarkostnaður búvöru er fundinn og reiknaður, en það hefur áhrif með mörgu öðru á verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða. Breyt. er nú gerð í þá átt, að breyta má verði landbúnaðarvöru oftar en áður var, eða ársfjórðungslega. En áður var hún verðlögð aðallega í eitt skipti fyrir árið, frá 1. sept. til 31. ágúst. Fram er nú tekið, að halli, sem kann að verða af því fyrir framleiðendur, að úr landi verði að flytja eitthvað af vörum þeirra og selja þar fyrir verð, sem er undir framleiðslukostnaði, skuli ekki lagður ofan á innanlandsverðið, en þetta var talið heimilt að gera eftir eldri lögum og olli að vonum óánægju í hópi neytenda, sem berlegast kom fram á s. l. ári, eftir að dómar höfðu fjallað um þetta atriði, og mun þetta hafa valdið mjög miklu um, að allt samkomulag í sex manna nefnd fór út um þúfur í fyrra og fulltrúar neytenda voru kvaddir heim. Sem afleiðing af þessari breytingu koma nú inn skýr ákvæði um það, að bændur fái að vissu marki greiddan halla, ef hann verður á útfluttum landbúnaðarvörum, úr ríkissjóði. Sumir eru smeykir við þetta ákvæði og telja, að það geti orðið nokkuð dýrt fyrir ríkið. Að sjálfsögðu væri æskilegast fyrirkomulag allra þessara verðlagsmála, að bændur verðlegðu vöru sína sjálfir á innlendum markaði og bæru þá halla af því, sem út væri flutt, ef það gefur minna verð. En þá yrði varan of dýr í landinu, eins og sakir standa hjá okkur þessi árin. En við lægra verð en bændur fá nú fyrir sína vöru geta þeir ekki búið og framleitt. Hin frjálsa verðlagning er því ekki tímabær, og við Íslendingar erum síður en svo einir um þann vanda að þurfa að greiða niður landbúnaðarvörur.

Allir menn munu viðurkenna, að vörur þessar megi með engu móti vanta í þjóðarbúið. Nú hin síðustu ár sýnist mér næstum augljóst, að fremur verði skortur á flestum eða öllum landbúnaðarvörum hér hjá okkur en að um offramleiðslu verði að ræða. Þegar bezt hefur gert nú hin síðustu ár, hefur landbúnaðarframleiðslan í heild verið aðeins örfáum prósentum fram yfir neyzluna í landinu. Í lakari árum hefur orðið skortur, t. d. nú í vetur á smjöri, svo að flytja varð inn allmikið magn af dönsku smjöri. Árlega vantar mikið magn af kartöflum. Hins vegar hefur verið flutt út dálítið af kindakjöti, en nú eru horfur á, að sá útflutningur verði það sæmilegur, að erlendi markaðurinn gefi viðlíka verð og innanlandssalan fyrir kjötið.

Um þetta mál má að sjálfsögðu margt segja, en helzt af öllu ekki allt of mikið af fúkyrðum, sem einungis spilla samkomulagi milli stétta. En verðlagslögin eða sexmannanefndarlögin frá 1947, sem nú hafa verið endurskoðuð og umbætt, eru merkileg að því leyti, að þau eiga að byggjast á samkomulagi, skilningi og þekkingu til beggja hliða, og hefur þetta gefizt býsna vel hér til. Aðalatriði þessa máls eru: Þjóðin verður að framleiða landbúnaðarvörur, sem nægja henni sjálfri til fæðu, a. m. k. það. Það er það allra minnsta. Og þessa fæðu má hún ekki spara um of. Nú fækkar þeim einstaklingum hér, sem í flestum öðrum löndum, látlaust, sem fást til að stunda landbúnað. Þetta getur komið til með að verða alvarlegt áhyggjuefni, sem þá verður að ráða bót á, þegar þar að kemur. Og til þess er aðeins ein leið, sú að skapa betri skilyrði fyrir það fólk, sem stundar þau störf, sem of margir vilja nú sniðganga.

Samfara þessari fækkun á grasrótinni fjölgar hinum í stórum stíl. Eftirspurn og þörf fyrir landbúnaðarvörur vex hröðum skrefum og mun vaxa. Það er útilokað, að nægilegt magn af þeim verði unnið úr skauti jarðar, nema sú stétt manna, er að því vinnur, hafi hliðstæð kjör og aðrar stéttir. Mín skoðun er sú, að ákvæði 9. gr. þessa frv. muni ekki leiða til mikilla útgjalda fyrir ríkið, og ég óttast miklu meira, að landbúnaðarframleiðsla í þessu landi verði of lítil en of mikil. Þrátt fyrir stórkostlegar umbætur og mjög bætt kjör sveitafólks nú hina síðustu áratugi er það sannleikur, að víða eru þau þó allt of tæp. Ofmati á einni framleiðslugrein og vanmati á annarri er um of á lofti haldið hér á landi, og veldur það einnig fráhvarfi margra manna, sem uppaldir eru við sveitastörf og vilja máske gjarnan gera þau að ævistarfi, ef viðunandi skilyrði væru fyrir hendi. Einn merkur bóndi hefur sagt réttilega: Ef hér væri ekki mold og landbúnaðarframleiðsla, þá væri hér engin þjóð.

Ég legg til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri einu breyt. við 6. gr., er landbn. flytur á þskj. 159.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er ný brbl., sem gefin voru út, eftir að þau brbl., sem gefin voru út 18. sept., höfðu fallið úr gildi í desembermánuði síðastliðnum.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða upphaflegu brbl., þótt að vísu ástæða væri til, vegna þess að þau voru þó nokkuð rædd hér í vetur og því ekki eins ástæða til að ræða þau nú. En þetta frv., sem hér um ræðir, er ávöxtur af því starfi, sem Stéttarsamband bænda háði á s. l. hausti og í vetur til baráttu fyrir hönd bændanna í landinu. Og þótt Stéttarsamband bænda hafi að vísu ekki enn þá fullkomlega slitið barnsskónum, hefur það sýnt sig nú, að það er fullkomlega starfi sínu vaxið. Það hefur vaxið með hverjum vanda, sem að bændastéttinni hefur steðjað í landinu. Og það þarf enginn að halda það eða halda því fram, að þessi verðlagsmál, sem svo mjög voru um deild á s. l. hausti og allt fram í þennan mánuð, hefðu ráðizt á þennan hátt án samtaka bændanna.

Það er einsdæmi á því 13 ára tímabili, sem Stéttarsambandið hefur starfað, að samningar um verðlag landbúnaðarafurða skuli ekki hafa tekizt fyrr en sex mánuðum eftir að þeir áttu að öðlast gildi. Það er alveg nýtt í sögunni. Það hefur aldrei komið fyrir fyrr en nú. En þrátt fyrir ýmsa örðugleika og ljón á veginum tókst Stéttarsambandinu og þeim, sem þar störfuðu, að leiða þessi mál til lykta á farsælan hátt.

Þetta frv. felur í sér ýmsar breytingar frá eldri lögum, og standa vonir til, að þær breytingar muni verða til bóta og ná tilgangi sínum í framtíðinni. Ástæðan fyrir því, sem hv. 5. þm. Austf. flytur hér brtt. ásamt mér, er sú, að okkur finnst, eins og raunar fjöldamörgum bændum þessa lands og öðrum, sem um þetta mál hafa fjallað, vanta nokkurt öryggi inn í löggjöfina, þegar skapast aðstæður eins og sköpuðust á s. l. hausti, því að þá kom í ljós, að sá yfirdómur, sem á að starfa samkv. lögunum, varð óstarfhæfur. Og ég er sannfærður um það, að þegar þessi lög voru sett upphaflega, hafi ekki verið með því reiknað, og því finnst mér, að nú beri að setja það öryggi inn í lögin, sem vantar, til þess að sá yfirdómur, sem við tekur, þegar sex manna nefndin nær ekki samkomulagi, verði undir öllum kringumstæðum starfhæfur. Brtt. okkar er á þskj. 157, og vænti ég þess, að hv. alþm. samþykki þá till. til þess að tryggja það, að yfirdómurinn, sem við tekur af sex manna nefndinni, verði starfhæfur, þegar á þarf að halda, en bezt væri, að jafnan næðist samkomulag. Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að fjölyrða meira um þetta atriði, því að mér finnst það svo sjálfsagt, og ég hygg, að þetta hafi mjög komið til umræðu í vetur, meðan samningar um þessi mál stóðu yfir, þótt ekki hafi af samningsaðilum verið frá því gengið, en kannske á bak við verið til þess ætlazt, að Alþingi, sem að sjálfsögðu fengi þetta mál, hefði sína möguleika á að færa það í það rétta horf, sem því fyndist.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Með frv. því til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., sem hér liggur fyrir, er verið að endurbæta lögin um framleiðsluráð frá 1947. Hér er sannarlega um þýðingarmiklar endurbætur að ræða. En undirstaðan að því, að þessar endurbætur fást nú fram, er brottför neytendafulltrúanna úr sex manna n. á s. l. haust og brbl. þau, sem minnihlutaríkisstjórn Alþfl. setti á svipuðum tíma. Í raun réttri eiga bændur þakkir skilið fyrir þá víðsýni og þann skilning, sem þeir hafa sýnt á sanngjörnum kröfum neytendanna, sem komu fram í því, að samkomulag náðist um þessi mál í desembermánuði s. l. milli framleiðenda og neytenda, og þessar þakkir eiga bændur því fremur skilið, þar sem búið var að þyrla upp pólitísku moldviðri um þetta mál.

Þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé byggt á samkomulagi milli framleiðenda og neytenda, þá eru það vitanlega fyrst og fremst höfuðatriðin, sem samið var um. Ég hef ekki litið svo á og ekki heldur aðrir meðlimir landbn., að þarna mætti ekki hrófla neinu. En þessi höfuðatriði, sem endurbæturnar eru fyrst og fremst fólgnar í, eru, að nú er ekki lengur heimilt að leggja gjald ofan á söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði vegna halla, sem verður á sölu þeirra á erlendum markaði, eins og gert var haustið 1958, en það var í raun og veru upphafið að þeim deilum, sem spruttu á s. l. ári. Nú er tekið fyrir það. Og í öðru lagi hafa nú neytendurnir fengið fullan íhlutunarrétt og jafnrétti við bændur um ákvörðun á dreifingar- og vinnslukostnaðinum, en um það voru þeir réttlausir áður.

Þó að ég sé í heild fylgjandi þessu frv. og telji vissulega ástæðu til þess að fagna því, tel ég samt, að á því séu nokkrir annmarkar, sem eðlilegt sé að sniðnir séu af í meðförum þingsins, og hef ég því leyft mér að bera fram brtt. við frv. þetta. Þær brtt. eru á þskj. 153, og vil ég leyfa mér að gera lítils háttar grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv., að í stað Sjómannafélags Reykjavíkur komi Sjómannasamband Íslands. Þessa breytingu tel ég eðlilega. Þegar lögin voru sett 1947, var Sjómannasamband Íslands ekki til. Það er mjög ungt, sennilega tveggja ára gamalt. Uppistaðan í þessu sjómannasambandi er nú Sjómannafélag Raykjavíkur. Í því eru svo að auki nokkur sjómannafélög og sjómannadeildir úti um landið, og ég tel það á allan hátt eðlilegra, að það sé landssamband, sem skipar þarna neytendafulltrúann, því að hinir aðilarnir, sem skipa neytendafulltrúa, eru líka landssambönd. Ég tel því, að með tilkomu Sjómannasambandsins sé eðlilegt, að það fái þarna rétt til að skipa fulltrúa í stað Sjómannafélags Reykjavíkur.

Næsta brtt. er við 6. gr. frv., en við þá grein og um þetta sama atriði hefur reyndar landbn. líka gert brtt., og er ég að vísu sammála þeirri brtt. n., svo langt sem hún nær. Hún nær bara of skammt, þ. e. a. s. það er verið að afnema kaupgreiðsluvísitöluhækkun, sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt, þegar kaupgreiðsluvísi-

tala er nú naumast lengur til í sjálfu sér og þegar verkalýðsfélögin hafa ekki lengur heimild til að hækka kaup meðlima sinna eftir vísitölu. En munurinn á minni till. og till. hv. landbn. er fólginn í tvennu, og það er fyrst og fremst í sambandi við hinar ársfjórðungslegu breytingar. Að vísu má skjóta því hér inn í, að það væri e. t. v. eðlilegt, að þessir möguleikar til breytinga á búvöruverði ársfjórðungslega væru felldir niður, eftir að efnahagslögin voru samþykkt, því að þetta hefur vitanlega verið grundvallað á því, að verkamenn hafa fengið undanfarið ársfjórðungslegar breytingar eða hækkanir á kaupi sínu vegna vísitölubreytinga. En út í það skal nú ekki farið, það er ekki gerð till. um, að þessi heimild til ársfjórðungslegrar hækkunar verði felld niður. En munurinn á minni till. varðandi 6. gr. og till. landbn. er tvenns konar. Hann er sá í fyrsta lagi, að landbn. heldur hér því ákveðið frv., að breytingin sé miðuð við breytingu eða hækkun, sem hefur orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík. Nú er það svo, að þegar verðlagsgrundvölluur er fundinn á haustin, aðalgrundvöllurinn, er ekki miðað við verkamannakaup í Reykjavík. Það segir í 1. gr., eins og öllum er kunnugt, að söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði eigi að miðast við, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Það er ekki talað um verkamenn, heldur aðrar vinnandi stéttir, og það er náttúrlega um fjöldamarga aðra aðila að ræða en verkamenn. Mér finnst það því ósamræmi, að á haustin, þegar aðalgrundvöllurinn er fundinn, sé miðað við aðrar vinnandi stéttir, þ. e. a. s. launaúrtak, sem hagstofan lætur gera, en þegar breytingar eiga sér stað ársfjórðungslega, sé eingöngu miðað við verkamannakaup í Reykjavík, enda finnst mér nú, eftir að vísitöluuppbótin er fallin niður, að þá sé nú út af fyrir sig mjög ólíklegt, að verkamannakaup í Reykjavík breytist ársfjórðungslega. Þess vegna tel ég, að það sé á allan hátt eðlilegra, að það sé sama regla, sem gildir bæði á haustin og á öðrum árstíma um það, hvernig breytingar á kaupi hafi áhrif á verð landbúnaðarvara. Þess vegna hef ég lagt til í minni till., að þessi hækkun eða breyting ársfjórðungslega verði miðuð við laun annarra vinnandi stétta að því leyti, sem þau hafa breytzt á síðasta ársfjórðungi, en ekki eingöngu við kaup verkamanna í Reykjavík. Þá er það líka að öðru leyti, sem skilur á milli minnar till. og till. landbn., og það er, að í till. landbn. segir, að heimilt sé að breyta afurðaverði til framleiðenda vegna hækkunar á kaupi. Þetta finnst mér of þröngt, þarna ætti vitanlega að standa: vegna breytinga á kaupi. Þ. e. a. s., bændur eiga samkvæmt þessu rétt til að fá hækkun, ef kaup hækkar, en það á ekki að lækka búvöruna, ef kaupið skyldi lækka. Þó að menn hafi yfirleitt ekki veitt því athygli, er þarna ekki um jafnrétti að ræða. Það er ósköp eðlilegt, að þetta sé gagnkvæmt, og ég vil líka vísa til þess, að í 3. mgr. 6. gr. frv. er talað um breyt. á söluverði landbúnaðarvara til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og þar er bara talað um breytingu, en ekki talað um hækkun. Það er þess vegna sanngjarnast, að verðið á landbúnaðarvörunum ekki eingöngu hækki, ef kaup hækkar, heldur líka lækki, ef kaup lækkar. — Í þessu tvennu er fólginn munurinn á minni till. og till. hv. landbn.

Þá kem ég að brtt., sem ég hef gert við 9. gr. frv. Í 9. gr., 2. mgr., segir, að tryggja skuli greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skuli greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en sem svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar. Til þess að skýra þetta nokkuð með dæmi, þá er áætlað, að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar til framleiðenda sé yfir árið um 730 millj. kr., og þá þýðir þetta það, að bótagreiðslan vegna halla á útflutningi má nema samkvæmt þessu allt að 73 millj. kr. yfir árið. Þetta þýðir í raun og veru það, að þótt útflutningur landbúnaðarvara ykist stórkostlega frá því, sem nú er, fengju bændur hallann að fullu bættan upp.

Það væri í raun og veru að mínum dómi hreinlegra að hafa engin mörk en að vera að setja mörk, sem eru raunverulega ekki nema blekking, vegna þess að það eru engar horfur á, að þeim verði nokkru sinni náð.

Þegar bændur eru studdir til þess að framleiða nóg fyrir innanlandsmarkað og það er verið að ábyrgjast þeim við þá framleiðslu sömu kjör og öðrum vinnandi stéttum, finnst manni, að það væri eðlilegt, ef þeir gerast útflytjendur, að þá sætu þeir við sama borð og aðrir útflytjendur. Hins vegar viðurkenni ég, að það er sanngjarnt, ef menn krefjast þess og vilja stuðla að því, að bændur framleiði alltaf nóg fyrir innanlandsmarkað, þá er ekki hægt fyrir fram að framleiða nákvæmlega það, sem innanlandsmarkaðurinn þarf. Það má segja, að það sé eðlilegt, að þarna geti í góðu árferði orðið nokkur umframframleiðsla, sem verði að flytja út og bændur eigi þá að fá sama verð fyrir og á innanlandsmarkaði. En þá teldi ég alveg nægjanlegt, að útflutningur, sem fer ekki fram úr 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, miðað við innanlandsverðið, sem bændur eiga að fá, verði bættur. Ég vil halda mér við dæmið um 730 milljónirnar til samanburðar. Ef bændur flytja út vöru, sem eftir innanlandsverði ætti að fást 73 millj. kr. fyrir, en það fæst ekki svo mikið, þá skal sá munur einn bættur, og að því miðar mín tillaga, sem sagt miðar að því að setja þarna hófleg mörk, en ekki mörk einhvers staðar út í loftið, sem eru óraunhæf og væri alveg eins gott að fella niður.

Þá hef ég líka leyft mér að gera aðra brtt. í sambandi við 9. gr., skjóta þar inn nýrri málsgr., sem segir, að ef bændur hagnist á útflutningi landbúnaðarvara, skuli sá hagnaður koma til frádráttar í verðlagsgrundvellinum á

næsta verðlagsári. Að vísu má segja, að það sé ef til vill ekki mikill möguleiki á því, að þeir hagnist á útflutningnum, en það gæti þó alltaf komið fyrir, og mér finnst sjálfsagt, að bændur verði þá að skila því aftur, þannig að neytendurnir hafi þá hag af því, að bændur gætu selt, eins og mjög væri æskilegt, vöru sína í útlöndum fyrir það verð, að þeir fengju þar meira borgað fyrir hana en á innanlandsmarkaðinum. Úr því að verið er að tryggja þeim verðlagsgrundvallarverð fyrir alla framleiðslu, eiga þeir einnig að standa skil á hagnaðinum.

Ég skal, til að skýra þetta frekar, taka fram, að þegar landbúnaðarvörur eru fluttar út, getur náttúrlega orðið halli, miðað við innanlandsverðið, á sumum afurðategundum og á öðrum tegundum hagnaður, og kæmi þá sá hagnaður fyrst og fremst í staðinn fyrir bótagreiðsluna og létti þannig á ríkissjóði. Það, sem ég á fyrst og fremst við með brtt. minni, er, að ef heildarútflutningurinn yfir verðlagsárið gefur hærra verð en fæst á innlendum markaði, þá verði sá hagur, sem bændur hafa þar af, látinn koma til frádráttar í verðlagsgrundvellinum á næsta verðlagsári.

Ég vona svo að lokum, að hv. dm. séu mér sammála um það, að hér sé eingöngu um eðlilegar og sanngjarnar leiðréttingar á lögunum að ræða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki fara að ræða þessi brbl. efnislega, það hefur verið gert rækilega, bæði hér í þessari hv. d. og í Nd. og ekki þá síður utan þingsins. En mér þykir ástæða til að taka það fram, sem ég reyndar hélt að allir hv. þm. vissu, að þessi brbl. eru byggð á samkomulagi og eru samningur á milli deiluaðilanna, bændanna annars vegar og neytendafulltrúanna hins vegar, og ég lít þannig á, að þessum samningi væri ekki hægt að breyta nema með samkomulagi við þessa aðila. Ég hefði viljað halda þannig á þessu máli, að ekki verði hægt að halda því fram, að það væri brotinn samningur á nokkurn hátt Og enda þótt á það megi benda, að þessi lög gætu staðið til bóta og að flytja mætti till. til breytinga á þeim, sem eru til bóta, mundi ég samt sem áður standa algerlega á móti þeirri breyt., vegna þess að það var ekki samið um það.

Ég vil t. d. nefna hér till. á þskj. 157, sem tveir hv. framsóknarmenn hafa flutt. Ég tel, að það sé til bóta að hafa í lögunum ákvæði eitthvað í þessa átt, sem þar um ræðir. Ég tel þó, að það væri eðlilegra, að maðurinn eða mennirnir, sem skipaðir yrðu í yfirdóminn, væru úr hópi sexmannanefndarmanna, og þá eingöngu vegna þess, að þeir hafa kunnugleika á þessum málum fram yfir aðra.

Nú er það sýnilegt, að þessi till. er ekki flutt í samráði eða í samkomulagi við þá, sem standa að brbl. Þess vegna vil ég gera það að tillögu minni, að hv. flm. taki till. aftur til 3. umr. og sannprófi það í nefnd ásamt því að leita til fleiri aðila, sem þetta mál er skylt, t. d. hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, sem stóð að samningunum, hvort þeir aðilar, sem að lögunum standa og samningunum í heild, geta sætt sig við að bæta inn í lögin ákvæði, sem nær þeim tilgangi, sem þessari till. er ætlað að ná. Ef ekki næst samkomulag um þetta, finnst mér ekki koma til mála annað en að fella till., því að annars væri verið að brjóta þann samning, sem búið er að gera. Og þyki nauðsynlegt samt sem áður að fá þetta ákvæði inn í lögin, legg ég til, að flutt verði sérstakt frv. í því skyni.

Ég vil sem samt leggja það til, að hv. flm. till. á þskj. 157 taki hana aftur til 3. umr. og sannprófi það, hvort samkomulag getur fengizt um flutning á till., sem nær því marki, sem þessari till. er ætlað að ná, en væri samt sem áður öðruvísi orðuð, og ég tel heppilegra, að gengið væri út frá því, að þeir, sem skipa yfirdóminn, séu teknir úr hópi sexmannanefndarmanna.

Um till. á þskj. 159 er ekkert að segja. Það virðist vera samkomulagstill., sem allir geta fellt sig við, og er að sjálfsögðu þá ekkert við það að athuga, þótt sú brtt. verði samþykkt.

Um till. á þskj. 153 er öðru máli að gegna. Hún virðist ekki vera samkomulagstillaga. Ég tel ekki þörf á því að fara að ræða hana ýtarlega eða efnislega. Það eru ekki neinar stórvægilegar breytingar, sem í henni felast. Ég tel, að það, sem hv. flm. leggur mest upp úr og talaði mest um, séu útflutningsuppbæturnar. Ég tel, að hann geri óþarflega mikið úr því atriði. Það, sem felst í lögunum, er það, að bændur fái útflutningstryggingu fyrir allt að 10% af heildarmagni landbúnaðarafurða framleiddra á árinu áður, og þá er það rétt, sem hv. þm. sagði, að þessi upphæð gæti numið allt að 73 millj. kr., ef útflutningsmagnið yrði svona mikið. Nú hefur verið á það bent áður, að þegar útflutningurinn var mestur, nam hann aðeins 5.45%. Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við það, sem fólkinu fjölgar í landinu, og þess vegna er það rétt, sem hv. frsm. n. sagði hér áðan, að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði, einvörðungu vegna þess að notkun landbúnaðarvara í landinu vex stöðugt með fólksfjölguninni. En eins og hv. flm. till. sagði hér áðan, er það eðlilegt, að úr því að bændur hafa þá mórölsku skyldu að framleiða nægilegar landbúnaðarvörur fyrir innlenda markaðinn, sé þeim tryggt fullt verð fyrir umframframleiðslu til dreifingar og sölu á erlendum mörkuðum.

Það má deila um það, hvað hátt á að fara í þessu. Það mundi kannske einhver segja, að það væri alveg nóg að miða við 5%. En ég hygg, að jafnvel þótt útflutningurinn að undanförnu hafi aldrei verið meiri en 5.4%, sé óþarfi að vera að takmarka þessa upphæð svo mikið, að það gæti verið, að bændur hefðu halla af því að uppfylla þessa mórölsku skyldu sína við þjóðfélagið að hafa ávallt nóg á markaðinum af innlendum vörum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira

um þetta. Ég vænti þess, að hv. deild viti það, að þetta er á samkomulagi byggt, og það er vitanlega öllum frjálst að leita eftir því að fá breytingar á þessu með samkomulagi. En sé það ekki gert á samkomulagsgrundvelli, lít ég svo á, að það sé verið að brjóta það samkomulag, sem gert var, og það tel ég bæði hættulegt og alls ekki rétt af neinum ástæðum. Ég tel, að einmitt það samkomulag, sem náðist í desembermánuði s. l., eigi að standa. Ég skal ekkert fara út í það hér, hverjum það er að þakka. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að það væri fyrir harða baráttu Stéttarsambandsins. Við skulum lofa Stéttarsambandi bænda að eiga þann heiður, sem því ber, — og hvers vegna skyldi Stéttarsamband bænda láta það afskiptalaust, hvernig fer um verðlagsmál landbúnaðarins? Vitanlega vildi Stéttarsamband bænda skipta sér af þessu máli og leysa það sem bezt, og við skulum ekkert draga af því, að það eigi þakkir skilið fyrir að hafa staðið þar að. En þá eiga einnig aðrir þakkir skilið, sem stuðluðu að þessu samkomulagi, þ. e. fulltrúar neytendanna. Við skulum þakka öllum þeim, sem stóðu að því og gerðu það mögulegt. En við skulum, um leið og við gerum það, forðast að gera nokkuð, sem getur spillt þessu samkomulagi og getur orðið steinn í götu þess, að það sé hægt að halda áfram að vinna á samkomulagsgrundvelli. Það er það, sem við þurfum að tryggja, og þessi löggjöf er eitt stærsta sporið í áttina til þess að tryggja samkomulag, ekki aðeins nú, heldur og eftirleiðis, ef það næst með þessum aðgerðum, skapa aukið traust á milli bændanna og bændafulltrúanna og neytendanna. En traust verður aldrei hægt að skapa, nema staðið sé við gerða samninga.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Brtt. hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) og hv. 5. þm. Austf. (PÞ) við 3. gr. þessa frv. mun vera fram komin vegna atburða í haust, er sex manna nefnd varð óstarfhæf og yfirnefnd var ekki heldur skipuð.

Að sjálfsögðu hafa allir, er um þessi mál haga hugsað og fjallað, hugleitt þetta atriði og velt því fyrir sér á ýmsa lund og rætt það á því umræðu- og samningastigi, sem þetta mál var á langan tíma í haust og vetur.

Nú hafa framleiðsluráðslögin verið við lýði í 12 ár eða þar um bil, en þetta öryggisleysi, sem talið er að liggi í því, að ekki séu ákvæði um það, hvernig yfirnefnd verði skipuð, ef fulltrúar neytenda neita að taka þátt í henni, hefur ekki komið að sök fyrr en á s. l. hausti, að þessar nefndir yrðu ekki starfhæfar. Að þessu leyti er fengin þó nokkur reynsla fyrir því, að ekki eru líkur til, að oft muni þurfa að taka til þess að skipa yfirnefnd, eins og lagt er til í þessari brtt. Þó tel ég, að í sjálfu sér væri fremur gott, að ákvæði væri um þetta í frv. En eins og hæstv. landbrh. vék hér að áðan, er þetta frv. algerlega byggt á samkomulagi á milli fulltrúa framleiðenda og neytenda. Ég leit því svo á, þegar þetta atriði var til umræðu í landbn., að landbn. sem slík eða Alþingi ætti ekki að fara að brjóta niður þetta samkomulag fulltrúa neytenda og framleiðenda með neinum breytingum á þessu frv., sem mættu teljast verulegar efnisbreytingar. Þess vegna varð aðeins samkomulag um eina breyt. í landbn., þá sem lögð er hér fram og ekki hefur verið ágreiningur um, hvorki í nefnd né hér í hv. deild.

Það má náttúrlega margt um það segja, hvort þetta mundi verða til mikilla bóta, að gefa landbrh. vald til þess að skipa slíka yfirnefnd eða slíkan yfirdóm, til þess að valdið sé hjá honum. Enda þótt hæstiréttur tilnefndi máske mann í hana, yrði valdið hjá honum, því að ekki er við því að búast, að í hæstarétti séu menn, sem hafa nokkra sérþekkingu á þessum málum, verðlagningu landbúnaðarafurða. En ég geri ráð fyrir því samt, að fulltrúar bænda og bændur yfirleitt gætu sætt sig við það, að þetta vald væri í höndum landbrh, með það fyrir augum, að þeir byggjust við því, að landbrh. væri frekar þeim megin í deilu um þetta en að hann styddi neytendur. En það liggur aftur á móti alls ekkert fyrir um það, að neytendur sætti sig við þetta, enda liggur þetta algerlega utan við það samkomulag, sem margsinnis er búið að lýsa að hafi orðið í þessu máli. Þess vegna tel ég, að Alþingi eigi ekki að samþ. þetta, nema þá ef menn vilja skjóta málinu enn á frest, eins og hæstv. landbrh. stakk upp á, og leita eftir samkomulagi við neytendur um þetta, ef mönnum þykir það verulegu máli skipta. Ég fyrir mitt leyti álít, að þetta skipti ekki verulegu máli, vegna þess að eins og þetta lagafrv. er nú orðið, eru numdir í burt þeir helztu agnúar, sem áður voru á þessum lögum og ollu því s. l. haust, að sex manna nefndin varð ekki starfhæf, og það hygg ég að hafi aðallega legið til grundvallar þar í gömlu lögunum, að heimilt var talið að leggja ofan á innanlandsverðið þann halla, sem framleiðendur biðu af því að flytja út landbúnaðarvörur, og um þetta gengu dómar, sem studdu þetta. Út af þessu álít ég, að sex manna nefndin hafi aðallega sprungið. Og með því góða samkomulagi, sem nú hefur tekizt milli fulltrúa þessara hópa, framleiðenda og neytenda, er ég ekki mikið hræddur um, að til þess komi, að það þurfi að vera tiltæk slík yfirnefnd sem lagt er til í þessum brtt.

Viðvíkjandi öðrum brtt., sem hér hafa komið fram frá hv. 9. landsk. (JÞ), vil ég líka segja það, að þótt hitt og annað sé í þeim athyglisvert máske, ganga þær einnig út á það að breyta því samkomulagi, sem orðið var um þetta mál, og ég held þær séu ekki svo mikilsverðar, að það sé ástæða til að fara að taka málið upp að nýju sem samkomulagsmál af hálfu ríkisstj. eða að neytendur og framleiðendur fari enn að semja um þessi mál. En það tel ég óhjákvæmilegt, ef Alþingi gerir verulegar efnisbreytingar á frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það var út af brtt. hv. 9. landsk., sem ég vildi segja fyrst nokkur orð.

Það er sérstaklega ein brtt. á hans þskj.,

sem ég vildi ræða, og það eru þessar 10% uppbætur, sem til greina getur komið að ríkið þurfi að inna af hendi, ef bændur fá ekki fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir eins og þeim ber samkvæmt verðlagsgrundvelli fyrir hlutaðeigandi ár. Hv. þm. leggur til, að ríkinu verði heimilað að greiða þessar uppbætur. En á hinn bóginn leggur hann einnig til og reiknar með því, að það geti fyrir komið, að bændur hagnist um of á þessum hlutum, ef útflutningsframleiðsla landbúnaðarafurða verður í það miklu hærra verði en bændunum ber samkvæmt verðlagsgrundvellinum, og þá kemur hv. þm. með till. um það, að bændurnir skili aftur, eins og þegar talað er um, að þjófur eigi að skila þýfi sínu. Ég hygg, að það muni tæplega til þess koma, að bændur þurfi að skila neinu aftur í þessu tilfelli, því að þegar verðlagsmál landbúnaðarins eru athuguð til grunna, sjáum við, hversu mikla möguleika ríkið hefur, sem í þessu tilfelli á að inna af hendi það, sem á vantar, að náist verðlagsgrundvallarverð, — það hefur svo marga þræði af þessu verðlagi í hendi sér, að það getur hæglega kippt að sér hendinni með niðurgreiðslur, sem það á að inna af hendi til landbúnaðarins á sama tíma, því að það er nú svo komið, að ríkið greiðir niður meira af landbúnaðarverðinu en sem nemur milliliðakostnaðinum. Ég hygg, að hver sú ríkisstj., sem situr að völdum, færi að hugsa sig um, ef hún frétti það, að bændur fengju miklu meira fyrir útflutninginn en þeim ber, að þá léti hún endurskoða þann hluta verðlagsins, sem að ríkinu sjálfu snýr, og þar af leiðandi kemur það varla til, að bændur fái nokkurn tíma meira en þeim ber samkv. verðlagsgrundvellinum. Og það ber að líta á hitt, að það hefur aldrei komið fyrir enn þá, að bændur hafi borið úr býtum það, sem þeim ber samkv. verðlagsgrundvellinum, og ég held, að það komi tæplega til heldur á næstunni, að bændur fái það verðlagsgrundvallarverð, sem þeim ber, og þar af leiðandi fái þeir ekki það kaup, sem þeim ber, þegar miðað er við aðrar vinnandi stéttir í þjóðfélaginu. Þar hefur vantað svo mikið, að það er tæplega hægt að gera ráð fyrir því, svo að maður fari nú ekki að ræða um þá nýjustu hluti í þessum málum, þær gífurlegu álögur, sem verið er að leggja á þjóðina og ekki sízt bændurna í landinu, og það er þeim mun ríkari ástæða til að ætla, að bændurnir fái alls ekki það, sem þeim ber fyrir útflutninginn, heldur en að það fari á hinn gagnstæða veg. Ég er þessari till. eins og öðrum till., sem hv. 9. landsk. þm. ber fram, algerlega ósamþykkur.

Hæstv. landbrh. minntist á það, að hann teldi að sjálfsögðu hyggilegt að taka slíkt ákvæði inn í framleiðsluráðslögin eins og ég og hv. 5. þm. Austf. (PÞ) höfum lagt hér til, þótt ráðh. að vísu nefndi það, að hann teldi bezt við eiga, að slíkir menn, sem skipaðir yrðu eftir tilnefningu hæstaréttar, væru úr sex manna nefndinni. Ég er honum sammála um það. Ég hef ekki á móti því, að þeir séu úr sex manna nefndinni, það er mjög hyggilegt, en ég tel, að till. sé þannig orðuð, að það sé ekki nokkur hlutur í henni, sem bannar það. Og ég hygg, að það liggi í augum uppi og það verði hverjum og einum næst, sem á að skipa fulltrúa í þessa nefnd, að taka þá menn, sem kunnugleika hafa á þessum málum, og þar af leiðandi mundu þeir, sem hafa starfað í sex manna nefndinni, verða fyrstir til kvaddir, þegar um slíka dómnefnd væri að ræða, ef þeir gefa kost á sér.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að ef slík till. sem þessi væri samþykkt nú, væri það algert brot á öllu samkomulagi, sem hefði náðst í haust. Ég verð nú að játa það, að ég er ekki kunnugur því samkomulagi og veit ekki, hversu mörg mál og margar hliðar á þessu máli hafa komið þar til greina og hversu stíft þeir aðilar, sem að því samkomulagi stóðu, kunna að halda sér bókstaflega við það, sem þeir sjálfir settu inn í frv., og annað ekki, því að að sjálfsögðu vita allir, að þótt þetta ákvæði verði samþykkt nú, breytir það engu um það samkomulag, sem náðist á s. l. hausti. Það vita allir, því að sá verðlagsgrundvöllur, sem nú er fundinn fyrir verðlagsárið 1959 og 1960, stendur óhaggaður þar til á næsta hausti, og við honum verður engu hróflað, þó að þetta ákvæði komi inn í lögin. Þetta ákvæði nær eingöngu til þess, að slíkt ástand skapist ekki í þessum verðlags- og samningamálum eins og hefur verið nú um hálfs árs skeið, og það mun því aldrei koma til framkvæmda, fyrr en farið væri að ræða um verðlagsgrundvöllinn fyrir árið 1960 og 1961, og maður verður að vona, að til slíks þurfi ekki að koma. En það, sem skeð hefur, getur alltaf komið fyrir aftur, svo að ég fæ ekki séð, að það breyti miklu um þá samninga, sem nú gilda. En hins vegar get ég fallizt á það fyrir hæstv. ráðh. að taka till. aftur til 3. umr., ef landbn. eða formaður hennar hyggst beita sér fyrir því að kynna sér þessi málefni eitthvað frekar. Það er vel hægt að gera það. En ég get hvorki fallizt á það, að þetta ákvæði breyti neinu um þá samninga, sem staðið hafa yfir nú, og í öðru lagi það, að hvað sem öllum samningum líður, hvar sem er á landinu, þá þurfi Alþingi sem slíkt að beygja sig og afsala sér slíku valdi fyrir samninga. Og ég held, að það hafi verið hæstv. landbrh. og ýmsir úr hans flokki, sem deildu mjög mikið á vinstri stjórnina forðum fyrir það að vera að binda sig við stéttarsamtök og það, sem þau legðu til, en Alþingi hefur sitt vald og það ætti það að nota. Og ég vil minna hann á það nú, að ég held, að það væri hyggilegra fyrir hann að fylgja þeirri reglu, þegar honum finnst réttlátt mál vera á ferðinni, eins og hann viðurkenndi áðan að hér væri um að ræða.

Hv. 10. landsk. þm. (BGuðm) minntist á það og lagði mjög út af því, að það væru fengnar svo miklar réttarbætur, að mér skilst bæði fyrir framleiðendur og neytendur, samkv. þeim brtt., sem hér liggja fyrir á framleiðsluráðslögunumm, að ekki væri ástæða til að breyta þeim frekar og það væri ekki hyggilegt, að mér skildist á honum, að taka inn

ákvæði, þannig að það yrði fullskipaður gerðardómurinn, vegna þess að hann teldi aldrei æskilegt, að hann starfaði, og mér skildist á honum, að hann mundi aldrei hafa starfað. En það er ekki rétt, því að gerðardómur í verðlagsmálum hefur starfað nokkrum sinnum á þessum 13 árum, síðan framleiðsluráðslögin öðluðust gildi. Og að sjálfsögðu — **(Gripið fram í:** Ekki skipaður af ráðherra.) Nei, það sagði ég ekki. En því ákvæði, sem á að taka við, þegar samkomulag næst ekki, sem er gerðardómurinn, finnst mér að við verðum að ganga þannig frá, að það ákvæði bregðist ekki, eins og það gerði á s. l. hausti. Þetta hafa eiginlega allir viðurkennt, sem um þetta mál hafa rætt, og mér finnst, að okkur beri þess vegna að samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir. Að sjálfsögðu var ekki hægt að búast við því, að gerðardómur skipaður af landbrh. starfaði, þegar ákvæði í lögum var ekki fyrir hendi um þau mál. En hitt var alveg eins hugsanlegt á s. l. hausti, þegar hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkur hennar, Sjálfstfl., samþykkti að gefa út brbl., þá gat maður hugsað sér það, að þeim hefði alveg eins dottið í hug að gefa út brbl., sem kæmu því í kring, að gerðardómurinn yrði fullskipaður undir öllum kringumstæðum, og að hann hefði verið þá þegar látinn fjalla um verðlagsmálin. Það er alveg eins hugsanlegt. Ég skal nú ekkert segja um, hvort það hefur komið til tals hjá þessum flokkum, sem þá fóru með völdin, en það var alveg eins hugsanlegt. En mér finnst þetta ákvæði vera svo þýðingarmikið, að við getum tæplega hlaupið svo frá málinu að athuga það ekki nánar. En ég vil ítreka það, að ég fellst að sjálfsögðu á till. hæstv. ráðh. að taka till. aftur til 3. umr., ef formaður landbn. hyggst athuga þessi mál frekar fyrir 3. umr. En til atkvgr. óska ég eftir að till. komi allavega.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) var að tala hér um brtt., sem hann ásamt öðrum hv. þm. hefur flutt, og hann vill nú taka hana aftur til 3. umr., ef athugað verður á milli umr., hvort samkomulagsgrundvöllur er fyrir því, að þessi till. verði sett inn í lögin, samkomulag á milli þeirra, sem standa að brbl. Það, sem ég lagði áherzlu á áðan, var, að það væri kannað, því að ég tel, að ef till. eins og þessi væri í lögunum, geti hún alls ekki verið til annars en bóta. Hún getur ekki skaðað, hún spillir ekki l. á neinn hátt, en hún væri a. m. k. frá sjónarmiði sumra nokkurs konar öryggi fyrir því, að ekki gæti endurtekið sig það, sem gerðist á s. l. sumri, þegar ekki var hægt að skipa yfirdóminn. En ég vil þó vekja athygli á því, að hér stendur dálítið öðruvísi á nú en áður, vegna þess að þessi brbl., eru gerð með samkomulagi allra aðila, undirskrifað samkomulag um það að verðleggja landbúnaðarvörurnar eins og ákveðið er með þessum l., ekki aðeins núna, heldur á meðan þessi lög eru í gildi. Það gæti þess vegna verið, að einhverjir af þeim, sem að samkomulaginu standa, segðu sem svo: Þetta er óþarfa tortryggni í okkar garð. Það er verið að gera því skóna, að við ætlum að svíkja gerða samninga. — Og þess vegna segi ég: Þessa till. á ekki að samþykkja, nema það fáist samkomulag við þá, sem standa að brbl. En líti menn hins vegar svo á, að það sé nauðsynlegt að fá þetta ákvæði inn í l., á að flytja sérstakt frv. um það, ef samkomulag næst ekki.

Ég talaði um, að till. væri betri, ef það væri beinlínis ákveðið, að skipa skyldi menn úr hópi sexmannanefndarmanna. Það er ekki ákveðið með þessari till. En það er ekki heldur bannað, það er rétt, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan. En það er ekki kveðið svo á, að það skuli vera menn úr sex manna nefndinni. Ég tel, að það væri til stórbóta, að það væri. Þá væri öruggt, að í þetta væru valdir þeir menn, sem beztan kunnugleika hafa á þessum málum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta. Ég ætla t. d. ekkert að fara að eyða orðum að því, þótt hv. 1. þm. Vesturl. gerði tilraun til þess að vekja hér upp draug áðan og fara með ósannindi, þegar hann sagði það á svo smekklegan hátt, að Sjálfstfl. hefði samþykkt það að gefa út brbl. í haust. Ég tel þetta ekki svaravert.

Ásgeir Bjarnason: Mér finnst koma fram harla einkennilegt sjónarmið hjá hæstv. ráðh., þar sem hann heldur því fram, að sérstakt frv. um sama efni breyti ekki jafnmiklu og sú till., sem fram kemur um breyt. á því frv., sem hér liggur fyrir, því að að sjálfsögðu mundi sérstakt frv. alveg breyta jafnmiklu um framkvæmd, ef til kæmi í þessum efnum, eins og sú till., sem hér liggur fyrir, því að það skiptir engu máli, hvort þetta ákvæði um gerðardóminn og skipun hans er í sjálfum framleiðsluráðslögunum eða einhverjum öðrum lögum, sem ber að fylgja hjá þeirri ríkisstj., sem á annað borð framfylgir og ætlar sér að framfylgja þeim lögum, sem Alþingi samþykkir. Þetta er harla einkennilegt sjónarmið, og það sýnir, í hvern vanda og óefni hæstv. ráðh. er kominn í sínum málflutningi.

Ég er þeirrar skoðunar, að ákvæði slíkt sem þetta tryggi í senn þrennt. Það tryggir það í fyrsta lagi, að ef bændur vilja ekki semja, sem er alveg eins hugsanlegt eins og að neytendur vilji ekki semja, það tryggir í öðru lagi það, að ef neytendur vilja ekki semja, þá komi maður í þeirra stað í n. Í þriðja lagi, sem er kannske langþýðingarmesta atriðið varðandi þetta allt saman og hefur ekki komið enn þá inn í þessar umræður, er það, að hlutaðeigandi ríkisstj., hver sem hún er, losnar við mikinn vanda, því að ég álít, að það hafi alls ekki verið svo vandalítil ákvörðun, sem hæstv. ríkisstj. tók, þegar hún lét gefa út brbl. á s. l. hausti, og þann vanda hefði hún að sjálfsögðu sloppið algerlega við, ef slíkt ákvæði sem þetta hefði verið í lögunum. Ég get ekki heldur fallizt á þau rök hæstv. ráðherra, að það sé ekki möguleiki á samkomulagi í framtíðinni um verðlagsmálin, jafnt þó að ákvæði um yfirdóm

verði komið inn í lögin nú. Ég tel þvert á móti, ef á annað borð samningsaðilar hafa einhvern ótta af yfirdómnum, að þá verði þeir fúsari til samkomulags og teygi sig lengra til móts við hver annan en ella væri, og er því mjög þýðingarmikið, að svona ákvæði komist inn í þessa löggjöf.

Ég ætla ekki að fara að rifja hér upp gömul ummæli. En hver einasti maður, sem las dagblöðin á s. l. hausti og hins vegar hlustaði á mál manna fyrir þær kosningar, sem fram fóru þá, vissi það ósköp vel, að Sjálfstfl. á öðru leitinu samþykkti brbl. Hann sagði við ríkisstj. Emils Jónssonar: Sittu áfram þrátt fyrir það, sem þú hefur gert. — En á hinu leitinu reyndi hann að telja fólkinu trú um, að hann hefði viljað hafa allt annan hátt á, að hann hefði viljað greiða niður þessi 3.18%, sem þá var deilt um. En flokkurinn hefur alla tíð verið tvísaga í þessu máli. Staðreyndin er sú, að æðsta ráð flokksins samþ. lögin þrátt fyrir það, að fyrir hafi fundizt kannske einstaka sjálfstæðismenn, sem því voru ekki fylgjandi. En þeir, sem ráða aðalmálefnum Sjálfstfl. í landinu, það voru þeir, sem innst inni í hjarta sínu voru þessum málum fylgjandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 153,1 felld með 10:3 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 157 tekin aftur til 3. umr.

3.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 153,2 felld með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ.

nei: PÞ, SE, AGl, ÁB, BGuðm, BjörnJ, EggÞ, FRV, FS, GTh, JÁ, KK, KJJ, ÓlJ, SÓÓ.

AuA, ÓB greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, MJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eggert G. Þorsteinsson: Persónulega er ég hlynntur efni þessarar brtt., sem hér eru greidd atkv. um. En ég tel, að það raski svo meginefni þess samkomulags, sem þegar hefur verið gert í hinni margnefndu sex manna nefnd, að af þeirri ástæðu greiði ég till. ekki atkv. nú og segi nei.

Brtt. 159 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 153,3, fyrri mgr., felld með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ.

nei: ÁB, BGuðm, BjörnJ, FRV, GTh, JÁ, KK, KJJ, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, AuA, SÓÓ.

EggÞ, FS, ÓB greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 153,3, síðari mgr., felld með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ.

nei: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, AuA, ÁB, BGuðm, BjörnJ, FRV, GTh, JÁ, KK, KJJ, SÓÓ.

EggÞ, FS, ÓB greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, MJ) fjarstaddir.

9.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 191, 157).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mál þetta, frv. um breyt. á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., var til 2. umr. hér fyrir nokkrum dögum, og við málið höfðu komið fram nokkrar brtt. og ein þeirra, brtt. á þskj. 157, var tekin aftur til 3. umr., vegna þess að það voru tilmæli hæstv. landbrh., að málið yrði athugað betur á þeim grundvelli, hvort það væri hægt að fá samstöðu um það að gera breyt. á 3. gr. eins og hér er lagt til.

Þetta mál er þannig vaxið, að frv. hefur verið lengi í undirbúningi og margir menn um það fjallað, og á endanum varð það samningamál, að það væri lagt fram í því formi, sem það var lagt fram. Nú kom þessi brtt. fram við 2. umr. málsins, og taldi landbrh. þá eðlilegt, að leitað væri enn eftir því, hvort um samkomulag gæti verið að ræða um að breyta 3. gr. í þá átt, sem hér er lagt til.

Landbn. hafði fund um þetta mál í morgun og ræddi það lítillega, en fundurinn var ekki vel sóttur. Það vantaði einn nm., og í öðru lagi gat sá maður ekki komið á fundinn, sem n. hafði óskað eftir viðræðum við, sem var einn sá maður af hálfu neytenda, er um þetta mál hafði mjög fjallað í vetur, Eðvarð Sigurðsson alþm. Hins vegar hef ég átt tal við Eðvarð um þetta mál tvívegis, og telur hann, eins og meiri hl. landbn. raunar taldi áður, að það hefði verið hluti af samkomulagi því, er fulltrúar neytenda og framleiðenda gerðu með sér um þetta mál, að ekki yrði tekið upp í lög ákvæði um það, sem þessi till. fjallar um. Þetta voru ekki formlegar viðræður, en þar sem þetta álit lá þó fyrir, kom landbn. sér saman um að gera ekki frekar í málinu, en láta atkvgr. fara fram um þessa till. hér við þessa umr., en henni var, eins og ég sagði áðan, frestað við 2. umr. málsins.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja. Ég tel og hef talið í n. eðlilegt að gera ekki efnisbreyt. á þessu frv. frá því, sem samkomulag hafði náðst um, og ég er þeirrar skoðunar enn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var brtt. á þskj. 157 tekin aftur til 3. umr. fyrir tilmæli hæstv. landbrh. Fyrri flm. brtt. gerði við þá umr. skýra grein fyrir efni till. og þeim áhrifum, sem henni er ætlað að ná. Mér þykir þó rétt, áður en till.

kemur nú til atkv., að benda á nokkur atriði í sambandi við þetta mál.

Hæstv. landbrh. talaði vinsamlega um þessa till. og efni hennar hér við 2. umr. málsins. Hann viðurkenndi, að það væri réttmætt, að í löggjöf kæmi ákvæði svipað því eða efnislega samhljóða því, sem segir í þessari tillögu. En hæstv. ráðh. vék að því, að betur færi á að flytja um það sérstakt frv. vegna þess samkomulags, sem að baki liggur því frv., sem nú er hér til afgreiðslu. Ég get ekki fallizt á þessa röksemd hæstv. ráðh., því að vitanlega hefur það ekki gildi, hvort efni ákvæðis sem þessa er prentað á eina eða aðra pappírsörk, heldur hefur það eitt gildi, hvort það eru lög eða ekki og hvort það á að koma til framkvæmda eða ekki. Og nú er gert ráð fyrir í þessu frv., sem hér er fjallað um, að lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins verði gefin út með þeim breyt., sem á þeim verða nú gerðar. Það verður varla gert fyrr en eftir að þessu þingi lýkur, og ef ákvæði sem þetta yrði tekið upp í sérstöku frv. á þessu þingi og lögleitt, yrði það að sjálfsögðu tekið inn í heildarlöggjöfina, þegar hún verður gefin út með áorðnum breytingum.

Þá vék hæstv. landbrh. að því, að hann áliti, að betur færi á að taka fram í ákvæði sem þessu, að einhver maður úr 6 manna nefndinni skyldi verða kvaddur í yfirnefndina. Ég get ekki heldur fallizt á þessi rök. Mér virðist eðlilegra að hafa þetta óbundið í lögunum, leggja það á vald hæstaréttar, sem tilnefnir manninn. Ef það færi svo, að þau félagasamtök, sem velja fulltrúa í 6 manna nefnd, sviptu þá umboði, þá finnst mér jafnvel fremur ólíklegt, að þeir menn, sem ekki ættu þess kost að vinna að þessum störfum í undirnefnd, yrðu fáanlegir til þess að taka að sér þessi störf í yfirnefnd, a. m. k. sé ég ekki, að fyrir því sé nein trygging, og þess vegna sé eðlilegra að hafa þetta óbundið í lögunum.

Að því var vikið við 2. umr. þessa máls, að eins og till. er orðuð, mundi það verða á valdi landbrh., hvaða mann hann skipaði í n., þrátt fyrir það ákvæði, að hæstiréttur skuli tilnefna mann. Ég held, að það sé regla við stjórnarathafnir, að þegar fram er tekið í þáltill. eða lögum, að ákveðinn aðili skuli tilnefna mann og ráðh. skipi samkv. þeirri tilnefningu eða eftir þeirri tilnefningu, telji ráðh. sig í framkvæmd bundinn af því. Ég held, að þetta yrði því ótvírætt þannig í framkvæmd, að raunverulega réði hæstiréttur skipun mannsins, þó að landbrh. að formi til framkvæmi skipunina.

Það hefur verið um það rætt, að till. sem þessi muni ekki samrýmast því samkomulagi, sem náðist milli fulltrúa framleiðenda og neytenda í 6 manna nefnd og frv. það, sem hér er fjallað um, er byggt á. Samkomulagið og samningurinn um afurðaverðið gildir til eins árs. Hann er uppsegjanlegur og meira að segja gert ráð fyrir því, að verðlagsgrundvöllurinn sé endurskoðaður ár hvert. Það liggur í augum uppi, að ákvæði þessarar till. hafa ekki áhrif á það samkomulag um verðlagsgrundvöllinn, sem náðst hefur og gildir þetta yfirstandandi verðlagsár, enda er alls ekki að því stefnt af hálfu okkar flm., en hér erum við að endurskoða löggjöf á þessu sviði, sem á að gilda framvegis. Það er löggjöf, sem á framvegis að vera grundvöllur undir nýja samninga, þar sem jafnvel aðrir og nýir menn kunna að koma til samningagerðar og fjalla þar um ný og önnur ágreiningsatriði en þau, sem ágreiningi ollu s. l. haust. Með tilliti til þessa sjónarmiðs er brtt. flutt. Ég get ekki ætlað, að þeir, sem skipa 6 manna nefnd, líti svo á, að það sé á þeirra valdi að segja löggjafarvaldinu fyrir verkum í þessu efni.

Í þeirri grein, sem brtt. á að verða þáttur af, eru ákvæði um dóm, sem á að fella úrskurði í verðlagsmálum landbúnaðarins. Dómar eru fyrst og fremst byggðir á lögum fremur en samningum, og það er algild regla og talin nauðsynleg í löggjöf bæði að fornu og nýju að búa svo um hnúta í löggjöfinni, að dómur verði starfhæfur. Ákvæði, sem að því lúta, má finna í löggjöf, t. d. gagnvart landamerkjadómi, félagsdómi, og meira að segja í lögum um hæstarétt eru ákvæði, sem tryggja það, að hæstiréttur verði fullskipaður, þó að dómari víki þar sæti. Þessi tillaga fer því alls ekki í bága við venju að þessu leyti.

Öll þessi atriði, sem ég hef bent á, eru gild rök fyrir því, að þessi brtt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 157 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Frv. um breyt. á framleiðsluráðslögunum kemur hér á dagskrá enn á ný vegna breyt., sem gerð var á því í hv. Ed. Þessi breyting var samþ. þar ágreiningslaust, enda er hér aðeins um það að ræða, að það er verið að samræma þessi lög við ákvæði í lögum um efnahagsmál, sem þingið afgreiddi nú ekki alls fyrir löngu, en eftir að þetta frv. var til meðferðar hér í hv. deild. Í 6. gr. frv., — en breyt. er við þá grein, — eins og það lá fyrir hér í vetur, var svo ráð fyrir gert, að breyta mætti afurðaverði til framleiðenda og söluverði landbúnaðarvara vegna breytinga á kaupgreiðsluvísitölu. Nú er þessu ekki lengur til að dreifa, og er breyt. á frv., sem gerð var í Ed., til samræmis við það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 239).

11. Fjárlög 1960.

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 [42. mál] (*stjfrv.*, A. 42).

Á 14. fundi í Sþ., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Þessi útvarpsumræða fer fram með þeim hætti samkvæmt 51. gr. þingskapa, að fyrst flytur hæstv. fjmrh. framsöguræðu; er tími hans ekki takmarkaður. Síðan verða fluttar hálftímaræður af hálfu hvers hinna þriggja þingflokka, annarra en flokks hæstv. fjmrh., Sjálfstfl., og í þessari röð: Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Að lokum hefur hæstv. fjmrh. rétt til stundarfjórðungsræðu til andsvara. Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, tekur nú til máls og flytur framsöguræðu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar ríkisstjórnin var mynduð 20. nóv., hafði frv. til fjárlaga fyrir árið 1960 verið fullsamið og prentað. Frv. var vandlega undirbúið og vel úr garði gert af hálfu hæstv. fyrrverandi fjmrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, og ráðunauta hans. Það var byggt á því kerfi útflutningsbóta og innflutningsmála, sem í lögum hefur verið síðan í maí 1958, og var miðað við undangengna reynslu og þær horfur um afkomu og efnahag, sem næst varð komizt.

Núverandi ríkisstj. var það ljóst, að hverfa yrði frá uppbóta- og styrkjakerfinu og taka upp annað efnahagskerfi, sem að því miði að draga efnahag og atvinnulíf landsmanna úr sandbleytunni og upp á fastan grunn. Þær róttæku umbætur, sem í ráði er að gera, hafa víðtæk og gagnger áhrif á fjármál ríkisins. Í stað þess að bera fram brtt. við svo að segja sérhvern lið fjárlagafrv., þóttu það hagkvæmari vinnubrögð að semja nýtt frv. til fjárlaga fyrir árið 1960. Það var gert og var því útbýtt á fyrsta degi Alþingis, er það kom nú að nýju saman til funda. En rétt þótti, að 1. umr. um efnahagsmálafrv. ríkisstj. færi fram, áður en fjárlögin kæmu til umræðu.

Áður en rætt er um fjárlagafrv., mun ég gefa þingheimi nokkurt yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1959, en í því sambandi þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að ríkisreikningi almennt, framlagningu hans á Alþingi og endanlegri afgreiðslu.

Samkvæmt stjórnarskránni skal leggja fyrir Alþ. frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi hverju sinni, en áður skulu yfirskoðunarmenn, kjörnir af Alþ., endurskoða ríkisreikninginn. Þá er þeir hafa lokið starfi og gert athugasemdir og tillögur og ríkisstjórnin svarað, skal leggja fyrir Alþ. frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum. Flest þau fyrirtæki, sem þykja sæmilega rekin, telja sér skylt að ljúka ársuppgjöri sínu sem fyrst eftir lok reikningsársins, sem hér á landi er yfirleitt almanaksárið. Þessi aðferð þykir sjálfsögð reglusemi í fjármálum og ekki aðeins nauðsynleg vegna skattaframtala, heldur gagnleg og í rauninni óhjákvæmileg fyrirtækinu sjálfu til að fylgjast vel með fjárhag sínum, tekjum og gjöldum. En hjá íslenzka ríkinu hefur annar háttur verið hafður á. Þar hefur sá ósiður verið landlægur um langt skeið að ganga ekki endanlega frá reikningum ríkis og ríkisstofnana, fyrr en 2—3 ár eru liðin frá lokum reikningsársins. Nú standa málin svo t. d. í byrjun ársins 1960, að frv. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1957 hefur ekki enn verið unnt að leggja fyrir Alþingi. Á þessu verður nú gagngerð breyting. Ráðstafanir hafa verið gerðar til að hraða þessum störfum svo, að ríkisreikningar fyrir árin 1957, 1958 og 1959 verði allir lagðir formlega fyrir Alþingi á þessu ári til afgreiðslu, og sú fasta regla þarf að komast á, að ríkisreikningur sé endanlega afgreiddur og lögfestur á næsta ári eftir reikningsár. Ég vænti þess, að fyrir hv. alþm. og ekki síst hv. fjvn. ætti þessi breyting að geta orðið til mikilla bóta.

Bráðabirgðayfirlit hefur nú verið gert yfir afkomu ríkissjóðs á árinu 1959, og skal ég nú rekja það.

Það er fyrst *rekstrarreikningur, og til þess* að spara allt of mikinn talnaupplestur mun ég lesa aðeins tölur í reikningi, en sleppa tölum í fjárlögum. Teknamegin eru skattar og tollar samkv. 2. gr. 769 millj. 134 þús., 3. gr. A, ríkisstofnanir, 252 millj. 99 þús., 3. gr. B, tekjur af fasteignum, 10 þús., 4. gr., vextir, 2 millj., og 5. gr., óvissar tekjur, 14 millj. Samtals eru því tekjur samkv. reikningi ársins 1959 áætlaðar 1037.2 millj. kr. Gjaldamegin eru fyrst vextir 3.1 millj., forsetaembættið 1.4 millj., alþingiskostnaður 8.7 millj., stjórnarráðið 17 millj., utanríkismál 14.6 millj., dómsmál 65.8 millj., innheimta tolla og skatta 26 millj., sameiginlegur embættiskostnaður 1.5 millj., heilbrigðismál 41.1 millj., vegamál 87.5 millj., samgöngur á sjó 14.9 millj., vitamál 24.6 millj., flugmál 11.3 millj., veðurþjónusta 4.6 millj., ýmis mál 4.7 millj., kennslumál 142 millj., opinber söfn, bókaútgáfa o. fl. 11.2 millj., kirkjumál 13.1 millj., landbúnaðarmál 75.6 millj., sjávarútvegsmál 17.9 millj., iðnaðarmál 3.5 millj., raforkumál 22.3 millj., rannsóknir í þágu atvinnuvega 8.6 millj., félagsmál 152 millj., eftirlaun og tillag til lífeyrissjóða 25.8 millj., til útflutningssjóðs 152.1 millj., óviss útgjöld 9 millj. Þá koma samkv. 22. og 23. gr. greiðslur samkv. heimildum og sérstökum lögum, það eru 2.8 millj. og 2.3 millj., væntanleg fjáraukalög 17 þús., þingsályktanir 49 þús. Það þýðir, að útgjöldin á rekstrarreikningi er gert ráð fyrir að verði 965 millj. og rekstrarhagnaður 72.2 millj.

Þá kemur yfirlit um eignahreyfingar, og mun ég þar einnig lesa niðurstöðutölur reikninga, en sleppa fjárlagaáætlun.

Fyrst eru innborganir í eignahreyfingum: útdregið í bankavaxtabréfum 35 þús., endurgreidd lán og andvirði seldra eigna 1200 þús., sala fiskiðjuversins 22.5 millj., endurgreitt útlagt fé vegna ríkisábyrgða 1.2 millj., lán hjá Landsbanka vegna framlags til alþjóðagjald-

eyrissjóðs 8.1 millj., lán hjá Tryggingastofnun til byggingar landsspítala 1 millj., innheimtur stóreignaskattur 37.5 millj. Innborganir eru því á eignahreyfingum 71.5 millj. Útborganir eru hins vegar sem hér segir: Það eru fyrst afborganir ríkissjóðslána: innlend lán 10.8 millj., lán í dönskum bönkum 487 þús., lán í Bandaríkjunum 126 þús., lán landssímans 3.5 millj., greitt vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum 28.6 millj., til eignaaukningar landssímans 8.5 millj., til húsagerðar á jörðum ríkisins 1.8 millj., til ræktunar á jörðum ríkisins 200 þús., til smíði skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna 2.5 millj., viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana 4.5 millj., bygging fávitahælis 428 þús., til að byggja nýja vita 1.7 millj., til flugvalla og flugöryggistækja 12.5 millj., viðbótarhúsnæði á Keldum 785 þús., sjúkraflugvellir 492 þús., heimavistarhús við menntaskólann á Akureyri 100 þús., bygging sjómannaskólans 500 þús., bygging kennarabústaðar á Hólum 68 þús., bygging menntaskólahúss á Laugarvatni 428 þús., bygging kennaraskólans 950 þús., til framkvæmda á Hvanneyri 570 þús., til bygginga á prestssetrum 1.5 millj., til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum 150 þús., útihús á prestssetrum 876 þús., bygging embættisbústaða héraðsdómara 500 þús., bygging lögreglustöðvar í Reykjavík 760 þús., bygging lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli 260 þús., mjólkurhús á Hólum 35 þús., bygging á skólajörðinni Eiðum 100 þús., til kaupa á dísilrafstöðvum 200 þús., til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn 342 þús., tilraunagóðurhús á Varmá 95 þús., til atvinnu- og framleiðsluaukningar 15.2 millj., til byggingar Kjarvalshúss eða Listasafns ríkisins 500 þús., til byggingar embættisbústaðar fyrir dýralækna 342 þús., til aukningar landhelgisgæzlu 6 millj. Síðan koma hér útborgunarmegin til jöfnunar nokkrir liðir, sem áður voru lesnir: Framlag til alþjóðagjaldeyrissjóðs 8.1 millj., til bygginga landsspítala með lánsfé 1 millj., skuldabréf stóreignaskatts 33.2 millj., lán vegna sölu á fiskiðjuverinu 19 millj. og önnur lán 11.1 millj. Niðurstaðan verður því útborganamegin á eignahreyfingareikningi 178.9 millj. kr.

Ég skal til glöggvunar gera hér nokkurt yfirlit um afkomu ársins 1959 í stórum dráttum.

Rekstrartekjurnar voru áætlaðar í fjárlögum 1030.6 millj. Í þeirri áætlun eru 25 millj. af greiðsluhagnaði frá árinu 1958, en þar sem sú fjárhæð var talin í rekstrartekjum það ár, er hún ekki talin í rekstrartekjum reikningsins 1959. Miðað við þetta má segja, að rekstrartekjur fjárlaganna fyrir 1959 hafi verið áætlaðar 1005.6 millj., en urðu 1037.2 millj., eða 31.7 millj. umfram áætlun. Þeir tekjuliðir, sem fóru fram úr áætlun, voru: tekju- og eignarskattur 10.4 millj., aukatekjur og stimpilgjald 10.4, söluskattur 12.8, hagnaður ríkisfyrirtækja 12 millj., óvissar tekjur 4 millj., aðrir liðir samtals 5.4 millj. Samtals eru þeir liðir, sem fóru fram úr áætlun, 55 millj. En undir áætlun urðu: vörumagnstollur 8.7 millj., tollar og skattar Sogsvirkjunar 14.7 millj. Þetta eru samtals 23.4 millj. Urðu því umframtekjur samtals, þegar frádráttarliðir hafa verið dregnir frá, 31.6 millj. kr.

Rekstrarútgjöldin voru áætluð í fjárlögum 947.1 millj., en urðu 17.9 millj. umfram. Þessar urðu aðalumframgreiðslur: dómsmál, vegna landhelgisgæzlu 2 millj., vegamál, fyrirhleðsla á Mýrdalssandi 4 millj., eftirlaun og tillag til lífeyrissjóða 2 millj., óviss útgjöld 4 millj., greiðslur samkv. heimildarlögum og sérstökum lögum 5 millj. Aðrir fjárlagaliðir hafa ekki farið teljandi fram úr áætlun og sumir jafnvel orðið undir áætlun, svo sem vaxtagreiðslur um 2.2 millj. Það stafar af hagkvæmari vaxtajöfnun af viðskiptum við Landsbankann en gert var ráð fyrir. Sömuleiðis urðu útgjöld samkv. 17. gr. 2.7 millj. undir áætlun vegna þess, að kostnaður við berklaveiki og langvarandi sjúkdóma varð minni en áætlað var.

Þetta er varðandi rekstrarreikninginn. En varðandi eignahreyfingar vil ég taka þetta fram:

Fyrst eru innborganir. Niðurstöður fjárlaga voru þar 2.45 millj., en reiknings 71.5 millj., og hefur skýring komið fram á því í þeim tölum, sem ég las hér áður. Útborganir: Þar voru greiðslur samkv. 20. gr. áætlaðar í fjárlögum 85.87 millj. Þessir fjárlagaliðir urðu 106.4 millj. eða 20.57 millj. umfram. Hér er aðallega um að ræða umframgreiðslur vegna ábyrgðarlána 8.6 millj., vegna flugmála tæpar 6 millj. og vegna atvinnuaukningarlána 5.15 millj. Til viðbótar þessum fjárlagaliðum, sem verða í reikningnum 106.4 millj., eru svo færðar nokkrar fjárhæðir á 20. gr. utan fjárlaga, svo sem framlagið til alþjóðagjaldeyrissjóðs og fleiri atriði, sem ég ræddi hér áðan.

Varðandi svo að lokum greiðslujöfnuð ríkissjóðs fyrir árið 1959, þá lítur það svo út:

Rekstrarhagnaður varð 72.2 millj., þar við bætast fyrningar 4 millj., samtals 76.2, þar við bætast innborganir á 20. gr. 9.3 millj., samtals 85.53 millj. Eins og ég gat um, er í fjárlögum 1959 teknamegin gert ráð fyrir 25 millj. af greiðsluafgangi ársins 1958, en sú tala mun hafa verið áætlunartala, þar sem ekki lágu fyrir endanleg reikningsskil, þegar fjárlögin fyrir 1959 voru samþykkt. Nú reyndist þessi greiðsluafgangur 43.5 millj., þegar búið var að jafna greiðsluhalla frá árinu 1957. Þegar þessi upphæð, 43.5 millj., leggst við framangreindar 85.5 millj., koma út 129.06 millj. Til frádráttar koma svo samkv. 20. gr. fjárlagaliðir og veitt lán, samtals 121.04 millj. Þannig verða eftir 8.02 millj. af greiðsluafgangi, þegar búið er að jafna milli áranna 1957, 1958 og 1959.

Þetta yfirlit er bráðabirgðauppgjör, og geta því niðurstöður breytzt nokkuð.

Um leið og efnahagskerfi þjóðarinnar í heild er endurskoðað og endurbætt, þarf einnig að endurskoða og endurbæta allt starfskerfi og starfshætti ríkisins sjálfs: stjórnarráð og ríkisstofnanir. Tilgangurinn með slíkri endurskoðun er sá að tryggja hvarvetna það bezta skipulag og bezta starfslið, sem völ er á. Skortur á skipulagi, óhagkvæm, úrelt vinnubrögð, veik verkstjórn, óhentug húsakynni, allt þetta veld-

ur oft og tíðum í ríkisrekstrinum, að afköstin verða lélegri, starfsemin dýrari, starfsfólkið fleira en þörf er á. Einnig þarf að athuga, hvaða starfsemi ríkisins má að skaðlausu leggja niður. Með hyggilegri vinnubrögðum, meiri vélakosti, rösklegri verkstjórn væri oft hægt að fá miklu meiri vinnu og betri fyrir minna fé. Til eru vissulega þær skrifstofur og *stofnanir ríkisins, sem eru til algerrar fyrirmyndar* um stjórnsemi, stundvísi og vinnuafköst, en víða eru þverbrestir í innviðum, og mikið skortir á, að árvekni, stundvísi, vinnusemi og afköst séu með þeim hætti, sem vera bæri. Hér þarf að verða breyting á.

Þrem starfsmönnum stjórnarráðsins var fyrir nokkru falið að gera till. um strangara eftirlit með því, að starfsmenn í ríkisþjónustu mæti stundvíslega til starfs, skili fullum vinnustundafjölda og eðlilegum afköstum. Þeir hafa skilað till. sínum, sem fela í sér mjög aukið aðhald, að starfsmenn skuli m. a. skrá sig með stimpilklukku til vinnu og frá, ákvæði um viðurlög við óstundvísi og annarri vanrækslu og fastara eftirlit með því, að þessum reglum sé hlýtt. Þessi nýja skipan mun bráðlega upp tekin, eftir að samráð hefur verið haft um framkvæmd reglnanna við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

En hverjar leiðir á að fara við allsherjarendurskoðun ríkisrekstrarins, til þess að sem beztum árangri verði náð? Að mínu viti koma þar einkum tvær leiðir til greina.

Önnur leiðin, gamla aðferðin, sem flestar ríkisstjórnir hafa gripið til, er að skipa sparnaðarnefndir, þar sem nefndarmenn vinna að því í hjáverkum og venjulega fyrir einhverja þóknun að gera till. um sparnað í ríkisrekstrinum, skila þeim síðan eftir hæfilegan tíma til ríkisstj., sem framkvæmir stundum eitthvað af þeim, oftar sáralítið, en oftast ekkert. Þetta er ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri, heldur alþekkt víða um heim. Sparnaðarnefndir eru skipaðar með brauki og bramli. Nú skal bruðlið úr sögunni, sukkið stöðvað, spillingin afmáð og upprætt, bitlingar skornir niður. Það skal sparað og sparað. En því miður verður oftast svipuð niðurstaða, að fátt kemst í framkvæmd og árangurinn verður lítill.

Ég hef að undanförnu kynnt mér álit og till. nokkurra sparnaðarnefnda, sem ríkisstj. hafa skipað undanfarinn einn og hálfan áratug. Í þessum álitsgerðum er oft mikinn fróðleik að finna og margar till. skynsamlegar. En þegar litið er yfir störfin og árangurinn í heild, hlýtur maður að undrast, hve fátt af þessum till. hefur í raun og veru komizt í framkvæmd. Ég skal ekki rekja hér hvers vegna, hvort það stafar af skilningsskorti og viljaleysi valdhafanna eða af því, að önnur stór þjóðmálaverkefni hafa altekið hug ráðamanna og orðið að sitja í fyrirrúmi á hverjum tíma eða tillitssemi til þeirra starfsmanna, sem sparnaðurinn þarf að bitna á. En að minni skoðun er aðalástæðan þó sú, að hér þarf önnur vinnubrögð, ekki skyndiáhlaup í sparnaðarskyni, heldur stöðuga starfsemi, nákvæma rannsókn, þrotlaust starf.

Og þá er ég kominn að nýju leiðinni, sem margar aðrar þjóðir eru að fenginni langri reynslu farnar að nota. Og hún er þessi:

Til þess að ná raunhæfum árangri um sparnað í opinberum rekstri, aukna hagkvæmni og betra skipulag þarf að vinna að þessu að staðaldri af hinum færustu kunnáttumönnum. Yfirstjórn slíks starfs er þá oftast í höndum *einhvers starfsmanns ríkisins. Hann hefur sér til* aðstoðar verkfræðinga, rekstrarfræðinga, hagfræðinga og aðra, sem gert hafa slík störf að sérgrein sinni, enda er nú svo komið við ýmsa háskóla, að sérstök kennsla og námskeið eru höfð í þessum fræðum. Þá er ýmist, að slíkir sérfræðingar eru fastir starfsmenn ríkisins eða sjálfstæðir ráðunautar, sem fá sérstaka greiðslu fyrir hvert verk, sem þeim er falið, og eru margar slíkar ráðunautaskrifstofur til í nágrannalöndunum. Þessi starfsemi, sem kölluð er á norrænum tungum „rationalisering", hefur verið kölluð hagsýsla á íslenzku. Reykjavíkurborg setti slíka skrifstofu á stofn hjá sér fyrir 2 árum, og hefur hún þegar gefið góða raun. Og enda þótt einhverjir kunni að kalla þetta undarlegan sparnað, að byrja á því að setja á stofn skrifstofu eða skrifstofudeild, þá er reynslan sú alls staðar, að þessi kostnaður *borgar sig upp í beinhörðum peningum á stuttum* tíma og það margfaldlega. Kostnaður við strangara eftirlit og umbætur í vinnubrögðum er vanur að skila hagnaði fljótlega.

Á vegum fjmrn. er hafinn undirbúningur að skipulagðri hagsýslu í þágu ríkisrekstrarins og aflað gagna og upplýsinga víða. Eftir því sem ég hef kynnt mér slíka starfsemi, tel ég, að fordæmi Norðmanna henti okkur Íslendingum einna bezt. Í 12 ár hefur sérstök deild í fjmrn. norska unnið að þessum málum að staðaldri. Ég hef ritað fjmrh. Norðmanna um þessi mál, og hefur hann heitið allri aðstoð til að koma slíkri starfsemi á fót hér, m. a. boðizt til að senda okkur til ráðuneytis hagsýslustjóra norska ríkisins til leiðbeiningar við að byggja upp starfið hér. Þegar undirbúningi þessa máls er lengra á veg komið, mun það að sjálfsögðu lagt fyrir Alþingi. Og það ætla ég að allir góð*ir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt* sé að hafa sívökult auga á öllu því í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni.

Á þeim skamma tíma, sem liðinn er frá myndun stjórnarinnar, hefur mestur hluti dagsins að jafnaði farið í undirbúning efnahagsmálafrv. Tími hefur því ekki unnizt til að koma fram sparnaði í einstökum greinum, og er fjárlagafrv. því að verulegu leyti byggt á og reiknað út með kostnaði og útgjöldum við ríkisreksturinn eins og hann er nú. Margir eru þeir útgjaldaliðir í þessu frv., sem ríkisstj. telur sjálfsagt að reyna að lækka. En slíkt krefst undirbúningsvinnu. Það þýðir ekki að áætla þá lægri í fjárlögum, fyrr en komin er niðurstaða um hvert einstakt atriði varðandi nýtt skipulag og hvern sparnað það leiðir af sér.

Nokkur slík atriði skal ég þó nefna hér, sem verður að endurskoða á árinu og ætti að vera hægt að lækka í fjárlögum næsta árs.

Fyrst vil ég taka það fram, að utanrrn. hefur að undanförnu haft til sérstakrar athugunar, með hverjum hætti mætti koma við sparnaði varðandi utanríkisþjónustuna.

Í öðru lagi skal ég nefna framkvæmd skattamála, þ. e. a. s. fyrirkomulag við álagningu og skattheimtu. Í sambandi við endurskoðun á skatta- og útsvarslögum er til athugunar að gerbreyta öllu því kerfi frá grunni. Nú eru undirskattanefndir 219 að tölu og 3 menn í hverri nefnd, samtals 657 menn. Yfirskattanefndir eru 24 og 3 menn í hverri, samtals 72 menn. Kostnaður við þessar nefndir og ríkisskattanefnd nemur nær 3 millj. kr. á ári. Það er nú til athugunar, hvort eigi sé rétt að leggja niður það skipulag, sem verið hefur, og hafa í staðinn nokkrar skattstofur, t. d. eina fyrir hvert núverandi kjördæma, með hinum færustu starfsmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum, sem tækju við framkvæmd skattamálanna. Þetta mál er á athugunarstigi.

Í þriðja lagi má nefna, að rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins er áætlaður 15 millj. kr. í þessu frv. Þetta mál hefur oft verið til umræðu, og verður tekið til sérstakrar athugunar, hvort ekki er hægt að draga verulega eða að öllu leyti úr þessum miklu útgjöldum ríkissjóðs án þess að draga úr þeirri þjónustu, sem veita þarf í þessum efnum fyrir landsbyggðina.

Í fjórða lagi: Innflutningsskrifstofan, sem kostað hefur allmikið fé, verður lögð niður samkv. frv. um efnahagsmál. Bankar og viðskmrn. taka við störfum hennar, og verður kostnaður væntanlega við það nýja skipulag ekki nema hluti af núverandi kostnaði.

Í fimmta lagi: Kostnaður við skyldusparnað og alla skriffinnskuna í sambandi við hann er 2 millj. og 150 þús. Þetta skipulag þarf allt að endurskoða.

Í sjötta lagi: Kostnaður við framkvæmd orlofslaga er áætlaður 625 þús. kr. Lagafrv. til að draga stórlega úr þessum kostnaði var flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Hér má vafalaust lækka útgjöld verulega.

Í sjöunda lagi: Kostnaður við eyðingu refa og minka er samkv. núgildandi lögum og skipulagi hvorki meira né minna en 3 millj. kr. á ári. Með endurskoðun á þessu skipulagi hlýtur að mega færa þessi útgjöld stórlega niður.

Í áttunda lagi: Oftast hefur verið töluverður halli á rekstri póstsjóðs. Ætlunin er nú að láta hann bera sig.

Í níunda lagi þarf að endurskoða bílakostnað ríkisins og starfsmanna þess og setja um það fastari reglur.

Í tíunda lagi er vafalaust hægt að leggja niður ýmsar launaðar nefndir.

Og í ellefta lagi skal ég loks geta þess, að bráðnauðsynlegt er að ganga fastar og betur eftir innheimtu ríkistekna og útistandandi skulda, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa ár eftir ár bent greinilega á.

Því fer fjarri, að þessi upptalning hér sé tæmandi, aðeins gripið á örfáum atriðum. En í sambandi við bætt skipulag og vinnubrögð vil ég strax hreyfa á þessu stigi einu máli, og það er varðandi framkvæmdir í vegamálum. Það er venja að áætla í frv. til fjárlaga eina heildarupphæð til nýrra akvega, nýrra þjóðvega, en Alþingi skiptir svo þessu fé milli einstakra vega að till. fjvn. Þessar fjárveitingar hafa undanfarin ár verið 220—230 að tölu. Um helmingur fjárveitinganna er að upphæð milli 10 og 50 þús. kr. í hvern stað. Eins og nú er háttað vegagerð hér á landi með stórvirkum vélum og tækjum, þá er það ljóst og óumdeilanlegt, að við þessar smáu fjárveitingar fer a. m. k. önnur hver króna til ónýtis, er beinlínis fleygt í kostnað við flutninga á vélum og mannskap til og frá. Það væri til hagsbóta fyrir alla aðila, fyrir ríkissjóð og fyrir það fólk í byggðum landsins, sem á að njóta þessara vega, að upphæðirnar væru stærri og færri, þannig að hver króna nýttist betur.

Ég veit, að það er viðkvæmt mál í hverri sýslu og hverri sveit, að vegurinn þeirra fái eitthvað á hverju ári. En væri ekki hugsanlegt að leysa málið með því t. d. að gera 4 ára áætlun um vegagerð og í stað þess að tiltekinn vegur fengi t. d. 25 þús. kr. á hverju ári í 4 ár, þá fengi hann 100 þús. kr. fjárveitingu í ár eða á næsta ári eða einhvern tíma á þessu 4 ára tímabili?

Þetta mál hefur verið rætt í ríkisstj. og einkum við hæstv. samgmrh. og vegamálastjóra, og menn eru á einu máli um, að rétt sé að stefna í þessa átt. Ég vil nú beina því eindregið til hv. fjvn., þegar hún fer að skipta vegafénu, að hafa þetta sjónarmið í huga og reyna að ná samkomulagi um að fækka stórlega þeim vegum, sem fá fjárveitingu á hverju ári, en hafa upphæðirnar þeim mun stærri. Þessi breyting er vel framkvæmanleg. En vegna þess skipulags, sem verið hefur, má vera, að það taki nokkur ár að koma hér verulegum umbótum á.

Sama sjónarmið, sem hér var gerð grein fyrir varðandi vegina, kemur einnig til greina um margvíslegar aðrar framkvæmdir, og vil ég þar sérstaklega nefna hafnirnar. Reynum að hafa stærri og myndarlegri átök á hverjum stað, á hverju ári en verið hefur, í stað þess að peðra smáupphæðum hingað og þangað, sem koma að litlu gagni og verulegum hluta af fjárveitingunum fleygt í súginn.

Við samanburð á þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, og fjárlögum fyrir árin 1958 og 1959 verður að hafa í huga, að þau ár hefur ríkissjóður verið klofinn í tvennt, hluti af honum hefur verið kallaður útflutningssjóður. Nú verður útflutningssjóður lagður niður og ríkissjóður tekur við ýmsum tekjum hans og gjöldum. Af þessum ástæðum m. a. hækka tekju- og gjaldahliðar fjárlaganna.

Ég skal nú rekja helztu breytingar á tekju- og gjaldaliðum þessa frv. frá fjárlögum 1959.

Hækkun á tekjuliðum frá fjárlögum 1959 er 431.6 millj. kr. samtals. Það sundurliðast á þessa leið: Innflutningsgjald, sem flyzt frá útflutningssjóði, 119 millj., ýmsar aðrar tekjur útflutningssjóðs 107 millj., hækkun á tollum og öðrum aðflutningsgjöldum, sem leiðir af gengisbreytingu, 92.1 millj., hækkun á ýmsum gjöldum í sambandi við efnahagsráðstafanir

37.4 millj., nýr almennur söluskattur 224 millj., aðrar breytingar 17.1 millj.

En til frádráttar þessum liðum koma lækkun tekjuskatts, sem er 75 millj. frá fjárlögum 1959, brottfall 9% söluskatts á innlendri framleiðslu og þjónustu 35 millj., tolla- og skattagreiðslur Sogsvirkjunar 30 millj. og greiðsluafgangur í fjárlögum 1959 25 millj.

Niðurstaðan verður sú, að hækkun tekna í þessu frv. frá fjárlögum 1959 verður rúmar 430 millj. kr.

Gjöldin hækka um svipaða upphæð frá fjárlögum 1959. Fyrst eru niðurgreiðslur á vöruverði, sem flytjast frá útflutningssjóði, 265 millj., nýjar niðurgreiðslur í sambandi við efnahagsráðstafanir 37.9 millj., sérstök aukning á bótum almannatrygginga, fjölskyldubætur o. fl. 152.5 millj., aukning útgjalda vegna efnhagsráðstafana 43.6 millj., og ýmsar aðrar hækkanir, sem verða skýrðar hér á eftir, 83 millj. En frá þessu dregst brottfall greiðslu til útflutningssjóðs samkv. fjárlögum 1959, að upphæð 152.1 millj. Nánar tiltekið er því hækkun gjalda frá síðustu fjárlögum 429.9 millj. kr.

Ég skal nú víkja nokkru nánar að einstökum greinum fjárlagafrv. og skýra þau atriði, sem ég tel að helzt þurfi skýringar við.

Það var reiknað út sérstaklega, hver áhrif fyrirhuguð gengisbreyting hefði á útgjöld fjárlaganna. Með aðstoð Hagstofu Íslands var farið nákvæmlega yfir alla útgjaldaliði fjárlaganna, þeir raktir sundur til ákvörðunar um, hver áhrif gengisbreytingin hefði á þá. Niðurstaðan varð sú, að útgjöld fjárlaganna hækka vegna gengisbreytingar um 43.6 millj. kr. Ég skal taka það fram, að eins og á stóð við undirbúning fjárlaga og efnahagsmálafrv., var ekki hægt að hafa samráð við forustumenn einstakra ríkisstofnana um þennan útreikning, og má því búast við, að einhverra lagfæringa kunni að vera þörf við meðferð frv. hjá fjvn. að þessu leyti.

7. gr. frv. fjallar um vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs. Þær eru nú áætlaðar 9.9 millj. kr. og hækka um 4½ millj. Það, sem veldur þessari hækkun, eru í fyrsta lagi vextir af föstu láni, sem nú hefur verið samið um við Landsbanka Íslands vegna kaupa á 10 togurum í Bretlandi á sínum tíma, 3 millj. 150 þús. kr. Í öðru lagi er hækkun vaxta af láni vegna framlags til alþjóðabanka og alþjóðagjaldeyrissjóðs, rúm ½ millj. Loks er hækkuð áætlun um vaxtagreiðslur ríkissjóðs af viðskiptareikningi við Seðlabankann, og nemur það 1 millj. kr. Þetta stafar af því, að búast má við, að yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann geti fyrri hluta ársins orðið nokkru hærri en venjulegt er vegna minni innflutnings, og einnig er hér reiknað með fyrirhugaðri almennri vaxtahækkun.

9. gr. frv. fjallar um alþingiskostnað, og er hann áætlaður 10½ millj., hækkun um 1½ millj. Þetta stafar bæði af fjölgun þingmanna og of lágri áætlun 1959.

11. gr. frv., um dómgæzlu og lögreglustjórn, hækkar um 6.3 millj. kr. Þar veldur um mestu rekstur hins nýja varðskips, sem áætlað er að kosti á árinu 4½ millj. kr. Þá er einnig færður á þessa grein málskostnaður, 700 þús. kr. Þetta er ekki nýr kostnaður, en hefur áður verið færður á óviss útgjöld á 19. gr., en virðist eiga hér fremur heima.

12. gr. frv. fjallar um læknaskipun og heilbrigðismál. Þar er langmesta hækkunin á rekstrarhalla ríkisspítalanna, 2.9 millj. kr., þrátt fyrir það að daggjöld verða hækkuð um 15% til þess að mæta hækkunum vegna efnahagsaðgerða. Þessi aukni halli stafar af ýmsum ástæðum, svo sem óhjákvæmilegri aukningu starfsfólks á spítölunum og áhaldakaupum í hina nýju viðbyggingu landsspítalans.

13. gr. fjallar um samgöngumál. Framlag til nýrra akvega er hið sama og í fjárlögum 1959, eða um 16 millj. kr. Vegaviðhald er hins vegar hækkað um 8.2 millj., upp í 50 millj. Til brúargerða er áætluð sama upphæð og í fyrra, um 10 millj. Af þeirri hækkun benzínskattsins, sem gert er ráð fyrir í frv. um efnahagsmál, eiga 3 aurar af hverjum lítra að renna til brúasjóðs og 3 aurar til nýrra akvega milli byggðarlaga. Nema þessar fjárhæðir 2½—3 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til Skipaútgerðar ríkisins er áætlað 15 millj., hækkar um 5 millj. frá því, sem var í fyrra. Þessi hækkun stafar einkum af því, að flokkunarviðgerðir þurfa að fara fram á fjórum skipum á þessu ári, 12 ára flokkun á Heklu og Skjaldbreið, 16 ára flokkun á Þyrli og 20 ára flokkun á Esju. Hins vegar er gert ráð fyrir, að útgjaldaaukningu vegna væntanlegra efnahagsaðgerða verði mætt með hækkun far- og farmgjalda.

14. gr. fjárlaganna fjallar um menntamál, og hækka framlög til þeirra um 16.2 millj. kr., upp í 160.3 millj. Þessi hækkun er aðallega á tveim liðum: almenn barnafræðsla hækkar um rúmar 8 millj. og gagnfræðamenntun um 6.6 millj. Af þessari fjárhæð er 4.6 millj. kr. hækkun á framlagi til byggingar barnaskóla, en 2 millj. hækkun til gagnfræðaskólabygginga. Samkv. lögum skal ríkissjóður ljúka greiðslu framlaga til hverrar skólabyggingar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 5 ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Eru þessar fjárhæðir miðaðar við, að ríkissjóður standi við skuldbindingar í þessu efni.

Þá hækka heildarútgjöld vegna kennaralauna og hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði skólanna vegna fólksfjölgunar í landinu, nemendum fjölgar ár frá ári. Einnig er gert ráð fyrir, að lög um ríkisútgáfu námsbóka komi að fullu til framkvæmda nú, en svo hefur ekki verið til þessa, og veldur það nokkrum útgjaldaauka.

15. gr. fjárlaga fjallar um kirkjumál. Þar eru nú m. a. ætluð laun til eins prests, sem er ætlað það verkefni að skipuleggja æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar. Einnig er framlag til byggingar Skálholtskirkju hækkað um 450 þús. kr., þar sem rétt þykir að reyna að ljúka byggingu hennar hið fyrsta.

16. gr. frv. er um atvinnumál. Framlög til landbúnaðarmála hækka um nær 2 millj. kr. Er þar einkum um að ræða hækkun á jarð-

ræktarstyrk og bótum vegna sauðfjárveikivarna. Varðandi sjávarútvegsmál hafa verið hækkaðir liðir til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir, til síldarleitar og fiskirannsókna og til leitar að nýjum fiskimiðum. Nýr liður er tekinn upp, ½ millj. til að leita að veturseturstöðvum síldarstofnanna. Varðskipinu Ægi er ætlað þetta leitarstarf, sem er hin brýnasta nauðsyn. Framlög til raforkumála hækka um nær 13 millj. kr., og veldur þar mestu um, að tekin er upp að nýju 10 millj. kr. fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda, sem felld var niður í fjárlögum 1959. Þessi fjárveiting er nauðsynleg, ef takast á að ljúka framkvæmd 10 ára áætlunarinnar um rafvæðingu landsins á tilsettum tíma. Þá eru einnig teknar upp 2 millj. kr. til rekstrar á jarðbor til jarðhitarannsókna á Norðurlandi, en í 20. gr. er gert ráð fyrir 1 millj. kr. fjárveitingu til kaupa á slíkum bor. Þá er hækkað um 100 þús. kr. framlag til laxaklaks og eldistilrauna á vegum veiðimálastofnunarinnar. Hér er um að ræða verkefni, sem of lítill skilningur hefur verið sýndur. Á því er enginn vafi, að hægt er að auka stórkostlega og margfalda veiði í vötnum og ám á Íslandi. Það er ekki aðeins gert til gamans og heilsubótar fyrir laxveiðimenn og búbót fyrir þá, sem veiðiréttindi eiga, heldur er hér einnig um útflutningsverðmæti að ræða, gjaldeyrisöflun. Á síðustu árum hefur verið fluttur út lax fyrir hátt á aðra millj. króna, og kunnugir menn telja, að hægt sé að margfalda þann útflutning.

17. gr. fjallar um félagsmál. Framlag til almannatrygginga hækkar um 165.5 millj. kr. Þessar breytingar á einstökum liðum eru helztar: 1) Framlag til lífeyristrygginga hækkar um 9.5 millj. Frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem lá fyrir síðasta þingi og hlaut ekki afgreiðslu þá, verður væntanlega samþ. á þessu þingi og leiðir af sér hækkun fyrir ríkissjóð, sem nemur 11.1 millj. kr. Til frádráttar kemur það, að framlag til lífeyristrygginga hefði átt að lækka um 1.6 millj. kr. nú vegna betri afkomu á árunum 1958 og 1959 en áætlað var. 2) Framlag til sjúkratrygginga hækkar um 1.4 millj., m. a. vegna fyrirhugaðra hækkana á daggjöldum hjá sjúkrahúsum. 3) Framlag til atvinnuleysistrygginga hækkar um 2 millj., en iðgjöld til þeirra fara eftir kaupi Dagsbrúnarmanna og fjölda hinna tryggðu. 4) Hið sérstaka framlag til hækkunar fjölskyldubóta og annarra tryggingabóta samkv. efnahagsfrv. nemur 152.5 millj. kr. Loks hækkar kostnaður við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla um 1½ millj.

18. gr., um eftirlaun, hækkar um 1½ millj. kr. Að venju mun hv. fjvn. taka 18. gr. sérstaklega til meðferðar og endurskoðunar.

19. gr., óviss útgjöld o. fl., tekur miklum breytingum frá síðustu fjárlögum. Framlag til útflutningssjóðs, 152 millj. í fjárlögum 1959, fellur nú niður. Hins vegar kemur þarna inn nýr liður 302.9 millj., til niðurgreiðslu á vöruverði, í samræmi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. Um þann lið vil ég taka fram, að gert er ráð fyrir, að núverandi niðurgreiðslur haldi áfram óbreyttar. Er áætlað, að þær nemi 265 millj. kr., og flytjast frá útflutningssjóði til ríkissjóðs. Þá verða nokkrar vörur, sem hafa verið fluttar inn með 30% yfirfærslugjaldi, nú greiddar niður, og nemur sú upphæð tæpum 38 millj. kr.

Í 22. gr. fjárlaga eru margs konar greiðsluheimildir fyrir ríkisstj. Að jafnaði eru töluverðar fjárfúlgur inntar af hendi samkv. þeirri grein, án þess að þær greiðslur séu teknar sérstaklega reikningslega inn í fjárlög. Eins er um 23. gr., sem fjallar um greiðslur samkv. sérstökum l., sem skylt er að inna af hendi. Þykir rétt að áætla sérstaklega fyrir þessum útgjöldum. Eru því sett á 19. gr. útgjöld samkv. 22. og 23. gr. fjárlaga, samtals 5 millj. kr.

Þá er í 19. gr. tekinn upp nýr liður: Fyrningar, 6 millj. kr. Það er ætlunin að taka nú þann hátt upp, sem gert er ráð fyrir í l. frá 1947 um fyrningarsjóð ríkisins, að þær séu ekki aðeins bókhaldsatriði, eins og verið hefur, heldur sé fyrningarfé lagt í sérstakan sjóð og verði síðar varið til endurnýjunar á eignum ríkisins. Þessi lög frá 1947 um fyrningarsjóð ríkisins munu aldrei hafa komið til framkvæmda. Þau verða nú endurskoðuð. Ég ætla, að það sé rétt stefna, að ríkið leggi til hliðar í fyrningarsjóð eðlilegt fyrningarfé á ári hverju til endurnýjunar, og mundu margar framkvæmdir á vegum ríkisins vera auðveldari viðfangs nú, ef þeirri reglu hefði verið fylgt áður.

20. gr. fjárlaga fjallar um eignahreyfingar, afborganir lána og ýmiss konar byggingar og verklegar framkvæmdir. Þessi útgjöld hækka um 14 millj. kr., og skal ég nú greina það nokkru nánar.

Afborganir af lánum ríkissjóðs hækka um 1.4 millj. kr. Vextir og afborganir af vanskilalánum með ríkisábyrgð hækka um 10 millj. kr., úr 25 millj. upp í 35 millj.

Ríkisábyrgðir eru orðnar óhugnanlega háar. Þær námu í árslok 1958 1270 millj. kr. Þær hafa verið veittar bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum vegna lána til margvíslegra framkvæmda. Vafalaust hafa þessar framkvæmdir flestar verið gagnlegar og nauðsynlegt að styðja þær í einu formi eða öðru. En þegar svo er komið, að þessar ríkisábyrgðir nema svipaðri upphæð og allar árstekjur ríkissjóðs og að ár frá ári falla fleiri og stærri ábyrgðir á ríkissjóð til greiðslu sem vanskilalán, þá verður að athuga sinn gang. Á síðasta ári varð ríkissjóður að greiða 28½ millj. kr. vegna vanskilaskulda annarra, sem hann var í ábyrgð fyrir, og í þessu fjárlagafrv. þykir ekki varlegt að áætla minna en 35 millj. í þessu skyni.

Það er vafalaust ekki hægt að komast hjá því, að ríkissjóður veiti ábyrgð á ýmsum lánum, svo að úr nauðsynlegum framkvæmdum geti orðið, a. m. k. þar til gerbreyting hefur orðið á lánamálum peningastofnana. En ríkið getur ekki haldið áfram að skrifa upp á víxla jafnforsjárlítið og verið hefur. Það verður að setja fastari reglur og strangari um veitingu ríkisábyrgða og fylgjast betur með afkomu þeirra aðila, sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir.

Virðist eðlilegt, að þjóðbankinn veiti ríkissjóði atbeina í þessu efni, um fjárhagslega rannsókn í upphafi, svo sem það, hvort nægar tryggingar séu fyrir hendi, hverjir séu afkomumöguleikar fyrirtækisins, og einnig fylgist hann að bankahætti með starfsemi lántaka, geri ríkissjóði aðvart, ef horfur eru á því taldar, að ábyrgð falli á hann, svo að allt sé reynt í tæka tíð til að forða vanskilum. En einnig ætti ríkissjóður að reyna að forðast sem mest sjálfskuldarábyrgð og veita þá heldur einfalda ábyrgð. Með hinni fyrrnefndu getur skuldareigandi gengið strax beint að ríkissjóði, ef vanskil verða, en með einfaldri ábyrgð þyrfti hann fyrst a. m. k. að ganga að lántakanda og reyna að fá greiðslu hjá honum. Þetta gæti orðið nokkur hemill fyrir ríkissjóð.

Allt þetta mikla mál er nú í athugun og undirbúningi í samræmi við þál., er Alþingi samþ. að till. hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar. En hverjar leiðir sem kunna að finnast og verða farnar, er eitt víst, að veiting ríkisábyrgða er komin út í algera ófæru, og nú verður að spyrna fótum við.

Í sambandi við fjárlagafrv. er rétt að minnast á þá meginreglu, sem ríkisstj. setti sér, að fjárfestingarliðir skyldu yfirleitt óbreyttir í krónutölu frá því, sem var í fjárlögum 1959. Til skýringar vil ég minna á, að í fjárlögum fyrir 1959 var í 19. gr. frádráttarliður að upphæð 8.3 millj. kr., 5% lækkun á ýmsum fjárfestingarliðum frv. Þessi lækkun var ekki færð út á hvern einstakan lið í fjárlögum, en í framkvæmd að sjálfsögðu dregin frá og kemur þannig í ríkisreikningi. Þegar menn bera saman einstaka fjárfestingarliði í fjárlögum 1959 og þessu frv., verða þeir að hafa í huga, að frá liðunum í fjárlögum 1959 ber að draga þessi 5%, og á þá yfirleitt að koma sama krónutala út á hvern lið eins og er í þessu frv. Með hliðsjón af því, að ein af orsökum þess hörmungarástands í efnahags- og fjármálum, sem nú er við að glíma, er of mikil fjárfesting á undanförnum árum, þótti ríkisstj. óhjákvæmilegt að hafa þessa meginreglu um fjárfestingarliðina. Hins vegar taldi ríkisstj. rétt að gera nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu, og skulu þær nú raktar.

1) Framlag til vegamála hækka í heild frá síðustu fjárlögum, þar sem vegaviðhald hækkar um 8.2 millj. kr. og hluti af fyrirhugaðri hækkun benzínskattsins rennur til brúasjóðs og millibyggðavega, samtals 2½—3 millj.

2) Framlag til byggingar Skálholtskirkju hækkar upp í 950 þús. kr. Þessi liður var lækkaður stórlega í fyrra frá því, sem verið hafði. Telur ríkisstj. rétt að ljúka sem fyrst kirkjubyggingu í Skálholti.

3) Bygging barnaskóla. Framlagið hækkar um 4.6 millj. kr.

4) Framlag til byggingar gagnfræðaskóla hækkar um 2 millj. kr.

5) Framlag til byggingar heimavistar við menntaskólann á Akureyri hækkar um 200 þús. í 300 þús. Það framlag var lækkað mjög verulega á síðustu fjárlögum, en byggingin aðkallandi.

6) Framlag til byggingar Kennaraskóla Íslands er hér hækkað um rúma eina milljón, upp í 2 millj. kr. Hér er ekki tækifæri til að ræða ýtarlega ýmis vandamál í sambandi við skóla- og uppeldismál þjóðarinnar. En geigvænlegur kennaraskortur er farinn að gera vart við sig. Fyrir allt okkar skólakerfi er brýn nauðsyn að bæta nú þegar úr, svo að ekki horfi til hreinna vandræða á næstu árum um skort á hæfum kennurum. Bygging kennaraskólans var fyrir nokkru hafin af miklum myndarskap eftir langan undirbúning. Óhjákvæmilegt er að afla aukins fjár til þeirrar byggingar til að hraða henni sem mest. Auk þessara 2 millj. mun reynt að afla lánsfjár til byggingarinnar, til þess að hægt sé að halda áfram með fullum hraða. Í þessu sambandi vil ég minnast á nýmæli í 22. gr. frv., þar sem ríkisstj. er heimilað að hefja byggingu æfinga- og tilraunaskóla fyrir Kennaraskóla Íslands. Í lögum um menntun kennara er gert ráð fyrir þessum skóla. Hann getur orðið um leið barnaskóli fyrir hverfi í Reykjavíkurbæ. Þar sem kennaraskólinn er reistur og rekinn á kostnað ríkisins, hefur orðið að samkomulagi, að ríkissjóður leggi fram ¾ stofnkostnaðar og Reykjavíkurbær ¼, en sú regla gildir um venjulega barnaskóla, að hvor aðili greiðir helming stofnkostnaðar. Þykir báðum aðilum þessi skipting sanngjörn. Fyrir skóla- og uppeldismál þjóðarinnar er bygging kennaraskólans og æfinga- og tilraunaskólans mál málanna.

7) Nýr liður, 300 þús. kr., til endurbyggingar prestsseturs að Borg á Mýrum. Prestssetrið brann nýlega, og þykir ekki vansalaust á slíkum sögustað að láta brunarústir einar blasa þar við.

8) 300 þús. kr. vegna kaupa á biskupsbústað.

9) 1.8 millj. kr. vegna kaupa á gæzluflugvél til landhelgisgæzlu.

10) Flugvallagerð hækkar um 2.2 millj. frá síðustu fjárlögum.

11) Í 22. gr. fjárlaga fyrir 1959 var heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi. Hins vegar var ekki áætlað fé til þess sérstaklega í fjárlögum. Það er hið mesta nauðsynjamál að kanna jarðhita á Norðurlandi og þykir rétt að taka 1 millj. kr. í þessu skyni til kaupa á jarðbornum, en 2 millj. eru áætlaðar til rekstrarins. Sá hinn mikli gufubor, sem er sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar, hefur ærið verkefni á næstunni við að bora á hinum miklu hverasvæðum á Suðurlandsundirlendinu: Hveragerði, Krýsuvík, Reykjavík og annars staðar, þar sem jarðhita er von. Þykir of dýrt að flytja hann milli fjarlægra byggðarlaga, og hefur því verið að ráði fróðra manna talið rétt að festa kaup á öðrum bor, sem notaður verði fyrir Norðurland. Ef þetta verður samþykkt, ætti hinn nýi bor að geta komið til landsins og tekið til starfa upp úr miðju sumri. Verð hans mun væntanlega verða um 7 millj. kr. Standa vonir til þess, að unnt sé að fá greiðslufrest á verulegum hluta hins erlenda andvirðis. En gera verður ráð fyrir, að í fjár-

lögum næsta og ef til vill næstu ára þurfi að ætla fé til viðbótar til þessara kaupa. Miðað við þá ótrúlegu möguleika, sem Íslendingar eiga í ónotuðum jarðhita, er ekkert áhorfsmál að verja til þess nokkru fé að kanna þessar auðlindir til hlítar.

Ég mun þá snúa mér að tekjuhlið frv. Í 2. gr. er áætlað, hverju skattar og tollar nemi, 1201 millj. kr. Stærsti tekjuliðurinn þar er verðtollur, sem er áætlaður 355 millj. kr. Innflutningsgjald flyzt frá útflutningssjóði til ríkissjóðs, 119 millj. Söluskattur af innfluttum vörum 154 millj. Þessir þrír tekjustofnar, sem eru mjög sama eðlis, hækka í krónutölu við gengisbreytinguna, miðað við svipað magn innflutnings. En þess ber að gæta, að innflutningur hlýtur að minnka. Ein af ástæðum erfiðleika okkar er of mikill innflutningur á undanförnum árum.

Í sambandi við tollamálin er rétt að geta þess, að tollakerfið allt þarf endurskoðunar við, fyrst og fremst með það fyrir augum að gera það allt einfaldara í sniðum en nú er. Þess vegna er unnið að því af nokkrum kunnugustu embættismönnum ríkisins að endurskoða tolla- og aðflutningsgjaldamálin í heild. En sú endurskoðun mun væntanlega taka eitt til tvö ár.

Af öðrum tekjustofnum má nefna innflutningsgjald af benzíni, sem er áætlað 57½ millj., og vörumagnstoll, 31 millj., en hann lækkar í áætlun um 5 millj. kr. frá fjárlögum 1959. Er þá miðað við innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið fyrir 1960.

Þrír eru þeir tekjustofnar, sem ég vildi gera að umtalsefni: 1) Tekjuskattur. 2) Núv. 9% söluskattur af iðnaði og þjónustu innanlands. 3) Fyrirhugaður söluskattur.

Beinu skattarnir á Íslandi, tekjuskattur og útsvör, eru orðnir með öllu óhafandi, eins og þeir eru ákveðnir og álagðir, og koma þar margar ástæður til. Þessir skattar eru tiltölulega mjög háir hér. Þeir komast upp í 70% af tekjum manna. Þótt þeir séu yfirleitt lágir á allra lægstu tekjum, eru það ekki aðeins hátekjumenn, heldur almennir borgarar, venjulegir launamenn, sem stynja þungan undan þessum sköttum. Sannleikurinn er sá, að þessir skattar eru orðnir miklu tilfinnanlegri vegna verðbólgunnar, þeir eru stighækkandi. Þeir eru orðnir svo háir hér á landi, að almenningur telur gengið langtum framar en sæmilegt er um skattheimtu af hálfu hins opinbera. Af þessu leiðir spillingu, sem birtist í því, hve framtölum manna á Íslandi er stórkostlega áfátt. Miklar fjárhæðir eru ekki taldar fram til skatts. Og það sem verra er, sú skoðun er orðin mjög útbreidd meðal landsmanna, að það sé eðlilegt og jafnvel sjálfsagt að draga undan framtali það, sem menn geta.

Niðurstaðan af öllu þessu verður sú, að skattarnir bitna þyngst á fastlaunamönnum hjá hinu opinbera, þar sem hver eyrir er fram talinn. Þess vegna skapast það ranglæti í þjóðfélaginu, að sá, sem tíundar allt og fær tekjuskatt og útsvar í samræmi við hið rétta framtal, verður að horfa upp á það, að nágranni hans, sem hann veit að hefur hærri tekjur og betri afkomu, borgar lægri skatta. Tilraunir skattayfirvalda til að ráða bót á þessu virðast ekki ná verulegum árangri. Það skattakerfi, sem felur í sér, leiðir af sér og þolir slíkt ranglæti, fær ekki staðizt.

Núv. ríkisstj. tók því upp í málefnasamning sinn ákvæði um, að afnuminn skyldi tekjuskattur af almennum launatekjum. Ríkisstj. stofnaði til gagngerrar endurskoðunar á tekju- og eignarskattslögunum og tekjustofnum sveitarfélaga.

Tekjuskattsnefndin hefur mikið verk fram undan, og mun ekki unnt að leggja heildartill. hennar fyrir Alþingi fyrr en næsta haust. Hún þarf að endurskoða alla framkvæmd og skipan skattamála. En nú þegar hefur tekjuskattsnefndin skilað tillögum um bráðabirgðabreytingar á skattalögunum, sem geta komið til framkvæmda á þessu ári. Aðalatriði þeirra tillagna, þau sem ríkisstjórnin hefur þegar fallizt á og ákveðið að leggja fyrir Alþingi, eru þessi:

Tekjur einstaklinga allt að 50 þús. kr. eru skattfrjálsar með öllu, tekjur hjóna allt að 70 þús., en síðan eru skattfrjálsar 10 þús. kr. hjá hverjum skattgreiðanda fyrir hvert barn innan 16 ára, sem hann hefur á framfæri. Þetta þýðir, að hjón með þrjú börn fá skattfrjálsar 100 þús. kr.

Þessi tekjuupphæð, sem ég nú nefndi, verður skattfrjáls hjá öllum mönnum. Þeir, sem hafa hærri tekjur, greiða skatta af því, sem umfram verður, og verður sá skattur stighækkandi. Um skattstigann er ekki hægt að fullyrða í dag, en frv. um það verður lagt fyrir Alþingi bráðlega.

Það hefur verið reiknað út, að miðað við fjárlög 1959 missir ríkissjóður við þessar ráðstafanir um 75 millj. kr. Sé hins vegar miðað við það, hver tekjuskatturinn hefði orðið í ár að óbreyttum skattalögum, missir ríkissjóður um 110 millj. kr. Skatturinn hefði orðið 180 millj. kr.

Tekjuskatturinn er annar þáttur beinu skattanna, útsvörin hinn. Það er ekki fullnægjandi að fella niður og lækka tekjuskatt, heldur þurfa útsvörin gagngerðrar endurskoðunar við. Fyrsta ráðstöfun í því efni er að útvega bæjar- og sveitarfélögunum annan tekjustofn til þess að gera þeim mögulegt að lækka útsvörin. Það hefur ríkisstj. gert með tillögu sinni í þessu fjárlagafrv., að ætla fimmtung hins væntanlega almenna söluskatts, eða 56 millj. kr., til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, sem þaðan verði svo eftir vissum reglum skipt milli sveitarfélaganna.

Tekjustofnanefnd sveitarfélaganna hefur einnig unnið af kappi að endurskoðun þessara mála. Í tillögum hennar má gera ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu, að hætt verði að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum, en í stað þess verði lögbundnir útsvarsstigar. Það mun ekki henta sami útsvarsstigi fyrir kaupstaði og sveitir, og verða því væntanlega lögfestir tveir útsvarsstigar, annar fyrir kaupstaði og kauptún og hinn fyrir sveitahreppa.

Er nú unnið að því að semja slíka útsvarsstiga. Varðandi útsvör fyrir sveitirnar hafa verið kvaddir til þess fimm oddvitar úr sveitahreppum að gera tillögur um útsvarsstiga. Þess má því vænta, að lögfestir verði tveir útsvarsstigar, annar fyrir kaupstaði og kauptún, hinn fyrir sveitir, en nokkurt frjálsræði verði bæjarstjórnir og hreppsnefndir að hafa til hækkunar eða lækkunar vegna mismunandi tekjuþarfar. Með þessu hvoru tveggja, að lögfesta útsvarsstiga og að verja 56 millj. kr. af söluskatti til útsvarslækkunar, ætti þegar á þessu ári að fást nokkur umbót í útsvarsmálum. En heildartillögur um tekjustofna sveitarfélaga verða ekki tilbúnar fyrr en í haust.

Um nokkurt skeið hefur verið álagður hér á landi 9% söluskattur af innlendri framleiðslu og þjónustu. Hafa 3% af honum runnið til ríkissjóðs, en 6% til útflutningssjóðs. Þessi tegund söluskatts hefur verið ákaflega illa séð, enda meingölluð, ranglát og erfið í innheimtu. Tvö dæmi skal ég nefna. Maður vill fá gert við bifreið sína og fer með hana á verkstæði. Ef verkstæðið leggur bæði til varahlutinn og vinnuna, þarf að borga 9% af hvoru tveggja. En ef bíleigandinn kaupir hins vegar varahlutinn í búð og afhendir verkstæðinu, þarf hann aðeins að greiða söluskatt af vinnunni. Hitt dæmið: Ef hið opinbera leitar tilboða í mannvirki, verður að greiða 9% af upphæð verksamningsins, en ef verkið er unnið í reikningsvinnu, þarf engan söluskatt að greiða. Hér virðist sönnu nær að hafa þetta öfugt, því að vitanlega á að hvetja opinbera aðila til þess að bjóða út verk, en ekki letja. Vegna þess, hve þessi skattur er hár og flókinn í framkvæmd og margt undanþegið honum, verður hvötin til að komast fram hjá honum oft helzt til mikil. Þennan óheppilega tekjustofn, sem mundi væntanlega nema í ár 114 millj. kr., er nú ætlunin að afnema.

Hér hef ég nefnt þrjár tegundir af sköttum á almenning, sem ríkisstj. hyggst nú að létta, ýmist að nokkru eða öllu. Það er söluskatturinn 114 millj., tekjuskatturinn 110 millj. og útsvörin um 56 millj. kr. Samtals eru þessar upphæðir 280 millj. kr. Til þess að jafna þessi met á að lögleiða almennan söluskatt, sem gert er ráð fyrir að gefi ríkissjóði sömu upphæð. Slíkur söluskattur, sem er jafn, almennur og með sem fæstum undanþágum, er nú innheimtur víða um lönd, m. a. í Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Englandi. Nánara ætla ég ekki að ræða hann nú, heldur þegar frv. um hann er tilbúið og verður lagt fyrir Alþingi.

Einn liður í tekjuáætluninni er gjald af innlendum tollvörum, sem er áætlað 35 millj. kr. Lög um það gjald eru 21 árs gömul. Síðan hefur verið hlaðið ofan á það prósentum ofan á prósentur. Lögin eru úrelt orðin og eru í endurskoðun. Við þá endurskoðun kemur m. a. til athugunar, hvort einhver framleiðsla hefur risið upp síðan 1939, sem réttmætt er að skatta til jafns við hina, sem fyrir var. Einnig þarf að gæta þess, að sérstök skattaálagning á þennan iðnað gangi ekki svo úr hófi, að hætta sé á samdrætti og þess vegna minnkandi tekjum ríkissjóðs, eins og dæmi eru til, þegar skattalöggjafar verða helzt til gráðugir.

Heildarniðurstöður í fjárlagafrv. eru þessar: Rekstrartekjur eru áætlaðar 1464.1 millj. kr., rekstrargjöld 1353.8 millj. og rekstrarafgangur er áætlaður 110.3 millj. kr. Ef litið er á heildarútgjöldin samkv. sjóðsyfirliti, er útkoman þessi: Innborganir áætlaðar 1464.7 millj., útborganir 1462.9, og greiðsluafgangur samkv. fjárlagafrv. er því áætlaður 1 millj. og 800 þús. kr. rúmlega. Ég vil taka það fram og leggja á það áherzlu, að fjárlagafrv. verður að afgreiðast frá Alþingi með greiðsluafgangi, og ekki aðeins það, heldur verður óhjákvæmilega að halda þannig á fjármálum ríkisins á þessu ári, að örugglega verði ekki greiðsluhalli, heldur greiðsluafgangur. Það er einn af óhjákvæmilegum liðum í efnahagsaðgerðum ríkisins.

Með frv. um efnahagsmál og fjárlagafrv. eru gerðar margar stórbreytingar á þjóðfélagi Íslendinga. Ein stærsta þjóðfélagsbreytingin eru hinar stórauknu almannatryggingar. Sú gerbreyting, sem nú verður þar gerð, mun vissulega síðar þykja tíðindum sæta. Fyrst má nefna fjölskyldubæturnar. Nú hefur barnafjölskylda enga uppbót fyrir fyrsta barn né annað barn. En þegar þriðja barnið kemur, verður uppbótin 1166 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 874 kr. á öðru verðlagssvæði. Nú verður sú breyting á, að greiddar verða 2600 kr. með hverju barni. Það þýðir, að tveggja barna fjölskylda, sem ekkert hefur fengið í fjölskyldubætur, fær nú 5200 kr. á ári, þriggja barna fjölskylda fær 7800 kr., fjögurra barna 10400 og fimm barna fjölskylda fær 13000 kr. í fjölskyldubætur. Aldraða fólkið og öryrkjarnir fá einnig verulegar tryggingabætur. Elli- og örorkulífeyrir hækkar um 44%.

Gengisbreytingin, sem fyrirhuguð er, hefur veruleg áhrif á verðlag í landinu til hækkunar, og hefur verið reiknað út, að hækkun framfærslukostnaðar í heild muni nema um 13%. Þar sem slík hækkun framfærslukostnaðar mundi verða almenningi afar þungbær, telur ríkisstj. sjálfsagt að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhrifum hennar á lífskjörin, fyrst og fremst hjá barnafólki, öldruðu fólki og öryrkjum. Þetta leggur ríkisstj. til, að gert sé með því að stórauka fjölskyldubæturnar og elli- og örorkulífeyrinn og enn fremur með því að greiða niður verð á nokkrum þýðingarmiklum neyzluvörum, kornvörum, kaffi og sykri. Kostnaður við þessar ráðstafanir kemur fram í fjárlagafrv. í 17. og 19. gr. Þessar ráðstafanir, sem eru gerðar til þess að draga úr áhrifum og þunga verðhækkananna, leiða til þess, að útgjaldahækkunin hjá vísitölufjölskyldunni verður aðeins um 3% í stað 13%, og hjá hjónum með 3 börn verður niðurstaðan sú, að þar á ekki að verða nein kjaraskerðing.

En hvers vegna þarf að gera allar þessar ráðstafanir, sem koma fram í efnahagsmálafrv. og fjárlögum og væntanlegum frv., sem hér verða lögð fram síðar? Hvað er að? segja hv. stjórnarandstæðingar. Er ekki allt í stakasta lagi? Þessi orð höfum við heyrt hér í Alþingi undanfarna daga.

Nei, hv. þm. og hlustendur góðir. Það er ekki allt í lagi. Það er margt að í þessu þjóðfélagi. Það, sem er að, er m. a. og kannske í fyrsta lagi hinn gífurlegi greiðsluhalli á viðskiptum íslenzku þjóðarinnar við útlönd, halli, sem undanfarin fimm ár hefur verið að meðaltali 200 millj. kr. Þjóðin sem heild hefur eytt meira en hún hefur aflað. Það þarf enga háskólahagfræði til að skilja þetta. Þetta skilur hver einasta húsmóðir og heimilisfaðir í þessu landi. Sérhvert íslenzkt heimili verður nauðugt, viljugt að haga sér eftir því lögmáli, að útgjöldin mega ekki fara fram úr tekjunum. Það er kannske hægt í eitt ár eða tvö að lifa um efni fram og safna eyðsluskuldum, en það er ekki hægt til lengdar. Sumir menn lifa stundum hátt um efni fram, berast mjög á og hugsa sem svo, að einhvern veginn slampist þetta af eins og hingað til. En allt tekur enda. Og eins og enginn fær umflúið sitt skapadægur, eins rennur upp sú stund, að hamar fógetans fellur og þá dynur yfir þrot og hrun, eymd og smán.

Þennan einfalda sannleika, sem sérhvert heimili í þessu landi lifir eftir, látast hv. stjórnarandstæðingar ekki skilja. Þeir jafnvel þverneita því, að þjóðin sé í nokkrum háska stödd, þó að fjárhagslegt sjálfstæði hennar rambi nú á barmi glötunar. Þeir menn eru einnig til hér á þingi, sem eru harla ánægðir með þessa framvindu mála. Þeir menn eru til, sem segja: Það er barnaleikur einn að ráða við gjaldeyrisskort og greiðsluhalla við útlönd. Við getum fengið stórlán hjá vinum vorum í austri með lágum vöxtum til langs tíma. Og það eru til þeir menn, sem segja: Lánsfjárskortinn innanlands er auðvelt að jafna með því að láta seðlabankann prenta fleiri seðla.

Sumir menn vaða út í ógöngur, út í fjárþrot og missi fjárhagslegs sjálfstæðis af fákunnáttu, hugsunarleysi, gáleysi. Þeir eru vissulega ekki til fyrirmyndar. Hinir eru þó verri, sem vilja stefna út í slíkar ógöngur með þjóð sína vitandi vits.

Frv. um efnahagsmál og frv. til fjárlaga eru tvær greinar af sama stofni. Fleiri greinar munu vaxa af þeim meiði á næstu vikum: frv. til breyt. á almannatryggingalögum, frv. um afnám tekjuskatts á launatekjum, frv. um lagfæringu útsvara og fjölmargt fleira. Með þessum málum öllum er lagður grunnur að heilbrigðara og réttlátara þjóðfélagi. Það er von mín, að íslenzka þjóðin taki með skilningi þeirri stefnu, sem nú er mörkuð til viðreisnar. Þessi stefna er ekki aðeins rétt stefna, heldur sú eina stefna, sem nú er hægt að taka til þess að forða vá frá dyrum Íslendinga.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er nokkuð villandi hjá hæstv. fjmrh. að taka þannig til orða, að reikningsskil ríkisins hafi dregizt 2—3 ár, og gæti það valdið misskilningi. Auðvitað hafa ekki reikningsskilin sjálf dregizt svona lengi, en endurskoðun hefur dregizt mjög lengi, og væri ekkert nema gott um það að segja, ef hæstv. ráðh. tækist að láta þetta ganga fljótara.

Ég tel ástæðu til þess að taka það fram við þetta tækifæri, að framsóknarmenn höfðu forustu um fjármál ríkissjóðs frá 1950 til ársloka 1958, þótt í samvinnu væri um stjórn við aðra flokka. Sé litið á þetta tímabil í heild, verða niðurstöður þessar:

Greiðsluafgangar umfram greiðsluhalla urðu þessi ár 239 millj., og eru þá afborganir fastra lána taldar með útgjöldum. Skuldir þær, sem ríkissjóði sjálfum er ætlað að standa straum af, að frádregnum sjóðum og innistæðum, lækkuðu um 76 millj. kr., og hafði ríkissjóður þó á þessum árum tekið að sér ýmsar skuldir annarra stofnana, svo sem 33 millj. kr. vegna íbúðalánasjóðsins t. d. Nettóeign ríkisins jókst á þessum árum um 1000 millj. eða fimmfaldaðist. Af greiðsluafgangi var á þesum tíma ráðstafað 133 millj. til ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs, veðdeildar Búnaðarbankans, íbúðalánasjóðs, verkamannabústaðasjóðs, fiskveiðasjóðs og fleiri slíkra almannastofnana. Á þessu tímabili voru beinir skattar stórlega lækkaðir. Á hinn bóginn er það máske nokkuð táknrænt, að nú er það upplýst af hæstv. ráðh., að á síðasta ári hefur orðið talsverður greiðsluhalli, árinu 1959, sem jafnaður hefur verið með því að éta upp greiðsluafganginn frá 1958.

Ég er alveg viss um, að fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, mun hafa vakið undrun margra, þegar það birtist. Með því eru ríkisútgjöldin á einu ári hækkuð um 430 millj. kr. og fjárlögin komin í nálega einn og hálfan milljarð. Fjmrh. reyndi að gera það eins óskýrt og mögulegt er, hvernig á þessari hækkun stendur, og vildi láta menn líta svo á, að ríkissjóður hefði tekið á sig að mestu útgjöld, sem fyrir voru hjá útflutningssjóði. En hið rétta er, að af þessum 430 millj. eru aðeins 110 millj. þannig til komnar, og eru það þó greiðslur, sem margir mundu hafa haldið, þ. e. a. s. niðurgreiðslurnar, að féllu niður við þær ráðstafanir, sem nú á að gera. En 320 millj. eru beinar hækkanir á fjárlögunum, að langmestu leyti vegna ráðstafana ríkisstj. sjálfrar.

Það vottar ekki fyrir því í þessu frv., að nokkur ráðstöfun sé gerð til sparnaðar, enda vitaskuld sízt við slíku að búast, þegar þeir eru komnir til valda og fjalla um þessi mál, sem á undanförnum árum hafa verið allra manna aðsópsmestir í því að standa fyrir hvers konar útþenslu á embættisbákni ríkisins.

Á hinn bóginn er víða ráðgerður stóraukinn kostnaður, og við lauslega athugun kemur fram, að gert er ráð fyrir verulegri starfsmannafjölgun umfram þá, sem lögboðin er. Nú boðar hæstv. ráðh. enn eitt nýtt bákn, sem eigi að bæta við ríkisapparatið með alls konar ráðunautum og eftirlitsmönnum, og er það hin eina alveg ákvarðaða uppástunga, sem hæstv. ráðh. hefur lýst. Hann telur sig líka ætla að gera framkvæmd skattalaga einfaldari og ódýrari, en ég geri ráð fyrir því, að heldur muni verða lítið úr því, þegar þess er gætt, að nú á að innleiða almennan söluskatt á nýjan leik.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að hann hefði

ekki haft tíma til að gera till. um samfærslu til sparnaðar, og er það venjuleg viðbára þessara manna, þegar þeir eiga að standa við eitthvað lítið brot af því, sem þeir hafa sagt í gagnrýni á aðra, og verður framhaldið auðvitað eftir því. Á hinn bóginn hefur hæstv. ráðh. og hans félagar haft nógan tíma til þess að undirbúa stórfelldustu álögur á þjóðina, sem nokkru sinni hafa komið til greina í hennar sögu í einum áfanga. Annars verður fjárlagafrv. raunar tæpast rætt nema sem einn liður í þeim till. að nýju efnahagskerfi, eins og það er kallað, sem ríkisstj. hefur nú lagt fram, og mun ég haga mínum athugasemdum eftir því.

Hér er ekki tími til að rekja mikið aðdragandann að því, sem nú hefur yfir dunið, enda þótt slíkt væri í rauninni nauðsynlegt. Þó vil ég minna á, að núverandi stjórnarflokkar, sem tóku við efnahagsmálunum í des. 1958, gengu til tveggja kosninga á s. l. ári og höfðu að kjörorði: stöðvun dýrtíðarinnar án nýrra skatta, á öðru leytinu og á hinn bóginn, að leiðin til bættra lífskjara væri sú að kjósa Sjálfstfl. Því var þá lýst yfir, að útflutningssjóður hefði aldrei staðið betur, að ríkisbúskapur væri í bezta horfi og sýndi þetta glöggt, hvað hægt væri að gera til framkvæmda á stöðvunarstefnunni, eins og það var orðað, ef rétt væri að farið, og formaður Alþfl. lýsti því t. d. yfir, að þjóðin yrði að styðja flokkinn hans til þess að leysa þessi mál á sama hátt og gert hefði verið á því ári.

Framsóknarmenn vöruðu þjóðina við þessum áróðri og sögðu það, sem þeir vissu sannast og réttast, að því miður hefði dýrtíðin ekki verið stöðvuð *og væri hinu rétta ástandi haldið* leyndu fyrir mönnum í bili. En jafnframt sýndu framsóknarmenn fram á, að vandann væri hægt að leysa án þess að minnka kaupmátt tímakaups frá því, sem var í október 1958, með þeim aðferðum, sem flokkurinn hafði bent á í efnahagsmálatillögum sínum í des. 1958. Framsóknarmenn sögðu líka greinilega, að hinir hefðu í huga, eftir að þeir hefðu komið á kjördæmabreytingunni, alveg nýja stefnu í efnahagsmálum, sem miðuð mundi við mikinn samdrátt í þjóðarbúskapnum. Þetta vildu ekki hinir viðurkenna þá.

En ekki var kosningunum fyrr lokið en talsmenn hinnar nýju valdasamsteypu sneru blaðinu alveg við og hófu upp mikinn áróður um það, að þjóðin hefði lifað um efni fram, eins og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, og sögðu mönnum nú allt í einu, að það væri verulegur halli á ríkisbúskapnum og stórkostlegur halli á útflutningssjóðnum og jafnvel nefndar 180 millj. í því sambandi. Þetta ástand væri svo óskaplegt, að það dygði hvorki meira né minna en að taka upp alveg nýja stefnu og færa stórar fórnir. Inn í þetta var svo bætt, að þjóðin hefði búið við gífurlegan greiðsluhalla við útlönd undanfarin ár, eins og hæstv. fjmrh. var að segja ykkur hér áðan, meira en 1000 millj. kr. greiðsluhalla síðustu 5 árin, og væri á glötunarbarmi út af þessum lántökum. Yrði því þjóðin að þrengja stórkostlega að sér vegna þessara lántaka til þess að bjarga frá þjóðargjaldþroti.

Ég vil ekki fullyrða neitt um það, hvort þær ýkjur eru meiri, sem þessir aðilar hafa leyft sér að segja þjóðinni nú um ástandið í efnahagsmálunum eftir kosningarnar, en þær óskaplegu ýkjur og blekkingar, sem þeir viðhöfðu fyrir kosningar. En það eitt ætla ég alveg ljóst hverjum manni, að sá málflutningur, sem viðhafður var á s. l. ári, og staðreyndir þær, sem nú eru fram komnar, sýna mönnum svart á hvítu þá sorglegu staðreynd, að þeim mönnum, sem þjóðin hefur nú falið forustu mála um sinn, er ekki hægt að treysta til þess að gefa sanna mynd af efnahagsmálum landsins. Það verður því ekkert byggt á þeirra áróðri um þessi mál nú fremur en í fyrra.

Áróðurinn um hinn voðalega greiðsluhalla við útlönd er byggður á því t. d. að telja Sogsvirkjunina, sementsverksmiðjuna, heilan flota kaupskipa og fiskiskipa og margar aðrar álíka framkvæmdir sem greiðsluhalla við útlönd, af því að erlend lán hafa verið tekin til að koma þessum framkvæmdum á, þótt flestar þeirra standi ekki aðeins undir sínum lánum, heldur gera miklu betur, og ég fullyrði, að vegna þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið fyrir erlent lánsfé, t. d. vegna sementsverksmiðjunnar og áburðarverksmiðjunnar, svo að aðeins dæmi séu nefnd, stendur þjóðin betur að vígi nú en oftast áður, ef ekki nokkru sinni áður í sínum búskap að standa við skuldbindingar sínar út á við, þar með taldar greiðslur af framkvæmdalánunum.

Áróður hæstv. ríkisstjórnar um efnahag landsins hefur orðið að beinum óhróðri um þessi málefni. En í hvaða skyni er staðreyndum snúið svo öfugt fyrir þjóðinni og reynt að telja mönnum trú um, að framkvæmdalán þau, sem tekin hafa verið á undanförnum árum, séu greiðsluhalli, og dæmið sett upp þannig, að til þess að forðast greiðsluhalla við útlönd megi ekki taka erlend lán til þýðingarmestu framfara? Eða á kannske að halda því að mönnum, að sá maður eyði t. d. um efni fram, sem tekur lán til þess að kaupa sér bát, hús eða bústofn? Það er augljóst, að þetta er gert til þess að reyna að hræða þjóðina til að yfirgefa uppbyggingarstefnuna í efnahagsmálum og taka upp samdráttarstefnu í staðinn.

Einn þýðingarmesti liðurinn í því að koma samdrættinum á er að draga stórkostlega úr erlendum lántökum til verklegra framkvæmda. Á hinn bóginn á ekki að hætta að taka erlend lán, því að ríkisstj. ráðgerir að taka hvorki meira né minna en allt að 780 millj. kr. gjaldeyrislán til stutts tíma, ef svo vill verkast. En því er ekki ætlað að fara í framkvæmdir eða uppbyggingu, heldur á það að fara til venjulegra vörukaupa. Og þegar hæstv. ríkisstj. ræðir um endurgreiðslu þessa láns í grg. efnahagsfrv., þá er sagt, að endurgreiðsla þess muni ekki valda erfiðleikum í þjóðarbú-

skapnum á næstunni. Jafnframt eru þessir sömu hæstv. ráðherrar óþreytandi að lýsa því fyrir þjóðinni, hversu endurgreiðsla framkvæmdalána hljóti að verða þjóðinni erfið.

Ég hef á undanförnum árum bent á, að það er ekki hægt að fá ótakmarkað erlent lánsfé til framkvæmda og má ekki treysta einhliða á það, og þetta hef ég tekið sérstaklega fram í sambandi við það, að stjórnarandstæðingar hafa á undanförnum árum, sem nú eru teknir við stjórninni, krafizt þess, að það væru tekin miklu stærri lán en tekin hafa verið, og í því sambandi hef ég sérstaklega á þetta bent. En jafnframt hef ég tekið fram, að það verði að keppa að því, þótt ekki megi einhliða á það treysta, að taka framkvæmdalán í verulegum mæli, því að öðruvísi er ekki hægt að notfæra sér möguleika Íslands á næstunni fremur en verið hefur undanfarið. Á hinn bóginn hefur sýnt sig, að ekkert er hættulegra en gjaldeyrislántaka til venjulegra þarfa. Hvernig halda menn, að það muni verka á möguleika landsins til að fá framkvæmdalán, ef slíkt eyðslulán er tekið og skuldin festist, eins og nærri má telja víst að verði, svo sem reynslan hefur sýnt, þegar slíkt hefur verið reynt? Hvernig halda menn t. d., að þeim manni mundi ganga að fá lán til nauðsynlegra framkvæmda sinna, sem hefði kafhlaðið sig víxilskuldum fyrir venjulegum útgjöldum?

Lítum þá á hina nýju efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. vill fá Alþ. til þess að samþ. og þjóðina til að fallast á, og gerum okkur grein fyrir, hvað hið nýstárlega er við þessa stefnu.

Við getum strax lagt áherzlu á, að gengisbreyting út af fyrir sig er ekki hið nýstárlega við þessa stefnu. Það er vitaskuld ekkert óðæði né heldur nein nýjung, að breytt sé gengi peninga, og þarf ekkert rangt að vera við það, ef knýjandi ástæður eru til og ef það er gert ásamt öðrum ráðstöfunum, sem eiga rétt á sér. Hér hefur áður verið breytt gengi íslenzkrar krónu og ekki verið skipt um stefnu í efnahagsmálum fyrir því, uppbyggingarstefnunni verið haldið sleitulaust áfram eftir sem áður. Framsóknarmenn hafa átt þátt í gengisbreytingu og stundum gert till. um gengisbreytingu eða hliðstæðar ráðstafanir, þótt þær hafi ekki náð fram að ganga, eins og t. d. sumarið 1958 í vinstri stjórninni, þegar framsóknarmenn vildu hækka yfirfærslugjaldið, sem jafngilti í rauninni breyttri skráningu krónunnar. Það er raunar einmitt fróðlegt að minnast á þessar till. framsóknarmanna frá 1958 til þess að sýna stefnumuninn og kjarna málsins.

Í þessum till. um yfirfærslugjöld er lögð áherzla á, að jafnframt verði lagður skattur á eyðslu og hann notaður til ráðstafana, sem miða til hagsbóta fyrir almenning, og að þessar ráðstafanir séu gerðar í samráði við stéttasamtökin. Þá er lagt til, að leitað verði samkomulags við launþega- og bændasamtökin og að þau falli að einhverju leyti frá að taka kaupgjalds- og afurðahækkun samkvæmt framfærsluvísitölu, en ekki gert ráð fyrir lögbindingu á þessu. Þá er í þessum till. lögð áherzla á að hafa samráð við alþýðusamtökin um ráðstafanir til þess að halda uppi nægilegri atvinnu, og loks, að áfram sé haldið ráðstöfunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. M. ö. o.: í þessum till. framsóknarmanna um hækkun á yfirfærslugjaldi, sem jafngilti gengisbreytingu, er samdráttarstefnu algerlega hafnað.

Þegar við gerðum þessar till., vorum við í stjórn. Þær eru í nákvæmu samræmi við afstöðu okkar nú í stjórnarandstöðu, og segir það sína sögu um Framsfl. og hans störf. Hann er ekki hentistefnuflokkur og ekki eins og fló á skinni, og er það meira en hægt er að segja um suma stjórnmálaflokka landsins samkvæmt reynslunni.

Hæstv. viðskmrh. sagði hér líka í gær að efni til í umr., að Framsfl. hefði aldrei viljað fallast á samdráttinn, sem þyrfti að fylgja gengisbreytingum eða þvílíkum ráðstöfunum, og er það vissulega satt.

Menn geta alveg með jöfnum rétti haldið því fram, að svart sé hvítt og hvítt sé svart, eins og því, að till. framsóknarmanna í efnahagsmálum frá 1958 eigi nokkuð skylt við þá stefnu, sem núverandi ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir, enda þótt þar sé gert ráð fyrir hækkun á yfirfærslugjaldi, sem jafngilti gengislækkun. Sá málflutningur að halda slíku fram er á hinn bóginn alveg samboðinn þeim mönnum, sem báðu þjóðina að kjósa sig á s. l. ári til þess að stöðva dýrtíðina og bæta lífskjörin, enda þegar sýnt, að þeir gætu það, en beita sér svo fyrir því nú að magna dýrtíðina með öllum hugsanlegum ráðum til að koma á samdrætti og færa þau rök fyrir því, að allt, sem þeir sjálfir höfðu sagt þjóðinni á s. l. ári um góða afkomu útflutningssjóðs og góðar horfur yfirleitt, hafi verið uppspuni frá rótum.

Í hverju er svo nýja kerfið fólgið? Það er í stuttu máli í því fólgið samkvæmt því, sem ríkisstj. hefur greinilega útlistað, að framkvæma á allt í senn: gengislækkun, nýjar stórfelldar álögur, vaxtahækkun og samdrátt útlána á öllum sviðum, draga úr framkvæmdalántökum, en taka stórfellt gjaldeyrislán til almennra vörukaupa. Það á að draga úr verklegum framkvæmdum, minnka þjóðfélagslegan stuðning við framkvæmdir og uppbyggingu í landinu í öllum greinum, en kaupgjaldi og tekjum framleiðenda er ætlað að standa í stað í krónutölu.

Lítum nánar á nokkra þætti þessarar nýju stefnu, sem öll miðar að samdrætti og miðar að því að draga úr stuðningi þjóðfélagsins við framkvæmdir almennings í landinu, en efla peningavaldið að sama skapi. Framkvæmdalántökur verða að minnka vegna þess, að eitt höfuðatriði í hinni nýju stefnu er að draga stórkostlega úr framkvæmdum. Með vaxtahækkuninni, sem nú á að framkvæma, m. a. á stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs og íbúðabygginga, er vegið að einum þýðingarmesta þætti í íslenzkum þjóðarbúskap.

Á undanförnum áratugum hafa verið byggðir upp margir lagabálkar, sem hafa hvílt á þeirri meginhugsun, að þjóðfélagið stuðli að því, að menn geti fengið lán með vægum vöxtum til að koma upp sjálfstæðum atvinnurekstri í landinu, í sveit og við sjó, og til að eignast eigin íbúðir. Þetta er einn meginþátturinn í þeirri umbótastefnu, sem Framsfl. hefur barizt fyrir áratugum saman. Þetta er byggt á þeirri hugsun, að með þessu móti verði bezt stuðlað að því, að í landinu verði sem flestir sjálfstæðir efnalega, geti klofið þann stofnkostnað við atvinnurekstur og myndun heimila, sem oft og tíðum mundi verða þeim gersamlega um megn, ef ekki væru hentug lán að fá með lágum vöxtum. Þessi pólitík hefur átt meiri þátt í því að þróa efnahagslíf okkar en flestir gera sér í fljótu bragði grein fyrir. En nú er það einn þátturinn í hinum nýju ráðstöfunum að gerbreyta um stefnu í þessu efni, og er það engin tilviljun. Það er ekkert annað en fyrirsláttur, að þetta þurfi að gera vegna halla á stofnlánasjóðunum, því að það er alveg vandalaust að leysa þau mál, eins og gert hefur verið undanfarið, með því að ríkið hlaupi undir bagga. Eða á kannske að telja mönnum trú um, að þjóðfélagið hafi ekki lengur ráð á því að veita þennan stuðning, sem látinn hefur verið í té áratugum saman? Út yfir tekur með öllu sú frekja að ætla með einni lagagrein upp á 5—6 línur inni í óskyldu máli að kollvarpa þessum lagabálkum öllum saman um vaxtastuðninginn og veita ríkisstjórninni alræðisvald um þessi efni án íhlutunar Alþingis.

Með ráðstöfunum þeim, sem nú eru fyrirhugaðar og byrjað var á í fyrra, munu verklegar framkvæmdir minnka stórlega. Og það er lítið dæmi um, hvert þessi pólitík leiðir að því leyti, að nú á að stórhækka álögur á benzín, en á sama tíma verða framlög til vega lækkuð, þegar miðað er við hækkaðan kostnað. Atvinnuaukningarféð, sem verið hefur þýðingarmeira en flest annað til að ýta undir uppbyggingu í sjávarplássunum, verður raunverulega helmingi minna en það var fyrir 2 árum. Og nú er haft á orði að gerbreyta ríkisábyrgðarpólitíkinni og hætta því að taka jafnforsjárlítið ríkisábyrgðir og gert hefur verið. En í hverju hafa ríkisábyrgðartöpin verið fólgin? Þau eru fyrst og fremst vegna ábyrgðar ríkisins á síldarverksmiðjuuppbyggingunni í landinu, á togaraútgerð víðs vegar um landið, vegna hafnarbyggingalána, sem ábyrgzt hafa verið fyrir plássin víðs vegar um landið, og fyrir framkvæmdir í raforkumálum í ýmsum kaupstöðum landsins. Út af þessum ábyrgðum hafa flest töpin orðið, og ég fullyrði það, að úr þessum framkvæmdum, eins og t. d. hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn, Patreksfirði, Skagaströnd, Sauðárkróki, Ólafsvík og raforkuframkvæmdum í Vestmannaeyjum, Siglufirði, Neskaupstað og víðar, hefði aldrei getað orðið, ef ríkisábyrgðarstefnan væri framkvæmd á þann hátt, sem hæstv. fjmrh. var að lýsa hér yfir áðan. En það er engin tilviljun, að það á að gerbreyta um stefnu í þessu efni. Það er liður í hinni nýju áætlun um samdrátt framkvæmdanna og umfram allt liður í þeirri áætlun að minnka það, sem kallað er hin óarðbæra fjárfesting víðs vegar um landið. Svo langt á að ganga í því að gera ráðstafanir til þess að draga úr framkvæmdum og uppbyggingu, að ríkisstj. hótar því að draga inn í bankakerfi landsins hluta af því fé, sem kaupfélagsmenn leggja inn í innlánsdeildir sínar til stuðnings sínum eigin félagsskap. Er þetta hugsað til þess, að fólkið í byggðarlögunum geti ekki haldið áfram uppbyggingunni með stuðningi sinna eigin félaga, þegar öðrum leiðum verður lokað af ríkisstjórninni skv. þessari áætlun.

Ekki hefur gefizt tóm til þess enn þá að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig þessar fyrirætlanir verka fyrir einstakar atvinnugreinar, en það er auðsætt, að vaxtahækkunin skellur sem reiðarslag á framleiðslunni, og sú stefna að ætla sér að halda lánum óbreyttum í krónutölu þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir á rekstrarvörum mundi leiða til stöðvunar framleiðslu í mörgum greinum.

Augljóst er, að smábátaútvegurinn verður fyrir þungum búsifjum af þessum tillögum, þar sem vinnsluuppbætur t. d., sem hafðar hafa verið til að halda uppi verði á smærri fiski og sumarveiddum fiski, falla niður með öllu. Fyrir uppbyggingu landbúnaðarins verður þessi stefna þungt áfall, þar sem ofan á allt annað bætist sú vaxtahækkun á stofnlánum, sem boðuð er, og samdráttur lánveitinga og stuðnings í öllum greinum.

Allar þessar ráðstafanir eru í beinu framhaldi af þeirri stefnu, sem raunverulega var boðuð í sambandi við kjördæmabreytinguna og var byggð á þeirri hugsun, að það sé úrlausnar að leita í efnahagsmálum landsins með því að draga stórkostlega úr uppbyggingunni víðs vegar um landið.

Lítum því næst á, hvernig þessar ráðstafanir eru, skoðaðar í heild, en það er eitt af því furðulega í þessu máli, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert neina tilraun til að sýna þjóðinni slíka heildarmynd af málinu.

Nýjar álögur samkvæmt fjárlögunum verða 370 millj. eftir þeirra eigin áætlun, að frádreginni lækkun tekjuskattsins. Hagstofan hefur áætlað, hvað verðlag muni hækka vegna gengisbreytingarinnar, og nemur sú fjárhæð 747 millj. kr., og er þá dregin frá sú hækkun, sem verður á rekstrarvörum útflutningsframleiðslunnar og gengur út og inn í dæminu. En til þess að fá dæmið rétt og myndina rétta þarf að draga frá verðhækkanir vegna gengisbreytingarinnar, sem búið er að reikna í fjárl., og niðurfellingu innflutningsskatts til útflutningssjóðs, samtals 119 millj. kr. Hreinar verðhækkanir vegna gengislækkunarinnar og álögurnar verða samkvæmt þessu um 1000 millj. kr., en þá er eftir að reikna áhrif vaxtahækkunarinnar, sem mér hefur ekki tekizt að fá áætluð, en það dylst mér ekki, að stórfelld vaxtahækkun bæti mjög miklu við þessar álögur. Enn fremur er ljóst, að þessar nýju

álögur verða í reyndinni miklu meiri en í fjárl. er áætlað og sömuleiðis verðhækkanirnar vegna gengisbreytingarinnar, því að innflutningsáætlun ríkisstj. er sérstaklega lág og miklu lægri en innflutningurinn hefur verið á undanförnum árum.

Allra lægstu tölur, sem hægt er að áætla í sambandi við álögurnar í heild, eftir því hver vaxtahækkunin og innflutningurinn á þessu ári verður, virðast mér 1200—1300 millj. kr.

Nú ætlar hæstv. ríkisstj. að bæta upp þessar álögur með 158 millj. kr. í fjölskyldubætur og ellilaun og auknar tryggingabætur og 37 millj. kr. til niðurgreiðslu á erlendum neyzluvörum, sem nú á að taka upp í fyrsta sinn. Á móti álögunum eiga því að koma í bætur 189 millj. kr. Það er tæpast ástæða til að eyða orðum að þeim málflutningi, að þessar bætur muni langt til hrökkva til að bæta upp áhrifin af þessum gífurlegu álögum og verðhækkunum. Þarf ekki mörg orð um það að hafa. En þegar þess er gætt, að stjórnin ráðgerir, að tekjur almennings í landinu eigi að standa óbreyttar í krónutölu og útlán alls ekki að hækka, þá er það augljóst, að stjórnin hefur í hyggju að draga saman neyzlu og fjárfestingu eða framkvæmdir öðru nafni um rúmlega 1000 millj. á þessu ári frá því, sem verið hefur. Auðvitað yrði þetta að koma fram í raunverulegri tekjulækkun hjá almenningi samanborið við vöruverð, sumpart í minnkuðum kaupmætti þeirra launa og framleiðslutekna, sem nú eru, og sumpart í minnkuðum tekjum vegna minni atvinnu, og sumpart á þetta að vegast upp með samdrætti í efniskaupum til framkvæmda.

Ekki hefur hæstv. ríkisstj. fengizt til þess að gera grein fyrir því, hvað hún áætlar, að samdráttur framkvæmdanna muni nema miklu, og hvað hún áætlar, að neyzlan eigi að minnka mikið, og er það e. t. v. skiljanlegt, að hún hefur ekki dregið fram það dæmi, þegar þess er gætt, að hún hefur tekið sér fyrir hendur að reyna að sýna fólki fram á, að 189 millj. kr. muni bæta mönnum upp þessar ráðstafanir að mestu. En auðvitað er það engin afsökun fyrir því að láta það undir höfuð leggjast að gera þjóðinni grein fyrir þessum staðreyndum. En þegar þess er gætt, að allar þjóðartekjurnar hafa verið metnar tæpir 5 milljarðar króna, þá sjáum við, hvaða fjarstæða það er og fjarri öllum veruleika, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj., og hversu óafsakanlegt það er að steypa sér út í annað eins ævintýri og þessar till. og fyrirætlanir eru.

Stjórnin heldur því á lofti, að hún ætli að lækka tekjuskattinn og af því verði miklar hagsbætur fyrir menn. Það mál get ég ekki rætt í einstökum atriðum nú, en vil leyfa mér að benda á, að lækkun tekjuskattsins nemur 75 millj. kr., miðað við áætlun hans í fjárl. 1959. En í staðinn fyrir lækkun tekjuskattsins ætlar ríkisstj. að innleiða almennan söluskatt, sem á að nema 234 millj., sem eiga að fara í ríkissjóð, að frádregnu því, sem jöfnunarsjóður sveitar- og bæjarfélaga á að fá af skattinum. Ég er hræddur um, að almenningur græði ekki mikið á þessum viðskiptum við hæstv. ríkisstj. fremur en í mörgum öðrum greinum.

Það er blátt áfram einkennandi fyrir till. ríkisstj., að það vottar ekki fyrir því, að nokkurs staðar sé gerð tilraun til að láta þá, sem hafa stórauðgazt á verðbólgunni á undanförnum árum, leggja nokkurn skapaðan hlut fram sérstaklega. Það er ekki nú verið að valda stóreignamönnum landsins áhyggjum með stóreignaskatti, sem eigi að renna til stuðnings íbúðabyggingum og uppbyggingu víðs vegar um landið eins og stundum áður. Aftur á móti er það augljóst, að þessi stefna, sem nú er tekin upp, kemur langharðast niður á þeim, sem erfiðasta hafa aðstöðuna: Í fyrsta lagi unga fólkinu, sem mest hefur vafið sig í skuldir til þess að koma sér þaki yfir höfuð eða koma upp atvinnurekstri eða á allt slíkt ógert. Í öðru lagi þeim, sem vegna efnaskorts hafa orðið á eftir með uppbyggingu sína. Og loks þeim, sem stunda lausa atvinnu og eiga alla afkomu sína undir því, að atvinna sé nóg. En það er blátt áfram eitt trúaratriði í þeirri íhaldsstefnu í efnahagsmálum, sem nú á að innleiða, að efnahagskerfið fái ekki staðizt, nema nokkurt atvinnuleysi sé.

Óneitanlega er við verulegan vanda að fást í efnahagsmálum okkar, og er það ekkert nýtt. En ég fæ ekki betur séð en nú sé það að ske, að peningavaldið í landinu, sem ræður í Sjálfstæðisfl., með Alþfl. sem hjálpartæki, ætli að notfæra sér þennan vanda, sem þó er minni nú en oft áður, til að taka upp alveg nýja efnahagsmálastefnu, sem á að efla peningavaldið í öllum greinum, en gengur í þveröfuga átt við þá efnahagsmálastefnu, sem Framsfl. hefur átt mikinn þátt í, að fylgt hefur verið síðustu áratugina.

Ég hef sýnt fram á, að áætlun ríkisstj. er sú að draga saman neyzlu og fjárfestingu um meira en einn milljarð á ári. Svona tillögur eru vitaskuld ekki viðreisnartillögur. Svona till. og sú stefna, sem ríkisstj. hefur tekið upp, er því miður líklegust til þess að verða undirrót verra verðbólgumeins en nokkru sinni fyrr. Það er látið í veðri vaka, að þurft hafi að taka þetta heljarstökk vegna þess, hve landið væri sokkið í skuldir, og til að forðast erlenda lántöku. Fyrirætlun ríkisstj. um stórkostlegt gjaldeyrislán til annars en framkvæmda og reynsla þjóðarinnar af framkvæmdalánum fellir alveg þessa tylliástæðu.

Þá er sagt, að þetta þurfi að gera svo stórfellt til þess að stökkva alla leið út úr uppbótakerfinu í einu stökki. Hið rétta er, að út úr uppbótakerfinu verður ekki stokkið með þessum till. Uppbótakerfið er ekki bara útflutningsuppbæturnar, heldur niðurgreiðslurnar líka. Þetta tvennt er eins og tveir endar á sama prikinu. En niðurgreiðslur á jafnvel að auka frá því, sem verið hefur, og útflutningssjóður á að starfa áfram, þangað til ríkisstj. telur meginhlutverki hans lokið, eins og segir í

áætlun ríkisstj. Og 5% gjald er lagt á allan útflutning og á, að því er virðist, að vera til ráðstöfunar fyrir ríkisstj., eftir að halli útflutningssjóðs hefur verið greiddur, — þessi halli, sem uppgötvaðist allt í einu eftir kosningar, en annars átti alls ekki að vera til.

Þá er sagt, að þetta þurfi að leggja á sig til þess að auka frelsið. 40% af innflutningnum á eftir sem áður að vera háð leyfum, nýr söluskattur á að innleiðast með öllu því fargani, sem honum fylgir, og stórfelldari lánsfjárskömmtun á að taka upp en nokkru sinni fyrr og harðari þvingunarráðstafanir í því sambandi og meiri afskipti af peningamálum manna en nokkru sinni áður hafa komið til greina. Sér er nú hvert frelsið!

Þeim vanda, sem fyrir liggur nú í efnahagsmálum, er hægt að mæta með tvennu móti, alveg eins og einstaklingur velur, ef hann þarf að gera ráðstafanir til að brúa bil í sínum búskap. Aðra leiðina mætti kalla uppbyggingarleiðina, og það er leið Framsfl., úrræði hans, því að Framsfl. telur sér skylt að gera þjóðinni ljóst, hvert hann stefnir. Þessi leið byggist m. a. á því að halda áfram og draga alls ekki úr þeim þjóðfélagslega stuðningi, sem almenningur í landinu hefur notið við framkvæmdir sínar og uppbyggingu til framleiðslu og heimilamyndunar; að halda áfram að leggja áherzlu á öflun nýrra framleiðslutækja til fyllstu notkunar allra möguleika og til þess að halda uppi fullri atvinnu; að gera ráðstafanir til að jafna þann halla, sem kann að vera í efnahagskerfinu, með því að draga úr þeirri fjárfestingu, sem helzt má missa sig, draga nokkuð úr fjárfestingunni, eins og ég hef orðað það stundum á undanförnum árum, án þess þó að slaka á framfarabaráttunni, og fjárfestingu, sem má fremur bíða en annað, miðað við almenningshag, og með því að skattleggja þá eyðslu, sem er umfram nauðsyn, og þá, sem mest mega sín.

Þetta eru þau úrræði, sem við bendum á, og þessi leið er vel fær, og það samrýmist þessari leið að komast í áföngum út úr uppbótakerfinu, eins og byrjað var á með yfirfærslugjaldinu 1958, sem okkar vegna má eins kalla gengislækkun, ef menn vilja það heldur.

Hin leiðin, sem stjórnin beitir sér fyrir nú, er samdráttarleiðin og efling peningavaldsins í landinu. Hún er fólgin í því að magna svo dýrtíðina, að þjóðarbúskapurinn hljóti að dragast stórkostlega saman. Sú leið miðar að minni þjóðartekjum en vera þyrfti og rýrari lífskjörum. Hún miðar að því að draga á öllum sviðum úr þeim þjóðfélagslega stuðningi, sem á undanförnum áratugum hefur verið lögleiddur í landinu til þess að efla einstaklingana til sjálfstæðrar framleiðslu og sjálfsbjargar og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þennan stuðning á að slá niður í öllum myndum, en gefa peningavaldinu, verðbólguvaldinu, sem myndazt hefur í landinu á undanförnum árum, lausan tauminn og ætla því að verða forsjá fólksins, eitthvað líkt því, sem var, áður en almenningur á Íslandi hóf samtök sín, baráttu fyrir því að koma upp sjálfstæðum atvinnurekstri og félagslegum umbótum. Það er því ekkert ofsagt í því hjá hæstv. fjmrh., þegar hann sagði hér áðan, að ráðstöfunum ríkisstj. er ætlað að gera stórbreytingar í þjóðfélagi Íslendinga.

Með þessari nýju stefnu er ætlunin að leiða fjármagnið og gróðasjónarmiðið til öndvegis í íslenzkum þjóðarbúskap, en ráðast gegn þeirri stefnu, sem umbótamenn í landinu hafa barizt fyrir áratugum saman, þeirri stefnu að styðja að félagslegri uppbyggingu almennings og styðja sem flesta einstaklinga til þess að geta komizt í bjargálnir og lifað sjálfstæðu lífi. En þessi meginkjarni málsins á ekkert skylt við það, hvernig krónan er skráð þá og þá.

Gegn þessari stefnubreytingu mun Framsfl. berjast og væntir sér liðsemdar frá mörgum í þeirri baráttu. Og það verður ekki brotið niður baráttulaust, sem upp hefur verið byggt á mörgum áratugum.

Það er sannarlega illa farið, að baráttunni um þessi meginstefnumál skuli hafa verið blandað inn í nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum, og eru þau vinnubrögð alveg óafsakanleg að reyna þannig að misnota þann vanda, sem þarf að leysa og hægt er að leysa með skaplegum hætti, til þess að þvinga fram alveg nýja þjóðmálastefnu, sem gengur þvert á skoðanir a. m. k. mikils hluta þjóðarinnar, að ég ekki segi meginþorra þjóðarinnar, ef eftir væri leitað.

Að lokum aðeins örfá orð um meðferð þessa máls, sem ég tel afar óhyggilega:

Reynslan undanfarið hefur ótvírætt sýnt, að það er mikil nauðsyn að fylkja sem allra flestum saman um úrræði í efnahagsmálum landsins, en um það hafa forustumenn þessarar nýju valdasamsteypu ekkert hugsað. Á hinn bóginn hefur framkoma þeirra verið með nokkuð hrokafullum hætti, sem allra sízt gerir gagn í sambandi við þessi mál. Auðvitað hefði þurft stjórnarmyndun á breiðari grundvelli en varð, eins og Framsfl. m. a. benti á í haust með hugmyndinni um myndun vinstri stjórnar þriggja flokka og eins og Framsfl. benti á í fyrravetur með hugmyndinni um myndun þjóðstjórnar, sem enginn vildi sinna þá né heldur í haust.

Auðvitað hefði ríkisstj. átt að gera sér grein fyrir því, að aðstaða hennar var mjög veik, og átti að reyna að styrkja sig með skynsamlegum vinnuaðferðum. En því fer fjarri, að slíkt hafi verið gert. Alþingi var, þegar það kom saman, algerlega neitað um að fá upplýsingar um efnahagsmálin, en þess í stað var það sent heim. Ríkisstj. sendi einnig sína eigin þm. heim ásamt hinum og hefur ákvarðað algera stefnubreytingu í efnahagsmálum landsins án þess að ráðgast við sína eigin þm. En óhugsandi er fyrir þm. að hafa nokkur áhrif á mótun stærstu mála, nema þeir fylgist með stig af stigi, eins og raunar gert hefur verið á undanförnum árum.

Það er ástæða til að harma þessi vinnubrögð.

Þau eru ekki líkleg til þess að leiða til góðs. Nú þyrfti að gera öfluga tilraun til þess að bæta hér um með því að taka þessi mál öll til rækilegrar skoðunar hér á hv. Alþingi með það fyrir augum að efna þannig til viðtækara samstarfs og minni baráttu um meginstefnur en ella hlýtur að verða. Ef ríkisstjórnarflokkarnir berja á hinn bóginn fram með offorsi og í krafti þess litla meiri hluta, sem þeir hafa hér á Alþingi, efnahagsmálatillögur sínar og þær stórfelldu þjóðfélagsbreytingar, sem í þeim felast, þá hefur mikið óhapp orðið, og þá er mikil barátta fram undan um meginstefnu í þjóðarbúskap Íslendinga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Nú hefur ein mýksta silkitunga Sjálfstfl. gert grein fyrir nýju fjárlfrv. fyrir árið 1960. En þrátt fyrir alla mýktina mun þó athugull hlustandi hafa skynjað, að ýmislegt í hinni nýju efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. muni eiga eftir að koma allharkalega við íslenzka þegna, ef framkvæmd verður. Ekki var hæstv. fjmrh. sízt tungumjúkur um sparnaðarmöguleika í skrifstofubákni ríkisins og í vegamálum. En ég spyr: Varð þá ekki einhverjum hugsað til skrifstofubákns Reykjavíkurbæjar og til þess vegarspotta, sem dýrastur mun á Íslandi og frægastur, en það er Miklabrautin í Reykjavík? Áformaður sparnaður er sjálfsagt góður. En sparnaður, sem kominn væri í kassann, hygg ég þó að teldist miklu betri.

Að réttu lagi átti að afgreiða fjárlög ársins 1960 fyrir áramót, en nú er 1. umr. um þau að hefjast og komið fram í febrúarmánuð. Sjálfsagt getur Alþingi því ekki lokið afgreiðslu fjárl. í þetta sinn fyrr en einhvern tíma í marzmánuði. Þetta er fjarri því að vera eins og það ætti að vera.

Það var einnig brot á öllum sjálfsögðum venjum, er fjmrh. fékkst ekki til að segja aukatekið orð um *fjárlfrv.* eða *fjármálaástand* ríkissjóðs í þingbyrjun í haust, þegar fjárlfrv. var þó lagt fram. Nei, hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, þagði þá sem fastast, og svo var þingið, eins og landslýður veit, rekið heim frá öllum sínum ábyrgðarmiklu skyldustörfum og óleystu vandamálum. Ríkisstj. sagðist ekki hafa nokkurn frið til þess að hugsa og starfa. Og fyrir hverjum? Fyrir hinum nýkjörnu þjóðfulltrúum. Stjórnin tilkynnti í blöðum sínum, Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, að hún hefði ákveðið að reka þingið heim. Síðan var þessi blaðafrétt lögð fyrir Alþingi í tillöguformi, hún samþykkt af handjárnuðu stjórnarliði og þingið rekið heim. Dálítið nýstárleg vinnubrögð í þingræðislandi að vísu, en nauðsyn brýtur lög. Og nú stóð mikið til. Ríkisstj. Íslands ætlaði að leggjast undir feld eins og spekingurinn Þorgeir Ljósvetningagoði og upphugsa nýtt fjármála- og efnahagskerfi. Síðan heyrðist lengi vel hvorki stuna né hósti sjömenninganna undir feldinum, þar til vinnufriðnum var slitið og þingið kom saman á ný í janúarlokin. Þá var lagt fram nýtt fjárlfrv., byggt á djúphugsuðum grundvelli hins nýja efnahags- og *fjármálakerfis. Upplag gamla fjárlagafrv.*, sem Guðmundur Í. Guðmundsson hafði samið í sumar, var orðið ónýtt, það var til einskis nýtilegt, aðeins til uppfyllingar í öskutunnunum. Var það nú annars nokkuð skrýtið, þótt það frv. yrði ónýtt? Í fyrsta lagi eru nú öll mannanna verk forgengileg, jafnvel verk mikilmenna, og svo hefur það frv. auðvitað verið samið undir áhrifum eyðslu- og sukkstefnu undanfarinna ára. Nú höfðu spekingarnir undir feldinum uppgötvað, að þjóðin hafði lengi lifað um efni fram. Nú skyldi henni kennd ráðdeild og sparsemi. Og hvað var þá eðlilegra en að byrja kennsluna ofan frá, með sparnaði og ráðdeild í ríkisbúskapnum, auðvitað með lækkuðum fjárl., niðurskurði á öllu rekstrarbákni ríkisins? Og svo hlaut hið nýja fjármála- og efnahagskerfi og þar með hið nýja fjárlfrv. auðvitað að verða í nánu samræmi við kosningastefnuskrá stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl.

Af þessu tilefni er sjálfsagt að rifja upp helztu atriði þeirrar stefnu, sem þessir flokkar túlkuðu fyrir kjósendum fyrir kosningarnar í haust og lofuðu að framkvæma, ef þeir fengju aðstöðu til þess.

Sjálfstfl. sendi inn á flest heimili landsins myndskreytt rit, sem hét: „Stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins — leiðin til bættra lífskjara". Fyrsta boðorðið og loforðið þar var stöðvun verðbólgunnar. Samkomulagi skyldi náð milli launþega og framleiðenda og unnið að allsherjarsparnaði í opinberum rekstri. Þetta forskeyti „allsherjar-" framan við sparnað á sjálfsagt að þýða, að sparnaðurinn í opinberum rekstri skuli verða stórkostlegur. Fengu menn líka hugboð um, að alvara fylgdi máli um sparnað í framkvæmd, þegar aðalsparnaðargoði Reykjavíkur, Gunnar Thoroddsen, var gerður að fjmrh. Sparnaðarboðskapurinn var svo enn undirstrikaður með setningunni: „Kostað skal kapps um að tryggja hag sparifjáreigenda". Og talsvert minntist hæstv. ráðh. í ræðu sinni áðan á sparnað. Annað boðorðið í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. var loforð um jafnvægi í þjóðarbúskapnum, felldar skyldu niður uppbætur og niðurgreiðslur, skattur á eyðslu skyldi koma í staðinn fyrir tekjuskatt. Tekjuskatturinn skyldi þannig hverfa með öllu. Þriðja boðorðið var hátíðlegt loforð um stéttafrið, enda skyldi öllum tryggð næg atvinna og lífeyrissjóðum komið á fót fyrir alla Íslendinga. Fjórði kafli kosningastefnuskrár íhaldsins hét: „Uppbygging atvinnuveganna," og þar var enn skýrt fram tekið, að sérstök áherzla skyldi lögð á að hlúa að allri sparnaðarviðleitni. Fimmta kosningaloforðið var stutt og laggott: „Hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi" — sjálfsagt miklu betri heimi en við höfum haft viðskipti við nú um skeið. Og sjötta og síðasta boðorðið í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. var: „Aukin framleiðsla og bætt lífskjör."

Þannig var stefna Sjálfstfl. fyrir kosningar. Rauði þráðurinn í henni er greinilega þessi: Bætt lífskjör, mikill sparnaður í öllum opinberum rekstri, allsherjarsparnaður hét það,

stéttafriður tryggður, afnám tekjuskatts, skattar bara á eyðsluna, óhófseyðsluna, skilst mönnum, næg atvinna fyrir alla skyldi vera tryggð, uppbygging atvinnuveganna vera meginverkefnið og enn hert á í niðurlagi stefnuskrárinnar um öryggi atvinnulífsins með setningunni: aukin framleiðsla og bætt lífskjör. Menn áttu sem sagt ekki að þurfa að óttast atvinnuleysi, ef þeir kysu Sjálfstfl. Yfir flestar götur Reykjavíkur voru svo strengdir stórletraðir borðar, hvar á stóð: Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstæðisflokkinn, — kross við D.

Það var upp á efndir þessarar stefnuskrár, sem þúsundir kjósenda kusu Sjálfstfl. í haust.

Lítum nú andartak á kosningaloforð Alþfl. Þau voru í flestum atriðum hin sömu og Sjálfstfl., og flokkarnir ásökuðu hvor annan, eins og menn muna, um að hafa stolið stefnu hins. En þar var hátrompið þó þetta: Stöðvun dýrtíðarinnar án allra nýrra skatta. — Og nú á þessi dýrðlega fyrirkosningastefna Sjálfstfl. og Alþfl. að speglast í fjárlfrv. nr. 2 fyrir árið 1960, sem hæstv. fjmrh. var að útskýra hér áðan. Nú á leiðin til bættra lífskjara að blasa við. Nú þurfum við ekki heldur lengur að bíða eftir lausnarorðinu á því, hvernig Alþfl. og íhaldið fara að því að stöðva dýrtíðina án nýrra skatta. Og þá er að snara sér í að athuga 2. gr. fjárlfrv., eins og hæstv. ráðh. gerði, því að hún er um álagða skatta og tolla til ríkissjóðs.

Tekju- og eignarskatturinn hefur lengstum verið fyrsti töluliður þeirrar greinar. Báðir stjórnarflokkarnir höfðu hátíðlega lofað að leggja hann niður og láta hið dýra innheimtukerfi hans vegna hverfa með öllu. Og er tekjuskatturinn þá ekki horfinn í hinu nýja fjárlfrv.? Nei, því miður ekki alveg, en hann hefur þó lækkað um 97 millj. kr., á að gefa ríkissjóði þó áfram 70 millj. og kannske dálítið meir, og víst er um það, að innheimtukerfið allt heldur áfram og leggst nú allt með fullum þunga á leifarnar af skattinum. Verðtollurinn hefur lengstum verið meðal hæstu tekjustofna ríkissjóðs. Nú hækkar hann um nálega 100 millj. kr., og er þá lækkunin á tekjuskattinum strax uppétin og vel það. Innflutningsgjald af benzíni er rúmlega þrefaldað, hækkar úr 18 í 57½ millj. kr. Gjald af innlendum tollvörum er líka rösklega þrefaldað, það hækkar úr 11 í 35 millj. kr. Lestagjald af skipum hækkar ekki nema um 100 þús. kr. eða um fimmta part. Bifreiðaskatturinn hækkar um hálfa aðra milljón. Svokallaðar aukatekjur hækka um rúman þriðjung, eða um 8 millj. og 300 þús. Stimpilgjald hækkar um 4 millj. og 100 þús. Vitagjaldið tvöfaldast. Útflutningsleyfagjöld eru rúmlega tvöfölduð. Þá kemur nýr, snotur söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands upp á 280 millj., og af honum á 1/5 hlutinn að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en 224 millj. beint í ríkissjóðinn. Nýr tekjustofn er í frv., sem nefnist iðgjaldaskattur, upp á 9 millj., einnig innflutningsgjald, að upphæð 119 millj. kr. Tekjuliðurinn leyfisgjöld fimmfaldast og ívið betur þó, hækkar úr 10 í 52 millj. Og síðan lýkur greininni með pósti, sem nefndur er: Hluti af þóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna, og nemur sá 15 millj. kr.

Niðurstöður þessarar gr. fjárl. um áætlaða tolla og skatta eru, eins og fjmrh. sagði, 1201 millj. og 300 þús. kr. Á fjárlfrv. ómerka, sem fram var lagt í haust, voru hliðstæðar niðurstöðutölur 710 millj. og 800 þús. kr. Hækkunin nemur þannig 490 millj. kr. Allar tekjur ríkissjóðs í öskutunnufrumvarpi Guðmundar Í. Guðmundssonar í haust voru áætlaðar 976 millj. og 300 þús., en í þessu sparnaðarfrumvarpi Gunnars Thoroddsens eru þær áætlaðar 1464 millj. og 700 þús. kr., eða 488 millj. og 400 þús. kr. hærri, — hærri, en ekki lægri.

Útgjöldin hækka þó hlutfallslega heldur meira á sparnaðarfrv., og er greiðslujöfnuður því nokkru tæpari, þ. e. a. s. 1.8 millj. móti 2½ á því ómerka. Kostnaður við stjórnarráðið hækkar ekki nema um rúma milljón. Utanríkismálin gera miklu betur, þau hækka um tæpar 8 millj. Dómgæzla og lögreglustjórn hækkar um 7 millj. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta, sem maður hefði þó átt von á að lækkaði verulega, hækkar að vísu ekki mikið, en þó nokkuð á aðra millj. kr. Þetta eru nú helztu fréttirnar, sem fjárlfrv. nýja hefur að færa um samdrátt sjálfs ríkisbáknsins, sem svo hefur verið nefnt: þ. e. a. s. um allsherjarsparnaðinn í opinberum rekstri undir handarjaðri sjálfs fjmrh. Það verður því miður að teljast heldur neikvæð niðurstaða samanborið við allan sparnaðarsönginn hjá báðum stjórnarflokkunum fyrir kosningar. Og nú fáum við aftur sparnaðarfyrirheit á næstu fjárl.

Þó eru til liðir á fjárlfrv. nýja, sem hækka ekki samanborið við sömu liði í ónýta frv. Þar má t. d. nefna alla launaliði frv. Þannig verða allir opinberir starfsmenn með lögbundið, óbreytt kaup allt árið 1960, þegar fjárlfrv. er orðið að lögum, og verður því kaupi auðvitað ekki haggað eða þeim launum, hver sem þróun verðlagsmálanna kann að verða undir hinu nýja efnahagskerfi. Eru opinberir starfsmenn, a. m. k. þeir lægra launuðu, ekki öfundsverðir af þeim lífskjörum, sem þeim með þessu eru búin, og verður að því vikið nokkuð síðar.

Af því að svo miklu var lofað um atvinnu handa öllum og uppbyggingu atvinnulífsins, hefði einhverjum kannske dottið í hug, að auknar yrðu nú verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins. Það verður þó a. m. k. ekki ráðið af hinu nýja fjárlfrv. Það kemur sem sé í ljós, að allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda eru óbreyttar að krónutölu frá ónýta frv. í haust og fjárl. ársins 1959. „Fjárveiting til nýrra akvega og til endurbyggingar þjóðvega er óbreytt," segir í aths. ráðh. við frv. „Fé til brúargerða er áætlað óbreytt frá fjárl. 1959," getur einnig að lesa í aths. Og enn stendur þar svart á hvítu: „Fjárveiting til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er áætluð

óbreytt frá fjárl. 1959.“ Þetta þýðir auðvitað mikinn samdrátt verklegra framkvæmda hjá ríkinu sökum hinnar gífurlegu stökkbreytingar í verðlags- og dýrtíðarmálum, sem hið nýja kerfi leiðir yfir þjóðina á næstu vikum og mánuðum.

Nú býst ég við, að einhver kunni að segja úr hópi hlustenda: Hvað er maðurinn að tala um dýrtíðarflóð og gífurlegar verðhækkanir? Hátíðlegustu loforð allra loforða stjórnarflokkanna beggja fyrir kosningar voru þó um stöðvun verðbólgu og dýrtíðar og það meira að segja án nýrra skatta. — Því miður verður að segja það, af því að það er satt, að fjárlfrv. sjálft flytur ótvíræða játningu hæstv. fjmrh. á því, að mikil verðhækkun sé fram undan, t. d. á öllum matvælum. Það er nefnilega sama, hvaða ríkisstofnun tekin er, hvort sem það er landsspítalinn, fæðingardeildin, hjúkrunarkvennaskólinn, Vífilsstaðahæli, Kristneshæli, Kleppsspítali eða Kópavogshæli, alls staðar er liðurinn matvörur og fæðiskostnaður nú áætlaður um 15% hærri en gert var í ónýta frv. í haust. Þetta þýðir, að búizt er við a. m. k. 20—25% hækkun á matvörum síðari hluta ársins, þar sem verðhækkanir ná þó ekki til tveggja fyrstu mánaða ársins. Órækari sönnun fyrir því, að ríkisstj. sjálf veit vel, hvaða verðhækkunar- og dýrtíðarflóðöldu hún er að velta yfir þjóðina með hinu svokallaða nýja efnahagskerfi sínu, verður ekki fram borin.

Loforðið um stöðvun dýrtíðar er því ekki hægt að svíkja greinilegar en gert er. En það var einmitt sérstaklega út á blekkinguna um það, að Alþfl. hefði með hugrekki og karlmennsku forustumanna sinna stöðvað vaxandi dýrtíð, sem hann vélaði til sín atkv. kjósenda þúsundum saman.

En þó að ráða megi á margan hátt af fjárlfrv. nýja, hvert ríkisstj. stefnir með hinu svokallaða nýja efnahagskerfi sínu, var þetta þó allt miklu ljósara og skýrara, þegar stj. lagði fram á Alþ. fyrir viku frv. til l. um efnahagsmál. Víst voru flestir uggandi um, að boðskapur stjórnarherranna sjö mundi ekki verða neinn fagnaðarboðskapur, þegar þeir skriðu undan feldinum. En þó mun fæsta hafa órað fyrir því, að útkoman yrði jafnsótsvört afturhaldsstefna og raun ber vitni um. Hér er ekki aðeins um að ræða slíka stórárás á allar launastéttir landsins, að það á engin fordæmi í sögu seinustu áratuga, heldur er ofan á það bætt margföldum kerfisbundnum aðgerðum til samdráttar á öllu athafna- og atvinnulífi landsmanna. Fær enginn annað séð en þær aðgerðir hljóti að valda slíkum afturkipp og þrengingum í atvinnulífinu, að áður en vari hljóti að leiða til atvinnuleysis.

Meginefni frv. um efnahagsmál er þetta: Erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um 135%. Þetta þýðir, að 38 ísl. kr. þarf til greiðslu á 1 Bandaríkjadollar og 106 ísl. kr. til greiðslu á einu ensku pundi. Er hér um að ræða stórfelldari gengislækkun en nokkurn tíma áður hefur verið framkvæmd hér á landi. Af þessu leiðir stórkostlega verðhækkun allra erlendra vara, og verður verðhækkunin þó langmest á allri nauðsynjavöru til fæðis og klæðis. Ýmsar vörur fá þá einnig á sig stórhækkaða tolla og skatta að auki, svo sem eins og benzínið, og hækka þannig í verði miklu meira en af sjálfri gengislækkuninni leiðir. Sjálfir sérfræðingar ríkisstj. hafa reiknað út, að sem afleiðing af gengislækkuninni muni verðlag hækka um 14%, en það jafngildir 29 vísitölustigum skv. gamla vísitölukerfinu. Þetta á nú að bætast ofan á ca. 10% kjaraskerðingu á liðnu ári. Ég er sannfærður um, að verðhækkanirnar verða þó miklu meiri en hagfræðingunum reiknast til. Þannig hefur reynslan alltaf orðið við hverja gengislækkun.

Þá er það annað atriði frv., að allar vísitöluuppbætur á kaup skuli vera bannaðar. Ef stöðugt verðlag væri fram undan, væri þetta e. t. v. ekki svo tilfinnanlegt fyrir launþega. En þegar vitað er um 20—30% verðhækkanir flestra nauðsynjavara á næstu vikum og mánuðum og kaupið á að standa óbreytt, þá er þetta launþegunum mjög mikið áfall.

Sjálfsagt mætti finna vísitölukerfinu ýmislegt til foráttu. En það hefur þó aldrei verið annað en mælikvarði á vöxt dýrtíðarinnar hverju sinni. Þegar skýrslur sýndu, að verðlag hafði hækkað um ákveðið magn á liðnum ársfjórðungi, þá var viðurkennt, að launþegar skyldu fá kaup sitt bætt með vísitöluálagi til nokkurs samræmis við hækkað verðlag næsta ársfjórðung á eftir. Á sama hátt, ef verðlag lækkaði, skyldi vísitalan mæla kaupið til lækkunar í hlutfalli við hið lækkaða verðlag ársfjórðungsins. Ekki er hægt að sjá annað en að vitneskjan um kauphækkun í kjölfar verðhækkana hafi hlotið að veita nokkurt aðhald um að fara hófsamlegar í verðhækkanir en ella. En nú verður því aðhaldi a. m. k. í burtu kippt, og hækkanir verðlags verða þá því eftirsóknarverðari en áður, þegar vitað er, að kaupið á að sitja óbreytt eftir. En sem sagt, nú verða vísitöluuppbætur á laun bannaðar, og mun það valda launþegum öllum, eins og ég sagði áðan, þungum búsifjum í hraðvaxandi dýrtíð.

Því hefur stundum verið haldið fram, að það væri ekki von, að íslenzkar framleiðsluvörur gætu verið samkeppnisfærar við erlendar, vegna þess, hversu kaup verkafólksins væri ofsahátt hér á landi. Aldrei hefur þetta haft við nein rök að styðjast, en því mun a. m. k. enginn geta haldið fram, ef þetta gengislækkunarfrv. ríkisstj. verður að lögum. Það er nefnilega staðreynd, að eftir lögfestingu þess yrði allt kaup á Norðurlöndum orðið miklu hærra en hér á landi miðað við pund og dollar, og enn meiri yrði munur íslenzkum verkamönnum í óhag, ef miðað væri við kaupmátt launanna. Eftir gengislækkunina mundu íslenzkir verkamenn óefað vera orðnir meðal verst launuðu verkamanna í Evrópu. Miðað við Bandaríkin yrði samanburðurinn þó enn þá hraksmánarlegri. Þar er lágmarkskaup ákveðið í lögum, sett til verndar svertingjum og allra lægst launuðu hvítum mönnum, og mun það

vera 1 dollar á klst. Það þýðir þó 38 ísl. kr. eftir gengislækkunina. En hér er karlmannskaupið nú rúmar 20 kr. og verður því aðeins rúmur hálfur dollar á klst. Algengasta kaup iðnaðarmanna í Bandaríkjunum er hins vegar 2—3 dollarar á klst. eða samsvarandi 76—114 kr. á tímann. Hvernig ætli mönnum litist annars á það, ef verkalýðssamtökin í þessu landi, landi ameríska fyrirmynda, en um leið landi mestu framleiðsluafurða, sem sögur fara af, færu nú allt í einu að gera kröfur um amerískt kaupgjald eða jafngildi þess.

Þá er það eitt af efnisákvæðum efnahagsmálafrv., að víxilvextir eiga að hækka í 12% og aðrir vextir sjálfsagt í hlutfalli við það. M. a. er vaxtaákvæðum margra laga breytt með einni lagagr. í þessu frv., og er slíkt að allra dómi óverjandi löggjafarvinnubrögð. En miklu alvarlegra er þó hitt, að með þessu tekur ríkisstj. sér alræðisvald til að eyðileggja árangurinn af löggjafarstarfi margra ára eða áratuga. Með ákvörðun um hækkun vaxta hjá fiskveiðasjóði, ræktunarsjóði, byggingarsjóði sveitabæja, byggingarsjóði ríkisins, byggingarsjóði verkamanna o. s frv. er hægt að draga úr eða stöðva mikilsverða þjónustu þessara sjóða fyrir fólkið og valda miklum samdrætti í atvinnulífinu og í almennum framkvæmdum. Þetta verða sjálfsagt hæstu vextir í heimi, ekki efa ég það, enda eru okurvextir, sem taldir hafa verið til þessa, hér með gerðir löglegir og okurvaxtaákvæði öll numin úr íslenzkum lögum.

Vaxtahækkunin mun hitta flesta í þjóðfélaginu og hafa hin víðtækustu stöðvunar- og lömunaráhrif, ekki aðeins í byggingariðnaðinum, þar sem áhrifanna gætir e. t. v. fyrst nú strax með vorinu, heldur hvarvetna í atvinnulífinu, enda er tilgangurinn sá og enginn annar. Getur þessi vaxtahækkun hæglega valdið fjárhagslegu hruni hjá mörgum manninum, sem áður hafði teflt á tæpasta vað, t. d. í sambandi við að eignast þak yfir höfuðið, og mun hún þó koma miklu víðar við. En ekki er nóg með þetta. Svo áhrifaríkt tæki sem vaxtahækkunin verður til samdráttar í atvinnu- og framkvæmdalífi þjóðarinnar, er þó annað ákvæði í frv., sem fer í sömu átt og á áreiðanlega að verða öllu stórvirkara í þessu efni. Þetta er ákvæðið um bann við útlánaaukningu bankanna. Ekkert er líklegra til að stöðva útgerðina en einmitt þetta og alveg sérstaklega ef vel aflaðist. Má furðulegt heita, ef útgerðarmenn í þingliði stj. smeygja slíkri snöru um eigin háls með glöðu geði, því að óhugsandi er, að þeir viti ekki, hvað í þessu ákvæði felst. Hjá því verður ekki komizt, að fjármagnsþörf alls atvinnurekstrar eykst stórkostlega við hina vaxandi dýrtíð af gengislækkuninni og þessum ráðstöfunum öllum. Lánabannið verður því mikið áfall fyrir atvinnuvegina og verkar óefað sem rothögg í sumum tilfellum.

Ég óttast, að þessar samdráttarráðstafanir, sem ég hef nú lýst, verði lífsafkomu verkafólks jafnvel enn þá skaðvænlegri en sjálf gengisfellingin. En þegar allt leggst á eitt: verðhækkanir gengisfallsins, vísitöluafnámið, vaxtahækkanirnar og atvinnusamdráttur lánabannsins, þá hygg ég, að flestum launþegum muni finnast þröngt fyrir dyrum.

Víst höfðu íhaldið og Alþfl. boðað það svo skýrt, að skiljast mátti, fyrir kosningar, að þeir væru ákveðnir í að fella gengið, ef þeir fengju til þess stjórnhæfan meiri hluta. En samt er kjósendum nokkur vorkunn, þó að þeir segi nú sem svo: Við létum okkur aldrei detta í hug, að þetta yrði neitt svona ægilegt. — Það er harðsvíruð afturhaldspólitík af verstu tegund, sem nú er boðuð og ákveðin af stjórnarflokkunum. Ríkisstj. virðist ætla í einni atlögu að minnka neyzlu og fjárfestingu nokkuð á annað þúsund milljóna. Á fjárl. eru teknar 400 millj. í nýjum sköttum. Innfluttar vörur á þessu ári samkvæmt innflutningsáætlun sjálfrar ríkisstj. hækka vegna gengislækkunarinnar fast að 600 millj., duldar greiðslur hækka um a. m. k. 150 millj., og vaxtahækkunin bætir áreiðanlega, eins og Eysteinn Jónsson sagði hér áðan, nokkrum hundruðum milljóna ofan á allt þetta.

Og svo er þrástagazt á, að öll þessi ókjör eigi að bæta öllum með 150 millj. kr. hækkun trygginga og afnámi tekjuskatts á lágtekjur, samtals eitthvað um eða yfir 200 millj. Slíkt er auðvitað argasta fjarstæða, langt frá því að vera á borð berandi fyrir nokkurn skyni borinn mann. Tekjuskatturinn á lágtekjur fjölskyldumanna hefur aldrei verið hár, og niðurfelling hans í slíkum tilfellum er því ekki mikil réttarbót. Fjölskyldubætur eru hins vegar mikils virði fyrir barnmargar fjölskyldur, en slíkar fjölskyldur verða líka harðast fyrir barðinu á vaxandi dýrtíð. Þar kemur dýrtíðin harðast niður. Slíkir eru það, sem verða einmitt fyrir skattlagningu á eyðsluna, sem þeir vísu herrar kalla svo. Má mikið vera, ef barnmargar fjölskyldur verða ekki einnig fullsaddar af sínu hlutskipti um það leyti sem allar afleiðingar þessara ráðstafana eru komnar fram af fullum þunga.

Þá er það elli- og örorkulífeyririnn. Hann hefur dregizt svo aftur úr, rýrnað svo að kaupmætti, að ósæmilegt verður að teljast. Hefði verið óhjákvæmilegt að hækka þessar bætur tryggingana um a. m. k. 20—25%, til þess að þær fengju svipaðan kaupmátt og þær höfðu, þegar tryggingarnar hófu göngu sína. En ef fullar efndir verða á 40% hækkun lífeyrisins og örorkubótanna, þá verður um 15—20% hækkun eftir til þess að mæta vaxandi dýrtíð, og mun sízt af því veita. Þetta er sem sé gott, svo langt sem það nær. En ég minni á, að kauprán á þessu fólki var líka bókstaflega ekki framkvæmanlegt. Þess vegna get ég tæpast fengið mig til að lofsyngja hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún framdi ekki níðingsverk á þessu fólki ofan á allt annað.

Eitt af því, sem mikla furðu vekur í frv. þessu, er það, að þrátt fyrir allan sönginn um,

að landið sé sokkið á bólakaf í skuldir og rísi ekki undir greiðslubyrði vaxta og afborgana erlendra lána, þá er nú tekið 20 millj. dollara eyðslulán til skamms tíma, eða fast að 800 millj. ísl. kr., og mun eiga að heita gjaldeyrissjóður, að vísu allur í skuld. Myndarlegur sjóður það! Er naumast betur hægt á annan hátt að ómerkja þá röksemd fyrir þessum aðgerðum, að landið sé sokkið í skuldir, heldur en gert er með þessari feiknalántöku.

Þá er röksemdin um, að þessar aðgerðir séu óumflýjanlegar sökum ægilegs greiðsluhalla á undanförnum árum. Hefur forsrh. — og nú rétt áðan hæstv. fjmrh. líka — hvað eftir annað nefnt 1000 millj. í því sambandi. En talan er alröng og hefur hvað eftir annað verið margsannað, svo að ekki verður hrakið. Hitt hefur líka verið sannað, að seinustu árin vorum við með aukinni framleiðslu rétt í þann veginn að ná fullum jöfnuði. Gat engum dulizt, að vandalaust var með aukinni framleiðslu, betri nýtingu vinnuafls og vinnutækja og með aukinni og bættri vinnslu afurðanna í landinu sjálfu að ná fullum greiðslujöfnuði án nokkurra slíkra kollsteypuaðgerða, sem nú eru ákveðnar. Auk þess mátti að skaðlausu draga nokkuð úr nauðsynlegri fjárfestingu og þannig hefja myndun nauðsynlegra gjaldeyrisinnstæðna. Það eru því falsrök ein og fyrirsláttur, að stj. hafi verið til þess neydd að kasta sér út í þessar aðgerðir. Þar eru allt önnur öfl að verki, erlend og innlend. Lengi höfum við vitað það, að íhaldið hafði fullan hug á að knýja fram allt aðra skiptingu tekna og eigna, gerbreyta hlutfalli verðmætanna milli vinnu og fjármagns frá því, sem verkalýðshreyfingin hefur knúið fram með áratugabaráttu sinni. En þessu treysti íhaldið sér ekki til að koma fram, fyrr en það fékk Alþfl. nú til liðs við sig, og þó er eftir að sjá, hvort það tekst samt. Ég held, að þessar aðgerðir séu óframkvæmanlegar í sjálfu sér og hljóti því að mistakast.

Það hefur verið mikið flaggað með orðinu frelsi í sambandi við þessar aðgerðir, og líka hefur verið talað um afnám hafta og banna, og þetta lætur allt saman vel í eyrum. Hæstv. ráðh. sagði, að nú ætti t. d. að leggja niður innflutningsskrifstofuna. En ég spyr: Á þó ekki samt sem áður að sækja um innflutningsleyfi og útflutningsleyfi, fjárfestingarleyfi, bílaleyfi, jeppaleyfi o. s. frv.? Og er ekki komið á vísitölubanni, lánabanni og fjölda af nýjum bönnum? Hvar er þá frelsið? Ekki er því einu sinni til að dreifa, að uppbóta- og niðurgreiðslukerfið sé afnumið, eins og marglofað var, því að niðurgreiðslukerfið mun standa óhaggað og verður meira að segja aukið stórlega frá því, sem verið hefur.

Nú spyrja menn úr öllum áttum: Hvað gerir verkalýðshreyfingin? Ætlar hún ekki að kollvarpa þessu fargani undireins? Verða ekki verkföll út af þessu strax? Þetta sýnir raunar, að á neyðarinnar stund renna menn vonaraugum til verkalýðssamtakanna og treysta helzt á styrk þeirra sér til verndar. Og þau munu vissulega enn sem fyrr reynast þess megnug að vernda lífskjör umbjóðenda sinna. En það vil ég taka skýrt fram að gefnu tilefni, að engin samráð hafa verið höfð við verkalýðssamtökin um allar þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Og því bæti ég við, að enginn einn maður getur um það sagt, hvað verkalýðsfélögin kunni að gera nú. Þau eru lýðræðislegar stofnanir, sem hafa fullt frjálsræði um sín innri mál. Þau hafa nú nálega öll lausa samninga og geta því hvenær sem er borið fram kröfur sínar og hafið samninga um kaup og kjör. En innan hvers félags munu fara fram lýðræðislegar umræður um efnahagsaðgerðir stj. og þjóðfélagsverkanir þeirra, og síðan taka þau hvert um sig sínar ákvarðanir. En hvort þau ákveða að hafa meira eða minna víðtækt samstarf sín á milli, það er einnig þeirra mál. Alþýðusambandið getur engin fyrirmæli gefið og vill engin fyrirmæli gefa í þessum efnum. En ef fólkið í verkalýðsfélögunum fellst ekki á nauðsyn eða réttmæti þessara aðgerða og dæmir þær ranglátar, þá munu þessi voldugu verk innlendra og erlendra sérfræðinga og 7 valdamikilla ráðh. hrynja eins og spilaborg til grunna, og það er mér nær að halda, að þau geri. Verkalýðshreyfingin er þó áreiðanlega viðbúin og mun gera skyldu sína. Og eitt er ég alveg viss um, og það er þetta: að nú er mörgum manninum ljóst, að Alþfl. hefur hraklega vanefnt fyrirheit sitt um stöðvun dýrtíðarinnar án nýrra skatta, og eins er hitt augljóst öllum, að leiðin til bættra lífskjara er illa tryggð með því að kasta atkv. sínu á Sjálfstfl.

Alþb. heitir nú á alla stuðningsmenn sína um land allt að búast til varnar gegn afturhaldspólitík íhalds og Alþfl. og hefja sókn gegn þessum aðgerðum. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti og háttv. áheyrendur. Það var ekki spáð góðu fyrir fjárl. fyrir árið 1959, og er þá raunar mjög vægt til orða tekið. Sannleikurinn er sá, að þegar verið var að afgreiða fjárlagafrv. á öndverðu árinu 1959, taldi stjórnarandstaðan og alveg sérstaklega þm. Framsfl. undir forustu Eysteins Jónssonar, að með afgreiðslu frv. á þann hátt, sem gert var, væri verið að blekkja þjóðina á hinn herfilegasta hátt með því að falsa og sniðganga staðreyndir, endar fjárl. mundu aldrei ná saman og stórkostlegur greiðsluhalli verða.

Ég skal nú leyfa mér að rifja nokkuð upp það, sem gerðist um áramótin 1958—1959. Það er nauðsynlegt, til þess að þjóðin geri sér ljóst, hvernig fullyrðingar þessara manna standast.

Vísitala framfærslukostnaðar hafði á árinu 1958 hækkað um 34 stig og grunnkaup verkamanna um allt að 14%. Þetta er eitt mesta heljarstökk, sem verðbólgan hér á landi hefur tekið, og hefur þó oft mikið verið að gert í þeim efnum. Ríkisstj. Hermanns Jónassonar gafst upp við að leysa vandann, og hann sagði af sér, eins og kunnugt er, hljóp frá öllu saman. Tilraunir til að mynda meirihluta-

stj. með samstæðum meiri hluta þm. að þaki tókust ekki. Niðurstaðan varð, að Alþfl. tók að sér myndun minnihlutastj. með óbeinum stuðningi Sjálfstfl., sem nægði til að verja stj. vantrausti. Samanlagt höfðu þessir flokkar ekki meiri hluta í báðum þingdeildum, en hins vegar höfðu þeir samanlagt meiri hluta í Sþ. og gátu því einir ráðið afgreiðslu fjárl. þar, en það var líka sú eina lagasetning, sem þeir gátu algerlega ráðið einir, eins og þingmannatala þeirra var þá.

Vitaskuld hefði verið æskilegt að geta þá þegar ráðizt að meinsemdum efnahagslífsins, ráðizt að orsökum erfiðleikanna. En slíkt var ekki mögulegt þá fyrir þá flokka, sem að stj. stóðu, Alþfl. og Sjálfstfl. Það var ekki mögulegt, vegna þess að til þess skorti beinlínis nægan þingmeirihluta.

Í stað þess var snúið sér að því að reyna að hemja verðbólguvöxtinn, sem hafði, eins og lýst hefur verið, verið svo geigvænlegur á árinu 1958, að hann ógnaði gersamlega allri efnahagsstarfseminni í landinu. Þetta var gert með þrennu móti: 1) Með því að færa niður verðlagið með niðurgreiðslum. 2) Með því að bæta útvegsmönnum þær hækkanir, sem orðið höfðu og ekki voru greiddar niður. 3) Með því að launþegar tækju á sig án sérstakra bóta það, sem á vantaði, að endarnir næðu saman, eða 10 vísitölustig, sem svaraði til 5.4%.

Með þessum ráðstöfunum var kaupgreiðsluvísitalan færð niður í 175 stig og framfærsluvísitalan úr 225 stigum, sem hún hefði komizt í 1. jan. 1959, ef ekki hefði verið að gert, niður í 202 stig. Þetta hefur staðizt síðan. Verðlag og kaupgjald hefur verið óbreytt í heilt ár, ró á vinnumarkaðinum og atvinna mikil og stöðug. Kaupgjald launafólks hefur þrátt fyrir eftirgjöfina verið ívið hærra í heild 1959 en það var 1958 og verðlag stöðugt. Kaupmáttur launa er svipaður og í október 1958. — Þetta var sú hliðin, sem snýr að hinum almenna launþega, sem sagt var um, að á honum hefði verið beinlínis framið kauprán.

En hvernig lítur þá sú hliðin út, sem snýr að ríkissjóði? Til þess að þessar aðgerðir væru framkvæmanlegar, þurfti ríkissjóður að leggja fram mikið fé til viðbótar því, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. því, sem vinstri stj. svokallaða hafði lagt fram, bæði vegna hinna auknu niðurgreiðslna á vöruverði og vegna hinna hækkuðu bóta til útvegsmanna, eða samtals um 200 millj. kr. Þessar upphæðir taldi fyrrv. ríkisstj. að unnt væri að afla án nýrra almennra skatta, og við það var afgreiðsla fjárl. fyrir árið 1959 miðuð. Hvernig var þá þessara auknu tekna aflað?

Það var gert þannig: 1) Með því að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv. 2) Með því að draga úr útgjöldum. 3) Með því að hækka nokkuð áfengi og tóbak og innflutningsgjöld af bílum. 4) Með því að nota greiðsluafgang fyrra árs og ógreiddar tolltekjur af innflutningi til Sogsins.

Með þessu móti var endunum náð saman og fjárl. afgreidd greiðsluhallalaus í lok aprílmánaðar s. l.

En hvernig var þessum aðgerðum tekið af stjórnarandstöðunni og þá, eins og ég sagði áðan, alveg sérstaklega af framsóknarmönnum? Dómurinn, sem upp var kveðinn yfir þessu fjárlagafrv. og þessari fjárlagaafgreiðslu, var mjög ákveðinn og hiklaus, sá, að hér væri um að ræða eintómar falsanir og blekkingar af lélegustu tegund, sem aldrei mundu standast, — svipaðar fullyrðingar og við höfum heyrt hér í umræðunum í kvöld. Byrðunum væri einfaldlega ekið á undan sér og þær mundu koma fram í miklum greiðsluhalla. Það mundi sýna sig, þegar árið væri gert upp á sínum tíma. Sérstaklega væri það alveg út í hött og óafsakanlegt að hækka tekjuáætlun fjárl., eins og gert var, og það mundi aldrei standast. Var þetta fullyrt þrátt fyrir það, að upplýst var, að starfsmenn rn. og sérfræðingar höfðu komizt að þessari niðurstöðu að vel athuguðu máli, og þrátt fyrir það, að það hafði sýnt sig á undanförnum árum, að tekjuhliðin hafði ár eftir ár verið áætluð of lág með það eitt fyrir augum að gefa fjmrh. möguleika til að hafa í bakhöndinni digra sjóði til útbýtingar utan fjárl. Þann leik hafði sérstaklega fjmrh. vinstri stj., Eysteinn Jónsson, formaður þingflokks Framsfl., iðkað, enda gekk hann fastast fram í því að deila á gálausa afgreiðslu fjárl., sem hann taldi vera og aldrei mundi standast.

Þetta var dómur stjórnarandstöðunnar þá, þegar fjárl. voru samin. En hver hefur orðið dómur reynslunnar, þegar árið 1959 hefur nú verið gert upp, skv. yfirliti hæstv. fjmrh.?

Hann er sá, að tekjuhlið fjárl. hafi ekki aðeins staðizt, heldur farið 31.6 millj. kr. fram úr áætlun, þó að greiðsluafganginum frá 1958 sé sleppt. Gjaldahliðin hefur hins vegar aðeins farið 17.9 millj. kr. fram úr áætlun, eða ca. 1.8%, og eru það minni umframgreiðslur en oft og ég vil segja oftast áður. Greiðslujöfnuður, þegar reiknað er með greiðsluafganginum frá 1958, eins og gert var ráð fyrir í fjárl., hefur orðið hagstæður um ca. 8 millj., alveg eins og hæstv. fjmrh. gat hér um áðan, og eru þar þó teknir inn nokkrir greiðsluliðir, sem gert hafði verið ráð fyrir að færa yfir á árið 1960. Greiðsluhalli á árinu 1959 var jafnaður með greiðsluafgangi frá 1958, sagði hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, áðan. En um það er að segja, að þegar fjárl. voru samþ. í aprílmánuði s. l., lá fyrir nokkur vitneskja um, að greiðsluafgangur mundi verða frá árinu 1958, og það var reiknað með honum við afgreiðslu frv. Þetta sýnir, að ekki var stefnt í voða með afgreiðslunni á fjárl. 1959, heldur þvert á móti, og að tortryggni stjórnarandstöðunnar og illspár voru algerlega ástæðulausar.

Niðurstaðan af efnahagsaðgerðunum og fjárlagaafgreiðslunni 1959 er, að hvort tveggja hefur staðizt sína raun, þrátt fyrir allar hrakspár. Að vísu var hér, eins og áður hefur verið tekið fram, um hreinar bráðabirgðaráðstafanir

að ræða og ekki reynt að ráðast að nema einum þætti efnahagsvandamálanna, að vísu mjög þýðingarmiklum, þ. e. a. s. verðbólgunni. Uppbótakerfinu og hinni margföldu skráningu krónunnar var ekki hróflað við, og gjaldeyrisvandamálið gagnvart útlöndum var látið óhreyft. Það vandamál, greiðsluhallinn við útlönd, er nú orðið svo aðkallandi, að haldið hefur við stöðvun hjá bönkunum vegna gjaldeyrisskorts. Þetta er sú mest yfirvofandi hætta í efnahagsmálum okkar nú, og má ekki dragast stundinni lengur að freista að leysa það sérstaklega, og eru efnahagsráðstafanirnar fyrst og fremst við það miðaðar. En aðgerðirnar á öndverðu árinu 1959, sem Alþfl. og Sjálfstfl. stóðu að, gera þó þá lausn mála þessara allra, sem nú er stefnt að, miklu auðveldari en ef látið hefði verið reka á reiðanum.

Til fróðleiks má geta þess, að reiknað hefur verið út, að ef ekki hefði verið að gert í fyrra til að stöðva verðbólguna þá, mundi hafa þurft nú að færa gengi dollarsins í 60 kr. til þess að ná endunum saman í stað 38, sem gert er ráð fyrir. Þetta sýnir bezt, hve gífurlega þýðingu þessar aðgerðir hafa haft.

Þetta var um fjárlagaafgreiðsluna 1959 að segja og niðurstöðu reiknings ríkissjóðs fyrir það ár, sem hér liggur nú fyrir.

Svipaður áróður og rekinn var af stjórnarandstöðunni um ríkissjóð var einnig rekinn um útflutningssjóð. En ég skal hér tímans vegna aðeins láta nægja að segja, að afkoma hans virðist hafa orðið mjög svipuð og gert hafði verið ráð fyrir, þegar reiknað er með gjaldföllnum kröfum og tekjum á árinu. Hins vegar er svo ekki að dyljast, að með vaxandi birgðum af útflutningsvörum, sem hér hafa safnazt fyrir, lengist hali hinna ógreiddu skulda, sem gerir kerfinu ógreiðara fyrir að starfa og ég vil segja allt að því ómögulegt, og er þó gert ráð fyrir, að á árinu 1959 hafi 347 millj. verið greiddar úr útflutningssjóði vegna útflutningsframleiðslu, sem til féll á árinu 1958 og jafnvel líka á árinu 1957. Þetta var a. m. k. sá syndahali, sem vinstri stj. skildi eftir sig, þegar hún fór frá og útflutningssjóði var þá ætlað að greiða og hann hefur greitt. Eitthvað kann að vera meira eftir, en það er þá ekki komið fram enn að minnsta kosti.

Fjárlagafrv. fyrir 1960, eins og það nú hefur verið lagt fyrir, er allmjög frábrugðið fjárl. fyrir árið 1959 og því fjárlagafrv. fyrir árið 1960, sem áður hefur verið lagt fram. Er um mjög verulega hækkun að ræða, bæði tekna- og gjaldamegin. Hækkar hvort tveggja úr 1033 millj. kr. á sjóðsyfirliti á fjárl. ársins 1959 í 1464 millj. kr. í núv. frv. eða um rúmlega 41%. Verulegur hluti þessarar hækkunar er þó aðeins tilflutningur á greiðslum, sem færðar eru frá útflutningssjóði til ríkissjóðs, og nemur sú hækkun á gjöldum ríkissjóðs, sem af þessum tilflutningi leiðir, mismuninum á því, sem útflutningssjóður hefur greitt í niðurgreiðslur, og því, sem ríkissjóður hefur greitt útflutningssjóði. En sú upphæð er í kringum 113 millj. kr., eins og skýrt var frá hér áðan.

En þó að þessi upphæð sé dregin frá, þá verður hækkunin, sem eftir stendur, um 318 millj. kr., mjög veruleg. Þessi hækkun stendur fyrst og fremst í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. nú hyggst gera, og skal ég því leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum, þó að það verði aðeins lítið brot af því, sem um það mál er að segja. En betra tækifæri gefst sjálfsagt síðar til að ræða það mál frekar.

Aðalatriði þessara efnahagsráðstafana eru eftirfarandi; ég skal aðeins nefna atriðin, þó að þau hafi verið nefnd áður: 1) Bótakerfið verður afnumið og útflutningssjóður lagður niður. 2) Gengi krónunnar verður framvegis eitt og hið sama fyrir innfluttar og útfluttar vörur, 38 kr. fyrir Bandaríkjadollar og tilsvarandi fyrir aðra mynt. 3) Innflutningur verður gefinn frjáls fyrir allt að 60% af innflutningi og innflutningsskrifstofan lögð niður í sinni núverandi mynd. 4) Vísitölugreiðslur á laun verða afnumdar. 5) Vextir, bæði innláns- og útlánsvextir, verða hækkaðir. 6) Gjöld skv. almannatryggingunum verða stóraukin. 7) Tekjuskattur á almennum launatekjum eða sem þeim svarar verður afnuminn. 8) Til þess að gera ríkissjóði kleift að standa við þær greiðslur, sem af þessu leiðir, verður lagður á almennur söluskattur.

Þetta eru mjög róttækar breytingar á efnahagskerfi þjóðarinnar og mjög frábrugðnar þeim aðferðum, sem gripið hefur verið til á undanförnum árum, og því, sem við höfum búið við a. m. k. síðasta áratuginn. Það er því ekki óeðlilegt, að spurt sé: hvaða nauður rak til þess að gera þessar ráðstafanir, og í öðru lagi: var ekki hægt að gera þetta með jafngóðum árangri einhvern veginn öðruvísi, til þess að ekki þyrfti til verðhækkana að koma vegna breytts gengis? Þessu er því til að svara, að þetta bótakerfi, sem við búum við nú, þrífst, ef ég svo má segja, aðeins með óeðlilegum hætti. Bæturnar, sem greiddar eru á útfluttu vörurnar, að meðaltali nú 86.7%, eru miklu hærri en gjöldin, sem tekin eru af innflutningsvörunum, sem nema að meðaltali aðeins 68.5%. Mismunurinn er jafnaður með þrennu móti og í öllum tilfellum á óeðlilegan hátt: 1) Með erlendum lántökum. 2) Með miklum innflutningi hátollavara. 3) Með tekjum frá Keflavíkurflugvelli.

Þessar leiðir og kannske alveg sérstaklega fyrsta leiðin er ekki fær nema takmarkaðan tíma. Við getum ekki að eilífu haldið áfram að stofna til erlendra skulda af skiljanlegum ástæðum. Og það sem meira er, við erum þar þegar komnir á leiðarenda. Yfir 10% af gjaldeyristekjunum fara nú orðið til þess að greiða vexti og afborganir til útlanda, og mun það vera eitt það mesta, sem þekkist í allri veröldinni. Bráðabirgðalán hrúgast upp og enginn gjaldeyrisvarasjóður er til né getur orðið til, því að skilyrðin fyrir því að geta haldið

kerfinu áfram eru, að hver eyrir í erlendum gjaldeyri, sem aflast, sé notaður til vörukaupa og sem mest til kaupa á hátollavöru. Þessi mikli innflutningur á þessari meira og minna óþörfu hátollavöru hlýtur þó að takmarkast við það, sem eftir verður, þegar nauðsynjavörur og rekstrarvörur atvinnuveganna hafa verið keyptar, og raunin hefur síðustu árin orðið sú og það þrátt fyrir miklar lántökur erlendis, að hvergi nærri hefur verið hægt að flytja inn eins mikið og áætlað var í ársbyrjun af þessum vörum vegna gjaldeyrisskorts. Fram hjá þessari staðreynd er nú ekki hægt að komast lengur. Hin dulbúna og margfalda gengisskráning verður að hverfa og eitt gengi að koma í staðinn, er sé við það miðað, að útflutningsatvinnuvegirnir geti staðið undir nauðsynlegum útgjöldum. Og við það hefur hin nýja gengisskráning verið miðuð. Þetta hlýtur þó að leiða til þess, að verðið á innfluttum vörum hækkar, og sömuleiðis nokkuð á innlendum vörum, sem nota að einhverju erlendar rekstrarvörur.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði í ræðu sinni, að álögurnar á þjóðina skv. hinum nýju efnahagsráðstöfunum yrðu í kringum 1000 millj. kr., og mér skildist á hv. síðasta ræðumanni, að þessi upphæð væri enn miklu hærri. Slíkt er auðvitað fjarri öllu lagi. Það, sem vantar til að ná endunum saman út á við, eru í kringum 200 millj. kr., ef lántökum er sleppt, enda hefur ekki verið hugsað að ganga lengra til þess að jafna metin en þetta. Það, sem þjóðin þess vegna verður að taka á sig í auknum byrðum, er þessi mismunur á því, sem verið hafa gjöldin fyrir innlendu vörurnar og tekjurnar fyrir erlendu vörurnar, sem hefur verið á undanförnum árum 200 millj. kr. og nú verður að hverfa. Þetta mun vera sem næst þeirri upphæð, sem leggst sem byrði á þjóðina í heild.

Það hefur verið reiknað út, að vísitala framfærslukostnaðar muni af þesum sökum hækka um 13%. Þetta er að vísu mjög mikil hækkun og vissulega svo mikil, að ekki er hugsanlegt og ekki heldur ætlunin, að hún komi til framkvæmda, án þess að eitthvað komi á móti. Jafnmikil hækkun og meiri hefur þó orðið hér á framleiðslukostnaðinum með hinu gamla uppbótakerfi, og er þess skemmst að minnast, þegar vísitalan hækkaði um 34 stig 1958, eða um nærri 18%. Að forminu til átti þá að mæta þeirri hækkun með hækkaðri vísitölu á kaup, sem hefði kallað að nýju á vöruverðshækkun, sem fljótlega hefði étið upp kauphækkunina. Það hefur því verið ákveðið nú að fara aðrar leiðir. Það hefur verið ákveðið að leggja nú mjög bráðlega fram á Alþ. frv. til l. um mjög stórfellda hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna. Mest munar þar um hækkun fjölskyldubótanna, sem að öllu leyti greiðast úr ríkissjóði. Er þar lagt til, að fjölskyldubætur þessar verði greiddar strax með fyrsta barni, 2600 kr. á ári, og síðan jafnt með öllum börnum á eftir. Vegur þetta á móti 8.5% hækkun á vísitölunni. Sömuleiðis er í þessu frv. lagt til, að ellilaun og örorkubætur verði hækkaðar um 44%, sem að vísu kemur ekki fram í vísitölunni, en var talið sjálfsagt og eðlilegt að gera um leið.

Hv. síðasti ræðumaður var að tala um það, að ellilaun gamalmennanna hefðu orðið á eftir, og það má að vissu leyti til sanns vegar færa. En hann sat sjálfur í stjórn í 2½ ár og meira að segja sem félmrh., og aldrei ýjaði hann að því, að þessi laun þyrftu að hækka. Enn fremur verða gerðar aðrar breytingar til hækkunar á ýmsum bótagreiðslum öðrum: mæðralaunum, barnalífeyri, fæðingarhjálp og slysatryggingum. Sá hluti, sem ríkissjóður á að greiða af þessum hækkunum, nemur mjög hárri upphæð eða eins og í aths. við frv. segir um 152½ millj. kr.

Það er enginn vafi á því, að hér er ráðizt að vandamálinu á réttan hátt og þeim tryggðar hæstu bæturnar, sem erfiðustu aðstöðuna hafa, hvort sem það kemur fram í vísitölunni, eins og fjölskyldubæturnar, eða það kemur ekki fram í vísitölunni, eins og ellilaunin og ýmsar sérbætur, sem ég nefndi áðan. Auk þessa er svo gert ráð fyrir að greiða niður nokkrar nauðsynjavörur til viðbótar við það, sem þegar er gert nú, og nemur sú niðurgreiðsla um 1.6 stigum og kostar ríkissjóðinn tæpar 38 millj. kr. Kemur því hækkun vísitölu framfærslukostnaðar til að nema 3 stigum í stað 13, eins og orðið hefði, ef ekki hefðu verið gerðar þessar gagnráðstafanir, og kjaraskerðingin á engin að verða hjá þeim, sem hafa sömu tekjur og vísitölufjölskyldan, eða um 60 þús. kr., ef börnin eru 3 eða fleiri.

Þá er einnig rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir að afnema tekjuskattinn af venjulegum launatekjum eða öðrum tekjum sem því svarar, þannig að barnlaus hjón með 70 þús. kr. tekjur verði skattfrjáls og síðan hækki hin skattfrjálsa upphæð um 10 þús. kr. fyrir hvert barn. Þetta er talið að kosta ríkissjóðinn um 75 millj. kr., en kemur ekki fram í vísitölu.

Þessir nýju gjaldaliðir og lækkun á tekjulið: hækkun tryggingabótanna, auknar niðurgreiðslur og lækkun tekna af tekjuskatti, nema samtals 265 millj. kr. eða um 83% af hinni raunverulegu hækkun á fjárlögunum, sem stafar ekki af tilflutningi frá útflutningssjóði.

Til þess að mæta hinni auknu tekjuþörf ríkissjóðs er í frv. boðað, að lagður verði á nýr almennur söluskattur, sem gert er ráð fyrir að nemi 280 millj. kr. og þar af fái bæjar- og sveitarfélög 56 millj. eða 20% til lækkunar á sinni útsvarsbyrði. En eftir verða þá til ráðstöfunar til ríkissjóðs 224 millj. Er þetta sama tekjuöflunarleið, sem farin hefur verið annars staðar, svo sem t. d. nú síðast í Svíþjóð til tekjuöflunar í þeirra ríkissjóð. Er söluskatturinn reiknaður með í þeirri hækkun vísitölunnar, sem áður er getið.

Því er ekki að leyna, að með þessum aðgerðum verða nokkrar byrðar á þjóðina lagðar.

En þess er gætt, að þeir, sem minnst burðarþolið hafa, barnmargar fjölskyldur og ellilífeyrisþegar, eiga að sleppa alveg. Á hitt er og að líta, að þeir gjaldeyrisörðugleikar, sem af þessu bótakerfi hefur leitt, geta á hverri stundu sem vera skal stöðvað hinn nauðsynlegasta innflutning, skapað rekstrarstöðvun hjá atvinnuvegunum og atvinnuleysi hjá almenningi.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vildi í ræðu sinni kalla þetta samdráttarstefnu í stað annarrar, sem hann vildi láta í veðri vaka að hann beitti sér fyrir og héti uppbyggingarstefna. Sannleikurinn er sá, að það, sem Eysteinn Jónsson kallar nú uppbyggingarstefnu, getur áður en varir orðið samdráttarstefna. Þegar yfirfærslur bankanna stöðvast vegna skorts á erlendum gjaldeyri, þá getur orðið þröngt fyrir dyrum með atvinnureksturinn og atvinnuleysi haldið innreið sína. Hjá þeim erfiðleikum, sem af því mundi leiða, eru þessar byrðar, sem nú eru á lagðar, léttbærar, og raunverulega er það það, sem á að bera saman, ástandið, eins og það mundi verða, ef ekki væri að gert, og þetta nýja efnahagskerfi, sem nú er verið að byggja upp.

Engin þjóð í næsta nágrenni við okkur býr við sama efnahagskerfi og við búum nú. Það má segja, að það hafi ef til vill verið réttlætanlegt um stuttan tíma og til að forðast tímabundna erfiðleika, en það getur ekki staðið til lengdar af mörgum ástæðum. Sumar hef ég nefnt og aðrar ekki. Það er ekki einleikið, að hér hefur raunverulega enginn kaupmáttaraukning orðið á launanum þrátt fyrir allar hækkanirnar, sem orðið hafa. Þeim hefur jafnóðum verið velt yfir á ríkissjóðinn og þaðan yfir í verðið.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, eyddi að því nokkrum orðum, að launahæðin og sérstaklega kaupgeta væri að verða á eftir hjá okkur hér á Íslandi. Já, af hverju skyldi hún vera að verða á eftir? Hún er að verða á eftir vegna þess, að við höfum fylgt því kerfi, sem útilokar það, að við getum fengið kaupmáttaraukningu í gegn. Eina vonin til þess, að verkafólk og launþegar fái hag sinn bættan, er að koma í veg fyrir þetta kerfi og afnema það, fá fast gengi á gjaldeyrinn, losna við uppbótakerfið og vísitölubætur, láta samningana milli launþega og atvinnurekenda vera beina og millilíðalausa og miðaða við það hæsta, sem atvinnureksturinn getur borið, og ekkert annað. Það er leiðin, sem farin hefur verið í nágrannalöndum okkar með sífellt batnandi árangri fyrir launþegana þar í löndum, á meðan við Íslendingar höfum staðið í stað undir hinu ríkjandi bótakerfi, þar sem atvinnurekandinn þarf ekki að hugsa nema að takmörkuðu leyti um heilbrigðan rekstur, en getur velt byrðunum í gegnum ríkissjóðinn yfir á almenning.

Þó að stjórnarandstaðan mikli nú fyrir almenningi erfiðleikana við það að taka upp þetta kerfi, sem óneitanlega eru nokkrir í bili, þá er ég sannfærður um, að þetta er eina leiðin til að komast út úr öngþveitinu til batnandi lífskjara.

Alþfl. og Sjálfstfl. stóðu að efnahagsaðgerðunum í janúar 1959. Þá var stöðvuð holskefla verðbólgunnar, sem Hermann Jónasson sagði að riðin væri yfir og ekkert samkomulag væri innan vinstri stjórnarinnar um að stýra undan. Þá voru samþ. lögin um niðurfærslu verðlags og launa, sem raunverulega þýddu, að launþegar gáfu eftir 5.4% af launum sínum skv. vísitölu, sem þeir höfðu rétt til, þó þannig, að heildarlaun þeirra fyrir sömu vinnu urðu hærri 1959 en þau urðu í heild 1958. Ríkissjóður tók á sínar herðar útgjöld, sem námu um 200 millj. kr., án nýrra almennra skatta. Stjórnarandstaðan gerði allt, sem í hennar valdi stóð, til að gera þessar aðgerðir tortryggilegar, sagði t. d., að hér væri um 13.4% launaskerðingu að ræða eða hærri en gert er ráð fyrir nú bráttó, án hliðarráðstafana. Stjórnarandstaðan reyndi það, sem hún gat, til að fá fólkið til að rísa gegn þessum ráðstöfunum. En það hlýddi ekki kalli hennar, og útkoman hefur orðið hin æskilegasta. Verðlag og laun hefur hvort tveggja verið stöðugt, kaupmáttur launa ekki lægri en hann var í okt. 1958, stöðug og mikil atvinna og þjóðin yfirleitt öll — nema áróðursmenn stjórnarandstöðunnar — ánægð.

Hér var aðeins ráðizt að einum þætti vandans, verðbólgunni. En gjaldeyrisstaðan út á við hélt áfram og heldur áfram að versna. Og nú hefur verið ákveðið að ráðast að þessum kjarna vandans. Þetta er talið að muni þýða 3% kjaraskerðingu hjá vísitölufjölskyldu í bili — og þó enga, ef börnin eru 3 eða fleiri. Hvort vill nú þjóðin, spyr ég, heldur prófa þessa síðari ráðstöfun af tveimur nauðsynlegum, sem ég tel að beri í sér möguleikann til heilbrigðs efnahagslífs og bættra lífskjara, eða hlýða kalli öfgamanna stjórnarandstöðunnar, sem vilja dulbúa vandann, blekkja landsfólkið og lenda að síðustu í blindgötum? — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, sagði hér, að engin samráð hefðu verið höfð við launþegasamtökin um þetta mál. Ég tel rétt, að það komi hér fram, að áður en ríkisstj. lagði frv. fyrir Alþ., átti hún viðræður við samstarfsnefnd launþegasamtakanna og fulltrúa Alþýðusambandsins, og var m. a. þessi hv. þm. á þeim viðræðufundi.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar, þessi hv. þm. og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, það má segja, að þeir hafi komið hér fram sem verðugir fulltrúar vinstri stjórnarinnar, en eins og menn vita, eru þeir erfiðleikar, sem við eigum nú við að etja, fyrst og fremst arfur frá þeirri stjórn, og eru þessir tveir fyrrv. ráðh. í þeirri stjórn hér vafalaust réttir sakaraðilar.

Hv. þingmenn og sérstaklega hv. 1. þm. Austf. sló því fram sem miklu hneykslunaratriði, að ríkisútgjöldin hækki nú á einu ári um 430 millj. Honum láðist að sjálfsögðu að gera grein fyrir því, hvort það eru einhverjar

af þessum hækkunum, sem hann væri á móti. Hann sló aðeins fram heildartölunni, en láðist að geta, í hverju þetta er fólgið. Ég gerði nokkra grein fyrir því í framsöguræðu minni, hvernig þessar 430 millj. eru til komnar. Það er yfirfærsla frá útflutningssjóði, m. ö. o. formsatriði, 113 millj. niðurgreiðslur, sem eru fluttar þaðan. Það eru hinar nýju niðurgreiðslur á kaffi, kornvörum og sykri, 38 millj. Það eru fjölskyldubæturnar og hinar auknu tryggingar, 152 millj. Það er bein afleiðing af gengisbreytingunni, 44 millj. Og loks 83 millj., sem eru ýmsar hækkanir, sem stafa af fólksfjölgun í landinu og aukinni þjónustu, það er aukinn kostnaður við skóla, við landhelgisgæzlu, við spítala og þess háttar. Ég ætla, að þeir, sem líta með sanngirni á þetta mál og vita, hvernig þessar 430 millj. eru til komnar, hljóti að sannfærast um, að þetta er eðlileg hækkun, eins og á stendur.

En hv. 1. þm. Austf. þótti það hin mestu undur, að ég skyldi ekki flytja og koma inn í fjárlagafrv. víðtækum niðurskurði á útgjöldum ríkisins og á ríkisbákninu. Hann sagði, að það vottaði ekki fyrir neinni viðleitni til sparnaðar. Nú er það svo, að þessi hv. þm., 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur átt mestan þátt í að byggja upp þetta ríkisbákn á 20 árum, móta það og margfalda. Og ég verð að segja, að ég þakka það traust, sem hann sýnir mér, þegar hann ætlast til, að ég kippi því í lag á tveimur mánuðum, sem hann hefur verið að færa úr lagi í 20 ár.

Hv. þm. viðhefur hér hinar mestu rangfærslur varðandi væntanlegar lántökur og blandar þar saman vörukaupalánum, eyðslulánum, framkvæmdalánum og gjaldeyrisvarasjóði. Ein af ástæðunum fyrir því, hvernig komið er, er sú, að allt of mikið hefur verið tekið af svokölluðum eyðslulánum á undanförnum árum eða vörukaupalánum og enn fremur af framkvæmdalánum, sem verið hafa til skamms tíma. Þegar hann nefnir, að þessi skuldasöfnun og greiðsluhalli á undanförnum árum stafi fyrst og fremst af því, að við höfum keypt báta og skip og virkjað Sogið, þá er þetta alrangt, því að lán til þessara framkvæmda er ekki nema örlítill hluti af þeim skuldum, sem safnazt hafa fyrir.

Það, sem hér er um að ræða í þessu frv., er hins vegar allt annars eðlis. Það eru samningar við Evrópusjóðinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um það, að þeir skapi okkur nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð til að gera þær efnahagsráðstafanir, sem hér standa fyrir dyrum.

Þegar viðskipti eru gefin frjáls að verulegu leyti, er óhjákvæmilegt fyrir þá þjóð, sem að því stendur, að hafa vissan gjaldeyrisvarasjóð til að mæta þeim auknu innkaupum, sem geta komið á vissum tímum vegna frelsisins. Og í öðru lagi er það brýn nauðsyn og alveg sérstök nauðsyn fyrir okkur Íslendinga, með jafnáhættusaman og árstíðabundinn atvinnurekstur og við höfum, að hafa gjaldeyrisvarasjóð til að mæta árstíðasveiflum. Það er þess konar gjaldeyrisvarasjóður, sem er nauðsynlegur af þessum tveimur ástæðum, sem hér er gert ráð fyrir að hafa aðgang að. Það er fjarri öllu lagi, að hér sé verið að taka stórkostleg eyðslulán eða vörukaupalán, heldur þvert á móti er hér um tímabundinn gjaldeyrisvarasjóð að ræða.

Hv. þm., báðir fyrrv. ráðh. vinstri stjórnarinnar, telja, að fjárlagafrv. bæri það með sér, að nú eigi að verða samdráttur í verklegum framkvæmdum. Hv. 4. landsk. þm. sagði, að fyrst fjárframlög til verklegra framkvæmda flestra væru óbreytt, mundi það þýða mikinn samdrátt. Og eitthvað svipað að orði komst hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson. Það ætti að draga úr uppbyggingunni, draga úr verklegum framkvæmdum og minnka raunverulega framlög til verklegra framkvæmda. Við skulum aðeins líta á þetta svolítið nánar.

Framlög til verklegra framkvæmda eru, eins og ég gat um í frumræðu minni, að meginstefnu til í óbreyttri krónutölu frá síðustu fjárlögum. En í mörgum tilfellum eru þau hækkuð og það svo mjög, að til verklegra framkvæmda ýmislegra eru framlögin nú í þessu frv. hækkuð yfir 20 millj. kr. frá fjárlögum 1959.

Ég hef athugað, hvernig þetta leit út í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar hv. 1. þm. Austf. var fjmrh. Haustið 1957 lagði hann fram frv., — auðvitað á ábyrgð og í nafni Hannibals Valdimarssonar líka. Framlög til nýbyggingar vega, til brúa, hafna, skólabygginga, flugvalla og annarra verklegra framkvæmda voru í því frv., fjárlfrv. fyrir 1958, lækkuð frá fjárlögum ársins á undan um 18.3 millj. kr. Þetta voru þeirra afrek það árið, að í stað þess, sem hér er gert, að fjárframlög til verklegra framkvæmda eru þó hækkuð milli 20 og 30 millj., þá var þetta hjá þeim lækkað um 18.3 millj. kr.

Við getum litið á fleira. Þegar yfirfærslugjaldið 55% hafði verið í lög tekið 1958, þá var það sama haust borið fram nýtt fjárlagafrv. af þessum sama fjmrh. og þessum sama Hannibal Valdimarssyni og vinstri stjórninni. Og þrátt fyrir 55% yfirfærslugjaldið voru óbreyttar fjárveitingar að krónutölu í þessu frv. til nýbyggingar vega, brúa, hafna og sjúkrahúsabygginga.

Svo segir hv. 1. þm. Austf.: Framsfl. er ekki hentistefnuflokkur. Hann segir ekki eitt í dag og annað á morgun. Hann er ekki eins og fló á skinni. Hann er alltaf samur og jafn. Hann hvikar aldrei frá sinni stefnu.

Hv. 1. þm. Austf. virtist vilja halda ríkisábyrgðunum með öllum þeim vanskilum, sem þar eru sívaxandi ár frá ári. Þetta er kannske mannlegt, vegna þess að hann hefur átt mestan þátt í þessu, eins og hann hefur átt mestan þátt í að skapa með skuldasöfnun við útlönd það hörmungarástand, sem við erum nú lentir í. T. d. var það svo á tímum vinstri stjórnarinnar, að þessar ríkisábyrgðir voru meira en tvöfaldaðar. Þær hækkuðu um 690 millj. kr. á því tímabili, og töluverður hluti af þeim 35

millj. kr., sem nú verður að ætla til greiðslu á vanskilaskuldum, er einmitt frá því tímabili.

Hv. 1. þm. Austf. segir, að það eigi að lækka tekjuskattinn um 75 millj. kr., en í staðinn eigi að leggja á nýjan söluskatt að upphæð 224 millj. kr. Þetta er ekki hægt að segja að sé heiðarlegur málflutningur. Í þessu eru tvær blekkingar. Önnur er sú, að lækkunin á tekjuskattinum mundi á þessu ári nema 110 millj., en ekki 75, og auk þess sleppir hann að geta um 9% söluskattinn, sem er í lögum og mundi á þessu ári nema 114 millj. kr. og á að fella niður með hinum nýja söluskatti. Þessir tveir tekjustofnar, sem eiga að falla niður, nema sömu upphæð og sá hluti söluskattsins, sem á að renna í ríkissjóð, 224 millj. kr.

Það er ekki að undra, þótt ýmsir séu orðnir leiðir á slagorðavaðli Framsfl. og hv. 1. þm. Austf. Þegar þeir berjast gegn jafnrétti fólksins í byggðum landsins til að hafa áhrif á Alþingi, er það kallað byggðastefna Framsfl. Og þegar þeir heimta, að haldið sé áfram spillingunni, sem nú er, skuldasöfnuninni, fyrirsjáanlegum fjárþrotum og stöðvun atvinnulífsins, þá er það kallað uppbyggingarstefna Framsfl. Hér er um svo mikil öfugmæli að ræða, að það minnir vissulega fyrst og fremst á öfugmælavísurnar gömlu, eins og t. d.: „Gott er að hafa gler í skó, þá gengið er í kletta."

En furðulegast er þó, þegar hv. 1. þm. Austf. og framsóknarmenn tala um fjárfestinguna, því að einn þeirra talar um það, að einn helzti ágallinn á þessum ráðstöfunum ríkisstj. sé sá að draga stórlega úr fjárfestingu, vegna þess að fjárfestingunni verði að halda áfram í fullum mæli, það sé í samræmi við uppbyggingarstefnu Framsfl. En svo um leið segir hv. 1. þm. Austf. hér áðan, að þrátt fyrir þetta verði að vísu að draga úr fjárfestingunni að einhverju leyti, hann skýrði ekkert nánar, hvað það væri. Væntanlega hefur hann þá haft í huga það, sem flokksbróðir hans einn alkunnur sagði í Tímanum fyrir nokkrum árum, að það væri þjóðhættulegt að leyfa frekari íbúðabyggingar í Reykjavík. Kannske er það það, sem Framsfl. á við.

Þegar við lítum nú á till. ríkisstj. um úrræði í efnahagsmálum og heyrum hina miklu gagnrýni stjórnarandstæðinga, þá verður manni vissulega að spyrja: Hver eru úrræði þeirra sjálfra? Og þeim mun fremur, þar sem það er vitað, að Framsfl. og Alþb. gáfust upp haustið 1958 og lýstu því yfir fyrir munn forsrh., að engin samstaða væri í ríkisstj. um nein úrræði til bjargar. Þeir gáfust hreinlega upp. Þegar þeir nú koma rúmu ári síðar og gagnrýna harðlega þær aðgerðir og till. um aðgerðir, sem hér eru á döfinni, þá er það skylda þessara manna eftir uppgjöfina 1958 að færa fram einhver úrræði. Það hafa þeir ekki gert. Það helzta, sem ráða má af ræðum þeirra og skrifum, er þetta: Þeir vilja halda uppbótakerfinu. Þeir vilja, að útvegsmenn haldi áfram að fá styrki og uppbætur. Þeir vilja viðhalda fölsku gengi, hafa 10—20 gengi. Þeir vilja viðhalda gjaldeyrisskortinum, halda áfram, meðan nokkur tök eru á, að taka eyðslulán erlendis. Þeir vilja halda við svarta markaðinum, gjaldeyrisbraskinu, öllu þessu, sem leiðir af sér smygl og svindl. Þeir vilja halda við innflutningshöftunum, enda eru þau auðvitað óhjákvæmileg, ef uppbótakerfi þeirra á að halda áfram. Þeir vilja halda við því kerfi, sem allt stefnir beint út í stöðvun og atvinnuleysi. Og þeir vilja halda við vísitölukerfinu, sem er þó sannað að ekki hefur á undanförnum áratug eða áratugum fært launþegum neinar teljandi kjarabætur.

Við, sem að þessum málum stöndum nú, við viljum allt annað. Við viljum stöðva greiðsluhallann við útlönd. Við viljum ná jafnvægi í búskap þjóðarinnar út á við og inn á við. Við viljum afnema innflutningshöftin í sem ríkustum mæli og koma á viðskiptafrelsi. Við viljum vinna að því, að gjaldeyrissalan verði frjáls, að hér verði eitt og rétt gengi skráð og vitanlega stefnt að því, að upp renni sá dagur, sem margir trúa kannske vart að geti verið fram undan, en hefur þó orðið að raunveruleika í mörgum okkar nágrannalöndum, að hver og einn Íslendingur geti gengið inn í banka og keypt þar þann erlendan gjaldeyri, sem hann óskar eftir, fyrir íslenzka peninga á rétt skráðu gengi. Ef þessar ráðstafanir, sem nú er unnið að, takast, þá mun þessi stund m. a. ekki vera langt undan. Og við viljum auka almannatryggingarnar, eins og gerð hefur verið grein fyrir, afnema tekjuskattinn á launatekjum og lækka útsvörin. Vissulega koma einhverjir erfiðleikar í bili. En ef þjóðin tekur þessu með skilningi, þá mun jafnvægi nást og bati fást á skömmum tíma, jafnvel áður en þetta ár er á enda. En þá skapast hér líka nýir og óvæntir möguleikar.

Íslendingar eiga svo mikið af ónýttum auðlindum og svo mikla möguleika um aukna velmegun í framtíðinni, að það má segja, að eitt fyrsta skilyrði til þess að hagnýta þetta allt saman sé að fá erlent fjármagn í einhverju formi til þess að hagnýta þessar auðlindir. Og þó að með áframhaldandi kerfi, því sem nú hefur verið um hríð, sé gersamlega útilokað að fá nokkur hagkvæm lán til verklegra framkvæmda, þá er hitt víst, að um leið og Íslendingar hafa tekið upp skynsamlega efnahagspólitík, um leið og þeir hafa komið jafnvægi á hjá sér og sýnt, að þeir eru menn til að stjórna sínum fjármálum, um leið og þetta ástand hefur skapazt, þá skapast líka nýir möguleikar, m. a. hjá Alþjóðabankanum og öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum, til að fá hagkvæm lán með góðum kjörum til langs tíma til uppbyggingar í þessu landi, fyrst og fremst til að hagnýta auðlindir okkar. Og það skulu menn vita, að rannsóknir hafa leitt í ljós og útreikningar, að með virkjun okkar fallvatna og með virkjun jarðgufunnar er hægt að fá hér orku, sem er ódýrari en í nokkru öðru Evrópulandi. Það skapar ótrúlega möguleika til aukins iðnaðar og aukinnar velmegunar Íslendinga á flestum sviðum. En

grundvallarskilyrði fyrir þessu öllu saman er auðvitað, að við tökum skynsamlega á efnahagsmálunum og komum hér á jafnvægi.

Í rauninni má segja, að íslenzka þjóðin lifi nú og horfi fram á þrjú tímabil: Fyrst og fremst sjúkdómstímabilið í sínu efnahagskerfi, því að nú að undanförnu hefur sjúklingnum — þjóðinni — alltaf verið að elna sóttin jafnt og þétt. Sjúkdómstímabilið er nú væntanlega bráðum á enda og lækningatímabilið að hefjast. Það getur verið, að það taki skamman tíma, ef þjóðfélagsstéttirnar sýna skilning á því, að það þarf að grípa til lækningaaðgerða til að lækna sjúkdóminn. Og ef það verður gert, þá hefst hér, áður en mjög langt um líður, öld heilbrigðinnar í íslenzkum efnahagsmálum.

Hér hafa þessir fyrrv. ráðh. vinstri stj. látið þau orð falla, að þessar efnahagsráðstafanir og þessar till. bitni fyrst og fremst á unga fólkinu, til þess að reyna að fá unga fólkið í landinu til þess að slá skjaldborg um áform sín um að halda við allri spillingunni í þjóðfélaginu með hinu úrelta uppbótakerfi og því öngþveiti, sem hér blasir við. Nei, þegar dýpra er skoðað, eru þessi mál, þessar till., sem ríkisstj. hefur lagt fram, einmitt mál unga fólksins, því að þar eygir unga fólkið frelsið og möguleikana til að neyta krafta sinna. Þær till., sem hér er lagt til að samþ. verði í efnahagsmálum og öðru, sem því fylgir, einmitt þær till. miða að því að skapa hér á Íslandi þjóðfélag frelsis, jafnréttis, heilbrigði og heiðarleika.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fjvn. óskar ekki eftir að gera aths. við fjárlagafrv. við þessa umr., og vil ég því leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Forseti (FS): Samkomulag mun hafa orðið um það milli þingflokkanna, að almennar umr. um frv., eldhúsdagsumr., fari fram síðar, að þeim verði frestað til 3. umr. eða síðar. En til þess að svo megi verða, þarf afbrigði frá þingsköpum. Ég vil því bera það undir hv. Alþ., hvort það heimilar þau afbrigði, og bið þá hv. þm., sem vilja samþ. það, að gera svo vel að rétta upp hönd.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumræðna leyfð og samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 179, 194 og 196, 174, 177, 178, 182, 195, 203).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem gerð hefur verið grein fyrir í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 179, hefur n. ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Till. til breyt. á gjaldabálki frv. eru að vísu bornar fram af n. sameiginlega með fyrirvara af hálfu fulltrúa Framsfl. og Alþb. um afstöðu til einstakra till., en að brtt. á tekjubálki frv. standa aðeins fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., sem mynda meiri hl. nefndarinnar.

Þegar þing kom saman í nóv. s. l., lagði þáverandi fjmrh. fram fjárlagafrv. fyrir árið 1960, svo sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Vegna þingfrestunarinnar kom það frv. aldrei til athugunar í fjvn., var enda ljóst, að fyrirhugaðar aðgerðir í efnahagsmálum mundu hafa svo stórfelld áhrif á fjárhagskerfið, að mjög veigamiklar breyt. mundi þurfa að gera á hinu upphaflega fjárlagafrv. Var því að því ráði horfið, sem flýtt hefur mjög allri meðferð málsins í n., að samið var nýtt fjárlagafrv., þar sem eftir föngum var höfð hliðsjón af áhrifum efnahagsaðgerðanna. Gerði hæstv. núverandi fjmrh. grein fyrir þeim breyt. í meginefnum í framsöguræðu sinni við 1. umr. frv. N. hefur eingöngu miðað athugun sína við hið síðara fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþ. í lok janúarmánaðar og vísað var til fjvn. 8. febr. s. l.

Þar sem nokkuð var þegar liðið á fjárhagsárið, þegar fjvn. fékk fjárlagafrv. til meðferðar, var mikilvægt að hraða afgreiðslu málsins í n. svo sem frekast var auðið. Á þeim rúma mánuði, sem liðinn er, frá því að málinu var vísað til n., hefur n. haldið 34 fundi, oft langa og stranga, auk mikillar vinnu utan funda, enda mun athugun fjárlagafrv. í n. ekki um langan aldur hafa tekið jafnskamman tíma. Einmitt þess vegna, vegna þessarar óvenjulegu vinnuhörku í n., sé ég sérstaka ástæðu til að flytja öllum meðnm. mínum úr öllum flokkum beztu þakkir fyrir það, að þeir hafa aldrei möglað, þótt stundum hafi verið hart keyrt. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa ekki heldur á neinn hátt reynt að tefja athugun málsins, og vona ég einnig, að þeir telji sig ekki hafa ástæðu til að saka mig sem form. n. um að beita þá óréttri varðandi meðferð málsins, þótt skoðanir hafi auðvitað verið skiptar um afgreiðslu ýmissa atriða í nefndinni.

Í nál. meiri hl. eru raktar í einstökum atriðum þær brtt., sem n. öll og meiri hl. n. sérstaklega flytja við frv., og mun ég því ekki rekja þær lið fyrir lið, heldur leitast við að ræða efnislega þau sjónarmið, er réðu afstöðu n., og þá víkja að ýmsum atriðum um leið, sem koma ekki beinlínis fram í till. n., en hún telur nauðsynlegt að íhuga.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um heildarmyndina af fjárlagafrv., svo sem það var lagt fyrir n. Hækkun útgjalda ríkissjóðs frá fjárlögum ársins 1959 var áætluð 430 millj. kr.

Í fljótu bragði gæti svo mikil hækkun ríkisútgjalda bent til stórfelldrar útþenslu ríkiskerfisins, en svo er alls ekki. Hækkun á hinum venjulegu rekstrarliðum fjárlaga er ekki önnur en hinn eðlilegi árlegi útgjaldaauki í samræmi við þá þjónustu, sem ríkið er að lögum skuldbundið að veita. Þessa staðreynd er nauðsynlegt að hafa í huga, því að ella gæti hin mikla útgjaldaaukning gefið mönnum þá hugmynd, að öllu taumhaldi hefði verið sleppt af útgjöldum. Meginhluti hinna auknu útgjalda eru afleiðingar efnahagsráðstafana þeirra, sem verið er að framkvæma.

Þegar málin eru krufin til mergjar, verður ljóst, að hér er ekki heldur raunverulega um nein ný útgjöld að ræða. Útflutningssjóður og ríkissjóður eru tvær greinar á sama stofni. Heildarútgjöld þessara sjóða urðu á s. l. ári töluvert á 3. milljarð kr. Nú er sú breyt. gerð, að útflutningssjóður er lagður niður, en sumar skuldbindingar hans færast yfir á ríkissjóð og þá um leið ýmsir tekjustofnar sjóðsins. Niðurgreiðslur á vöruverði, sem í ár eru áætlaðar rúmar 300 millj. kr., færast yfir á ríkissjóð, og hið sérstaka framlag til almannatrygginga, 152 millj. kr., til þess að létta byrðar barnafjölskyldna af völdum efnahagsaðgerðanna, er raunverulega sama eðlis. Vegna gengisbreytingarinnar er í frv. gert ráð fyrir 43.6 millj. kr. hækkun á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Þegar frá eru skildir þessir útgjaldaliðir, sem nánast stafa af tilfærslu í efnahagskerfinu og beinast að því að jafna kjör almennings, þá er í meginatriðum í þessu fjárlagafrv. fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var á s. l. ári, að reyna að spyrna fótum gegn aukningu ríkisútgjalda, svo sem við verður komið, að óbreyttri þeirri löggjöf, er nú gildir um framlög ríkissjóðs til ýmissa framkvæmda og þjónustu.

Við afgreiðslu síðustu fjárlaga voru skornir niður ýmsir útgjaldaliðir ríkissjóðs um nær 50 millj. kr. Sú ráðstöfun var gerð til þess að forðast nýjar skattaálögur. Þessi ráðstöfun átti skilningi að mæta hjá þjóðinni, enda þótt Framsfl. snerist öndverður gegn henni og reyndi eftir föngum að afflytja málið. Meiri hluti þessara lækkana var gerður á kostnað fjárfestingarinnar, og var gerð grein fyrir því, að sá niðurskurður gæti ekki verið til frambúðar. Einmitt af þessum sökum verða ýmsar hækkanir nú á fjárfestingarútgjöldum, þar eð taka verður nú inn útgjaldaliði aftur, sem þá voru felldir niður til bráðabirgða, svo sem 10 millj. kr. til rafvæðingarinnar og 5 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins, svo að nefndir séu tveir stórir liðir, sem þá var raunhæft að lækka, en er það ekki á þessu ári.

Til þess að átta sig á málinu er nauðsynlegt að hafa í huga þessar skýringar á hinum miklu breyt., sem eru á fjárlagafrv. fyrir árið 1960, miðað við fjárlög 1959, hvað fjárhæðir snertir. Að öðru leyti er fjárlagafrv. í þeim sama gallaða búningi sem fjárlög hafa verið í um langt skeið, en nauðsynlegt er að breyta. Það verður þó ekki gert án gaumgæfilegrar athugunar, því að ekki má hringla til með uppsetningu fjárlaga frá ári til árs.

Vík ég þá að brtt. nefndarinnar.

Við nánari athugun hefur komið í ljós, að gengisbreytingin veldur mun meiri hækkunum á útgjöldum pósts og síma en frv. gerir ráð fyrir. Valda því mjög miklar skuldbindingar um greiðslur í erlendri mynt. Hefur póst- og símamálastjóri gert nýja fjárhagsáætlun, sem tekin er að mestu óbreytt í frv. Vegna hækkaðrar gjaldskrár er gert ráð fyrir því, að póstsjóður verði hallalaus, og framlög ríkissjóðs til framkvæmda símans verða um 2.7 millj. kr. eða litlu lægri en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir.

Lagt er til að hækka framlag Áfengisverzlunar ríkisins til gæzluvistarsjóðs um 500 þús. kr. Lagaskuldbinding um þetta framlag er úr gildi fallin, en lögin eru í endurskoðun og augljóst, að eigi verður komizt af með þá fjárveitingu, sem nú er í frv. Enda þótt forðast beri að leggja sérstakan skatt á tekjur áfengisverzlunarinnar, þá gegnir sérstöku máli um þetta framlag, því að ekkert er eðlilegra en að reikna sem kostnað áfengisverzlunarinnar þann herkostnað, sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfar áfengisnotkunarinnar. Er brýn nauðsyn verulegra úrbóta á því sviði, enda berjast ýmsir þeir aðilar í bökkum fjárhagslega, sem fórna kröftum sínum til að reyna að vinna gegn áfengisbölinu.

Nokkrar brtt. flytur nefndin við 10. gr. frv., varðandi útgjöld til utanríkismála. Í nokkrum tilfellum hefur reynzt óhjákvæmilegt að endurreikna framlög til alþjóðastofnana, ýmist vegna gengisbreytingar eða beinlínis hærri framlaga, svo sem til Sameinuðu þjóðanna, Tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar þess, sem aðildarríkin eiga að greiða eftir ákveðnum hlutföllum. Framlög Íslands til Sameinuðu þjóðanna eru miðuð við 0.04% af heildarútgjöldum samtakanna, og er það lágmarksframlag.

Lagt er til að hækka framlag til upplýsinga- og kynningarstarfsemi um 200 þús. kr. Mikilvægt getur verið fyrir þjóðina að verja nokkru fé í þessu skyni, enda verja margar þjóðir til slíkra hluta miklu fé. Nefndinni hafa nú sem fyrr borizt ýmsar styrkbeiðnir, er eðli málsins samkvæmt flokkast undir landkynningu. Sumum þessum beiðnum telur n. eðlilegt að sinna, en lítur svo á, að utanrrn. hafi bezta aðstöðu til að meta, hvað sé þjóðinni gagnlegt á þessu sviði, og því sé rétt, að það fái nokkru meira fé til ráðstöfunar til landkynningar og verji því á þann hátt, sem það að athuguðu máli telur bezt gagna þjóðinni.

Mjög litlar breytingar eru gerðar á fjárveitingu til lögreglumála, ef undan er skilin fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju, 500 þús. kr. Svo sem kunnugt er, var hæli þetta rekið um nokkurra ára skeið í þeim tilgangi að auðvelda innheimtu barnsmeðlaga.

Af einhverjum ástæðum var starfrækslu hælisins hætt í tíð vinstri stjórnarinnar. Reynslan hefur sýnt, að hælið stuðlaði að mjög bættri innheimtu barnsmeðlaga og að aftur horfir mjög til hins verra í þeim efnum, eftir að starfrækslu hælisins var hætt. Hefur því verið talið rétt að verða við óskum dómsmrn. um fjárveitingu til þess, að hægt verði aftur að starfrækja vinnuhælið. Til frekari rökstuðnings þeirri till. kemur og það, að mikil nauðsyn er að sundurgreina afbrotamenn meira en nú er gert eftir eðli afbrotanna, og gæti Kvíabryggja að einhverju leyti þjónað því hlutverki.

Sanngjarnt þykir að verða við tilmælum bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum um aukið framlag til löggæzlu þar á vetrarvertíð vegna aðkomufólks, og er þá höfð hliðsjón af því framlagi, sem veitt er til sambærilegra staða í þessu skyni. Er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til 11 kaupstaða og sjávarþorpa vegna löggæzlu á vissum tímum árs. Óhjákvæmilegt er að taka þessi framlög til endurskoðunar og reyna að setja fastar reglur um þetta efni.

Lagt er til, að veitt verði 75 þús. kr. fjárveiting til undirbúnings nýrrar skipunar í fangelsismálum. Hefur dómsmrn. ákveðið að hefja heildarathugun fangelsismálanna, og hefur n. talið rétt að mæla með fjárveitingu til þeirrar athugunar.

Þá er loks í sambandi við fangelsismálin rétt að geta þeirrar brtt. n. við 20. gr., að hækka fjárveitingu til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík um 240 þús. kr. Geymt er nokkurt fé, sem veitt hefur verið á undanförnum árum til byggingar lögreglustöðvarinnar. Þess er mjög brýn nauðsyn að geta sem allra fyrst hafizt handa um byggingu stöðvarinnar og þá haldið framkvæmdum áfram af fullum krafti, og er því lagt til að hækka fjárveitinguna í 1 millj. kr.

Í áfengislögum er áfengisvarnaráði fengið það hlutverk að skipuleggja áfengisvarnir um allt land, veita styrki til stuðnings bindindisstarfsemi og efla samstarf allra þeirra aðila, sem að bindindismálum vinna. Starfsemi ráðsins hefur farið vaxandi með ári hverju, en fjárveiting til þess hefur staðið í stað. Nokkur hækkun fjárveitingar nú er óumflýjanleg, til þess að ráðið geti starfað svo sem til er ætlazt, og er því lagt til að hækka fjárveitinguna til ráðsins um 55 þús. kr.

Á sviði heilbrigðismálanna eru mörg knýjandi verkefni, sem þarf að sinna, en ekki hefur þó verið talið fært að sinna nema að mjög takmörkuðu leyti þeim óskum, sem heilbrigðisyfirvöld hafa borið fram um fjárveitingar. Fjárveiting til landsspítalans er þó hækkuð um rúma 1 millj. kr. til þess að að mæta óumflýjanlegum útgjöldum þeirrar stofnunar. Er þar um að ræða kaup röntgenvéla fyrir 445 þús. kr., laun tveggja manna á rannsóknarstofu, sem ráðnir voru með samþykki heilbrmrn. á s. l. hausti, og loks er lagt til að veita 500 þús. kr. til áhaldakaupa í þá álmu viðbyggingar landsspítalans, sem vonazt er til að geti orðið fullsmíðuð í byrjun næsta árs. Í frv. er gert ráð fyrir 500 þús. kr. í þessu skyni, og verður fjárveitingin til tækjakaupanna þá alls 1 millj. kr. En áætlað er, að heildarkostnaður við búnað þessarar viðbyggingar verði rúmar 2 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir 1959 voru veittar 375 þús. kr. til kaupa á röntgenvélum til Vífilsstaðahælis. Jafnhá fjárveiting er í fjárlagafrv. nú. En þar sem vélar þessar voru ekki komnar fyrir gengisbreytinguna, þarf að veita enn 350 þús. kr. til kaupanna.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til rannsóknarstofu háskólans vegna 3 starfsmanna við rannsóknir, sem þegar hafa verið ráðnir. Seld þjónusta var í fyrra hækkuð um 15% til að mæta þessum útgjaldaauka.

St. Jósefsspítalarnir í Reykjavík og Hafnarfirði, sem báðir veita mjög þýðingarmikla þjónustu, hafa að undanförnu fengið rekstrarstyrk úr ríkissjóði, er nemur 10 kr. á hvern legudag. Hliðstætt sjúkrahús kaþólskra er rekið í Stykkishólmi, og þykir sjálfsagt, að það sjúkrahús njóti einnig sama styrks. Er áætlað, að aukin útgjöld í því sambandi muni nema um 100 þús. kr.

Undanfarin ár hefur verið veittur 100 þús. kr. styrkur til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs og landlæknis. Er hér fyrst og fremst um að ræða styrki til sjúklinga, sem verða að leita sér lækninga erlendis og verða því oft fyrir mjög miklum aukakostnaði. Ætlunin hefur verið sú, að Tryggingastofnunin legði fram tvöfalda upphæð á móti, en vegna þess að orðalag skilyrðisins hefur ekki verið nægilega skýrt, hefur Tryggingastofnunin skilið það svo, að framlag hennar ætti að vera 2/3 af framlagi ríkissjóðs. Vegna gengisbreytingarinnar er talið nauðsynlegt að hækka þessa styrki verulega. Er lagt til að hækka fjárveitinguna í 150 þús. kr., og hefur jafnframt Tryggingastofnunin fallizt á að leggja tvöfalt framlag á móti að fenginni nauðsynlegri lagaheimild. Yrðu þá til ráðstöfunar alls 450 þús. kr., og telur landlæknir þá lausn viðunandi.

Áður en rætt er um einstaka liði fjárveitinga til vegamála, hafnarmála og flugmála, er rétt að víkja nokkuð að stefnunni í fjárfestingarmálum yfirleitt.

Það er óvefengjanlega veigamikill þáttur erfiðleika þjóðarinnar í efnahagsmálum, að fjárfesting hefur verið of ör. Hin mikla fjárfesting er auðskilin, því að bættur efnahagur þjóðarinnar hefur orðið henni hvatning til margvíslegrar uppbyggingar, og á því sviði hafa framfarirnar verið undraverðar á síðustu tveim áratugum. Hins vegar er auðvitað óhjákvæmilegt að halda fjárfestingu innan þeirra takmarka, sem efnahagur leyfir, miðað við eðlilega neyzlu, og gæta þess, að fjárfestingin leiði ekki til verðbólgu. Þetta hefur því miður hvorugt tekizt, og frumskilyrði heilbrigðrar efnahagsþróunar er að koma á því fjárhagslega jafnvægi, sem efnahagsráðstafanir núverandi

hæstv. ríkisstj. miða að. En til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt að draga um sinn nokkuð úr fjárfestingu og neyzlu. Hversu mikið fjárfestingin þarf að minnka, er undir því komið, að hve miklu leyti þjóðin vill fremur draga að sér með neyzluvörur. Þjóðin er því nú líkt á vegi stödd og bóndi, sem af dugnaði og bjartsýni hefur lagt í miklar framkvæmdir á jörð sinni, en í kappi sínu við að bæta og fegra býli sitt hefur hann safnað svo miklum skuldum, að af tekjum búsins getur hann ekki staðið undir greiðslu vaxta og afborgana nema með enn frekari lántökum. Sérhver hygginn bóndi mundi, þegar svo er komið, draga úr framkvæmdum í bili og leggja nokkur höft á eyðslu sína á öðrum sviðum til að tryggja þær umbætur, sem þegar hafa verið gerðar, og missa ekki sína góðu bújörð. Nákvæmlega sama verður þjóðin að gera, ef hún vill tryggja efnahagslegt sjálfstæði sitt. Enginn efi er á því, að meginhluti þjóðarinnar gerir sér grein fyrir þessari einföldu staðreynd, þótt sumir stjórnmálamenn reyni að villa henni sýn. Nokkur takmörkun fjárfestingar um sinn er óumflýjanleg, og verður sú takmörkun bæði að ná til opinberrar fjárfestingar og fjárfestingar einkaaðila. Í þessu sambandi verður þó auðvitað að gera mun á framkvæmdum eftir því, hvers eðlis þær eru. Takmörkunin verður fyrst og fremst að ná til óarðbærrar fjárfestingar.

Samgöngubætur eru í nútímaþjóðfélagi nauðsynlegur þáttur í eflingu framleiðslunnar, og aukning hennar er forsenda bættra lífskjara. Því er það, að ríkisstj. og meiri hluti fjvn. hafa talið nauðsynlegt að auka verulega framlög til samgöngubóta, þannig að raunverulega verður á því sviði ekki um neinn teljandi samdrátt framkvæmda að ræða. Var einnig á s. l. ári talið rétt að láta ekki 5% skerðinguna á framkvæmdafé ná til fjárveitinga til vega, brúa, hafna og flugvalla.

Með hækkun þeirri á benzínskatti til vega- og brúargerða, sem ákveðin var í l. um efnahagsmál, verða um 2.6 millj. kr. meira til ráðstöfunar á þessu ári af benzínfé en s. l. ár. Eftir till. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir 1.8 millj. kr. hækkun á því vegafé, sem skipt er á einstaka vegi. Lagt er til að veita sérstaklega 4 millj. kr. til vega á 20. gr., og lagt er til að hækka fjárveitingu til brúargerða um rúmlega 1.3 millj. kr. Til nýbyggingar vega og brúa hækkar þannig um 8.4 millj. kr., og til viðhalds þjóðvega er ætluð 8.2 millj. kr. hærri fjárveiting en s. l. ár, þannig að hækkunin á framkvæmdafé vegagerðarinnar verður alls um 16.6 millj. kr. Er í því sambandi gott að hafa það í huga, að fjmrh. vinstri stj. lagði ekki til að hækka um eina krónu fjárveitingar til nýbyggingar vega, brúargerða og hafnargerða, eftir að 55% yfirfærslugjaldið var lagt á. Eftir að yfirfærslugjaldið var ákveðið 1958, lögðu þáverandi fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. til að hækka framlög til samgöngubóta og annarra verklegra framkvæmda um 10%, en fulltrúar vinstristjórnarflokkanna felldu þá till. Nú lögðu fulltrúar Framsfl. og Alþb. til í fjvn., að allar þessar fjárveitingar hækkuðu um 30%, sem er allmiklu meiri hækkun en nemur kostnaðarauknингu vegna gengisbreytingarinnar, enda þótt öllum ábyrgum mönnum hljóti að vera ljóst, að nú er sannarlega ekki rétti tíminn til að auka hraðann í fjárfestingunni, ef ekki á að verða fjármálalegt hrun í þjóðfélaginu og framkvæmdir allar þá að stöðvast af sjálfu sér af þeim sökum.

Með þeirri 4 millj. kr. aukafjárveitingu til samgöngubóta á landi, sem lagt er til að veita sem hluta af framlagi til framleiðslu- og atvinnuaukningar á 20. gr., er fullkomlega haldið í horfinu með fjárveitingar til vegagerða. Þar sem fulltrúar Framsfl. í fjvn. deildu mjög á þessa tilhögun á veitingu fjár til vegamála, þykir mér rétt með nokkrum orðum að gera grein fyrir till. þessari.

Endanlegt samkomulag varð ekki um fjárveitingu þessa, fyrr en afgreiðsla málsins í n. var það langt komin, að séð yrði, hvort hún rúmaðist innan þess ramma, sem óhjákvæmilegt var að setja útgjaldaaukningunni. Hafði þá verið skipt fé því, sem til ráðstöfunar var skv. frv. til vegagerðar. Hefði þá orðið að taka upp að nýju þá skiptingu, sem þegar hafði verið samþ. Var það bæði óeðlileg afgreiðsla og hefði auk þess seinkað meðferð frv í n. Það þótti því heppileg lausn í þetta sinn að veita fjárveitingu þessa sem hluta af fé til atvinnu- og framleiðsluaukningar, því að eðlilegast er, að einmitt þau sjónarmið ráði skiptingu fjárins. Lagt er til, svo sem á s. l. ári, að því fé verði skipt af n., sem í eiga sæti fulltrúar allra flokka. Hér er ekki um neitt einstæð vinnubrögð að ræða, því að allt til síðasta árs var t. d. skipting milljónaupphæða til millibyggðavega algerlega í höndum ráðh., og í hans hendi er einnig endanlegt ákvörðunarvald um ráðstöfun brúasjóðs og skiptingu þeirra tugmilljóna, sem veittar eru til viðhalds.

Rétt er að geta þess, að gert er ráð fyrir, að vegafé skiptist á rúmlega 60 færri vegi en s. l. ár. Með hinni miklu skiptingu vegafjárins í smáar upphæðir fer mikið fé forgörðum við flutning tækja. Víða er að vísu hægt að framkvæma nýbyggingu með viðhaldinu, en oft þarf þó að flytja að stærri vélar. Er því engum efa bundið, að með minna fé má ná sama árangri, ef hægt er að vinna í stærri áföngum árlega og vinna þá til skiptis í vegunum. En til þess að auðið sé að gera enn róttækari breyt. í þessu efni, þarf að gera framkvæmdaáætlun nokkur ár fram í tímann, svo að menn viti, hvenær röðin kemur að þeim. Má í þessu sambandi vekja athygli á þál., sem samþ. var á Alþ. í marz 1958, þar sem ríkisstj. var falið að gera áætlun um nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu. Er æskilegt, að ríkisstj. hraði framkvæmd þeirrar athugunar.

Þá má benda á annað atriði, sem telja verður til bóta, en það er að miða fjárveitingar til brúargerða við það, að hægt sé að ljúka brúargerðinni með þeim hraða, sem framkvæman-

legur er af tæknilegum ástæðum. Hafa fjárveitingar til nýrra brúa nú verið ákvarðaðar með þetta sjónarmið í huga.

Í sambandi við benzínskattinn er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að dísilbifreiðum fjölgar stöðugt, og þeim mun fjölga því meir sem misræmið verður meira í skattaálagningu á benzínbifreiðar og dísilbifreiðar. Rúmlega 10% allra vörubifreiða voru um s. l. áramót með dísilvélum, eða alls 615 bifreiðar. Skattar og tollar af benzíni munu nú vera kr. 1.91 af hverjum benzínlítra, en allir skattar af hráolíu kr. 3.17 á hverja 1000 lítra, skv. upplýsingum, sem vegamálastjóri hefur tekið saman fyrir fjvn. Skattur á benzíni er því liðlega 600-falt hærri en á hráolíu. Dísilbifreiðar greiða að vísu allmiklu hærri þungaskatt en benzínbifreiðar, en þegar 5 tonna benzínbifreið hefur ekið 30 þús. km, hefur hún greitt þrefalt meira í skatt af benzíninu en nemur þungaskatti dísilbifreiðarinnar. Ef ekki verður breyting á þessu hlutfalli, má ótvírætt gera ráð fyrir því, að tekjur af benzínskatti fari minnkandi á næstunni. Er því nauðsynlegt að taka málið í heild til endurskoðunar. Eðlilegt er, að umferðin beri að verulegu leyti uppi kostnað við vegakerfið, og þótt vafalaust sé þjóðhagslega skynsamlegt að örva notkun dísilbifreiða, þá má ekki hafa mismun álagnanna of mikinn. Ber í því sambandi að geta þess, að dísilbifreiðar eru yfirleitt stórar og þungar og fara því verr með vegina en benzínbifreiðarnar.

Til hafnargerða er lagt til að veita 1.2 millj. kr. hærri fjárhæð en s. l. ár, að viðbættu 450 þús. kr. framlagi til hafnarbótasjóðs vegna skemmda á hafnargarðinum í Ólafsfirði, sem urðu í ofviðri snemma í vetur. Ýmsir munu vafalaust segja, að illa sé séð fyrir þessum mikilvægu framkvæmdum með svo lítilli hækkun fjárveitinga. Er það að vísu rétt. En vandinn hefði ekki verið leystur, þótt fjárveiting hefði verið hækkuð um 2—3 millj. kr. Hver meiri háttar framkvæmd í hafnarmálum kostar milljónir króna. Hvergi er þörfin meiri en á þessu sviði að vinna kerfisbundið að framkvæmdum. Um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir hefur Alþ. þegar gert ályktun, og er nauðsynlegt að hraða henni eftir föngum. Hér er þó við þann vanda að fást, að framkvæmdum verður oft ekki skotið á frest, ef viðkomandi staðir eiga ekki að leggjast í auðn. Með vaxandi lánsfjárskorti eykst vandinn fyrir sveitarfélögin á þessu sviði, þar eð framlög ríkisins eru smátt skömmtuð. Eina úrræðið til úrbóta virðist því vera lántaka í einhverju formi að tilhlutan þingsins. Hugsanlegt er að taka sérstök lán til hinna stærri framkvæmda, svo sem gert var á Akranesi og er fyrirhugað varðandi Þorlákshöfn. En hinar minni hafnir geta ekki tekið slík lán, heldur verða að fá framlög af heildarlántöku. Fyrsta lán þessarar tegundar til hafnargerða var tekið á s. l. ári, og er óhjákvæmilegt að gera stærra átak í því efni, því að með þeim fjölda nýrra fiskiskipa, sem kemur til landsins á næstunni, eru margar útgerðarhafnir algerlega ófullnægjandi. Auknar hafnarbætur eru því beinlínis forsenda aukinnar útgerðar. Ekki mun enn hafa verið unnið fyrir a. m. k. 2/3 hluta af 28 millj. kr. láninu til hafnargerða, sem tekið var á s. l. ári. Má því telja, að beinlínis fyrir forgöngu ríkisins verði til ráðstöfunar á þessu ári til hafnargerða yfir 30 millj. kr. Er það miklu hærri fjárhæð en nokkru sinni áður hefur að tilhlutan ríkisins verið varið til hafnargerða.

Á árinu 1959 hefur nokkuð lækkað sú fjárhæð, sem ríkissjóður á vangoldna til hafnarframkvæmda víðs vegar um land. Var vangreitt ríkissjóðsframlag um síðustu áramót rúmar 15 millj. kr. En þegar á heildina er litið, mega þar koma til frádráttar tæpar 6.5 millj. kr., sem veittar hafa verið umfram lögboðin framlög, þar með talin framlög, sem geymd eru í ríkissjóði eða á vitamálaskrifstofunni.

Til flugvallagerða er nú lagt til að veita 2.2 millj. kr. hærri fjárhæð en s. l. ár. Er þessi hækkun við það miðuð, að lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli verði hækkuð sem gengislækkuninni nemur, og talið eðlilegt, að því fé verði varið til að bæta flugvallakerfið. Flugið ryður sér nú æ meir til rúms í samgöngukerfinu, en fjárveitingar til þess eru litlar miðað við aðra þætti samgangna. Hefur það bjargað okkur, að tvo stærstu flugvellina, sem flugið hefur allar tekjur sínar af, hafa Íslendingar fengið með sérstæðum hætti. Færðar hafa verið til útgjalda á ríkisreikningi 1959 nær 6 millj. kr., sem á því ári var unnið umfram út á væntanlega fjárveitingu 1960. Á þennan hátt hefur á s. l. ári og nú verið varið til framkvæmda í flugmálum um 21 millj. kr. Er því raunverulega um að ræða mjög stórfellda hækkun til framkvæmda í flugmálum.

Í sambandi við skiptingu fjár til flugvalla og öryggistækja er rétt að taka það fram, að meiri hl. fjvn. féllst á það sjónarmið meiri hluta flugráðs, að rétt væri að beina framkvæmdafénu að tiltölulega fáum verkum og miða fjárveitingar við það, að hægt væri að ljúka tilteknum áföngum. Við flugvallagerðir þarf yfirleitt að nota stórvirk vinnutæki og því mjög óhagkvæmt og dýrt að þurfa að flytja þau fram og aftur til að vinna fyrir smáfjárveitingar. Lögð er áherzla á, að sem víðast geti verið lendingarfært fyrir litlar flugvélar. En tvímælalaust er öllum til hagsbóta að vinna sem samfelldast að hinum stærri flugvöllum. Gert er ráð fyrir að ljúka að mestu á þessu ári uppsetningu þess fullkomna flugöryggiskerfis, sem mun tryggja fyrsta flokks öryggisþjónustu yfir öllu landinu og umhverfi þess. Hefur flugmálastj. Bandaríkjanna látið íslenzku flugmálastj. öryggistæki þessi í té endurgjaldslaust, en tækin munu verða milli 15 og 20 millj. kr. virði.

Vegna gengisbreyt. þurfti að endurskoða kostnaðaráætlanir fyrir allar 3 greinar alþjóðaflugþjónustunnar, hækka kostnaðarhlut Íslands um 245 þús. kr.

Á framlögum til menntamála verða veru-

legar hækkanir skv. till. n. Ber þar fyrst að nefna 3 millj. kr. til nýrra skólabygginga. Með l. um fjármál skóla frá 1955 var gert mikilvægt átak til að koma í fast form framlögum ríkissjóðs til skólabygginga. Var þá slegið striki undir eldri viðskipti og ákveðið að greiða skuldir vegna þeirra með föstum framlögum á 5 árum. Vegna vanáætlunar hafa þær fjárhæðir reynzt hærri en í fyrstu var haldið, og voru um síðustu áramót enn ógreiddar 4.8 millj. af þessum eldri skuldum. Er nú gert ráð fyrir að verja 1.9 millj. kr. til greiðslu þessara skulda. Með l. frá 1955 var ákveðið, að ekki mætti ráðast í nýjar skólabyggingar nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum og að fengnu samþykki Alþ. í formi fjárveitingar. En jafnframt tók ríkissjóður á sig þá skyldu að greiða á 5 árum sinn hluta miðað við upphaflega kostnaðaráætlun. Með þessari skipan hefði öllu réttlæti átt að vera fullnægt, en því miður hefur verðbólgan sett hér babb í bátinn. Skólarnir, sem samþ. voru inn fyrsta ár hinnar nýju skipunar, ættu í ár að vera fullgreiddir að hluta ríkissjóðs, en því fer fjarri. Ýmist hafa upphaflegar vanáætlanir eða verðhækkanir valdið því, að ríkissjóður mun eiga ógreitt til þessara skólamannvirkja í árslok 1960 rúmar 18.7 millj. kr. Bæði af þessari ástæðu og einnig vegna þess, að enn er ekki nægilega samræmd og kerfisbundin samvinna þeirra aðila, sem um þessi mál eiga að fjalla, er óumflýjanlegt að taka skólabyggingamálin til rækilegrar endurskoðunar fyrir næsta þing. Eftirlit með skólabyggingum er ekki nægilega mikið. Er ekki hér á neinn hátt verið að ávíta þá aðila, sem öll þessi verk eiga að annast. En það er ekki áhorfsmál að ráða heldur nýjan starfsmann til eftirlits, ef nauðsynlegt verður talið, heldur en að láta tugmilljónaframkvæmdir meira og minna eftirlitslausar. Getur það bæði valdið ríkissjóði miklu tjóni og einnig sveitarfélögunum, ef byggingarnar eru ekki nægilega vel undirbúnar og nógu vel fylgzt með byggingarframkvæmdum. Það væri allt of langt mál að ræða alla þætti þessa mikilvæga fjárhagsmáls, en fjvn. leggur áherzlu á það, að greiðslukerfið allt og tilhögun eftirlitsins verði athugað til hlítar á grundvelli fenginnar reynslu.

Framlög til byggingar skóla hækka alls um 8.9 millj. kr. frá fjárl. 1959 og raunar þó meir, því að sú fjárveiting var skert um 5%. Af þessari hækkun eru 5.8 millj. vegna lögboðinna framlaga. Þessi sjálfkrafa hækkun á framlögum til skólabygginga frá ári til árs hlýtur að vekja þá spurningu, hvar við séum stödd í þessum efnum. Er óumflýjanlegt að reyna að gera um það áætlun til nokkurra ára, hvaða skóla þurfi að reisa á því tímabili og hver sé sennilegur byggingarkostnaður þeirra, til þess að fá einhverja mynd af því, hvaða skuldbindingar ríkissjóður þurfi að inna af hendi í þessu efni á næstu árum.

Önnur aðalútgjaldatill. varðandi menntamálin er hækkun námsstyrkja og námslána um tæpar 2 millj. kr. Hækkar þá þessi liður alls um tæpar 3.6 millj. kr. frá fjárl. ársins 1959. Er þessi mikla hækkun talin óhjákvæmileg vegna stóraukins námskostnaðar erlendis, fyrst og fremst af völdum gengisbreyt. Það er metnaðarmál íslenzku þjóðarinnar, að enginn efnilegur námsmaður þurfi að fara menntunar á mis sökum fjárskorts, og þjóðin mun því áreiðanlega ekki sjá eftir þessu fé til að mennta æskumenn sína. Hitt er sanngjarnt og nauðsynlegt, að gera kröfu til þess, að allir, sem námsstyrki fá til náms erlendis, stundi raunverulega nám, og í annan stað hlýtur að verða að gera greinarmun á því, hvort viðkomandi námsgrein er hægt að stunda hér heima. Þá hlýtur og að koma til álita, hvort ekki eigi að láta þá menn endurgreiða námsstyrki, sem að námi loknu taka við störfum erlendis, þótt ættland þeirra þurfi á starfskröftum þeirra að halda.

Lagt er til að hækka styrki til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum um 150 þús. kr., og gert er ráð fyrir 29 þús. kr. aukafjárveitingu úr lánasjóði stúdenta til verkfræðinema vegna mælinganámskeiða, sem þeir þurfa að sækja í sambandi við nám sitt.

Vegna fjárskorts vísindasjóðs er lagt til að veita sjóðnum á þessu ári 200 þús. kr. framlag úr ríkissjóði, svo að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu.

Enn verður ekki hjá því komizt að greiða 222 þús. kr. vegna byggingar útihúsa við skólabúið á Laugarvatni. Er talið, að byggingar þessar komi undir ákvæði l. um fjármál skóla. Er þess vænzt, að framlagið í ár sé lokaframlag, og hefur þá ríkissjóður lagt rúma 1 millj. kr. til þessara framkvæmda.

Vegna gengisbreyt. er lagt til að hækka fjárveitingu til söng- og tónlistarnáms erlendis um 42 þús. kr. Nefndinni hafa borizt tvær umsóknir um sérstaka styrki til hljómleikahalds erlendis. Telur n. vel geta komið til greina að styrkja efnilega listamenn að einhverju leyti, þegar þannig stendur á, en er þeirrar skoðunar, að menntamálaráð sé heppilegasti aðili til að meta allar aðstæður í þessu efni. Er því lagt til að veita nú 30 þús. kr. í þessu skyni og menntamálaráði fengin úthlutun fjárins.

Nefndin leggur til að hækka nokkuð ýmsar fjárveitingar til íþróttamála. Er þar veigamest till. um að hækka framlag til íþróttasjóðs um 480 þús. kr., eða í 2 millj. kr. Hagur íþróttasjóðs hefur versnað ár frá ári. Að lokinni úthlutun úr sjóðnum árið 1959 voru ógreiddar rúmar 11.5 millj. kr. af áætlaðri þátttöku sjóðsins skv. íþróttalögunum í byggingarkostnaði ýmissa íþróttamannvirkja, sem þá voru í smíðum. Fjölmörg íþrótta- og ungmennafélög um land allt hafa lagt mikið á sig til að öðlast sómasamlega aðstöðu til íþróttaiðkana, og er nauðsynlegt, að það frjálsa framtak verði ekki lamað með allt of hægfara greiðslum úr íþróttasjóði. Ljóst er, að þessi hækkun framlags til sjóðsins nægir engan veginn til þess að leysa vandann. Er því nauðsynlegt, að starfsemi sjóðsins verði fyrir næsta

þing tekin til rækilegrar endurskoðunar og reynt að tryggja sjóðnum viðhlítandi starfsgrundvöll í framtíðinni.

Á ýmsum stöðum á landinu byggist íþróttakennslan eingöngu á aðsendum kennurum. Því þykir rétt að hækka framlag til ferðakennslu í íþróttum um 20 þús. kr. Tveir aðrir liðir fjárveitinga til íþróttamála eru hækkaðir lítið eitt vegna aukins kostnaðar.

Íþróttasamband Íslands sótti um mjög verulega hækkun á ríkisstyrk. Ekki þykir fært að hækka styrkinn um nema 25 þús. kr., en það er talið sanngjarnt vegna aukins kostnaðar.

Eftir sama sjónarmiði er lagt til að hækka styrk til Skáksambands Íslands um 20 þús. kr., en starfsemi þess hefur farið mjög vaxandi. Bæði þessi samtök hafa mikilvægu uppeldis- og menningarhlutverki að gegna.

Við brottflutning náttúrugripasafnsins úr landsbókasafnshúsinu fær landsbókasafnið aukinn húsakost, sem er því mikil nauðsyn. Er gert ráð fyrir að koma handritasafni landsbókasafnsins fyrir í húsnæði þessu. En til þess að svo megi verða, þarf að kaupa sérstakar hirzlur undir það og gera ýmsar breyt. Munu þær framkvæmdir kosta um 700 þús. kr., og er lagt til að veita nú í þessu skyni 300 þús. kr. Vegna skekkju í grg til n. um málið hefur fjárveiting þessi verið sett með fjárveitingu til þjóðskjalasafnsins, en það mun verða leiðrétt fyrir 3. umr.

Vegna aukins útgáfukostnaðar hafa nokkrar fjárveitingar til bókaútgáfu verið hækkaðar lítið eitt, en þær upphæðir eru flestar svo litlar, að ekki er ástæða til að gera þær að umtalsefni frekar en gert er í nál.

Svo að segja árlega fjölgar þeim leikfélögum, tónlistarskólum og lúðrasveitum, sem fá styrk í fjárl. Er hér um hina nýtustu starfsemi að ræða, sem rétt er að glæða, og fjárveitingar til hennar nema ekki háum fjárhæðum. Hins vegar er nauðsynlegt, að nokkurt aðhald sé að þeim, sem styrks njóta, og er því æskilegt, að menntmrn. gangi ríkt eftir því, að starfsskýrslum sé skilað, svo sem gert er ráð fyrir í fjárl., og fjvn. árlega gerð grein fyrir starfsemi þessara aðila. Tónlistarskólarnir hafa hér nokkra sérstöðu, og er alltaf verið að sækja á með hækkun á styrk til þeirra. N. hefur ekki talið sér fært að standa gegn nokkurri styrkhækkun til tveggja skóla, sem halda uppi kostnaðarsamri tónlistarkennslu og eiga við mikla fjárhagsörðugleika að stríða. N. gerir sér hins vegar grein fyrir því, að engin vissa er fyrir, að eðlilegt hlutfall sé í styrkveitingum til hinna ýmsu tónlistarskóla miðað við starfsemi þeirra. Er því mikil nauðsyn að taka fjárveitingar til tónlistarkennslu til heildarendurskoðunar fyrir næsta þing og reyna að finna fastar reglur fyrir styrkveitingum til tónlistarskólanna.

Skv. grg. eftirlitsmanns með byggingum ríkisins er óumflýjanlegt að verja 100 þús. kr. til viðgerðar á húsi listasafns Einars Jónssonar.

Rétt þykir að hækka um 20 þús. kr. styrk til kristlegrar æskulýðsstarfsemi. Alþ. hefur nú til meðferðar frv. um sérstakan æskulýðsprest, og má ætla, að æskulýðsstarfseminni verði gefinn æ ríkari gaumur af kirkjunni, og er það vel, því að á þeim vettvangi hefur kirkjan mikilvægu hlutverki að gegna.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands um 260 þús. kr. Er ástæðan sú, að niður er felld í frv. fjárveiting sú, sem um nokkurra ára bil hefur verið í fjárl. til svokallaðra sýningarreita í jarðrækt. Var upphaflega ætlunin, að þær tilraunir stæðu aðeins nokkur ár, en tilraunaráð jarðræktar telur nauðsynlegt að halda tilraunum áfram vegna nauðsynlegra athugana á jarðvegi í sambandi við áburðarnotkun. Verður að fallast á það sjónarmið, því að rannsóknir og leiðbeiningar um rétta notkun áburðar eru eitt af veigamestu undirstöðuatriðum í landbúnaði. Tilraunareitirnir eru nú miklu færri en í upphafi og því ekki þörf sömu fjárveitingar. Þá hefur af fjárveitingunni undanfarin ár einnig verið kostuð útgáfa fræðslurita og kvikmyndir. Hefur fjárhagsnefnd búnaðarþings talið viðunandi lausn á málinu að fá 260 þús. kr. fjárveitingu, og þar sem gera má ráð fyrir, að þessari starfsemi verði haldið áfram næstu ár, þykir eðlilegast að veita féð beint til Búnaðarfélags Íslands.

Fjárveitingu til sjóvarnargarða er óumflýjanlegt að hækka um 213 þús. kr., og að fengnu áliti vegamálastjóra er lagt til að verja 170 þús. kr. til þess að koma í veg fyrir landbrot af völdum Ytri-Tunguár í Hörgárdal og Kotár í Öræfum, gegn því, að hlutaðeigandi bændur greiði 1/8 hluta kostnaðar.

Við endurskoðun fjárlfrv. var ekki hækkuð fjárveiting til haf- og fiskirannsókna. Fjárveiting þessi mun að mestu notuð til þess að greiða skipaleigu, sem hækkar allverulega vegna efnahagsaðgerðanna. Þykir því nauðsynlegt að hækka fjárveitinguna um 225 þús. kr., til þess að þessar mikilvægu rannsóknir þurfi ekki að dragast saman.

Námskeið þau, sem Fiskifélag Íslands hefur efnt til að undanförnu til þess að kenna meðferð asdic-tækja, hafa gefið góða raun og sjálfsagt að halda þeim áfram, því að rétt meðferð tækja þessara hefur mikil áhrif á aflabrögð. Er því lagt til að verja í ár nokkru fé til námskeiða þessara.

Nokkur hækkun er gerð á fjárveitingu til iðnaðarmála. Aukin eru framlög til iðnskólabygginga um 200 þús. kr., og lagt er til að bæta Iðnaðarmálastofnun Íslands tekjumissi, er hún verður fyrir vegna niðurfellingar á erlendu framlagi til stofnunarinnar, sem hún hefur notið undanfarið. Veigamesta hækkunin er þó hækkun á framlagi til iðnlánasjóðs í 2 millj. kr. úr 1377 þús.

Núverandi iðnmrh. skipaði fyrir nokkru n., sem m. a. fékk það verkefni að gera till. um frambúðarlausn á fjármálum iðnlánasjóðs. Sem einn þátt þess máls hefur n. lagt til, að árlegt ríkisframlag til sjóðsins yrði 2 millj. kr. Hefur fjvn. talið rétt að taka upp þá till. Iðnlána-

sjóður er eini stofnlánasjóður iðnaðarins, og það er brýn nauðsyn að gera sjóðnum kleift að sinna því hlutverki á viðunandi hátt. Fjárhagur sjóðsins hefur verið svo þröngur, að hann hefur ekki verið þess umkominn að veita nema smálán. Úr þessu þarf að bæta og reyna að tryggja sjóðnum árvissar tekjur.

Um nokkurra ára bil hefur verið starfandi sérstök vörusýninganefnd, sem var sett á laggirnar 1954 fyrir forgöngu þáv. iðnmrh. Er hér um að ræða nokkurs konar samvinnunefnd ýmissa samtaka framleiðenda, sem á að skipuleggja þátttöku Íslendinga í vörusýningum erlendis. Ýmsir þessir aðilar leggja fram árleg framlög, en talið er nauðsynlegt, að ríkið leggi einnig nokkuð af mörkum, og er því lagt til að veita 50 þús. kr. til þessarar starfsemi. Kynning íslenzkra framleiðsluvara á alþjóðlegum vörusýningum er hin mesta nauðsyn, og aðrar þjóðir verja miklu fé til slíkrar kynningarstarfsemi.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans um 100 þús. kr. Hefur deildin mikinn áhuga á að efla ýmsa rannsóknarstarfsemi. Telur n. rétt að koma nokkuð til móts við óskir iðnaðardeildar í þessu efni, því að rannsóknarmálunum hefur alls ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum.

Undanfarin tvö ár hafa verið veittar samtals 300 þús. kr. til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum gegn a. m. k. jafnháu framlagi Vestmannaeyjakaupstaðar. Vatnsöflun í Vestmannaeyjum hefur lengi verið mikið vandamál, enda vatnsþörfin mikil vegna fiskiðjuveranna. Boranir hafa reynzt árangurslausar. Þær sérstöku ráðstafanir til vatnsöflunar, sem gerðar hafa verið síðustu árin, hafa borið allmikinn árangur, en kostnaðarsamar aðgerðir þarf enn til þess að geta hagnýtt vatnið. Þykir sanngjarnt að veita enn fé í þessu skyni, því að hvergi annars staðar á landinu mun vera um sambærilegt vandamál að ræða hvað vatnsöflun snertir.

Skv. l. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði allt að helmingi kostnaðar við boranir eftir heitu vatni. Hafa sumum verið greiddar verulegar fjárupphæðir á grundvelli þessarar heimildar. Undanfarin ár hefur verið unnið að jarðhitaborunum í Ólafsfirði fyrir um 350 þús. kr., en engin greiðsla fengizt frá ríkissjóði. Er nú lagt til að greiða Ólafsfjarðarkaupstað 85 þús. kr. upp í þennan kostnað.

Björgunarfélag Vestmannaeyja er merkur brautryðjandi í björgunarmálum hérlendis. Eru á þessu ári 40 ár frá stofnun þess. Eftirlitsskipið Þór var 1920 keypt hingað til lands fyrir forgöngu þess, og félagið greiddi meginhluta andvirðis skipsins. Með tilkomu Þórs hófst skipulegt eftirlit með bátaflotanum og björgunarstarfi við strendur landsins, og með komu þess tóku Íslendingar í fyrsta sinn gæzlu landhelginnar í eigin hendur. Alla tíð síðan hefur björgunarfélagið annazt framkvæmd allra björgunarmála í Eyjum, og björgunartæki öll í þessari miklu verstöð hafa verið keypt fyrir fé, sem félagið hefur safnað. Með hliðsjón af þessari merkilegu starfsemi þykir sanngjarnt að veita nú félaginu 200 þús. kr. framlag til björgunartækjakaupa.

Lagt er til að veita 6 félagasamtökum nokkra byggingarstyrki vegna byggingar mikilvægra og þjóðnýtra stofnana, sem þessir aðilar eru að koma upp. Styrkir þessir eru allir svo lágir, að þar er nánast um viðurkenningu að ræða, en framlögin ættu þó að geta leyst nokkurn vanda. Nema byggingarstyrkir þessir samtals 315 þús. kr.

Þá er lagt til að veita landssambandi fatlaðra 25 þús. kr. rekstrarstyrk. Eru nú í þeim samtökum 8 félög með um 600—700 meðlimi. Í því sambandi er rétt að leggja áherzlu á nauðsyn þess, að n. sú, sem kjörin var skv. ályktun síðasta Alþ. til þess að athuga málefni öryrkja, ljúki sem fyrst störfum.

Athugun á 18. gr. mun að venju bíða 3. umr., en lagt er til að veita nokkra uppbót á eftirlaun eftirlaunaþega, sem búa erlendis. Voru það á s. l. ári 11 manns, flest ekkjur. Mundi gengisbreyt. að öllu óbreyttu rýra mjög kjör þessa fólks.

Lagt er til að veita sömu fjárveitingu og s. l. ár til framkvæmda á Hvanneyri. Rannsókn verkfræðings hefur leitt í ljós, að leggja þarf í sumar nýja vatnsleiðslu að skólanum. Mun sú framkvæmd kosta 500—600 þús. kr.

Þá er lagt til að veita 250 þús. kr. til framkvæmda við hjúkrunarkvennaskólahúsið. Húsið er hálfkarað, og stendur það skólanum mjög fyrir þrifum að geta ekki gengið sómasamlega frá húsakosti og kennsluaðstöðu.

Tvær till. flytur n. um breyt. á 22. gr. Er önnur um heimild til sölu á sjóflugskýli flugmálastj. á Ísafirði, en sjóflug þangað er nú að falla niður, og er því engin þörf fyrir skýlið. En hin er um hækkun á ábyrgðarheimild vegna skipasmíðastöðvanna til fyrirgreiðslu skipasmíði innanlands.

Loks er tekin upp ný gr., þar sem ríkisstj. er veitt heimild til þess að greiða allt að 20% uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði alþm. og lífeyrissjóði ljósmæðra og enn fremur á greiðslur skv. 18. gr. fjárl. Má þó eigi greiða neinum lífeyrisþega meira en 500 kr. á mánuði. Uppbætur þessar eiga ekki að greiðast þeim, sem njóta bótahækkunar almannatrygginga. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði þetta í heimildarformi, vegna þess að í framkvæmd getur verið rétt að hafa uppbætur þessar mismunandi háar eða að þær greiðist ekki á lífeyri og eftirlaun, sem samanlagt nema fullum launum.

Við prentun fjárlfrv. hefur 24. gr. fallið niður af vangá, en það leiðir af eðli málsins, að ákvæði hennar þurfa að vera í fjárl.

Ég hef þá rætt hér frá ýmsum hliðum brtt. við gjaldabálk frv. Mun ég nú víkja að brtt. meiri hl. n. við tekjubálk frv. Á þær till. vildu fulltrúar Framsfl. og Alþb. í n. ekki fallast.

Við samningu tekjuáætlunar fjárl. er jafnan

við tvennt að styðjast, afkomu s. l. árs og horfur um gjaldeyristekjur og skatttekjur almennings á komandi fjárhagsári. Vegna verðbólguþróunarinnar hefur á undanförnum árum jafnan verið erfitt að gera sér rétta grein fyrir tekjuhorfum. Hafa bæði tekjur og gjöld ríkisins farið fram úr áætlun og það oft svo að mjög háum fjárhæðum hefur numið. Árið 1957 var nokkur greiðsluhalli, 1958 aftur nokkur greiðsluafgangur, og 1959 stóðust tekjur og gjöld á. Var líka þá gengið mjög langt í tekjuáætlun fjárl. Vegna hinna miklu breyt. í efnahagskerfinu, sem ljóst er að efnahagsaðgerðirnar nú munu hafa í för með sér, er meiri óvissa í þessu efni en oft áður. Þar sem eitt meginatriði efnahagsaðgerðanna er að koma jafnvægi á utanríkisviðskiptin, verður að ganga út frá því, að innflutningur minnki allverulega, því að ella hlýtur gjaldeyrishallinn að aukast og efnahagsaðgerðirnar ekki að ná tilgangi sínum. Þótt fengnar hafi verið háar yfirdráttarheimildir erlendis, þá er þeim aðeins ætlað að mæta árstíðabundnum sveiflum og mega ekki verða að föstum lánum. Samin hefur verið sundurliðuð greiðslujafnaðaráætlun, miðað við þær gjaldeyristekjur, sem líklegt er að verði til ráðstöfunar skv. gjaldeyrisáætluninni, og eru þá meðtaldar 417 millj. kr. í erlendu lánsfé á núv. gengi reiknað. Verða ekki til ráðstöfunar til almenns vöruinnflutnings nema rúmir 2.2 milljarðar króna eða 960 millj. kr. á eldra gengi, miðað við 1 milljarð og 113 millj. kr. 1958 og 1 milljarð og 174 millj. kr. 1959. Er því hér um allverulegan samdrátt innflutnings að ræða, sem ætla má að valdi ríkissjóði miklum tekjumissi, því að minnkandi innflutningur hlýtur að koma illa við hátollavörur, þar eð nú verður ekki lengur fylgt þeirri reglu að láta þær sitja í fyrirrúmi.

Við þessar horfur hlýtur að verða að miða tekjuáætlun ríkissjóðs, annað væri óverjandi. Það kann að vera, að fyrst í stað verði innflutningur óeðlilega mikill vegna aukins verzlunarfrelsis, en ef efnahagsráðstafanirnar fá að verka, mun eðlilegt jafnvægi fljótt nást. Væri það auðvitað hið mesta glapræði, ef útgjaldaáætlun fjárlaga nú væri við það miðuð, að gengið yrði á gjaldeyrisvarasjóð þann, sem yfirdráttarheimildirnar tryggja okkur. Þá væri beinlínis fyrir fram verið að eyðileggja árangur efnahagsaðgerðanna. Tillögur um slíka afgreiðslu fjárlaga er því miður ekki hægt að kalla annað en hrein skemmdarverk.

Í till. meiri hl. fjvn. er lagt til að hækka áætlaðar tekjur af núgildandi gjaldstofnum ríkisins og væntanlegum söluskatti um 20 millj. kr. Eru þá allir tekjustofnar settir í hámark, miðað við greiðslujafnaðaráætlunina og væntanlegar tekjur af beinum sköttum, með hliðsjón af fyrirhugaðri lækkun tekjuskatts. Við samningu tekjuáætlunar þeirrar, er lögð var til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga 1959, voru 15 millj. kr. ætlaðar fyrir umframgreiðslur, en nú er enn naumar skorið. Það er því ekki með nokkurri skynsemi hægt að áætla tekjurnar hærri en gert hefur verið. Verði útkoman önnur, koma til atvik, sem ekki er hægt að reikna með í dag.

Lagt er til að áætla tekjur af einkasölum ríkisins 15 millj. kr. hærri en í frv. er gert. Tekjuáætlun tóbakseinkasölunnar á að vera hægt að hækka um 3 millj. kr. án verðhækkunar á tóbaksvörum af þeim sökum, en verð áfengis mun þurfa að hækka um allt að 10% umfram áhrif gengisbreytingar til að skila áætluðum tekjum.

Brtt. meiri hl. n. og þær till., sem n. öll stendur að, leiða til tæplega 1.8% hækkunar á útgjöldum ríkisins, miðað við fjárlfrv. Hygg ég naumast vera auðið að sýna meiri hófsemi í útgjaldaaukningu, miðað við þær miklu fjárkröfur, sem fjvn. hefur staðið andspænis. Hvorki n. í heild né einstakir hlutar hennar bera fram till. um niðurskurð ríkisútgjalda. Ég skal taka fram, að á þskj., sem ég var að sjá hér áðan, nál. 2. minni hl. n., mun vera einhver tillaga í þessa átt, sem mér sýnist harla óraunhæf, en mun víkja að henni aftur síðar í umr. Hins vegar má fullyrða, að till. n. leiða ekki til neinnar útþenslu í ríkiskerfinu, og má í því sambandi benda á, að n. hefur ekki gert till. um neina fjölgun ríkisstarfsmanna umfram þegar gerðar ákvarðanir, ef undan er skilinn einn veðurfræðingur, sem talið er nauðsynlegt að ráða, vegna þess að eldri menn eru að hætta störfum á næstunni. Vantar þó ekki, að margar óskir hafi verið bornar fram við nefndina um heimild til að ráða nýja starfsmenn í ýmsar stofnanir.

Á einum mánuði verða ekki samdar raunhæfar till. um niðurskurð rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Margar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt á undanförnum árum, vafalaust allar af góðum hug, en árangur næsta lítill. Við skulum að vísu ekki loka augum fyrir því, að starfsmannahald mun hér á mörgum sviðum vera mun minna en hjá sambærilegum stofnunum erlendis. En lítil þjóð verður líka að sníða sér stakk eftir vexti. Því miður er aftur á móti sparnaður og nýtni í ríkisstofnunum og umgengni við ríkiseignir og ríkisfé áreiðanlega á lægra stigi hér en víða annars staðar. Bifreiðar ríkisins eru notaðar í einkaþarfir, frímerki ríkisstofnana á einkabréf og þar fram eftir götunum. Mönnum kunna að finnast þetta smámunir, en hætt er við, að meðferð á ríkisfé á öðrum sviðum sé þá einnig ábótavant. Með þessum orðum er ég ekki að halda því fram, að opinberir starfsmenn séu ekki yfirleitt grandvarir og heiðarlegir. En hér er því miður um að ræða allt of almennt viðhorf til ríkisfjármuna og opinberra eigna.

Einn þáttur þessa viðhorfs er það, hversu menn telja yfirleitt sjálfsagt, að allir geti gengið í ríkissjóð og sótt þangað fé til allra hluta. Þetta viðhorf þarf að breytast, ef hægt á að vera að spyrna við fótum og hverfa af braut síhækkandi ríkisútgjalda og þar af leiðandi hækkandi skatta. Eigi sparnaður í ríkisútgjöldum að verða raunhæfur, verður að undirbúa ráðstafanirnar vel. Það er t. d. ekki nóg, að fjvn. samþ. að skera niður útgjöld

til stofnunar, ef starfsmönnum er ekki fækkað eða útgjöld raunverulega dregin saman. Hæstv. fjmrh. benti einmitt réttilega á þessa staðreynd í framsöguræðu sinni með fjárlfrv. Hann vék þar að nauðsyn þess að reyna að skera niður ríkisútgjöldin og drap á nokkur atriði í því efni, sem hann hefði til athugunar. Þess er fastlega að vænta, að þeim athugunum verði haldið áfram af fullum krafti og einurð, svo að næstu fjárlög geti borið þess merki.

Það er engum efa bundið, að á ýmsum sviðum má spara töluvert í ríkisrekstrinum með samfærslu og betra skipulagi á vinnubrögðum. Því mega menn hins vegar ekki gleyma, að meginhluti útgjalda ríkissjóðs eru lögbundnar greiðslur til þjónustu, sem talið hefur verið nauðsynlegt að þjóðfélagið veiti þegnum sínum. Og það eru einmitt þessi útgjöld, sem mest vega í árlegum útgjaldaauka ríkissjóðs. Eigi að ná fram verulegum sparnaði, verða menn því að vera reiðubúnir til að skerða eitthvað þá þjónustu.

Utanríkisþjónustan og þátttaka í öllum greinum alþjóðlegs samstarfs er að verða of þungur baggi. Sendiráðin eru óþarflega mörg, og má ekki lengur dragast að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna með fækkun sendiráða fyrir augum. Jafnvel meðal stórþjóða er tekið að kvarta yfir útgjöldum til utanríkisþjónustu. Ég vil í þessu sambandi varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki gæti komið til greina að leita samstarfs við aðrar Norðurlandaþjóðir um að leggja niður öll sendiráð landanna innbyrðis, en fela í þess stað skrifstofum Norðurlandaráðs í hverju ríki þau störf, sem ekki er hægt að vinna í hinum föstu samstarfsnefndum og ráðherrafundum. Mál sem þessi þurfa auðvitað ýtarlega athugun, áður en hægt er að flytja um þau formlegar tillögur.

Ríkissjóður greiðir nú yfir 6 millj. kr. á ári í húsaleigu fyrir ýmsar ríkisstofnanir. Nauðsynlegt er að athuga, hvort ekki sé hægt að spara á þessu sviði með sameiginlegum byggingum fyrir fleiri stofnanir, og enn fremur er full þörf að fylgjast með því, hvort ýmsar stofnanir hafa raunverulega ekki meira húsnæði og íburðarmeira en þörf er á. Ýmsar ríkisstofnanir búa við slæman húsakost, en aðrar búa líka við íburð, sem vafasamt er að sæmi lítilli þjóð.

Nauðsynlegt er að endurskoða gildandi lagaákvæði um embættisbústaði. Víða mun ekki verða hjá því komizt að byggja yfir embættismenn ríkisins. En á þeim stöðum á landinu, þar sem verðgildi húsa er varanlegt, virðist mjög vafasamt, að ríkið sé að byggja embættisbústaði. Bústaðir þessir eru jafnan miðaðir við þarfir stórra fjölskyldna. Kemur hér til álita, hvort ekki eigi fremur að reyna að greiða fyrir því, að embættismenn þessir geti fengið lán til að byggja sjálfir.

Það á að vera meginregla við opinberar framkvæmdir að bjóða þær út til að tryggja sem ódýrust og hagkvæmust vinnubrögð.

Taka þarf til ýtarlegrar endurskoðunar og athugunar hina margvíslegu styrki, sem veittir eru árlega í fjárlögum til ýmissa hluta. Það vill því miður brenna við, að styrkveitingar, sem einu sinni eru komnar í fjárlög, verða þar óþarflega langlífar, þótt upphaflega hafi ekki ætlunin verið sú. Fjvn. hefur stundum gert tilraunir til þess að setja sér einhverjar reglur um ýmsar styrkveitingar. Hefur það gengið misjafnlega, og því miður verður það einnig að segjast, að ríkisstj. á hverjum tíma hafa ekki alltaf stutt þá viðleitni sem skyldi. Breytt stefna varðandi hinar ýmsu styrkveitingar verður að birtast í fjárlagafrv., þegar það er lagt fyrir þingið, því að reynslan hefur ótvírætt sannað það, að vonlítið er eða vonlaust fyrir fjvn. að leggja til að fella niður styrki, eftir að þeir eru inn í frv. komnir.

Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að taka eftirlaunagreinina til endurskoðunar. Mikið ósamræmi er í viðbótareftirlaunum þeim, sem þar eru veitt, og auðvitað er það miklu heilbrigðara að reyna að koma eftirlaunamálum starfsmanna ríkisins í það horf, að ekki sé eðlilegt að veita slík viðbótareftirlaun. Fjvn. hefur reynt að mynda sér reglur um veitingu þessara eftirlauna, en málið í heild er erfitt viðureignar.

Mörg önnur atriði mætti nefna, en ég læt hér staðar numið og vísa að öðru leyti til þeirra atriða, sem hæstv. fjmrh. nefndi í framsöguræðu sinni.

Þá er það og sérstakt viðfangsefni að endurskoða í heild alla uppbyggingu fjárlaga og ríkisreiknings. Varðandi ríkisútgjöldin í heild verður að hafa það í huga, sem ég hef að vikið áður í fjárlagaumræðum, að útgjaldaaukinn má aldrei vera meiri en nemur eðlilegri tekjuaukningu að óbreyttum skattstofnum, því að ella þarf stöðugt að leggja á nýja skatta. Fyrsta tilraun, sem gerð hefur verið til að finna þennan ramma, var gerð að tilhlutun sparnaðarnefndar, sem starfaði í fyrra. Var þá athugað, hvað ríkisútgjöld hefðu vaxið undanfarin ár, ef verðlag og kaupgjald hefði verið stöðugt. Nam meðalhækkun rekstrarútgjalda á ári tæpum 10%. Samsvarandi samanburður á tekjuhliðinni hefur ekki verið gerður enn, enda er sú athugun að ýmsu leyti erfiðari. En mér er nær að halda, að útgjaldaaukningin hafi verið töluvert of ör, þótt nokkur útgjaldaaukning sé eðlileg árlega vegna aukins fólksfjölda. Þessa viðmiðun er sérstaklega nauðsynlegt að hafa í huga, þegar stefnt er að jafnvægi í efnahagsmálum. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í mikilli hættu, ef ekki tekst að framkvæma þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera. Þeir menn, sem gegn þeim standa, taka á sig mikla ábyrgð gagnvart þjóðinni. Það er hins vegar ástæðulaust að óttast framtíðina, ef við aðeins lærum að viðurkenna staðreyndir og haga okkur eftir þeim. Við þurfum í bili að leggja nokkuð að okkur og draga úr framkvæmdahraðanum. En að fengnum traustum grundvelli undir efnahagskerfi okkar getum við haldið fram á leið til aukinna framfara og

velmegunar með enn meiri hraða en áður. Valið ætti ekki að vera erfitt, því að á hinu leytinu blasir við upplausn og atvinnuleysi. Heilbrigt efnahagskerfi, sem örvar til framtaks og framleiðslu, er það mark, sem nú verður markvisst að stefna að. Traust og varfærin stjórn fjármála ríkisins er mikilvægur þáttur efnahagskerfisins. Hallalaus ríkisbúskapur og þá um leið varfærnisleg og raunhæf afgreiðsla fjárlaga er sá hlekkur efnahagskerfisins, sem má ekki bresta. Í samræmi við þetta sjónarmið hefur meiri hl. fjvn. reynt að haga störfum sínum við afgreiðslu þessa fjárlagafrv.

Þess skal að lokum getið, að nokkur mál eru enn óafgreidd hjá nefndinni, þ. á m. breyt. á 18. gr., svo sem áður var að vikið. Till. samvinnunefndar samgöngumála um styrkveitingar til flóabáta og vöruflutninga munu ekki verða tilbúnar fyrr en við 3. umr.

Leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að fjárlfrv. verði samþ. við þessa umr. með þeim breyt., sem fjvn. í heild og meiri hl. n. leggur til að á því verði gerðar.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að taka það fram, að við fulltrúar Framsfl. í fjvn. höfum ekki nema gott að segja af persónulegum skiptum bæði við formann n. og aðra nm. Það, sem ég kann að segja um starfsemi fjvn. hér á eftir, verður miðað við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur lagt þeim til, en þeir ekki fundið upp persónulega.

Það er vitað mál, að fjárlögin eru jafnan spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem uppi er á hverjum tíma. Það er því auðvelt fyrir nm. í fjvn. að gera það upp við sig, þegar leiðir skilja. Þeir þurfa yfirleitt ekki að búa sér til ádeiluefnin, þau liggja fyrir og eru greinileg.

Á þessu Alþ. hefur það gerzt, að fjárlfrv. fyrir árið 1960 hefur verið gefið út í tveimur útgáfum. Skömmu fyrir kosningarnar, þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. mælti þá til þjóðarinnar, sagði hann þá sögu, að fjárlfrv. mundi verða lagt fram í byrjun Alþingis, þegar það kæmi saman að kosningum afstöðnum, og mundi það verða greiðsluhallalaust. Hann taldi, að þjóðin þyrfti ekki að kvíða neinu í fjármálum, vegna þess að spár um það hefðu verið í vondum huga til orðnar, en annað ekki. Það er því ástæða til að rifja þetta upp nú eða minnast þess fyrra frv. og þeirrar stefnu, sem það boðaði, þegar að fjárlagaafgreiðslunni kemur að þessu sinni, til þess að leita eftir skýringum fyrir því, hvers vegna frv., sem var þannig vel úr garði gert, eins og boðað hafði verið, og byggðist á góðri afkomu fjármálanna, var talið ónothæft hér á hv. Alþ. Ég mun samt ekki fara langt út í efnahagsmálin, en aðeins víkja að þessu.

Í framsöguræðu við 2. umr. fjárlaga 1959 komst hv. núv. formaður fjvn., 6. þm. Norðurl. e. (MJ), svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hann hafði lýst fjármálaástandinu:

„Var augljóst, að ekki var nema um tvo kosti að ræða: annaðhvort að ana enn lengra út í fen fjármálaöngþveitisins með nýjum, stórfelldum sköttum eða þá að freista að stöðva dýrtíðarskrúfuna og reyna að leiða þjóðina í jafnvægisátt. Samkomulag varð um stöðvunarleiðina á milli Sjálfstfl. og Alþfl.“

Það er nokkur ástæða til, þegar þetta er haft í huga, að undrun sæki að mönnum, þegar þeir standa frammi fyrir því fjárlfrv., sem hér er nú til afgreiðslu. Ég vil því í upphafi máls míns spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum, hver er ástæðan fyrir því, að hörfað var frá stöðvunarstefnunni. Hefur stöðvunarstefnan mistekizt svo herfilega, að hennar vegna sé þeirra aðgerða þörf, sem hér er verið að framkvæma nú í efnahagsmálum? Eða var hún aðeins notuð sem undirbúningur að því, sem nú er að koma fram? Það hefur ekkert komið fram hjá stjórnarliðum, sem gæti réttlætt það heljarstökk, sem þeir hafa stokkið í efnahagsmálunum. Í öllu, sem frá þeim hefur heyrzt um stöðvunarstefnuna, hefur því verið haldið fram, að hún hafi heppnazt vel, og ef það hefur verið rétt hjá þeim, að hún væri sú leið, sem ætti að fara, bar auðvitað að halda áfram á þeirri braut. Þeir höfðu fengið nokkra reynslu af framkvæmd hennar, og það aukna fylgi, sem Alþfl. fékk í s. l. kosningum, var út á hana. Þjóðin hafði fyrir sér orð forustumanna Alþfl. fyrir því, að þeir vildu halda áfram á þessari braut. Í því sambandi vil ég minna á ummæli úr ræðu hæstv. þáv. forsrh., Emils Jónssonar, en þau eru birt í Alþbl. 21. okt. Hann segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kosningarnar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári.“

Þetta sýnishorn læt ég nægja til þess að finna þeim orðum mínum stað, að stjórnarliðum bar skylda til að halda áfram á þeirri braut, sem þeir höfðu talið hina einu réttu, og áttu að ná meiri árangri á þeirri leið, ef nokkuð hafði áunnizt s. l. ár.

Hins vegar hefur það skeð, að við stöndum nú frammi fyrir þeirri staðreynd, áður en árið er liðið, frá því að þau orð voru töluð, sem ég las hér í upphafi, og nokkrir mánuðir eru liðnir, frá því að ummæli fyrrv. forsrh., sem ég vitnaði til áðan, voru sögð, að þá er sú stefna í algleymingi, sem formaður fjvn. talaði um í fyrra að væri að ana út í fjármálaöngþveiti.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrjast fyrir um það hjá stjórnarflokkunum, hver var tilgangur þeirra með stöðvunarstefnunni. Var það ætlunin í upphafi, að hún yrði jafnendaslepp og raun ber vitni um? Þeim stjórnarliðum hefur tekizt í skjóli þessarar stefnu að lækka kaupgjald í landinu um það, sem þeir höfðu áður knúið fram til þess að koma vinstri

stjórninni frá. Þeir notuðu þessa stefnu sér til framdráttar, meðan þeir voru að koma kjördæmabreytingunni í gegn og þannig að draga úr valdi fólksins úti um landsbyggðina. Þeim tókst að nota þessa stefnu sér til framdráttar í kosningunum í sumar, enda lofuðu þeir þá framhaldi hennar, svo sem ég hef nú greint. Í skjóli þessarar stefnu hefur fjársterkum aðilum tekizt að koma fjármagni sínu í stórbyggingar, sem greinilega má sjá hér í bænum að meira hefur verið byggt af á s. l. ári en áður. Ég spyr enn á ný: Var það tilgangurinn með verðstöðvunarstefnunni að koma því fram, sem ég hef hér lýst, og annað ekki?

Ef við berum saman niðurstöðutölur á fjárlfrv. nú og því, sem lá hér fyrir í upphafi þings, þá er fullkomin ástæða til þess að spyrjast fyrir um það: Hver er ástæðan fyrir þeirri stefnubreytingu, sem hér er á orðin og lofað var, sbr. ummæli fyrrv. forsrh., að haldið yrði?

Þegar fjárlfrv. fyrir árið 1959 var til 1. umr. hér á hv. Alþ., þá var meðal ræðumanna hæstv. núv. sjútvmrh., en niðurstöðutölur þess fjárlagafrv. voru þá 851 millj. Þá sagði hann þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni.“

Rúmum tveimur mánuðum eftir að þessi orð voru töluð tókst samstarf hjá núv. stjórnarliðum. Hæstv. sjútvmrh. gerðist þá forsrh. og tók forustu fyrir þessu samstarfi í fyrstu, svo sem kunnugt er. Hann hefur haldið því fram við þjóðina, að á því tímabili, sem hann stjórnaði, hafi verið verðstöðvun í landinu. Þessi hæstv. ráðh. situr nú samt í þeirri ríkisstj., sem leggur fram á hv. Alþ. frv. til fjárlaga, það hæsta, sem nokkurn tíma hefur þar sézt. Niðurstöðutölur þess eru 1464 millj. kr. og nú við 2. umr. tæpur hálfur annar milljarður. Ég spyr hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj.: Hvað er um þessa þróun að segja? Er hún ekki uggvænleg? Hvert stefnir hún? Er hér ekki stefnt greinilega í fullkomið óefni? Og hvernig stendur á því, að þessi þróun hefur átt sér stað undir hans handleiðslu og samstarfsmanna hans, einmitt á þeim tíma, þegar verðstöðvunarstefnan ríkti hér í landinu? Hver gat búizt við því, sem var viðstaddur fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári, að þessi leið blasti við á fjárlfrv. fyrir 1960?

Það, sem fyrst vekur athygli í sambandi við frv. til fjárl. fyrir 1960, það frumvarpið, sem notið hefur þeirrar velvildar hér á Alþ. að vera meðhöndlað eins og lagafrv., er það, að hvergi örlar á neinum sparnaðartill. hjá stjórnarliðum þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar þeirra um nauðsyn þess að draga úr kostnaði í ríkisrekstrinum. Það var fullkomin ástæða til að ætla, að nú yrði gengið fram í því að spara í ríkisrekstrinum, og vil ég nú finna þeim ummælum mínum stað.

Við 2. umr. fjárl. ársins 1959 sagði þáv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, þá er það sannfæring mín, að mikið megi niður færa og mikið megi spara í ríkisbákninu. Það hefur verið minnzt á utanríkismálin í þessu sambandi og minnzt á fækkun sendiráða. Á það atriði var líka minnzt í fyrrv. ríkisstj. Ég benti á það, að sú samfærsla og sá sparnaður, sem mér finnst að þar liggi beinast við og nauðsynlegt er að koma á, sé samfærsla hinna tveggja sendiráða, sem við höfum í París. Sú samfærsla er nauðsynleg, hún er sjálfsögð. En til þess að hún geti orðið raunveruleg og einhver sparnaður að henni, þarf að gera vissar ráðstafanir, sem þegar eru í undirbúningi og athugun hjá ríkisstj.“

Fleiri stjórnarliðar hafa tekið undir þetta sparnaðartal. T. d. sagði hv. 6. þm. Norðurl. e. í framsöguræðu sinni við 2. umr. fjárlaga í fyrra þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum t. d. sjálfsagt að fækka sendiráðum Íslands erlendis. En það getur naumast komið til framkvæmda fyrr en um næstu áramót og mundi því ekki spara útgjöld á þessu ári, svo að neinu næmi. Bæði þetta og ýmisleg önnur atriði er nauðsynlegt að undirbúa í sambandi við samningu næstu fjárlaga.“

Ég vona, að þau ummæli, sem þessi hv. þm. hafði hér áðan um þetta sama efni, falli ekki eins í gleymsku og hér hefur átt sér stað. Ekki skortir, að þeir hafi boðað sparnaðartillögur. En af hverju koma þær ekki? Hvað kom fram við athugun þá, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. boðaði að hún væri að framkvæma í fyrra í sambandi við sparnað og ég vitnaði hér til áðan? Hvað er um samdrátt í utanríkisþjónustunni? Utanríkisþjónustan hækkar þó um hvorki meira né minna en 8 millj. kr. á þessu ári. Hún kostar samkv. fjárlagafrv. um 22 millj. kr. Það er meiri fjárhæð en veitt er til forsetaembættisins, ríkisstj., allra ráðuneytanna, hagstofunnar, þjóðskrárinnar og ríkisfjárhirzlunnar. Ég spyr: Höfum við efni á þessu, og er þetta okkur nauðsynlegt? Við Framsóknarflokksmenn gerum ekki till. um að lækka þessa liði á útgjöldum fjárl. nú, vegna þess að það er ekki raunhæft fyrir þessi fjárlög. Og við höfum áður gagnrýnt þá fjárlagaafgreiðslu, sem byggð er á því að lækka áætlaðar tölur útgjalda, en fær ekki staðizt. Það var líka trú okkar, að stjórnarliðar mundu koma fram með till., sem væri byggð á undirbúningi framkvæmda, vegna þess, sem ég hef áður lýst. En við teljum, að hér megi ekki sitja við það eitt að tala um samdrátt, heldur verði að taka utanríkisþjónustuna til gagngerrar endurskoðunar með samdrátt í hug og megi ekki dragast lengur. Hér er komið svo langt á þeirri braut, að þjóðin hefur ekki efni á því að eyða í utanríkisþjónustuna meiri fjárhæð en í alla sína yfirstjórn.

Um annan sparnað mun ég ekki fara að ræða, enda er það nú svo, að mest tal um hann hefur verið meira og minna markleysa. Og ég vænti lítils af hæstv. ríkistj. í þessum efnum sem öðrum, a. m. k. meðan sparnaðar-

vilji hennar kemur fram í því að endurnýja Kvíabryggjuhælið, löngun til að ala upp minka og ætla að leggja niður ólaunaðar skattanefndir, en setja þess í stað upp dýrar skattstofur.

Þá vil ég víkja nokkru að afgreiðslu fjárlaga og vinnubrögðum fjvn.

Þegar hæstv. ríkisstj. var að fá greiðsluheimild til febrúarloka fyrir þingfrestunina fyrir jólin, var það dregið í efa, að sá tími mundi nægja til afgreiðslu fjárlaga, er þá var ætlaður. Það var rúmur mánuður. Í því sambandi fórust hæstv. fjmrh. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi hefur það komið fram, að það er talið of skammur tími, sem ætlaður er til afgreiðslu og meðferðar fjárlaga, þar sem ég ræddi um það hér um daginn, að einn mánuður ætti að nægja Alþingi, frá því að fjárlögin yrðu lögð fram og til endanlegrar afgreiðslu, og ég stend við það.“

Ég vil í fullri vinsemd segja hæstv. ráðh. það, að enn þá er í heiðri haft spakmælið, að „hægra er að kenna heilræðin en halda þau.“ Það hefur ekki staðið á störfum fjvn., og ég tek undir það með formanni hennar hér áðan, að n. hefur unnið mikið og hefur þó verið beitt þar skynsamlegum vinnuaðferðum. Hins vegar hefur það sýnt sig, að það er alveg út í bláinn að ætla sér að afgreiða fjárlög á einum einasta mánuði, og eru slík vinnubrögð ekki til fyrirmyndar. Það hefur hins vegar sótzt seint, sem fjvn. hefur þurft að sækja til hæstv. ríkisstj. Tekjuáætlun fjárl. kom ekki frá ríkisstj. í hendur n. fyrr en eftir hádegi á laugardag eða á síðasta sameiginlegum fundi n. að þessu sinni. Ekki hefur tekizt að fá frá ríkisstj. sundurliðun á niðurgreiðslum á yfirstandandi ári eða hvort hún ætlar sér að bæta við, eins og heyrzt hefur með fóðurbæti og áburð, og hvernig fyrir því verði séð. Sömu sögu er að segja um fjárþörf vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum. Allt er í óvissu um fjárhæðir til þessara verka.

Við afgreiðslu síðustu fjárlaga voru gerðar margar tilraunir til þess að fá samþykktar tillögur um hækkun á framlögum til flugvallagerðar og flugöryggisþjónustu. Allar þessar till. voru þá felldar af meiri hlutanum hér á Alþ. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að fjárveiting til þessa verks hefur farið um 6 millj. kr. fram úr áætlun. Ekki hefur fengizt upplýst í fjvn., hvernig þessu fé hefur verið skipt. Þessi vinnuaðferð er vægast sagt mjög hæpin. Fyrst eru felldar hér á hv. Alþ. tillögur til hækkunar á þessum fjárlagalið. Síðan veitir ráðh. utan Alþ. álíka háa fjárhæð og veitt er samkv. fjárl. eða lítið eitt lægri, og látið er vera að upplýsa Alþ. um, hvernig fénu hafi verið skipt. Til hvers leiða svona vinnubrögð hjá ríkisstj.?

Þá er það að segja um upplýsingar vegna afkomu ársins 1959, að þær eru flestar eins og hafi verið með töngum teknar, þær sem n. hefur fengið. Þó hefur hún fengið bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs, og út af fyrir sig var ekkert um það að segja, þótt það væri ekki meira. Hins vegar hefur gengið treglega að fá upplýsingar um efnahagsþróunina 1959 að öðru leyti, og t. d. var ekki hægt að byggja tekjuáætlun fjárl. fyrir árið 1960 á þeim upplýsingum, er við í minni hl. a. m. k. höfðum fyrir árið 1959. Í því sambandi vil ég benda á það, að í nál. okkar hefur orðið prentvilla, þar sem yfirskriftin 1959 stendur, á að vera 1960.

Ekki tókst í fjvn. að fá tekjur ríkissjóðs af innflutningi 1958 umreiknaðar með núv. gengi, þó að óskað væri eftir því.

Þegar stjórnarliðar voru að mæla fyrir kjördæmabreytingunni á s. l. ári, nefndu þeir einn af kostum breytingarinnar, að meira samstarf yrði með þm. en ella og að þessi skipan tryggði betur sjónarmið kjósendanna yfirleitt. Þegar farið var að starfa að málum hér á hv. Alþingi eftir þessari nýju skipan, stóðum við framsóknarmenn ekki síður að því en aðrir að reyna að koma á einhverju samstarfi meðal þm. úr sama kjördæmi. En hvað skeði svo, þegar til framkvæmdanna kom? Því var lýst yfir af meiri hl. fjvn., að ef allir þm. væru á eitt sáttir um skiptingu á fjárhæðum til framkvæmda í kjördæmum, þá gerði meiri hl. þá till. að sinni. En hvernig var um framkvæmdina að öðru leyti? Till. frá einum af fimm þm. sama kjördæmis voru teknar fram yfir till. hinna fjögurra, og till. frá varaþm., sem hættur var störfum hér á hv. Alþingi, var metin meira en till. frá þm. kjördæmisins og metin meira en till. vegamálastjóra í þessu tilfelli. Í öðrum tilfellum voru málin, er ekki höfðu verið útrædd af þm. viðkomandi kjördæmis, tekin til afgreiðslu í fjvn. án vitundar þeirra. Og út af því, sem hv. form. n. sagði hér um það, að sú stefna hefði verið upp tekin að veita fullar fjárveitingar t. d. til brúa, þá þótti samt ekki rétt að láta þær brýr ganga fyrir, sem áttu geymslufé fyrir helmingi verksins. Það kemur fljótlega í ljós, sem vitað var, að þetta samstarfstal var aðeins notað meðan verið var að koma kjördæmabreytingunni fram, en það var ekki í huga þeirra, sem að því tali stóðu, að það yrði, þegar til framkvæmdanna kæmi.

Eins og betur verður vikið að síðar, lögðum við fulltrúar Framsfl. fram brtt. í fjvn. um hækkun til vega, brúa og hafna. Þær voru allar felldar. En í þann mund sem störfum n. var að ljúka, komu stjórnarliðar fram með till. um 4 millj. kr. hækkun á 20. gr. fjárl. undir liðnum til atvinnu- og framleiðsluaukningar, og átti fjárveitingin að ganga til samgöngubóta á landi. Þessi nýmæli hæstv. ríkisstj. eru einn þáttur hennar til þess að draga málin úr höndum Alþingis til sín. Að vísu á n. að skipta þessu fé, en hún þarf ekki einu sinni að leita álits vegamálastjóra til framkvæmdanna, hvað þá alþm. Þessa aðferð nota stjórnarliðar til að gera sinn hlut betri. Þeir hafa meiri hl. í þessari n., og skipting þeirra á fénu þar verður ekki eins opinbert málgagn og fjárl. Hér er verið að meina þm. að gegna hlutverki sínu

sem fulltrúar kjördæmanna. Allt stefnir þetta á eina leið með framkomuna gagnvart Alþingi. Það er verið að gera hlut þess verri.

Þessar hugleiðingar um meðferð málsins í fjvn. mun ég láta nægja og snúa mér þá að tekjuhlið fjárlaga.

Eins og fram kemur í till. okkar framsóknarmanna á þskj. 182, gerum við brtt. við 2. gr. fjárl. Samkvæmt þeim upplýsingum, er okkur tókst að afla okkur, höfðu fjórir liðir á 2. gr. fjárl., þ. e. vörumagnstollur, verðtollur, innflutningsgjald og söluskattur, gefið af sama innflutningi og varð 1958, ef gengisbreytingin hefði þá verið komin til framkvæmda, 210.3 millj. kr. meira en stjórnarliðar ætla. Ég vil taka það fram, að við fulltrúar Framsfl. erum ekki fylgismenn þeirrar stefnu í afgreiðslu fjárl. að tefla á tæpasta vaðið með áætlanir, hvorki tekna- né gjaldamegin, eins og við gerðum grein fyrir við fjárlagaafgreiðslu árið 1959. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Samkvæmt okkar till. á að ráðstafa 80 millj. af þessum mismun. Hér við bætist, að hinn nýi söluskattur mun einnig gefa meiri tekjur en gert er ráð fyrir, því að sá samdráttur á innflutningi, sem hér er reiknað með, er óframkvæmanlegur, nema hér ríki hreint neyðarástand. Mér sýnist, að hér muni vera reiknað með 14—15% samdrætti frá innflutningnum 1958, og þar við bætist, að fólksfjölguninni er sleppt, sem mun þó vera milli 5 og 6%. Þá er það til viðbótar, að á þessu ári á samkvæmt þeirra sögn að gefa innflutninginn frjálsari en áður hefur verið. Trúi nú þeir, sem trúa vilja, ef það verður gert, að þá muni fyrsta afleiðing þess verða sú, að innflutningur dragist saman. Ég tel líka, að það hafi verið upplýst í fjvn., að innflutningsáætlunin, sem gerð hefur verið fyrir 1960, sé mjög í lausu lofti enn þá. Ráðuneytisstjórinn í efnahmrn. upplýsti, að það væri ætlað fyrir vöruinnflutningnum, sem væri afgangs af því, sem þeir höfðu hugsað sér að ætti að vera gjaldeyrisnotkunin á árinu, þegar búið var að taka til annarra þarfa. Hins vegar kom hann að því, að það færi svo, að á árinu 1960 yrði eitthvað notað af yfirdráttarheimildinni, sem hæstv. ríkisstj. hefur fengið, og það er þegar farið að nota hana, og það var ekki hægt að ráða af orðum hans, að sá innflutningur, sem þeir reiknuðu með, mundi standast. Hins vegar kom það fram hjá honum, að það væri nauðsynlegt að fá verulegan greiðsluafgang á árinu 1960 og þess vegna væri tekjuáætlunin gerð á þann hátt, sem hér er gert.

Þá er það með öllu óhugsandi fyrir okkur að áætla tekjur af tekjuskatti, þar sem ekkert liggur fyrir um það, hvaða breytingar muni verða gerðar á þeim lögum. Er farið heldur aftan að siðunum, ef frv. um breyt. á þeim tekjustofni liggur ekki fyrir, áður en fjárl. verða afgreidd.

Eins og ég hef tekið fram hér að framan, þarf að hafa varasemi um áætlun tekna á fjárl. En áætlanir hæstv. ríkisstj. ganga miklu lengra en það, eins og ég hef sýnt fram á. Það kemur óneitanlega dálítið broslega fyrir, þegar stjórnarliðar eru orðnir okkur fremri í varaseminni um áætlun tekna. Það hefur þó ekki verið þeirra stefna til þessa. Ég vil í því sambandi minna á ummæli hv. form. fjvn. úr framsöguræðunni fyrir fjárlagaafgreiðslunni í fyrra, en þá sagði hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er, að mjög rúm tekjuáætlun dregur úr aðhaldi fyrir fjmrh., og má sjá þess merki á mörgum sviðum á undanförnum árum. Hitt er þó e. t. v. verra, ef þessari löngun til þess að hafa slíkar umframtekjur verður að mæta með álögum á almenning."

Hvað er að gerast núna? Álögur á almenning, það skyldi þó ekki vera verið að leggja þær á þessa dagana? Nú streymir hvert frv. á fætur öðru inn á Alþingi með álögur á almenning, og samt má ekki gera tekjuáætlun fjárl. raunhæfari en raun ber vitni um.

Tekjuáætlun okkar framsóknarmanna er ekki það, sem blöðin segja í dag, að við séum að leggja nýjar álögur á þjóðina. Það annast stjórnarliðar, og þurfa engir að taka það verk að sér fyrir þá. Það, sem við leggjum til, er hins vegar, að Alþingi, en ekki ríkisstj., skipti meira af þeim tekjum, sem stjórnin ætlar sér að taka á þessu ári, til þess að uppbyggingin í landinu verði meiri. Það er það, sem við förum fram á. En tekjurnar taka þeir, hvernig sem uppstillingin verður. Það vita þeir sjálfir.

Um brtt. þær, sem fjvn. stendur öll að og frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, vil ég það segja, að við erum óbundnir um fylgi við einstakar till., þótt við fylgjum öðrum. Þar vil ég taka fram, að við stöndum óskiptir að till. til framkvæmda í skólabyggingum, bæði fjárveitingunni í heild og einstökum skólum, og höfum ekki undan neinu að kvarta í afgreiðslu þeirra mála, því að hún fór hið bezta fram. Aftur eru það aðrar till., sem við höfum lítinn áhuga fyrir, og hef ég í því sambandi áður nefnt hér Kvíabryggju, sem á sínum tíma reyndist ríkissjóði alldýr, og þau börn, sem alin voru upp eftir þeim leiðum, urðu dýrari en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Eins og ég gat um áðan, eru framlög til verklegra framkvæmda að okkar dómi allt of lág. Ef tekið er meðaltal af 5 ára rekstrarniðurstöðu fjárl. og greiðslum til niðurgreiðslna sleppt í dæminu, þá kemur í ljós, að framlög til vega og brúa hefðu á þessu ári átt að vera um 46 millj. kr., en eru um 34.5. Eins og þetta lítur út á fjárl. núna, er gert ráð fyrir minni hækkun en vegamálastjóri skýrði n. frá að verkin mundu hækka, því að þar var reiknað með 25—30% hækkun a. m. k., eftir að söluskatturinn er kominn til. Þó var þá reiknað með óbreyttu kaupgjaldi. Það er því ljóst, að minna vinnst fyrir fjárveitingarnar í ár en gerði s. l. ár, enda þótt fjárl. hækki á fimmta hundrað millj. kr. Hér við bætist, að tekinn hefur verið sérstakur skattur til ríkissjóðs af þeim, sem vegina nota, sem er gjald á benzín, og nemur það 14 millj. kr. Við mun-

um freista þess í till. okkar að leita eftir fylgi hv. þm. við þá till., að þetta nýja benzíngjald gangi til samgöngubóta á landi.

Hér á hv. Alþingi hafa verið fluttar till. um, að vegir yrðu gerðir úr steinsteypu. Ég tel mig muna það rétt, að tveir hæstv. núv. ráðh., hæstv. forsrh. og samgmrh., hafi komið þar við sögu. Ég veit ekki, hvenær við hefjum það verk, ef við leiðum það hjá okkur núna, þegar gengið er svo langt í skattaálögum á almenning, að manni finnst næstum því eins og það sé verið að skrúfa frá vatnskrana, þegar þessi álöguflóð streyma hér yfir.

Það gladdi mig stórum að heyra þann þm., sem flutti hér sína jómfrúrræðu í gær, lýsa fylgi sínu við aukið framlag til samgöngubóta. Við höfum nú kynnzt því áður hjá þeim hv. sjálfstæðismönnum, að þegar þeir hafa verið í kosningaham úti í kjördæmunum, þá hefur þeirra háttur verið sá, að of lítið hafi verið gert og meira mundi vera, ef þeir kæmu þar við sögu. Hins vegar hefur þetta verið annað, þegar inn á Alþingi hefur verið komið. En eftir því sem þessi hv. þm. talaði um, hve seint gengi á Austurlandi að koma samgöngumálunum áfram, þá vona ég, að ekki standi á honum til fylgis við þær till., sem við berum fram um þetta efni. Gæti þá farið svo sem mig grunar, að till. okkar til aukins framlags í samgöngumálum næðu hér fram að ganga. Bættar samgöngur eru þau lífskjör, sem fólkið úti um landsbyggðina þráir mest, og það á áreiðanlega erfitt með að skilja það, að sú ríkisstj., sem ver hálfri milljón til þess að endurnýja Kvíabryggjuheimilið, neiti því um veg fyrir Búlandshöfða eða brú á Norðurá, svo að dæmi séu nefnd.

Sömu sögu er að segja um hafnargerðir. Hafnarbætur eins og samgöngubætur eru undirstaða atvinnulífs landsbyggðarinnar. Fjárþörf þeirra er áætluð af vitamálastjóra um 40 millj. kr. á þessu ári, ýmist áfallin eða hugsuð framkvæmd. Miðað við meðaltal síðustu fimm ára ætti fjárveiting til þeirra að hafa verið nú um 17.2 millj. kr. í staðinn fyrir 13.4. Ekki getur hjá því farið, að áður en langur tími líður, verður að taka fjármál hafnanna til sérstakrar athugunar. Það er ómögulegt að láta fjárvana bæjarfélög og sveitarfélög standa undir vangreiddu ríkissjóðsframlagi auk þess hluta, sem þau sjálf þurfa að leggja fram til verksins. Till. okkar er aðeins miðuð við það eitt að halda í horfinu um framkvæmdagetu af fjárlagafé á þessu ári.

Eins og fram er tekið í nál. okkar, ætlumst við til, að fjvn. hlutist til um, að þessum viðbótarfjárhæðum, sem við gerum ráð fyrir að verði samþykktar eftir till. okkar, verði skipt af réttum aðilum, embættismönnum og þm., fyrir 3. umr.

Þá höfum við tekið upp í okkar till. hækkun á fjárveitingu til læknisbústaða og sjúkrahúsa. Fjárþörf þeirra mun vera nú um 5 millj. kr., áður en framkvæmdir á þessu ári eru komnar til. Við leggjum þó aðeins til að hækka þennan lið um 500 þús. kr. til þess að reyna að halda þar eitthvað í horfinu.

Þá gerum við till. um að hækka framlag til vélakaupa vegagerðar ríkisins, en eins og kunnugt er, er mikil þörf á því, að þetta framlag verði hækkað.

Eins og fram kom hér í ræðu formanns fjvn., er fjárþörf íþróttasjóðs mikil og hefur farið vaxandi. Við gerðum till. um það á Alþingi í fyrra, að þetta framlag yrði hækkað þá í 2 millj., og í samræmi við það leggjum við nú til, að það fari upp í 2.5 millj. kr. Ég tek undir það með formanninum, að nauðsyn ber til að taka þau mál til endurskoðunar og reyna að koma þeim á fastari grundvöll.

Kirkjubyggingasjóður hefur haft aukafjárveitingu nú þrjú síðustu árin, sem hefur verið 325 þús. kr. Fjárþörf þessa sjóðs er mikil, og fólk leggur hart að sér til þess að koma kirkjubyggingum áfram. Nú er gert ráð fyrir því, að þessi fjárveiting falli niður og þar með verði stuðningur ríkisins minni, þrátt fyrir hið háa fjárlfrv., heldur en áður hefur verið. Við leggjum nú til, að þessi fjárhæð fái að haldast eða verði 850 þús. kr.

Vélasjóður fór fram á það að fá hækkað framlag vegna stofnkostnaðar og endurbóta á verkstæðishúsi, sem nú er starfað að, svo að viðunandi starfsskilyrði yrðu þar til staðar. Við viljum taka undir þessa till., enda hefur stofnunin sýnt, að þetta fyrirtæki er hið mesta happafyrirtæki, og gert reksturinn mun betri. Till. okkar er þar 650 þús. kr.

Á fjárl. 1959 var felldur niður styrkur til kaupa á jarðræktarvélum, svo sem kunnugt er. Þá var því haldið fram, að ástæðan væri sú, að geymd fjárveiting væri til þess að mæta þörfinni á árinu 1959. Nú er þetta fjármagn þrotið, og við leggjum til, að liðurinn verði tekinn upp að nýju og verði 3 millj. kr. Hæstv. landbrh. mælti með því í n., að þessi fjárveiting yrði tekin upp.

Verkfæranefnd ríkisins sótti um að fá fjárveitingu til húsbyggingar og áhaldakaupa. Kunnugt er, að hún hefur ekki þak yfir höfuð sér eða þá starfsemi, sem hún rekur, og nýtur þar aðeins góðvilja annarra. Við freistum þó ekki að taka upp till. um húsbygginguna á þessu ári, en viljum hins vegar mjög mæla með því, að henni verði veitt 50 þús. kr. fjárveiting til áhaldakaupa. Mér er kunnugt um það, að n. hefur þegar gert ráðstafanir til þess að fá sér eitt slíkt tæki, sem hún þarf að nota til sinnar starfrækslu, en verður að hætta við kaupin, ef þessi fjárveiting fæst ekki.

Hv. frsm. meiri hl. tók það fram hér áðan, að ýmsir liðir, sem felldir voru niður eða niður skornir á árinu 1959, hefðu nú verið teknir upp á þetta fjárlfrv., og nefndi þar framlagið til nýrra raforkuframkvæmda. Taldi hv. formaður, að það hefði ekki verið þörf á þessari fjárveitingu s. l. ár. Ég er á annarri skoðun. Mér sýnist, að það hafi verið fullkomin þörf á fjárveitingunni einmitt árið sem leið, því að framkvæmdir í raforkumálum munu þá

hafa verið með allra minnsta móti og mun minni en gert var ráð fyrir. Það er hins vegar ánægjulegt, þegar menn sjá sig um hönd og taka það til baka, sem þeir höfðu áður niður fellt, eins og hér var gert. En hér er samt of skammt gengið. Við höfum ekki getað fengið upplýsingar um það í fjvn., hve mikið fjármagn raforkuframkvæmdirnar hefðu á yfirstandandi ári. Það var eitt af því, sem var hulið. En ljóst er það samkvæmt því, sem við vitum bezt um þá hluti, að sú fjárveiting, sem hér er gert ráð fyrir, mun hrökkva skammt. Við leggum því til, að báðir liðirnir, til raforkusjóðs og til nýrra raforkuframkvæmda, verði hækkaðir nokkuð verulega.

Lítil fjárveiting hefur verið á fjárl. um langt skeið til vatnsveitna, 600 þús. kr. Þessi tala fékk ekki náð fyrir augum fyrrv. ríkisstj., og það var talið hyggilegt að taka 5% þar af. Hún hefur ekki heldur fengið náð fyrir augum núverandi ríkisstj. Jafnvel þótt þeir ætli ekki að skattleggja neyzluvatn, eins og tekið er fram í frv. um söluskatt, þá vilja þeir samt veita litla aðstoð, til þess að þeir, sem vatnsins þurfa að neyta, geti náð til þess. Þeir tóku þess vegna upp á fjárlfrv. sitt 570 þús. kr. í þessu skyni. Það liggur þó fyrir, að þörfin á þessu ári muni vera a. m. k. þrisvar sinnum meiri en hér er gert ráð fyrir, og er þá ekki tillit tekið til neinna verðhækkana. Leitað var eftir því í fjvn. að fá þessu breytt, en tókst ekki. En við flytjum þá till. okkar hér á hv. Alþingi með von um, að málið verði litið öðrum augum þar.

Byggingar og ræktun á jörðum ríkisins er einn af þeim fjárlagaliðum, sem hefur ekki fengið náð núv. hæstv. ríkisstj. Það lá fyrir í n., að eins og nú standa sakir var þörf fyrir 2.2 millj. kr. til bygginga og 250 þús. kr. til ræktunar. Ekki var þessi till. samt tekin upp af meiri hl. Þó er vitað, að auðvitað verður meiri þörf á þessu ári en hér er greint, þar sem þetta er aðeins miðað við það, sem fyrir liggur nú. Við leggjum þó til, að þessi fjárveiting verði tekin upp óbreytt eins og óskað var.

Þegar Framsfl. fór með fjármálastjórn ríkisins, lagði hann höfuðkapp á stuðning sinn við uppbyggingu atvinnulífsins og landsbyggðarinnar. Á þeim árum voru uppbyggingarsjóðir Búnaðarbankans, ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja, efldir mjög með aðstoð ríkisvaldsins, og mun það hafa aðstoðað þá um 80 millj. kr. Framsóknarflokksmenn í Ed. hafa lagt fram frv. til l. um, að þessari aðstoð verði haldið áfram. Við gerum ráð fyrir því, að það verði gert með því, að ríkið taki að sér að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum, sem þessir sjóðir hafa tekið og vitað er að þeir geta ekki risið undir, vegna þess að störf þeirra eru miðuð við það, að ríkið aðstoði við ræktun og uppbyggingu í landinu, og þeim því takmörk sett. Sjóðir þessir hafa starfað um áratugi og t. d. hefur ræktunarsjóður lánað nærri 11 þús. lán, sem nema um 280 millj. kr. Þessir sjóðir hafa verið sterkustu þættirnir eða með sterkustu þáttunum í uppbyggingu landsbyggðarinnar. Við treystum því fastlega, að hv. alþm. muni samþ. frv., sem við höfum lagt fram í Ed., og ætli því fjárveitingu til þess á fjárl. eða 13.9 millj. kr.

Byggingarframkvæmdir á viðbótarhúsnæði við landsspítalann hafa staðið yfir um nokkurt skeið. Er nú svo komið, að með auknu fjárframlagi á þessu ári mætti ná nokkrum áfanga í þeim. Um nauðsyn þess, að svo mætti verða, þarf ekki að ræða hér. Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að fremstu vísindamenn okkar á sviði læknavísinda búa við þau skilyrði að verða að framkvæma skurðaðgerðir úti á gangi eða á þeim stað, sem ætlaður var til að vera inngangur, og hafa ekki einu sinni stofu til fataskipta, hvað þá meir. Ef fjárveiting til framkvæmdanna verður ekki hærri en frv. gerir ráð fyrir, þá verður í ár stigið spor aftur á bak. Það er ekki samboðið þeim manndómi, sem einkennt hefur íslenzku þjóðina, að fara þannig að. Við leggjum því til, að þessi fjárveiting hækki um 2 millj. kr.

Þá leggjum við til, að hækkað verði framlag til flugvallagerðar á þessu ári og til þeirra verði varið 10.3 millj. kr., og verður það þó minni fjárhæð en til þeirra fór á s. l. ári. Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, að við höfum borið fram sérstakar skiptatill. á þessum lið, m. a. vegna þess, að sú skipting, sem samþykkt var frá meiri hluta fjvn., var okkur mjög á móti skapi. Hún er sem sagt með þeim hætti, að verulegum hluta fjárins er óráðstafað, aðeins geymt til þess að ríkisstj. geti ráðið, og margir staðir eru felldir niður, sem voru farnir að fá fjárveitingu til flugvallagerðar. Við höfum því lagt fram skiptatillögu og bætum þar á nokkrum nýjum flugvöllum. Ekki er á okkar till. og ekki heldur á till. meiri hl. getið um fjárframlag til Húsavíkurflugvallar. En það var upplýst í fjvn., að af liðnum, sem er um flugbrautalýsingu, mundi sá flugvöllur fá verulega fjárhæð, eða 150 þús., ef ég man rétt, og enn fremur mun vera ákveðið að veita fé þangað vegna talstöðva. Þess vegna gerðum við ekki tillögu um að hafa hann í okkar skiptingu. Hins vegar get ég endurtekið það, að við erum mjög mótfallnir þeirri stefnu, sem meiri hluti fjvn. tók, að láta eina milljón óráðstafaða af þessu fé.

Við leggjum einnig til, að framlag til sjúkraflugvalla verði hækkað, í samræmi við það, sem við lögðum til um hina flugvellina.

Þá höfum við og tekið hér upp till. um upphæðir þær, sem Fiskifélag Íslands fór fram á að veittar yrðu til síldarleitar, fiskrannsókna og leitar að nýjum fiskimiðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að síldveiðin er að meira eða minna leyti farin að byggjast á tækni, og hefur hún komið svo við sögu, að bjargað hefur verið síldveiðinni, a. m. k. síðustu ár, einmitt vegna þess. Fiskifélagið rökstuddi mjög vel, að þörf væri á þessu, t. d. benti það á það í sambandi við fiskimiðaleitina, að sú till., sem þeir gerðu um fjárveitingu, væri miðuð við 66 daga úthald

á leiguskipi, og var þá reiknað með sömu leigukjörum og þeir höfðu áður notið. Ef úr þessari fjárveitingu yrði dregið, eins og meiri hlutinn leggur til, sem er nærri helmingur frá tillögu Fiskifélagsins, þá verður fiskimiðaleitin lítil, þar sem vitað er, að 2/3 af úthaldstímanum fer í siglingar á milli staða. Árangur hefur orðið mikill af fiskimiðaleitinni, svo sem kunnugt er, og er því illa farið, ef ekki er hægt að verða við þessari hófsömu beiðni Fiskifélagsins í sambandi við þennan lið.

Þá sótti Fiskifélagið um framlög til síldarleitar og fiskrannsókna að fjárhæð 3.4 millj. kr., og gerum við það að okkar till. Það þarf ekki að eyða orðum að því, að síldveiðin byggist á þessu, eins og ég tók fram áðan, og þess vegna drögum við ekki í efa skilning hv. þm. á nauðsyn þess.

Einnig er sótt um, að fjárveiting til þess að gera tilraunir með síldveiðiaðferðir verði hækkuð í 2.5 millj. kr. Það hefur sýnt sig, að einmitt síldveiðiaðferðirnar eða sú breyting, sem á þeim hefur orðið, hefur orðið til þess að gera atvinnuveginn öruggari og jafnframt að draga úr útgerðarkostnaði. Þess vegna væntum við þess, að hv. Alþ. taki þessa till. okkar til greina.

Við leggjum einnig til, að framlag til fiskveiðasjóðs verði aukið úr 2 millj. í 6 millj. kr. Það er að vísu vitað, að tekjur fiskveiðasjóðs aukast vegna gengisbreytingarinnar, en fjárþörf hans vex þó meira vegna skipainnflutningsins og þess verðs, sem á þeim verður. Hann mun nú vanta um 30 millj. kr. til þess að geta sinnt þeim verkefnum, sem vitað er að fyrir liggja. Þessi till. okkar um fjárveitingu mun að vísu hrökkva skammt til þess að mæta því. En við viljum í tillögugerð okkar gera atvinnuvegunum, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, nokkur skil og mæta þörfum þeirra með skilningi, ekki sízt þegar nú er gengið svo langt í almennum álögum eins og sýnt hefur verið fram á. Þess vegna leggjum við einnig til, að framlag til iðnlánasjóðs verði hækkað í 3.5 millj. kr., og ég tek undir það með hv. form. fjvn., að fjárþörf þessa sjóðs er mikil og hún mun af völdum gengisbreytingarinnar fara mjög vaxandi.

Í till. okkar höfum við tekið upp hækkun á framlagi til atvinnu- og framleiðsluaukningar, en okkar hugsun hefur samt ekki verið sú, að það væri í sambandi við samgöngur á landi, eins og ég hef þegar skýrt frá. Við leggjum til, að þessi fjárhæð verði 17.5 millj. kr. eða 7½ millj. kr. hærri en hún var á s. l. ári og er á fjárlagafrv. nú. En í sambandi við það bentum við á það í fjárlagaafgreiðslunni í apríl í fyrra, að þessi 10 millj. kr. áætlun mundi ekki fá staðizt, ef það ætti að sinna þörfum þeirra, sem að atvinnuuppbyggingunni vinna, að einhverju leyti. Það hefur líka komið á daginn, að fyrrv. ríkisstj. gat ekki haldið þessu innan þess ramma, sem hún ætlaði sér. Hún mun hafa skipt um 15 millj. kr. í þessu skyni, og það er vitað mál eftir þær verðbreytingar, sem nú hafa á orðið, að ekki mun ganga betur að skipta 10 millj. í ár. Þessi fjárhæð, sem við leggjum til, er því við það miðuð, að þetta verði nokkuð svipuð fjárveiting og hún var hér 1957, og það mun sýna sig, þegar kemur fram á árið, að á þessa fjárhæð verður sótt og það af hreinni nauðsyn.

Fyrir Alþ. liggur nú till. til þál. um kaup á hentugu skipi til síldarrannsókna og síldarleitar. Væntanlega mundi slíkt skip sinna meira en síldinni einni og fiskileit og fiskirannsóknir kæmu þar einnig til. Við höfum gert það að till. okkar að taka upp sem fyrstu fjárveitingu í þetta skip 5 millj. kr., eins og fram kemur í þeim till., sem við flytjum.

Ég hef þá í stuttu máli gert grein fyrir þeim till., sem við flytjum, og þeirri stefnubreytingu, sem hefur orðið hér á hv. Alþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á það, vegna þess að að því var látið liggja í framsöguræðu formannsins, hv. 6. þm. Norðurl. e., að ástæðan til hækkunar fjárlaganna væri sú, að útflutningssjóður hefði verið lagður niður. Það rétta um það er, að fjárlögin nú hækka um 113 millj. kr. greiðslu til niðurgreiðslna umfram það, sem á síðustu fjárlögum var. Hækkun fjárlaganna vegna þess, að útflutningssjóður er niður lagður, er þetta. Annað samband er þar ekki á milli. Hækkun fjárlaganna er sú stefnubreyting, sem hér er verið að knýja fram í efnahagsmálum, sem sé, að það þarf að taka svo mikið af þjóðinni, að fátæktin verði hennar skömmtunarstjóri. Það kom greinilega fram í sambandi við innflutningsáætlunina, að það var einmitt þetta sjónarmið, sem þar var látið ríkja.

Ég hafði því miður lítinn tíma til þess að hlusta á ræður manna hér í gær, þó að það hefði bæði verið gagnlegt og gaman. En ég kom þó hér inn í d., þegar hv. 3. þm. Austf. (EinS) var að halda hér sína jómfrúræðu, og hann var þar í ræðunni, þegar hann sagði frá því, að þrátt fyrir það, þó að meðalið væri bragðvont og aðgerðin sár, þá mundi hann vilja undir aðgerðina ganga. Það hefur mikið verið rætt um það að undanförnu, að efnahagskerfi okkar væri helsjúkt. Margt hefur þar verið sagt rétt og annað hefur verið eftiröpun, eins og gerist og gengur. En þegar ég hlustaði á þessa frásögn eða þennan samanburð hv. þm., þá kom mér í hug það, sem mér var sagt eftir einum borgara hér í bænum nú fyrir stuttu, þar sem hann var á fundi og var verið að ræða um aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Þar hefur auðvitað verið búið að ræða mikið um hið helsjúka ástand og nú þyrfti að skera fyrir meinsemdina. Þá sagði þessi borgari: Hér er þannig að farið eins og læknir gengi að sjúklingi, sem hann teldi að hefði meinsemd, og hann væri ákveðinn í því að fjarlægja meinsemdina, en hirti ekki um það, þó að það kostaði sjúklinginn lífið. Mér sýnist, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum séu byggðar á því, að það sé ekki hirt

um það, þó að efnahagskerfið í heild þoli þær ekki. Vel má vera, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér, áður en illa fer, en ekki spáir góðu það, sem komið er.

Þegar við skiluðum nál. okkar, fulltrúar Framsfl., við fjárlögin 1959, þegar stöðvunarstefnan ríkti hér á hv. Alþ. og allar till., sem gengu í aðra átt, voru fordæmdar, þá sýndum við fram á það með rökum, að þessi stefna, eins og hún var þá farin, mundi ekki leiða til þeirrar stöðvunar á verðbólgu, sem fulltrúar stjórnarflokkanna töluðu um. Ég vil því — með leyfi hæstv. forseta — minna á það hér á hv. Alþ., sem við sögðum í niðurlagi þess nál., en það var svo:

„Með þessari afgreiðslu efnahagsmála er til þess stofnað, að þegar dregur að lokum ársins, rís geigvænleg verðbólga. Því fer svo víðs fjarri, að ráðstafanir núv. ríkisstj. séu heilbrigðar aðgerðir gegn þeirri óheillaþróun. Þær geta ekki meira en ef þær geta það, eins og til virðist ætlað, að skapa svikalogn, sem boðar meira óveður eftir stutta stund en nokkru sinni fyrr."

Það er einmitt þetta, sem hefur gerzt, svikalognið, sem skapað var í efnahagsmálunum 1959, er orðið að óveðri nú, og það er ekki séð, hvert það kann að bera þjóðarskútuna.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil að hætti þeirra frsm. úr fjvn., sem hér hafa talað á undan mér, hefja mál mitt á því að þakka formanni fjvn. og fjvn.-mönnum gott samstarf í n., sem þrátt fyrir verulegan skoðanaágreining um marga hluti hefur verið hið ákjósanlegasta.

Þeir óvenjulegu atburðir gerðust í upphafi þessa þings í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að litlu eftir að fjárlagafrv. hafði verið útbýtt til þm., reis upp hæstv. fjmrh. úr sæti sínu og tilkynnti það, að þetta fjárlagafrv. yrði ekki tekið til neinnar afgreiðslu í þinginu, heldur mundi verða samið annað frv. og lagt fyrir síðar. Stjórnin þyrfti að hugsa sig allverulega um, áður en hún gæti lagt hið nýja frv. fram. Þetta gamla frv. var byggt upp á gömlum kenningum ríkisstj. um það, að forðast skyldi að leggja út í nýtt skattafen, það ætti að halda verðlaginu kyrru. Það var byggt á stöðvunarstefnunni. En það kom sem sagt fljótlega á daginn, að sú stöðvunarstefna, sem sú valdasamsteypa, sem nú stendur að ríkisstj., boðaði hér á s. l. vetri, var aldrei ætluð nema fram yfir þær tvennar kosningar, sem fram fóru á s. l. ári. Þá var svo litið á, að sú stefna hefði sinnt sínu hlutverki, hefði gengið sér til húðar og mætti nú leggjast til hliðar. Um það var ekkert hirt, þótt allir þeir hv. þm. stjórnarliðsins, sem þá fyrir skömmu höfðu gengið fram fyrir þjóðina og haft þar uppi sínar kenningar um það, hvernig fjármálum þjóðarinnar væri bezt stjórnað, haldið því þar fram, að mikið lægi við að halda stöðvunarstefnunni, — þeir yrðu nú einnig með gamla fjárlagafrv. að leggja til hliðar allt það, sem þeir hefðu sagt um þessi efni, og taka upp aðra stefnu — og ekki bara svolítið aðra stefnu, heldur algerlega gagnstæða stefnu. Í staðinn fyrir það, að æðsta boðorðið var, að þjóðinni mundi því aðeins vegna vel, að dýrtíðinni væri haldið niðri, þá var nú sú stefna boðuð, að það væri hið eina bjargráð þjóðarinnar, það væri þjóðarinnar viðreisn að snúa hér við blaðinu með þeim hætti, að stöðvunarstefnan væri þjóðarbölvun og allt efnahagslíf þjóðarinnar væri helsjúkt og á því þyrfti að gera þá breytingu að þenja upp verðbólguna með ráðstöfunum eins og gengisfellingu um 133—134% frá skráðu gengi, þ. e. a. s. hækkun á erlendum gjaldeyri sem því nam, með nýjum söluskatti, sem nemur hundruðum milljóna, með vaxtahækkun, sem nemur einnig ótöldum milljónatugum eða hundruðum, og í samræmi við þessar nýju kenningar ríkisstj. var svo samið nýtt frv., hið gamla var lagt í öskutunnuna. Og hér er hið nýja frv. tekið til meðferðar, og hefur það verið samræmt hugsjónum ríkisstj., að svo miklu leyti sem ríkisstj. tókst að hugsa skýrt, þ. e. a. s. glöggva sig á því, hvað það var, sem hún sjálf meinti með sínum nýju kenningum. Það er svo annað mál, að sumt af því, sem ríkisstj. hefur birt í tölum í fjárlagafrv., hefur reynzt æði illa undirbyggt af stjórninni sjálfri. Hún hefur þar byggt á óljósri hugsun, sem illa samræmdist síðan þeim tölum, sem út höfðu verið gefnar yfir þessar hugmyndir. Sem dæmi um þetta má nefna það, að í fjárlagafrv. nýja var áætlað, að nýr og lágur almennur söluskattur, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það í sinni fjárlagaræðu, yrði á lagður, og átti hann að færa ríkissjóði 280 millj. kr., sem ríkissjóður ætlaði síðan að nokkrum hluta að endurgreiða bæjarfélögunum, til þess að útsvör gætu lækkað, eins og hæstv. ráðh. hefur margsinnis orðað það. En þegar lagafrv. um söluskatt birtist hér á Alþ., þá er því haldið þar fram, að þessi almenni lági söluskattur, sem ráðh. hafði boðað, geti alls ekki gefið þær tekjur, sem þarna var áætlað. Þess vegna verði þrátt fyrir loforð — (**Forseti:** Ég vil vekja athygli ræðumanns á, að það er kominn kaffitími. Ég vil spyrja ræðumann að því, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að það yrði tekið kaffihlé.) Nei, ég get á það fallizt, að það verði gert, og ég geri þá hlé á minni ræðu eftir ósk forseta. — [Fundarhlé].

Þegar fundarhlé var gert, var ég þar í minni ræðu, sem ég greindi frá því, að hið nýja fjárlagafrv., sem lagt var fram í lok janúarmánaðar, þegar þing kom saman eftir það þinghlé, sem gert var í desember og í janúarmánuði, það var þannig úr garði gert, að það sýndi ýmsar tölur, ýmsar áætlunartölur, sem byggðust ekki á neinni löggjöf, heldur aðeins á því, sem ríkisstj. boðaði að hún ætlaði að flytja frv. um og freista að fá lögfestingu á hér á þinginu. Þannig var þessu t. d. varið um söluskatt, og er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því, að tekjur af nýjum almennum söluskatti muni nema 280 millj. kr. Ekki reyndist þetta vera

í samræmi við veruleikann, og þegar ríkisstj. svo lagði fram hér á Alþ. sitt frv. um söluskatt eða um breyt. á söluskatti, þá segir þar, að sýnt þyki, að ekki sé unnt að ná þessum tekjum eða svona hárri tekjuupphæð með hinum almenna söluskatti, þar verði fleira að koma til, og er þar gerð till. um, að söluskattur af innfluttum vörum verði hækkaður um 8.8%, en í fjárlagafrv. stendur skýrum stöfum sem álit ríkisstj. eða a. m. k. fjmrh.: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs" o. s. frv. Sem sagt, þær till., sem gerðar voru í fjárlagafrv., og þær áætlanir um tekjur reyndust í engu samræmi við það, sem síðar kom á daginn, og hefur ríkisstj. nú uppi áform um að leggja þarna á sérstakan skatt, sem nema mun u. þ. b. 170—180 millj. kr., miðað við heilt ár, en það þýðir, að þjóðin verður í þennan skattauka að greiða fram undir hálfa millj. kr. á degi hverjum, þótt ríkisstj. hafi á sínum tíma litið svo á, að þessum skatti ætti ekki að breyta og þennan nýja skattauka ætti ekki á að leggja. M. ö. o.: það, sem ríkisstj. birti í sínu fjárlagafrv., reynist misreiknað nokkuð yfir 100 millj. kr. Þeirri staðreynd verður ekki breytt með neinum ræðuhöldum um tilflutning og neinum ræðuhöldum um það, að liðinn sé partur af árinu, án þess að þessi skattur komi á. Það hefði hæstv. ríkisstj. átt að vita, þegar hún lagði fram sitt fjárlagafrv. í lok janúarmánaðar, að liðinn var partur af árinu, áður en sá skattur, sem hún þarna fyrirhugaði, gat komið til framkvæmda.

Annar tekjustofn fjárlagafrv., tekjuskatturinn, er einnig af stjórnarinnar hálfu áætlaður í fullkomnu ósamræmi við gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt. Byggist áætlunin á því, að ríkisstj. segist ætla að beita sér fyrir breytingu á þessum skatti og gefur upp áætlunartölu um skattinn í samræmi við það. Ekki hefur nein hugmynd ríkisstj. um þetta verið fest á þskj. enn sem komið er, og er þess vegna a. m. k. stjórnarandstöðunni algerlega ókleift að taka þátt í þessari áætlunargerð, og þykist ég því hafa sýnt fram á gild rök fyrir því, að eins og mál standa nú, er ekki hægt að krefjast þess af stjórnarandstöðunni, að hún geri till. sínar um tekjuöflunarhlið frv. við þessa umræðu. En með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er af samræminu eða réttara sagt af misræminu milli hugmynda ríkisstj. og þeirra staðreynda, sem hvert barn getur reiknað út, eins og t. d. um söluskattinn, verð ég að gera þá kröfu fyrir Alþb. hönd, að endanleg afgreiðsla fjárlaga fari ekki fram, fyrr en ríkisstj. hafi a. m. k. sýnt það hér á Alþ., á hvaða lögum innheimta tekjuskattsins á að byggjast. Hins eru dæmi, og vil ég ekki sérstaklega mótmæla því, að fjárlög hafa verið látin fara gegnum 2. umr. þannig, að mikilvægir liðir fjárlaganna hafa ekki verið að öllu undirbyggðir, en ekki hefur þótt ástæða til þess að láta fjárlagaafgreiðsluna við 2. umr. sem heild bíða þess vegna, og því tel ég, að það sé ekki fráleitt að láta þessa umr. fara fram nú, enda þótt hér sé skarð fyrir skildi um það, að þingmenn geti vitað um það, hver jöfnuður kann að verða á fjárlagaafgreiðslunni.

Það er einkennandi fyrir hið nýja fjárlagafrv. og verður væntanlega fyrir hin nýju fjárlög, að í þeim kemur fram hækkun á upphæðum, þannig að heildarniðurstaða fjárlaga fyrir árið 1959 var 1 milljarður og 33 millj. Samkv. fjárlagafrv. er niðurstaða tekna og gjalda 1 milljarður 464 millj. Hækkunin nemur 431 millj. Sýnilegt er, að í meðförum þingsins hlýtur þessi upphæð að hækka, enda hafa nú af fjvn. og meiri hluta fjvn. verið gerðar till. um hækkanir, sem fyrirsjáanlega flytja niðurstöðuna nokkuð upp fyrir hálfs fimmta hundraðs milljóna hækkun frá síðustu fjárlögum.

Nú er það auðvitað ekkert nýtt í sögunni, þótt fjárlög séu hærri í ár en þau voru í fyrra. Slíkt hefur verið reglan, að vísu með örfáum undantekningum, hina síðustu áratugi. En hinu ber þó ekki að neita, að hér er hækkunin miklum mun meiri og stórkostlegri en tíðkanlegt er. Það er að sjálfsögðu rétt, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat hér um í sinni framsöguræðu, að þessi hækkun stafar ekki af sérstakri spilunarsemi í útgjöldum nú umfram það, sem verið hefur, ekki fyrst og fremst, heldur auðvitað vegna gengisbreytingarinnar. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að fjárlögin koma til með að hækka um 42—45% — máske meira — frá því, sem var á s. l. ári. Þegar þess er nú gætt, að tekjuöflun ríkissjóðs er svo að segja öll tekin á vöruverði, tekin í sköttum og tollum, sem leggjast á vöruverð eða með hagnaði af ríkisreknum verzlunarfyrirtækjum, sem auðvitað þýðir einnig, að tekjurnar eru teknar sem álag á vöruverð, og einnig tekið tillit til hins, að öll þessi hækkun á að koma á verð vöru, sem þeir menn eiga að kaupa, sem ætlazt er til að haldi óbreyttu kaupi frá fyrra ári, verður sýnilegt, að hækkun fjárlaganna um hálft fimmta hundrað milljóna er beinlínis hækkun á dýrtíðinni, næstum allt sem þessu nemur. Það verða því ærið þungar búsifjar, sem hin hækkuðu fjárlög færa alþýðuheimilunum, sem eiga að kaupa nauðsynjar sínar af óbreyttu kaupi frá s. l. ári, þrátt fyrir þá hækkun, sem bæði fjárlagahækkunin og ýmsar aðrar ráðstafanir ríkisstj. koma til með að leggja ofan á vöruverðið.

Frammi fyrir því, að af stjórnarvaldanna hálfu eru nú gerðar ráðstafanir til slíkra hluta, sem ég hér hef nefnt, hefði mátt ætlazt til þess, að ríkisstj. hefði sjálf sýnt einhvern lit á því að draga í einhverju saman sín útgjöld. Það er af talsmönnum stjórnarinnar oft talað um það, að hygginn bóndi mundi haga sér svona og svona frammi fyrir þessum eða hinum tilteknum vanda, m. a. hafa talsmenn stjórnarinnar oft vikið að því hér á þingi að undanförnu, að ástand þjóðarbúsins hafi verið með þeim hætti, að það sé ekki um annað að gera en að draga saman seglin, það mundu

hyggnir bændur gera í hliðstæðum tilfellum. En sú er þó raunin á, að ríkisstj. og hennar stuðningsmenn sýna ekki svo mikið sem viðleitni í þá átt að spara hvorki eitt né neitt á fjárlögum.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS), frsm. 1. minni hl. fjvn., vék hér að því í framsöguræðu sinni áðan, að þeir stjórnarstuðningsmenn og ráðherrar stjórnarinnar hafa sízt af öllu sparað það á undanförnum árum, t. d. í fyrra, að segja fjálglega frá því, að eitt og annað væri í athugun og þar væri sjálfsagt að viðhafa sparnað. Þannig sagði hæstv. utanrrh., að það væri sjálfsagður hlutur að fækka sendiráðum og spara í utanríkisþjónustunni, en þetta þyrfti allt sinn undirbúning og sá undirbúningur væri þegar hafinn, sagði hann í fyrra. En fjárlagaafgreiðslan í ár virðist bera það með sér, að ekki sé sá undirbúningur mjög fljótvirkur, því að ekki verður vart við neinn árangur af honum í þeim till., sem frá ríkisstj. eða hennar stuðningsmönnum eru enn komnar við þetta fjárlagafrv.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. sparaði það ekki heldur í sinni framsöguræðu að telja upp ýmsa liði, sem vert væri að athuga og sparnaðar væri þörf á. Ég er honum sammála í öllum þeim tilfellum. En hitt óttast ég nokkuð, að framkvæmdin verði kannske eitthvað svipuð á þessu yfirstandandi ári og hún var á því síðasta, þ. e. a. s. að það verði látið sitja við fyrirlesturinn einan, en framkvæmdin látin niður falla. Ég mundi fagna því mjög, ef á þessu yrði breyting. En hitt ber að játa, að enn verður ekki séð til neinna þeirra sólarmerkja, sem til þess benda, að í þessum efnum sé nú fremur en áður neitt raunhæft á ferðinni.

Alþb. gerir till. um það, að ríkisstj. fái, þótt í litlu sé, aðeins að sýna það í framkvæmd, sem hún svo oft hefur látið sér um munn fara og hennar talsmenn hér á Alþingi, að fara nokkuð eftir því, sem góður bóndi mundi gera, þegar alvarlega horfir. Af Alþb. hálfu eða þess nefndarminnihluta, sem ég skipa, hafa hér verið gerðar till. um nokkurn sparnað í útgjöldum. Mun ég koma sérstaklega að því, um leið og ég rek þær till., sem hér hafa verið lagðar fram af minni hálfu, en vil þó nú þegar drepa á það, að um leið og ríkisstj. fyrirskipar alþýðuheimilunum með sinni löggjöf að mæta hærri útgjöldum með óbreyttum tekjum, þ. e. a. s. fyrirskipar alþýðuheimilunum að draga saman í sínum búskap, og eru þá bændur látnir um það, á hvaða lið eða hvaða liðum þeir draga saman, hvort þeir ætla að eyða minna í matföng, klæðnað eða annað, sem til bús þarf, svo vil ég og gera ráðherrum kost á því að velja sjálfir um það, á hvaða liðum þeir í sínum rekstri vilja spara, en geri tillögur um það, að á nokkrum ríkisstofnunum, stjórnarráðinu, tollheimtustofnunum, skattheimtustofnunum, löggæzlu, utanríkisþjónustu, verði viðkomandi ráðherrum gert að draga saman kostnað um 10%, og er það þó sýnu minni samdráttur en alþýðuheimilin verða að ráða fram úr, en engu að síður mundi till. mín, ef samþykkt og framkvæmd yrði um þetta efni, spara ríkissjóði útgjöld nokkuð á 15. milljón kr.

Hv. form. fjvn., frsm. meiri hl. n., drap aðeins á það í sinni ræðu, eiginlega eftir að hann hafði haldið því fram, að af hálfu stjórnarandstæðinga væru engar sparnaðartillögur gerðar, að hann hefði þó séð framan í eina till., sem sér virtist óraunhæf. Ég geri ráð fyrir því, að með þeim orðum hafi hann átt við þessa till., sem hér hefur verið lýst. Ég er engan veginn frá því, að honum segist þar rétt, að till. sé ekki raunhæf, þ. e. a. s. að því leyti, að þeir séu til þess reiðubúnir, stjórnarstuðningsmenn, að verja sína ráðherra fyrir því, að þeir þurfi að standa frammi fyrir þeim vanda, sem þeir hins vegar hafa gert fyrir ráðherrana að leggja á alþýðuheimili landsins, og þar af leiðandi sé vafasamt, að þessi till. nái samþykki, og er hún þar með ekki raunhæfur sparnaður, það skal ég viðurkenna. En að hún sé í eðli sínu óraunhæfari en aðrar till. eða óframkvæmanlegri, slík ályktun er í rauninni einnig ályktun um það, að fjármálastefna ríkisstj. sé óframkvæmanleg hjá þjóðinni. Þessi till. er auðvitað í fullkomnu samræmi við það, sem ríkisstj. leggur til að þjóðin nauðug, viljug hljóti að gera.

Það hafa verið höfð uppi mörg orð hér á Alþingi um það, að mikil nauðsyn sé á því að draga saman fjárfestingu á ýmsum sviðum. Ég vil ekki neita þessu algerlega, en hinu leyfi ég mér þó að halda fram, að til séu þeir fjárfestingarliðir, sem óhyggilegt sé að draga saman, þótt það gildi ekki um þá alla. Ég álít t. d., að það sé óhyggilegt og hefti frekari framþróun og framleiðsluaukningu, ef það á að fara hægar en gert hefur verið í það að byggja upp þjóðvegi, brýr og hafnir. Hins vegar leiðir af sjálfu sér, að sú verður raunin á, ef framkvæma á þá stefnu, sem ríkisstj. og hennar stuðningsmenn gera að till. sínum, þ. e. a. s. að haldið verði nokkurn veginn óbreyttum fjárhæðum til þessara liða í krónutali þrátt fyrir vaxandi dýrtíð.

Fjvn. hefur talað við forstöðumenn þessara framkvæmda á vegum ríkisins og fengið þær upplýsingar, að í öllum tilfellum mun verðhækkun við þessar framkvæmdir nema nokkuð yfir 20%, en það þýðir að sjálfsögðu, að fyrir jafnmikið fé og á s. l. ári verður um fimmtungi minna framkvæmt en áður var. Þó er hér ekki reiknað með allri þeirri dýrtíð, sem í rauninni hlýtur að verða, því að þegar samtöl fjvn. við þessa aðila fóru fram, var ekki vitað t. d. um hinn nýja söluskatt eða um hina nýju söluskattshækkun á innfluttum vörum, sem Alþingi fjallar um einmitt um þessar mundir og ríkisstj. ætlar að lögfest muni verða. Á hinn bóginn er einnig í öllu þessu miðað við, að kaupgjald haldist óbreytt árið út, og mundu þess vegna 30% hækkanir á þessum liðum gera örlítið meira en halda óbreyttum framkvæmdum, — einungis örlítið meira, — og þó því aðeins, að dýrtíðaraukningin verði ekki

miklum mun meiri en forstjórar þessara fyrirtækja hafa reiknað með. Hún hlýtur að verða nokkru meiri, hve miklu meiri er ekki vitað, svo að 30% hækkun á þessu mundi aldrei gera miklu meira en halda í horfinu. Á hinn bóginn tel ég fyrir mitt leyti óhugsandi, að kaupgjaldið haldist óbreytt allt árið, og þar af leiðandi tel ég, að það muni sízt veita af 30% hækkun á þessa liði, til þess að framkvæmdir geti verið jafnmiklar og verið hefur á s. l. og síðastliðnum árum.

Um till. þær, sem fjvn. hefur borið fram í heild, vil ég aðeins taka fram, að Alþb. er samþykkt þeim flestum, þó ekki öllum, þar á eru undantekningar, og hef ég hér getið um í mínu nál. tvær till., sem Alþb. hefur lýst sig mótfallið, en það eru till. um hækkanir til tveggja stofnana, framlag til Atlantshafsbandalagsins til byggingar suður í París og framlag til þess að endurnýja skuldafangelsið á Kvíabryggju. Ég skal í sambandi við hið síðarnefnda geta þess, að mikill vafi er á því, að það fangelsi samrýmist lögum og stjórnarskrá landsins, þar eð skuldafangelsi eru yfirleitt ekki leyfð í íslenzkum lögum, og þegar af þeim ástæðum vafasamt, að ríkið leggi fé til slíkra hluta. En þar að auki er ég mjög ósammála því áliti, sem fram hefur komið hjá sumum talsmönnum þeirrar stofnunar, að þar sé um að ræða sérstaka afbrotamenn, sem eigi að vísu að flokkast frá öðrum afbrotamönnum. Það hefur nú hver sitt álit á því, hvað eigi að telja afbrot, og að vísu eru það afbrot að greiða ekki sínar skuldir. En fyrir þau afbrot er ekki leyfilegt samkvæmt íslenzkum lögum að fangelsa menn, svo að afbrotin hljóta samkvæmt áliti þeirra, sem þessar till. gera, að liggja í einhverju öðru.

Nokkrar till., eins og lýst hefur verið, bíða enn í fjvn. til 3. umr., og mun ég um þær sumar hverjar gera sérstakar till., ef nefndin afgreiðir þær ekki, þótt ekki sé ástæða til að gera þær að umtalsefni að svo stöddu.

Vil ég þá aðeins víkja að einstökum till., sem ég flyt.

Ríkið greiðir í lögreglukostnað á Keflavíkurflugvelli, að því er áætlað er á fjárlagafrv., rétt um 4 millj. kr. á yfirstandandi ári. Það hefur að vísu sýnt sig, að nokkur þörf er á því, á meðan hernámsástand ríkir hér, að einhver sá aðili sé til í herstöðvunum, sem verndar þar íslenzka menn fyrir innflutningi þeirra, sem kallaðir eru verndarar landsins. Á hinn bóginn er algerlega vonlaust, að íslenzki ríkissjóðurinn hrökkvi til að gera það lögreglulið svo öflugt, að það í rauninni sé fært um að sinna sínum hlutverkum eða vernda Íslendinga fyrir ágangi Ameríkana, svo að fjárveitingar til þessa lögregluliðs geta ekki við það miðazt. Nú liggur sú staðreynd fyrir, að verulegur hluti af þessu herliði hefur verið fluttur burt úr landinu, og ætti það að geta lækkað lögreglukostnað íslenzka ríkisins á þessum slóðum verulega, og hef ég gert till. um það, að sá kostnaður verði lækkaður um helming.

Við 13. gr. fjárlaga, sem aðallega fjallar um samgöngumál, hef ég gert till. um það, að þar verði framlög til vegagerðar, þ. e. a. s. til nýbyggingar þjóðvega, til brúargerða, til hafnarframkvæmda, hækkuð um sem nemur 30%. Einnig hef ég gert tillögu um, að endurbygging gamalla þjóðvega, sem nú kallar mjög að á fjölmörgum stöðum, framlag til hennar, sem er 800 þús. í fjárlögum, verði hækkað í 1 millj. og 600 þús. kr., sem sagt verði tvöfaldað. Það sýnir sig líka, að slík ráðstöfun væri hagkvæm, því að víða eru þjóðvegir svo farnir, þar sem þeir hafa sigið niður og eru raunar orðnir niðurgrafnir, að í snjóavetrum kostar snjómokstur á þeim oft svo háar upphæðir, að það mundi vera hagkvæm ráðstöfun að flýta endurbyggingu þeirra, gera þá að upphleyptum vegum, sem þyrfti ekki að moka snjó af nema þá örsjaldan.

Einn lítill liður stendur í fjárlögum, sem ákveður það, að til styrktar malbikun eða steinsteypu vega í kaupstöðum og á verzlunarstöðum skuli lagðar úr ríkissjóði 95 þús. kr. Þessi upphæð er nánast til tekið hlægilega lág og kemur að engu gagni, það væri alveg eins hægt að fella hana út. Ég hef gert till. um það, að þessi styrkur til steinsteypu eða malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum verði hækkaður upp í 1 millj. kr., og er þó mjög lágur, en gæti máske komið að einhverju gagni, ef hann yrði tífaldaður eða rúmlega það. Allt annað er í rauninni hreint kák, og gæti ríkið sparað sér að leggja í þetta nokkurn eyri, ef það getur ekki haft framlagið nokkru hærra en það nú er.

Nýlega hefur öll sjókortagerð, sem lengst af var framkvæmd í Danmörku, verið flutt heim og fer nú fram undir umsjá vita- og hafnarmálaskrifstofunnar. Til sjókortagerðar þarf að framkvæma miklar mælingar á sjó, og auk þess er kortagerðin öll nokkuð kostnaðarsöm, og hefur af forráðamönnum sjókortagerðarinnar verið gerð grein fyrir því, að nokkurt fjármagn vanti til, að hægt sé að halda þessari starfsemi í viðunandi horfi. Ég geri ráð fyrir því, að enginn muni efast um nauðsyn þess, að við Íslendingar, sem svo mjög þurfum á sjóinn að sækja, höfum strönd okkar og sjóinn umhverfis sem bezt kortlagðan, og hef ég lagt til, að 125 þús. kr. framlag komi til aukningar því, sem á fjárlögum er ætlað til þessarar starfsemi, og er þá komið nokkuð til móts við óskir forráðamanna sjókortagerðarinnar, en þó ekki að fullu.

Sýnilegt er, að ræktunarsambönd landsins, sem um langt árabil hafa verið innflytjendur og kaupendur og þeir aðilar, sem rekið hafa hin stórvirkari jarðræktarvinnslutæki, eins og skurðgröfur og stórar dráttarvélar, munu komast í fjárþrot með hinni geysilegu hækkun, sem á verði þessara véla hlýtur að verða eftir gengisbreytinguna. Flest ræktunarsamböndin munu hafa lagt nokkurt fé í fyrningarsjóði til þess að geta endurnýjað þessi tæki sín. En slíkir fyrningarsjóðir hrökkva harla skammt, þegar verðlagið breytist svo stórkostlega á tækjunum, sem nú er raunin á, og hef ég nú

gert till. um, að af ríkisfé verði lögð hálf þriðja milljón króna til kaupa á jarðræktarvélum í þessu sambandi, til þess að síður þurfi að draga úr jarðræktarframkvæmdum. En það sýnir sig, að haldi þær ekki áfram með svipuðum hætti og verið hefur, þá þurfum við að standa frammi fyrir þeirri staðreynd í vaxandi mæli með aukinni fólksfjölgun í landinu, að við þurfum að flytja inn verulegt magn af landbúnaðarvörum, sem tiltölulega væri auðvelt að framleiða hér í landinu. Tel ég, að það væri mjög óæskileg þróun, ef við þyrftum að taka upp verulegan innflutning á búvörum, og vil fyrir mitt leyti sporna gegn því, að ræktunin dragist saman eða búvöruframleiðslan minnki, með því að ríkið hlaupi hér undir bagga.

Ein umsókn er hjá fjvn. sérstaks eðlis, varðandi nytjar á landsins gæðum, sem þar hefur ekki fengið neina áheyrn. Það er umsókn um það, að Baldvin Jónssyni verði veittur nokkur styrkur til þess að gera tilraunir með vél til að plokka fiður af fugli. Nú er það algengt, að sá fugl, sem veiddur er, sem mest er sjófugl, lundi og aðrar svartfuglategundir, sé matreiddur með þeim hætti, að hamurinn sé af fuglinum rifinn og þar hent bæði ham og fiðri. Hvort um sig eru þó hinar verðmætustu vörur. Fuglinn er miklum mun betri til matar, ef skinnið fylgir honum, og einnig er fiðrið verðmætt, og tel ég, að þjóðin hafi ekki efni á að henda þeim verðmætum, en flytja síðan inn fiður í allstórum stíl, — fiður, sem í engu er betra en það, sem hent er. Tel ég því, að það sé vert að stuðla að því, að komið verði við véltækni til þess að hætta því að henda þeim verðmætum, sem nú er gert. Sá maður, sem hér er að verki, hefur reyndar sýnt það í öðru, að hann er mjög vel til þess hæfur að leysa vandasöm verkefni í þessum efnum. Þetta er sem sagt sami maðurinn sem smíðað hefur vélar til fiðurhreinsunar, sem nú eru notaðar í mörgum fiðurhreinsunarstöðum landsins og hafa gert kleift að nytja æðarvarp landsmanna miklu betur en á meðan frumstæðari aðferðir til fiðurhreinsunar voru notaðar. Ég hef gert till. um það, að til tilrauna með slíka fiðurplokkunarvél verði veittar 60 þús. kr.

Varðandi útveginn hef ég gert tvær till. — Önnur er sú, að tvöfaldað verði framlag ríkissjóðs til leitar að nýjum fiskimiðum, en hin um, að einnig verði tvöfaldað framlag ríkissjóðs til tilrauna til að veiða síld með vörpu eða í nætur hér við Suður- og Suðvesturland. Það er mikill siður hér á Alþ. að telja ekkert vera nein efnahagsmál nema það, sem stendur í talnadálkum í einhverjum fínum bókum, og að efnahagsráðstafanir skuli alltaf byggjast á því, að það sé gerður svo og svo mikill umreikningur á kontórum. Ég er þeirrar skoðunar, að hitt sé miklum mun vænlegra, til þess að við undirbyggjum efnahagslíf íslenzku þjóðarinnar, að raunhæfir hlutir séu framkvæmdir til þess að afla okkur tekna umfram það, sem við höfum haft að undanförnu. Og ég er ekki í vafa um það, að báðir þessir liðir, leit að nýjum fiskimiðum og tilraunir með síldveiðar við Suður- og Suðvesturland að hausti og vetri, eru líklegir til þess að færa íslenzka þjóðarbúinu verulegan tekjuauka, öfugt við það, sem þeir kontórareikningar, sem hér hafa verið samþ. sem l. á Alþ., munu gera. Ég tel þess vegna, að það sé miklu fremur til tekjuöflunar raunverulega fyrir íslenzka ríkið heldur en að ég sjái eingöngu í því útgjaldaaukninguna að hækka framlag til þessara tveggja liða, sem ég nú hef nefnt.

Við 17. gr. fjárl., sem fjallar um félagsmál, hef ég gert till. um, að hækkað verði framlag ríkisins til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna. Meðal fjölmargra þjóða tíðkast það, að verkalýðsfélögin reka einhvers konar vistheimili, a. m. k. hluta úr ári, til þess að verkamenn og annað vinnandi fólk geti notið hvíldar og hressingar á slíkum hótelum eða dvalarheimilum um skeið. Sú hugmynd er ekki ný hér, að verkalýðshreyfingin komi upp einhverju slíku, og hefur ríkið á undanförnum árum veitt nokkurt fé til þessa, og mun nú að komast rekspölur á málið, sem hingað til hefur verið á byrjunarstigi og athugunarstigi. Tel ég því eðlilegt, að ríkið bæti upp þær verðhækkanir, sem orðið hafa, með aukningu á framlagi til slíks orlofsheimilis og bæti einnig upp það, sem þetta framlag var skert í fyrra, en till. eru gerðar um, að enn haldist á því sú skerðing, sem þá var gerð. En til þess að bæta þetta upp mun ekki nægja minna fé en ein millj. kr., í staðinn fyrir nokkuð á fimmta hundrað þús., sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir.

Blindir menn hafa með sér félagsskap, sem heitir Blindrafélagið. Þetta félag, þar sem félagsmennirnir eru svo varbúnir til stórátaka sem hverjum manni má ljóst vera, hefur þó sýnt þann einstaka dugnað, að það hefur brotizt í því að hefja byggingu á dvalarheimili fyrir blint fólk, sem jafnframt á að vera þess vinnustaður. Ég geri ráð fyrir því, að fáir muni þeir vera, sem vilja ekki koma til móts við félag þetta og leggja til nokkurn styrk af ríkisfé, til þess að félagsheimili þeirra megi verða starfshæft sem fyrst. Í fjvn. hefur aðeins fengizt samþykkt um að leggja þessu félagi til sem byggingarstyrk 50 þús. kr., sem mér finnst vera harla lág upphæð, og miðað við dugnað félagsins, þarfir þess og það, hverjar skyldur hinn heilbrigði borgari hlýtur að hafa við þá meðbræður sína, sem lakar eru settir, þykir mér sanngjarnt að gera till. um, að í styrk til byggingar blindraheimilis verði á þessu ári varið 1/2 millj. kr. En með tilliti til þess, að ég hef orðið þess var, að sumir hv. þm. eru ekki reiðubúnir til þess að leggja þar til mjög háar upphæðir, hef ég gert varatill. um það, að til þessa verði varið 300 þús. kr., sem ég tel nokkurn veginn lágmark þess, sem ríkið geti veitt sóma síns vegna.

Við 19. gr. fjárl., sem eru óviss gjöld, hef ég gert þá till., sem ég hér hef aðeins drepið á áður. Hún er þess efnis, að hæstv. ríkisstj.

gefist nokkur kostur á því að sýna, með hverjum hætti hún framkvæmi sparnað, þegar hún á að framkvæma hann sjálf. Hún er þannig, að á gr. komi nýr liður, þannig: ÷ 10% lækkun að meðaltali á öllum liðum 10. og 11. gr. fjárl., þ. e. a. s. á stjórnarráðinu, á utanríkisþjónustunni, á dómgæzlunni, á lögreglustjórninni, á tolla- og skattastofnunum. Þessar stofnanir hafa alls í fjárveitingu úr ríkissjóði skv. frv. 146½ millj. kr. eða því sem næst. 10% sparnaður á þessum liðum mundi því spara ríkinu 14 millj. 654 þús. kr., og er þetta þó, eins og ég hef margtekið fram, miklum mun minni sparnaður en stjórnarvöldin heimta með þeirri lagasetningu, sem þau hafa staðið að, að heimili landsins almennt framkvæmi hvert hjá sér.

Varðandi 20. gr. fjárl., sem fjallar um eignabreyt. eða fjárfestingu ríkisins, hef ég gert till. um í fyrsta lagi, að kennaraskólabyggingin nýja, sem nú stendur þannig, að þar vantar herzlumun, til þess að skólinn geti tekið hana í notkun, fái 1 millj. kr. hækkun á fjárlögum, þ. e. a. s. fái 3 millj. kr. framlag á þessu ári, og mundi það eftir þeim upplýsingum, sem ég veit réttastar, nægja til þess, að skólinn losnaði úr sínum húsnæðisþrengslum nú. Það að snerpa svolítið á fjárveitingu til þessa skóla nú mundi þess vegna hleypa honum yfir örðuga hjalla, mundi ríða baggamun um það, að margra ára vandræði hans í húsnæðismálum mundu leysast.

Þá hef ég gert sérstaka till. varðandi kaup á nýju dýpkunarskipi til almennrar notkunar í höfnum landsins. Í mörg ár hefur stjórnarvöldunum verið ljós þörf á því að kaupa slíkt skip, og á 22. gr. fjárlaga, þar sem ákveðnar eru heimildir stjórnarvöldunum til handa til þess að gera eitt og annað, hefur í mörg ár verið heimild til handa ríkisstj. að kaupa nýtt dýpkunarskip, sanddæluskip. Þetta hefur þó ekki verið gert, og nú er svo komið, að vart má á milli sjá, hvort meiri þörf er á því að kaupa dýpkunarskip, sem dælir upp sandi, eða dýpkunarskip, sem grefur. Það dýpkunarskip, sem nú er í vörzlu vitamálastjórnarinnar, Grettir, og grafið hefur hér í mörgum höfnum að undanförnu, hefur miklu meiri verkefnum að sinna en það ræður við. Auk þess er skipið mjög fornlegt og slitið. Þess má geta, að það mun vera eina skipið í íslenzka flotanum nú, sem brennir kolum, og þegar af þeirri ástæðu er mjög erfitt um notkun þess á ýmsum höfnum, þar sem kol eru nú orðin miklu sjaldgæfari varningur en þau voru áður, en skipið auk þess allt þannig, að sýnilegt er, að það muni ekki endast lengi úr þessu til stórátaka, þá þykir rétt að miða ekki till. við það að ákveða endilega annað frekar, að keypt verði dæluskip frekar en skip, sem grefur, það lagt á vald viðkomandi stofnana, þ. e. a. s. vita- og hafnarmálastjórnarinnar ásamt því ráðuneyti, sem með það hefur að gera, en gerð till. um, að þessi liður verði felldur burt af heimildagrein fjárlaga, en þar á móti verði á fjárfestingarliðunum veittar 5 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að festa kaup á slíku skipi. Það gerir kaup á slíku skipi enn þá nauðsynlegri, að sýnilegt er, að vegna erlendra lána, sem tekin hafa verið sérstaklega til hafnargerða og úthlutað í því skyni, munu verða framkvæmdar meiri hafnarframkvæmdir á þessu og væntanlega næstu árum heldur en verið hefur að undanförnu. Slíkar framkvæmdir verða vitanlega ekki unnar með berum höndum, og þarf til þess þau tæki, sem óhjákvæmileg eru. Ekki sízt af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að ekki verði lengur látið dragast úr hömlu að festa kaup á skipi, sem unnið geti að dýpkun hafna, og fjallar till. um það.

Þegar ég nú hef lýst þeim brtt., sem ég hef hér lagt fram, vil ég þó aðeins geta þess, að af hálfu Alþb., einstakra þingmanna þess, munu að sjálfsögðu verða lagðar fram fleiri brtt. við þetta fjárlagafrv., sem væntanlega koma síðar til umr. og afgreiðslu.

En áður en ég lýk máli mínu, get ég ekki látið hjá líða að koma aðeins að því, að það er í rauninni harla vorkunnsamlegt að sjá hina ágætustu menn fyrst í fyrra standa hér uppi í þessum ræðustóli og flytja ræður um það, að nú þurfi vissulega á því að halda og þjóðin að sýna skilning á því, að nú verði að stöðva allar verðhækkanir, nú verði að draga saman í framlögum ríkisins, annars munum við hlaupa beint út í fjármálalegt fen, sem leiðir til þess, að það verði lagðir á þjóðina nýir skattar og álögur, — og sjá svo hina sömu menn aftur í ár standa hér enn í ræðustóli álíka hátíðlega á svipinn og segja: Ja, nú ríður þó sannarlega á því, að ekki séu mikil útgjöld lögð á, því að annars fer allt efnahagskerfið um, — alveg um leið og þeir hafa sett efnahagskerfið á hliðina, alveg um leið og þeir hafa ætt út í nýtt skattafen, alveg um leið og þeir hækka fjárlögin um 400—500 millj. kr., sem allt eða svo til allt leggst á verðlagið í landinu, auk alls annars, sem þangað kemur, — segja þjóðinni: Nú verðið þið að borga þetta, góðir hálsar, af óbreyttum tekjum frá því í fyrra, annars fer allt í öngþveiti. — Ja, hvenær eru hlutir farnir í öngþveiti? Eru þeir ekki farnir í öngþveiti hjá þeim mönnum, sem prédika þetta í fyrra og hið gagnstæða í ár og allt á að vera til þess að forða öngþveitinu? Er það ekki farið í öngþveiti, þegar þjóðin, sem eitt sinn var komin á það stig, að hún hafði með betri lífskjörum, sem tíðkuðust hjá okkar nágrannaþjóðum, svo langt sem vitað var, þegar þjóðin við ein beztu lífskjör, sem tíðkuðust í víðri veröld, jók sína framleiðslu, skilaði meiri verðmætum en áður, þegar hún fær það framan í sig, að nú eigi hún ekki að stíga eitt lítið skref aftur á bak, eins og hún þó var látin gera í fyrra, heldur eigi hún nú að taka stórt stökk aftur á bak í lífskjörunum? Hvað er það, sem þeir menn kalla öngþveiti, sem tala hér með föðurlegum, ef ekki spámannlegum hætti um það, að þjóðin verði að gera þetta og hitt, því að þeir séu að forða þjóðinni frá þessu eða hinu bölinu, um leið og

þeir færa þjóðinni beint í fangið böl eins og það að verða að gjalda öll sín útgjöld að meðaltali um 20—30% hærra verði í ár en á s. l. ári og fyrirskipa henni að gera það með óbreyttum tekjum? Ef þetta er ekki öngþveiti, sem þessir hinir ágætu talsmenn ríkisstj. hafa sjálfir fært þjóðinni, þá veit ég ekki, hvað er öngþveiti.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. var til 1. umr., óskaði ég eftir því og lagði nokkra áherzlu á, að hv. fjvn. hraðaði störfum sínum svo sem frekast væri unnt, m. a. vegna þess, að þegar hið endurskoðaða frv. var lagt fram, þá var nærri mánuður liðinn af fjárhagsárinu, og skapar auðvitað vandkvæði nokkur að láta langan tíma liða framan af ári, án þess að fjárlög liggi fyrir samþykkt.

Ég vil nú alveg sérstaklega þakka hv. fjvn. og þá fyrst og fremst formanni hennar og frsm. meiri hl. fyrir það, hve vel hún hefur brugðizt við, því að vinnuhraði fjvn. hefur að þessu sinni verið meiri en oftast áður, en þó fullkomin vandvirkni í athugun frv. og þeirra erinda, sem fyrir n. hafa legið. Sá tími, sem n. hefur notað til þessara starfa frá 8. febr., þegar málinu var vísað til hennar, og til 13. marz, þegar undirritað er nál., er óvenjuskammur, enda er mér kunnugt um það, þar sem ég fylgdist allvel með störfum n. og gangi mála, að þar var unnið óvenjulega vel.

Það kom fram hér í byrjun þessa þings, þ. e. a. s. nóvember—desember, þegar ég skýrði frá því, að fjárlagafrv., sem samið var af hæstv. fyrrv. fjmrh. og ágætlega undirbúið, miðað við þágildandi kerfi fjármála og efnahagsmála, mundi verða endurskoðað og samið nýtt frv. til að leggja fyrir Alþ. Sumir hv. þm. töldu þetta ekki alls kostar heppileg né eðlileg vinnubrögð, og í ræðum hv. frsm. minni hl. hafa komið hér kannske ekki beint aðfinnslur, en vissar glósur út af því, að fyrra frv. hafi verið fleygt í öskutunnuna, eins og annar þeirra orðaði það, og hefði einskis verið nýtt. Vitanlega var hið endurskoðaða frv. byggt í öllum meginatriðum á grundvelli hins fyrra. En ástæðan til þess, að hin gagngerða endurskoðun fór fram, var sú, að ríkisstj. hafði ákveðið að gerbreyta skipulagi útflutnings- og efnahagsmála, og mér er það ánægja, að það kemur skýrt fram í nál. hv. meiri hl. og í framsöguræðu hv. frsm., að einmitt þessi vinnubrögð, að endurskoða frv. og leggja fram nýtt frv., hafi mjög flýtt allri meðferð málsins í fjvn., enda efa ég það ekki, að allir þeir, sem líta með sanngirni á þessi mál, hljóti að viðurkenna, að þetta hafi verið heppilegri vinnubrögð og það hafi verið gersamlega óhugsandi, að fjvn. hefði lokið störfum og skilað sínum till. til 2. umr. nú, ef þessi vinnubrögð um endurskoðun fjárlagafrv. hefðu ekki verið höfð.

Á þessu stigi eru aðeins fáein atriði, sem ég vildi hér minnast á í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, en á önnur mun ég minnast við 3. umr. fjárlagafrv.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að sú hækkun á fjárlagafrv., 430 millj., sem er frá fjárl. 1959 og reynt hefur verið að gera mjög tortryggilega, stafi ekki af útþenslu ríkiskerfisins, því að rekstrarliðir ríkisins eru mjög í samræmi við það, sem verið hefur að undanförnu. Að því leyti sem þeir hækka, eru það eðlilegar árlegar hækkanir eða útgjaldaauki, sem að sumu leyti stafar af fólksfjölgun í landinu og þeirri þjónustu, sem lögbundin er. Meginhlutinn af þessari hækkun, 430 millj. kr., í frv. frá síðustu fjárlögum er bein afleiðing af efnahagsaðgerðunum og þá einna fyrst og fremst af afnámi útflutningssjóðs og að bæði tekjur og gjöld útflutningssjóðs flytjast yfir til ríkissjóðs.

En í sambandi við þetta mál vil ég einnig taka það fram og undirstrika, sem hv. frsm. nefndi, að fjárlögin eru á margan hátt mjög gölluð að búningi og það þarf endurskoðun og gagngera breytingu á allri uppbyggingu bæði fjárlaga og ríkisreiknings. Það hafa þegar verið af fjmrn. hendi gerðar ráðstafanir til að endurskoða þetta mál gagngert, bæði endurskoða gildandi lög um ríkisbókhald og endurskoðun, sem nú eru næstum 30 ára gömul, og þá í beinu sambandi við það að breyta mjög uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings frá því, sem verið hefur. En eins og hv. þm. og sérstaklega nefndarmenn í fjvn. vita, þá er margt í gerð fjárl., sem betur mætti fara. T. d. er það oft og tíðum meiri og minni tilviljun, hvernig ríkisstofnanir eru færðar inn í fjárlögin, hvort þær eru færðar þar með bruttótekjum og gjöldum, eins og er um sumar þeirra, eða aðeins er tekinn nettóafgangur, rekstrarafgangur eða halli, og verður vitaskuld að fá samræmi í þessa hluti. Það er jafnvel til, að ríkisstofnanir, sem hafa milljónatekjur og gjöld á hverju ári, eru alls ekki í fjárlögum né ríkisreikningi. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það, sem þarf að lagfæra til þess að fá bæði betra heildaryfirlit yfir ríkisrekstur inn og rekstur einstakra stofnana og betri samanburð á milli stofnananna innbyrðis. Þetta á ekki eingöngu við hinar svokölluðu ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki með sjálfstætt bókhald og rekstrar- og efnahagsreikning, heldur við fjöldamargar aðrar starfsgreinar, sem í gjaldabálki fjárl. greinir. Ég vænti þess, að þær athuganir, sem nú er verið að gera á þessu máli, geti orðið tilbúnar, þannig að fært verði að leggja þær niðurstöður fyrir næsta Alþ. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi, hvort þær nýju till. eða sú endurskoðun verður tilbúin svo tímanlega, að unnt verði að byggja upp fjárlagafrv. fyrir 1961 eftir hinum nýju reglum og hinni nýju gerð, m. a. vegna þess, að eins og hv. þm. er kunnugt, þá er það strax á miðju ári, sem hafinn er undirbúningur að fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Hv. formaður fjvn. og frsm. meiri hluta benti hér á nokkur atriði sérstaklega til athugunar í sambandi við sparnað í ríkisrekstrinum. Hann nefndi þar í fyrsta lagi betra skipulag í vinnubrögðum almennt, í öðru lagi sparnað í utanríkisþjónustunni og samdrátt þar. Í þriðja lagi nefndi hann hinn mikla húsaleigukostnað, sem ríkið greiðir, þar sem hann er nú um 6 millj. fyrir ríkisstofnanir á ári. Hann nefndi í fjórða lagi löggjöfina og framkvæmd varðandi embættisbústaði, sem þarf allt að endurskoða, í fimmta lagi nauðsyn á því að bjóða út verk hins opinbera, sem á auðvitað að vera aðalregla, og það frv. til nýrrar löggjafar um söluskatt, sem nú liggur fyrir hv. Alþ., styður þetta mjög, með því að það er gert ráð fyrir að afnema þann 9% söluskatt af iðnaði og þjónustu, sem mjög hefur staðið í vegi fyrir, að hið opinbera byði út verk, vegna þess að ef tilboði er tekið og samið um ákvæðisverk, þá leggst nú á það 9% söluskattur, en ef það er unnið í reikningsvinnu, þá er það skattfrjálst. Þetta óheppilega ákvæði verður nú afnumið og mun það með öðru stuðla að útboðum opinberra framkvæmda, sem að sjálfsögðu þarf að verða hér almenn regla. Og í sjötta lagi nefndi hv. frsm. endurskoðun á þeim mörgu styrkjum, sem nú eru og verið hafa í fjárlögum, og þarf að sjálfsögðu miklu betra eftirlit með slíkum styrkjum, bæði um, að samræmi sé þar og að styrkirnir haldist ekki jafnvel ár frá ári, þó að því verkefni, sem þeir voru veittir til, sé lokið, eins og komið hefur fyrir, o. s. frv. Öll þessi atriði, sem hv. frsm. nefndi, verða að sjálfsögðu tekin til sérstakrar athugunar og meðferðar.

Ég minntist nokkuð almennt á þessi mál við 1. umr. fjárl. og nefndi þar nokkur dæmi, þar sem unnt væri að spara verulegar fúlgur, en ekki þess að vænta, að það gæti komið inn í þetta fjárlagafrv., vegna þess að það þyrfti meiri undirbúnings við. Ég ræddi einnig þá um, að nú yrði að gerbreyta um vinnubrögð varðandi sparnaðarviðleitni. Sparnaðarnefndirnar, sem settar höfðu verið á undanförnum áratugum, höfðu yfirleitt ekki gefið góða raun eða borið mikinn ávöxt. Það, sem yrði að gera í þessum efnum, væri fyrst og fremst ekki skyndiáhlaup í sparnaðarskyni, heldur stöðug starfsemi, nákvæm rannsókn og þrotlaust starf.

Ég veit, að a. m. k. meiri hl. hv. fjvn. er fyllilega samdóma þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í þessum ummælum og ræðum okkar hv. frsm. meiri hl. En því miður virðast sumir þeirra, sem sæti eiga á hv. Alþ. og alllanga reynslu hafa í fjvn., engu hafa gleymt og ekkert lært. Það kemur t. d. fram í till. hv. fulltrúa Alþb. og framsöguræðu hans hér. Þar er svo greinilegt dæmi um óraunhæfar „sparnaðartillögur" sem frekast má vera. Hann ber fram í einu lagi till. um að lækka öll útgjöld við stjórnarráðið, utanríkisþjónustuna, dómgæzlu, lögreglustjórn, tolla- og skattstofnanir um 10%, og hann er ákaflega hrifinn af því, það heyrðist á hans framsöguræðu, að þarna megi spara hvorki meira né minna en 14654450 kr. á þessu ári, og það er vissulega engin smáræðisupphæð. En hv. þm. láist bara að geta þess, hvernig á að gera þetta. Þetta er till., sem er slegið fram í auglýsinga- og áróðursskyni, án þess að hann eða nokkrir aðrir hafi hugmynd um, hvernig á að framkvæma það. Manni getur dottið í hug og ég vil spyrja hann að því: Á að taka upp gömlu regluna, sem notuð var stundum í latínuskólanum að fornu, þegar einhver bekkur hafði gert eitthvað af sér eða heill skóli, að desímera, þar sem bara af tilviljun var tekinn tíundi hver maður og hann rekinn? Er það meiningin með þessari 10% lækkun, að það eigi að reka tíunda hvern mann úr þessum greinum ríkisstofnananna, úr stjórnarráði, utanríkisþjónustu, lögreglu, dómgæzlu, tolla- og skattheimtu, og ef á að reka tíunda hvern mann, vill hann þá gera till. um, hverjir það eru, sem á að reka, eða á kannske að varpa hlutkesti um það eða draga þá úr? Ef það er ekki þetta, sem maðurinn meinar, á hann þá við það, að ná eigi þessari 10% lækkun með því að lækka laun allra starfsmanna um 10%? Það væri gott, að það kæmi fram, hvort það er hans till.

Þessi till. er auðvitað ákaflega glöggt dæmi um hrein vindhögg út í loftið, þar sem ekkert er annað en beinn áróður og blekkingarstarfsemi. Það, sem hér þarf að gera, er auðvitað, eins og við höfum tekið fram, gagngerð athugun og rannsókn á starfsemi hverrar einstakrar stofnunar, hvernig er hægt með bættum vinnubrögðum, bættu skipulagi að draga úr kostnaði, spara starfsfólk eða önnur útgjöld. Og þegar slíkar rannsóknir og athuganir liggja fyrir, þá þarf að leggja það fyrir Alþ. og fjvn. til samþykktar eða synjunar. En sparnaður í ríkisbúskapnum fæst ekki með svona vindhöggum. Ég hélt satt að segja, að þessi ágæti þm., sem hefur vel kynnt sér ríkisreksturinn vegna starfa sinna í fjvn. og hafandi verið frsm. fjvn. eða meiri hl. hennar í nokkur ár, hefði ekki átt að gera sig sekan um svona frumhlaup.

Hér hafa heyrzt í Alþ. undanfarna daga og í rauninni allt frá því, að fjárlagafrv. endurskoðaða var lagt fyrir Alþ., háværar raddir um það frá hv. þm. Framsfl., að þetta fjárlagafrv., sem lægi fyrir, væri ekki aðeins Íslandsmet, heldur skildist mér jafnvel í gær eða nótt í umr. heimsmet í hækkun útgjalda og álagna á landslýð, því að með fjárlagafrv. væru útgjöldin hækkuð upp í nærri 1½ milljarð, og þóttu þetta náttúrlega hin mestu firn. Einn hv. þm., 7. þm. Reykv., sagði það t. d. í gærkvöld, að svo gegndarlaus væri skattaáþján og eyðsla hjá núv. ríkisstj. og sérstaklega fjmrh., að frá síðasta fjárlagafrv. hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, og til þessa frv. hefðu útgjöldin hækkað úr 900 millj. upp í 1460 millj. Að sjálfsögðu láðist þessum hv. þm. að geta þess, að þegar hv. 1. þm. Austf. lagði fyrir sitt fjárlagafrv. upp á 900 millj., hafði

hann leikið það loddarabragð að kljúfa ríkissjóðinn í tvennt og kalla annað ríkissjóð og hitt útflutningssjóð. Þegar hvort tveggja kom saman, voru það náttúrlega töluvert hærri upphæðir, og munaði þar 100 millj.

En um leið og hv. framsóknarmenn deila nú hart á ríkisstj. fyrir þessi háu fjárlög og eru þar jafnhneykslaðir á hvoru tveggja, hinni gífurlegu eyðslu og útgjöldum og hins vegar hinum ægilegu álögum, sem í framhaldi af því eigi að leggja á landslýðinn, þá vekur það nokkra furðu að lesa nál. og brtt. fulltrúa Framsfl. í fjvn. Þeir gefa sjálfir hér samandregið yfirlit um það, hvaða breyt. þeir vilji gera, og þar kemur í ljós, að þeir ætla sér að hækka útgjöld fjárl. frá því, sem er í frv., um 105½ millj. kr. Sem sagt, í stað þess að maður hefði búizt við því, að þeir skæru þetta niður a. m. k. um nokkra tugi, ef ekki hundruð milljóna, eftir alla sína hneykslun á útgjaldaupphæð fjárl., þá bregður nú svo við, að þeir vilja bæta við útgjöldum á annað hundrað millj. Ég skal taka það fram til skýringar, að nokkur hluti af þessu eða 25 millj. flytja hv. framsóknarmenn ásamt öðrum nm. í fjvn., það eru ágreiningslausar tillögur, en þeir standa að þeim engu að síður, og til viðbótar 80 millj., sem þeir vilja hafa fyrir sinn eigin reikning. Það má vel vera, að margar af þessum brtt. þeirra um auknar verklegar framkvæmdir séu æskilegar, — ég dreg það ekki í efa, — og vitanlega væri æskilegast að geta veitt miklu meira fé til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar í landinu. En það er dálítið erfitt að samræma þetta hvort tveggja, annars vegar hina miklu gagnrýni á hinum háu útgjöldum fjárlagafrv., en hins vegar að þeir sömu gagnrýnendur bera fram hér á Alþ. við afgreiðslu fjárl. till. um að hækka þetta um 105 millj. kr. (Gripið fram í.) Já, og 5 millj. betur.

Í sambandi við niðurfærslu eða sparnað í ríkisrekstrinum vil ég enn taka það skýrt fram, að þær ábendingar, sem ég gerði hér í minni fjárlagaræðu, og sömuleiðis þær, sem hv. frsm. meiri hl. hefur gert, eru flestar þess eðlis, að þær kosta töluverða undirbúningsvinnu og þess ekki að vænta, að hægt sé að miða þetta fjárlagafrv. við þær. Hv. frsm. 1. minni hl. var undrandi yfir því, að hvergi skyldi örla á neinum sparnaði í þessu fjárlagafrv. Ég hef nú þegar og við báðir skýrt það nokkuð, að þær sparnaðarráðstafanir, sem við óskum að gera, viljum við ekki byggja á sandi, heldur viljum við undirbyggja þannig, að þær standist. Hins vegar er það strax komið fram í meðferð þessa fjárlagafrv., að það er reynt að stefna að hagkvæmari vinnubrögðum en verið hefur í ýmsum greinum.

Í fjárlagaræðu minni minntist ég m. a. á það, að við reyndum að fækka þeim vegum, sem unnið væri við á hverju ári, en vinna í þess stað fyrir hærri upphæð, vegna þess að með því að vinna að 220—230 vegum á hverju ári og fyrir smáupphæðir, kannske 10—20 þús. við suma, þá væri a. m. k. annarri hverri krónu fleygt til ónýtis vegna þess, hve mikið af fé færi í tilflutning á vélum og mannafla og við að koma vinnuflokkunum í gang. Hv. fjvn. hefur í samráði við hæstv. samgmrh. og vegamálastjóra tekið þetta til mjög rækilegrar athugunar, og er árangurinn þegar kominn í ljós, þannig að í till. fjvn. er gert ráð fyrir, að fjárveitingar verði nú til um það bil 160 vega, í staðinn fyrir að þeir hafa verið undanfarin ár milli 220 og 230. Hér er sem sagt yfir 25% hækkun að þessu leyti, og tel ég, að hér sé farið inn á rétta braut. Vitanlega er ekki hægt að kippa þessum málum í lag alveg á svipstundu. En hv. n. hefur sýnt mjög mikinn skilning á þessu, og ég er ekki í vafa um, að þetta verður til góðs, þannig að það fé, sem varið er úr ríkissjóði til vegaframkvæmdanna, nýtist miklu betur en áður.

Í öðru lagi hefur n. gert miklu meira að því nú en áður að miða fjárveitingar til brúargerða við það að ljúka hverri brúargerð með eðlilegum og fullum hraða, þ. e. a. s. þeim hraða, sem tækni leyfir hverju sinni, í stað þess að oft áður hafa verið settir einhverjir smáslattar í brýrnar, sem hefur svo tekið mörg ár að ljúka og stundum kannske liðið langur tími, frá því að byrjað var á þeim, og það, sem búið var að gera, látið standa ólokið og ónotað lengi. — Þessi dæmi vil ég sérstaklega nefna, og vitanlega verður að halda áfram á þeirri braut.

Það liggja hér fyrir tillögur um aukin framlög til ýmissa þeirra verklegu framkvæmda, sem ríkið og bæjar- og sveitarfélögin eiga saman. Það er þannig með skólabyggingar, með sjúkrahúsabyggingar, með félagsheimili, með hafnarmannvirki, íþróttamannvirki, að þetta er byggt að meira og minna leyti í samlögum ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, og stundum eru lögboðin hlutföll höfð í milli um það, hvað hver aðili eigi fram að leggja. Nú hefur því miður orðið sú raunin á, að í mörgum efnum hafa orðið mikil vanhöld á því, að ríkissjóður eða aðrir þeir opinberu sjóðir, sem áttu að inna þær greiðslur af hendi, stæðu við greiðslu á sínum hluta. Þannig er það t. d. varðandi skólabyggingar, að það mun nálgast um 20 millj., sem ríkið er á eftir um greiðslu síns hluta. Varðandi íþróttasjóðinn eru það mjög háar fúlgur, sem íþróttasjóður er á eftir. Einnig er það varðandi sjúkrahúsin. Þar mun það vera yfir 10 millj. kr., sem ríkissjóður á vangoldið vegna sjúkrahúsabygginga. Enn fremur má nefna hér hafnirnar að nokkru leyti og félagsheimili. Allt þetta eru svo stór mál, að þau verða ekki leyst í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. En á þessu ári verður þetta mál allt saman tekið til gagngerðrar endurskoðunar og reynt að finna einhverja lausn á þessum málum, því að vitanlega getur það ekki staðið svo til lengdar, þegar tveir aðilar, ríki annars vegar og bæjar- og sveitarfélög hins vegar, eiga samkv. lögum að ljúka einhverju mannvirki, byggingu eða öðru, að annar aðilinn standi ekki í skilum og neyði hinn aðilann ekki aðeins til þess að greiða sitt eigið framlag, heldur leggja út fyrir ríkið sjálft.

Það verður auðvitað að finna þá lausn á þessum málum, að framlög ríkisins, hins opinbera, komi nokkurn veginn jöfnum höndum, jafnóðum og framkvæmdunum miðar áfram. Þetta mál þarf líka mjög rækilegrar endurskoðunar við, og eins og ég tók fram, verður það ekki leyst í sambandi við fjárlagafrv. nú, þó að hins vegar hafi þótt rétt að greiða hér nokkuð úr í bili með verulegum hækkunum á framlögum til skólabygginga og nokkurri hækkun til íþróttasjóðs einnig.

Þegar litið er á brtt. hv. fjvn. í heild, þá er, eins og kemur fram í nál. meiri hl., gert ráð fyrir, að verði till. hv. fjvn. samþykktar og enn fremur þær till., sem liggja fyrir frá meiri hl., þá muni hækkun útgjaldanna nema um 1.8% af heildarupphæð fjárlagafrv. Nú má gera ráð fyrir, að einhver viðbót komi við 3. umr., þannig að heildarhækkunin verði kannske um eða liðlega 2% af heildarupphæð útgjaldanna, og ég verð að segja, að það er óvenjulega lítil hækkun í meðförum þingsins. Það sýnir það m. a., að hv. fjvn. eða meiri hluti hennar hefur gætt fullkomins hófs í athugun fjárlagafrv. og sýnt fullkomna ábyrgðartilfinningu í því að standa á móti þeim margvíslegu kröfum, sem jafnan eru til n. gerðar um hækkaðar fjárveitingar.

Ef við lítum yfir það, hvað fjárlög hafa hækkað í meðförum þingsins, þ. e. a. s. frá því að fjárlagafrv. var lagt fyrir upphaflega og til þess er fjárlög eru afgreidd, þá kemur í ljós, að þau hafa flest undanfarin ár hækkað um minnst u. þ. b. 5% og 6%, 13%, 14% 16% og jafnvel nokkru hærra í meðförum þingsins. Ég tek að sjálfsögðu ekki hér með fjárlög fyrir 1958, því að þá lækkuðu fjárlögin í meðförum þingsins af þeirri einföldu ástæðu, að þá var kippt út úr fjárl. á síðustu stundu stórri fúlgu og fleygt fyrir borð og sagt, að útflutningssjóður gæti hirt það. Það var um þetta leyti, sem þáv. hæstv. fjmrh. var að skipta upp ríkissjóðnum í tvo parta, og er því ekki hægt að nota það ár til samanburðar. Miðað við undanfarin allmörg ár, er sýnilegt, að hækkun fjárlaga í meðförum þingsins er miklu minni en hefur þekkzt um mörg undanfarin ár, og vil ég taka þetta fram ekki sízt til þess að sýna það svart á hvítu, að vinnubrögð hv. fjvn. hafa verið að þessu leyti með ágætum.

Það hefur verið rætt nokkuð hér um tekjuáætlun fjárlagafrv. og komið fram, að sumir telja tekjuáætlunina of varlega, of lága. Það kemur greinilega fram í till. hv. framsóknarmanna, sem leggja til, að tekjuáætlunin sé hækkuð mjög verulega, og munu það vera um 80 millj., sem hv. framsóknarmenn leggja til að tekjuáætlunin sé hækkuð umfram það, sem fjvn. öll stendur að. Tekjuáætlun fjárl. er að sjálfsögðu nú eins og áður byggð á áætlun um innflutning og útflutning á þessu ári, og hefur hv. frsm. meiri hl. gert hér grein fyrir því máli, og þarf ég því litlu við að bæta. Þessi áætlun, sem við höfum byggt á, er sú, að almennur innflutningur, — og er þá sleppt innflutningi á skipum, — almennur innflutningur nemi, miðað við gamla gengið, 960 millj., en miðað við nýja gengið 2.2 milljörðum.

Nú er því haldið fram af hv. stjórnarandstæðingum, að þessi innflutningsáætlun sé allt of lág. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að innflutningsáætlunin er að sjálfsögðu í beinu og nánu sambandi við áætlun um útflutninginn. Og ef við eigum að hækka innflutningsáætlunina, þá verðum við um leið að gera okkur grein fyrir því, hvort útflutningsáætlunin getur staðizt slíkan aukinn innflutning. Varðandi útflutningsáætlunina má m. a. geta þess, að í henni er þó ekki tekið tillit til hins gífurlega verðfalls á fiskimjöli, sem nú er orðið og mun nema mörgum tugum milljóna króna. Það er sem sagt eitt dæmi, þannig að ef það væri tekið inn í, þá mundi það fremur lækka þessa áætlun en hækka. En annars er það svo, að erfiðara er að segja ákveðið til um það, hver innflutningurinn verður, heldur en undanfarin ár, og það gera hinar miklu breytingar, sem gerðar eru á efnahagskerfinu, bæði gengisbreytingin og aðrar þær ráðstafanir, sem í sambandi við hana standa.

Það er auðvitað ljóst, að eitt af því, sem verður að gerast til þess að ná jafnvægi í okkar efnahagsmálum, er að draga úr innflutningnum á þessu ári. Á hitt er sjálfsagt að minnast líka, að um leið og gefinn er frjálsari innflutningur en verið hefur, er viðbúið, að innflutningurinn aukist, a. m. k. í bili, nokkuð vegna þeirra aðgerða. Þó er ekki rétt að hækka innflutningsáætlunina vegna þessa aukna innflutnings, er leiðir af meira viðskiptafrelsi, vegna þess að eftir stuttan tíma er markaðurinn vafalaust mettaður og dregur þá aftur úr þessum innflutningi, þannig að það er miðað við árið á heild tæplega hægt að reikna með hærri innflutningi, þó að þetta mundi ganga e. t. v. meira í bylgjum en áður, þegar innflutningur verður gefinn frjáls.

Ég tel, að það sé ákaflega óvarlegt fyrir alla fjárhagsafkomu ríkissjóðs að fara að hækka þessa innflutningsáætlun og þar með áætlaðar tekjur ríkissjóðs nokkuð í áttina við það, sem hv. framsóknarmenn hafa lagt til. Slíkar aðgerðir, að hækka svo mjög áætlun teknanna eins og þeir leggja til og þá um leið að auka útgjöldin að sama skapi, gætu vel leitt til stórkostlegs halla á rekstri ríkissjóðs á þessu ári. Og ekki aðeins sú hætta er fyrir hendi, heldur líka hin, að á næsta ári yrði miklu erfiðara að klifra niður stigann, þegar búið er að binda útgjöld fjárl. svo hátt eins og hv. framsóknarmenn leggja til.

Ég mun láta þessar aths. nægja á þessu stigi. En eins og ég gat um, eru nokkur atriði önnur í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, sem ég mun gera nánar að umtalsefni við 3. umr. fjárlaganna.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í framsöguræðu minni hér áðan ræddi ég ekki um till. og nál. hv. minni hl. fjvn., þar eð þeir höfðu þá ekki gert grein fyrir till. sín-

um, og þótti mér því eðlilegra að láta þær aths. bíða, þar til þeir hefðu lokið sínum framsöguræðum. Það er vitanlega margt, sem ræður umræddra framsögumanna gefa tilefni til að athugað væri. En ég mun hér aðeins stikla á nokkrum meginatriðum, þar eð það yrði allt of langt mál, ef ætti að fara að ræða málflutning þeirra í einstökum atriðum, enda er sannleikurinn sá, að margir þættir í framsöguræðum þeirra voru meira almennar stjórnmálaumræður heldur en beinlínis umræður um fjárlögin og einstök atriði þeirra, og skal ég því ekki fara út í þá sálma né heldur fara út í almennar hugleiðingar og ádeilur varðandi hina einstöku þætti efnahagsmálanna.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék að ýmsum atriðum varðandi vinnubrögð í fjvn. í upphafi síns máls, og það er einnig komið inn á það efni í grg. 1. minni hl. Ég átta mig ekki til hlítar á ýmsum þeim aðfinnslum, sem hér eru bornar fram, vegna þess að ég held, að þær séu ekki byggðar á fullri sanngirni.

Því er haldið fram, að það hafi verið leynt fyrir n. eða minni hl. hennar ýmsum upplýsingum varðandi afkomu ríkissjóðs, varðandi þróun efnahagsmála og þar fram eftir götunum. Ég held, að þetta hljóti meira og minna að vera á misskilningi byggt. Í framsöguræðu hæstv. fjmrh., þegar hann gerði grein fyrir fjárlagafrv. við upphaf 1. umr., gerði hann ýtarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á s. l. ári, og ég veit ekki til, að það hafi verið haldið fyrir hv. minnihlutamönnum eða þeim hv. framsóknarmönnum neinum upplýsingum varðandi afkomu ríkissjóðs í einu né neinu. Varðandi upplýsingar um þróun efnahagsmála hélt ég nú sannast sagt, að að undanförnu hefðu þau mál verið rædd svo rækilega hér í þinginu frá öllum hliðum, að það hefðu naumast verið margar upplýsingar, sem hefðu ekki komið fram í þeim umr., og ég veit ekki til, að í fjvn. hafi verið synjað um öflun neinna slíkra upplýsinga.

Þá er að því fundið, að ekki hafi tekizt að fá tekjur ríkissjóðs af innflutningi 1958 útreiknaðar miðað við núverandi gengisskráningu. Það var óskað eftir því, að tekjurnar 1958 og 1959, — ég man nú ekki, hvort árið það var, — væru umreiknaðar af efnahmrn., þegar ráðuneytisstjórinn mætti í n., og ég veit ekki betur en sá umreikningur hafi verið sendur hv. nm. öllum, þannig að hann hafi legið fyrir, enda þótt ekki sé að vísu sjáanlegt, hvaða raunhæfa þýðingu það getur haft varðandi till. n., því að ég held, að það hafi verið mun skynsamlegra, eins og ráðuneytisstjórinn í efnahmrn. sagði, að hafa til samanburðar hinar eldri tölur, til þess að átta sig á, hverjar breytingarnar yrðu.

Þá er að því fundið, að tekjuáætlun hafi ekki borizt frá ríkisstj. fyrr en eftir hádegi s. l. laugardag. Ég skil satt að segja ekki, hvað verið er hér að fara. Það er rétt, að það var ekki fyrr en á síðasta fundi n., sem meiri hl. hennar lagði fram till. sínar um hækkun á tekjuliðum frv., og ég veit ekki til, að hingað til hafi í fjvn. önnur vinnubrögð verið á höfð öll þau ár, sem ég hef verið í n., að þessi áætlun hafi verið gerð, fyrr en afgreiddar höfðu verið allar þær útgjaldatillögur, sem til stóð að afgreiða fyrir 2. umr. Áður hafði borizt til n. og henni gefin grg. varðandi greiðslujafnaðaráætlunina, sem tekjurnar byggðust á, auk þess sem í fjárlagafrv. er gerð ýtarleg grein fyrir því, hvernig tekjuáætlunin sé útreiknuð, og það hefur jafnan verið svo og varð einnig svo nú, að það var ekkert samkomulag um áætlun meiri hl. n. um, hvaða tekjuliði skyldi hækka. Þetta tel ég rétt að komi fram, vegna þess að ég held, að það hljóti að vera á misskilningi byggt að halda því fram, að það hafi eitthvað verið óeðlileg vinnubrögð varðandi það, hvenær tekjuáætlunartillögur meiri hl. hafi verið lagðar fram í nefndinni.

Þá er hér rætt um það, — og að sjálfsögðu eins og í öllum öðrum málum er kjördæmabreytingunni þar blandað inn í, — að það hafi verið einhver fádæma óeðlileg vinnubrögð varðandi það, hvaða till. hafi verið teknar til greina í sambandi við skiptingu fjárveitinga. Ég veit ekki til, að nein óeðlileg vinnubrögð hafi verið höfð á í því efni. Það hefur áður komið fyrir, að þingmenn hefur greint á, ef það hafa verið fleiri en einn þm. úr kjördæmi. Ég skal játa, að það verður nokkur breyting á því, eftir að þm. verða fleiri, sem þurfa að bera saman sín ráð. En meðan þm. voru tveir, hefur það komið fyrir, að það hefur verið ágreiningur milli þm. um, hvernig skipta skyldi einstökum fjárveitingum innan kjördæma, og það er ekkert að undra, þótt slíkur ágreiningur geti orðið nú. Og ég vil nú aðeins spyrja hv. 3. þm. Vesturl. þeirrar samvizkuspurningar, hvort hann telji það mjög líklegt, að ef Framsfl. hefði t. d. ráðið afgreiðslu fjárlaga og þm. hans í einhverju kjördæmi hefði greint á við þm. Sjálfstfl., að þá hefði verið farið eftir tillögum hinna síðarnefndu. Ég held nú sannast sagna, að það muni enginn í alvöru halda slíku fram, að þegar þannig greinir á milli, þá séu tillögur stjórnarandstöðunnar teknar fram yfir till. stjórnarþm. Þetta held ég, að liggi ósköp einfaldlega fyrir. Og þó að kannske kunni þannig á að standa í einstöku kjördæmi, eins og er vitnað í í nál., að þar sé einn þm. á annarri skoðun en aðrir þm. og hann sé í minni hl. í þingmannahópnum, þá er ekki endilega nauðsynlegt að taka till. frá hinum þm. til greina umfram till. hans, þegar þá greinir á. Þetta held ég að liggi nokkurn veginn í augum uppi.

Varðandi svo það, sem snertir kjördæmi hv. þm. og er vitnað í líka hér í nál., þá skal ég ekki ræða það sérstaklega. Það voru skiptar skoðanir um það, hvernig fjárveitingu skyldi þar haga í vissum tilfellum, og auðvitað verður fjvn. að skera úr um það, hvaða till. eigi að taka til greina, þegar þm. þannig greinir á. Það liggur í augum uppi.

Mig furðar mjög á því, að jafnreyndur þm. og fjvn.-maður og hv. 3. þm. Vesturl. skuli

gera það að miklu atriði í sinni ræðu að tala um það sem eitthvert furðuverk, að það hafi þurft að gerbreyta fjárlfrv., og tala um það jafnframt sem einhvern mjög einkennilegan hlut, að það hafi ekki verið hægt að halda áfram uppbyggingu fjárl. og fjármálastefnunni á þeim grundvelli, sem fjárl. 1959 eru byggð á, og taldi, að það hefði verið sýnd einhver óvirðing hæstv. fyrrv. fjmrh. með því að halda ekki áfram á þeim grundvelli. Ég held, að það hafi aldrei farið á milli mála, enda margoft tekið fram hér í þingi og var gert einnig af hæstv. fyrrv. ríkisstj., að þær ráðstafanir, sem voru gerðar á s. l. ári, voru algerar bráðabirgðaráðstafanir, sem engum datt í hug að gætu nægt til frambúðar. En þær voru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir geigvænlega aukningu dýrtíðar, sem hefði skapað enn þá meiri vandræði þeirri ríkisstj., sem tæki við að kosningum loknum með það í huga að reyna að koma efnahagsmálunum á einhvern traustan grundvöll. Í grg. fjárlfrv. hæstv. fyrrv. fjmrh. er það beinlínis tekið fram, eins og þar segir, að „það hlýtur að verða verkefni nýrrar ríkisstj. að gera till. um lausn þess vandamáls útflutningssjóðs, sem með þessu skapast", þ. e. a. s. að það er í fjárlfrv. alls ekki gert ráð fyrir því, að framlag til útflutningssjóðs sé lengur veitt, og af því leiðir, að grundvellinum, sem tekjuöflun hans er byggð á, er þar með raskað, og er þetta allt í beinu samræmi við það, að það var vitanlega skoðun hæstv. fyrrv. ríkisstj., að þessi mál öll þyrfti að athuga frá grunni.

Hv. þm. vitnaði hér í ræður, sem ég hefði flutt, m. a. að ég hefði sagt við afgreiðslu síðustu fjárl., að það hefði ekki verið um annað að gera en annaðhvort ana út í fjármálaöngþveitið eða taka upp stöðvunarstefnuna, og vildi halda því fram, að nú blési úr annarri átt og nú væri beinlínis verið að ana út í þetta fen. Þetta er alger misskilningur á eðli málsins. Hér er einmitt verið að gera þær ráðstafanir, sem vitað var þá að yrði að gera í einhverju formi, og það var tekið fram þá, að vitanlega væri ekki þar með fundin nein lausn á meginvandanum, þó að út í það væri þá farið að halda niðri dýrtíð með auknum niðurgreiðslum og að skera niður til bráðabirgða ýmsa útgjaldaliði fjárl. Þetta liggur í augum uppi, og hitt liggur jafnmikið í augum uppi, að ef þetta hefði ekki verið gert þá, hefði skollið á slík dýrtíðarflóðbylgja, að við hefðum staðið andspænis algeru öngþveiti í dag og margfaldir erfiðleikar verið á því nú að taka þessi mál föstum tökum.

Það er því alger blekking, þegar því er haldið fram af hv. framsóknarmönnum, sem æ ofan í æ hefur verið gert, að það hafi verið hörfað frá einhverri fastmótaðri stefnu, þegar þær efnahagsráðstafanir hafa verið gerðar, sem nú hefur verið talið nauðsynlegt að gera, og þar með hafi verið um einhverja uppgjöf að ræða á þeirri stefnu, sem fylgt var s. l. ár. Þetta er allt misskilningur.

Mig furðar mjög á tillögum fulltrúa Framsfl. í fjvn., og ég held, að þeir eigi eftir að iðrast þeirra sjálfir innan mjög skamms tíma, og það virðist a. m. k. ekki líta út fyrir það, að þessir hv. þm. hafi lært mikið af foringja sínum, þeim manni, sem lengst hefur verið hér fjmrh., hv. 1. þm. Austf (EystJ). Ef þeir hefðu haft í huga ræður hans, þegar hann var fjmrh. og var að ávarpa stjórnarandstöðuna í fjvn., þá held ég, að þeir hefðu ekki flutt þessar till., sem þeir gera nú. Ég minnist þess, að þegar við sjálfstæðismenn vorum í stjórnarandstöðu á árum vinstri stjórnarinnar, þá fengum við ákúrur frá hæstv. þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, fyrir það, að við skyldum leyfa okkur að flytja brtt. við útgjaldahlið fjárl. umfram þær till., sem við stóðum þá að með stjórnarliðinu. Þegar það er haft í huga, að við fengum þessar ákúrur, þá er jafnframt fróðlegt að athuga, hvaða till. það voru, sem við fluttum.

Árið 1956, við afgreiðslu fjárl. fyrir 1957, fluttum við útgjaldatill. við fjárl., sem námu 7 millj. 392 þús. Fyrir þetta fengum við ákúrur. Árið 1957, við afgreiðslu fjárl. fyrir 1958, fluttum við engar útgjaldatill. við 2. umr., en við 3. umr. fluttum við útgjaldatill., sem námu 3.1 millj. kr., en þar á móti till. til útgjaldalækkunar, sem námu 5 millj. rúmum. Fyrir þetta fengum við einnig ákúrur, að það væri um ábyrgðarlausa afstöðu að ræða til afgreiðslu fjárl.

Árið 1954 voru Sósfl. og Alþfl., — það var víst ekki komið til greina þá Alþb., ef ég man rétt, — í stjórnarandstöðu, og það gæti verið holl hugvekja að athuga um þessa flokka, sem þóttu ekki sérstaklega fullir ábyrgðartilfinningar, enda fengu harðar og óvægilegar ákúrur frá hæstv. þáv. fjmrh. og einnig frá mér sem þáverandi frsm. fjvn. 1954 fluttu fulltrúar þessara flokka till. til útgjaldahækkunar, sem námu 28.2 millj. og 1955 till. til útgjaldahækkunar, sem námu 35.5 millj. En hvað gerist svo nú á því herrans ári 1960, þegar hinn ábyrgasti allra ábyrgra, Framsfl., undir forustu þess manns, sem lengst hefur verið fjmrh., Eysteins Jónssonar, er í stjórnarandstöðu og á nú að fara að vísa veginn til skynsamlegrar afgreiðslu fjárl.? Þá leggja fulltrúar þessa flokks fram hækkunartill. við fjárlfrv., till. um aukin útgjöld, sem nema 80.6 millj. kr. Hvað skyldi hv. 1. þm. Austf. hafa kallað slíkar till., ef hann hefði setið í stóli fjmrh. og þær hefðu verið fluttar t. d. af okkur sjálfstæðismönnum? Það getur vel verið, að þessi hv. þm. haldi, að það líti vel út í augum þjóðarinnar að flytja slíkar gegndarlausar útgjaldatill. eins og hér eru fluttar. Vissulega eru þessi útgjöld öll til mjög þarfra hluta, sem hefði verið mjög æskilegt að sinna. En ég held, að þeir fari villir vegar, ef þeir halda, að þjóðin telji þetta bera vott um einhverja sérstaka ábyrga afstöðu í meðferð fjárl. og hún þakki þeim sérstaklega fyrir það að hafa tekið þannig á málum. Þetta held ég að sé mjög mikill misskilningur.

Nú skulum við segja, að tekjur kunni að vera

vanáætlaðar, sem auðvitað er engin leið að fullyrða neitt um á þessari stundu, og væri, eins og ég sagði í frumræðu minni, algert ábyrgðarleysi og fyrirhyggjuleysi að ætla að miða útgjöld ríkissjóðs við þá möguleika, að tekjurnar færu fram úr áætlun, — en þó að þær færu fram úr áætlun, þá hefði það vissulega verið skynsemi hjá þessum hv. þm., miðað við allt, sem þeir hafa sagt um þetta mál, að þeir hefðu lagt áherzlu á, að þeim tekjum yrði þá skilað aftur og álögurnar minnkaðar. Og ég held undir öllum kringumstæðum, að það sé það eina hyggilega í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú, miðað við það fjármálaástand, sem er, og þær ráðstafanir, sem er verið að gera og þarf að gera, að ef það verða umframtekjur á fjárl., þá verði þeim haldið til haga og þær þá notaðar til þess aftur að lækka þær álögur, sem nú hefur orðið að leggja á.

Ég minnist þess, að það var einmitt vakin athygli okkar í fjvn. á því af efnahagsmálaráðunaut ríkisstj., að það bæri að varast, þó að það kynni að verða einhver sveifla í bili á innflutningi vegna aukins frjálsræðis, að ætla sér að fara að nota þær tekjur til þess að hækka útgjaldaliði fjárl. Við vitum mætavel öll, hversu þægilegt það er að ætla að fara að skera aftur niður slík útgjöld, og þó að það kunni að verða einhver sveifla í tekjunum fyrst í stað, kannske nokkuð fram eftir þessu ári, af meiri innflutningi en gert er ráð fyrir, þá er það augljóst, að ef efnahagsráðstafanirnar ná tilgangi sínum, þá hlýtur að verða aftur samdráttur í því efni, og þá væri það vitanlega það óhyggilegasta, sem hægt væri að gera, að vera búinn að þenja út útgjöld ríkissjóðs, miðað við þessar óvæntu tekjur.

Ég verð því að harma það, að þessir hv. þm. skuli hafa látið leiðast til þess af þeirri hugmynd, að það mundi verka vel á almenning, að taka upp milljóna fjárframlög í þetta eða hitt, þeir skuli hafa látið leiðast til þess að ganga svo óhóflega í útgjaldatillögum sínum eins og þeir hér hafa gert, án þess að byggja á nokkrum raunhæfum grundvelli. Afsökunin, sem hér var borin fram, — og var þá einnig vitnað í ræðu, sem ég hefði flutt á s. l. ári, — var sú, að það væri mjög hæpið að láta fjmrh. hafa of rúmar hendur hvað tekjur snerti. Þetta er alveg rétt, að það getur vissulega verið það, og það kann vel að vera, að það hefði verið ástæða til, ef þessir menn hefðu talið þörf á því, að áætla tekjurnar hærri, að hækka þá tekjuáætlunina. En það var ekki þar með sagt, að það ætti að fara að eyða öllum þessum peningum á móti, — alls ekki þar með sagt.

Það hefur oft verið um það talað, hvort rétt væri að halda utan fjárlagaáætlunar stórum fjárhæðum, eins og gert var hér á sinni tíð, eða þá að taka áætlunartöluna á fjárl. eins og mætti ætla að tekjurnar yrðu, þegar öll kurl væru til grafar komin. Um þetta má vissulega deila. En hvað sem um þetta að öðru leyti verður sagt, þá held ég, að það liggi alveg ljóst fyrir, að eins og sakir standa nú, þá er það engin skynsemi og væri hið mesta gáleysi að fara að gera ráð fyrir því um óvæntar tekjur, sem kynnu að verða, sem við vitum ekkert um í dag, að það ætti fyrir fram að fara að ráðstafa þeim og binda þau útgjöld í fjárl. Verði tekjurnar meiri, þá á vissulega ekki að eyða þeim á þann hátt, og ég tel það sjálfsagt, að það komi til meðferðar Alþingis á sínum tíma, ef svo kynni að fara, hvernig slíku fé yrði ráðstafað.

Það er svo fróðleiksefni út af fyrir sig, þegar hv. 3. þm. Vesturl. er að gera grein fyrir þessum brtt. og er í því efni að vitna til, að þeir hafi lagt til í fyrra og þeir leggi til nú, að fé verði veitt í þessar og hinar þarfir. Það er dálítið einkennilegt, vegna þess að það vill svo til, að í fyrra og nú voru þeir ekki í ríkisstj., og af einhverjum ástæðum hefur þeim láðst að flytja þessar till. og beita sér fyrir þessum fjárveitingum, þegar þeir höfðu öll tögl og hagldir um það að veita fé til allra þessara þörfu ráðstafana. Þá hafa þær einhvern veginn dottið upp fyrir og ekki verið talið svo ákaflega brýnt að ýta þeim úr vör eins og nú hefur verið gert.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þessar brtt. í einstökum atriðum. Eins og ég áðan sagði, þá er vissulega hægt að taka undir orð hv. frsm. 1. minni hl. um, að það sé mjög þarft og nauðsynlegt að auka fjárveitingar til þeirra hluta, sem hér um ræðir. Við bara stöndum andspænis því, að við getum ekki aukið þessar fjárveitingar. Það er hið einfalda atriði málsins. En okkur greinir vafalaust ekkert á um, að hér sé um að ræða æskilegar framkvæmdir.

Ég vil leiðrétta það, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði varðandi ummæli mín um fjárveitingu til raforkumála, að ég hafi sagt, að það hefði ekki verið þörf fyrir þetta fé á s. l. ári. Vitanlega er alltaf þörf fyrir þetta fé og hefði verið þörf fyrir, að það hefði verið í fjárl. ársins 1959, umræddar 10 millj. kr., en ég sagði, að það hefði verið raunhæf till. þá, eins og sakir stóðu, að taka út þessa fjárveitingu, vegna þess að það var séð fyrir þessu fé með láni, þannig að framkvæmdir þurftu ekki að dragast saman á því ári af þeim sökum. Hins vegar er ljóst, að þar var eins og um margt annað, sem gert var í niðurskurðarátt í síðustu fjárlögum, um að ræða ráðstafanir, sem var ekki hægt að gera til frambúðar, og því hefur þessi fjárveiting verið tekin upp aftur. **(Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, ég mun ekki þurfa að eyða mörgum mínútum. **(Forseti:** Allt að fimm, kannske fleiri?) Já, eitthvað í kringum það.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að teygja fundartímann með því að ræða meira till. hv. 1. minni hl. Ég hef orðið ordmargur um þær, vegna þess að ég hafði í rauninni búizt við, að úr þeirri átt mundi koma okkur leiðbeining um sérstaklega ábyrga afgreiðslu fjárl. og mikill stuðningur koma úr þeirri átt við þá viðleitni að hafa fjárlög skynsamlega uppbyggð, og því

urðu vonbrigðin meiri við að sjá till. þessara hv. þm., eins og þær nú liggja fyrir. Og það má í rauninni undarlegt heita, að það hefur hingað til ekki verið talið sérstakt einkenni á hv. Alþb.-mönnum, að þeir sýndu svo mjög mikla gætni í fjármálum. En það bregður nú svo við, að útgjaldatillögur frá 2. minni hl. fjvn., fulltrúa Alþb., eru aðeins smávægilegar hjá útgjaldatill. hv. 1. minni hl., því að þar er þó ekki um að ræða nema 10 millj. kr. útgjaldaauka, umfram þá till., sem borin er fram til sparnaðar á því þskj. Og þó að sú till. sé frá dregin, sem sýnist ekki vera byggð á sérlega raunhæfum grundvelli, þá er þó útgjaldaaukinn ekki nema 24—25 millj. kr., svo að þar verður hv. fulltrúi Alþb. æðimikill eftirbátur sinna félaga í minni hl. fjvn.

Varðandi einstakar till. hv. 2. minni hl. skal ég ekki fara um þær mörgum orðum. Mig undrar það nokkuð, hversu bjartsýnn hann er á reglusemi á Keflavíkurflugvelli, að þar sé alveg sérstaklega auðið að lækka fjárveitingar til löggæzlu. Hingað til hefur maður lesið það í blöðum hans flokks, að það væri ekki svo mikil fyrirmynd þar í hátterni manna, að það mætti sérstaklega láta undan falla að halda þar uppi löggæzlu. En það kann að hafa orðið á þessu einhver breyting. Það er sama að segja um þær till., sem hann flytur, að hækkanir til ýmissa framkvæmdaliða eru vissulega góðra gjalda verðar, ef fært væri fjárhagsins vegna að verða við þeim fjárveitingum.

Hæstv. fjmrh. hefur sérstaklega rætt till. um 10% lækkun á ýmsum útgjöldum. Ég held, að hv. þm. muni fullkomlega gera sér grein fyrir því, jafnreyndur og hann er í þessum efnum, að það er algerlega út í hött að fara að flytja fram till. um ákveðinn niðurskurð á ýmsum rekstrarliðum fjárl., án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvernig það skuli vera framkvæmt. Þetta var einu sinni gert og með mjög raunalegum árangri, og ég sé ekki, að við stöndum neitt betur að vígi. Ég skyldi fagna því með honum, ef það væri hægt að koma þessu fram í reynd nú á þessu ári. Hitt er annað mál, að jafnvel þó að það væri hægt að fækka starfsmönnum, þá verður það ekki gert fyrirvaralaust. Ríkisstarfsmenn hafa sinn uppsagnarfrest, auk þess sem margir eru þannig settir, að þeir eru í embættum og hæpið, að það sé hægt að losna við þá. Þetta eru því allt saman liðir, sem eru þess eðlis, að það er vitanlega algerlega út í hött að halda, að það sé á einu og sama ári hægt að framkvæma slíkan niðurskurð, þó að það væri fullur vilji fyrir hendi til þess að mæta þessum óskum.

Ég vék í framsöguræðu minni nokkuð að þeim hugleiðingum, sem uppi eru um sparnað. Um það eru áreiðanlega allir sammála, að það sé nauðsyn á sparnaði, og um það hefur verið talað árum saman, en eins og ég sagði — því miður með misjöfnum og þó oftast harla litlum árangri, og ég býst við, að allir séu þar undir sömu sök seldir. Ég hins vegar endurtek þá staðhæfingu mína, að miðað við þær tilraunir, sem nú er verið að gera til þess að skapa jafnvægi í efnahagsmálum og koma fjármálakerfinu á traustan grundvöll, þá er að sjálfsögðu sérstök nauðsyn til þess að taka heildarútgjöld ríkissjóðs til endurskoðunar með það í huga að draga úr þeim og með það í huga að halda þeim innan þess ramma, að þau verki ekki verðbólgumyndandi á fjárhagskerfið.

Varðandi það, að það bóli lítið á þeim till. til sparnaðar, sem ætla hefði mátt að núverandi stjórnarflokkar legðu fram, þá kann það vel að vera. En ég legg þó meira upp úr því, að þar sé unnið að af forsjálni og fyrirhyggju, þannig að sparnaðartillögurnar geti orðið raunhæfar, eins og hæstv. fjmrh. vék að í sinni ræðu. Og það vill nú svo til, að það hafa víðar verið uppi hugmyndir um sparnað en hefur verið lýst nú af hæstv. núv. ríkisstj. og núv. fjmrh. Hér er ein heljarmikil bók, sem er pródúkt frá sparnaðarnefnd, sem starfaði á vegum vinstri stjórnarinnar 1957. Mér er ekki kunnugt um, að yfirleitt nokkur þessara till., sem hér koma fram, — og þær eru ýmsar athyglisverðar og vissulega þess virði, að það þarf að athuga þær nánar, — að þær hafi verið framkvæmdar eða gerð tilraun til að framkvæma þær af vinstri stjórninni, meðan hún sat, af hvaða ástæðu sem það hefur verið. Það skal ég ekki um segja. En þetta breytir ekki því, að það er mikil nauðsyn, að þessi mál verði öll grandskoðuð, og þess er mjög að vænta, að hæstv. fjmrh. vinni að þeim málum á þann hátt, sem hann hefur hér lýst, og að það megi vænta árangurs af því starfi við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Ég sé svo ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að ræða einstakar brtt., en mun víkja að þeim síðar, eftir því sem tilefni gefst til.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs fyrst og fremst til þess að fara að ræða almennt um fjárlagaafgreiðsluna, vegna þess að fulltrúar Framsfl. í fjvn. hafa gefið út rækilegt nál., sem skýrir alveg afstöðu flokksins til afgreiðslunnar, og enn fremur hefur hv. 3. þm. Vesturl. (HS), frsm., gert mjög rækilega grein fyrir þessari afstöðu. En ég mun þó fara um þetta aðeins örfáum orðum, áður en ég kem að því að mæla fyrir brtt., *sem ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum* þm. af Austurlandi. Það verða aðeins örfá orð almennt um málið.

Það vekur auðvitað alveg sérstaka athygli, að ríkisstj. og sá meiri hluti, sem hana styður, sýnir enga viðleitni til sparnaðar í rekstri ríkisins, í einu eða neinu tilliti. Þetta er merkilegt vegna þess, að þeir, sem hér að standa, hafa á undanförnum árum talað mjög digurbarkalega um, að það væri auðvelt að koma fram stórfelldum sparnaði í rekstri ríkisins og þar ætti sér stað útþensla í rekstrinum að ófyrirsynju, sem vel væri hægt að komast hjá, og mætti tilgreina eftir þeim nýleg ummæli, mjög ákveðin, í þessa átt og raunar loforð um það, að þeir mundu sýna í verki verulegan sparn-

að í ríkisrekstrinum sjálfir, ef þeir réðu þessum málum. En nú beita þeir sér fyrir stórfelldari hækkun á fjárlögunum en nokkru sinni hefur áður átt sér stað á einu ári, en sýna enga viðleitni til þess að standa við eitt eða neitt af því, sem þeir hafa sagt um sparnaðarmálin á undanförnum árum. Þess í stað koma þeir fram hér, hæstv. fjmrh. fremstur í flokki og svo aðrir minni spámenn í sama anda, með alls konar bollaleggingar um það, sem eigi að koma seinna fram í sparnaðarátt, almennt orðaðar bollaleggingar, og í þeim er raunar lítið hægt að festa utan þó það, að komið hefur fram hrein yfirlýsing frá hendi hæstv. fjmrh. um, að það eigi að setja eina silkihúfu ofan á allt saman, sem sé nýja ríkisstofnun, sem eigi að vera til eftirlits með öllum hinum, eins konar ríkisráðsmaður. Það er það eina, sem er alveg fast í þessum yfirlýsingum. Raunar er líka nokkuð áþreifanlegt, að hæstv. ráðh. og hans lið beitir sér fyrir álagningu skatta, eins og t. d. söluskatts á viðskipti innanlands, sem hlýtur að hafa í för með sér stórkostlega aukningu á starfsliði ríkissjóðs, ef innheimta þessa skatts á að verða nokkuð annað en málamyndakák. Einnig hlýtur þessum aðförum að verða samfara stórkostleg útþensla í ríkisstarfrækslukerfinu.

Ef litið er í grg. fjárlagafrv., sem er það fyrsta, sem þessi hæstv. ráðh. stendur fyrir, en önnur fjárlögin, sem þessi valdasamsteypa afgreiðir, þá telst mér svo til, að þar sé boðuð stórfelld fjölgun starfsmanna í grg. berum orðum, fyrir utan það, sem kann að leynast í lausaráðningum bak við óákveðið orðalag, og það sé berum orðum lýst yfir starfsmannafjölgun, sem nemur 82 manns. Að vísu er margt af því liði kennarar og þvílíkt starfsfólk, sem fjölgar árlega með aukinni nemendafjölgun í skólum, en þar er líka um mörg ný störf að ræða eða um margar mannaráðningar, þar sem raunverulega er um útþenslu á sjálfu starfskerfi ríkisins að ræða, m. a. heila stóra stjórnarráðsdeild með mörgum starfsmönnum.

Maður gæti því sagt, að sparnaðarmálin færu vel af stað eða hitt þó heldur, og í nokkru samræmi við annað hjá hæstv. fjmrh. og þeim, sem að þessum málum standa. En ástæðan til þess, að ég er að vekja sérstaklega athygli á þessu, er þó fyrst og fremst sú, hvernig þessir menn hafa leyft sér að tala um þessi mál undanfarið, með hvílíku yfirlæti og blekkingum þeir hafa flutt mál sitt í þessu sambandi og hversu berir þeir eru nú að tviskinnungi og vondri málfærslu í þessu efni eins og flestum öðrum atriðum, sem fjallað er um, síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Bollaleggingar þeirra um, að það hafi ekki verið hægt vegna tímaskorts að koma fram með eina einustu till. — ekki eina einustu — til sparnaðar, tekur náttúrlega enginn alvarlega. Þeir hafa sem sagt haft tíma til alls annars. En sparnaðarráðstafanir verða að bíða, þeir hafa ekki haft tíma til að sinna þeim.

Auðvitað er þetta allt saman ekkert annað en eðlileg undanbrögð þeirra manna, sem ekkert geta staðið við af því, sem þeir hafa sagt. Þetta er ekkert annað, eins og reynslan mun smátt og smátt leiða enn gleggra í ljós en þegar er fram komið. En byrjunin bendir ljóslega til, hvers vænta má, eins og ég hef nú rakið með aðeins örfáum orðum og nefnt aðeins örfá dæmi, sem sýna, hvert stefnir í þessu tilliti.

Þá er annað atriði, sem ég vil aðeins minnast á. Það er heildarstefnan í afstöðu Framsfl. til fjárlaganna, sem þeir hafa, bæði hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl., talið ámælisverða og raunar óábyrga afstöðu. Lítum á þetta aðeins.

Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir stórfelldum álögum á þjóðina, eins og hér hefur verið rakið undanfarnar vikur og verður á næstunni. Ríkisstj. og stjórnarliðið beitir sér fyrir gífurlegri tekjuaukningu til ríkissjóðs. En það er reynt samt sem áður nokkuð að leyna því, hversu stórfelldar þessar álögur eru, með því að áætla tekjur fjárlaganna af þessum tekjuaukum og af eldri tekjulöggjöf miklu lægra en til greina kemur að tekjurnar verði, og þetta munar alveg gífurlegum fjárhæðum, sem hér hlýtur að skakka. Þetta sést á því, að innflutningsáætlun sú, sem ríkisstj. leggur til grundvallar þessum tekjuáætlunum, er verulegum mun lægri en innflutningurinn var 1958, sem sé fyrir tveimur árum. Þó fer neyzlan í landinu vitanlega vaxandi ár frá ári með vaxandi fólksfjölda, og framleiðslan eykst og innflutningurinn einnig í sambandi við það, þannig að hér er um innflutningsáætlun að ræða, sem aldrei getur komið nálægt veruleikanum, og þá ekki sízt þegar hér við bætist, að hæstv. ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir stórfelldri lántöku erlendis eingöngu til vörukaupa á árinu, eins og raunar hæstv. fjmrh. drap á í sambandi við það, sem hann sagði um tekjuáætlunina. Hér hlýtur því miklu að skakka og álögurnar verða meiri en hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir og þar með tekjur ríkissjóðs. Nú er það ætlun stjórnarflokkanna með þessu bæði að leyna því, hvað álögurnar eru stórfelldar, sem þeir ætla að láta verka til samdráttar í þjóðarbúskapnum, og enn fremur vakir það fyrir stjórninni með því að áætla tekjurnar á þessa lund, eða það er ekki hægt að sjá annað en það vaki fyrir henni með því að búa til tylliástæðu fyrir því að skera niður verklegar framkvæmdir eða minnka verklegar framkvæmdir ríkisins með því að setja dæmið svona upp, enda gefur auga leið, að í þessu fjárlagafrv., eins og hæstv. ríkistj. virðist ætla að ganga frá því, á að verða stórfelldur niðurskurður á framlögum til framkvæmda og til uppbyggingar yfir höfuð í landinu og til margvíslegs stuðnings við almenning. Það er ætlunin að láta framlög til þessara mála fara stórlega lækkandi, og það er liður í samdráttarstefnu ríkisstj.

Nú hefur Framsfl. lýst sig algerlega andvígan þessari samdráttarstefnu og telur hana

til stórtjóns fyrir þjóðina, eins og ýtarlega hefur verið rökstutt. Það er þess vegna hlutverk Framsfl. við þessa fjárlagaafgreiðslu að berjast fyrir því, að sem mestur hluti af hinum nýju álögum gangi til uppbyggingarinnar í landinu og stuðnings við almenning í því sambandi, og af þeim ástæðum eru sprottnar þær brtt., sem flokkurinn leggur fram varðandi verklegar framkvæmdir og framlag til stuðnings atvinnuvegunum. Það er tilraun til þess að fá aukin framlög til þessara mála. Það er tilraun til að koma í veg fyrir, að það verði framkvæmdur þessi stórfelldi samdráttur, sem hæstv. ríkisstj. vill þvinga fram, og það er tilraun til þess að tryggja, að álíka mikill hluti af ríkistekjunum gangi til verklegra framkvæmda og til stuðnings við atvinnuvegina og verið hefur fram að þessu. En stjórnin stefnir að því, að sífellt minnkandi hluti af tekjum ríkissjóðs gangi til verklegra framkvæmda og stuðnings atvinnuvegunum. Hér er því um alveg gerólíkar stefnur að ræða: annars vegar stefnu Framsfl. og hins vegar samdráttarstefnu þeirra flokka, sem standa að allri afgreiðslu efnahagsmálanna og þar á meðal fjárlögunum.

Ég neita því algerlega, að afstaða Framsfl. í þessu tilliti eigi í einu eða neinu nokkuð skylt við ábyrgðarleysi, eins og gefur að skilja, þar sem sýnt er fram á það með fullum rökum, að tekjuáætlun sú, sem við stingum upp á, er langt frá því að vera óvarleg, miðað við eðlilegan þjóðarbúskap og miðað við þann *innflutning, sem þjóðin hefur fullkomlega ráð* á að verði, ef skynsamlega og rétt er á haldið. Og meira að segja tel ég, að okkar áætlun muni standast miðað við sjálfa samdráttarstefnuna í framkvæmd, því að ég hef enga trú á því, að hæstv. ríkisstj. geti í framkvæmdinni þvingað innflutninginn eins mikið niður og hún sýnist vilja gera og ætlar sér að gera, ef dæma á eftir innflutningsáætluninni fyrir 1960. Það er sem sé óhugsandi, að ríkisstj. takist að þjarma svo að mönnum, minnka kaupgetu manna í svo stórfelldum mæli, að innflutningurinn verði jafnlágur og hún gerir ráð fyrir. Og þó að ríkisstj. takist að sjálfsögðu með öllum þessum aðförum að draga stórkostlega úr framkvæmdum manna í landinu, þá eru engar horfur á því eða a. m. k. fullkomlega vafasamt, að henni takist að berja svo niður innflutning fjárfestingarvara eins og hún gerir ráð fyrir.

Þessi tekjuáætlun okkar er því fullkomlega raunhæf og áreiðanlega mjög lágt metnar tekjurnar miðað við það, sem þær gætu orðið af eðlilegum innflutningi til landsins, því að við neitum algerlega að miða okkar till. um úrlausnir í efnahagsmálunum við þá stefnu fátæktarinnar, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir.

Það hefði verið býsna furðuleg afstaða af okkar hendi, ef við hefðum látið blekkjast til þess að samþ. hér á Alþ. með þögninni þann stórfellda niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda, sem stjórnarliðið stefnir að, og þær áætlanir um þessi efni, sem settar eru fram og sumpart beinlínis miðaðar við að dylja það, hvað á þjóðina er raunverulega lagt, og sumpart miðaðar við samdráttarstefnu, sem við erum algerlega á móti og teljum ófyrirsynju tekna upp.

Máttu stjórnarliðar ómögulega ímynda sér, að þeim yrði kápa úr því klæði, að á slíkt yrði fallizt og að þeim héldist uppi að saxa niður stuðning ríkisvaldsins við almenning í landinu í margvíslegum myndum, eins og þeir eru að gera með þessari afgreiðslu sinni á fjárlagafrv., — að þeim héldist það uppi, án þess að till. kæmu fram, sem sýndu, hvað raunverulega er hægt að gera og hvað raunverulega liggur beint við að gera, miðað við þær álögur, sem stjórnarliðið hefur ákveðið að berja fram og beita sér fyrir.

Hæstv. fjmrh. var að tala um ýmsa búhnykki, sem hefði verið fitjað upp á, og var m. a. að tala um, að það væri sýnd mikil ráðdeild með því að færa nú saman fjárveitingar til vega og veita fé í færri vegi en áður hafa verið settir á fjárlögin. Hann sagði, að það væri svo útdráttarsamt að vinna að mörgum vegum og hafa smáa fjárveitingu í hvern veg. Það, sem hæstv. ráðh. hefur sagt um þetta, er að mestu leyti byggt á ókunnugleika. Það er nefnilega byggt á þeim misskilningi, að hann virðist halda, að hver tiltölulega lítil fjárveiting til nýbyggingar kosti sérstakan vinnuflokk, sem settur sé á laggirnar. En þetta er byggt á algerum ókunnugleika, vegna þess að hæstv. ráðh. þekkir ekki til þessara mála. Sannleikurinn er sá, að fyrir langflestar af þessum smærri fjárveitingum, sem veittar eru til nýbygginga, til þess að byggja smátt og smátt vegi í afskekktari byggðarlögum, fyrir þessar fjárveitingar er yfirleitt unnið í sambandi við viðhald það, sem fer fram á vegunum árlega, og viðhaldsflokkarnir sjá yfirleitt um þessar endurbætur, um leið og þeir hvort sem er starfa að vegavinnunni. Mest af því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, er því á misskilningi byggt. Á hinn bóginn er það alveg augljóst, að þessi stefna, sem hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir, verður í reyndinni til þess, að þessir smávegir, sem nú fá enga fjárveitingu, fá ekki þessar fjárveitingar. Það verður hætt við að sinna þeim, ef þessari stefnu verður fylgt til lengdar. Þeir fá ekki þessar fjárveitingar, sem nú eru teknar af þeim. Það verður bara haldið áfram að vinna að öðrum vegum en hinir verða algerlega út undan. Þannig verður þetta í reyndinni, enda mun þetta vera meiningin í raun og veru. Þetta er bara einn angi af þeirri stefnu, sem nú hefur verið upp tekin, að vera ekkert að skipta sér af eða leggja fé í framkvæmdir í afskekktari byggðarlögum. Það er þarna byrjað á því, sem þessir menn kalla eða telja útskæklana, og svo á að smáfikra sig áfram eftir þessum leiðum. Eftir nokkur ár, ef þeir fá að ráða, verður farið að reikna út, að það borgi sig ekki heldur að veita 100—150 þús. kr. í þá vegi, sem eru nú heldur

meiri háttar en hinir, sem nú eru felldir niður, og þannig verður þróunin áfram, ef þessir menn fá að ráða. Allt verður það auðvitað gert í því skyni að koma á meiri ráðdeild, það veit maður. Það verður allt gert í því skyni að koma á meiri ráðdeild, því að yfirleitt skilst mér, að til þess að koma á fullkominni ráðdeild í þjóðfélaginu megi ekkert kosta til, a. m. k. í hinum afskekktari byggðarlögum. Það eitt sé fullkomin ráðdeild að sinna þeim verkefnum, sem bezt borga sig í bili. Allt annað sé bara óráðsía, sem smátt og smátt eigi að útrýma úr þjóðarbúskapnum.

Þetta voru aðeins fáein orð sem eins konar inngangur að því, sem ég vildi segja um vegatill. okkar í Austurlandskjördæminu, því að þær eru einmitt til komnar út af þessu m. a., sem ég hef nú verið að nefna. Þar er nefnilega þannig farið að, þvert ofan í till. fjögurra af fimm þm. úr þessu kjördæmi, að það eru felldar niður fjárveitingar til fjöldamargra vega, en aftur að vísu nokkuð aukið til annarra vega. Skal ég nú víkja nokkuð að þessum till., en þær eru yfirleitt byggðar á því, þessar till. okkar, sem eru enn þá skriflegar, en koma síðar fram prentaðar, að þessar fjárveitingar, sem verið hafa til smærri vega, verði teknar inn í fjárlögin, það verði hætt við þá fyrirætlun meiri hlutans að fella þær út af fjárlögunum.

Það er þá fyrst, að við leggjum til, að til Bakkafjarðarvegar verði teknar upp 30 þús. kr. og til Jökulsárhlíðarvegar 30 þús. kr. Það eru þær sömu fjárhæðir, sem verið hafa til þessara vega á síðustu fjárlögum, en hafa nú verið felldar niður af meiri hlutanum.

Þá er lagt til, að í stað Kirkjubæjarvegar komi Hróarstunguvegir. Þannig er háttað, að í Hróarstungunni eru nýir vegir, sem allir hafa haft nokkra fjárveitingu á síðustu fjárlögum, en nú þóknast meiri hlutanum að fella alveg niður fjárveitingu til tveggja veganna og veita aðeins í einn. En við stingum upp á til miðlunar í þessu máli, að fyrirsögnin fyrir þessari fjárveitingu verði þó a. m. k. Hróarstunguvegir, þannig að fleiri en einn af þeim þremur vegum, sem í sveitinni eru, komi til greina í sambandi við fjárveitinguna.

Þá leggjum við til um Fellaveg efri, að í hann verði veittar 25 þús. kr., Hjaltastaðaveg 20 þús. kr. og Seyðisfjarðarveg eystra 20 þús. kr. Eru þetta sömu fjárveitingarnar og veittar voru til þessara vega í fyrra, en nú eru allar felldar niður af meiri hlutanum.

Þá leggjum við til, að til Hellisheiðarvegar verði veittar 200 þús. kr. En þannig er ástatt, að Vopnafjörður er skilinn frá Fljótsdalshéraði með fjallgarði nokkrum, en á honum er heiði, sem Hellisheiði heitir. Það er að vísu talsverður kostnaður við að leggja veg yfir þessa heiði, en ekki stórkostlegur, eins og nú er háttað tækni við vegagerð. En á hinn bóginn mundi þessi vegagerð yfir heiðina stytta vegalengdina, sem farin er nú á milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, um marga tugi km. Við leggjum því hina mestu áherzlu á, að byrjað verði á þessari vegagerð nú, og leggjum til, að í því skyni verði veittar 200 þús. kr. Ég skal koma því að í þessu sambandi, að við hefðum vel getað hugsað okkur, að fé til þessarar vegagerðar hefði komið af benzínfé, því að hér er um millibyggðaveg að ræða.

Í því sambandi verð ég að segja hv. þm. frá því, að benzínvegaféð, millibyggðaféð af benzínskatti, hækkar nú um 1 millj. og 300 þús. kr., en samkvæmt náðarsamlegri úthlutun þess meiri hluta, sem nú ræður á Alþ., er Austurlandi öllu ætlað að fá 100 þús. kr. af 1300000 kr. Við þm. Austf. höfum reynt að fá þetta leiðrétt í fjvn. fyrir milligöngu manna í henni, en það hefur reynzt alveg ómögulegt að fá þessu breytt. Hér er hið freklegasta ranglæti framið á Austurlandi og verr búið að vegamálum þar en nokkur dæmi eru til á síðari áratugum með þessari framkvæmd. Það fullyrði ég. Má segja, að þetta séu einkennilegar efndir á kosningaloforðum þeirra þm. úr stjórnarliðinu, eða þingmanns úr stjórnarliðinu og varaþingmanns, sem við tvennar undangengnar alþingiskosningar á Austurlandi hafa lagt höfuðáherzlu á það, að ef Sjálfstfl. fengi fulltrúa af Austurlandi, þá mundi fást stóraukið framlag til framkvæmda í fjórðungnum á öllum sviðum og alveg sérstaklega í vegagerð. En nú eiga efndirnar á þessum fyrirheitum að verða þær, að af þessari 1 millj. og 300 þús. kr., sem benzínfé eykst til millibyggðavega, eiga að fara til Austurlands einar 100 þús. kr. Það má segja, að þeir séu ekki vandir að virðingu sinni, sem svona standa að málum.

Þá er það næst, að við leggjum til, að Norðurbyggðavegur í Skriðdal fái 35 þús. kr., og er það jafnt og verið hefur til þess vegar, og til Vaðlavíkurvegar 15 þús. kr. og til Vattarnesvegar 15 þús. kr. Það er einnig jafnt og verið hefur til þessara vega, en til þessara þriggja vega er ekkert framlag í till. hv. meiri hl. fjvn.

Þá kem ég að Stöðvarfjarðarvegi. Í þennan veg hafa á undanförnum árum verið veittar 260 þús. kr. árlega. Þetta er ákaflega þýðingarmikill vegur og eftir að leggja mikið af honum. En nú er það till. meiri hl., að framlagið til þessa vegar verði lækkað um 150 þús. kr. Þó að þessi vegagerð sé tæplega í miðjum klíðum, á að lækka framlagið til hennar um 150 þús. kr. Þetta er að okkar viti hrein óhæfa. Því er að vísu skotið við, að þetta sé gert til þess að taka upp nýjan lið til vegagerðar milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur, sem er ákaflega þýðingarmikill og nauðsynlegur vegur. En auðvitað er slíkt ekkert annað en viðbára af þeirri einföldu ástæðu, að Austurland átti fullkomlega kröfu á því, að fá nýtt framlag í þennan millibyggðaveg á milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar, annaðhvort beint á fjárlögunum sjálfum eða af millibyggðavegafénu, án þess að klipið væri af þeim litlu fjárveitingum, sem á fjárlögunum voru fyrir til annarra vega í fjórðungnum. Og það er hreint hneyksli, að þannig skuli vera farið að.

Það er hreint hneyksli, að það skuli vera klipið af þeim litlu fjárveitingum, sem eru til annarra vega í fjórðungnum, til þess að byrja á þessum nauðsynlega vegi. Við erum að sjálfsögðu með því að leggja fé til þessa Stöðvarfjarðarvegar, á milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar, en við álítum, að það eigi að vera viðbótarframlag til fjórðungsins frá því, sem verið hefur, annaðhvort af benzínfé til millibyggðavega eða þá af fjárlögunum beint sem sérstakur liður.

Þá kem ég að vegum í Breiðdal. Þar er leikinn sami leikurinn, þótt í smærri mæli sé. Þar er meiningin að klípa 50 þús. kr. af þeim 200 þús. kr., sem veittar hafa verið til vega í þeirri sveit. En við leggjum til, að það verði sama framlag til vega í þeirri sveit og verið hefur. Þá er einnig gert ráð fyrir því hjá hv. meiri hl. fjvn., að það verði veitt í einu lagi til Breiðdalsvegar 150 þús., niðurskorið um 50 frá því, sem var, en við leggjum til, að þessu verði skipt eins og verið hefur í fjóra staði. Það verður óhjákvæmilega að þoka áfram vegum í þessu byggðarlagi á fjórum stöðum og við viljum, að það sé ákveðið af Alþ., hvernig þessu skuli skipta, en ekki komið undir duttlungum stjórnarvaldanna, ekki komið undir duttlungum þeirra í stjórnarráðinu. ráðherranna, hvernig þessu verði skipt á milli í byggðarlaginu, heldur gangi Alþ. frá því eins og verið hefur. Till. okkar eru þær, að Breiðdalsvegur fái 60 þús. kr., Breiðdalsvegur syðri 30 þús. kr., Breiðdalsvíkurvegur 30 þús. og Norðurdalsvegur í Breiðdal 30 þús.

Þá er þannig ástatt, að veitt hefur verið byrjunarframlag til brúar á Fjarðará í Loðmundarfirði, mun hafa verið 100 þús. kr., en nú tekur meiri hl. sig til og fellir niður fjárveitingu til þessarar brúar, þ. e. a. s. það er engin fjárveiting til hennar á fjárlögunum. Er það okkar till., að til þessarar brúar verði veittar 200 þús. og þannig verði haldið áfram að safna til hennar. Við óttumst það fullkomlega, að ef þessi brú verður strikuð út af fjárl., þá verði það til þess, að þessi framkvæmd verði látin undir höfuð leggjast.

Svipað er ástatt um Selá hjá Starmýri í Álftafirði. Þar hafa verið veittar 100 þús. kr., og nú er hún strikuð út af fjárl. þeim, sem nú er ætlunin að samþykkja. Við leggjum til, að til þessarar brúar verði veittar 250 þús. kr. og með því verði tryggt, að brúin verði byggð alveg á næstunni, en óttumst um hana eins og hina brúna, að ef nú verður alveg fallið frá að veita framlag til hennar, þá muni þessi framkvæmd verða lögð til hliðar og verða alveg út undan.

Þá leggjum við loks til, að framlag til hafnargerðar í Höfn í Hornafirði verði hækkað um 250 þús. kr. Það eru aðeins 100 þús. kr., sem meiri hl. ætlar til hafnarframkvæmda í Höfn í Hornafirði. En það er náttúrlega allt of lítið, miðað við þær miklu framkvæmdir, sem þarf að gera í þessari myndarlegu verstöð, og er fyllsta þörf á því, að þessari fjárveitingu verði lyft í 350 þús. kr., og er það þá meira til samræmis við það, sem gert er um aðrar hliðstæðar hafnir. Það er um ýmsar áætlanir að ræða, sem liggur fyrir á næstunni að framkvæma, eins og gerð hefur verið grein fyrir annars staðar.

Ég skal svo aðeins að lokum taka það fram, að því miður eru það aðeins 4 af þm. Austf., sem standa að þessum brtt. um nokkuð aukin framlög til samgöngumála í fjórðungnum, en fimmti þm., þ. e. a. s. fyrst aðalþm., sem hvarf um það leyti, sem átti að fara að taka fyrir fjárlagatill., og eins varaþm., sem kom í staðinn fyrir hann og birtist um sama leyti, hafa ekki viljað vera með í því að flytja slíkar kröfur eða slíkar till. um aukin framlög til samgöngumála í fjórðungnum. Fer náttúrlega ákaflega vel á því, því að það eru einmitt þessir menn og þá alveg sérstaklega varaþm., sem er nýkominn á þingið, sem skýrast lofaði því í síðustu alþingiskosningum tvennum og skörulegast, að hann mundi beita sér fyrir stórfelldum auknum framlögum til samgöngumála á Austurlandi og menn mættu treysta því. Það væri alveg víst, að það kæmi fram undireins, ef Sjálfstfl. fengi fulltrúa af Austurlandi, að þá yrðu umskipti í framkvæmdamálum í fjórðungnum og yrðu stóraukin framlög til allra mála og alveg sérstaklega samgöngumála, eins og hann orðaði það, að þá yrðu byggðir vegir, en ekki þetta ómyndarlega kjótl, sem verið hefði, það yrðu byggðir langir og breiðir beinir vegir í stórum átökum. En nú hefur risið lækkað það á þessum hv. þm. á öðrum degi þingsetu hans, að hann lýsti því yfir í dag, að hann gæti ekki staðið með okkur í því að flytja fram þessar smávægilegu kröfur, sem hér er um að ræða, til hækkunar á framlögum til samgöngumála í Austfirðingafjórðungi. Þannig er nú þetta. Þannig er nú þessi frammistaða, og mun eftir því verða tekið, vegna þess að það var ekkert skorið utan af því og allt haft mjög greinilegt um það, hvað ætti að gera. Það var ekkert um að villast, hvað átti að ske. Nú hefur Sjálfstfl. fengið þm. af Austurlandi. Þessu langþráða takmarki hefur verið náð, að flokkurinn fengi þm. af Austurlandi, og þá sjáum við umskiptin: Samdráttur á öllum sviðum og beinlínis níðzt á fjórðungnum í sambandi við skiptingu vegafjár, eins og ég hef gert fullkomna grein fyrir í sambandi við skiptinguna á millibyggðavegafénu af benzínskatti.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég flyt 3 till. til breyt. á fjárlfrv., og er þessar brtt. að finna á þskj. 203. Vil ég nú fara um þær örfáum orðum og ætla að byrja á að gera að umtalsefni till., sem snertir 14. gr. fjárlfrv.

Þar er ætlað til styrktar íslenzkum námsmönnum 4 millj. 625 þús. kr. Ég legg til, að þessi upphæð verði hækkuð lítið eitt, eða upp í 5 millj. og 400 þús. kr. Í síðustu fjárl., fyrir árið 1959, var samsvarandi upphæð 3 millj. Nú hefur hún sem sagt verið hækkuð af stjórnarvöldunum upp í rúmlega 4½ millj. Ástæðan til þessarar hækkunar er auðvitað öllum ljós. Það

er sú stóraukna dýrtíð, sem hæstv. ríkisstj. hefur hleypt af stað, er þessari hækkun veldur. Þessum námsstyrkjum er varið til handa *námsmönnum íslenzkum, sem stunda nám* innanlands og utan. Það er mjög augljóst, að ungir menn, sem nú stunda nám innanlands, fá fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj. gífurlegt dýrtíðarflóð í fangið þegar á þessu ári, og venzlamenn þessara manna fá á sig þessar auknu álögur stj. án nokkurra bóta. Þar er ekki um að ræða neinar fjölskyldubætur. Af þessu leiðir, að hinir efnaminnstu hljóta að gefast upp og hætta fjárhagslegum stuðningi sínum við sína skjólstæðinga á námsbrautinni. Afleiðingin verður sú, að fjölmargir fátækir námsmenn neyðast til að hætta námi eða gefa upp vonina um fyrirhugað nám.

Ekki verða erfiðleikarnir, sem stjórnarvöldin þannig valda, þeim námsmönnum léttari, sem stunda nám erlendis, og nægir í því sambandi að benda á gengislækkunina, sem með öllum sínum þunga leggst á þessa námsmenn. Á því sviði virðist því blasa við fullkomið öngþveiti, sem vissulega snertir ekki aðeins fáeina einstaklinga, heldur þjóðfélagið allt. Það er mjög hæpin stefna frá sjónarmiði heildarinnar að takmarka aðgang að háskólanámi eða öðru framhalds- eða sérnámi, og sérstaklega er sú stefna fordæmanleg, að heimild til að nema sé miðuð við efnahagsástæður. Það er mjög hæpin stefna að útiloka menn frá námi fyrir þá sök eina, að þeir séu fátækir. Reynslan mun sýna, að úr hópi hinna fátækustu námsmanna komi beztu lærdómsmennirnir. Þetta er ekki tilviljun, heldur kemur það af því, að úr hópi fátækasta fólksins leggja ekki aðrir út á námsbrautina en þeir, sem efnilegir eru og líklegir til frama.

Námsstyrkina þarf að hækka vegna dýrtíðaraðgerða hæstv. stj., og það þarf að hækka þá verulega. Þetta er ekki gert í fjárlfrv. Því lagði ég til á þskj. 203, að nokkur bragarbót yrði gerð á í þessu efni, og var mér þó ljóst, að sízt væri hart farið í sakirnar. Till. mín miðast við eins litla hækkun og ég taldi fært að flytja till. um, í þeirri von, að hæstv. ríkisstj. sæi að sér og hækkaði framlagið til þessara þarfa.

Ég sé nú, að frá hv. fjvn. hefur komið till. til hækkunar á þessum lið, og er á þann veg, að í stað 4 millj. 625 þús. komi 6 millj. 595 þús. Ég hafði ekki veitt þessu athygli, áður en ég kom hér í ræðustólinn, og ég vil taka það fram, að ég fagna þessum sinnaskiptum, sem þarna koma fram, og að sjálfsögðu mun ég styðja þá till. frekar en mína eigin, þar sem hún gengur lengra í þá átt, sem ég tel að beri að ganga.

Önnur till. mín fjallar um 17. gr. fjárl., þann lið, sem nefndur er húsnæðismál. Í fjárlfrv. er ætlað til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 3 millj. og 800 þús. kr. Þetta er lækkun frá í fyrra, því að þá voru ætlaðar til þessara þarfa 4 millj. kr., eins og einnig var árið 1958. Hér er því um samdrátt að ræða, aftur-för um þetta brýna nauðsynjamál. Ég legg til, að þessi liður í fjárlfrv. verði hækkaður upp í 8 millj. kr.

Það má segja það sama um þessa till. mína og hina fyrri, að ég reyni að fara eins vægt í kröfurnar til hækkunar og ég tel mögulegt. Ég minni á það, að á undanfarandi þingum hafa verið uppi brtt. við þennan lið á þann veg, að þetta framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis yrði hækkað verulega. Minnist ég þess, að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) flutti á þingum 1956 og 1957 brtt. við þennan lið á þá leið, að framlagið yrði hækkað, í fyrra skiptið upp í 10 millj. og í síðara skiptið upp í 12 millj. Svo hátt treysti ég mér ekki til að fara, enda þótt dýrtíð hafi síðan stórlega aukizt. Ég batt mig við 8 millj., eins og ég sagði áðan, í þeirri von, að einhver úrbót fengist.

Það er mikið um heilsuspillandi húsnæði í þessu landi, ekki sízt hér í Reykjavík. Að sjálfsögðu eru óhollar og óheilnæmar íbúðir hvarvetna í landinu, en í Reykjavík eru þær flestar á einum stað. Á síðustu 5 árum, árunum 1955—59, hefur verið gerð lausleg athugun á heilsuspillandi húsnæði í Reykjavík. Það voru á þessu tímabili athugaðir 463 herskálar, 69 skúrar og 1740 kjallarar, en alls var athuguð 2791 íbúð á þessu tímabili vegna gruns um óhollustu. Matið á þessum íbúðum í Reykjavík var það, að meir en helmingur þeirra væri lélegur og í svo slæmu ástandi, að óhæfar mættu kallast. Það er því af nógu að taka, nóg verkefnin, sem leysa þarf á þessu sviði, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Það er fleira, sem gerir þörf á að hækka þennan lið, m. a. það, að nú virðast fara í hönd tímar minnkandi íbúðabygginga í þessu landi. Ég vil aðeins benda á í því sambandi, að á árunum 1957 og 1958 komst tala íbúðabygginga, fullgerðra á einu ári, upp yfir 800 annað árið og upp yfir 900 hitt árið. En á síðasta ári, stöðvunarári Alþfl., hrapar tala fullgerðra íbúða í Reykjavík niður í 740. Það eru allar líkur til, eins og efnahagsmálum horfir nú, að þessi tala muni lækka stórlega frá í fyrra á þessu ári og síðan jafnvel áfram. Það er ekkert líklegra en að eins fari um íbúðabyggingar í landinu nú og á árunum eftir gengislækkunina 1950. Af þessum ástæðum er sérstök ástæða til að hlynna að þessum þætti byggingarmálanna.

Ég vil í því sambandi minna á þau orð hv. 5. þm. Reykv., sem hann viðhafði, er hann mælti fyrir sams konar till. hér á hinu háa Alþ. fyrir 2 eða 3 árum. Þá sagði hann orðrétt á þessa leið: „Hvort sem mikið eða lítið er byggt, þá er það forgangskrafa, að sveitarfélögin og valdhafarnir í þjóðfélaginu beiti fyrst og fremst kröftum sínum til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði.“ Undir þessi ummæli hv. 5. þm. Reykv. get ég tekið fullum rómi, og ég er honum einnig sammála, þegar hann segir, „að hækkuð upphæð til þessara þarfa“, sem hann nefndi 12 millj. kr., „væri

lágmark til þess að mæta þeim þörfum, sem fyrirsjáanlegar og augljósar eru, til þess að sveitarfélögin geti unnið sómasamlega að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis". Ég þarf ekki heldur að minna á það, að a. m. k. bæjarstj. Reykjavíkur hefur þrásinnis á undanförnum árum skorað á hið háa Alþ. að hækka þetta framlag og að fyrrv. borgarstjóri, núv. hæstv. fjmrh., hefur stutt það mál hingað til af alefli hér á þingi.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að benda á eina brtt., sem er að finna á þskj. 203, sama þskj. og mínar till. eru á. Sú till. er borin fram af hæstv. forsrh. Hann leggur þar til, að 1 millj. kr. verði varið til byggingar stjórnarráðshúss. Nú er ég honum sammála um það, þessum hæstv. ráðh., að það er full þörf á að byggja stjórnarráðshús. En það er óendanlega miklu minni þörf á að byggja stjórnarráðshús nú í ár eða næsta ár heldur en að útrýma heilsuspillandi húsnæði í landinu. Þess vegna hefði ég viljað stinga upp á því hér nú, að hæstv. forsrh. hefði tekið þessa till. aftur með þeim tilmælum til stjórnarvaldanna, að þessari milljón yrði varið til byggingar íbúða í stað þeirra, sem eru óhollar og heilsuspillandi.

Ég læt þetta nægja um þessa till. og sný mér þá að þeirri till. minni á þessu þskj., sem ég hef ekki minnzt á enn.

Þær till., sem ég hef gert að umtalsefni, miða báðar í hækkunarátt, allverulega, en sú till., sem ég nú geri að umtalsefni, miðar hins vegar í lækkunarátt. Sú till. snertir 10. gr. fjárlfrv., og langar mig í því tilefni að fara nokkrum almennum orðum fyrst um þetta fjárlfrv., en skal vera stuttorður.

Að sjálfsögðu er þetta frv. til fjárl. hæsta fjárlfrv. til þessa, þrátt fyrir hina svokölluðu stöðvun dýrtíðar og verðbólgu, sem átti að hafa farið fram á árinu 1959, og þrátt fyrir öll kosningaloforð núv. stjórnarflokka um auknar aðgerðir í lækkunar- og sparnaðarátt á þessu ári. Heildarupphæðin á fjárl. í fyrra var rúmar 1030 millj., en nú er heildarupphæðin 1464 millj., eða rúmum 433 millj. kr. hærri en síðasta ár. Í samræmi við þessa verulegu hækkun eiga svo skattar og tollar og aðrar álögur á almenning að stórhækka, en í heild munu skattar og tollar hækka um 422.7 millj. eða yfir 50% frá í fyrra. Þetta er öll stöðvunin, og þetta er allur sparnaðurinn í þessu efni. Nú leynir það sér ekki, þegar lesið er yfir þetta frv. til fjárl., að þar er mikill munur á eftir efni. Sumir kaflar frv. eru þannig úr garði gerðir, að þar er ekki um neina teljandi hækkun að ræða, og það eru einkum þeir kaflar, sem snerta framkvæmdir í landinu, uppbyggingu í landinu. En svo eru aðrir kaflar, þar sem hækkunin er mikil, ég vil segja gífurleg, og meðal þeirra kafla er einmitt 10. gr., en hún ræðir um útgjöld til ríkisstj. Mér virðist ekki vera lögð mikil áherzla á stöðvun verðbólgu og dýrtíðar í hinu virðulega stjórnarráði Íslands. Þar virðast gilda allt önnur hagfræðileg og efnahagsleg lögmál en eiga að gilda meðal almennings. Þegar fullyrt er, að þjóðin hafi lifað um efni fram og verði nú að spinka og spara og jafnvel herða sultarólina, þá stendur stjórnarráðið þar langt fyrir utan og ofan. Í efnahagslífi þjóðarinnar er talið óumflýjanlegt að koma á samdrætti og jafnvel kreppu og til þess sett sérstök, margföld löggjöf. En í stjórnarráðinu heldur verðþenslan áfram, eins og ekkert hafi í skorizt.

Það má segja, að lögmálið um hina eilífu verðþenslu í stjórnarráðinu sé algilt hvað heildarútgjöld þess snertir. En það á sér eina undantekningu, ef einstök atriði eru athuguð. Undantekningin er sú, að laun greidd einstökum starfsmönnum hækka ekki í samræmi við annað á þeim stað, heldur lúta þau þeim reglum, sem almennt gilda í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þannig var kaupmáttur þeirra skertur verulega á árinu 1959, og enn meiri skerðing á þeim er ákveðin á þessu ári. En þrátt fyrir þennan samdrátt, sem bitnar eingöngu á starfsfólki stjórnarráðsins, vex verðbólgan óðfluga þar. Sparnaður, stöðvun, samdráttur virðast þar óþekkt hugtök. Þar vaxa útgjöldin ár frá ári, enda þótt laun hvers einstaks starfsmanns fái ekki að hækka nú síðustu árin.

Ég minnist þess, að núv. stjórnarflokkar gumuðu mikið á síðasta ári af þeim afrekum leiðtoga sinna að stöðva verðbólgu og dýrtíð, og með því var lífskjaraskerðing almennings afsökuð. Stjórnarleiðtogarnir þreyttust aldrei á að státa af þessu og því hugrekki, sem til þessa þyrfti. En engar ráðstafanir náðu til stjórnarráðsins. Til þess entist ekki hugrekkið. Þenslan í stjórnarráðinu hélt áfram það ár með sama hraða og áður, og hún heldur enn áfram árið 1960, meira að segja með vaxandi hraða. Hin efnahagslega gagnbylting hæstv. ríkisstj. nær ekki til stjórnarráðsins. Það stendur nú eins og í fyrra utan og ofan við allar ráðstafanir sparnaðar, stöðvunar og samdráttar.

Árið 1958 voru útgjöld ríkissjóðs vegna stjórnarráðsins áætluð 14½ millj. kr., árið 1959, á stöðvunarári Alþfl., 17 millj., og 1960, sjálft samdráttarárið, eru þau áætluð 19.6 millj. kr. Þessi útgjöld ein hækka því um rúmar 5 millj. kr. á þessum tveimur stjórnarárum Sjálfstfl. og Alþfl., árunum, sem boða þjóðinni ekki aðeins efnahagslega stöðvun, heldur stórfelldan efnahagslegan samdrátt og skerðingu. Þessi 5 millj. kr. kostnaðaraukning er ekki til komin vegna almennra launahækkana á staðnum, heldur vegna stórfelldrar útþenslu skrifstofubáknsins, — útþenslu, sem virðist haga sér í samræmi við hið fræga lögmál Parkinsons. Ég skal nefna tvö dæmi þessarar þenslu í ráðuneytunum. Árið 1958 námu áætluð vinnulaun í utanrrn. 680 þús. kr., næsta ár 727 þús. kr., og nú í ár eru þau áætluð 758 þús. kr. Hér verður því um 11.5% hækkun að ræða á þessum tveim árum, þrátt fyrir að launakjör í krónutali eru óbreytt. Í viðskmrn. eru samsvarandi tölur þessi árin 283 þús., 374 þús. og 391 þús. Þar nemur hækkunin hvorki meira né minna en 38%, og ber

það óneitanlega meiri keim af viðreisn þess ráðuneytis en af samdrætti.

Ég hef gert stjórnarráðið að umtalsefni vegna þeirrar útþenslu, sem þar fer fram. Stjórnarráðið er annar aðalliðurinn í 10. gr. fjárlaganna. En hinn liðurinn heitir „utanríkismál". Um hann er svipaða sögu að segja. Þar er ekki uppdráttarsýkinni fyrir að fara. Árið 1958 voru framlög til utanríkismála áætluð 9.2 millj. Næsta ár, 1959, er áætlun þeirra komin upp í 14.3 millj. Þau hækka þannig um 5 millj. á tímabili stöðvunarstjórnar Alþfl., og er það 55.4% hækkun frá árinu 1958. Á þessu ári, árinu 1960, eru sömu útgjöld áætluð 22 millj. tæpar og hækka því um 7.7 millj. kr. frá í fyrra eða um 53.9%, enda er gengislækkunin nú farin að segja til sín. Á þessum tveim árum, 1959 og 1960, hækka útgjöld ríkissjóðs til utanríkismála því um 109.3%, m. ö. o.: þau gera talsvert betur en tvöfaldast á þessum tveim síðustu árum.

Ekki virðist hafa flökrað að hæstv. ríkisstj. að draga neitt úr þessari gífurlegu útgjaldahækkun á þessum lið. Samdráttur eða sparnaður virðast bannorð, þegar um er að ræða 10. gr. fjárlaga, greinina, sem fjallar um rekstur stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar. Þeir liðir vaxa og dafna, eins og ég nú hef bent á, vaxa eins og illkynjað æxli í hrörnandi líkama. Samanlögð útgjöld til stjórnarráðs og utanríkismála aukast úr 23.8 millj. árið 1958 í 31.3 millj. árið eftir og verða nú í ár 46.6 millj. Þannig hækka ríkisstjórnir, sem þykjast stöðva dýrtíð og verðbólgu, þessi eyðsluútgjöld ríkisins ein um 22.8 millj. kr. á tveimur árum, eða sem næst 96%.

Hæstv. ríkisstj. mun afsaka sig með því hvað utanríkismálin snertir, að þar sé hækkun óhjákvæmileg vegna gengislækkunarinnar. Ég vil ekki ganga inn á þetta sjónarmið, og í minni till. bendi ég á leið til sparnaðar, leið, sem oft hefur verið bent á áður, og leið, sem er raunhæf. En sú leið er að fækka sendiráðunum erlendis. Það hefur oftlega á síðasta áratug eða hálfum öðrum áratug verið bent á það hér á hinu háa Alþingi, að þörf væri á fyrir okkar litla þjóðfélag að spara við sig sendiráðin erlendis. Menn ýmissa flokka hafa borið fram tillögur þessa efnis hér á Alþingi, þó að þær hafi ekki náð fram að ganga til þessa. Að þessu sinni legg ég til, að sendiráðið í Stokkhólmi, sendiráðið í London, sendiráðið í Osló og annað sendiráðið í París verði lagt niður á miðju þessu ári. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja till. um, að kostnaður við þessi ráðuneyti, eins og hann er áætlaður í fjárlagafrv., verði lækkaður um helming, en það mundi spara ríkissjóði eitthvað hátt á 3. millj. kr.

Það er þung byrði svo lítilli þjóð sem við Íslendingar erum að standa undir kostnaði fjölmargra sendiráða úti um heiminn. Þessi kostnaður er almennt það mikill, að jafnvel þjóðir, sem eru allmiklu stærri en við og raunar miklu stærri, kvarta undan þessum bagga. Og erlendis meðal smáþjóða heyrast raddir um það, að þörf sé á að halda í í þessu efni eða jafnvel draga saman seglin. Ég las í Morgunblaðinu 20. febr. s. l. grein um þetta efni, grein, sem varðar Dani, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp. Þessi stutta grein hljóðar svo:

„Vilja leggja niður sendiráðið í Reykjavík. — Kaupmannahöfn, 18. febrúar. — Einkaskeyti til Morgunblaðsins. — Kvöld-Berlingur skýrir frá því, að vinstri og íhaldsmenn undirbúi nú frv. um 4—5 millj. kr. sparnað í utanríkisþjónustunni, m. a. með því að leggja niður sendiráðin í Reykjavík, Osló, Stokkhólmi og að líkindum einnig í Helsinki. Sé það álit þeirra, að nóg sé að hafa ræðismenn á þessum stöðum. Þá er gert ráð fyrir í því frv. að koma fram enn frekari sparnaði með því að sameina nokkur sendiherraembætti. Sú staðreynd, að mörg þau verkefni, sem sendiráðin hafa löngum annazt, má nú leysa á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana, mun liggja að baki þessum sparnaðartillögum. Þannig munu t. d. rökin fyrir því að leggja niður sendiráðin á Norðurlöndum hvað helzt vera þau, að í undirbúningi er að setja á stofn norræna ráðherranefnd, og einnig má vísa til samvinnu landanna innan Norðurlandaráðsins, hjá Sameinuðu þjóðunum og í fríverzlunarbandalaginu."

Þannig hljóðar þessi grein í Morgunblaðinu. Hún er athyglisverð fyrir okkur Íslendinga og hlýtur að vekja okkur alla til umhugsunar um það, hvort ekki sé tímabært fyrir okkur að staldra við og athuga þetta mál betur, hvort ekki sé rétt að vinda sér að því nú þegar að spara við okkur lítið eitt í utanríkisþjónustunni. Í þessari grein eru tilnefnd rök, sem ég hef ekki nefnt, en ég vil gera að mínum rökum í þessu máli.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þeir hv. fyrirsvarsmenn ríkisstj., sem talað hafa við þessa umr., þeir hv. frsm. meiri hl. fjvn. (MJ) og hæstv. fjmrh. (GTh), hafa aðeins gefið mér tilefni til þess að koma hér í ræðustól aftur. Þeir hafa báðir vikið örlítið að till. mínum og grg. fyrir þeim eða ræðu minni um þessi efni.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 6. þm. Norðurl. e., gat þess hér við umr., sem og rétt er, að till. Alþb. við þessa afgreiðslu fjárlaga eru í alla staði byggðar á ábyrgum grunni, þannig að Alþb. mun fyrir sitt leyti stuðla að því, að fjárlög verði afgreidd tekjuhallalaust. Að öðru leyti hafði hann ýmislegt við till. mínar og annarra stjórnarandstæðinga að athuga, og er það nú lítið meira en næstum verður að vera við slíkar umr. Hann taldi sparnaðartill. mína og raunar báðar þær, sem ég hef gert, vera heldur óraunhæfar og deildi mjög á Framsfl. fyrir óábyrga afstöðu til afgreiðslu fjárlaga, og alveg sérstaklega deildi hann á afskipti hv. 1. þm. Austf. (EystJ) af afgreiðslu fjárlaga, bæði fyrr og nú, gat þess réttilega, að hann hefði ekki verið í miklum sparnaðarhug um afgreiðslu fjárlaga, meðan hann var

fjmrh., hann hefði viljað hafa tekjuáætlun rúma, og sitt hvað fleira hafði hann við hans framkomu að athuga. Nú er það að sjálfsögðu ekki ætlun mín að halda uppi vörnum fyrir þann þm., sem hér var á deilt, Eystein Jónsson, eitt sinn verandi fjmrh. Miklu fremur þætti mér ástæða til þess að taka undir a. m. k. sumt af því, sem í gagnrýni hv. frsm. meiri hl. fjvn. kom fram. En á hinn bóginn verð ég að játa, að ég tel, að þessi ræðumaður hafi gert Eysteini Jónssyni ekki litinn sóma, með því að mér fannst eiginlega ræða Magnúsar Jónssonar vera að meginparti sama ræðan, sem Eysteinn Jónsson jafnan flutti við afgreiðslu fjárlaga, meðan hann var fjmrh. Og mér þykir sýnt, að þrátt fyrir það að þessir tveir hv. alþm. eru nú ekki mjög sammála, þá geti Eysteinn verið ánægður með það, að hann mun þarna hafa eignazt virðulegan og álitlegan lærisvein, sem nú heldur uppi þeim kenningum og fræðum, sem Eysteinn Jónsson jafnan varð að gera, meðan hann var fjmrh.

Ræðu hæstv. fjmrh. og þeim atriðum, sem hann sérstaklega vék að mínum till. og minni ræðu, þykir mér rétt að svara. En áður en að því kemur, vil ég leiðrétta nokkurn misskilning, sem hjá hæstv. ráðh. virðist vera varðandi framkvæmd hjá vegagerð ríkisins. Hv. 1. þm. Austf. hefur nú að nokkru gert það, en þó ekki að því leyti, sem ég tel nauðsynlegt, til þess að ráðh. sé betur heima í því, með hverjum hætti eða hvert samband er á milli fjárlaga og framkvæmda í vegagerðinni.

Það var mjög mikið um það, að inni í fjárlögum væru tiltölulega mjög lágar upphæðir til vegagerðar, 10, 15, 20 þús. og raunar einnig upphæðir, sem voru litlu hærri en þetta. Yfirleitt mun ekki vera unnið sérstaklega fyrir upphæðir, sem eru svona lágar. Þær eru allt öðruvísi til komnar inn í fjárlögin flestar. Þær eiga flestar þá sögu, að á fyrra ári hefur verið unnið fyrir dálítið meira í viðkomandi vegi en þá var lagaheimild fyrir, og margar af slíkum fjárveitingum ganga til þess að borga upp skuldir, sem á viðkomandi vegum hvíla. En upphæðirnar eru alls ekki þess eðlis, að þær þýði, að farið sé með þung og mikil verkfæri um langan veg til þess að vinna fyrir þetta. Það er vert, að þetta komi fram, það hefur ekki komið hér fram í umr. fyrr, og það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem ekkert sjá nema tölurnar, hugsi málið þannig, að hér muni vera fluttar til miklar vélar og vinnuflokkar til þess að framkvæma verk fyrir upphæð, sem kannske varla hrekkur fyrir flutningskostnaðinum einum saman. En þessu er ekki þannig varið. Og það er vissulega rétt, og ég fagna því eins og sumir aðrir ræðumenn, sem hér hafa talað, að yfirleitt hefur nú verið horfið að því ráði að miða framlög til vegagerðar við það, að stærri áföngum sé lokið en áður. Hins vegar held ég, að þetta sé ekki neinn árangur af baráttu hæstv. fjmrh. í þessu efni, heldur sé þetta fyrst og fremst árangur af þeirri breyttu kjördæmaskipan, sem upp hefur verið tekin, og ber að sjálfsögðu að þakka það hæstv. fjmrh., að svo miklu leyti sem hann átti þátt í kjördæmabreytingunni, því að mála sannast er það, að gamla fyrirkomulagið í þeim efnum ræktaði heldur upp skammsýni og smámunasemi, sem vænta má að þróun næstu ára geri heilbrigðari og verki í þá átt, að betur nýtist framkvæmdafé.

En þótt þeir hv. talsmenn ríkisstj. telji það vera einhverja sérstaka dyggð af sinni hálfu, að þróunin hefur gengið í þessa átt í sambandi við veitingu vegafjár, og telji till. sínar um flugvallagerðir einnig miða að þessu sama o. s. frv., þá verð ég að vekja athygli á því, að þeir eru sjálfir ákaflega fjarri því að hafa tileinkað sér þessa stefnu í raun. Og fyrst þessi mál eru komin sérstaklega á dagskrá, sé ég ástæðu til þess að rifja upp, hvernig staðið hefur verið að fjárveitingum til millibyggðavega. Ég vil nefna það dæmi, að eftir að vitað var, hverri upphæð þar átti að skipta, sem eru 6½ millj. kr. af benzínfé, þá gerði vegamálastjóri sínar till. þar um. Hann lagði til, að í Austurveg yrðu lagðar 2 millj. kr. Málefni þeirrar vegagerðar standa nú þannig, að áætlun liggur fyrir um það, að sá vegur muni geta tengzt vegakerfinu austanfjalls eftir 2 sumur hér frá, ef til hans verði veittar 2 millj. kr. á ári, og voru þeir útreikningar hans miðaðir við verðlag fyrir gengisbreytinguna. Það hefði því mátt ætla, að þeir, sem eru sérstakir talsmenn fyrir því að ljúka áföngum fremur en vera víða með verk á prjónum, hefðu gert ráðstafanir til þess, að þessa áætlun hefði ekki þurft að bera af leið, henni hefði ekki þurft að seinka, þeir hefðu því heldur haft tilhneigingu til þess að bæta við till. vegamálastjóra í þessum efnum heldur en draga úr þeim. Raunin varð hins vegar sú, að þeir komu sér saman um að lækka þetta framlag um 200 þús. kr., þ. e. a. s. innsigla það og tryggja það þar með, að þessi áætlun gæti ekki staðizt. Á hinn bóginn notuðu þeir þetta fé, sem þarna var af klipið, ásamt 100 þús., sem einhvers staðar annars staðar munu hafa verið klipnar af, til þess að ákveða, að hafin skyldi vegagerð á svonefndum Hellissandsvegi. Nú skal ég allra manna síðastur mæla gegn því, að sá vegur verði lagður. En mér þykir ástæða til þess að upplýsa og styðst þar við upplýsingar vegamálastjóra um það, hvers eðlis sú vegagerð er. Hún miðar að því að tengja saman þorpin Ólafsvík og Hellissand, og eins og ég hef áður tekið fram, er þar mikil nauðsyn vegagerðar. Vegur þessi á að liggja um svonefnt Ólafsvíkurenni, sem er fjall fram í sjó þar, þó þannig, að á fjöru er hægt að aka á milli þessara staða fyrir Ólafsvíkurenni. Vegamálastjóri hefur upplýst, að einmitt þennan veg, sem kostar allmargar millj. kr., verði að leggja í sem allra fæstum áföngum, kannske í einum áfanga, vegna þess að þegar farið verður að sprengja úr Ólafsvíkurenni fyrir veginum, þá hrynur grjót niður í fjöruna og sú leið, sem nú er notuð, mun teppast. En einmitt á þennan stað gerðu stjórnarliðar tillögu um að flytja 300 þús. kr.

af Austurvegi og einhverjum öðrum vegi, sem vafalaust á ekki mjög langt í land, og er þessi fjárveiting því beinlínis til þess að teppa þær litlu samgöngur, sem nú eru á milli Ólafsvíkur og Hellissands. Þetta er nú framkvæmdin á hugmyndinni um að vinna verk í stórum áföngum og taka myndarlega á.

Í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh. um það, hvað afgreiðsla fjárlaga gengi rösklega, þá vil ég taka undir þau í einu og öllu, nema þar sem hann nefnir tölur. Þar virðist honum vera fyrirmunað að fara alveg rétt með. Hann mun hafa sagt það í ræðu einhvern tíma á s. l. hausti, að afgreiðsla fjárlaga mundi geta farið fram á svo sem eins og mánuði, eftir að fjárlög yrðu lögð fram. Þessa fullyrðingu sína þarf hann svo að reyna að rökstyðja með einhverjum hætti. Og hann gerir það með þeim hætti, að hann telur afgreiðslurnar hafa farið fram á um það bil mánuði, vegna þess að fjárlagafrv. hafi verið vísað formlega til fjvn. hinn 8. febr., en meiri hl. fjvn. hafi undirskrifað nál. hinn 15. marz. Allt er þetta út af fyrir sig rétt. En þetta segir ekkert um það, hve langan tíma afgreiðsla fjárlaga tekur. Fjárlagafrv. var lagt fram fyrsta dag þingsins eftir þinghlé. Þá strax byrjaði fjvn. að vinna í málinu, og þess vegna er dagurinn 8. febr. í rauninni ekki viðkomandi vinnubrögðum fjvn. En jafnvel hvað sem allt gott má segja um vinnubrögð eins og t. d. í fjvn., — þar hefur verið rösklega unnið og því mótmælir enginn, — getur hæstv. fjmrh. ekki setið á sér að fara þannig með tölur, að það gefur mönnum rangar hugmyndir. Það væri þingheimi ákaflega mikils virði, ef hæstv. ráðh. gæti lagt niður þennan sið sinn, þannig að alþm. gætu yfirleitt lagt trúnað á upplýsingar hans, án þess að þurfa alltaf að vera fullir tortryggni, eins og hann vissulega gefur tilefni til.

Hann hefur gert sérstaklega að umtalsefni þá till. mína við þetta frv., að lækka beri rekstrarkostnað ráðuneytanna, utanríkisþjónustunnar, dómgæzlunnar, lögreglustjórnarinnar og skatta- og tollastofnana um 10%. Og hann spyr mig ýmissa spurninga í sambandi við það. Áður en ég svara þeim, sem mér þykir rétt og skylt að gera, vil ég aðeins minnast á það, að þessi till. er flutt af beinu tilefni þess, sem framkvæmt hefur verið og lögfest að tilhlutan ríkisstj. Ríkisstj. hefur sem sagt með efnahagslöggjöf sinni, þ. e. a. s. gengisfellingarlögunum, með lögfestingu sinni væntanlega á söluskatti, með ákvörðunum sínum um vaxtahækkanir o. s. frv. efnt til þess, að dýrtíðin í landinu hlýtur að rísa mjög hátt. Til þess að vera nú viss um að nefna ekki hærri tölur en raunveruleikinn mun sanna á næstu vikum og mánuðum, þá vil ég slá fram þeirri hugmynd, að dýrtíðin muni ekki hækka að meðaltali um nema 25%. Þá verða heimilin í landinu að mæta þessari hækkun án þess að fá nokkra tekjuhækkun. Þau verða að draga saman. Geta þau það? Hefur ríkisstj. spurt þau um það? Nei, hún hefur ekki gert það, Byggir hún till. sínar á einhverjum búreikningum? Nei, hún gerir það ekki. Hún gefur út tilskipun til heimilanna: Dragið þið saman. — Og svo segir ráðh., þegar gerð er till. um það, að þær stofnanir, sem hann á að stjórna, dragi saman um 10%, að mér hafi láðst að geta þess, hvernig eigi að gera það. Honum láðist líka að segja heimilunum, hvernig þau eiga að mæta hinni hækkuðu dýrtíð. Ég veit, að það eru til ýmis ráð til þess að mæta hækkuðum útgjöldum eða til þess að draga saman. Ráðh. hefur t. d. sjálfur sagt frá því hér í ræðu, að hann hafi í hyggju að kaupa stimpilklukku og setja hana upp í stjórnarráðinu, að því er mér skilst vegna þess, að starfsmenn þess hlaupi úr vinnu sinni eða séu ekki við, þegar þeir eigi að vera það. Ja, eitt ráðið er nú kannske að draga af kaupinu þeirra, þegar þeir slóra. En ef þeir skyldu nú afkasta meiru, þegar klukkan er komin, þá er líka hugsanlegt að komast þar af með færri starfsmenn. Ég get gefið honum þetta ráð. Annars ætla ég ekki að gefa honum ráð í einstökum liðum, en spurningum hans ætla ég að svara.

Hann spurði alveg beint: Á að reka tíunda hvern mann, ef spara á 10%. Ég vil spyrja hann á móti: Þegar hann hefur gert ráðstafanir til þess að hækka dýrtíðina um 25%, en halda tekjum heimilanna óskertum, þ. e. a. s. óbreyttum, á þá að svelta fjórða hvern mann, á að hætta að klæða fjórða hvern mann? Síðan spyr hann mig: Hverja á að reka? Ég vil spyrja hann: Leggur hann fram lista til handa heimilunum og segir þar, hver börn á að svelta eða hætta að klæða eða hvaða fjölskyldumeðlimi? Nei, hann gerir það ekki. Hann spyr: Á að lækka laun hjá starfsmönnunum? Ég svara: Þeirra laun hafa raunverulega verið lækkuð með þeim aðgerðum, sem hann sjálfur hefur framkvæmt. En ég vil spyrja hann alveg hliðstæðrar spurningar: Hvernig á að haga hliðstæðum lið í heimilishaldi? Á að hætta að kaupa kjöt? Á að hætta að kaupa fisk? Hvað á að spara? Hann hefur ekki sagt frá því enn þá. Þegar hann hefur gert grein fyrir þessum hlutum að sínu leyti, þá mun ég reyna að gera það einnig að mínu leyti.

Ég vil benda honum á það, að tillaga mín er gerð beinlínis í samræmi við þá stefnu, sem hann hefur markað. Hann vill halda því fram, að ef eigi að framkvæma þessa stefnu í stjórnarráðinu, þá sé þar vá fyrir dyrum, þetta sé ekki hægt. Alveg því sama held ég fram um hans stefnu í þjóðfélaginu sjálfu. Ég held, að hans stefna sé einmitt slík, að það sé vá fyrir dyrum í þjóðfélaginu og þetta verði ekki þolað.

Það þarf að rannsaka, hvað hægt er að spara, og til þess þarf þrotlausa vinnu, segir ráðherrann. Hefur hann lagt þrotlausa vinnu í það að finna út, hvað sé hægt að spara á heimilunum? Það verður fróðlegt að sjá árangurinn af þeirri vinnu, þegar hann birtist.

Nei, þessi mótmæli ráðh. gegn því að spara

nokkurn skapaðan hlut í stjórnarráðinu og þeim stofnunum, sem undir það heyra beint, eru auðvitað þess eðlis, að til þess vantar hann vilja. Það eru allt aðrir aðilar, sem hann hefur hugsað sér að láta spara. Það er þjóðin sjálf. Og hans stefna, ef hún ætti fyrir sér að standa, leiðir að sjálfsögðu til þess, að það verður haldið áfram öllu bruðli og það verður aukið á hærri stöðum, en til þess þykir þjóðin ekki of góð að leggja nokkuð að sér og spara hjá sér.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér neitt í þær almennu fjárlagaumr., sem hér fara fram, heldur aðeins mæla fyrir nokkrum brtt., þeim brtt., sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm. Það er að vísu sá galli á, að þeim till. hefur ekki enn verið útbýtt, en ég verð nú samt að fara um þær nokkrum orðum.

Þessar till. eru fimm að tölu, og lúta þrjár þeirra að samgöngugr., en tvær að 20. gr. Fjórar þessara till. flyt ég ásamt þeim 1. þm. Norðurl. v. (SkG), 5. þm. Norðurl. v. (BP) og 11. landsk. þm. (GJóh).

Fyrst mun ég ræða brtt., sem er við brtt. fjvn. á þskj. 174 og er við vegakaflann, um það, að inn komi nýr liður, sem verði 85. liður, Siglufjarðarvegur ytri. Þessi brtt. okkar er á þá lund, að til Siglufjarðarvegar ytri verði veittar 800 þús. kr. á þessum lið. Á fjárl. fyrir árið 1959 voru veittar til Siglufjarðarvegar ytri 500 þús. kr. og auk þess 200 þús. kr. af millibyggðavegafé, eða samtals 700 þús. kr. Nú er í þessu fjárlfrv. aðeins gert ráð fyrir 200 þús. kr. fjárveitingu af millibyggðavegafé til þessa vegar, eða réttara sagt það er í till. fjvn., og það er gert skv. till. vegamálastjóra. En við þm. Norðurl. v. komum saman á fund á sínum tíma og athuguðum þær vegatill., sem komu frá vegamálastjóra, og við urðum sammála um það þar að leggja einróma til við fjvn., að fjárveiting til þessa vegar, Siglufjarðarvegar ytri, yrði 1 millj. kr. að upphæð. Sú till. hefur ekki fengizt tekin til greina, heldur er, eins og ég sagði áðan, aðeins gert ráð fyrir 200 þús. kr. af millibyggðavegafé í þessu skyni. Þess vegna flytjum við, þessir þm., sem að þessari till. stöndum, till. um, að veittar verði 800 þús. kr. á þessum lið. Þá verður heildarfjárveitingin til þessa vegar 1 millj. kr., eins og við þm. Norðurl. v. allir vorum sammála um að leggja til.

Það þarf ekki að eyða orðum að því hér, hversu samgönguerfiðleikar við Siglufjörð eru miklir. Það er að vísu bílfær vegur þangað yfir stuttan sumartíma, en að öðru leyti eru samgöngur við Siglufjörð ákaflega erfiðar, eins og allir vita, sem nokkuð þekkja til. Og bætist þó þar við það nú, sem ég mun síðar koma að, að nýlega hafa lagzt niður flugsamgöngur við Siglufjörð. Siglfirðingar eru því mikil nauðsyn á bættum samgöngum, og samgöngur við Siglufjörð á að bæta til frambúðar þannig að leggja þennan ytri Siglufjarðarveg eða Strákaveg, sem kallaður er. Og eins og menn vita, þá er það gert með þeim hætti, að sprengd verða göng í gegnum það klettabelti, sem kallað er Strákar, en vegur síðan lagður um Úlfsdali, Dalaskriður og inn Almenninga. Með þeirri fjárhæð, sem veitt var til þessa vegar í fyrra, hefur þegar verið kannað vegarstæðið á Almenningum. Eins hafa verið gerðar tilraunir varðandi það að sprengja þarna jarðgöngin, og þessar tilraunir virðast gefa góða raun. En þessu þarf að halda áfram, og það er áreiðanlegt, að það verða Siglfirðingum ákaflega mikil vonbrigði, ef þessi fjárveiting er svo að segja felld niður. Það er að sjálfsögðu rétt, að kostnaður við þessa vegagerð, Strákaveginn, verður ákaflega mikill, og það er eins og hv. þm. er kunnugt, að það er gert ráð fyrir því að leysa það mál með lántökum, og varðandi það efni liggur nú fyrir þáltill., og ég mun ekki ræða það hér. En það er öllum ljóst, að Siglufjörður þarf á betri samgöngum að halda. Siglufjörður er mikil atvinnustöð, þar er ein stærsta síldveiðistöð landsins, þar er atvinnulíf mikið yfir sumartímann, þar eru margir aðkomumenn og leið margra liggur þangað. Siglfirðingar hafa lagt á undanförnum árum ákaflega drjúgan hlut til þjóðarbúsins, átt mikinn hlut að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, og það er þess vegna eðlilegt, að Siglfirðingar telji sig eiga nokkra kröfu á hendur því opinbera, enda þótt það sé fjarri mér að halda því fram, að hið opinbera hafi ekki að ýmsu leyti gert vel við þá á undanförnum árum.

En aðeins í sambandi við þessa brtt. vildi ég drepa á það, og það er leitt, að formaður fjvn. fer burt, að fjvn. virðist hafa breytt þarna lið 84 í sínum brtt., þar sem stendur: Siglufjarðarvegir með 500 þús. kr. Í till. frá vegamálastjóra stóð: Siglufjarðarvegur 500 þús. kr. En það hefur alltaf verið í fyrri fjárl. greint á milli þessa tvenns, Siglufjarðarvegar og Siglufjarðarvegar ytri. Vegamálastjóri áætlaði þessa upphæð 500 þús. kr. til Siglufjarðarvegar og gerði ráð fyrir því, að þá upphæð þyrfti að nota til þess að malbera veg, sem búið er að byggja upp frá Stafá og til Haganesvíkur. Það voru allir þm. kjördæmisins sammála um þessa till. og töldu það eðlilegt. Og mér er kunnugt um, að vegamálastjóri lítur svo á, að þessari fjárhæð verði varið til Siglufjarðarvegar í þessu skyni, sem ég hef drepið á. Og komi ekki fram aths. við það hér, þá lít ég svo á, að þm. kjördæmisins séu allir sem fyrr sammála um þá ráðstöfun. En helzt hefði ég viljað líta á þessa breyt., sem þarna er gerð, sem prentvillu, því að hún hefur verið gerð án þess, að samráð hafi verið haft við mig.

Þá er það næsta brtt., sem ég ásamt sömu mönnum flyt, hún er við kaflann um hafnir. Það er við lið 27 þar, sem er Hofsós, en samkvæmt till. fjvn. á þskj. 174 er gert ráð fyrir að veita til Hofsóshafnar 250 þús. kr. En í þeirri brtt., sem við flytjum, er lagt til, að í staðinn fyrir 250 þús. kr. komi 350 þús. kr. Í fjárl. fyrra árs voru veittar 200 þús. kr. til

Hofsóshafnar. Bætt hafnarskilyrði eru lífsskilyrði fyrir Hofsósbúa. Íbúar Hofsóss stunda sjávarútveg og lifa eingöngu af því að sækja sjó, ef svo má segja. Þar eru efnilegir sjómenn og ágætir, en það hefur vegna lélegra hafnarskilyrða og vöntunar á bryggju verið nær ómögulegt að hafa nema opna, litla vélbáta þar. Á s. l. ári voru þó fengnir þangað 2 þilfarsbátar nokkru stærri, sem miklar vonir voru við bundnar, en það sorglega atvik gerðist, sem hér þarf ekki að rifja upp, að á s. l. hausti fórst í aftakaveðri annar þessi bátur í Hofsóshöfninni og við bryggjuna á Hofsósi. Það er ekki of sterkt að orði kveðið, að ég hygg, að það mundu vera miklar líkur til þess, að þetta stórkostlega og sviplega slys hefði ekki viljað til, ef það hefði verið búið að lengja bryggjuna á Hofsósi. Lenging bryggjunnar hefur verið undirbúin. Það er ætlunin að bæta steyptu keri við bryggjuna á næsta sumri. Það er áætlað, að það kosti að koma því fyrir yfir 1100 þús. kr. Frekari framkvæmdir þar eru svo nauðsynlegar til þess að nokkurt öryggi verði þarna í höfninni. Fjárveiting þessi, 250 þús. kr., er að mínum dómi allt of lág, til þess að hægt verði að hrinda þessu í framkvæmd. Við allir þm. Norðurlandskjördæmis vestra og landskjörnir þm. þaðan lögðum það til einróma í till. okkar til fjvn., að þessi liður yrði hækkaður í 350 þús. kr., eins og við nú gerum till. um. Það er að sjálfsögðu, að þetta sviplega áfall, sem þarna varð á Hofsósi í vetur, verður ekki bætt, en það mundu þó vissulega verða sárabætur íbúum þessa staðar, ef þeir fyndu það, að hér á Alþ. ríkti skilningur á þeirra málum og þeirra þörf.

3. brtt., sem ég flyt svo ásamt sömu þm., er aftur við 20. gr., það er til flugvallagerðar. Það er um það, að þar komi inn nýr liður, Siglufjörður með 300 þús. kr. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég áður sagði um þá samgönguerfiðleika, sem eru og hafa verið við Siglufjörð. Nokkuð hefur það bætt úr þeim samgönguerfiðleikum, sem Siglfirðingar hafa átt við að búa, að um s. l. 15 ára skeið hefur verið haldið uppi flugsamgöngum þangað með sjóflugvél, og þó að þær ferðir hafi stundum verið stopular, þá hefur það þó bætt mjög mikið úr. Þessum ferðum hefur verið haldið uppi með einni flugvél Flugfélags Íslands, Katalínuflugbáti. En nú hefur svo slysalega viljað til, að þessi vél hefur bilað, eða það þarf að fara fram á henni viðgerð, svo að fyrir nokkru hafa flugsamgöngur við Siglufjörð algerlega fallið niður. Það er með öllu óviðunandi. En það er sýnilegt, að á þessu verður ekki full bót ráðin, fyrr en gerður er flugvöllur á Siglufirði. Það þarf að koma málunum í það horf, að það sé hægt að halda uppi nokkurn veginn öruggum flugsamgöngum við þennan stað, sem hefur verið og er svo þýðingarmikill í atvinnulífi landsmanna. Það munu nú því miður ekki liggja fyrir fullnægjandi athuganir á því, hvernig hægt verði að gera þarna flugvöll, en það er álit kunnugra manna, að það muni vera hægt að gera þarna sæmilegan flugvöll með tiltölulega auðveldum hætti.

Það liggur nú fyrir hér þáltill. varðandi athugun á flugsamgöngum við Siglufjörð. En við, sem þessa brtt. flytjum og leggjum til, að þetta fé verði veitt til flugvallargerðar á Siglufirði, teljum það eðlilegt að veita þessa fjárveitingu til byrjunarframkvæmda.

Um þessa brtt. skal ég svo ekki fara fleiri orðum.

4. brtt. flyt ég svo enn ásamt sömu þm., er áður greinir, og hún er við samgöngumálagreinina og lýtur að brúakaflanum, og hún er um það, að þar komi inn nýr liður á eftir Egilsá í Norðurárdal í Skagafirði. Það er Jökulsá eystri í Skagafirði hjá Merkigili 400 þús. kr., þ. e. a. s. að lagt er til, að það séu veittar 400 þús. kr. til þess að gera brú á Jökulsá eystri í Austurdal í Skagafirði.

Austurdalur í Skagafirði er blómlegur og búsældarlegur dalur. Það er talið, að eitt sinn hafi verið í Ábæjarsókn, sem þar er, 20 bæir. Nú er því miður svo komið, að í hinni fornu Ábæjarsókn eru aðeins 2 bæir byggðir, Skatastaðir vestan ár, sem eru í vegasambandi, en austan ár Merkigil, sem er einnig fyrir framan Merkigil, sem er ákaflega torfært, eins og allir þeir vita, sem þangað hafa komið. Þessi bær, Merkigil, er því algerlega einangraður nú og í engu akvegasambandi við byggðina að öðru leyti. Á þessum bæ, Merkigili, hefur nú búið s. l. 16 ár ekkjan Monika Helgadóttir ásamt börnum sínum, en áður hafði hún búið þar mörg ár með bónda sínum, Jóhannesi Bjarnasyni. Öll þessi ár, sem Monika hefur búið þarna, hefur hún búið þar með frábærum myndarskap, ég vil segja með alveg einstæðum myndarskap. Ég hygg að það sé leitun á býli, sem er jafnánægjulegt og myndarlegt að koma á eins og að Merkigili, því að þar er allt með jafnfrábærum myndarskap, jafnt úti sem inni. Ég gæti hugsað mér það, að ýmsir af hv. þm. hafi lesið bókina „Konan í dalnum og dæturnar sjö“ eftir Guðmund Gíslason Hagalín. Og hafi þeir lesið þá bók, þá þarf ég ekki að fara fleiri orðum um þetta málefni. En þarna hefur Monika Helgadóttir búið með dætrum sínum sjö og einum syni og komið þeim öllum til manns með hinum mesta myndarskap. Og það er hægt í einni setningu að segja það, að saga hennar er hetjusaga. Hið opinbera hefur líka viðurkennt það, að hennar saga væri hetjusaga. Þessi kona hefur verið gerð að heiðursfélaga í Búnaðarfélagi Íslands. Það hygg ég að fágætt sé. Og þessi kona hefur líka verið heiðruð, fengið kross, sem líka er fremur fágætt um konu. Þarna vill Monika Helgadóttir búa áfram, og þarna vilja dætur hennar margar og börn búa áfram. Og það er svo mikill hugur í þessari fjölskyldu, að nú hafa þau sótt um það að stofna þarna nýbýli, og það stendur til, að það verði reist þarna nýbýli, og þá mætti kannske vænta þess í framtíðinni, að býlum fari aftur að fjölga í Ábæjarsókn.

En hvað sem góðum vilja líður og ásetningi hjá þessu kjarnmikla og góða fólki, sem þarna býr, þá er það alveg útilokað, að þarna geti til lengdar byggð haldizt, ef áfram á að búa við þá einangrun, sem þarna er. Ef það á að halda þessari byggð við, þá verður hún að komast í vegasamband og fá brú yfir þessa á. Verkfræðingur hjá vegamálastjóra hefur gert lauslega áætlun um kostnað við að byggja brú yfir Jökulsána, Jökulsárgljúfrið, brú, sem nægði til þess, að yfir hana gætu farið jeppar og léttir traktorar, og hann áætlaði kostnaðinn s. l. sumar 400 þús. kr. Það er nú ekki stærra, sem um er að ræða, og ég vil segja það, að nú geta hv. þm. sýnt manndóm sinn og hug til þessarar konu með afstöðu sinni til þessarar brtt., sem við höfum hér flutt.

5. og síðasta brtt., sem ég mun ræða hér um og ég flyt ásamt 1. þm. Norðurl. v., 5. þm. Norðurl. v. og 4. þm. Norðurl. e., er breyt. við 20. gr., þ. e. a. s. við 109. brtt. hjá fjvn. á þskj. 174. Það er að bæta þar við nýjum lið, c-lið, til vélakennsluverkstæðis á Hólum í Hjaltadal, 250 þús. kr. Það hefur verið sent erindi til fjvn. um þetta atriði, en hún hefur ekki getað fallizt á að taka þessa fjárveitingu, þennan lið, upp í sínar till. En það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hvílík verðmæti eru fólgin í vélum þeim, sem bændur hafa aflað sér, og það þarf ekki að fjölyrða um það, hversu geysilega þýðingarmikið það er, að menn kunni að fara með þær vélar og kunni að hirða þær vélar. Það er þess vegna alveg áreiðanlegt, að fátt er bændaefnum kennt þarfara en einmitt það. En til þess að búfræðingar geti fengið nægilega og hæfilega kennslu í þessum efnum á bændaskólanum, er talið, að það þurfi að koma þar upp slíkum vélaverkstæðum. Og mér er óhætt að segja, að Búnaðarfélag Íslands hefur mælt með þessu erindi. Það hefur mælt með því, að það væri komið upp á Hólum slíku vélakennsluverkstæði. En það er áætlað, að bygging slíks verkstæðis mundi kosta 250 þús. kr., en síðan mundi svo þurfa til að koma nokkur fjárveiting til nauðsynlegra véla og áhalda þar. Ég sé, að hv. fjvn. hefur tekið upp einmitt í þessa liði, sem þarna er um að ræða, fjárveitingu allríflega til Hvanneyrar. Það skal sízt talið eftir. En ég verð að telja það sanngjarnt, að það sé líka litið til Hóla og þessi fjárveiting veitt.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. talaði hér í kvöld og var að *vonum sár yfir því, hvað fjárlfrv.* það, sem hann leggur hér fram á hv. Alþ., er hátt. Ekki sízt ber það nú að með óeðlilegum hætti, þar sem það kemur í kjölfar stöðvunarstefnunnar, sem þeir studdu sjálfstæðismenn á s. l. ári. En hann taldi, að ástæðan til þess, að tölurnar væru svo háar á fjárlfrv. sínu, væri sú, að nú væri útflutningssjóður lagður niður og þeir yrðu að taka það, sem þar hefði verið. Ég benti á það í framsöguræðu minni í dag, að gjöldin, sem ríkissjóður tekur að sér vegna útflutningssjóðs, eru 113 millj., hvorki meiri né minni. Það er því ekki hægt að blanda því neitt frekar saman en orðið er. Þau gjöld, sem áður tilheyrðu útflutningssjóði og ríkissjóður tekur nú að sér umfram það, sem hann hafði, eru þetta, og þarf ekki frekar um það að ræða. Hins vegar hafa fjárlögin eða fjárlfrv. hækkað um 450 millj. kr., og er það af öðrum ástæðum en þessum, að þessari tölu undantekinni.

Þá talaði hæstv. ráðherra um það, að þegar væri farið að koma í ljós stefna hans til samdráttar í vegamálunum, þannig lagað, að nú væri unnið í færri vegum en áður hefði verið. Taldi hæstv. ráðh., að mjög mikið væri til bóta, að slík stefna skyldi verða upp tekin.

Það er nú sannast sagna, og það vita þeir, sem í dreifbýlinu búa, að ástæðan til þess, að vegafénu hefur verið skipt svo sem raun ber vitni um, hefur verið til þess að koma vegunum áfram, og ég held því hiklaust fram, að það sé meiri vegagerð á Íslandi nú einmitt fyrir þessa stefnu. Að halda því fram, að önnur hver króna hafi farið til ónýtis vegna þess arna, er fjarstæða ein. Það þarf enginn að halda, að þeir menn, sem fyrir þessari vegagerð hafa staðið, hafi ekki hagað henni þannig, að flutningskostnaðurinn hefur orðið tiltölulega lítill. En það er nú svo að segja fólki að bíða til næsta árs og færa þannig á milli, og svo þegar krónan kemur til þeirra á næsta ári, þá vinnst kannske þriðjungi minna fyrir hana en í fyrra, eins og nú á sér stað.

Ástæðan fyrir því, að færri vegir hafa fjárveitingu nú en s. l. ár, er m. a. sú, að nú er með öllu óhugsandi að koma vegagerð áfram á lánsfé. Því hafa þingmenn þó unnið ötullega að, sennilega í öllum kjördæmum landsins, og þess vegna hefur vegagerðinni fleytt verulega áfram. Og það er ekki lítill hagur fyrir ríkið sjálft, að þannig skuli hafa verið að þessu unnið, þegar svo fer, að miklu minna vinnst fyrir hverja krónu í framtíðinni en verið hefur. Nú er hins vegar vonlaust að halda slíku áfram, þar sem um 12% eða 11½% vexti er að ræða á þeim lánum, sem til greina koma. Þessi mál hafa verið með þeim hætti, að hrepparnir eða einhverjir aðrir aðilar en vegagerðin hafa tekið að sér að greiða þessa vexti, en það mun fara svo, að þeir munu ekki fúsir til þess, eftir að slík vaxtabreyting hefur verið gerð.

Nú er það líka þannig, að margir vegir eru bara með þá fjárveitingu, sem nægir til þess að greiða skuldirnar, svo að ekkert verður í þeim unnið. Ég er sannfærður um, að það verður ekki almenn ánægja úti um landsbyggðina yfir þessari nýju stefnu.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að það væri gleðilegt, að nú væri veitt full fjárhæð til þeirra brúa, sem byggja á, og þyrfti ekki að vera að byggja þær, að mér skildist, í áföngum. Ég verð að segja það, að þar sem ég þekki til brúagerða hér á landi, og ég held, að það sé óhætt að fullyrða það um allar þær brýr, sem fé er veitt til skv. fjárlögum, að þær eru byggðar í einum áfanga. En fjár-

veitingin kemur ekki á einu og sama árinu og er dregin saman. Maður skyldi nú halda, að menn, sem tala fyrir þessari stefnu og vilja gera hana að hinni ríkjandi stefnu, mundu þá hafa talið eðlilegt, að þær brýr gengju fyrir, sem hefðu verulegt geymslufé frá fyrra ári. En ég mun víkja að því síðar, að sú stefna var ekki í framkvæmdinni hjá þeim stjórnarliðum.

Ég vil líka segja það í sambandi við skiptinguna á vegafénu, að þeir sjálfstæðismenn eða stjórnarliðar sumir hverjir voru ekkert síður á þeirri stefnu að fjölga vegum eða fjárveitingu í vegina, og það var auðvitað knýjandi nauðsyn.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að ríkið væri á eftir með framlög t. d. til hafna. Ég benti á þetta í framsöguræðu minni í dag. Mér þætti því ekki ósennilegt, að hæstv. ráðh. vildi nú koma til móts við okkur framsóknarmennina og auka fjárveitingu til hafnargerðanna. Það er alveg óhugsandi, að það verði hægt að halda áfram á þeirri braut, sem þar hefur ríkt. Það er óhugsandi, að sveitar- og bæjarfélögin geti staðið undir nema sínum hluta í þeim verkum, það mun reynast þeim fullerfitt. Og sömu sögu er að segja um sjúkrahúsin, sem hann nefndi, og læknisbústaðina. Við flytjum einnig till. um, að það verði hækkað framlag til sjúkrahúsa og læknisbústaða, m. a. vegna þess, að það var lækkað í fyrra. Mér hefði fundizt, að það hefði ekki verið nema eðlilegt að færa þessa till. ríkisstj. í þá fjárhæð, sem var í fjárlögunum 1958. En svo var ekki gert. En ég vænti þess, að stuðningur hæstv. ráðh. komi í sambandi við þessa till. okkar og fleiri, sem hann drap á.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að í meðförum Alþingis hefðu fjárlögin hækkað lítið að þessu sinni. En er hæstv. ráðh. búinn að gleyma því, að fjárlfrv. var samið um í janúar og tekið til meðferðar um mánaðamótin? Er það sambærilegt eða þegar fjárlfrv. er samið í ágúst eða september? Það, sem hér gerðist, er það, að fjárlfrv. var samið um vegna þess, að stefnan, sem fyrra fjárlagafrv. var mótað af, var ekki nothæf, sem ég kem að síðar, og þess vegna verða auðvitað minni breyt. á hinu nýja frv.

Þá eyddi hæstv. ráðh. alllöngum tíma í að tala um sparnaðinn, sem hann ætlaði að gera. Ég tók það fram hér í dag, að þetta sparnaðartal, sem maður hefur heyrt hér stundum fyrr og núna, hefur ekki reynzt raunhæft til þessa, og ég ætla a. m. k. að bíða og sjá hvað verður, áður en ég fer að lofa hæstv. ríkisstj. fyrir hennar sparnað. En ég vil endurnýja það, sem ég sagði hér í dag, að það er ekki hægt að láta það dragast lengur að taka utanríkismálin til gagngerðrar endurskoðunar með sparnað fyrir augum. Við höfum ekki ráð á því að halda uppi slíkri utanríkisþjónustu eins og nú er gert.

Hv. formaður fjvn. og frsm. meiri hl. (MJ) talaði hér næstur á eftir hæstv. ráðh. Hann taldi, að það hefði verið ástæðulaust að fá upplýsingar um efnahagsþróunina á árinu 1959, vegna þess að það mál væri svo þrautrætt hér á hv. Alþ. En það, sem hefur gerzt einmitt í sambandi við allar þær umr., sem hafa farið fram um efnahagsmál hér á hv. Alþ. og eru orðnar miklar, er það, að árið 1959 er alltaf haft í þoku. Það er einhver þokuslæða, sem er alltaf haldin yfir árinu 1959 í efnahagsþróuninni þá, svo að það verður ekki séð eða það er ekki sýnilegt þingmönnum, hvernig hún hefur verið.

Í sambandi við það, sem ég sagði hér um tekjuáætlunina og afgreiðslu hæstv. ríkisstj. á henni, þá vil ég segja það, að gert var ráð fyrir því í fjvn., að hún bærist fyrr, og hv. formaður átti von á því. Það gerðist hins vegar ekki fyrr en á síðustu stundu, svo sem kunnugt er.

Þá kom hv. þm. að því, sem ég drap hér á kjördæmabreytinguna og skiptingu framkvæmdafjárins innan kjördæmanna. Hann taldi, að hún hefði verið með eðlilegum hætti og ekki verið hægt að búast við, að hún færi fram með öðrum hætti. Þetta er alveg rétt. Ég reiknaði alltaf með þessu. Ég lagði aldrei neitt upp úr tali sjálfstæðismanna og annarra þeirra, sem voru að tala fyrir kjördæmamálinu í sumar, um, að þeir hugsuðu sér meira samstarf hjá þm. eftir kjördæmabreytinguna. Nei, ég lagði ekki mikið upp úr því. En það er náttúrlega ekki lítils virði út af fyrir sig að fá sannanirnar þegar á fyrsta degi. Nei, með málin var farið á þann hátt, að þó að stjórnarliðar töluðu um það í þingmannahópunum, að þeir skyldu hafa samstarf og við skyldum leita eftir sameiginlegum leiðum um málefni byggðarlaganna, — og við meira að segja lögðum okkur fram um það, t. d. gerðist það svo með okkur Vestlendinga, sem ég mun víkja að síðar, að við reyndum þetta mjög, — en þegar til kastanna kom, þá var þetta niðurstaðan, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hina eðlilegu, og sýnir það sem fleiri af okkar rökum gegn kjördæmabreytingunni í sumar, að þau hafi verið rétt.

Merkasti kaflinn í ræðu hv. þm. var um verðstöðvunarstefnuna. Ég hef gert tilraun til þess hér á hv. Alþ. að fá upplýsingar um það, hvernig standi á þeirri breytingu, sem nú hefur orðið í efnahagsmálunum, og hvað hafi í raun og veru verið hugsað með talinu um verðstöðvunarstefnuna. Ég leiddi rök að því hér í dag, svo að ekki verður hrakið, að því var haldið fram í kosningabaráttunni í haust, að verðstöðvunarstefnan hefði heppnazt og henni yrði haldið áfram. Með sama hugarfari og á sama hátt ætti að leysa málefni framtíðarinnar, sagði hæstv. páv. forsrh. Og ef þetta er ekki yfirlýsing um það, að stefnunni skuli fylgt fram áfram, þá skil ég ekki yfirlýsingu. Nú kemur hv. 6. þm. Norðurl. e. og segir um verðstöðvunarstefnuna: Það datt engum í hug, að hún yrði til frambúðar. Skoðun fyrrverandi ríkisstj. var, að það yrði að

breyta til. Og það var furðulegt, sagði hv. þm., að láta sér koma það til hugar, að þessi stefna mundi ríkja áfram. — Sem sagt, stöðvunarstefnan var ekkert annað en blekking. Hún var ekkert annað en blekking til þess að undirbúa það, sem nú er verið að gera í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það þurfti að nota þessa blekkingarstefnu til þess að breyta kjördæmaskipuninni og búa betur um sig. Þetta hefur verið játað hér á hv. Alþ., og því verður ekki breytt eftir það. *Mennirnir, sem gengu út til fólksins í kosningunum í haust og sögðu með sama hugarfari og á svipaðan hátt: Þið viljið rjúfa eininguna um stöðvunina, — þeir standa nú berir að því að hafa verið með blekkingarstefnu.* Þetta var það, sem ég vildi fá fram með fsp. í dag, og ég þakka hv. þm. fyrir að hafa upplýst það.

Ég verð að segja það, að ég harma, að það skuli ekki vera hér nú þeir menn, sem fyrir þessari stefnu stóðu í þingsalnum, t. d. hæstv. fyrrv. forsrh., en það er ekkert við því að segja, þetta liggur nú beint fyrir. Það var *blekkingarstefna, sem var barizt fyrir á síðasta ári*, en engin stöðvunarstefna. Það var stefnt að verðbólgustefnu þeirri, sem nú er verið að framkvæma, og farið aftan að þjóðinni með það.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. ræddi hér um tekjuáætlunina og tillögur okkar framsóknarmanna, og hæstv. fjmrh. gerði það einnig. Þeir voru mjög hneykslaðir yfir því, hvernig till. okkar væru úr garði gerðar, og hrópa hátt um það, að við tölum hér á Alþingi um of miklar álögur á þjóðina og ætlum svo sjálfir að bæta þar við. Það, sem hér er að gerast, er það, að við erum ekki að bera hér fram neinar till. um nýjar álögur. Eins og ég tók fram í dag og get endurtekið, hefur verið nóg að því gert og meir en það af hv. stjórnarliðum. En það, sem við erum að deila um nú á hv. Alþingi, er það, hvort hæstv. ríkisstj. tekst nú strax á þessu ári að gera þjóðina það fátæka, að fátæktin verði skömmtunarstjóri. Það er yfirlýst af hæstv. ríkisstj., að hún ætlar sér að gefa innflutninginn meira frjálsan en verið hefur, eða a. m. k. talar hún hér á hv. Alþingi um það, en jafnhliða því sem innflutningurinn á að verða frjálsari en áður, *þá á verzlunin að minnka um allt að því 20%*, þegar tillit er tekið til fólksfjölgunar. Fær þetta staðizt? Við gerum ráð fyrir því og reiknum með því, Framsfl.-menn, að sú stefna, sem nú er verið að taka upp í efnahagsmálum, muni leiða til fátæktar, en það er okkar skoðun, að það hafi verið þannig að þjóðinni búið á undanförnum árum, að það taki dálítinn tíma að koma fátæktinni á og það muni þess vegna ekki takast að draga svo úr innflutningnum sem ætlazt er til á þessu ári. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi miklu ólokið af ræðu sinni? Það var meiningin að ljúka þessum fundi um klukkan ellefu. Ef eitthvað er eftir, sem máli skiptir, þá....) Herra forseti. Ég skal verða við því að gera hlé á máli mínu til næsta fundar. — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 72, n. 179, 194 og 196, 174, 177, 178, 182, 195, 203, 206).

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við fjárlögin. Hún er á þskj. 203, VIII, um framlag úr ríkissjóði til byggingar stjórnarráðshúss, 1 millj. kr. Ég viðurkenni fúslega, að mér hefði þótt miklu betur viðeigandi, að þessi upphæð væri allmiklu hærri, en með hliðsjón af kringumstæðunum hef ég þó ekki séð mér fært að leggja til, að hærri upphæð en þetta verði áætluð á fjárlögum þessa árs í þessu skyni.

Ég skal gera mjög stutta grein fyrir, hvernig þetta mál liggur fyrir, ef það skyldi vera hv. þm. úr minni líðið.

Það var á hálfrar aldar afmæli innlendrar ríkisstjórnar eða frá því að stjórnin fluttist inn í landið, 1. febr. 1904, að tekin var ákvörðun um það innan þáverandi ríkisstj. að minnast þess afmælis með því, að ríkisstj. legði til við hæstv. Alþingi, að það samþykkti að byggja stjórnarráðshús á svæðinu milli Amtmannsstígs og Bankastrætis og ef til vill líka norðan Bankastrætis, og ríkisstj. ákvað þá jafnframt að beita sér fyrir, að eitthvert fé væri lagt til hliðar þá þegar í þessu skyni. Fregn um þetta var birt í útvarpi og blöðum, og tveir af ráðh., Ólafur Thors og Steingrímur Steinþórsson, fluttu þáltill. í Sþ. um fjárframlög til stjórnarráðshússins. Till. var samþ. 13. apríl 1954, og varðandi *þessa hlið málsins, — hún fjallaði um* Skálholt líka, — var hún á þá leið, að „Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að verja úr ríkissjóði á árinu 1954 eða leggja til hliðar á því ári 2 millj. kr. til þess að reisa nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík." Þessi till. var samþykkt, mig minnir með shlj. atkv. viðstaddra þm., og ríkisstj. skipaði svo nefnd til þess að hafa þetta mál með höndum. Formaður hennar var húsameistari ríkisins. Að öðru leyti áttu sæti í henni allir ráðuneytisstjórar, og svo hagstofustjóri síðar, en ritari nefndarinnar var deildarstjóri í stjórnarráðinu, Ásgeir Pétursson.

Þessi nefnd ákvað svo að fela 3 arkitektum að vera til aðstoðar húsameistara ríkisins varðandi teikningar að þessu húsi, en húsameistarinn er formaður nefndarinnar og hefur aðalstjórn málanna. Þessir arkitektar voru Halldór H. Jónsson, Gunnlaugur Halldórsson og Skarphéðinn Jóhannsson. Frumteikningar að húsinu liggja nú fyrir, eða a. m. k. er óhætt að segja, að það væri hægt að byrja á verkinu fljótlega, ef mönnum litist svo.

Rétt þykir mér að geta þess, að lóðirnar, sem um er rætt, og eru á kannske einum fegursta stað bæjarins *fyrir slíkar byggingar*, á milli Amtmannsstígs og Bankastrætis, kunna að vera í það minnsta. En sérstaklega hafa menn nokkrar áhyggjur af, að erfitt verði að koma fyrir nægum bílastæðum þar. Þó hygg ég ekki, að það muni geta skorið úr neitt um framkvæmdir í málinu.

Rétt þykir mér að skýra frá því, að til greina hefur komið að reisa allstórt hús á bak við stjórnarráðshúsið gamla, þ. e. a. s. hvíta húsið við Lækjargötu, sem yrði þá sennilega sex hæða hús, þar sem ætlað væri að leysa bráðabirgðaþörf stjórnarráðsins og annarra opinberra bygginga, og raunar þó að stóra húsið væri byggt hinum megin við Bankastrætið, þá er áreiðanlega full þörf fyrir þetta hús eftir sem áður, enda er það svo, eins og upplýst hefur verið nú við umr. fjárl., að ríkið mun greiða 7—8 millj. kr. árlega í húsaleigu fyrir stofnanir, sem eru ýmist beint tilheyrandi stjórnarráðinu eða á vegum ríkisins, þannig að það er tæplega sæmandi að reyna ekki að bæta úr þessu. Það er of miklu fé á glæ kastað, og allir starfshættir eru óhentugri en þeir þyrftu að vera vegna þeirrar skipanar, sem á þessum málum er. Einnig að þessu húsi eru uppdrættir fyrir hendi, og það mætti þess vegna sennilega líka hefjast bráðlega handa um það. Það hús er ætlað nú eftir gengisbreytinguna að muni kosta 12—15 millj. kr. Að sönnu er þar ekki innifalin dálítil lóðarspilda, sem þarf að kaupa fyrir ofan stjórnarráðshúsblettinn að baki hvíta húsinu, og það er sjálfsagt nokkurt fé, sem yrði að verja í því skyni. Það hafa engir samningar farið fram við eiganda þeirrar lóðar um það mál.

Kostnaðaráætlunin fyrir nýja stjórnarráðshúsið, hið mikla eða stóra stjórnarráðshús að sunnanverðu við Bankastræti, er 50—60 millj. kr. mjög lauslega áætlað eftir gengisbreytinguna.

Til viðbótar þessu liggur svo fyrir að byggja eina hæð ofan á Arnarhvol, eða það hefur a. m. k. mjög komið til greina. Það mundi kosta eitt út af fyrir sig yfir 8 millj. kr. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um, að það verk skuli framkvæmt, en ég veit ekki nema það væri þó að athuguðu máli skynsamlegt að gera það, hvað sem öðru líður, einnig af því að það þarf að gera við þakið á því húsi, og maður þekkir nú, að þegar slíkar viðgerðir eru á annað borð hafnar, þá draga þær dilk á eftir sér, og ekki kæmi mér á óvart, að það færi fyrsta milljónin í það og raunar meira.

Það, sem fyrir liggur, er þess vegna að bæta hæð ofan á Arnarhvol, sem kostar um 9 millj. kr. lauslega áætlað. Ég tek það fram, að ég fyrir mitt leyti mundi ekki vilja leggja til, að til þeirrar byggingar yrði varið því fé, sem nú kann að vera fyrir hendi til byggingar á stjórnarráðshúsinu. Það yrði að fást með öðrum hætti. Í öðru lagi liggur fyrir að leysa einnig aðkallandi þörf með byggingu þessa sex hæða húss á bak við hvíta húsið, stjórnarráðsbygginguna við Lækjartorg. Og í þriðja lagi, og það er auðvitað aðaltakmarkið, liggur fyrir að byggja varanlegt hús sem aðsetur íslenzkra stjórnarvalda að sunnanverðu við Bankastræti. Allt mundi þetta kosta eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, minnst 75—85 millj. kr. Ég segi ekki, að það sé nauðsynlegt að gera þetta allt í einu, en það er álitamál, hvar á að byrja, og allt er það þarflegt. Og þó að við hefðum fengið öll þessi hús, þá hygg ég, að við hefðum ekki meira en fullnægt þeirri þörf, sem er fyrir hendi um stofnanir, sem ýmist tilheyra beinlínis stjórnarráðinu eða eru á vegum ríkisins.

Fé fyrir hendi er mjög takmarkað í þessu skyni. Í sjóði eru þær 2 millj., sem samþykktar voru sem fyrsta framlag á árinu 1954, í öðru lagi voru samþ. á fjárl. 1955, 1956 og 1957 2 millj. hvert ár, og loks var veitt á fjárl. 1958 1 millj., þannig að alls hafa verið lagðar fram 9 millj. Á fjárl. 1959 var hins vegar engin fjárveiting til stjórnarráðshússins. Ég viðurkenni fúslega, að þessi eina millj., sem ég er að fara fram á, er bitamunur, en ekki fjár, hvort veitt verður eða ekki, en mér þykir þó rétt að biðja Alþ. um að gera þetta, þannig að við sýnum viljann til þess að halda þessu þarfa verki vakandi, og það er þá hvatning líka til stjórnarvaldanna, að Alþ. standi heils hugar að því, að hafizt verði handa í þessum efnum, og ég segi það hiklaust, að það verður ekki lengi dregið úr þessu. Ég læt útrætt um þetta mál í fullu trausti þess, að um þetta verði ekki mikill ágreiningur.

Ég hefði haft talsverða tilhneigingu til þess að segja nokkur orð almennt út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, viðurkenni þó, að sá málstaður, sem ég hefði viljað halda hér á lofti, hefur verið þannig fluttur við framsöguræðuna hjá hv. formanni fjvn. og raunar í hans svarræðu líka og í ræðu hæstv. fjmrh., að sennilega hefði ég ekki getað mikið þar af mörkum lagt. Það er hin innri þörf, sem hefði þó hvatt mig til þess að segja mínar skoðanir. En ég læt það undir höfuð leggjast. Ég veit, hvað hér er á ferðinni, hér þurfa ýmsir að tala um sínar tillögur, veit, að það hefur verið svo um talað að reyna að ljúka þessum umr. sæmilega tímanlega í dag. Ég tel mig ekki standa við það, sem hefur verið um þetta rætt milli formanna flokkanna, ef ég færi nú að halda hér langa ræðu, og læt þess vegna aðeins nægja að takmarka mig við þessa einu brtt., sem ég hef flutt, og láta í ljós það, að ég tek heils hugar undir bæði það, sem hæstv. fjmrh. og hv. formaður n. hafa sagt um þessi efni, og skal raunar viðurkenna, að hefði ég viljað nokkru við það bæta, þá hefði ég hvatt til enn þá meiri varfærni um afgreiðslu fjárl. heldur en nú er fyrir hendi, þó að ég geri mér fullkomlega ljóst, að það hefur verið mikið átak að geta þó lagt málið nú fyrir hæstv. Alþ., eins og gert er, með nokkurn veginn vissu um það, að hækkanir verði ekki verulega umfram það, sem hv. meiri hl. n. hefur lagt til. En ég tel þó, að menn megi hafa það hugfast, að enda þótt hér hafi verið gætt varfærni, eftir því sem við eigum að venjast hér á þinginu, þá er líka mikið í húfi, og spurningin er ekki sú, hvort við höfum verið of varfærnir, það getur aldrei skaðað. Verði tekjuafgangur eða greiðsluafgangur á árinu, þá nýtur þjóðin góðs af því í skattalækkunum eða öðrum formum á næsta ári. En ef við

förum of ógætilega, þá held ég, að af því geti vel leitt, að þær tilraunir, sem nú eru gerðar til þess að komast inn á nýjar og farsælli brautir varðandi efnahagsmál Íslendinga, yrðu með því brotnar niður.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson) [frh.]: Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni í gærkvöld, þegar fundi lauk, að hafa þakkað hv. formanni fjvn. fyrir þær upplýsingar, sem hann hafði gefið um það, að stöðvunarstefnan hefði lokið því hlutverki, sem henni hefði verið ætlað, að undirbúa jarðveg fyrir þá breytingu á efnahagskerfinu, sem nú er verið að gera, öll fyrirheit um framhald hennar hafi verið mælt út í bláinn og ekki haft við neitt að styðjast. Ég vil því byrja á því nú að endurtaka þakklæti mitt fyrir, að þessar upplýsingar skyldu vera hér gefnar, og ætla svo ekki að fara frekar út í það.

Þá kem ég næst að því, sem hv. formaður fjvn. talaði um þá breyt., sem við gerum á tekjuáætluninni, og þær tillögur, sem við flytjum til þess að ráðstafa þeim peningum, og talaði þar um gegndarlausar útgjaldatillögur og annað eftir því.

Eins og ég tók fram í gær, hefur það ekki verið stefna þeirra sjálfstæðismanna, sem var boðuð hjá formanni og nú síðast hjá hæstv. forsrh., að eðlilegt væri að hafa mikinn greiðsluafgang og þjóðin mundi njóta þess. Ég held, að það verði ekki um það deilt, að þjóðin naut þess greiðsluafgangs, sem varð í tíð hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, þegar hann var fjmrh. Þá var mesta uppbyggingartímabil í sögu þjóðarinnar, og einmitt góð afkoma ríkissjóðs kom þar mjög við sögu. Samt deildu hv. þm. endalaust á þetta, að fjárlagaafgreiðslan væri svo rúm og það væri varasamt að hafa svo mikinn greiðsluafgang eins og þar varð. Nú ætlast þeir samt til, að til þeirra verði afgreidd fjárlög frá hv. Alþ., sem fyrirsjáanlega eru með mun meiri greiðsluafgangi en þá átti sér nokkru sinni stað. Það eina, sem gæti borið á milli samkv. þessu, sem við höfum hér upplýst, er það, hvort sú almenna fátækt, sem þeir ætla sér að koma á, komi það fljótt til framkvæmda, að hún geti skorið kaupgetuna niður mjög bráðlega.

Samkv. því, sem ég upplýsti hér í framsöguræðu minni í gær, eru allar tillögur þeirra um innflutning miðaðar við það, að hann sé skorinn niður um 14% — eða fast að því 20%, þegar miðað er við þá fólksfjölgun, sem átt hefur sér stað síðan 1958. Samkv. þeim tölum, sem við höfum lagt hér fram og sýnt og öruggar eru og eru í nál. okkar, þá er í verðtolli, vörumagnstolli, innflutningsgjaldi og söluskatti hér um 210 millj. kr. upphæð að ræða. Þar við bætist, að áætlunin af söluskattinum nýja er líka miðuð við þennan innflutning. Það er gert ráð fyrir í þeim áætlunum, sem þetta er byggt á, að innflutningur á neyzluvörum minnki á árinu 1960, miðað við 1958, um 40 millj. kr. Finnst mönnum það nú trúlegt, að þannig fari, að þetta geti átt sér stað, þegar tillit er tekið til fólksfjölgunar ofan á annað? Þá er líka gert ráð fyrir því, að innflutningur á olíu, benzíni og kolum minnki um 7 millj. kr. og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar um 10 millj., byggingarvörur um 36 millj., og þannig mætti lengi telja. Við höldum því hiklaust fram, Framsóknarflokksmenn, að þrátt fyrir það, þótt að því sé stefnt að skapa hér það mikla fátækt og það mikla erfiðleika í fjármálum, að kaupgetan hljóti að minnka, þá muni ekki vera hægt að koma því við á svo stuttum tíma. Og þegar svo er haft í huga, að það er verið að tala um frjálsan innflutning meira en nokkru sinni fyrr, þá stangast þetta mjög á. En það, sem hér er á ferðinni, er sá stefnumunur, sem er á milli okkar og þeirra. Okkar hugsun er, að fyrst þessar álögur eru allar teknar af almenningi í landinu, þá eigi að nota það til uppbyggingar, en ekki láta ríkisstj. hafa það til ráðstöfunar eftir sínu höfði. Hins vegar er það stefna stjórnarliða, að álögurnar skuli taka af almenningi, til þess að verði hægt að koma því efnahagskerfi við, að fátæktin verði skömmtunarstjóri. Það er þetta, sem er meginmunurinn á milli skoðana þeirra og okkar. Þeim er það fullkomlega ljóst, að hverjar sem áætlanir um tekjur á fjárlögunum verða, þá mun þetta koma í ríkissjóð. En þeir ætla sér bara að hafa það til ráðstöfunar sjálfir, og þeir þurfa að ganga svona langt í álögunum, til þess að efnahagskerfi fátæktarinnar fái að þróast hér.

Eins og ég tók hér fram í framsöguræðu minni í gær, þá kom það greinilega fram hjá ráðuneytisstjóranum í efnahagsmrn., að hann gerir ráð fyrir því, að það verði verulegur tekjuafgangur á þessu ári, en þurfi að leggja á allar þessar álögur, til þess að nýja efnahagskerfið geti komið í framkvæmd. Ef við hefðum staðið hér frammi fyrir annarri mynd, þar sem ekki hefði verið gert ráð fyrir þessum álögum, sem hér eru nú til staðar, þá hefði líka okkar sjónarmið markazt af því.

Hv. formaður fjvn. sagðist hafa reiknað með sérstakri ábendingu og stuðningi frá okkur við fjárlagaafgreiðsluna. Ég verð að segja það, að mér finnst hv. þm. geta einmitt sagt það, að þannig höfum við hagað okkur í fjárlagaafgreiðslunni. Við flytjum hér ekki neinar sýndartillögur. Við viljum bara, að Alþ. skipti meira af þeim tekjum, sem stjórnarliðið ætlar að taka. Við erum ekki að koma hér með sparnaðartillögur, sem eru óraunhæfar, og ég gerði grein fyrir því í gær, að við vildum ekki flytja slíkar tillögur, heldur hitt, að það yrði tekin upp allsherjarathugun, t. d. á utanríkisþjónustunni, með sparnað fyrir augum, og það yrði svo undirbúið, að það yrði ekki látið dragast lengur en til næstu fjárlaga að koma því í framkvæmd. Þess vegna eru okkar tillögur miðaðar við það, sem hv. þm. sagðist hafa treyst okkur til, og við erum auðvitað mjög ánægðir með að hafa ekki brugðizt því trausti hans, því að inn á sér veit ég að hann

finnur það. Hitt er annað mál, að við ætlumst ekki til, að hæstv. ríkisstj. hafi óbundnar hendur til þess að valsa með stórar fjárfúlgur, sem hún er búin að ákveða að taka af þjóðinni umfram það, sem hún áætlar í fjárlögunum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., frsm. fjvn., talaði um það í framsöguræðu sinni í gær, að þeir færu hér að eins og hygginn bóndi, sem væri búinn að framkvæma mikið og hugsaði sér, að nú skyldi verða stöðvun og hann ætlaði að draga úr framkvæmdunum í bili. Finnst ykkur það nú, hv. þm., að góðir bændur, hyggnir bændur mundu telja það hyggilegt að hætta við framkvæmdirnar, en auka rekstrarkostnaðinn svo gífurlega eins og hæstv. ríkisstj. gerir á fjárlagafrv.? Haldið þið, að sá búskapur, sem þannig væri rekinn, væri líklegur til þess að vera af hyggindum rekinn? Haldið þið, að bóndi, sem ætlaði sér að hætta að framkvæma, tæki eyðslulán, eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerir, í staðinn fyrir uppbyggingarlán, eins og tekin hafa verið? Nei, hygginn bóndi mundi ekki hafa farið þannig að. Hann mundi hafa farið að eins og farið hefur verið að nú síðustu árin, byggja upp til þess að auka framleiðsluna, búa sig betur undir framtíðina. Hann mundi líka hafa ætlað sér að njóta þeirra verka, sem hann áður hefði gert, og hefði gert það og mun gera það, ef hann hefði haldið þeirri stefnu áfram, sem þá var fylgt. En í staðinn fyrir að halda áfram við uppbyggingarstefnuna á nú að taka eyðslulán og auka rekstrarkostnaðinn jafngífurlega og gert hefur verið nú á þessu ári.

Það er greinilegt, að nú á tveim síðustu árum hafa fjárlög íslenzka ríkisins hækkað yfir 500 millj. kr., ef við bætum niðurgreiðslunni inn á fjárlögin 1958, en fjárframlög til samgangna og til atvinnuveganna hafa á sama tíma hækkað á fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, um 50 millj. kr. Þessi þróun er uggvænleg.

Ég lýsti andstöðu minni á því við fjárlagaafgreiðsluna hér í fyrra, hvernig þá var haldið á fjármálum, þegar var farið að eyða 16 eða 17 millj. kr. í að greiða niður sjúkrasamlagsgjöld, sem nam 13 kr. á einstakling á mánuði. Þess háttar vinnubrögð í fjárlagaafgreiðslu eru ekki hyggileg. Það er nú haldið áfram á sömu braut. Það er búið að hafa hér niðurgreiðslur síðan 1943 eða 1944, en frá því í árslok 1958 til fjárlaganna nú hafa þær meira en tvöfaldazt. Það er þessi stefna, sem nú er að taka hér völdin, það er stefna fátæktarinnar, sem nú er verið að innleiða, og það er kannske ekkert, sem sannar betur, að ríkisstj. er ljóst, að hún er að innleiða hér fátækt, heldur en það, að hún skuli hér á hv. Alþ. telja það óeðlilegt, að fólk á bezta aldri geti séð fyrir einu barni. Þessi stefna ríkisstj., að það þurfi að tryggja fólk, sem á eitt barn, fyrir aðgerðum hennar, sýnir greinilega, hvert stefnt er. Það er því ekki undarlegt, þó að þeir séu í andstöðu við þá uppbyggingarstefnu, sem við framsóknarmenn höfum fylgt og fylgjum. En þeir eiga ekki á sama tíma að tala um það, að þeir fari að eins og hyggnir bændur.

Ég mun ekki tímans vegna eyða lengra máli í að svara því, sem fram hefur komið í almennum umr. hér um fjárl., en víkja aðeins að brtt., sem ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Vesturl.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni um vinnubrögð í fjvn., var það gott dæmi um hina samræmdu stefnu hæstv. ríkisstj. að ljúka þeim brúm, sem fjárveitingar höfðu fengið á þessu ári, að á síðustu fjárlögum og fjárlögum þar áður var geymslufé til einnar brúar í Mýrasýslu, á Norðurá hjá Króki. Þetta geymslufé var 1/2 millj. kr., og samkv. þeim áætlunum, sem ég hafði fengið um brúargerðina við fjárlagaafgreiðslu í fyrra, átti það að vera nokkurn veginn öruggt, að fjárveiting fengist til þess, að verkið yrði unnið á yfirstandandi ári. Nú er það talið hyggilegt að láta þessa brú bíða, þó að hún ætti geymslufé upp á hálfa millj. Það var af því, að hv. fyrrv. þm. Mýr., núverandi 3. þm. Vesturl., hafði áhuga fyrir henni. En það var sanngjarnt, að aðrar brýr væru teknar fram yfir hana, sem þó átti svo mikla fjárhæð geymda. Þetta eru vinnubrögð hinnar nýju kjördæmaskipunar. Þetta er gott dæmi um samstarfið á milli þingmanna. Og svo laglega var þessum málum fyrir komið, að þó að við þingmenn Vesturlandskjördæmis legðum sameiginlega tillögur fyrir hæstv. samgmrh., þá var okkur ekki svarað, heldur var send till. í fjvn., hvernig með málið skyldi fara. Við höfum ekki fengið þær upplýsingar, sem við báðum ráðh. um og okkur var lofað.

Ég geri till. um það, að inn á fjárlög þessa árs verði tekin 700 þús. kr. fjárveiting, svo að hægt verði að byggja þessa brú á yfirstandandi ári, og ég treysti því í lengstu lög, að það verði talin gild rök hér á Alþ., að verk, sem er farið að safna til fjárveitingu, ekki minni en hér var þó orðið, eigi rétt á sér til að hljóta afgreiðslu á borð við það, sem komið er með hér í fyrsta sinn, og þegar þar við bætist, að hér er um brú að ræða á slæmu vatnsfalli, og það á leið, sem hugsuð er framtíðarleið á milli Norður- og Suðurlands.

Á sama þskj., þskj. 203, flytjum við einnig, við hv. 1. þm. Vesturl., till. um fjárveitingu til brúar á Haukadalsá í Dalasýslu. Það tókst nú einhvern veginn þannig til, að þessar tvær sýslur verða út undan um fjárveitingar í brýr að þessu sinni, Mýrasýsla og Dalasýsla, og er sennilega þar tilviljunin ein, sem ræður.

Þá höfum við einnig flutt hér till. um, að fjárveiting til Akranesshafnar verði 2.3 millj. kr. Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till. og hér er farið fram á svo háa fjárhæð. er sú, að gengisbreyting slík sem gerð var í febrúar s. l. skapar Akraneshöfn þessa útgjaldaaukningu á árinu 1960, skapar Akraneshöfn 2.3 millj. kr. útgjaldaaukningu á árinu 1960. Ég hef haldið því fram í fjvn., að engum

manni hefði dottið í hug, að þessi höfn, sem svo mikið á inni hjá ríkissjóði, yrði án fjárveitingar á yfirstandandi ári. En þó að þessi till. okkar yrði samþykkt, þá þýðir það sama og Akraneshöfn hefði ekki fengið fjárveitingu, vegna þess að þetta er bara sú útgjaldaaukning, sem gengisfallið skapar höfninni á yfirstandandi ári. Það fékkst ekki tekið undir þetta í fjvn., og þess vegna gerum við hér tilraun til að fá þessu breytt hér á hv. Alþ. Til vara gerum við till. um það, að til þessarar hafnar verði veitt 1.5 millj. kr., og er það algert lágmark, þó að hitt sé ekki nema það eðlilega. Ég treysti hv. þm. til þess að koma til móts við þennan mikla framfara- og útgerðarbæ, Akranes, og láta hluta hans vegna efnahagsráðstafananna ekki verri en það, að hann fái enga fjárveitingu til sinnar hafnar, en þannig er útkoman, ef hann fær 2.3 millj. kr. Bæjarráð Akraness allt og hafnarnefnd hafa skorað á okkur þm. Vesturl. að beita okkur fyrir þessu máli, og ég treysti því, að á því muni ekki standa.

Þá höfum við einnig gert till. um það, að hækkuð verði fjárveiting til hafnarinnar í Ólafsvík. Eins og kunnugt er, er það mikill útgerðarstaður og vaxandi, en hafnarskilyrði hafa verið erfið. Það er kunnugra manna mál þar heima fyrir, að þessi fjárveiting mundi nægja þeim til þess að ná þeim áfanga, sem þeir stefna að nú. Ég treysti því, að hv. þm. muni einnig hafa þessa skoðun á málunum, að það sé nauðsynlegt að styðja þennan stað.

Að öðru leyti mun ég ekki ræða þessi mál frekar að sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér hér að flytja nokkrar brtt. ásamt hv. 3. þm. Vesturl. (HS). Brtt. þessar, sem ég mæli fyrir, eru á þskj. 203.

Fyrsta till. er um að fá hækkaða fjárveitingu til Fróðárhreppsvegar, en vegur þessi liggur úr Fróðárhreppnum og fyrir svokallaðan Búlandshöfða til Grundarfjarðar. Framkvæmdin er allkostnaðarsöm, og mun því varla af veita að veita meira fjármagn til þessa vegar en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þessir staðir, sem eiga þarna í hlut, annars vegar Ólafsvík og hins vegar Grafarnes, búa nálægt beztu fiskimiðum landsins, framleiðsla, atvinna og uppbygging á þessum stöðum hefur verið með mjög miklum blóma og myndarbrag á undanförnum árum og þarna býr duganda og framtakssamt fólk. Og það mundi því glæða áhuga þess, ef því væri sómi sýndur af hinu opinbera við að bæta aðstöðuna til þess að afla fisks úr sjó, því að þessi samgöngubót mundi verulega bæta fyrir þessum sjávarþorpum, ef hún kæmist á. Þegar ekið er kringum Snæfellsnes, mundi leiðin styttast allverulega, þegar vegurinn kemst fyrir Búlandshöfða. Þegar farið er úr Grundarfirði til Ólafsvíkur, verður að aka fyrir Kolgrafafjörð yfir Kerlingarskarð og svo aftur vestur yfir Fróðárheiði. En kæmist þessi samgöngubót á milli Fróðárhrepps og Grundarfjarðar, mundi þessi leið styttast um nálega 90 km, þegar vegurinn kemst fyrir Búlandshöfða.

Þessi samgöngubót kostar að vísu mikið fé. En hún sparar, þegar hún kemst á, allmikið fjármagn, bæði innlent og einnig erlent, þar sem hún mundi bæði spara talsvert í benzíni og öðru, sem bifreiðar þurfa til síns rekstrar. Svo er eitt í þessum málum, að Grafarnes mun tilheyra sama læknishéraði og Ólafsvík og það er mjög kostnaðarsamt að sækja lækni frá Grafarnesi, a. m. k. suma tíma árs, ýmist til Stykkishólms eða þá til Ólafsvíkur. En þegar vegurinn kemst fyrir Búlandshöfða, bætist þessi aðstaða mjög mikið. Fólki fjölgar mjög ört í Grafarnesi og auk þess dveljast þar miklu fleiri yfir vertíðina, og það er því mikið nauðsynjamál allra hluta vegna, að hægt sé að hraða þessari framkvæmd, þ. e. vegarlagningu fyrir Búlandshöfða, eins og unnt er.

Till. sú, sem ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Vesturl., er svo hófleg, þar sem ekki er um nema 100 þús. kr. hækkun á fjárveitingu að ræða, að ég vænti þess, að hv. þm. sjái sóma sinn í því að samþykkja hana.

Þá er hér önnur till. á sama þskj., og hún er varðandi vegarlagningu yfir Heydal. Flestum hv. þm. er þetta mál kunnugt frá undanförnum þingum, því að þar höfum við jafnan farið fram á, að þessari vegarlagningu væri hraðað meira en raun hefur borið vitni um. En það fjármagn, sem fengizt hefur til Heydalsvegar á undanförnum árum, hefur að mestu leyti verið notað til vegagerðar á Skógarströndinni. Og nú er senn þeirri vegarlagningu lokið að Bildhóli á Skógarströnd, en þaðan er meiningin að vegurinn liggi yfir Heydalinn til Hnappadals í Snæfellsnessýslu, og þá er komið í vegasamband á þann veg, sem liggur til Stykkishólms og aftur til Reykjavíkur. En þessi vegur tryggir einkum samgöngurnar við innfirði Breiðafjarðar, þ. e. við Hvammsfjörð innanverðan og einnig Gilsfjörð. En það er altítt, að eins og nú er háttað, þegar snjóar og ísar ganga, þá eru þeir fjallvegir, sem nú liggur vegur yfir, eins og Brattabrekka, ófærir kannske marga mánuði, og á sama tíma getur Hvammsfjörð og Gilsfjörð lagt, þannig að það komist ekki bátur inn á neinar af þeim höfnum, sem liggja við þá firði. En Heydalur liggur það miklu lægra en Brattabrekka og miklu lægra en Kerlingarskarð líka, að þar eru að jafnaði ekki meiri snjóar en eru í byggð. Vonir standa því til, þegar þessi vegur kemst á, að hann tryggi samgönguöryggið við innsveitir Breiðafjarðar miklu meira en nú er hægt að segja um þær samgöngur, því að það getur komið fyrir, eins og vorið og seinni hluta vetrar 1949, að það verði ekki farið vestur í Dali, hvorki á bílum yfir Bröttubrekku eða á bátum inn Hvammsfjörð né á flugvél. — Þannig var það vorið 1949, og þó að hin síðari ár hafi slíkt ekki komið fyrir, þá getur það alltaf hent sig. Þess vegna ber að vera á varðbergi fyrir því að treysta samgönguöryggi, og það gerum við bezt með því að hraða vegar-

lagningu yfir Heydal. En miðað við vegalengd hygg ég, að þessi vegur verði ekki svo kostnaðarsamur, þar sem þarna er fremur jafnlent og ekki þörf á mörgum brúm, en það eru einkum ræsin og brýrnar, sem hleypa vegakostnaðinum upp, en þar sem er jafnlent og hægt að nota skurðgröfur, þar eru vegir yfirleitt ódýrir. Þarna er einnig farið fram á mjög hóflega hækkun eða um 100 þús. kr., og vænti ég því sömuleiðis, að þingmenn samþ. þessa till.

Þá flytjum við hér einnig þriðju till. varðandi vegi, og það er um Gilsfjörðinn á Vesturlandsvegi. Nú fyrir skemmstu var opnuð ný leið til kauptúna og kaupstaða á Vestfjörðum, og því ber að sjálfsögðu að fagna. En leiðin til Vestfjarða liggur um Vesturlandsveg meðfram Gilsfirði, en þar er enn þá vegur slæmur og verður stundum að sæta sjávarföllum, til þess að hægt sé að komast leiðar sinnar. Hafa þetta orðið vonbrigði mörgum ferðamanninum. En þessi vegur meðfram Gilsfirðinum tengir í raun og veru Vestfirðina við alla hina landsfjórðungana og er því orðinn mjög fjölfarinn nú og mun verða enn þá fjölfarnari í framtíðinni, þar sem nú mun í fyrsta sinn á næsta sumri vera hægt að aka alla leið á bíl til Ísafjarðar og fleiri staða á Vestfjörðum. Mér finnst því sérstaða þessa vegar vera þannig, að það beri að skoða hann sem hvern annan millihéraðaveg hér á landi. Og ég hygg, að hann muni ekki komast svo auðveldlega áfram, ef hann verður ekki tekinn í millihéraðavegatölu og fjár aflað til hans samkv. því, sem um þá vegi gildir. Það er líka nokkuð sérstakt við vegarlagningu í Gilsfirði, að þar er ekki hægt að taka veginn í smááföngum og hafa not af honum jafnframt, vegna þess að það er svo mikill halli frá því, þar sem vegurinn mun eiga að koma, og niður í fjöruna, að það er útilokað, að það sé hægt að taka fyrir smákafla og nota gamla veginn jafnframt. Það verður því að taka þennan veg á sem skemmstum tíma, svo að hann komist í notkun allur samtímis. Það er því höfuðnauðsyn, til þess að notist að vegagerð í Gilsfirði, að vegarlagningu þar sé hraðað mjög mikið, enda hygg ég, að ef veitt væri til Gilsfjarðarvegar rífleg upphæð í tvö ár, þá ætti að vera hægt að koma þeim vegi í nothæft ástand. Og þar sem þetta mál er kannske engum landsmönnum jafnnauðsynlegt og Vestfirðingum, þá vænti ég sérstaklega þeirra stuðnings í þessu máli, því að ég veit, að þeir hafa öðrum fremur kvartað undan slæmum vegi þarna, og ég veit líka, að þeir munu nú, þegar þeir leggjast allir á eitt, reyna að gera sitt bezta í málinu, svo að vegur þessi komist á og vegarlagningu verði hraðað mjög mikið. Og standi þingmenn Vestfirðinga einhuga í þessu máli, þá efast ég ekki um, að það verður hægt að hefja framkvæmdir þegar á næsta sumri.

Það má segja, að það sé nokkuð bitur staðreynd, að á sama tíma og verið er að margfalda stórkostlega alla skriffinnsku og þenja út ríkisbáknið hjá hæstv. ríkisstj., þá er jafnframt minnkað til stórra muna allt framlag þess opinbera til framkvæmda í landinu, því að yfirleitt eru sömu upphæðir látnar haldast vitandi það, að kostnaður við allar framkvæmdir verður stórum meiri en nokkru sinni hefur þekkzt í þessu landi áður. Mér finnst, að það hljóti að vera lágmarkskrafa þeirra, sem landið byggja, að þeir séu ekki sveltir inni sakir þess, að vegir séu þar slæmir eða ár óbrúaðar og að hafnarmannvirki grotni niður, enda gengur þessi stefna hæstv. ríkisstj. í andstæða átt við öll þau loforð, sem þeir flokkar, sem að henni standa, gáfu fyrir þær tvennar kosningar, sem fóru fram á s. l. ári. Sjálfstæðismenn lofuðu alls staðar gulli og grænum skógum, en eftir að þeir komust til valda, eftir að þjóðin hafði skapað þeim þann meiri hluta, að þeir gætu farið með völdin í landinu, þá blasir eymd og auðn við í staðinn fyrir loforðin um gull og græna skóga.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast hérna á það, að í þau tíu ár, sem ég hef átt sæti á þingi, hefur hagur ríkissjóðs aldrei verið svo slæmur, að það hafi ekki verið hægt að veita svo mikið sem eina smáupphæð á fjárlögum til brúargerðar í Dalasýslu, og mér er það minnisstætt, að á s. l. vori héldu sjálfstæðismenn því fram, ekki síður í Dalasýslu en annars staðar, að um leið og nýja kjördæmabreytingin öðlaðist gildi, þá væri það trygging fyrir auknum og öruggari framkvæmdum á landsbyggðinni. En hver er reyndin? Hver er reyndin fyrir Dalamenn? Hún er algerlega gagnstæð. Og þetta örlitla dæmi, að nú í fyrsta sinn á tíu árum skuli ekki fást nein fjárveiting til brúargerðar í Dalasýslu, talar sínu máli. Og það var það, sem margur gjörhugull maður í landi voru hugleiddi líka á s. l. vori, að kjördæmabreytingin yrði til þess e. t. v. að leggja í eyði, ekki einstök býli, heldur og jafnvel heilar sveitir á landsbyggðinni, og það er ég sannfærður um, að ef sú stefna, sem nú er verið að taka upp í þjóðmálum og ekki sízt að því er varðar framfarir og framkvæmdir í landinu, á að ráða á næstu árum, þá mun margur hverfa frá sinni yrkju úti á landsbyggðinni og á mölina í bæjunum, því að við vitum það ósköp vel, að svo mikið er ógert víða á landsbyggðinni, að þar má ekki stöðvast við, og það er lágmarkskrafa þeirra, sem dreifbýlið byggja, að ekki sé slakað á á sviði framfaranna, eins og nú er gert. En það kemur greinilega fram, hvar sem borið er niður, að það eru framfarir í þágu þjóðarframleiðslunnar, sem eiga að bíða hnekki við það, sem nú er verið að aðhafast í fjármálum hjá hinu opinbera. Ég vænti því þess, að sú stefna, sem hér er upp tekin, verði fljótlega stöðvuð og áfram haldið á þeirri uppbyggingarbraut, sem þegar var hafin, áður en þessi stjórn komst að völdum.

Ég vil að lokum mælast til þess, að hv. alþm. samþykki þær brtt., sem ég hef hér lagt fram og talað fyrir, og einnig samþykki þeir þær brtt., sem ég flyt hér ásamt öðrum þingmönnum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Með örfáum orðum vildi ég gera hér grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við frv. til fjárlaga.

Í framsöguræðu sinni í gær minntist hv. formaður fjvn. á úthlutun til tónlistarskóla og sagði eitthvað á þá leið, að engin vissa væri fyrir því, að úthlutun n. til hinna ýmsu tónlistarskóla sé í samræmi við starfsemi þeirra. Er þetta orð að sönnu, og ber úthlutunin því vitni, að nokkuð er rennt blint í sjóinn um úthlutunina, og skal ég benda á eitt atriði, sem sýnir, að orð hv. þm. eiga fullan rétt á sér.

Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru ætlaðar 10 þús. kr. í till. n., en í þessum skóla, sem verður 10 ára á þessum vetri, eru 150 nemendur við hvers konar tónlistarnám. Við skólann starfa fjórir hinir færustu kennarar, og til skólans mun bæjarsjóður Hafnarfjarðar veita á þessu ári tugi þúsunda króna til hljóðfærakaupa og kennslu. Skólastjóri og aðrir kennarar skólans vinna hið merkasta starf að almennri tónlistarfræðslu, sem er ekki miðuð eingöngu við hina fáu, sem skara fram úr öðrum. Sést það bezt á því, að eins og ég áður gat um, eru í skólanum 150 nemendur, sem munu svara til 1600—1700 nemenda í tónlistarskóla Reykjavíkur, og kem ég þá að óhjákvæmilegum samanburði við aðra um úthlutun styrks á fjárlögum. Vil ég í því sambandi benda á, að tónlistarskólinn í Reykjavík fær til söngkennslu 40 þús. kr., — og hvað halda nú hv. alþm., að margir nemendur séu við það nám, sem styrkt er með 40 þús. kr., þegar 150 nemenda skóli fær 10 þús. kr.? Samkvæmt því, sem ég bezt veit, eru þeir sex, 6 nemendur. Þarna er því greitt um 100 sinnum meira með hverjum nemanda.

Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 206 brtt. þess efnis, að fjárveiting til tónlistarskólans í Hafnarfirði verði hækkuð úr 10 þús. kr. í 40 þús.

Svo sem ég gat um áður, kom það fram í ræðu hv. form. fjvn., að n. gerir sér ljóst, að engin vissa er fyrir því, að úthlutun til tónlistarskóla sé í samræmi við starfsemi þeirra. Ég hef nú bent á, að varðandi tónlistarskóla Hafnarfjarðar er ekki samræmi á þessu tvennu, og vænti ég þess, að það verði leiðrétt.

Ég vil taka undir það, sem hv. form. fjvn. sagði í ræðu sinni, að nauðsynlegt er, að fastar reglur verði settar um stuðning við þessa starfsemi, og þáltill., sem nú liggur fyrir Alþingi um tónlistarfræðslu, verður vonandi spor í rétta átt. En á meðan stuðningur við tónlistarstarfsemi fer fram með úthlutun hér á Alþingi, hljóta menn þó að vera sammála um að gera það, sem unnt er, til þess, að hún sé sem sanngjörnust og ekki af handahófi.

Vera má, að í úthlutun þessari séu fleiri dæmi um ósamræmi en það, sem ég nefndi, og kemur það þá ef til vill fram í umræðum hér.

Þá hef ég flutt till. um, að barnaheimilissjóði Hafnarfjarðar verði veittur byggingarstyrkur að upphæð 60 þús. kr. Á frv. til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir neinni fjárhæð í þessu skyni, en fjvn. flytur á þskj. 174 till. um 20 þús. kr. fjárveitingu til barnaheimilissjóðsins. Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar hefur unnið hið merkasta starf með rekstri sumardvalarheimilis fyrir börn, og leggja þar margir fram mikið sjálfboðaliðsstarf. Er því eðlilegt, að ríkið stuðli að því, að þessum aðilum sé gert kleift að stofna til og halda uppi þessari starfsemi sem opinberir aðilar yrðu ella að annast á kostnaðarsamari hátt.

Ég tel, að barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar hafi orðið nokkuð afskiptur um byggingarstyrk, ef borið er saman við sams konar starfsemi t. d. á Akureyri. En hliðstætt félag á Akureyri fékk byggingarstyrk, áður en það hóf byggingarframkvæmdir, og hefur með samþykkt tillagna fjvn. nú fengið alls 100 þús. kr. til framkvæmdanna. Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar hafði hins vegar rekið starfsemi sína í tvö ár, áður en hann fékk byggingarstyrk, og hefur með samþykkt till. fjvn. nú fengið alls 60 þús. kr. Tel ég fulla sanngirni, að ekki sé gert upp á milli þessara aðila frekar en orðið er, og legg ég til á þskj. 206, að hv. Alþingi verði við ósk stjórnar barnaheimilissjóðsins um 60 þús. kr. byggingarstyrk.

Þá hef ég leyft mér að flytja till. um, að framlag til rannsóknarkostnaðar jarðhitadeildar verði hækkað um 1½ millj. kr. og verði þeirri viðbót varið til jarðhitarannsókna á Reykjanesskaga. Svo oft hefur hér á hv. Alþingi verið rætt um hina þjóðfélagslegu nauðsyn á því að nýta sem fyrst þá orku og varma, sem fæst við jarðborarnir og þá fyrst í nánd við mesta þéttbýlið, að um það þarf ekki sérstaka grg. í þessu sambandi. Um þessa nauðsyn munu flestir hv. þm. sammála, og vænti ég þess, að þeir muni í samræmi við það stuðla að því, að framkvæmdum í þessu efni verði hraðað með sérstakri fjárveitingu í því skyni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 206 brtt. við 13. gr. fjárlaga um, að upp verði teknir nýir liðir, ferjubryggjur á þremur stöðum í Vestfjarðakjördæmi. Á undanförnum árum hafa slíkar ferjubryggjur verið byggðar á allmörgum stöðum á Vestfjörðum, við Ísafjarðardjúp, á Barðaströnd og í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa þessi mannvirki fyrst og fremst verið byggð til hagræðis fyrir bændur við afurðaflutninga þeirra, enn fremur til þess að skapa bætta aðstöðu við fólksflutninga, þar sem ferjubryggjur hafa verið byggðar í framhaldi af þjóðvegum milli landshluta.

Að þessum mannvirkjum hefur, eins og ég sagði, orðið mikið gagn og þau átt ríkan þátt í því að viðhalda byggð og halda uppi þróttmikilli framleiðslu í blómlegum byggðarlögum, sem hætt er við að ella hefðu bognað undan vandkvæðum fólksfæðar og annarra erfiðleika, sem að strjálbýlinu hafa steðjað á undanförnum árum.

Nú hef ég leyft mér að leggja til, að veitt verði fé til þriggja nýrra ferjubryggna.

Í fyrsta lagi til byggingar slíkrar bryggju að Óspakseyri í Strandasýslu, 100 þús. kr. Á þessum stað er starfandi verzlun, kaupfélag, sem fær árlega töluverðan hluta af vörum, er fyrirtækið fær, sjóleiðis. Hins vegar er þar enginn bryggjustúfur fyrir, þannig að notast verður við aldargamalt fyrirkomulag. Það verður að flytja vörurnar á uppskipunarbátum í land úr strandferðaskipum, og síðan verða menn að bera þær á bakinu upp úr bátunum upp í verzlunina. Nú seinast fyrir nokkrum dögum sagði kaupfélagsstjórinn á Óspakseyri mér í símtali, að hann ætti von á strandferðaskipi með tilbúinn áburð til bændanna í syðri hluta Strandasýslu. Gerði hann ráð fyrir því, að þennan hátt yrði að hafa á um uppskipun úr skipinu.

Ég tel, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Hér er ekki verið að fara neinar nýjar leiðir. Hér er óskað aðstoðar við byggðarlag, sem orðið hefur út undan, — aðstoðar, sem veitt hefur verið fjölmörgum öðrum byggðarlögum í þessum landshluta.

Í öðru lagi hef ég leyft mér að óska þess, að veittar yrðu 100 þús. kr. til ferjubryggju á Mýri á Snæfjallaströnd. Þar mun verða um skeið endastöð þjóðvegarins út með norðanverðu Ísafjarðardjúpi, og meðan ekki er akvegasamband um Djúpið til Ísafjarðar, væri stórmikið hagræði að því, að þarna yrði byggð ferjubryggja.

Í þriðja lagi flyt ég till. um, að byggð verði ferjubryggja á Reykjanesi í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu. Undanfarin ár hefur verið unnið að undirbúningi slíks mannvirkis á þeim stað. Það hefur ekki endanlega verið ákveðið, hvar bryggjan skuli vera, og menn greinir nokkuð á um það. Þess vegna hef ég leyft mér að orða till. þannig, að bryggjan skuli reist á Reykjanesi.

Um allar þessar till. má segja, að þær gera aðeins ráð fyrir byrjunarframlögum til þeirra ferjubryggna, sem um er að ræða. Það hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir um flestar þeirra, og munu þær kosta misjafnlega mikið, 2—3—4 hundruð þús. kr. En með því að taka þessar fjárveitingar nú upp í fjárlög væri stefnan mörkuð í þessum málum, og fólkið gæti treyst því að fá þessar nauðsynlegu umbætur.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., en vænti, að þær nái fram að ganga. Ég skal taka það fram, að ef hv. fjvn. vildi athuga þær nánar fyrir 3. umr., þá er ég reiðubúinn til þess að taka þær aftur til 3. umr.

Þá höfum við, ég ásamt þremur öðrum hv. þm., ákveðið að flytja brtt. við 18. gr. frv. Henni hefur því miður ekki enn þá verið útbýtt, og ég neyðist til þess að flytja hana skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. Það er brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Vesturl., hv. 7. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. þm., um, að tekinn verði upp nýr liður við 18. gr., Ásmundur Jónsson frá Skúfsstöðum, rithöfundur, 10 þús. kr.

Um rökstuðning fyrir þessari till. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Ásmundur Jónsson er þjóðþekktur maður, hefur gefið út tvær ljóðabækur með ágætum ljóðum. Þessi rithöfundur býr hins vegar við svo þröngan kost, að naumast er vansalaust, og þess vegna teljum við flm., að vel færi á því, að hv. Alþingi sýndi honum smávægilega viðurkenningu og samþykkti þessi 10 þús. kr. eftirlaun til hans á 18. gr. fjárlaga. Ég leyfi mér að óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari brtt.

Ég vildi svo leyfa mér að fara örfáum orðum um nokkur hagsmunamál Vestfjarðakjördæmis, enda þótt ég hafi að þessu sinni ekki flutt fleiri brtt. um hækkun á fjárveitingum til þessa landshluta.

Ég vil þá fyrst minnast á það, að samkvæmt brtt. hv. fjvn. er gert ráð fyrir fjárveitingum til 9 hafna á Vestfjörðum. Nú er það þannig, að sjávarútvegur er meginatvinnuvegur flestra byggðarlaga á Vestfjörðum, þó að þar sé einnig rekinn þróttmikill landbúnaður. Hafnirnar eru frumskilyrði þess, að sjávarútvegur verði rekinn með góðum árangri. Þær fjárveitingar, sem lagt er til að veittar verði til þessara 9 hafna á Vestfjörðum, eru flestar litlar og hrökkva skammt, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem stórframkvæmdir standa yfir í hafnarmálunum. Má þar t. d. nefna Patreksfjarðarhöfn, Suðureyrarhöfn, Bolungarvíkurhöfn og Hólmavíkurhöfn. Á öllum þessum stöðum hefur að undanförnu verið sumpart unnið að stórframkvæmdum eða að undirbúningi stórframkvæmda.

Til Patreksfjarðarhafnar er nú lagt til að veittar séu 100 þús. kr., til Suðureyrar 150 þús. kr., til Bolungarvíkur 500 þús. kr. og til Hólmavíkurhafnar 500 þús. kr.

Eins og ég sagði, þá hrökkva þessar fjárveitingar mjög skammt, og ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði í sinni framsöguræðu, að vandamál þessara og margra fleiri hafna verða ekki leyst með öðru en stórfelldum erlendum eða innlendum lántökum í því skyni, að hægt sé að ná stórum áföngum á tiltölulega skömmum tíma í þessari mannvirkjagerð.

Það voru, eins og kunnugt er, teknar 28 millj. kr. að láni utanlands til hafnargerða á s. l. ári. Þessu fé var skipt upp, að mig minnir á milli allt að 20 hafna um allt land, þar af til þriggja eða fjögurra hafna á Vestfjörðum.

Ég álít, að óhjákvæmilegt sé að halda áfram lántökum í þessu skyni, og ég álít enn fremur, að ekki megi verða mikil bið á því, að þetta sé gert, vegna þess að hvert árið, sem hafnarframkvæmdir standa hálfkaraðar, er mjög dýrt og til stórkostlegs óhagræðis fyrir þau byggðarlög, sem út í þessar dýru og fjárfreku framkvæmdir hafa ráðizt. Ég legg því áherzlu á það, — og ég veit, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur einnig fullan skilning á því, — að það verði haldið áfram á þeirri braut, sem mörkuð var á síðasta þingi, þ. e. a. s. að taka allstór erlend lán til hafnarframkvæmda í landinu.

Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á það, að ég hygg, að með engum hætti sé á jafnódýran hátt hægt að auka framleiðslu þessarar þjóðar og einmitt með því að bæta hafnarskilyrðin.

Við hinar meira og minna ófullkomnu íslenzku hafnir hafa verið byggð á undanförnum árum dýr framleiðslutæki, þar sem eru hraðfrystihús og fiskimjölsverksmiðjur og ýmiss konar fiskiðjufyrirtæki, en svo að segja öll þessi dýru framleiðslutæki, sem standa að mestu leyti undir útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, eru ekki nýtt nema að nokkru leyti. Með því að hagnýta afkastagetu hraðfrystihúsanna til fulls er hægt a. m. k. að tvöfalda útflutningsverðmæti hraðfrysta fisksins. Nær sanni mun þó vera, að hægt muni vera að þrefalda framleiðslu- og afkastagetu hraðfrystihúsanna á einstökum stöðum. Mér er kunnugt um mörg ný hraðfrystihús og fiskiðjuver, sem byggð hafa verið á síðustu árum, sem gætu framleitt þrisvar sinnum meira, ef þau aðeins hefðu hráefni, og aðstaðan til þess að fá hráefni batnar mjög með því, að hafnarskilyrðin eru lagfærð. Vitanlega þarf fleira að koma til, en við vitum, að fiskiskipastóllinn er sífellt að aukast í öllum landshlutum. Af því leiðir hins vegar, að óumflýjanlegt er að bæta lendingarskilyrðin.

Það er öllum hv. þm. kunnugt, að fjöldi vélskipa eyðileggst á ári hverju eða skemmist stórlega einmitt vegna þess, hversu hafnarskilyrði eru léleg á þeim stöðum, þar sem þau eru gerð út, og það kostar tryggingarfélögin milljónir króna árlega að bæta það tjón, sem verður á fiskiskipaflotanum í höfnunum.

Ég álít þess vegna, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða, ekki aðeins fyrir einstök byggðarlög á Vestfjörðum og í öðrum landshlutum, þar sem þróttmikil útflutningsframleiðsla er rekin, heldur og fyrir þjóðina í heild, því að það má öllum landslýð vera ljóst, hver sem afstaða manna er til þeirra viðreisnarráðstafana, sem nú hafa verið gerðar af hæstv. ríkisstj., að án aukinnar framleiðslu renna þessar ráðstafanir út í sandinn. Þá reynast þær ekki megnugar þess að standa undir þörfum þjóðarinnar. Þess vegna álít ég, að hv. Alþingi megi síður nú en nokkru sinni fyrr daufheyrast við kröfunum um aukin framlög og markvissar framkvæmdir einmitt á sviði hafnarmálanna. Ég veit, að á þessu atriði ríkir skilningur og að hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. munu gera það, sem unnt er, í þessum efnum. En það verðum við að gera okkur ljóst, að með hinum litlu og lágu fjárveitingum á fjárlögunum til hafnarmálanna verður engum stórum áföngum náð.

Það er fjöldi hafna um allt Ísland, sem eru hálfkaraðar vegna fjármagnsskortsins og vegna þess, að það hefur verið talið nauðsynlegra á undanförnum árum að taka erlend lán og innlend til flests annars fyrr en hafnargerðanna. Það er fyrst á s. l. ári, sem rofar nokkuð til í þessum efnum, og ég vænti, að með lántökunni þá, sem að vísu var aðeins tæpar 30 millj. kr., hafi verið mörkuð stefna, sem haldið verði áfram að framkvæma.

Um vegamálin á Vestfjörðum skal ég ekki fara mörgum orðum. Ég hef oft bent á það á undanförnum þingum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að ástandið í vegamálunum er hvergi verra en á Vestfjörðum. Þetta hefur í raun og veru verið viðurkennt og nokkuð aukin áherzla verið lögð á vegaframkvæmdir þar vestra nú allra síðustu árin.

Það tókst á s. l. hausti að gera hinn svokallaða Vestfjarðaveg, frá Vatnsfirði á Barðaströnd yfir í Arnarfjörð, slarkfæran. Það er of mikið að segja, að hann sé akfær orðinn, en það er hægt að komast þá leið á jeppum og hærri og sterkari bifreiðum. Það tókst að ná þessum áfanga á s. l. ári vegna þess, að allmörg byggðarlög á Vestfjörðum tóku sig saman um að útvega lánsfé til þess að gera stórt átak í framkvæmd þessarar vegagerðar.

Nú stendur þetta mál þannig, að skuld Vestfjarðavegar mun vera um 3 millj. kr. Hins vegar er lagt til í fjárlögum, að til þessa vegar verði veittar um 1.5 millj. kr., og það fé mun rétt hrökkva til þess að borga þær skuldir, sem gjaldfalla á þessu sumri. Ekkert fé er því fyrir hendi til þess að ljúka veginum og gera hann sæmilega akfæran. Ég geri mér þess vegna von um það, að hægt verði að fá nokkurt fé af þeim 4 millj. kr., sem lagt er til að veittar verði til viðbótar til vegaframkvæmda, einmitt til Vestfjarðavegarins, þannig að unnt verði að fullgera veginn á komandi sumri. En ef vel hefði átt að vera, hefði þurft að fá miklu hærri fjárveitingu til vegarins, til þess að byggðarlögin á Vestfjörðum þurfi ekki að draslast með þunga skuldabagga um langt árabil vegna þessarar vegagerðar, sem að sjálfsögðu á að kosta af ríkinu einu. En það er merkilegur áfangi, sem næst með þessari vegagerð, og honum er fagnað af fólki um alla Vestfirði. Það var þannig þangað til s. l. haust, að 4—5 þús. manns á norðanverðum Vestfjörðum, í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og í utanverðri Norður-Ísafjarðarsýslu, voru án sambands við akvegakerfi landsins. Úr þessu verður nú bætt, eins og ég sagði, og er að því mikil bót.

Ég álít, að það séu fyrst og fremst fjórir eða fimm vegir, sem leggja verður áherzlu á á Vestfjörðum á næstu árum og þá einnig á komandi sumri.

Það þarf í fyrsta lagi að ljúka Vestfjarðaveginum sem fyrst og gera hann sem beztan og greiðfærastan, þannig að hægt verði að halda honum opnum, ekki aðeins yfir hásumarið, heldur meginhluta árs.

Í öðru lagi tel ég, að leggja beri áherzlu á að ljúka veginum út með sunnanverðu Ísafjarðardjúpi, hinum svokallaða Ögur- og Fjarðavegi, sem tiltölulega hægt hefur þokað áleiðis undanfarið, en er þó nú kominn það út með Djúpinu, að aðeins 9 km eru eftir út að Ögri óruddir. Á þennan veg verður að leggja mikla áherzlu. Hef ég einnig hugsað mér, að nokkur fjárveiting fengist til hans af þeim 4 millj. kr.,

sem fjvn. leggur til þess að úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár skipti niður í samráði við vegamálastjóra.

Í þriðja lagi teldi ég mjög nauðsynlegt, að aukin áherzla yrði lögð á vegagerðina norður Strandasýslu, en nýrztu byggðir Strandasýslu munu vera einhverjar einangruðustu sveitir á Íslandi. Það hefur verið byrjað að leggja svokallaðan Reykjarfjarðarveg norður Bala. Hann er kominn mjög skammt áleiðis, en allur Árneshreppur, sem er einn stærsti hreppur Strandasýslu, er án akvegasambands og aðeins einstakir spottar hafa verið lagðir innan hans. Þm. Vestfjarða hafa komið sér saman um það að einbeita kröftunum að lagningu þessa vegar, og er nú lagt til, að fé sé einungis veitt til tveggja vega í Strandasýslu, þ. e. a. s. til Strandavegar sunnar í sýslunni og til Reykjarfjarðarvegar, 525 þús. kr. Vonandi tekst nú að koma nokkrum skriði á þessa vegagerð og koma nokkuð til liðsinnis því dugandi fólki, sem býr í þessari einni afskekktustu sveit á Íslandi.

Enn fremur tel ég, að leggja beri aukna áherzlu á að bæta heiðavegina milli Ísafjarðarkaupstaðar og Vestur-Ísafjarðarsýslu. En þeir vegir lokast í fyrstu snjóum, og það er algengt, að vegurinn vestur í Önundarfjörð og Súgandafjörð frá Ísafirði lokist um miðjan september og opnist ekki fyrr en í júní. Ef þessir vegir væru hlaðnir upp uppi á heiðunum, eins og almennt er gert með heiðavegi nú orðið, þá er óhætt að fullyrða, að þeir yrðu opnir miklu lengri tíma ár hvert. Það hefði t. d. verið leikur að halda þessum vegum opnum svo til allan veturinn í vetur, sem hefur verið einkar snjóléttur.

Innilokunin vestur á fjörðunum skapar athafnalífinu þar margvíslegt óhagræði, og það verður ekki við það unað til lengdar, að byggðarlögin séu gersamlega einangruð frá sambandi við höfuðstað Vestfjarða allan veturinn. Þess vegna hygg ég, að aukna áherzlu beri að leggja á einmitt þessa heiðavegi. Svipuðu máli gegnir raunar um vegagerðina milli Patreksfjarðar og Bíldudals og Tálknafjarðar, þar sem vegirnir eru mjög lélegir og lokast fljótt, til mikils óhagræðis fyrir atvinnulífið á stöðunum.

Ég vil þá aðeins minnast á það, að þingmenn Vestfjarða hafa skrifað fjvn. og óskað þess, að hún mæli með því, að veitt verði ríkisábyrgð á þessu ári fyrir 3 millj. kr. láni vegna byggingar dráttarbrautar á Ísafirði, sem Marselíus Bernharðsson skipasmíðastöð h. f. hyggst ráðast í að byggja. Á öllum Vestfjörðum er ekki hægt að taka upp stærri skip en rúmlega 70 tonn. Hins vegar er mikill fjöldi báta þar nú um 100 tonn og þó nokkur hinna smærri togskipa, sem eru, eins og menn vita, 250 tonn að stærð. Það er gersamlega óviðunandi að þurfa að fara með þessi skip öll til hvaða smáviðgerða sem er hingað suður í Reykjavík eða norður á Akureyri. Þess vegna held ég, að hér sé um mjög mikið nauðsynjamál að ræða fyrir vestfirzka útgerð, og vænti ég því, að fjvn. taki erindi okkar vel.

Á fjárlögum er gert ráð fyrir að þessu sinni samkvæmt till. fjvn., að fjárveiting verði veitt til eins flugvallar á Vestfjörðum, þ. e. a. s. 1.2 millj. kr. til flugvallargerðar á Ísafirði. Það er gert ráð fyrir, að þessi flugvöllur verði nothæfur í vor eða sumar, og er það til mjög mikilla bóta fyrir samgöngur við Ísafjörð og nágrenni. Hins vegar er ekki því að neita, að stórum hluta Vestfjarða er tiltölulega lítið gagn að flugvelli á Ísafirði. Þess vegna er óhjákvæmilegt að vinna að því að byggja flugvelli á mörgum fleiri stöðum, og hefur þá fyrst og fremst verið rætt um Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu, á Patreksfirði, í Bolungarvík, Hólmavík, í Önundarfirði og að Melgraseyri við Ísafjarðardjúp. En þar má segja að flugvöllur sé raunverulega þegar fyrir hendi, þar sem tveggja hreyfla flugvélar geta lent þar, þarf aðeins smávægilegar lagfæringar til þess að gera þarna ágætan flugvöll.

Ég tel það mjög miður farið, að hv. fjvn. hefur ekki treyst sér til að taka upp fjárveitingu nema til eins þessara flugvalla, sem ákveðið hefur í raun og veru verið af flugmálastjórninni að byggðir skuli. En við vitum um ástæðu þess. Það er nú eins og fyrri daginn, að það er ekki hægt að gera allt í einu. Ég sé, að minir ágætu samþingismenn sumir hafa flutt brtt. um fjárveitingu til þessara flugvalla og fleiri nauðsynlegra framkvæmda. En þeir vita það eins vel og ég, að það verður á hverjum tíma að miða útgjöldin og fjárveitingar til einstakra framkvæmda við fjárhagsgetuna. En ég hef minnzt á þetta hér vegna þess, að stefnan hefur verið mörkuð í þessum efnum og þessir flugvellir verða að byggjast á næstu árum, eftir því sem fjárhagsgetan leyfir á hverjum tíma.

Ég hygg þá, að ég hafi minnzt á sum aðalatriði, sem mér lágu fyrst og fremst á hjarta í sambandi við fjárveitingar til Vestfjarða. Það er engin tilviljun, að ég hef þar svo að segja eingöngu rætt samgöngu- og hafnamál. Aðstaða fólksins til lands og sjávar byggist að langsamlega mestu leyti á samgöngum og á hafnarskilyrðum, á því að geta gert út og flutt afurðir bænda til markaðanna. Þess vegna er það, að góðar hafnir og greiðar samgöngur eru frumskilyrði fyrir því, að líf og starf fólksins í strjálbýlinu beri árangur.

Ég vil að lokum aðeins segja það og endurtaka það, sem ég hef oft sagt áður hér á hv. Alþingi, að ég lít ekki svo á, að með kröfum um fjárframlög til þessara framkvæmda sé verið að krefjast meira en góðu hófi gegnir af samfélaginu af hálfu þessa fólks. Við vitum það t. d. Vestfirðingar, að óvíða á Íslandi mun jafnríkur skerfur lagður fram til gjaldeyrisöflunar og verðmætasköpunar í þjóðarbúið. Allir Vestfirðingar eru nú rúmlega 10 þús. manns. Á árinu 1958 framleiddi þetta fólk til útflutnings fyrir um það bil 130—140 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Ég held, að það fólk, sem

þannig stendur í starfinu, teljist ekki sýna neina ótilhlýðilega kröfuhörku, þó að það óski þess, að framleiðsluskilyrðin séu bætt og aðstaða þess til þess að halda áfram að draga björg í bú verði gerð nokkru betri en hún er nú.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 209, sem var seint fram komin, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mér skilst, að í gær hafi orðið um það samkomulag milli formanna þingflokkanna að stefna að því að ljúka þessari umr. í dag, áður en kvöld er komið, og af því að mér finnst þetta samkomulag eftir ástæðum eðlilegt, þá vil ég alls ekki torvelda, að það geti orðið að framgangi, þó að ég hafi mjög margt við fjárlagafrv., sem fyrir liggur, að athuga og sömuleiðis ýmsar till. þær, sem fyrir liggja frá hv. fjvn. Sleppi ég af nefndri ástæðu að ræða frv. og tillögurnar. Ég ætla aðeins að gera stuttlega grein fyrir tveim till., sem ég stend að og hér liggja fyrir.

Fyrst er það þá 5. till. á þskj. 203. Við leggjum hana fram fjórir þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra og væntum þess, að þm. að athuguðu máli geti fallizt á hana.

Þjóðskáldið Matthías Jochumsson átti heima, eins og allir vita, seinni hluta ævi sinnar á Akureyri. Hann bjó þar seinast og lengi í húsi, sem hann átti sjálfur og nefnt var Sigurhæðir. Þetta hús lenti til óviðkomandi fólks eftir hann látinn. En fyrir þrem eða fjórum árum tóku aðdáendur skáldsins á Akureyri sig til og stofnuðu félag, sem nefnist Matthíasarfélag. Tilgangur þessa félagsskapar er sá að heiðra minningu þjóðskáldsins með því að kaupa húsið Sigurhæðir og koma þar upp minjasafni, Matthíasarsafni, vernda húsið og safna í það eftirlátnum munum skáldsins, búa það, ef unnt er, að nýju eins og það var, þegar skáldið bjó þar, gera það að musteri minninganna um þennan mikla andans mann, sem hafði hlotnazt gáfa af guðs náð, gáfa, sem þjóðin nýtur í ódauðlegum ljóðum hans og getur aldrei fullþakkað. Slíkt musteri er til þess fallið, að fólk gangi þangað til að gera sig hæfara en ella til þess að skilja skáldið og njóta ljóðanna. Það munu í framtíðinni Íslendingar gera, þegar þeir fara um Akureyri.

Í Matthíasarfélaginu eru nú um 175 félagar. Eru þar á meðal ýmsir menn hér úr Reykjavík og víðar að. Félagar þessir greiða árgjöld í félagssjóð sem áhugamenn. Félagið er búið að kaupa neðri hæð hússins Sigurhæðir, en það er tveggja hæða hús og skáldið bjó á báðum hæðum þess. Þessi neðri hæð, sem búið er að kaupa, kostaði 255 þús. kr., og það er búið að borga kaupverðið niður í 105 þús. kr. En félagið telur að sjálfsögðu nauðsynlegt að kaupa efri hæð hússins líka, og hún mun kosta svipaða upphæð og neðri hæðin. Enn fremur þarf ýmislegt að gera að húsinu, og svo þarf að afla gripa í minjasafnið og það kostar allmikið fé, enda þarf að lagfæra þessa muni, sem hafa ekki allir hlotið góða geymslu. Þá þarf líka að hita upp húsið nú þegar og auðvitað fljótlega kosta allmiklu til rekstrar safnsins, þegar farið verður að hafa safnið opið til sýnis.

Akureyrarbær hefur lagt fram samtals 100 þús. kr. fram að þessu ári og heitir á þessu ári 50 þús. kr. framlagi til viðbótar. Það má því telja, að framlag Akureyrarbæjar sé orðið 150 þús. kr.

Ríkið hefur ekki lagt fram nema 25 þús. kr. til safnsins að þessu ári. Nú leggur fjvn. til, að í ár verði veittar 40 þús. kr. til safnsins, og það er út af fyrir sig hækkun, en ekki nóg, því að ef ekki yrði hærra framlagið nú, þá væri framlag ríkisins eftir árið í ár aðeins orðið 65 þús. kr., þegar Akureyri er búin að leggja fram 150 þús. kr., og þetta tel ég fyrir mitt leyti fráleitan mun. Hér er ekki eingöngu um menningarmál Akureyrar að ræða. Þetta er menningarmál allrar þjóðarinnar, og það væri alls ekki ofgert, þó að ríkissjóður legði jafnmikið fram og Akureyri gerir. Við fjórmenningarnir, sem flytjum brtt., göngum þó ekki svo langt að leggja til, að ríkið leggi fram í ár það, sem á vantar, að ríkisframlagið nái framlögum Akureyrar. Við leggjum til, að framlag ríkisins á þessu ári verði 75 þús. kr., og yrðu með því framlög ríkisins komin í 100 þús. á móti 150 þús. frá Akureyrarbæ, — muninn mætti svo rétta af í framtíðinni.

En þegar svona stendur á, að ríkið hefur lagt miklu minna fram en Akureyrarbær, þá teljum við ástæðulaust að gera það að skilyrði, eins og stendur í till. fjvn., að Akureyrarbær leggi jafnmikið á móti. Við leggjum því til, að það falli niður, og orðum till. okkar á þessa leið: „Til Matthíasarfélagsins á Akureyri til þess að kaupa húsið Sigurhæðir og koma þar upp minjasafni um skáldið.“ Það finnst okkur vera eðlilegur texti.

Mér þykir ólíklegt, að til sé nokkur Íslendingur, sem teldi of mikið á ríkið lagt vegna minningar Matthíasar með því að greiða til safns hans 75 þús. kr. nú, furðulegt, ef hér á hinu háa Alþingi fyndist nokkur svo andlega álútur að vilja fella brtt., svo hófleg sem hún er. Ég treysti því einmitt, að till. verði fúslega samþykkt.

Þá á ég hér hlut að annarri till., sem ég vildi aðeins minnast á. Hún er á þskj. 206, og er það 14. tillagan. Búnaðarþing 1959 fól stjórn Búnaðarfélags Íslands í samráði við Landssamband hestamannafélaga og í samvinnu við fræðslumálastjórnina að beita sér fyrir því, að hafin yrði kennsla í hestaíþróttum. Stjórn Búnaðarfélagsins reit bæði hæstv. landbrh. og hæstv. menntmrh. og óskaði eftir því, að þeir kæmu því til leiðar, að ríkið veitti Búnaðarfélaginu 100 þús. kr. til þess að koma á kennslu í þessum greinum. Bæði hæstv. landbrh. og hæstv. menntmrh. sendu hv. fjvn. erindi Búnaðarfélagsins og mæltu með fjárveitingunni. Við þessa umr. kemur ekki í ljós,

að hv. fjvn. geri till. um, að orðið verði við málaleituninni um fjárveitingu í þessu skyni. Þess vegna höfum við 3 þm., ég og hv. 5. þm. Sunnl., Sigurður Ó. Ólafsson, og hv. 5. þm. Reykn., Finnbogi R. Valdimarsson, sett hér fram þessa tillögu, og við leggjum til, að fjárveitingin verði 100 þús. kr. Við orðum till. þannig, að Búnaðarfélag Íslands fái 100 þús. kr., „vegna leiðbeiningarstarfs við tamningu og þjálfun hrossa." Hér er bæði um menningarmál að ræða og hreint hagsmunamál. Reiðhesta þarf að temja og þjálfa, til þess að þeir verði sá mikli yndisgjafi, sem góður reiðhestur er. Dráttarhesta þarf líka að temja og þjálfa, svo að þeir verði góðir og þægir og afkastamiklir vinnuhestar. Hesta til útflutnings þarf að temja og þjálfa í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru og gerðar verða til þeirra á mörkuðum þar.

Komið hefur verið upp nokkrum tamningastöðvum í landinu. Ég veit um tamningastöð á Hellu í Rangárvallasýslu, að Laugarvatni, í Borgarfirði, í Skagafirði og á Akureyri. En nauðsynlegt má telja, að Búnaðarfélagið hafi leiðbeiningarstarf á hendi um þessi mál, sem ég leyfi mér að kalla fræðslumál, enda hefur yfirstjórn fræðslumála í landinu viðurkennt, að svo sé, og mælt með framlagi af ríkisins hálfu til þessarar starfsemi. Og þetta leiðbeiningarstarf, sem hér er gert ráð fyrir, þarf einmitt að ná til tamningastöðvanna, sem komnar eru og vitanlega hafa í þessu sambandi mikla þýðingu og tryggja það, að gagn verði að slíku leiðbeiningarstarfi.

Ef nú hv. alþm. kynni að finnast till. um 100 þús. of há, sem hún er þó alls ekki, þá fylgir samt aðaltillögu okkar varatill. um 50 þús. kr. framlag, og ég vænti þess, að enginn telji það of mikið af mörkum lagt.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur mælzt til þess, að menn yrðu stuttorðir, og ég vil verða við þeirri ósk hans. Þrátt fyrir það, þótt ég hefði gjarnan viljað ræða að örlitlu leyti um það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, þá mun ég nú við þessa umr. ekki fara inn á það.

Í sambandi við brtt. á þskj. 206 eru nokkrar till., sem ég er meðflm. að ásamt 1., 3. og 5. þm. Norðurl. v. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur þegar gert grein fyrir þessum till., og hef ég í sjálfu sér ekki miklu þar við að bæta. Ég vil þó með nokkrum orðum ræða þessar till.

Eins og flestum hv. alþm. mun kunnugt, er Siglufjarðarkaupstaður mjög einangraður frá öðrum byggðarlögum. Í flestum árum er vegasamband við fjörðinn lokað í 8—9 mánuði ár hvert vegna snjóa. Flestir, sem til þekkja, hljóta að vera sammála um, að slíkt ástand er lítt viðunandi, sérstaklega ef það er haft í huga, hvaða þýðingu Siglufjörður hefur í atvinnumálum þjóðarinnar. Siglufjörður er stærsti síldarbær á Íslandi. Þar eru á milli 20 og 30 síldarsöltunarstöðvar, og hefur saltun síldar sum árin orðið á annað hundrað þúsund tunnur. Í Siglufirði eru stærstu og fullkomnustu síldarverksmiðjur landsins, sem geta, ef þær eru í fullum gangi, brætt upp undir 30 þús. mál síldar á sólarhring. Eins og að líkum lætur, þarf mikinn fjölda fólks við vinnuhagnýtingu síldaraflans. Á hverju vori koma því til bæjarins hundruð og jafnvel þúsundir af verkafólki til vinnu við síldina. Má því segja, að frá því byrjun júní og fram í september sé sami straumur af fólki til og frá Siglufirði. Nú eru vegasambönd við fjörðinn þannig, að það er ekki óalgengt, að veguriinn yfir Siglufjarðarskarð lokist yfir sjálfa sumarmánuðina. Slíkt ástand er vitanlega óviðunandi og getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér. Það má benda á, að yfir sumarmánuðina fara vöruflutningar til kaupstaðarins fram á bílum að miklu leyti. T. d. öll sú mjólk og mjólkurafurðir, sem koma frá Skagafirði, er flutt landleiðina. Það er ekki óalgengt, að þessir flutningar stöðvist vegna snjókomu uppi í Skarði, en við það verður bærinn vitanlega mjólkurlaus í lengri eða skemmri tíma. Þegar slík hret koma, stöðvast vitanlega allar bílaferðir yfir skarðið, og komið hefur fyrir, að fólk, sem hefur ætlað sér að koma til Siglufjarðar til atvinnu, hefur orðið að bíða dögum saman vestur í Skagafirði, áður en það komst á áfangastað.

Siglfirðingum hefur frá upphafi verið það ljóst, að bygging Skarðsvegarins var engin endanleg lausn á vegasambandinu við Siglufjörð, heldur aðeins bráðabirgðalausn. Í því sambandi má benda á, að Skarðsvegurinn hefur aldrei verið kláraður, t. d. eru stórir kaflar á þeim vegi, sem aldrei hafa verið malbornir, og sumir partar vegarins byggðir til bráðabirgða og allmjög horfið frá upphaflegum mælingum hvað breidd og hæð vegarins viðkemur. Allt þetta hefur að sjálfsögðu haft þær afleiðingar, að umferð um veginn hefur stöðvazt fyrr en ella, þegar snjór hefur komið.

Um varanlegt vegasamband við Siglufjörð hefur oft verið rætt og mikið um það mál ritað. Flestum ber saman um það, að úr þessu verði að bæta. Ég minnist þess, að á öllum þeim stjórnmálafundum, sem ég hef verið á og hef haft fregnir af, þar sem þetta mál hefur borið á góma, hafa fundarboðendur, í hvaða flokki sem þeir hafa annars verið, lýst sig sammála því, að þetta mál yrði að leysa og það sem allra fyrst. En einhvern veginn er það nú samt svo, að áhugi sumra hv. alþm. eftir kosningar hefur ætíð dvínað og þannig hefur ekki orðið úr framkvæmdum.

Fyrir allmörgum árum var um það rætt, að bezta og tryggasta leiðin til lausnar vegasambandinu við Siglufjörð meiri hluta ársins væri að leggja nýjan akveg fyrir Stráka, þ. e. fjallið út með Siglufirði að vestan, út með Hvanneyrarströnd og inn fjallið að vestan, inn svokallaðar Dalaskriður og Almenninga og tengja þannig hinn nýja veg við Skarðsveginn rétt fyrir utan Hraun. Við rannsókn og athuganir, sem skrifstofa vegamálastjóra lét gera á hinu fyrirhugaða vegarstæði, komust

verkfræðingarnir að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt væri að taka veginn í gegnum fjallið við svokallaðan Landsenda. Göngin í gegnum fjallið eru 900 m eða tæpur km. Árið 1955 var svo Strákavegurinn tekinn inn á vegalög, og þá eða um það leyti ákvað vegamálastjóri, að hinn fyrirhugaði vegur skyldi lagður í gegnum fjallið. Samkv. kostnaðaráætlun, sem vegamálastjóri hefur gert eða látið gera, var talið, að vegurinn mundi kosta yfir 12 millj. kr. Með þeirri kollsteypu, sem nú hefur verið gerð á öllu efnahagskerfi þjóðarinnar, er sú áætlun sem og aðrar áður gerðar áætlanir úreltar. Ekki skal um það fullyrt, hvað áætlunin hækkar mikið, en ekki er ólíklegt, að það muni nema mörgum millj. kr.

Að tilhlutan bæjarstjórnar Siglufjarðar var á þinginu í fyrra flutt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar ytri, að upphæð allt að 12 millj. kr., og var sú upphæð byggð á kostnaðaráætlun vegamálastjórans. Vextir af lánum skyldu greiddir með sérstökum bílaskatti, þannig að hver bifreið, sem færi gegnum bílagöngin greiddi ákveðið gjald eftir nánara samkomulagi réttra aðila. Frv. var ekki samþykkt, en því var vísað til ríkisstj. með ósk um, að hún, þ. e. ríkisstj., greiddi fyrir málinu, eftir því sem ástæður leyfðu. Eftir því sem ég veit bezt, hefur fyrrv. hæstv. ríkisstj. og núverandi hæstv. ríkisstj. ekkert gert í málinu. Aftur á móti hefur framlag til Siglufjarðarvegar ytra, þ. e. Strákavegarins, lækkað úr 500 þús. kr. í 200 þús. kr. á fjárlögum fyrir 1960. Reyndar var fyrst lagt til, að vegurinn væri alveg settur út úr fjárlögum, með því að leggja til, að öllu því fé, sem áætlað var til Siglufjarðarvegarins, skyldi varið til að malbera veginn frá Selá til Haganesvíkur. Ég skal fúslega viðurkenna, að hin mesta nauðsyn er á því að ljúka við þennan vegarkafla og slíkur vegur er til mikilla hagsbóta fyrir alla þá, sem þurfa að leggja leið sína um Fljót og til Siglufjarðar. Hitt er jafnaugljós staðreynd, að vegasambandið við Siglufjörð er óleyst eftir sem áður og að mínum dómi óframbærilegt að leggja til að svo gott sem strika þennan veg út úr fjárlögum í ár. Enn þá er mikið verk óunnið, áður en t. d. hægt er að bjóða verkið við bílagöngin út, en það hefur verið talað um að gera það. Auk þess er alveg sjálfsagt að halda áfram með nauðsynlegan undirbúning að vegarlagningu út Almenninga og um Dalaskriður, en á því verki var byrjað s. l. sumar. Miklar líkur eru fyrir því, að bygging þessa vegar með jarðgöng í gegnum Stráka verði ekki framkvæmd nema með stórlántökum. Annars mundi vegarlagningin taka marga tugi ára. Hitt er jafnnauðsynlegt, að veitt verði álitleg upphæð til vegarins í ár, svo að hægt sé að ljúka öllum nauðsynlegum undirbúningi, þ. á m. að sprengja inn í fjallið a. m. k. 25 m til viðbótar þeim 25 m, sem þegar hafa verið sprengdir inn. Þá fyrst, þegar komið væri það langt inn í fjallið, verður hægt að gera sér glögga grein fyrir því, hvernig bergið er, en eins og nú er, er það ekki hægt. Fyrir því höfum við leyft okkur að flytja till. á þskj. 206, að fjárveiting til Siglufjarðarvegarins ytra verði hækkuð í 800 þús. kr.

Önnur till., sem ég er meðflm. að, er, að á fjárlögum þessa árs verði veittar 300 þús. kr. til flugvallargerðar á Siglufirði.

Flugsamgöngur við Siglufjörð eru mjög stopular. Þar er enginn flugvöllur og því aðeins flogið þangað með sjóflugvélum. Nú er þeim málum þannig komið, að sú eina sjóflugvél, sem þangað hefur verið flogið, er gömul og úrelt og mjög úr sér gengin og er nú t. d. tekin úr umferð til aðgerðar. Ekki eru miklar líkur fyrir því, að Flugfélag Íslands eða aðrir aðilar kaupi nýjar sjóflugvélar til innanlandsflugs. Siglufjörður verður því án flugsamgangna, ef ekki verður að því horfið að byggja þar flugvöll. Að dómi sérfróðra manna er hægt að byggja flugvöll austan fjarðarins á svokölluðum Skútugranda. Þarna mundi þurfa að fylla allmikið upp, jafnvel út á leiruna austan og innan við fjörðinn. Nægileg uppfyllingarefni eru þarna til á staðnum og því mikið af vinnunni vélavinna.

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, hvers virði það er að hafa sæmilegar flugsamgöngur. Íbúar þeirra staða og héraða, sem nú þegar hafa slíka aðstöðu, ættu að geta skilið afstöðu okkar Siglfirðinga til þessa máls. Eins og nú er ástatt í þessum málum hjá okkur, þurfum við að fara annaðhvort til Sauðárkróks eða Akureyrar, ef ætlað er að fljúga hingað suður eða annað. Síðan hinn nýi póstbátur kom, er þetta ekki nema 4 klst. sigling í góðu veðri, en oftast nær verða menn þó að gista yfir nóttina og fljúga þá daginn eftir. Þessi óþægindi hafa vitanlega allmikinn aukakostnað í för með sér. Svona ástand getur vart talizt til fyrirmyndar. Siglfirðingar telja sig hafa fyllstu kröfu til þess, að að þeim sé búið með samgöngur á líkan hátt og flestir aðrir landsmenn búa við.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. um nauðsyn þess, að fjárveiting til hafnarbóta á Hofsósi verði hækkuð úr 250 þús. kr. í 350 þús. Frá Hofsósi er töluverð smábátaútgerð, en vegna slæmra hafnarskilyrða eru bátarnir í yfirvofandi hættu, ef eitthvað er að veðri, en með bættum hafnarskilyrðum eins og þeim, sem fyrirhuguð eru, mundi vera hægt að ráða bót á því ófremdarástandi, sem þarna er í hafnarmálum. Í þessu sambandi má benda á hið sorglega slys, sem varð á þessum stað s. l. haust og ætti að verða til þess, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að slíkir atburðir endurtaki sig ekki. Óruggasta og eina leiðin til úrbóta í þessu máli eru stórbætt hafnarskilyrði. Hofsós er elzti verzlunarstaðurinn við Skagafjörð. Þar býr dugandi fólk, sem hefur ekki hikað við að sækja sjóinn, þrátt fyrir mjög erfið skilyrði. Það færi því vel á því, að Alþ. sýndi málefnum þessa staðar fullkominn skilning og nauðsynlega fyrirgreiðslu og samþykkti brtt. okkar á þskj. 206.

Ég vil svo að síðustu alveg sérstaklega mæla með því, að till. okkar á þskj. 206, III, VI, IX, XVIII, verði samþykktar.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Á þskj. 206, XV, flytjum við hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Sunnl. till. til breyt. á því frv. til fjárlaga, sem hér liggur fyrir. Tilraunaráð búfjárræktar hafði sótt um að fá aukna fjárveitingu úr 200 þús. í 400 þús., og við tökum undir þessa till. Tilraunaráð búfjárræktar var stofnað með lögum 1940 og því ætlað það verksvið að ákveða og sjá um ýmsar tilraunir með fóðrun og kynbætur búpenings og afla vísindalegrar og hagnýtrar reynslu í undirstöðuatriðum búfjárræktar, svo að þeir, er landbúnað stunda, gætu byggt starf sitt á sem traustustum grundvelli. Samkv. 26. gr. nefndra laga kostar ríkissjóður þær tilraunir og rannsóknir, sem framkvæmdar eru, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni. Mörg fyrstu árin var mjög lítið fé til þessa veitt og hefur verið fram til síðustu ára, en þá hefur það vaxið og er nú tvö síðustu árin 200 þús. kr.

Þrátt fyrir mjög takmörkuð fjárráð hafa verið gerðar margar og merkar tilraunir á vegum tilraunaráðs búfjárræktar. Það er óhætt að fullyrða, að því fé, sem ríkið hefur lagt til þessa starfs, hafi verið vel varið og ótrúlega mikið fengizt af hagnýtum niðurstöðum fyrir lítið fjármagn. Meðal þeirra tilrauna, sem nú standa yfir, er beitartilraun kúa og lamba á ræktað land og samanburðartilraunir með eldi kálfa til kjötframleiðslu, kálfa af íslenzku kúakyni og Galloway-blendingum. Sú tilraun er töluvert fjárfrek, því að kaupa þarf bæði kálfana, fóður og hirðingu. En að nokkrum tíma liðnum skilar þetta fjármagn sér væntanlega aftur, þegar gripunum verður lógað. Það eru mörg verkefni fram undan á þessu sviði og áríðandi, að ekki dragist allt of lengi að leita svara við ýmsum spurningum. Því er þessi till. flutt og í trausti þess, að þingheimi sé ljós þörfin fyrir þessa auknu fjárveitingu. — En ef hv. þm. þætti það ofrausn að tvöfalda upphæðina, þá leggjum við til til vara, að veittar verði 100 þús. kr. til viðbótar eða upphæðin í heild 300 þús. kr.

Önnur till., sem ég tala hér um, er á þskj. 203, X, og stöndum við að henni hv. 1., 3. og 5. þm. Norðurl. e. Það lá fyrir fjvn. efnislega samhljóða erindi frá bæjarstjórn Ólafsfjarðar, hreppsnefnd Dalvíkurhrepps og bæjarstjórn Akureyrar um að óska eftir 1 millj. kr. framlagi til Múlavegar, þ. e. vegarins fyrir Ólafsfjarðarmúla, og áskorun til Alþ. um að veita ábyrgðarheimild fyrir allt að 3 millj. kr. láni til sama vegar. Fjvn. treystist ekki til að leggja til, að veitt yrði nema 300 þús. kr. af ríkisframlagi og 300 þús. kr. af millibyggðavegafé til þessa vegar. Ekki var heldur sameiginlegur áhugi í fjvn. fyrir því að veita ábyrgðarheimildina, og því er það, að við, þessir hv. þm., sem ég nefndi áðan, leggjum til, að ábyrgðarheimildin verði veitt.

Múlavegur er mikið mannvirki. Vegamálastjórinn gaf fjvn. þær upplýsingar, að á verðlagi 1959 mundi þurfa 6.4 millj. til þess að ljúka honum, og fyrr en hann er búinn, verða naumast af honum not. Það er því ekki að furða, þótt þeim, sem mesta þörfina hafa fyrir þann veg, Ólafsfirðingum, þyki seint ganga og óvænlega horfa, ef ekki fæst þarna betur að gert en verið hefur. Annars er langt frá því, að þessi vegagerð sé nokkurt einkamál Ólafsfirðinga. Að þessi vegur verði lagður, er einnig áhugamál Eyfirðinga og Akureyringa eða allra þeirra, sem samskipti og viðskipti hafa við Ólafsfjörð. En með tilkomu þessa vegar styttist leiðin frá Akureyri til Ólafsfjarðar um nálega 3/4 og frá Dalvík til Ólafsfjarðar um nál. 14/15 hluta, svo að þarna er um mikið sparnaðarmál að ræða í samgöngum, þegar þessi vegur er kominn. Ég vona, að hv. þm. sé ljúft að leyfa þessa umbeðnu ábyrgðarheimild.

Það hefur réttilega nokkuð verið rakið hér við þessa umr., að það er mikill munur á, hvernig hinir ýmsu liðir fjárlaga hækka frá undanförnum árum. Verklegar framkvæmdir hafa dregizt allmjög aftur úr, en ríkisrekstur-inn blómgazt á kostnað verklegu framkvæmdanna. Ef þetta er borið saman í tölum, yrði það á þessa leið, — ég vel til samanburðar bæði árin 1957—1960 og 1958—1960, og tölurnar, sem ég nefni, eru prósentvís hækkanir: Frá 1957 hefur hinn raunverulegi kostnaður ríkisrekstrarins, það er 8.—11. gr. fjárlaga, og á þeim greinum eru æðsta stjórn landsins, alþingiskostnaður, ríkisstjórn, utanríkismál, dómgæzla, lögreglustjórn, innheimta tolla og þess háttar, — frá 1957—1960 hafa þessir kostnaðarliðir hækkað um 67%. Sé aftur á móti athugað, hvaða fjármagni hefur verið varið til vega, brúa og hafna á þessum árum, þá kemur í ljós, að það framlag hefur hækkað um 37% eða nálega helmingi minna. Líti maður á, hverju hefur verið varið til landbúnaðarmála á 16. gr. A á þessum árum, þá kemur í ljós, að það framlag hefur vaxið um 17%. Beri maður saman árin 1958 og 1960, þá hefur ríkisreksturinn, þessir sömu liðir og ég nefndi áðan, hækkað frá fjárlögum 1958 til fjárlagafrv. 1960 um 53%. Framlag til vega, brúa og hafna hefur hækkað um 35% og landbúnaðarmálin á 16. gr. A um 13%. Það kemur harla glöggt í ljós, hvert stefnir í þessu.

Ég held, að það sé hæpið, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í gærkvöld, að aukning rekstrarliða fjárlaga væri bara í samræmi við eðlilega fólksfjölgun. Það er langt frá, að svo sé. Hún er miklu meiri.

Það er aftur á móti fullt samræmi milli þessarar þróunar, aukningar rekstrarkostnaðar ríkisins, og þeirra ummæla hæstv. fjmrh. í gærkvöld, að það mætti vel vera, að framkvæmdir þær, er við í 1. minni hl. fjvn. viljum auka framlag til, séu gagnlegar. Já, hæstv. ráðh. sagði, að það mætti vel vera, að það væri gagnlegt að leggja vegi, byggja brýr og

hafnir og hlynna að sjávarútvegi og landbúnaði og iðnaði. Þetta eru ekki litlar upplýsingar fyrir mig, sem sit nú í fyrsta sinn á Alþ. Ég hef fram til þessa haldið, að atvinnuvegirnir væru undirstaða fjárhagslegrar afkomu þjóðfélagsins og þjóðfélagsþegnanna og að það væri öfugþróun og leiddi til ófarnaðar, ef ríkisreksturinn í þrengstu merkingu eða yfirstjórn þjóðfélagsins þarf að taka til sín sífellt meiri og meiri hundraðshluta af ríkistekjunum, en það er greinilega stefnan nú. Það er kominn ofvöxtur í höfuðið á þjóðarlíkamanum. Það vex miklu hraðar en líkaminn, og ef svo fer fram sem nú horfir, hlýtur bráðlega að því að koma, að líkaminn veldur ekki þessu höfði.

Það var hárrétt, sem hv. 1. þm. Vestf. (SB) sagði hér áðan, að allar efnahagsmálaaðgerðir núverandi hæstv. ríkisstj. renna út í sandinn, ef ekki er byggt á aukinni framleiðslu. Framleiðslan er undirstaðan, og hún verður að vera undirstaðan. Þess vegna má ekki þetta hlutfall halda áfram að skekkjast á þann hátt, sem ég benti áðan á að það nú gerir, — hlutfallið á milli framlags ríkisins til hins óarðgæfa og hins arðgæfa. Ég efa því ekki, að hv. 1. þm. Vestf. muni koma til liðs við okkur, sem leggjum þessa till. fram, og ekki aðeins einn, heldur einnig með hóp flokksbræðra sinna, sem hafa þetta sama sjónarmið og hann, og að þeir muni orka því, að báðar þessar till. okkar verði samþ. og margar fleiri, sem fluttar eru af flokksbræðrum okkar og aðrir hafa mælt fyrir, en stefna að sama marki, að því, að framleiðslan aukist.

Hæstv. forseti hefur mælzt til þess, að menn væru stuttorðir, og enda þótt það hefði verið margt fleira, sem ástæða hefði verið til að ræða um í sambandi við þetta fjárlagafrv., þá skal ég ekki tefja tímann.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 203, VI. Með mér flytja þessa brtt. hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) og hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj). Það málsefni, sem hér er á ferðinni, er fyrirhleðslur á vatnasvæði í Rangárþingi á þrem stöðum, aðallega á vatnasvæði Markarfljóts og Þverár, svo og undir Eyjafjöllum báðum, annars vegar Írár- og Miðskálaársvæði og undir Austur-Eyjafjöllum Kaldaklifs-, Svarðbælis- og Laugarársvæði.

Hér eru á ferðinni mikil mannvirki og mikil mannvirkjagerð og búin að standa lengi yfir. Er öllum a. m. k. eldri þm. fullkunnugt um, hvað hér ræðir um. Hafa verið unnin mikil stórvirki, sem stefna að tvenns konar marki, annars vegar að uppþurrkun lands og hins vegar að því að bæta og tryggja samgöngukerfið á stóru svæði. Þetta hvort tveggja hefur tekizt með miklum ágætum. En hins vegar þurfa þessi mannvirki öll mikið viðhald, og nýbyggingar eru fram undan. Þess vegna verður á næstu árum töluverður kostnaður við þessar framkvæmdir.

Hið nýja efnahagskerfi, sem nú er tekið upp, hlýtur eðlilega að hafa þá verkun m. a., að sömu fjárhæðir og áður giltu duga ekki nú í dag. Það er þess vegna, sem við flm. leyfum okkur að bera fram þessa brtt. Er um nokkra hækkun á framlagi að ræða til þessara mannvirkja, og nemur hækkunin 30% frá fyrra árs framlagi, og viljum við þá ætla, flm., að hækkunin kunni nokkuð að vega upp á móti skerðingu þeirri á gildi ísl. kr., sem efnahagsráðstafanir ríkisstj. hafa í för með sér.

Ég vona, að hv. alþm. sjái, að hér er mjög hóflega í sakir farið, en hins vegar til mikils að vinna og mikilsverðar framkvæmdir á ferðinni, enda er þess ekki að dyljast og ber að þakka, að hv. Alþ. hefur á mörgum undanförnum árum mjög stutt að þeim athöfnum, sem þarna hafa átt sér stað, og við væntum þess, flm., að svo verði enn. Það er sannast sagna, að í mínu héraði eru það þessar framkvæmdir, sem hafa í raun og veru stutt að því að halda uppi byggð í fjölda hreppa, og ekki nóg með það, heldur þar sem áður voru gráir aurflákar og svartir sandar, þar er nú ýmist gróið land eða land, sem grær mjög ört upp, og fyrir okkur, sem höfum trú á gróðrarmátt íslenzkrar moldar, er þetta sannarlega mesta gleðiefni. Til þess nú að ekki falli í sama far, í hinn fyrra farveg, er, eins og ég sagði áðan, nauðsynlegt að halda uppi a. m. k. lágmarksviðhaldi og bæta við fyrirhleðslur og ýmsa garða til þess að ýta frá hinum ægilega árflaumi, sem þarna er á ferðinni.

Af þessum sökum öllum höfum við leyft okkur, þremenningarnir, að bera fram þessa till., sem er á þskj. 203. Hún er í þrennu lagi og á við þessar framkvæmdir á þrem stöðum í héraðinu.

Það er þá í fyrsta lagi fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts, að í stað 475 þús. kr. komi 620 þús. Í öðru lagi fyrirhleðslur í Kaldaklifs-, Svarðbælis- og Laugarársvæði í Austur-Eyjafjallahreppi, að í stað 142500 kr. komi 185 þús. kr. Og í þriðja og síðasta lagi fyrirhleðslur í Miðskálaá og Írá í Vestur-Eyjafjallahreppi, fyrir 35 þús. kr. komi 45 þús.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt, enda hefur hæstv. forseti mjög lagt á það kapp, að menn yrðu hér stuttorðir, og kemur þá að sjálfsögðu ekki til greina að ræða það frv. nánar, sem hér liggur fyrir, að þessu sinni, þó að við stjórnarandstæðingar að sjálfsögðu höfum margt um það að segja og vildum hafa það í öðru horfi en fram hefur komið. Mun ég þá ekki eyða fleiri orðum að þessari brtt., en vænti þess, að henni verði tekið með velvilja, eins og þessum málum okkar Rangæinga hefur ætíð verið tekið hér á hv. Alþ., og að hún verði samþ. hér á hinu háa Alþingi.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að eyða tíma í það að ræða fjárlagafrv., hvorki almennt né einstaka þætti þess. Það hefur svo rækilega verið gert af

frsm. 1. minni hl., að ég mun ekki bæta þar neinu við. Erindi mitt hingað í ræðustólinn er hins vegar það að mæla nokkur orð fyrir till., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. samþingismanni mínum, hv. 4. þm. Sunnl. (BFB), brtt. við fjárlagafrv., sem ég hef áður flutt hér á undanförnum þingum og þá ásamt hv. samþingismanni mínum, hv. 5. þm. Sunnl. (SÓÓ). Þetta er fyrsta till. á þskj. 206 og er um 500 þús. kr. framlag til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Selfossi.

Á Selfossi er nú orðið hátt á annað þús. íbúa, og Árnessýsla og Rangárvallasýsla hafa samanlagt eitthvað yfir 10 þús. íbúa. Ég veit, að ég þarf ekki að lýsa því fyrir greindum mönnum og reyndum, hversu mikil þörf er á því fyrir íbúa þessara sýslna að koma upp hjá sér sjúkrahúsi. Það er oft á vetrum, þegar leiðin hingað til Reykjavíkur lokast vegna snjóa, að þá kemur það fyrir, að skyndilega þarf að flytja fárveikan sjúkling til sjúkrahúsvistar hér og uppskurðar, en þá er engin leið að koma sjúklingnum leiðar sinnar, sökum þess að allir vegir eru ófærir. Það hefur þess vegna komið fyrir og það oftar en einu sinni, að sjúkir menn hafa orðið að deyja drottni sínum án þess að geta fengið þá læknishjálp, sem þeim hefur verið nauðsynleg.

Þetta ástand, sem ég er hér að lýsa, var orðið svo óþolandi nú fyrir þrem árum, að þá var ráðizt í það að koma upp bráðabirgðasjúkraskýli á Selfossi, ef það mætti verða til þess að bæta úr brýnustu þörfinni, og þetta var gert á þann hátt, að héraðslæknirinn þar, Bjarni Guðmundsson, flutti úr læknisbústaðnum og lét hann eftir, til þess að honum yrði breytt í sjúkraskýli. Þar var hægt að koma fyrir nokkrum sjúkrarúmum, og nú hefur verið byggt ofur lítið við þetta pláss, svo að nú er þarna hægt að hafa 20 sjúklinga. En vissulega eru skilyrði öll ófullkomin og þess vegna ekki hægt að taka þarna sjúklinga til vandasamra aðgerða, miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar um aðstöðu í sambandi við hættulega holskurði. Það er þess vegna, eins og ég sagði, mikil þörf á því að reisa á Selfossi hæfilega stórt, — það þarf ekki mjög stórt, en hæfilega stórt sjúkrahús fyrir Suðurlandsundirlendið. Ég hygg, að þetta sé nú eins og sakir standa sá landshluti, sem einna verst er staddur að þessu leyti hér á landi.

Ég vil nú fyrir hönd okkar flm. vænta þess, að þetta mál mæti hér hjá hv. alþm. velvild og skilningi og að till., sem mjög hefur verið í hóf stillt, upphæðinni, sem þar er farið fram á, — að hún nái hér fram að ganga. Við flm. erum að sjálfsögðu fúsir til þess að draga till. til baka til 3. umr., ef fjvn. vildi fá hana til meðferðar, og það væri fyrst og fremst okkar ósk, að fjvn. vildi mæla með tillögunni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér hefur skilizt, að hæstv. forseti óski eftir því, að menn verði frekar stuttorðir, og skal ég leitast við að verða við því, enda eru hugir manna farnir að snúast að öðru efni en brtt. við fjárlög eftir fundarsókninni að dæma.

Samkv. till. meiri hl. hv. fjvn. er lagt til, að svipaðri upphæð verði varið til nýbygginga vega í landinu og var á s. l. ári. En við framsóknarmenn getum ekki sætt okkur við þetta, því að auðvitað felst í þessu stórkostleg lækkun fjárveitinga til þessara hluta, þar sem nýtt dýrtíðarflóð er að skella yfir, og mun þetta samsvara því, að í raun og veru sé þetta allt að því þriðjungslækkun á framlögum til þessara opinberu framkvæmda. Við hv. 2. þm. Vestf. (BGuðbj) flytjum nokkrar brtt. við frv., sem eru byggðar á því, að hækkað verði í heild framlag til vega, brúa og hafna, og er sú skipting, sem við höfum gert á þskj. 206, miðuð við það, að hækkunin komi til þeirra framkvæmda, sem við teljum að mest sé þörf á.

Fyrsta till. á þskj. 206, sem við flytjum, II, eru vegir.

1. liður er um Króksfjarðarnesveg og er aðeins 30 þús. kr., nýr liður. Króksfjarðarnes er eini verzlunarstaðurinn við norðanverðan Breiðafjörð, og sækja þangað 3 sveitir alla verzlun, en á þessum stutta vegi er kafli, sem verður ófær í snjóum og lokar öllum samgöngum við verzlunarstaðinn þegar vetrar. Það verður því ekki talið ósanngjarnt, að einum 30 þús. kr. sé varið til þess að bæta úr þessu.

2. liður í þessari till. er Gufudalsvegur í Austur-Barðastrandarsýslu. Til þessa vegar hefur árlega verið varið frá 70—100 þús. kr. En nú bregður svo við, að það á aðeins að veita 10 þús. kr. í veginn. Eins og kunnugt er þeim, sem hafa farið vestur Barðastrandarsýslu eða norður til Ísafjarðardjúps, þá er kafli á þessum vegi í Þorskafirði alveg óviðunandi, hefur aldrei verið lagður varanlega, og þarf að leggja þann kafla að nýju. Við leggjum því til, að fjárveiting til þessa vegar verði hækkuð úr þessum 10 þús., sem ætlað var til þess að borga skuld, upp í 70 þús., og er það þá sama upphæð og var veitt í fyrra í þennan veg, og er það ekki ósanngjörn tillaga.

3. liður er Rauðasandsvegur. Það er vegur milli Rauðasands og Patreksfjarðar. Um þennan veg fara fram mjólkurflutningar vetur og sumar. Þetta er stutt leið, ekki nema 12 km yfir fjall, en kafli á þessum vegi er stórhættulegur. Hann liggur niður snarbratta hlíð í sneiðingum, og vegna þess að aldrei hefur verið gerð vatnsrás meðfram þessum vegi, þá bólgnar vegurinn upp, stórkostlegir klakabunkar leggjast yfir veginn, og verður hann því hættulegur öllum þeim, sem aka um hann. Þannig hefur það viljað til tvisvar sinnum á stuttum tíma, að menn hafa hrapað fram af þessum vegi, annar í bifreið, hinn á dráttarvél. Þótt ekki yrðu stórslys í þau skipti, þá veit enginn, hvenær slíkt kann að gerast að nýju. Til þess að afstýra slíkri hættu eða a. m. k. til að draga úr henni leggjum við til, að fjárveitingin í þennan veg sé hækkuð úr 45 þús. í 75, eða um 30 þús. kr., og er

vegurinn með lægri fjárveitingu en hann var í fyrra, þó að þetta yrði samþykkt.

4. liðurinn í till. okkar er Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns, en fjallvegurinn Hálfdán er á milli Tálknafjarðar og Arnarfjarðar. Þarna vantar mjög mikið á, að vegurinn sé viðunandi, og var fjárveiting í þennan vegarkafla 90 þús. á s. l. ári, en samkv. till. meiri hl. fjvn. á aðeins að veita til hans 30 þús. Við leggjum til, að þessar 30 þús. hækki upp í 60 þús., og vantar þó mikið á, að þessi vegur fái jafnmikið og í fyrra.

5. liðurinn í þessum till. okkar er Bíldudalsvegur á Mikladal. Þetta er vegurinn milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Upphaflega var þarna ruddur bráðabirgðavegur, og við það hefur setið fram á þennan dag, nema gert hefur verið við allra verstu kaflana einstöku sinnum. En um þennan veg er mikil umferð milli tveggja útgerðarstaða, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. M. a. skal ég geta þess, að öll bein og fiskúrgangur frá útgerðinni í Tálknafirði er flutt til Patreksfjarðar til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju þar. Það er mjög mikill einhugur um það að gera átak í þessum vegi, og það kemur nú reyndar fram hjá hv. fjvn., því að hún leggur til, að í þennan veg verði varið 200 þús. kr., en við leggjum til vegna þeirra hækkunartill., sem við teljum sjálfsagðar, að sú upphæð hækki í 300 þús. kr.

Þá eru 2 vegir, Suðurfjarðavegur og Dalahreppsvegur í Arnarfirði, sem báðir höfðu á síðustu fjárlögum 50 þús. kr. Við leggjum til, að þeir hafi það sama núna, annar þeirra, Suðurfjarðavegur, hækki úr 20 þús. í 50 þús. frá því, sem er í till. fjvn., en Dalahreppsvegur hækki úr 30 þús. í 50 þús. Verða þá þessir vegir jafnir því, sem þeir höfðu í fyrra, og er það ekki til of mikils mælzt.

8. liðurinn er Ingjaldssandsvegur í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hann liggur yfir Sandsheiði til Ingjaldssands, er mjög ófullkominn og lokast mjög snemma, eftir að snjóa tekur. En þarna er auk þess mjög varasöm lending og oft algerlega ófær. Þegar vegurinn er ófær og lendingin líka, er þetta fólk innilokað. Af þessum ástæðum er það, sem við leggjum til, að til þessa vegar verði veitt 150 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. kr.

9. liðurinn er Ísafjarðarvegur, Breiðadalsheiði. Í þennan veg hefur ekki verið fjárveiting nú um nokkurt skeið a. m. k. Breiðadalsheiði er eitt af hæstu fjöllum landsins, sem vegir liggja um, og vegurinn óviðunandi, víða jafnhár landinu í kring og sums staðar niðurgrafinn. Þessi vegur lokast á hverju einasta hausti, jafnvel á sumrin, ef hin minnsta snjókoma á sér stað. Um þennan veg er mikil umferð milli Ísafjarðar og kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en nú mun þessi umferð margfaldast við það, að Vestfjarðavegur hefur verið opnaður og þar með er Ísafjörður kominn í vegasamband við þjóðvegakerfi landsins. Það má því ekki bíða lengur, að hafizt verði handa um að gera viðunandi veg á Breiðadalsheiði, bæði uppi á háheiðinni og í Skógarbrekkunum, sem eru Önundarfjarðarmegin, en þar er vegurinn alveg óviðunandi.

10. liðurinn í þessum till. er Snæfjallastrandarvegur. Snæfjallahreppur er að vísu ekki margmennur nú orðið, það eru aðeins 4 bæir í byggð auk Æðeyjar, en hreppurinn er einangraður hvað vegasamband snertir um Kaldalón. Hins vegar eru engin sérstök vandkvæði á að koma hreppnum í vegasamband við Nauteyrarhrepp, þó að leggja þurfi inn fyrir Kaldalón, og er nokkuð komið áleiðis báðum megin frá að gera þetta. Í fyrra var fjárveiting í þennan veg 140 þús. kr., og leggjum við til, að hún verði 150 þús. kr. nú í stað 100 þús., sem hv. fjvn. leggur til.

11. liðurinn í þessum till. er Ögurvegur. Það er svipað um Ögurhrepp að segja og Snæfjallahrepp, að hann er einangraður hvað vegasamband snertir. Miðkaflinn úr Ögurvegi er ólagður enn þá, svo að Ögurhreppur er ekki í neinu sambandi við þjóðvegakerfið. Á þessum vegi er nú 380 þús. kr. skuld, og þó að veittar verði 575 þús. kr. í þennan veg, eins og hv. fjvn. leggur til, þá verður ekki hægt að vinna fyrir nema tæp 200 þús., en það er algerlega ófullnægjandi til þess að ná endunum saman á næsta sumri, eins og þó er tilætlunin. Við leggjum því til, að í þennan veg verði varið 700 þús. kr.

12. liðurinn í till. er Reykjarfjarðarvegur á Ströndum. Þessi vegur er mjög langur, nær úr Staðardal í Steingrímsfirði norður í Ófeigsfjörð, en langur kafli á þessum vegi er ógerður enn, og er það mikið átak að leggja þann veg. Árneshreppur, sem er einn af stærstu hreppunum, hefur veg innan hreppsins, en er ekki í neinu vegasambandi við þjóðvegakerfið. Nú hefur verið hækkuð fjárveiting skv. till. fjvn. í þennan veg, en með tilliti til þess, að við leggjum til, að heildarupphæð til vega verði hækkuð, eins og ég áður sagði, þá gerum við till. um, að þessi fjárveiting hækki úr 525 þús. í 700 þús. Á þessum vegi er 200 þús. kr. skuld, svo að ekki yrði þá unnið fyrir nema 500 þús., þó að okkar till. yrði samþ., en ekki nema fyrir um rúmar 300 þús., ef till. fjvn. verður samþ.

Selstrandarvegur á að tengja Drangsnes við þjóðvegakerfið um Hólmavík. Hann hefur enga fjárveitingu í till. fjvn. Við leggjum til, að í hann verði varið 100 þús. kr.

Loks er það Strandavegur, en hann nær alla leið frá Hrútafjarðarbrú norður í Staðardal í Steingrímsfirði. Till. fjvn. um framlag í þennan veg er 115 þús. kr., og á hún að ganga til þess að borga 115 þús. kr. skuld, svo að ekkert á að vinna í þeim vegi á næsta sumri. Með tilliti til þess, sem ég hef áður sagt um hækkun á vegafénu í heild, leggjum við til, að til hans verði varið 200 þús. kr.

Á þessu sama þskj. flytjum við, ég og hv. 2. þm. Vestf., brtt. V, það eru brúargerðir.

1. liðurinn er brú á Holtsá á Barðaströnd. Holtsá einangrar 5 bæi í hreppnum frá öðrum bæjum sveitarinnar. Alltaf þegar nokkrir

vatnavextir eru og allan veturinn eru þessir bæir einangraðir hvað vegasamband snertir, vegna þess að áin er óbrúuð. Vegamálastjórnin hefur rannsakað brúarstæðið og ákveðið það, framkvæmt mælingar og gert kostnaðaráætlun um brúna, og er það samkv. þeirri áætlun, sem við leggjum til, að til þessarar brúar verði varið 440 þús. kr.

2. liðurinn er Sunndalsá í Trostansfirði. Ég vil benda á, að það er prentvilla þarna í þskj., það á að vera Sunndalsá, en ekki Sunnudalsá. Dalurinn heitir Sunndalur. Trostansfjörður gengur inn úr Arnarfirði, og Suðurfjarðavegur er kominn að þessari á, en ekki lengra. Síðan á vegurinn að liggja upp á Vestfjarðaveg, en það er stutt leið, 5 eða 6 km. Þegar sá vegur kemur, fá Arnfirðingar og reyndar Tálknfirðingar líka miklu styttri leið norður til Ísafjarðar og Arnfirðingar fyrst og fremst miklu styttri leið til Suðurlandsins, þegar þessi stutti vegarkafli er kominn, en til þess þarf að koma á þessari brú. Þarna hefur brúarstæðið verið ákveðið, mælingar gerðar og kostnaðaráætlun, og er það samkvæmt þeirri áætlun, sem við leggjum til að varið sé 480 þús. kr. í þessa brú.

Loks er það brú á Reykjarfjarðará á Ströndum. Sú brú hefur þegar verið ákveðin, og hefur verið veitt til hennar 200 þús. kr. fjárveiting, sem er geymd. Við leggjum til, að seinni hluti fjárveitingarinnar, 335 þús. kr., verði nú tekinn upp í fjárlögin, og er það nýr liður hjá okkur, því að það er ekki till. um það hjá hv. fjvn.

VIII. till. á þskj. 206, sem við þessir sömu þm. flytjum, er um hafnir og lendingarbætur.

1. liður er Brjánslækur á Barðaströnd. Þetta er ferjubryggja, sem varið hefur verið til nokkurri fjárhæð á undanförnum árum og síðast í fyrra 50 þús. kr. Sú upphæð er geymd. En nú virðist eiga að fella niður að veita fé til þessarar bryggju, þrátt fyrir það að ekki er lokið síðasta áfanga bryggjunnar. Við teljum, að það sé fjarri lagi að fella niður þessa fjárveitingu, og leggjum því til, að 50 þús. verði veittar til bryggjunnar eins og í fyrra, jafnvel þó að ekki verði unnið fyrir það á þessu ári, því að það er skynsamlegra að safna því heldur saman og vinna fyrir það allt í einu, enda verður það að sjálfsögðu gert, þegar um síðasta áfangann á bryggjunni er að ræða.

2. liðurinn er Drangsnes. Þar er aðkallandi nauðsyn að lengja bryggjuna, því að hinn nýi litli togari, Steingrímur trölli, sem á að leggja upp fisk í Drangsnesi, getur það ekki, nema bryggjan verði lengd. Er það því skiljanlegt, að heimamenn óski eftir því að fá nokkra fjárveitingu í þessa bryggju, og í samræmi við það leggjum við til, að til hennar verði varið 100 þús. kr., og getur það varla talizt há upphæð, fyrst á annað borð á að leggja fram eitthvað til þessara hluta.

XI. liður á þskj. 206 frá okkur þessum tveimur sömu þm. er um Króksfjarðarnes. Þar vantar síðasta áfangann og hann ekki stóran til að ljúka þeirri stækkun á bryggjunni, sem staðið hefur yfir á undanförnum árum. Það eru 30 þús. kr., og þarf varla að hafa um það fleiri orð. Við leggjum því til, að orðið sé við þeirri beiðni að veita þessa upphæð.

Þá er það Patreksfjörður. Þessi höfn er dýrt og mikið mannvirki, sem búið er að standa lengi yfir, og langt frá því, að sjáist fyrir endann á þeirri framkvæmd. Í till. hv. fjvn. er ætlazt til, að 100 þús. kr. verði varið til þessarar hafnar. Ég verð að segja, að það er vægast sagt broslegt að veita 100 þús. kr. til þessarar hafnar, sem þarf á milljónum að halda. Við leggjum til, að þetta sé hækkað upp í 200 þús., og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

B-liður er um Reykjanes í Reykhólasveit. Í fyrra var fjárveiting til lendingarbóta þar 150 þús., og er sú fjárveiting geymd. Samkvæmt þessari till. er farið fram á það, að þessari væntanlegu bryggju verði breytt í ferjubryggju, þ. e. að ekki sé krafizt mótframlags frá heimahéraði. Er það vegna þess, að litlar líkur eru til þess, að sveitarfélag þetta geti lagt fram helming kostnaðar við þessa bryggjugerð. Það er eina efni þessarar till. að fá henni breytt í ferjubryggju, en fjárveitingin, 150 þús., er aðeins endurveiting. Það er upphæðin, sem er geymd, og er því hér ekki um neina hækkun að ræða.

Þá er það 3. liður í XI. till. á sama þskj., Suðureyri í Súgandafirði. Þar standa til miklar endurbætur á hafnargerðinni, enda gersamlega óviðunandi ástand hjá útgerðinni þar að búa við það, sem nú er. Þeir hafa í raun og veru enga höfn heima hjá sér, heldur þó nokkuð utan við kauptúnið í skjóli við brimbrjót. En ætlunin er að hefjast handa um að endurbæta svo höfnina heima fyrir, að hún verði nothæf bátaútgerðinni á Suðureyri. Samkvæmt till. fjvn. á að veita í þetta 200 þús., en við leggjum til, að það hækki upp í 300 þús., og þarf ekki fleiri orð um það að hafa.

Loks er það till. um, að fjárveiting til Tálknafjarðar, 100 þús., hækki upp í 200 þús. Er mjög svipað um það að segja og Patreksfjörð og Suðureyri. Á öllum þessum stöðum er vaxandi útgerð, sérstaklega á Patreksfirði og Tálknafirði, og er ekki unnt fyrir útgerðarmenn að búa við þau skilyrði, sem nú eru, og því full þörf á að bæta úr þessu ástandi. Viljum við sýna nokkurn lit á því með því að leggja til, að nokkru meira fé verði varið til þessara hafna en ætlazt er til í till. hv. fjvn.

Á þessu sama þingskjali flyt ég brtt. við 20. gr. fjárlaganna, að liðurinn orðist svo: Til bygginga á prestssetrum 2115 þús., þar af 500 þús. til prestsseturshúss á Brjánslæk. Ég legg til, að liðurinn hækki um 500 þús. og það fari til prestshúss á Brjánslæk. Ástæðan til þessa er sú, að á Brjánslæk hefur verið prestlaust um langan tíma þar til nú í vetur, að vígður var prestur til Brjánslækjar. Hann fluttist vestur og fékk þar bráðabirgðahúsnæði á einum bænum handa sjálfum sér, en hann er fjölskyldumaður og hefur ekki að neinu íbúðarhúsi að koma þarna á Brjánslæk. Hins vegar mun

vera full þörf fyrir þá fjárveitingu, sem fjvn. gerir ráð fyrir í sínum till., annars staðar en þarna, og verði þessi fjárveiting ekki hækkuð og á þennan hátt, þá mun ekki verða á næstunni varið neinu fé til að byggja yfir prestinn á Brjánslæk. Söfnuðirnir þarna hafa skrifað fjvn. og skorað á Alþ. að veita eitthvert fé til byggingar á prestshúsi þarna. Presturinn hefur komið að máli bæði við mig og aðra þm. Vestf. og skýrt frá sinni aðstöðu. Næstkomandi vor stendur til, að prestskosning fari þarna fram, en komi ekki nein fjárveiting nú til þessa prestshúss, þá flyzt presturinn í burt í vor og sækir ekki um brauðið og engin kosning fer fram, því að honum er ómögulegt að flytjast þangað, þegar hann getur hvergi verið inni með sig og sitt fólk. Fari svo, að þessi prestur verði mót vilja safnaðanna að flyjast burt strax í vor, þá eru litlar líkur til þess, að kandídatar eða prestar sæki um Brjánslækjarprestakall, ef þeir mæta ekki meiri skilningi en þetta hjá hæstv. Alþingi um fjárveitingu til þess að byggja yfir prestinn. Þá eru miklar líkur til þess, að Brjánslækur fái að vera prestslaus fyrst um sinn. Það er því ekki hægt að líta öðruvísi á en svo, að verði synjað þessari till. eða einhverri annarri till., sem gerir sama gagn, þá er það yfirlýsing Alþingis um það, að engin þörf sé á presti á Brjánslæk, eða þannig lít ég á hlutina.

Síðasta till. á þessu þskj., XXI, er frá mér, hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Austf. Þann 30. nóv. s. l. fluttum við, þessir sömu þm., frv. í hv. Ed. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán, 6 millj. kr. á ári, til að bæta úr því misrétti, sem sumir landshlutar hafa orðið að búa við um langa hríð í vegamálum, og yrði slíku láni varið til nýbyggingar vega í þessum landshlutum, sem verst eru settir. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, af því að ég vil verða við tilmælum hæstv. forseta að stytta mál mitt sem mest. Ég vil aðeins geta þess, að svo miklu verr eru þessir tveir landshlutar settir í vegamálum en aðrir landshlutar, að það er með ólíkindum. Ég skal aðeins nefna sem dæmi, að af óbyggðum þjóðvegum í landinu eru 2/3 hlutar þeirra í Vestfjarða- og Austurlandskjördæmum tveimur, en aðeins 1/3 þessara óbyggðu þjóðvega er í hinum fimm kjördæmunum utan Reykjavíkur samtals. 2/3 hlutar af óbyggðum þjóðvegum í landinu eru aðeins í þessum tveimur landshlutum. Þetta segir sannarlega sína sögu. Og meira en helmingur af ruddum þjóðvegum í landinu er líka í þessum tveimur sömu landshlutum, tæpur helmingur er í hinum fimm kjördæmunum til samans. Ég held, að þessar tvær tölur tali sínu máli um það, hvernig þessir tveir landshlutar hafa verið settir og eru settir enn í vegamálum. Það hefur verið sá siður á hæstv. Alþingi og er það líklega enn að láta nokkurn veginn svipaða upphæð fara í kjördæmin og áður var, og það er hætt við, að þessum sið verði haldið áfram. En misréttið milli landshlutanna verður aldrei leiðrétt, ef þessum sið verður haldið, og ég er ekki trúaður á, að með beinum fjárveitingum á fjárl. fáist þetta leiðrétt. Þess vegna höfum við flutt frv., sem ég nefndi, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán í þessu skyni, og það ætti sannarlega að vera fær leið og tiltölulega auðveld leið að leysa þessi mál á þennan hátt. Sem dæmi um þetta vil ég nefna það, að þegar verið var að leggja síðasta og erfiðasta kaflann á Vestfjarðavegi í fyrra, til þess að hægt yrði að opna hann s. l. haust, þá lánuðu heimamenn þó nokkuð á aðra millj. kr. í þennan veg, til þess að hann kæmist á. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það, að ef hæstv. ríkisstj. yrði veitt slík heimild og hún notuð, þá mundu heimamenn í héruðunum lána fé til vega til þess að koma þeim áfram, og það borgar sig fyrir ríkissjóð að fara þá leið og vinna stóráтök í einu á vissum stöðum með þessum hætti. En þetta frv. okkar er nú búið að bíða í hv. fjvn. Ed. í 3½ mánuð, og eru litlar líkur til, að það fáist samþ. á yfirstandandi Alþingi. A. m. k. eru ekki horfur á, að svo verði. Við flm. þessa frv. töldum því sjálfsagt, að þingviljinn kæmi fram um þetta mál, með því að flytja þessa till., sem ég nú hef lýst, og ég á bágt með að trúa því, að þessi hugmynd eigi ekki fylgi að fagna hjá hæstv. Alþingi. Vegna þessa er það, sem við flytjum till. við fjárl., til að fá sjálfan þingviljann fram um það, hvort þetta þyki ekki viðunandi leið til þess að bæta úr langvarandi misrétti milli landshluta. Við munum sannarlega taka til greina hvers konar óskir í þessa átt, þótt ekki náist það mark, sem við höfum sett. Við viljum heldur hálfan sigur en engan. Og ég geri ráð fyrir, að við tökum þessa till. aftur til 3. umr., ef hv. fjvn. vildi athuga hana milli umr.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 206, XVI. lið, hef ég ásamt hv. 5. þm. Vesturl. flutt brtt. við till. hv. fjvn. á þskj. 174, að framlag til sjóvarnargarðs í Ólafsvík verði hækkað úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. Land það, sem Ólafsvíkurkauptún er byggt á, er mjög takmarkað að landrými og nokkur hluti þess lands háður eyðingu af völdum sjógangs. Ég undrast því nokkuð till. hv. fjvn., að hún skuli nú gera það að sinni till. að lækka framlag til sjóvarnargarðs í Ólafsvík um 50 þús. kr., en á fjárl. 1959 var varið til þessa mannvirkis 100 þús. kr. Þegar það er haft í huga, að Ólafsvík er mikill athafnabær, hefur mjög lítið landrými og nokkur hluti þess háð skemmdum eða eyðileggingu af völdum sjógangs, þá fæ ég ekki skilið, hvernig það hefur hent hina virðulegu fjvn. að lækka þarna allverulega það framlag, sem er mjög nauðsynlegt og þarf að halda áfram á næstu árum til þess að geta varizt þarna miklum landspjöllum. Hin svokallaða Snoppulóð í Ólafsvík hefur verið mikilli eyðileggingu háð á undanförnum árum eða við getum sagt á undanförnum áratugum, og þarf mjög mikið átak og mikið fé til þess að sporna við, að sú eyðilegging haldi áfram. Hið háa Alþingi hefur einnig á undanförnum árum sýnt mjög mikla

viðleitni til þess að veita fé á fjárl. í sambandi við eyðileggingu af völdum vatns, sjógangs og sandfoks, og ég held, að allir hv. alþm. séu á einu máli um, að það sé mjög nauðsynleg framkvæmd og sjálfsögð fjárveiting í því skyni.

Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) fann hér ástæðu til á kvöldfundi í gær að færa fram vítur á hendur hv. meiri hl. fjvn. fyrir það að veita 300 þús. kr. á fjárl. til Hellissandsvegar af millibyggðavegafé. Ég var dálítið undrandi yfir málflutningi hans, því að hann má sjálfur vera minnugur þess, að aðeins fyrir fáum árum voru aðeins veittar 400 þús. kr. til Austurvegar, sem nú er gert ráð fyrir að fái 1.8 millj. af þeirri fjárupphæð, sem veitt er til millibyggðavega. Ég var undrandi yfir þeirri yfirlýsingu hans, sem hann taldi sig hafa eftir vegamálastjóra, að það væri ekki hægt að vinna neitt í þessum vegi, nema þá í einum áfanga, því að sá vegur, sem nú er notaður fyrir neðan Ennið og farinn er, þegar lágsjávað er, yrði strax gerður ófær, þegar byrjað væri að vinna í Hellissandsvegi. Þetta er hin mesta fjarstæða, og ég undrast, að þessi ummæli skuli vera höfð eftir vegamálastjóra, sem á að vera mjög kunnugur þessum málum. Ég fullyrði, að frá báðum endum má vinna fyrir a. m. k. 2 millj. kr. í þessum vegi, — ekki fyrir 300 þús. kr., heldur fyrir 2 millj., — án þess að nokkuð sé tafin umferð um veginn yfir sandinn undir Enninu. Það er fyrst, þegar kemur til að vinna versta áfangann, sem er undir miðju Enninu, að ekki er hægt að gera ráð fyrir að umferð geti átt sér stað á sandinum fyrir neðan Ennið.

Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur nú loks viðurkennt þá miklu nauðsyn, að byrjað verði á framkvæmd þessa vegar, og á hún vissulega sóma skilið fyrir það, en ekki hnútukast eins og kom fram frá einum meðlimi nefndarinnar, hv. 6. þm. Sunnl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 21. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 178,1—2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,1 felld með 31:21 atkv.
— 178,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,2 felld með 31:23 atkv.
— 178,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,3 felld með 31:23 atkv.
— 178,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 174,1—2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 178,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 174,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 178,7—9 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 203,I.1—2 felld með 30:10 atkv.
— 174,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 203,I.3—4 felld með 32:10 atkv.
Brtt. 174,5—6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 174,7 samþ. með 34:8 atkv.
— 174,8—11 samþ. með 36 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 195,1 felld með 32:9 atkv.
— 174,12 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 174,13 samþ. með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, BP, FS.

nei: EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS.

JSk, JÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,14—15 samþ. með 42 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 174,16—19 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 182,4 felld með 31:24 atkv.
— 174,20 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 206,I tekin aftur.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 174,21 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 182,5 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB.

nei: EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, FS.

2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,2 felld með 30:24 atkv.
— 174,22.1—43 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 206,II.1 tekin aftur.
— 174,22.44 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 206.II.2 tekin aftur.
— 174,22.45—48 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 206,II.3 tekin aftur.
— 174,22.49—51 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 206,II.4 tekin aftur.
— 174,22.52 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 206,II.5 tekin aftur.
— 174,22.53—54 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 206,II.6—14 tekin aftur.
— 174,22.55—83 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 206,III felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE.

nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, FS.

EI greiddi ekki atkv.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.

Brtt. 174,22.84—102 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 206,IV tekin aftur.
— 174,22.103—146 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 182,6 felld með 30:25 atkv.
— 195,3 felld með 31:26 atkv.
— 174,23.1—3 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 203,II.1 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JK, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,23.4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 203,II.2 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE.
nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, FS.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
Brtt. 174,23.5 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 203,II.3 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK.
nei: MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, FS.
3 þm. (RH, AGl, EOl) fjarstaddir.
Brtt. 174,23.6—16 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 182,7 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,4 felld með 26:21 atkv.
— 174,24.1—4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 203,III.1.a felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ.
nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, FS.
FRV greiddi ekki atkv.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
Brtt. 174,24.5 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 203,III.1.b felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG.
nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, FS.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
Brtt. 174,24.6—7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 206,V tekin aftur.
— 174,24.8—15 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 206,VI tekin aftur.
— 174,24.16—19 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 206,VII tekin aftur.
— 174,24.20—27 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 182,8—10 felld með 29:17 atkv.
— 182,11 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh.
nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, FS.
BP greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,25.1—5 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 195,5 felld með 29:13 atkv.
— 174,26 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 195,6 felld með 29:23 atkv.
— 182,12 felld með 28:25 atkv.
— 203,III.2 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ.
nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, FS.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Vegna gengislækkunarinnar hafa skapazt alveg sérstakar aðstæður varðandi Akraneshöfn, sem aðrar hafnir í landinu hafa ekki. Mér er kunnugt um það, að hæstv. ríkisstj. hefur þetta

mál í athugun, og í trausti þess, að sú athugun leiði til þess, að málið verði leyst á viðunandi hátt, þá segi ég nei.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki tilkynnt þm. Vesturl. neitt um það, að hún hafi þetta mál til sérstakrar athugunar, og meðan ekki liggur neitt fyrir um það, hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í málinu, treysti ég Alþingi betur en hæstv. ríkisstj. og segi já.

Jón Árnason: Herra forseti. Það var ekki ágreiningur í fjvn. um það, að Akraneshöfn hefði algera sérstöðu að þessu sinni vegna sinna miklu skuldbindinga í erlendum gjaldeyri, og okkur er það ljóst, að þessar 900 þús. kr., sem lagt er til af meiri hl. fjvn. að tekið verði upp að þessu sinni til Akraneshafnar, er engan veginn nóg til þess að mæta þeim miklu gjöldum, sem koma nú til að falla í skaut Akraneshafnar að þurfa að standa í skilum með. En mér er kunnugt um það, og ég hef rætt um það við hæstv. fjmrh. (GTh), að þetta mál er í sérstakri athugun, og í trausti þess, að það yrði lagt hér fram fyrir 3. umr., þannig að viðunandi megi teljast fyrir Akraneshöfn, þá segi ég nei.

Brtt. 203,III.2 varatill. tekin aftur.
— 174,27.1—11 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 206,VIII.1 tekin aftur.
— 174,27.12—13 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 206,VIII.2 tekin aftur.
— 174,27.14—26 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 206,IX tekin aftur.
— 174,27.27—29 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 206,X tekin aftur.
— 174,27.30—34 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 206,XI.1 tekin aftur.
— 174,27.35—36 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 203,III.3 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
Brtt. 206,XI.2—4 tekin aftur.
— 174,27.37—58 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 206,XII tekin aftur.
— 174,28—35 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 195,7 felld með 30:17 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 34 atkv.
Brtt. 174,36.a samþ. með 44 shlj. atkv.
— 203,IV tekin aftur.
— 174,36.b samþ. með 42 shlj. atkv.
— 174,37 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 174,38—40 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 174,41—42 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 182,13 felld með 30:24 atkv.
— 177,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 174,43—68 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 206,XIII tekin aftur.
— 174,69—75 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 203,V felld með 28:24 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 182,14 tekin aftur.
— 174,76 samþ. með 32 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 174,77 samþ. með 46:1 atkv.
— 206,XIV tekin aftur.
— 182,15—16 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PP, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, FS.
BGr greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,8 felld með 29:25 atkv.
— 182,17 felld með 31:21 atkv.
— 206,XV tekin aftur.
— 182,18 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ.
nei: AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, FS.
GeirG, KGuðj greiddu ekki atkv.
2 þm. (AGl, RH) fjarstaddir.
Brtt. 203,VI.1 tekin aftur.
— 174,78 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 203,VI.2—3 tekin aftur.
— 174,79—80 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 174,81.1—9 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 206,XVI tekin aftur.
— 174,81.10—13 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 182,19—20 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj.
nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, FS.
BGuðm greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,82 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 182,21 felld með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HS. HV, BGuðbj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðm, BFB,

BjörnJ, EðS, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, EggÞ, EI, EmJ, FS.
GJóh, JSk, KGuðj, BP, EOl greiddu ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,9 tekin aftur.
— 174,83—88 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 195,10 felld með 29:17 atkv.
— 182,22 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK.
nei: MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, FS.
BP greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,11 felld með 27:23 atkv.
— 182,23—25 felld með 31:22 atkv.
— 174,89—90 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 182,26 felld með 31:22 atkv.
— 174,91—95 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 206,XVII.1 felld með 32:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SE, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GJóh, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS.
nei: ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, FS.
ÓlJ, SkG, BP, GíslG, HÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti: Herra forseti. Þáltill. þeirri, sem hv. 3. þm. Reykn. (MÁM) og ég fluttum hér í Sþ., var á sínum tíma vísað til fjvn. Þar er till. enn þá í athugun, og í trausti þess, að fjvn. mæli með samþykkt þessarar till. og þingið síðan samþykki hana og þar með að ríkisstj. veiti fjárveitingu til þessara jarðborana, tel ég, að þessi brtt. sé algerlega óraunhæf, og segi ég því nei.

Brtt. 182,27—28 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KK, ÁS.
nei: ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, FS.
KGuðj greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,96 samþ. með 34 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 182,29 tekin aftur.
— 174,97—98 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 203,VII felld með 32:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, FS.
ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÁB, BP, GíslG, KK greiddu ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 195,12 felld með 25:20 atkv.
— 174,99—103 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 195,13 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ.
nei: SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, FS.
3 þm. (RH, AGl, SB) fjarstaddir.
Brtt. 195,13 varatill. tekin aftur.
— 206,XVII.2 felld með 26:18 atkv.
— 206,XVII.2 varatill. tekin aftur.
— 174,104—105 samþ. með 45 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 209 samþ. með 22:10 atkv.
— 174,106 samþ. með 43 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 177,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 195,14 felld með 34:10 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 203,VIII samþ. með 40 shlj. atkv.
— 182,30—31 felld með 29:18 atkv.
— 182,32 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.
nei: BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, FS.
BP greiddi ekki atkv.
2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 174,107 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 174,108.1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 182,33 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK.

nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, FS.

2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.

Brtt. 174,108.2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 174,108.3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 206,XVIII felld með 28:21 atkv.
— 174,108.4—5 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 174,108.6 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 174,108.7—11 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 182,34 felld með 28:18 atkv.
— 195,15 felld með 28:16 atkv.
— 174,109 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 206,XIX—XX teknar aftur.
— 174,110 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,35 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, FS.

2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.

Brtt. 174,111 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 195,16 felld með 31:13 atkv.
— 182,36 felld með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG.

nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, BP, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, FS.

2 þm. (RH, AGl) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 203,IX tekin aftur.
— 177,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 174,112 tekin aftur.
— 195,17 tekin aftur.
— 206,XXI tekin aftur.
— 203,X tekin aftur.
— 174,113—114 samþ. með 40 shlj. atkv.

22. gr.,I—XXVII samþ. með 32 shlj. atkv.
22. gr., XXVIII—XXXVII samþ. með 33 shlj. atkv.
22. gr., XXXVIII samþ. með 32:10 atkv.
22. gr., XXXIX—XL samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 174,115 (2 nýjar gr., verða 23.—24. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 215, n. 227, 241, 242, 243, 244).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur tekið fjárlagafrv. til meðferðar að venju milli 2. og 3. umr., bæði þau erindi, sem ég gat um við 2. umr. að óafgreidd væru hjá n., og enn fremur ýmis önnur mál, sem n. hafa borizt til athugunar á milli umr. Brtt. n. hefur verið útbýtt hér á þskj. 241, og auk þess munu vera væntanlegar brtt. á tveimur öðrum þskj., sem er ekki búið að útbýta, annað frá n. í heild og hitt frá meiri hl. n. Fjvn. stendur öll að brtt. þeim, sem hún flytur við þessa umr., að undanskilinni einni till., sem ég mun síðar gera grein fyrir og hefur ekki verið útbýtt hér. En ég vil jafnframt taka fram, að það er af hálfu fulltrúa Alþb. og Framsfl. í n. sami fyrirvari og við 2. umr. um það, að þeir áskilji sér rétt til þess að flytja eða styðja frekari brtt. og þá jafnframt breyt., sem kunna að vera gerðar á einstökum atriðum í till. n. eins og þær liggja fyrir.

Við 2. umr. frv. gerði ég grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem lægju að baki afgreiðslu þess þá af hálfu meiri hl. n., og mun ég ekki endurtaka þær röksemdir mínar nú, en gera aðeins grein fyrir þeim brtt., sem nú eru fluttar, eftir því sem tilefni þykir til, og síðan ræða lítillega niðurstöðutölur fjárlagafrv., eins og þær liggja fyrir, ef samþ. verða þær brtt., sem n. í heild og meiri hl. hennar gera við bæði tekju- og gjaldabálk þess nú við þessa umr.

Ég mun þá rekja brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj., og þá fyrst brtt. á þskj. 241.

Þar er í fyrsta lagi lagt til að hækka fjárveitingu til fangahjálpar um 150 þús. kr. Í fjárlagafrv. nú og í fjárlögum síðasta árs var 60 þús. kr. fjárveiting til fangahjálpar, en ástæðan til þess, að lagt er til að hækka þessa fjárveitingu nú, er ný starfsemi, sem hafizt hefur í þessum málum nú á þessu ári eða réttara sagt hófst á s. l. ári að nokkru leyti. Þá voru stofnuð hér í Reykjavík sérstök samtök, sem eru í svipuðu formi og hliðstæð samtök eru á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku, og hafa þann tilgang að reyna að hjálpa þeim, sem hafa misstigið sig á þennan hátt, og koma þeim á eðlilegan og traustan grundvöll aftur í þjóðfélaginu. Félagssamtök þessi, sem hafa hlotið nafnið Vernd, hafa þegar, eins og ég áður sagði, hafið starfsemi sína og allmargir gerzt aðilar að þeim og leggja þar fram sína krafta, og þykir ástæða til þess að greiða fyrir starfi þessara samtaka, þar sem þau séu líkleg til þess að vinna þjóðnýtt starf. Hins vegar er það jafnljóst, að samræma verður þá starfsemi, sem rekin er með opinberum stuðningi á þessum vettvangi, þannig að ekki verði neinir árekstrar þar á milli, og það þykir því eðlilegast form á þessu, að fjárveiting sé í einu lagi og það síðan metið af dómsmrn., hvernig hentugast sé að verja þessu fé, til þess að það nái sem beztum árangri, svo sem tilætlunin er.

Þá er næsti liður, sem er 100 þús. kr. fjárveiting til landsspítalans til svokallaðra blóðsegavarna. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. átta sig á, hvað um er að ræða, og ég skal því lítillega gera grein fyrir því. Til þess að það megi verða ljóst fyrir hv. þm., hvað um er að ræða, held ég að sé réttast, að ég lesi hér dálítinn kafla úr bréfi dr. Sigurðar Samúelssonar yfirlæknis á landsspítalanum til landlæknis, þar sem hann gerir grein fyrir hinni miklu nauðsyn þessa máls. Hann segir í þessu bréfi m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir 10—15 árum fór fyrst að bera á skipulegri meðferð í læknisfræðinni á blóðsegum, æða-trombosis. Hafa Norðurlöndin staðið þar framarlega, sérlega ber þó að nefna lyflæknisdeild ríkisspítalans í Osló.“ Síðan segir frá því, að íslenzkur læknir hafi farið til Osló til þess að kynna sér þessa starfsemi, og jafnframt segir í framhaldi af því, að haustið 1956 hafi hafizt reglulegar blóðsegavarnir á lyflæknisdeild landsspítalans. „Meðferð þessa fengu í fyrsta lagi allir sjúklingar með kransæðastíflu og þeir, sem hafa yfirvofandi einkenni um hana. Í öðru lagi sjúklingar með blóðsega í lungum, bæði í handlæknis- og lyflæknisdeild. Í þriðja lagi sjúklingar með æðabólgu og blóðsega í útlimaæðum frá öllum deildum landsspítalans ásamt sjúklingum með þessa sjúkdóma, sem sendir eru af starfandi læknum í bænum. Og í fjórða lagi sjúklingar með kölkunarsjúkdóma í heilaæðum. Meðferðar þessarar njóta nú um 200 manns hér á landsspítalanum, og er hún veitt við erfið skilyrði, sem sé ófullkomið húsnæði og of lítið starfslið. Einkum er skortur á læknisþjónustu til þess að fylgjast með almennu heilsufari þessa fólks og vera því til ráðgjafar um lífsvenjur og starfsgetu.

Eins og fyrr getur hafa hingað til nálega eingöngu þeir orðið aðnjótandi þessarar meðferðar, sem fengið hafa æðastíflu eða æðabólgu. Hitt er þó ljóst, að meðferð þyrfti að koma til greina fyrr í sjúkdómnum, en það mundi leiða til, að sjúklingahópurinn stækkaði um helming eða meira á næstunni. Þetta hefur því ekki getað komizt í framkvæmd vegna skorts þjálfaðs vinnuafls og skorts á húsrými. Til þess að þessi lækningaaðferð nái að þróast á eðlilegan hátt, þarf aukið húsnæði, aukna tekníska aðstoð og aukna læknisþjónustu. Sem stendur er landsspítalinn ekki fær um að veita neitt af þessu þrennu.

Árangur þessarar þriggja ára meðferðar á landsspítalanum hefur orðið fyllilega jafngóður og þar sem bezt hefur gengið erlendis. Sýndi Theodór Skúlason yfirlæknir í uppgjöri sínu, sem hann flutti sem erindi á Læknaþingi Íslands í júlí 1959, fram á eftirtalin atriði:

1) Að dánartölur sjúklinga hafa með þessari lækningaaðferð lækkað um ca. 2/3 hluta, en það jafngildir 110—120 mannslífum á ári hverju, þegar tekið er tillit til dánartalna í íslenzkum heilbrigðisskýrslum síðustu 6 árin, sem skýrslur geta um.

2) Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dauðaorsök með þjóðinni, 1.6‰ allra landsmanna, en krabbamein alls konar 1.3‰ og t. d. berklaveiki 0.03‰. Eftir reynslu í þessum efnum frá öðrum löndum er þó örugglega unnt að ná enn betri árangri, ef meðferð er hafin við fyrstu einkenni kransæðakölkunar (angina pectoris).

Af framangreindu er ljóst, að hér er um að ræða mikilsverðar varnarráðstafanir gegn alvarlegasta sjúkdómi þjóðarinnar, sem unnt er að benda á eins og sakir standa, og fyrirgreiðsla þessarar lækningastarfsemi þolir enga bið.“

Með hliðsjón af þessum röksemdum prof. Sigurðar Samúelssonar og umsögn landlæknis um þetta mál, þá þykir það svo mikilvægt, að sjálfsagt sé að hefjast þegar handa í því efni að greiða fyrir því, að landsspítalinn geti sinnt þessari þjónustu, svo sem nauðsynlegt er. Því er ekki að leyna, að fjárveiting sú, sem við leggjum hér til, 100 þús., mun ekki nægja til að bæta að fullu úr þessum þörfum, og þarf því að athuga nánar síðar á þessu ári, hvernig þessum málum verði komið fyrir, en með þessari fjárveitingu er þó talið að hægt sé að greiða mjög verulega fyrir því, að landsspítalinn geti sinnt þjónustunni svo sem nauðsynlegt er.

Varðandi 3. brtt. n. sé ég ekki ástæðu til að orðlengja. Það er aðeins breyting á orðalagi varðandi fjárveitingu til Siglufjarðarvegar og hefur ekki í för með sér neina hækkun eða breyt. fjárveitingarinnar.

Þá er næsti liður, sem er hækkun á framlagi til hafnarbótasjóðs um 1.5 millj. kr., og sé ég ástæðu til þess að gera sérstaka grein fyrir því máli. Hér er ekki um að ræða hækkun á almennri fjárveitingu til hafnarbótasjóðs, heldur er þessi hækkun eingöngu bundin við eina höfn, Akraneshöfn, og er ástæðan sú, að þessi höfn hefur algera sérstöðu. Það standa nú þannig sakir, að vangreiddar eru til Akraneshafnar tæpar 7 millj. kr. af því ríkisframlagi, sem hún á rétt til, eða var það um síðustu áramót. En það er þó ekki eingöngu þessi ástæða, sem veldur því, að nauðsynlegt þykir að hafa þessa sérstöku meðferð á Akraneshöfn, heldur hitt, að Akraneshöfn skuldar erlend lán, og þessar erlendu lántökur og skuldir valda því, að höfnin verður vegna gengisbreytingarinnar fyrir mjög miklu áfalli, þannig að skuldir þessar munu hækka um á þriðju millj. kr. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að vegna þessara áfalla og vegna annarra skuldbindinga, sem höfnin þarf að standa undir á þessu ári, yrði það henni gersamlega um megn, og það þykir sjálfsagt, enda er það í samræmi við óskir bæjaryfirvalda á Akranesi, að heldur verði farin sú leið að reyna að greiða með sérstöku framlagi hluta af skuld ríkissjóðs við höfnina en að til þess komi, sem ella er talið óumflýjanlegt, að á ríkissjóð mundu falla ábyrgðarskuldbindingar að einhverju verulegu leyti, en Akranes hefur hingað til staðið við

allar skuldbindingar sínar varðandi framlög til hafnarmála. Ég vil taka það fram, að Akraneshöfn hefur að þessu leyti algera sérstöðu, og er engin önnur höfn á landinu sambærileg við Akranes hvað þessar aðstæður snertir, og hefur því verið talið rétt að hafa þennan hátt á og greiða 1.5 millj. á þessu ári umfram það, sem ráðgert var áður til Akraneshafnar, og lækkar þá skuld ríkissjóðs við höfnina sem því nemur.

Þá er 5. till. n., sem er þess efnis að lækka áætlaðar tekjur Ferðaskrifstofu ríkisins um 250 þús. kr. Ástæðan til þessarar brtt. er sú, að það þykir sýnt, að tekjur ferðaskrifstofunnar á árinu 1960 nemi alls ekki þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. En ástæða þess hins vegar, að sú háa upphæð er í fjárlagafrv., sem nú er þar gert ráð fyrir að ferðaskrifstofan muni skila í tekjum á árinu, er sú, að tekjur ferðaskrifstofunnar á árinu 1958 urðu óvenjumiklar eða öllu hærri en tekið er inn í fjárlfrv., og þegar það var samið, var ekki við annað að styðjast en niðurstöðutölur ársins 1958. Það hefur hins vegar við nánari athugun komið í ljós, að það voru óvenjulegar tekjur, sem ferðaskrifstofan þá fékk í sinn hlut, sem komu ekki til á árinu 1959 og munu ekki koma til á árinu 1960. Og enda þótt sjálfsagt þyki að gera ráð fyrir því, að ferðaskrifstofan geti fengið eitthvað auknar tekjur af sölu minjagripa, þykir samt ljóst, að það mundi verða rekstrarhalli, og því óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því, að tekjurnar minnki sem þessu nemur, ella yrði aðeins um umframgreiðslur að ræða, sem sjálfsagt er að forðast.

Næstu tveir liðir, 6. og 7. brtt. n., eru aðeins um það að færa fjárveitingu til húsgagnakaupa vegna mötuneytis skólanna á Laugarvatni af lið menntaskólans yfir á lið héraðsskólans, og er þetta gert eftir ósk menntmrn. og er aðeins formsatriði.

Þá kemur hér næst 1/2 millj. kr. fjárveiting til framkvæmda á Rafnseyri, og er þar um að ræða útgjöld, sem n. var ekki ljóst við 2. umr., að óhjákvæmilegt yrði að taka tillit til. En í stuttu máli er því þannig háttað, að á Alþ. 1944 var samþ. 50 þús. kr. fjárveiting til framkvæmda á Rafnseyri, og var þá að vísu ekki gert ráð fyrir, að fjárveiting yrði meiri en svo, að þetta yrði fyrsta fjárveiting af þremur til framkvæmda þar til minningar um Jón Sigurðsson forseta. Nú hefur þetta allt orðið stærra í sniðum, og niðurstaðan varð sú, að þarna yrði reist saman skólahús og prestssetur. Samkvæmt prestakallaskipunarlögunum er svo ákveðið, að þarna sé kennsluprestakall, að presturinn sé jafnframt kennari, og það hefur verið hafizt handa þarna um að byggja heimavistarskóla og jafnframt íbúð fyrir skólastjóra, sem yrði þá um leið íbúð fyrir prestinn. Að þessu hefur verið unnið undanfarin ár, og hafa þessar framkvæmdir kostað til þessa um 1.2 millj. kr. Til þessara framkvæmda hefur verið greitt bæði af skólabyggingarfé og enn fremur af framkvæmdafé prestssetra. Nú standa sakir þannig eftir þeirri grg., sem lögð var fyrir n. frá húsameistara ríkisins og n. var gerð grein fyrir af forseta Íslands, sem er formaður Rafnseyrarnefndar, að þá mun vanta um 1 millj. kr. til þess að ljúka því húsi, sem þar er nú í smíðum, á næsta ári. Þykir vera nauðsynlegt að stefna að því vegna afmælishátíðar, sem mér skilst að sé hugmyndin að efna þar til í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Og þá mundi verða nauðsynlegt að verja sem sagt samtals 1 millj. kr. til þess að ljúka þessum framkvæmdum. N. telur ekki annað auðið en verða við þessum óskum, þar sem hér er ekki annað en óhjákvæmilegar staðreyndir við að fást. Úr því að út í þessar byggingar hefur verið lagt, er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en að ljúka þeim, og þykir eðlilegast, þar sem byggingar þessar eru mun meiri í sniðum á allan hátt en mundi hafa verið lagt út í af þeim hreppum, sem þarna eiga aðild að skóla, að þá sé þetta greitt með sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði og henni verði skipt á tvö ár og helmingurinn þá veittur á árinu 1960. Er talið af aðilum málsins, að hægt sé að leysa þetta, ef sú skipan verður á höfð.

Þá er 9. brtt. Þar er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu. Fjárhæðin breytist ekki. Í fjárlfrv. er nefndur heimavistarskóli áfengisvarnanefndar kvenna að Hlaðgerðarkoti, en þar sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að sá skóli sé starfræktur, þótti eðlilegt að binda ekki fjárveitinguna sérstaklega við hann, heldur hafa þetta almenna heimild í sambandi við ráðstöfun á þessu fé, sem yrði þá háð ákvörðun menntmrn.

Þá er 10. brtt., þar sem lagt er til að veita 150 þús. kr. til viðgerðar á gamla stúdentagarðinum. N. hefur borizt matsgerð frá sérfróðum mönnum um, að það muni kosta 150 þús. kr. að minnsta kosti að framkvæma ýmiss konar viðgerðir á gamla stúdentagarðinum, og eftir þessari álitsgerð að dæma eru þær viðgerðir svo brýnar, að þeim verður alls ekki skotið á frest. Og með hliðsjón af því, að þessar stofnanir afla sér ekki meiri tekna en svarar til að standa undir eðlilegum og venjulegum rekstrarkostnaði, þykir sanngjarnt, að ríkið hlaupi hér undir bagga og leggi fram þetta fé, til þess að viðgerð þessi þurfi ekki að dragast á langinn, þar sem nauðsynlegt er, að unnið sé að henni í sumar.

Þá er 11. brtt., sem er um að hækka lítið eitt fjárveitingu til lektora í íslenzku, þ. e. a. s. íslenzkra lektora við erlenda háskóla. Þá breytingu leiðir aðeins af gengisbreytingunni, að launin eru hækkuð í samræmi við hana, þar sem hér er um að ræða yfirfærslu til útlanda.

Næstu tvær brtt. eru aðeins leiðréttingar. Það er fjárveitingin, sem samþ. var við 2. umr., 300 þús. kr. vegna flutnings safns og kaupa á safnhirzlum. Af misskilningi hefur verið talið, að þetta væri á vegum þjóðskjalasafnsins, en hér er um að ræða handritasafn landsbóka-

safnsins, og hefur fjárveitingin verið færð yfir á landsbókasafnið, en upphæðin að öðru leyti óbreytt.

Þá er sama að segja um brtt. 14 og 15. Fyrir mistök hafði 10 þús. kr. hækkun verið gerð á fjárframlagi til þjóðfræðasöfnunar, en átti að vera á fjárframlagi til örnefnasöfnunar, og er hér aðeins um leiðréttingu að ræða.

Þá er 16. till. n. um 10 þús. kr. hækkun vegna kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina. Það þykir óhjákvæmilegt að verða við þessari ósk, þar sem mikið af þessum kostnaði nefndarinnar er erlendur kostnaður, og úr því að við erum aðilar að þessari n., verður ekki fram hjá því komizt að leysa af hendi þær skyldur, sem því fylgja.

Þá er 17. brtt., sem er um það að verja 50 þús. kr. til þátttöku í hinni alþjóðlegu listsýningu í Feneyjum, svokallaðri „biennale", sem á að vera nú á þessu ári. Um þetta mál er það að segja, að árið 1955 var samþ. í Norðurlandaráði ályktun um athugun á því að koma upp sameiginlegum sýningarskála fyrir Norðurlöndin í Feneyjum til þátttöku í þessari sýningu, en þarna eiga margar þjóðir sína sérstöku sýningarskála. Þessi athugun leiddi í ljós, að það mundi valda mjög miklum útgjöldum fyrir Ísland að gerast aðili að þessari skálabyggingu, og var því frá því horfið, enda við nánari athugun sýnt, að það mundi auðið að fá leigða aðstöðu til sýningar þarna án nokkurra verulegra útgjalda. Það þykir vera óumflýjanlegt, að Ísland taki þátt í sýningu þessari. Þetta er ein frægasta listsýning alþjóðleg, sem haldin er, og er það mikið áhugamál hjá íslenzkum listamönnum að geta tekið þátt í sýningunni, og þar sem ekki er þó gert ráð fyrir, að það kosti meira en hér um ræðir, sem er aðallega flutningskostnaður á málverkum og höggmyndum og síðan gæzla þeirra, þykir sanngjarnt að mæla með því, að 50 þús. kr. verði veittar í þessu skyni.

Þá er 18. brtt., sem er um smávægilega hækkun til tónlistarkennslu á Siglufirði. Kom í ljós við nánari athugun, að það væri óumflýjanlegt annað en veita þessa hækkun, þar sem um er að ræða tvo tónlistarskóla og fjárveitingu skipt á milli þeirra og aðstæður þannig, að ekki var með góðu móti hægt að koma því við án þess að fá smávægilega hækkun á fjárveitingu.

Þá er 19. brtt., sem er um fjárveitingu til kirkjubyggingasjóðs, að hækka hana úr 1/2 millj. í 800 þús. kr. Það var eitt þeirra mála, sem ekki hafði verið tekin afstaða til fyrir 2. umr. En ekki þykir verða hjá því komizt að leggja til, að þessi hækkun verði gerð. Hér er um að ræða stuðning við kirkjubyggingar víðs vegar um land, og þegar þess er gætt, að t. d. Reykjavíkurbær veitir 1 millj. kr. á ári og það sem styrk til kirkjubygginga hér í Reykjavík, en ríkið aðeins 1/2 millj. sem lán, var hér svo mikið misræmi á, að það þótti sanngjarnt að jafna þessi met nokkuð, og er því lagt til, að hin fasta fjárveiting til kirkjubyggingasjóðs hækki í þetta sinn. Að vísu er í lögum um hann ekki gert ráð fyrir hærri upphæð en 1/2 millj., en lagt er til, að nú verði að auki veittar 300 þús. kr. til sjóðsins á þessu ári.

Þá er 20. brtt. n. Hún er um að hækka um 100 þús. kr. fjárveitingu til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti. Hafa á ári hverju verið veittar allháar fjárveitingar til varnargarða á því vatnasvæði, og það eru orðin mikil mannvirki, sem þarna eru, eins og allir þeir vita, sem hafa þar ferðazt. Vegamálastjóri hefur bent n. á, að fjárveitingarnar séu fyrst og fremst til þess nú orðið að halda við þessum mannvirkjum og sjá um, að árnar brjóti ekki skarð í garðana, og hún hafi verið í það tæpasta, sú fjárveiting, sem gert var ráð fyrir. Þykir því rétt að leggja til, að hún verði hækkuð um 100 þús. kr.

Þá eru 21. og 22. brtt. Þær eru þess efnis, að felld er niður krafa, sem samþ. var við 2. umr. að gera í sambandi við fyrirhleðslu í Kotá í Öræfum um, að viðkomandi aðilar heima fyrir greiddu 1/8 hluta kostnaðar. Það hefur verið venja að gera þá kröfu, þegar fyrirhleðslur sem þessar eru eingöngu í þágu jarða þeirra, sem að fljótunum liggja. En þegar þetta hefur jafnframt verið þáttur í vegagerð, hefur ekki slík krafa verið gerð, og hefur komið í ljós við nánari athugun, að hér er einmitt þannig ástatt, að þetta mun koma að verulegu gagni og vera raunar óumflýjanlegt í sambandi við væntanlega vegagerð eða brúargerð á þessum stað, og þykir því eðlilegt með hliðsjón af þeirri reglu, sem fylgt hefur verið, að fella niður þessa kröfu um 1/8 hluta greiðslu heiman að.

Þá er 23. brtt. um að hækka tillag til sjóvarnargarðs í Ólafsvík um 25 þús. kr. Framlag þetta hafði verið lækkað um helming frá því, sem það var í fjárl. á s. l. ári, og við nánari athugun á því, hvað þarna sé nauðsynlegt að framkvæma á þessu ári, þykir sanngjarnt að leggja til, að fjárveitingin verði hækkuð um 25 þús. kr. frá því, sem hún var samþ. við 2. umr.

24. brtt. sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um. Það er aðeins smávægileg lagfæring í sambandi við framlag til alþjóðahvalveiðiráðsins og gefur ekki tilefni til sérstakra aths.

Þá er 25. brtt., sem felur í sér 1.1 millj. kr. hækkun á framlagi til hlutatryggingasjóðs. Samkv. l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins ber ríkissjóði að leggja til sjóðsins árlega mótframlag á móti 1/2% útflutningsgjaldi af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Vegna gengisbreytingarinnar og þar af leiðandi í krónum mjög hækkaðs verðs á þessum útfluttu afurðum, hækkar að sjálfsögðu framlag ríkissjóðs, og hefur sjútvmrn. áætlað, að ekki væri varlegt að gera ráð fyrir að hækka þessa fjárveitingu minna en um 1.1 millj. kr., til þess að verða ekki fyrir áföllum á þessum lið. Hér er að sjálfsögðu ekki um annað en reikningsdæmi

að ræða og aðeins til þess að uppfylla þær skyldur, sem lögboðnar eru.

Þá kemur 26. till., sem er nýr liður, til tækninýjunga 135 þús. kr. Þannig standa sakir, að til fjvn. hefur verið leitað með ýmiss konar uppfinningar, sem hugvitssamir menn hafa verið að vinna að og telja sig náttúrlega í hverju tilfelli hafa fundið púðrið. Nú er það ákaflega erfitt fyrir fjvn., þótt þar séu náttúrlega miklir hæfileikamenn, að finna það út, hvað raunverulega sé hér á ferðinni og hvort þarna séu hugmyndir, sem rétt sé að styrkja eða ekki, því að vissulega er það svo, að ef um merkilegar tækninýjungar er að ræða, geta þær haft svo mikið þjóðfélagslegt gildi, að það sé rétt, að ríkið hlaupi þar undir bagga. Með hliðsjón af þessu hefur n. þótt rétt og skynsamlegt að leggja til, að nokkur fjárveiting yrði til ráðstöfunar til þess að styrkja slíkar nýjungar, eftir að sem nákvæmust athugun hefur farið fram á því, hvort hér sé um þá hluti að ræða, sem rétt sé og eðlilegt að styrkja. Þetta þykir n. eðlilegra en að fara að taka upp fjárveitingar til einhverra einstakra aðila í þessu efni, sem oft er mikil ásókn með, og telur, að þessum málum sé betur fyrir komið á þennan hátt.

Þá er 27. brtt. Hún er um það að hækka fjárveitingu til vatnsveitna um 100 þús. kr. Það skal játað, að þessi hækkun hrekkur skammt til þess að mæta þeim þörfum, sem þarna er um að ræða. Eins og hv. þm. er kunnugt, er í l. um vatnsveitur gert ráð fyrir styrk úr ríkissjóði og jafnframt ríkisábyrgðum í sambandi við vatnsveitur, og um síðustu áramót leit þetta þannig út, að þá voru vangreidd framlög ríkissjóðs 1.6 millj. kr. rúmar, en fjárveiting í fjárl. og í frv. nú er aðeins 570 þús. kr. Það hefur hins vegar ekki þótt fært að hækka þetta meira en hér segir og er raunar ekki nema til að ganga aðeins lítið eitt til móts við þær miklu þarfir, sem hér eru, en gæti þó kannske létt einhverjum vanda af.

Þá er 28. brtt. Hún er um það að hækka framlag til Sambands íslenzkra sveitarfélaga um 50 þús. kr. Þessi till. byggist á því, að þegar 25 þús. kr. styrkur til sambandsins var ákveðinn, var að sjálfsögðu um að ræða aðeins hluta af kostnaði við starfsemi þessa sambands. Nú hafa framlög sveitarfélaganna síðan verið aukin mjög mikið til sambandsins, og þessi hækkun styrksins er við það miðuð, að hlutfallið á milli framlags ríkissjóðs og sveitarfélaganna sé það sama og var, meðan styrkurinn var ákveðinn 25 þús. kr.

Við 2. umr. var samþ. að veita 50 þús. kr. til byggingar blindraheimilis, sem verið er að reisa hér í Reykjavík. Er lagt til að hækka þessa fjárveitingu upp í 100 þús. kr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að erfðafjársjóður mun hafa yfir mjög miklu fé að ráða, og væri full ástæða til þess að athuga, hvort hann gæti ekki hlaupið enn betur undir bagga með þessum mikilvægu framkvæmdum en hann þegar hefur gert.

30. till. n. er um að hækka um 10 þús. kr. styrk til neytendasamtakanna. Neytendasamtökin hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna hér á landi, svo sem í öðrum löndum, enda eru þau víða erlendis mjög sterk og gegna mjög ábyrgðarmiklu starfi til tryggingar vöruvöndun og til öryggis fyrir neytendur. Starfsemi samtakanna hefur farið mjög vaxandi hér með hverju ári, sem liðið hefur, og er miklu meira að því gert stöðugt að leita til þeirra, ef menn þykjast hafa orðið eitthvað illa úti í sambandi við vörukaup. Og það er engum efa bundið, að ef starfsemi þessi er rekin á réttum grundvelli, getur hún gert mjög mikið gagn og verið mikið aðhald varðandi vöruvöndun og alla þjónustu við neytendur. Það þykir því sanngjarnt að leggja til, að smávægileg hækkun verði á styrk til neytendasamtakanna.

Þá er 31. brtt. n., hún er um breyt. á 18. gr. Varðandi þær till. hef ég ekki margt að segja. Það er auðvitað nú sem áður mikið vandamál að fást við þessa 18. gr. Ég skal taka það fram hér, að í n. var einn nm., hv. 5. þm. Vestf. (BF), sem lýsti sig andvígan því, að teknar yrðu upp frekari fjárveitingar í sambandi við 18. gr. fjárl., og það er vitanlega rétt, að 18. gr. er mikið vandræðamál, og má segja, að það fari vaxandi það vandræðamál og það svo mjög, að það er fullkomin ástæða til þess, að teknar verði til endurskoðunar þær reglur, sem gilda varðandi lífeyrisgreiðslur til opinberra starfsmanna, því að ef það verður venja, svo sem nú er raunar orðið, að opinberir starfsmenn, sem hætta störfum á hverju ári og fá sínar lögboðnu greiðslur úr lífeyrissjóði, fái síðan meiri og minni viðbótargreiðslur á 18. gr. fjárl., sýnist fullkomlega tímabært að endurskoða gildandi lagaákvæði um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og íhuga, hvort það þyki þá ástæða til að hækka greiðslur úr þeim sjóði eftir einhverjum ákveðnum reglum, sem er vitanlega miklu eðlilegra en að afgreiða málið með þessu móti, sem alltaf verður meira og minna handahófskennt, enda þótt n. hafi á undanförnum árum reynt að búa sér til ýmsar reglur til þess að fara eftir. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, til þess að það valdi engum misskilningi, sem mun þó að vísu vafalaust vera öllum hv. þm. kunnugt, að þessar upphæðir, sem eru í till. n., verður að skoða í ljósi þess, að hér er í flestum tilfellum um að ræða viðbætur við lögboðnar lífeyrisgreiðslur, og af þeim sökum kann það vel að vera, að í greininni séu kannske ekki nema smáupphæðir við nöfn sumra, sem þó kunna, þegar allt kemur til alls, að fá mun hærri eftirlauna- eða lífeyrisgreiðslu en þeir, sem eru kannske með hæsta upphæð í tillögum nefndarinnar. Ég vil sérstaklega taka það fram, að n. hefur um sex ára skeið fylgt þeirri meginreglu að veita engum hærri eftirlaun en 80% af fullum launum. Áður fyrr voru ýmis dæmi þess, — og það eru til slík dæmi enn að sjálfsögðu, því að því hefur ekki verið breytt, sem þá hafði tekið

gildi, — að menn hafi full laun og jafnvel ríflega það, og þótti óumflýjanlegt að setja hér einhver ákveðin mörk, og ég vil taka það fram, að n. hefur ekki þessi ár nokkru sinni farið yfir þetta mark. En ég ítreka það, og það er ábending n. til hæstv. ríkisstj., að hún láti athuga rækilega 18. gr. og þann grundvöll, sem hún er byggð á, og sérstaklega að íhuga, hvort ekki er hægt að finna einhverjar leiðir til þess að koma þessum málum fyrir á annan veg, a. m. k. varðandi þá aðila, sem hér eftir koma til sögunnar og mundu verða teknir að öðru óbreyttu inn á 18. gr.

33. brtt. fjvn. er við 19. gr. og er þess efnis, að varið verði 5 millj. kr. til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Hér er ekki um nýtt mál að ræða í sambandi við afgreiðslu fjárl., heldur er hér aðeins um það að ræða að taka upp fjárveitingu, sem leiðir óhjákvæmilega af lögum þeim um verðlagningu landbúnaðarvara, sem hafa verið hér til meðferðis og Alþ. hefur samþ. En samkv. þeim l. er gert ráð fyrir því, að útfluttar landbúnaðarafurðir verði ekki sem áður upp bættar á þann hátt að hækka verð á vörum til neytenda innanlands, heldur taki ríkissjóður að sér að greiða þann halla, sem bændur kunna þá að verða fyrir. Hér er vitanlega um að ræða verulega miklu hærri upphæð en 5 millj., en hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að það gildi sama regla um landbúnaðarafurðir og aðrar framleiðsluvörur, að það, sem framleitt var fyrir 16. febr., komi yfir á útflutningssjóð, en að öðru leyti verði þetta að greiðast úr ríkissjóði. Það er enn auðvitað ekki vitað og þykir ógerlegt að áætla það nákvæmlega, hvað há þessi heildarupphæð verði, en það hefur verið talað um í þessu sambandi sem sennilega upphæð 12 millj. kr. á þessu ári.

34. og 35. brtt. n. eru um það að hækka fjárveitingar til bygginga á prestssetrum og útihúsabygginga á prestssetrum um samtals 300 þús. kr. Það stendur mjög illa með þessar framkvæmdir og það svo mjög, að dómsmrn. mun hafa gefið loforð um greiðslu á þessu ári vegna framkvæmda á prestssetrum, sem nú eru í smíðum, fyrir töluvert meiri fjárhæð en fjárveitingin verður samtals, enda þótt þessi hækkun sé á henni gerð, og þótti því ekki verða hjá því komizt að leggja til, að þessir liðir yrðu hækkaðir sem þessu nemur og ég hef gert grein fyrir.

Þá er 36. brtt. Hún er um byggingu starfsmannahúss að Bessastöðum. Það mál er þannig til komið, að á s. l. ári var með samþykki þáv. hæstv. ríkisstj. hafizt handa um byggingu íbúðarhúss fyrir nokkuð af starfsfólki forsetaembættisins, vegna þess að húsakostur var þar orðinn algerlega óviðunandi, og þótti því ekki verða með nokkru móti komizt hjá því að hefja þær framkvæmdir. Áætlun arkitekts um byggingarkostnað þessa húss er 660 þús. kr., og er þessi fjárveiting miðuð við, að heildarkostnaður við bygginguna verði greiddur á tveimur árum og tekin upp 330 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni eftir ósk forsrn.

37. brtt. sé ég ekki ástæðu til að ræða sérstaklega. Hún er að meginefni til óbreytt, frá því að hún var flutt hér við 2. umr., þ. e. um að heimila hækkun úr 20 aurum í 30 aura á hvern vindlingapakka, sem merktur er merki landgræðslusjóðs. Hagur skógræktarinnar er mjög slæmur, og það þurfti á s. l. ári að gera ýmsar óvenjulegar ráðstafanir, fjársafnanir og jafnvel lántökur, til þess að fleyta skógræktinni áfram yfir s. l. ár, og þykir útilokað annað en hún verði að fá töluvert meira fé á þessu ári. Ég skal fúslega játa, að þetta er mjög hæpin leið, að vera að leggja sérstök gjöld á eitt og annað, ekki hvað sízt þær vörur, sem eru meðal helztu tekjustofna ríkissjóðs, og má segja, að það geti verið jafneðlilegt að taka upp beina fjárveitingu í þessu sambandi. Það þykir hins vegar ekki rétt að gera ráð fyrir því í þetta sinn. En ég vil vekja athygli á því, sem ég gerði við 2. umr., að það er óumflýjanleg nauðsyn, að ríkisstj. taki nú til heildarathugunar framkvæmdir í skógræktarmálum og gerð verði einhver áætlun um framkvæmdir skógræktarinnar næstu árin. Það er vitanlega óviðunandi, að aldar séu upp svo og svo margar plöntur, — nú er það komið á aðra millj., og skógræktin gerir ráð fyrir að fara með þær upp í 2 millj. á ári, — ef síðan er ekki hægt að gróðursetja þessar plöntur. Hér verður að vera samræmi á milli og miða framkvæmdir við það, hvað talið er mögulegt að leggja af fé til þessara hluta. Og það verður ekki gert á annan hátt en þann að gera einhverja áætlun um þessar framkvæmdir nokkur ár fram í tímann.

Breyt., sem felst í orðalagi þessara heimilda frá því, sem var við 2. umr. málsins og er nú í fjárlögum, er sú, að gert er ráð fyrir, að það verði ekki bundið algerlega, að allt, sem selt er af þeim tilteknu vindlingategundum, skuli vera með merki sjóðsins, heldur sé það opið eftir nánari athugun fjmrn., hvort það verði framkvæmt á þennan hátt eða þá haft frjálst val varðandi allar tegundir, sem einnig getur komið til greina.

Þá er 38. brtt. n., sem er ástæða til þess að gera hér nokkra grein fyrir.

Öllum hv. þm. mun vera kunnugt um það vandamál, sem skapazt hefur vegna hins mikla vatnsflaums, sem allt í einu kom fram á Mýrdalssandi á árinu 1958 og óx síðan mikið á s. l. ári og hefur valdið því, að þar hafa orðið stórfelldar skemmdir og samgöngur raunverulega rofnað síðan við allmarga hreppa Vestur-Skaftafellssýslu, sem eru austan Mýrdalssands. Það yrði allt of langt mál að fara út í þetta í einstökum atriðum, en það er augljóst, að hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða. Kostnaður, sem þegar er til fallinn vegna þessara framkvæmda á Mýrdalssandi, var um síðustu áramót orðinn rúmar 4 millj. kr. á árinu 1959 og þar til viðbótar um tæpar 800 þús. kr. á árinu 1958, og þessi kostnaður hefur þegar verið greiddur. En þrátt fyrir þessar miklu fjárveitingar og þær miklu framkvæmdir, sem þarna var unnið að, fór nú svo,

ef svo má að orði komast, að þetta rann allt út í sandinn, og brú mikil, sem gerð var þarna í fyrrasumar, sökk algerlega og er horfin, og varnargarðar þeir, sem gerðir voru, eru sundursprungnir og því eins og sakir standa algerlega ófært þarna austur nema þá þann tíma ársins, sem vatnsflaumurinn er minnstur. Verði því ekkert þarna aðhafzt, má segja, að samgöngur séu rofnar austur fyrir Mýrdalssand.

Nú er því hins vegar ekki að leyna, að vegamálastjóri telur, að það sé ómögulegt að fullyrða neitt um það, hvort hægt sé að gera þarna þær framkvæmdir, sem varanlegar geti orðið eða jafnvel standist nema stuttan tíma. Hann hefur hins vegar gert áætlun um styrkingu varnargarða og jafnframt byggingu á tveimur brúm, annarri 100 metra langri og hinni 50 metra, og gert ráð fyrir því, að þessar framkvæmdir allar muni kosta um 6 millj. kr. En eins og ég áðan gat um, fylgir sá böggull skammrifi, að óvissa er mjög mikil um það, hvort þessar miklu fjárveitingar mundu koma að nokkru liði. Vil ég leyfa mér í því sambandi að lesa hér nokkrar setningar úr grg. vegamálastjóra um málið, til þess að hv. þm. verði ljóst, hvað hér er við að fást. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Erfiðleikarnir við að framkvæma þær till., sem að framan eru greindar, eru geysimiklir. Í fyrsta lagi er efni í fyrirhugaðar brýr ekki enn komið til landsins, og í öðru lagi er óvíst, að takast megi að fá nauðsynlegar vinnuvélar til þess að framkvæma ofangreindar till. nógu snemma, þar sem framkvæmdum þarf helzt að verða lokið að mestu í lok júnímánaðar. Erfiðleikarnir við að tryggja brúarsporðana eru mjög miklir, þar sem ekki er annað efni fyrir hendi en laus vikursandur og grjót, sem sækja verður niður í Dýralækjarsker, um 6 km veg, þar sem ógerningur er nú orðið að ná nokkru grjóti í Hafursey, enda er þar eingöngu um móberg að ræða."

Og að lokum segir hann:

„Ég vil að lokum taka það fram, að miðað við reynslu undanfarinna tveggja ára og reynslu vegagerðarinnar almennt af vatnsföllum þeim, sem renna fram frá Mýrdalsjökli, þá er engin trygging fyrir því, að ofangreindar framkvæmdir komi að fullu gagni. Vatnshlaup eins og það, sem fram kom úr jöklinum sumarið 1955 og sópaði burt þáverandi brú á Múlakvísl og Skálm, mundi hæglega geta eyðilagt mikið af þeim mannvirkjum, sem lagt er til að byggð verði hér að framan. Eins má telja næstum öruggt, að Kötlugos í líkingu við það, sem varð 1918, mundi sópa burt nær öllum þeim mannvirkjum, sem nú eru á Mýrdalssandi, allt frá Höfðabrekkuheiði og austur að Hólmsá í Skaftártungu. Mér er það ljóst, að einhver takmörk hljóta að vera fyrir því, hve miklu fé er hægt að verja til jafnóvissra framkvæmda og samgöngubætur á Mýrdalssandi eru og hljóta alltaf að vera. Aðrar leiðir til þess að ná vegasambandi milli byggðanna austan og vestan Mýrdalssands eru um Fjallabaksveg nyrðri eða Landmannaleið og um Fjallabaksveg syðri. Báðar þessar leiðir hafa verið athugaðar sumarið 1958 og sumarið 1959, en fullnaðarniðurstöður af þeim athugunum liggja ekki enn fyrir. Eitt er þó víst í því sambandi, að þar getur aldrei orðið um annað en sumarveg að ræða, sem fær yrði 2—4 mánuði ársins, og um þær hefur aðeins hingað til verið rætt sem hugsanlegan varaveg, ef til Kötlugoss kæmi. Ég vænti þess að geta síðar á þessum vetri látið í té áætlanir um kostnað við að gera tvær ofangreindar leiðir sumarbílfærar, en til þess þarf töluverða vegagerð og þó einkum brúargerð á nokkrum erfiðum vatnsföllum."

Af þessum orðum má ljóst vera, að hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða fyrir þá sök, að það verður engan veginn fullyrt, að þessar 6 millj., sem kæmi til með að verða varið í þessar framkvæmdir, ef út í þær yrði lagt nú, kæmu að nokkru haldi. Það er hins vegar skoðun bæði ríkisstj. og fjvn., að það verði að reyna að gera tilraun til þess að koma á samgöngum þarna austur yfir enn einu sinni, þar sem ella er ósýnt um, hvernig fer með byggð á þessum slóðum. En það er auðvitað jafnljóst, að það er hin mesta nauðsyn, ekki hvað sízt fyrir fólkið austan Mýrdalssands, að út í þessar framkvæmdir verði ekki farið, fyrr en þaulkannað hefur verið, hvaða úrræði séu líklegust til að skila árangri, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að menn mundu telja sér fært að leggja út í slíkar framkvæmdir á nýjan leik, ef þetta færi allt forgörðum á skömmum tíma.

Af þessum sökum er það, að sú leið hefur verið farin að ákveða aðeins í heimildagrein að verja allt að 6 millj. til þessara samgöngubóta, vegna þess að það þykir sjálfsagt og nauðsynlegt, að kannað verði algerlega til hlítar, hvaða ráð séu tiltækilegust í þessu efni, og þess vegna er mjög vafasamt, hvort rétt sé að ráðast í þessar framkvæmdir á þessu ári. Að minnsta kosti þarf það allt að kannast rækilega, og þykir eðlilegt og rétt, að þeim athugunum verði haldið áfram, sem vegamálastjóri segir í niðurlagi sinnar grg. til fjvn. að enn sé ekki fulllokið, og að lögð verði áherzla á það að kanna allar hugsanlegar leiðir, áður en út í þessar miklu framkvæmdir verður farið.

Þá er 39. till. n., það er að gefa eftir skuld Rauða kross Íslands, 45 þús. kr., sem stafar frá árinu 1953, vegna kaupa á dísilvél til ljósa, sem þá var keypt af varnarliðinu. Það þykir óeðlilegt að vera að krefja Rauða krossinn um þetta fé. Hann mun ekki hafa það mikið úr að spila og hefur ekki talið sér fært að greiða þetta, þannig að lagt er til, að það verði gefið eftir.

Á þskj. 243 eru nokkrar brtt., sem ég vil víkja að með nokkrum orðum. Ég mun víkja síðar að 1. brtt., en 2. brtt. er um smávægilega hækkun á fjárveitingu til umbúðasmiði

fyrir fatlaða, eða um 6000 kr. hækkun, sem er eftir ósk, sem hefur komið fram vegna þess, að við skiptingu á þessu fé þykir sýnt, að ekki nægi að fullu sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, til að mæta þeim þörfum, sem hér eru taldar vera fyrir hendi.

Þá er 3. brtt., hún er aðeins þess efnis að taka inn í fjárlögin laun þjóðgarðsvarðar. Þau hafa verið greidd til þessa, en þó á þann hátt, að fráfarandi þjóðgarðsvörður var jafnframt Þingvallaprestur og tók aðeins laun sem slíkur. En nú er allt óákveðið um, hvernig verður í því efni, og núverandi þjóðgarðsvörður er ráðinn til Þingvalla fyrst og fremst sem þjóðgarðsvörður, og verður því ekki hjá því komizt að áætla laun hans, og eru þau reiknuð á sama hátt og þau áður voru og eru óbreytt.

Þá eru hér nokkrar brtt. við 22. gr. frv. Það eru í fyrsta lagi tvær till., sem varða síldveiðarnar, og er önnur þess efnis að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi. Það hefur mjög verið sótt á um það að gera þar margvíslegar endurbætur og aukningu á þeim verksmiðjum, og samkvæmt mati ríkisstj. á þeim till. hefur n. talið rétt að fallast á þá till. hennar, að hún fengi heimild til þess að veita allt að 10 millj. kr. ábyrgð vegna þessara framkvæmda, en þó ekki sundurliðað á þessu stigi á einstakar verksmiðjur, þar sem talið er nauðsynlegt að kanna það betur, hvaða framkvæmdir þar séu brýnastar. Og er þá fyrst og fremst hugsunin sú að gera þær verksmiðjur, sem þar eru nú, starfhæfar að fullu, þ. e. a. s. að gera á þeim þær umbætur, að eðlilegt hlutfall verði milli afkastagetu þeirra og t. d. geymslurýmis, bæði fyrir háefni og unnar vörur, en síður verði farið út í það að stækka þessar verksmiðjur beinlínis. Hins vegar er svo a-liðurinn í þessari brtt. þess efnis að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 1/2 millj. kr. vegna tilrauna, sem síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri hafa hugsað sér að gera á næsta sumri til þess að flytja síld af fjarlægum miðum til þessara verksmiðja. Hér er um afkastamiklar verksmiðjur að ræða, sem hafa ekki verið nýttar nema að mjög litlu leyti að undanförnu, m. a. vegna þess, að síldin hefur færzt svo austarlega á miðin, að skip hafa ekki lagt í að sigla alla þessa leið, og hafa því notin af þessum verksmiðjum orðið miklu minni en ella hefði getað orðið. Og ég held, að það hljóti að verða talið eðlilegt og skynsamlegt þjóðhagslega, áður en verður ráðizt í margar nýjar verksmiðjur, að stuðla að því, að nýttar séu sem bezt þær verksmiðjur, sem fyrir eru, og því er talið rétt að styðja þá tilraun, — þetta er fyrst og fremst tilraun, — sem hér er um að ræða, til þess að flytja síld í stórum skipum úr síldarskipunum, þar sem þau eru á veiðum fjarri verksmiðjunum. Þetta mundi spara mjög tíma fyrir síldarskipin, veiðiskipin, og ef vel tekst til, væri á þennan hátt hægt tvímælalaust að fá mjög hagkvæma niðurstöðu á það vandamál, sem jafnan hefur verið í sambandi við móttöku síldar.

5. brtt. n. er um að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f á Ísafirði til byggingar nýrrar dráttarbrautar. Þannig er ástatt, að þarna er skipasmíðastöð og dráttarbraut, en getur aðeins tekið upp minni fiskiskip, og það er nú engin dráttarbraut á Vestfjörðum öllum, sem getur tekið upp stærri skip en 70 lestir. Er stækkun þessarar dráttarbrautar við það miðuð, að hún geti tekið allt að 400 lesta skip, og er þá gert ráð fyrir a. m. k., að hægt verði að taka í slipp 250 tonna togskipin. Er gert ráð fyrir, að þessi dráttarbraut muni upp komin kosta um 5 millj. kr.

Þá er 6. brtt. n. um að heimila ríkisstj. að verja allt að 3.5 millj. kr. af andvirði fiskiðjuvers ríkisins til byggingarframkvæmda við rannsóknarstofnun sjávarútvegsins, sem hefur verið í smíðum nú undanfarið og er nú komin á lokastig. En þannig standa sakir með byggingu þessa, að með þeim fjárráðum, sem nú eru fyrir hendi, mundu þessar lokaframkvæmdir stöðvast að verulegu leyti, vegna þess að nú þegar hefur verið unnið fyrir 6.6 millj. kr. af lánsfé, en heildarbyggingarkostnaður til þessa hefur verið 16.4 millj., og þessi lán verður að borga nú alveg á næstunni, þannig að meginhlutinn af tekjum stofnunarinnar mundi fara til niðurgreiðslu á þessum lánum. Það er hins vegar hin brýnasta nauðsyn að koma þessari byggingu áfram, sérstaklega þannig, að rannsóknarstofurnar geti tekið til starfa. Hv. þm. öllum er vel kunnugt um, hvaða vandamál nú er sérstaklega við að glíma í sambandi við skemmdir í fiski og ýmis mistök, sem þar eiga sér stað, og það er einmitt ætlunin að hraða þessum byggingarframkvæmdum svo, að rannsóknarstofan geti sinnt þessu vandamáli miklu betur en gert hefur verið til þessa, þar sem hefur skort nauðsynlega aðstöðu til þess, og er einmitt lögð áherzla á það af hálfu Þórðar Þorbjarnarsonar, forstöðumanns þar, sem hefur sent álitsgerð um þetta mál, að ef hægt verði að fá þessa fjárveitingu og ljúka þessum byggingarframkvæmdum og útvega þau tæki, sem til þarf, muni rannsóknarstofunni verða fært að búa sig þeim tækjum og þeirri aðstöðu, að hún geti leyst af hendi það mjög mikilvæga hlutverk, sem hún þarf að sinna á þessum vettvangi. Það hefur því þótt rétt að verða við því að heimila ríkisstj. að verja 3.5 millj. kr. af andvirði eigna fiskiðjuversins til þess að sinna þessu hlutverki. Eins og menn muna, var það eitt af hlutverkum fiskiðjuvers ríkisins að verða tilraunamiðstöð um fiskverkun. Nú er það úr sögunni, og þykir þess vegna eðlilegt, að rannsóknarstofu Fiskifélagsins verði gert kleift að taka upp þetta verkefni, og það er einmitt hugsunin með þessum framkvæmdum, að hún geti leyst þann vanda af hendi.

Þá er hér loks 7. brtt. n. um það, að ríkisstj. veiti aðstoð sína samtökum í Skagafirði, til

þess að þau geti tryggt sér merkilegt bókasafn, sem þar er til sölu, bókasafn, sem séra Helgi heitinn Konráðsson prófastur átti og safnaði af mikilli natni og er af fróðum mönnum talið mjög merkilegt safn. Það hefur verið mikið áhugamál hjá Skagfirðingum að tryggja sér þetta safn heima í héraði og þá helzt að það yrði lagt til Hólastaðar og það væru mynduð samtök heima í héraði nú til þess að afla fjár í þessu skyni. En þar sem svigrúm hefur ekki verið til þess að ganga frá því sem skyldi, hefur verið leitað eftir því, að ríkisvaldið veitti nokkra fyrirgreiðslu í þessu efni og veitti þá jafnframt einhvern styrk, til þess að hægt væri að komast yfir þetta safn, og er till. við það miðuð að verða við þeim tilmælum.

Þá er hér till. frá meiri hl. fjvn., — ég vil biðja hv. þm. að leiðrétta það, það er á þskj. 244, þar stendur: frá minni hl. fjvn., en á að vera meiri hl., því að stuðningur við þessa till. er frá öllum nm. að undanskildum einum, hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), sem óskaði ekki eftir því að vera flm. að till. En svo sem hv. þm. sjá, er till. þess efnis að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna allt að 400 þús. dollara lán til þess að reisa hraðfrystistöð í Hollandi. Þessari hraðfrystistöð er ætlað að þjóna því hlutverki að auka útbreiðslu á hraðfrystum fiski á meginlandi Evrópu. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á þegar slíka stöð vestan hafs, og reynslan af þeirri stöð er talin hafa verið mjög góð og að þetta sé mjög nauðsynleg framkvæmd til þess að geta aukið markaði okkar fyrir hraðfrystan fisk í Vestur-Evrópu. Það er gert ráð fyrir því, að verksmiðja þessi kosti upp komin tæpar 523 þús. dollara og af þessari upphæð muni Sölumiðstöðin þurfa að fá að láni um 400 þús. dollara, sem hún er nú að leita eftir. En til þess að hún geti fengið það lán, mun vera nauðsynlegt, að hægt sé að veita á því ríkisábyrgð. Og miðað við það, að heildarkostnaður stöðvarinnar verði um 5 millj. kr. íslenzkum hærri en nemur þessum 400 þús. dollurum, þykir ekki óeðlilegt að veita ríkisábyrgð fyrir allri þeirri upphæð, en miðað við þá miklu nauðsyn, sem er á því að tryggja okkur aukna markaði, er að sjálfsögðu mikilvægt að greiða fyrir því, að úr þessum framkvæmdum geti orðið hjá Sölumiðstöðinni.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim till. við útgjaldabálk frv., sem n. öll flytur eða meiri hluti hennar. Er þá aðeins eftir ein till., sem er 1 millj. kr. hækkun á áætluðum tekjum af leyfisgjöldum, þ. e. a. s. sú tekjuáætlun verði hækkuð úr 52 millj. í 53 millj.

Niðurstöður á fjárlögum, ef samþ. yrðu till. þær, sem fjvn. öll stendur að, og jafnframt till. meiri hl. fjvn., sem að vísu hefur ekki áhrif á þessa niðurstöðu heldur, en engar aðrar, og jafnframt einnig till. samvn. samgm., sem liggja hér fyrir á sérstöku þskj., 227, þá mundi hækkun útgjalda frá 2. umr. verða 11307244. Greiðsluafgangur á fjárlfrv. eftir 2. umr. var 10950932 kr., og að öðru óbreyttu mundi greiðsluhalli verða 356312 kr. En með því að hækka, eins og n. hefur hér gert, áætlaðar tekjur af leyfisgjöldum um 1 millj. kr., sem er sá eini tekjustofn, sem fært þótti að hækka, — hinir höfðu verið hækkaðir svo sem fært þótti við 2. umr. frv., — með því að hækka þennan tekjustofn um 1 millj., mundi verða 643688 kr. greiðsluafgangur eftir 3. umr.

Við 2. umr. málsins var mikið um það rætt, hvort fært þætti að hækka meir tekjuáætlunina en gert var þá. Sé ég ekki ástæðu til að orðlengja eða vekja upp aftur þær umr., nema frekara tilefni gefist til, en vil hins vegar vekja athygli á því, að við 2. umr. var eftir skilinn um 11 millj. kr. afgangur á fjárlfrv. til þess að mæta óvæntum greiðslum. Nú er þessi greiðsluafgangur horfinn, og eftir öllum horfum að dæma, sem meiri hl. n. taldi að mundu verða um tekjumöguleika ríkissjóðs á árinu 1960, þá er ekkert fé eftir skilið til þess að mæta umframgreiðslum nema sú upphæð, sem sérstaklega hefur verið tekin inn í fjárlfrv. í 19. gr. til þess að mæta óvissum útgjöldum, og önnur upphæð, sem tekin hefur verið þar einnig, um 5 millj. kr., til þess að mæta sérstökum útgjöldum vegna 22. og 23. gr., sem hefur ekki áður verið áætlað fyrir í fjárlögunum sjálfum.

Sakirnar standa því þannig, að miðað við það, að innflutningur fari ekki fram úr því, sem gert er ráð fyrir í sambandi við greiðslujafnaðaráætlunina að hann geti mestur orðið á árinu 1960, þá er ekki upp á neitt að hlaupa til þess að mæta umframgreiðslum. — Því hefur verið haldið fram hér, að innflutningur mundi hljóta að verða mun meiri. Um þetta er ekki gott að segja. Það eitt er hægt að vita nokkurn veginn á þessu stigi, hvaða gjaldeyrismöguleika við höfum. Ef svo fer, að hægt verði að öllu leyti að halda sér innan þeirra marka, sem að er stefnt, að ekki komi til viðskiptahalla við útlönd á þessu ári, þá eru möguleikarnir ekki meiri. Hvort svo kann að fara, að einhver yfirdráttur verði einnig á þessu ári vegna aukins verzlunarfrelsis og að ekki hefði jafnað sig eftirspurnin eftir vörum seinni hluta ársins, það er erfitt um að segja. En ég endurtek það, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að það væri vitanlega hið mesta glapræði að ætla að fara að miða útgjöld ríkissjóðs við það, að tekjur kynnu að fara eitthvað fram úr áætlun af þessum ástæðum, því að þar væri þá aðeins um bráðabirgðaástand að ræða, sem ekki gæti orðið nema á þessu ári, ef til kæmi, ef við reiknuðum með að öðru leyti, að þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar til þess að koma viðskiptum og fjármálum þjóðarinnar á réttan kjöl, takist.

Það verður því, miðað við það sem vitað er um í dag, að telja, að með þeirri afgreiðslu, sem nú er á fjárlfrv., sé stefnt á mjög tæpt vað varðandi möguleika á því, að afkoma ríkissjóðs geti raunverulega orðið greiðsluhallalaus á þessu fjárhagsári.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið á þessu stigi. Ég hef gert hér grein fyrir brtt. þeim, sem n. öll flytur og meiri

hl. hennar, og vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að fjárlagafrv. verði samþ. með þessum breytingum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun að þessu sinni aðeins tala hér fyrir brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 242, I. og V. brtt. á því þskj.

V. brtt. fjallar um það, að laun til skálda, rithöfunda og listamanna séu hækkuð úr þeirri 1 millj. 260 þús., sem þau eru nú í á fjárl., og upp í 2½ millj. Það hefur löngum verið allmikið baráttumál hér á Alþingi, hvað af tekjum ríkisins ríkisvaldið treystir sér til þess að greiða til skálda, rithöfunda og listamanna, og það eru e. t. v. einhverjar eftirminnilegustu umr., sem fram hafa farið á Alþingi forðum daga, þegar um þetta var barizt, sérstaklega á meðan Ísland var fátækt land og íslenzkur ríkissjóður hafði ekki úr eins miklu að moða og nú er. Og ég held, að það sé fyllilega nauðsyn, að hv. alþm. geri sér nokkuð ljóst, hvernig komið er í þessum málum nú, miðað við það, sem var forðum daga og hefur orðið allt að því illræmt í okkar sögu.

Ég veit, að allir hv. þm. muna eftir þeim styr eða kannast við þann styr eða hafa lesið um hann, sem stóð um þau eftirlaun eða skáldalaun, sem Þorsteini Erlingssyni voru greidd, 600 krónurnar, sem hann fékk hér á Alþingi og kostuðu nokkra baráttu og þóttu lítið, það lítið, að hann hefur sjálfur gert það eftirminnilegt í sínum kveðskap, þegar hann talar um:

„Sex hundruð krónum svo leikandi list
mun landssjóður tæplega neita,"

þegar hann var að fala Jónas Hallgrímsson til baka til Íslands, þá veit ég, að mönnum mun ekki þykja slíkar upphæðir sérstaklega miklar nú.

Hvernig eru fjárveitingarnar, sem nú eru samkv. 14. gr. B, sú 1 millj. og 260 þús., sem nú er úthlutað til skálda og listamanna af þar til kjörinni nefnd? Heiðurslaunin eru þar 33 þús. kr., fyrsta flokks skáld og listamenn fá þar 20 þús. kr. Fyrir rúmum 50 árum, þegar Þorsteini Erlingssyni voru veittar 600 kr., sem eftirminnilegt er orðið, var tímakaup verkamanna 25 aurar um tímann, og ef menn hafa blaðað í þeim blöðum, sem Þorsteinn gaf út, sjá menn þar auglýsingar, þar sem hann er að auglýsa, að hann taki að sér að kenna dönsku, ensku og fleiri mál fyrir 25 aura um tímann. 600 kr. voru á þessum tíma sama sem 25 aura laun fyrir 2400 klst. Verkamannalaun með því verkamannakaupi, sem nú er, mundu fyrir sama klukkustundafjölda vera 48 þús. kr. M. ö. o. það, sem mönnum nú þykir hafa verið lítið og lélega gert við Þorstein Erlingsson og fleiri á þeim tímum, hefur nú minnkað svo í meðförum, að ekki einu sinni heiðurslaun komast neitt nærri því að jafnast á við það, og 1. flokks launin eru orðin helmingi minna en þetta var, og það á tíma, sem Ísland þó er ríkt og ríkissjóður Íslands hefur úr allmiklu að moða. Ég held þess vegna, að það væri tími til kominn, að framlög ríkissjóðs til skálda og listamanna yrðu hækkuð, þannig að við stöndum þó a. m. k. ekki verr gagnvart skáldum okkar og listamönnum en þeir fátæku forfeður okkar stóðu, sem á árunum 1900—1912 voru að úthluta úr fátækum ríkissjóði Íslands þá, og gerðu þó betur við þá umdeild skáld, þó að það þætti þá lélegt og þyki enn, heldur en við gerum við þau núna. Ég held þess vegna, að við ættum að gera þeirri n., sem kosin er til þess að úthluta þessu, mögulegt að hækka það og það svo að um munar, t. d. tvöfalda framlögin til þessara skálda, listamanna og rithöfunda, og gerðum við þá þó ekki meira en að jafnast á við þann styrk, sem veittur var til Þorsteins Erlingssonar fyrir rúmri hálfri öld og þótti svona lélegur þá.

Nú vill máske einhver segja, að það dugi ekki á þeim sparsemdar- og ráðdeildartímum, sem nú kváðu vera að renna upp, að hætta á að láta verða tekjuhalla hjá ríkissjóði, jafnvel þó að ríkissjóður vildi gera vel við skáld og listamenn. Ég hef þess vegna, ekki sízt máske með tilliti til þess, sem hv. frsm. fjvn. áðan var að áminna um, að ekki mætti skapa tekjuhalla við þessa 3. umr., — ég hef þess vegna viljað, ef mönnum þætti stofnað í of mikla tvísýnu afkomu ríkissjóðs með því að ætla skáldum og listamönnum 2½ millj., gefa mönnum kost á að spara fé á öðrum lið.

Á 10. gr. fjárl., þeim hluta þar, sem til utanríkismála fer, er áætlaður allríflegur kostnaður til ýmissa sendiráða, og ég held, að það Ísland, sem þykist ekki geta gert eins vel við ýmis sín skáld og listamenn og gert var þó við Þorstein Erlingsson 1910 eða þar í kring, ætti þá að athuga mjög alvarlega, hvort það lifir ekki um efni fram á vissum sviðum öðrum. Hér eru t. d. í einni borg Evrópu, í landi, sem við höfum þó lítil viðskipti við, í París, í fyrsta lagi eitt sendiráð, sem kostar nú 2½ millj. kr., og í sömu borg er skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC og kostar 1.168 millj. kr. M. ö. o.: kostnaðurinn af skrifstofunni hjá NATO, hjá Atlantshafsbandalaginu, og OEEC er nokkurn veginn sami og allt það fé, sem Ísland sérstaklega veitir til að úthluta til sinna skálda, listamanna og rithöfunda. Kostnaðurinn við sendiráðið í París er út af fyrir sig eins og allt það fé, sem ég legg til að veitt sé í þessu skyni. Ég held, með fullri virðingu fyrir öllu okkar „býrókratíi" og öllum okkar sendiráðum, að þá mætti skera annað af þessu niður og fela því, sem eftir væri, að gæta og framkvæma verkefni hins.

Ég hef þess vegna gert það að minni till. I á þskj. 242, að liðurinn „skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC" verði felldur niður. Þar með er ég að vísu ekki að gera till. um, að við höfum endilega engan aðila, sem annast þessi verkefni, sem sú skrifstofa hefur haft, þó að ég mundi ekki gráta neitt, að það væri lagt niður. En meðan meiri hl. hér á Alþ. vill viðhalda því sambandi, þá held ég það sé ekki ofverk sendiráðsins í París að annast það líka, ekki sízt meðan það sendi-

ráð er það dýrasta af öllum sendiráðum, sem við höfum.

Ég held þess vegna, að hér sé hægt að spara, án þess að Ísland missi nokkurs í við þetta, og mundi mér náttúrlega vera sama, hvort þetta héti heldur það, að skorið væri niður við sendiráðið í París eða þetta tvennt væri fellt saman eða hvernig sem menn vildu hafa það. Ég bendi aðeins á hitt, að það er hægt að spara þarna þá 1.2 millj., sem ég legg til að bætt sé við þau laun, sem Ísland ætlar skáldum sínum, rithöfundum og listamönnum. Ég held satt að segja, að það sé fyrir okkur að lifa yfir efni fram og eyða og sóa, ef við erum að flotta okkur með svona mörg sendiráð og höfum komizt jafnvel upp í tvö sendiráð í einni borg, en segjum á sama tíma, að við höfum ekki efni á að leggja meira fram til þess, sem heldur þó fyrst og fremst nafni Íslands uppi úti um allan heim, til skálda okkar, rithöfunda og listamanna.

Ég held, að það sé þess vegna engin afsökun til fyrir því að fella till. mína nr. V á þessu þskj., og hef ég þó borið þar fram till. til vara, sem er nokkru lægri, ef menn skyldu ekki vilja vera svo rausnarlegir að reyna að komast þangað, sem forfeður okkar komust fyrir 50 árum, — komast þangað með tærnar, sem þeir höfðu hælana.

Það hefur verið svo og hefur kveðið nokkuð mikið við, sérstaklega á þessu þingi, að þjóðin hafi lifað yfir efni fram. En þess hefur lítið orðið vart, að ríkið sjálft sýni einhverja viðleitni að spara við sjálft sig í þessu efni, og liggur næstum við, að það fari að verða nokkurs konar flottræfilsháttur á okkur, þegar við erum farnir að setja, eins og hér er gert, um 22 millj. í meðferð utanríkismálanna hjá okkur og þykjumst ekkert af því geta sparað. A. m. k. höfum við ekki efni á að gera svona hlut, á sama tíma sem við skerum við nögl okkar það, sem við viljum láta skáldum okkar, rithöfundum og listamönnum í té.

Ég vil þess vegna alveg eindregið mælast til þess, að hv. alþm. geti fallizt á að samþ. V. brtt. mína á þskj. 242 um hækkun á styrknum til skálda, rithöfunda og listamanna. Hvort þeir vilja gera það með því að spara um leið eitthvað fyrir ríkissjóð eða án þess, það læt ég mér nokkuð í léttu rúmi liggja, en hef bent á möguleikana til þess, ef menn kærðu sig um það. Ég held það sé ekki vansalaust fyrir það þing, sem gert hefur aðrar eins ráðstafanir og þetta þing hefur gert til þess að auka dýrtíð í landinu, að láta sitja við það sama um styrkinn til þess, sem fyrst og fremst heldur nafni Íslands og heiðri Íslands á lofti gagnvart öðrum þjóðum.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að gera grein fyrir aðild okkar fulltrúa Framsfl. að till. þeim, sem hv. formaður fjvn. lýsti hér áðan.

Eins og við 2. umr. fjárl. flytur n. sameiginlega meginhlutann af þeim till., sem fluttar eru. Við tókum fram við afgreiðslu á þeim till., sem eru sameiginlegar frá n. nú við 3. umr., að við hefðum sama fyrirvara og við 2. umr., en þó mun það vera svo, að við munum styðja þær flestallar. Hins vegar áskildum við okkur rétt til þess að styðja brtt., sem fram kynnu að koma, eða leggja fram brtt.

Um þessar till., sem þarna eru á ferðinni, hef ég lítið eitt að segja til viðbótar því, sem form. greindi hér áðan, en ég vil geta þess í sambandi við till. um Akraneshöfnina, að út af fyrir sig er ég ánægður með þá niðurstöðu, sem þar hefur fengizt. Við 2. umr. fjárl. lýsti ég því, hvaða vandræði hefðu skapazt hjá höfninni, og hefur það mál síðar verið rætt í hópi okkar þm. Vesturlands. Niðurstaðan, sem hefur svo orðið, er sú, að fjvn. flytur nú á þskj. 241 till. um að hækka framlag til hafnarbótasjóðs um 1½ millj. vegna Akraneshafnar. Með sömu fjárveitingu á fjárl. nú og í fyrra og sama framlagi hafnarbótasjóðs sem þá var, 300 þús. kr., þá svarar það til þess, að framlögin í heild bæti það skakkafall, sem höfnin verður fyrir á þessu ári vegna gengisfallsins. Það er út af fyrir sig nokkur lausn á þessu máli, þó að það sé ekki fullkomið, og munum við ekki flytja frekari till. í sambandi við það mál.

Þá hefur fjvn. nú tekið upp till. okkar um framlag til kirkjubyggingasjóðs. Er það að vísu aðeins lægri upphæð en við fulltrúar Framsfl. lögðum til við 2. umr. fjárl., en það sama er hér að segja, að við munum ekki gera frekari till. og sætta okkur við það, sem orðið er, og teljum þessa úrlausn viðunandi, þó að upphæðin sé lítið eitt lægri en við fórum fram á.

Þá hefur fjvn. einnig tekið upp aukið framlag til vatnsveitna, en við tókum till. okkar um það aftur við 2. umr. fjárlaga. Að vísu fórum við fram á mun hærri fjárveitingu til vatnsveitnanna en hér er lagt til, en okkur er ljóst, að þó að farið væri að flytja frekari till. nú, er lítil von til þess, að hún næði fram að ganga, svo að við munum ekki flytja brtt. um þessa fjárveitingu.

Upp hefur verið tekinn nýr liður vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Um þann lið er það að segja, að okkur er ekki kunnugt um, hvort þessi fjárveiting muni nægja til þess að standa straum af því ákvæði framleiðsluráðslaganna, er um útflutninginn fjallar. Eftir því sem ég þó bezt veit, mun hafa verið áætlað, að þessi fjárþörf væri 13 millj. kr., og samkvæmt þessu er þá gert ráð fyrir því, að útflutningssjóður annist greiðslu á 8 millj. af þessari áætluðu tölu. En hér er um áætlun að ræða, og er þess vegna á þessu stigi málsins ekki hægt að gera breytingu á því. Hins vegar er vitað, að ríkisstj. er bundin við að greiða það, sem þörf er á, í sambandi við útflutninginn.

Við flytjum á sérstöku þskj., framsóknarmenn í fjvn., aðeins tvær till.

Er það í fyrsta lagi að hækka tekjuhlið fjárl. um 11 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að sú hækkun verði á söluskattinum. Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till., er sú, að einstakir þm. flokksins tóku aftur til 3. umr.

till., sem þeir fluttu þá, og munu endurflytja nú og er þessi till. miðuð við það að mæta þeim útgjöldum, sem skapast, ef þeirra till. eru samþykktar.

Í öðru lagi er það, að við flytjum till. um að taka upp nýjan lið, sem er vegna ræktunarsambandanna, til að kaupa jarðræktarvélar, og sá liður sé 2 millj. kr. Við fluttum hér við 2. umr. till. um, að þetta yrðu 3 millj., en sú till. var felld. Það var von okkar, að hæstv. ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að þessi liður yrði tekinn inn á fjárl. ársins 1960. Meðmæli hæstv. landbrh. voru með þessari till. til fjvn., þegar óskað var eftir því, að hún tæki hana upp. Eftir því sem við höfum kynnt okkur, munu nú liggja fyrir beiðnir um að fá innfluttar 14 jarðræktarvélar á yfirstandandi ári. Að vísu má gera ráð fyrir því, að nokkur ræktunarsambönd kippi að sér hendinni um innflutning á þessu ári vegna þeirra geysilegu verðhækkana, sem hafa orðið á vélunum, en það er með öllu óhugsandi, að þessi styrkur geti fallið niður eða innflutningurinn með öllu fallið niður. Mér er kunnugt um það úr minni heimabyggð, að þar er ástandið þannig, að þessi starfsemi, jarðræktarstarfsemin, leggst að meira eða minni leyti niður, ef ekki koma til nýjar jarðræktarvélar. Það er því alveg óhugsandi þrátt fyrir þær aðgerðir, sem hafa verið gerðar í efnahagsmálunum, að fella niður með öllu styrk til að kaupa nýjar jarðræktarvélar, auk þess sem veittur hefur verið styrkur á tæki, sem þessar vélar hafa notað, eins og herfi og plóga, og ætti þá með öllu að falla niður allur slíkur innflutningur árið 1960. Ég hef ekki trú á því, að hæstv. ríkisstj. geri ráð fyrir því, að þetta geti orðið. Þess vegna var það von okkar, að hún mundi beita sér fyrir að taka þessar till. upp, en fyrst svo er ekki, gerum við till. um, að teknar verði 2 millj. kr. í þessu skyni, og það er trú okkar, að það geti ekki farið hjá því, að hv. þm. fallist á þau rök okkar, að það sé óhugsandi, að ofan á verðhækkanirnar, sem orðnar eru, verði styrkurinn felldur niður. Það er alveg óhugsandi að láta sér detta það í hug, að þannig sé hægt að framkvæma þetta. Það er ekki heldur hægt að trúa því, að meiri hl. hv. þm. sé kominn á þá skoðun, að ræktunarstarfsemi í landinu eigi að falla niður. Þess vegna er það trú okkar, að þessi till. nái fram að ganga, og ég skora á hv. þm. að endurskoða afstöðu sína til þessa máls, því að hér er á ferðinni mál, sem ekki er hægt að hunza eins og hér á að gera, og er óhugsandi, að hv. þm. geti greitt atkv. gegn þessu að athuguðu máli.

Fleiri till. munum við fulltrúar Framsfl. í fjvn. ekki bera fram að þessu sinni. Við afgreiðslu á fjárl. við 2. umr. var í raun og veru gert upp á milli þeirrar stefnu, sem ræður ferðinni um afgreiðslu fjárlaga, og okkar. Við lögðum fram till., sem miðuðu að því, að uppbyggingin í landinu og framlag til atvinnuvega yrði með svipuðum hætti og verið hefur á fjárl. undanfarinna ára. Hins vegar var stefna hæstv. ríkisstj. á annan veg, hún var niðurskurðarstefna, og þess vegna náðu þessar till. ekki fram að ganga. Við munum því ekki fara að þreyta hér kappræður né atkvgr. um þessa höfuðstefnu aftur, það er liðið hjá.

Um það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til 3. umr., er annars það að segja: Við sýndum fram á það við 2. umr., að tekjuáætlun fjárl. væri gerð óraunhæf, þar sem hún væri mun lægri en reynzt hefði 1958 af sama innflutningi, og ef þetta er athugað nánar, kemur það í ljós, að þessi fjárhæð er á þriðja hundrað millj. kr., og ég held því fram, að það sé ekkert sérstætt eða óvenjulegt, sem gerist, þó að innflutningur á árinu 1960 verði svipaður og var 1958. Það er ekki hægt að halda því fram, að það séu sérstök atvik, sem þar eru til staðar, eins og fram kom hjá hv. formanni fjvn., þótt það gerist. Hins vegar er þessi tekjuáætlun miðuð við verulegan greiðsluafgang, sem er einn liður hjá hæstv. ríkisstj. í þeirri kyrrstöðu- og samdráttarstefnu, sem hún beitir sér fyrir.

Þá er það að segja um frv. um tekjuskattinn, að okkur fjvn.-mönnum Framsfl. er með öllu ókunnugt um, hvernig það frv. verður úr garði gert, það hefur ekki sézt hér á hv. Alþ., svo að það er ekki hægt að vita, hvort áætlun á tekjuskatti er miðuð við það.

Ef við lítum á þróun fjárl. nú um nokkurt skeið, þá er augljóst, að þessi fjárl., sem hér eru á ferðinni nú, eru þau hæstu, sem nokkurn tíma hafa sézt hér á hv. Alþ. Miðað við rekstarútgjöld ársins 1959, hækka fjárl., — miðað við það, að till. meiri hl. verði samþ., — um 437 millj. kr., eða um 46%. Heildarniðurstöðutölurnar hækka um 480 millj. kr. út og inn á fjárlögunum. Hér er geysileg hækkun á ferðinni. Og til þess að vera nú sanngjarn við hæstv. ríkisstj., hef ég líka sett þessa mynd upp þannig að bæta við niðurstöðu fjárl. 1959 öllum greiðslum, sem fóru til niðurgreiðslna í gegnum útflutningssjóð, eða þeim 112.9 millj., sem eru umfram það, sem var á fjárl. 1959. Þegar það er gert, er hækkun á fjárl. 324.3 millj. kr., eða 34—35%. Hér er þá búið að taka það verkefni, sem ríkissjóður tekur nú við af útflutningssjóði. Þetta er því heildarmyndin í samanburði á fjárl. s. l. ár og þeim, sem nú eru á ferðinni.

Það er því ástæða til að spyrja: Hver er ástæðan fyrir þeirri hækkun, sem á sér stað á fjárl.? Er það þörf atvinnuveganna og uppbyggingin í landinu, sem krefst þessarar hækkunar, og er það vegna þeirra, sem þetta er gert? Ég hef tekið hér samanburð á fjárlögum frá og með árinu 1950 og þeim fjárlögum, sem nú á að fara að afgreiða, og þá hef ég tekið saman það, sem varið er til verklegra framkvæmda, en þar á ég við til samgangna á landi, til hafna, til skóla, enn fremur raforkumála og framlag til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda á 20. gr. Þetta 11 ára tímabil sýnir það, að á árunum 1950—58, að báðum meðtöldum, hefur um 28.5% af heildarútgjöldum fjárlaganna verið varið í þessu skyni. Þetta hefur orðið mest um 31.8% og svo niður

í tæplega 27%, en flest árin hefur þetta verið mjög svipað. En árið 1959 verður veruleg breyting á þessu, því að þá lækkar þetta niður í kringum 21%, og á því fjárlagafrv., sem nú á að fara að samþykkja sem fjárlög íslenzka ríkisins fyrir árið 1960, er þetta komið niður í 19.7%. Þessi þróun er að minni hyggju uggvænleg, og mér finnst, að um þetta megi segja það, sem hæstv. núv. sjútvmrh. sagði haustið 1958 um fjárlögin í heild, að það væri uggvænlegt og stefndi í fullkomið óefni.

Við fjárlagaafgreiðsluna 1959 bentum við framsóknarmenn á það, að sú stefna, sem þá var tekin upp, væri ekki stefna, sem þjóðin ætti að fara í fjármálum. Á því ári voru niðurgreiðslur meira en tvöfaldaðar og dregið verulega úr framkvæmdafénu og stuðningi við atvinnuvegina, svo sem ég hef hér sýnt fram á. Nú er svo komið, að áætlað er í fjárlfrv. 1960, að til niðurgreiðslna verði varið 302 millj. kr. Sundurliðun á niðurgreiðslu, eins og hún var áætluð 1959, hef ég hér hjá mér. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur vegna sjúkrasamlagsgjalda nemi um 15.6 millj. kr. miðað við 10 mánaða tímabil, eða um 18 millj. kr. miðað við heilt ár. Þessar niðurgreiðslur voru þó ekki nema um 150 kr. fyrir hvern mann á landinu, er sjúkrasamlagsgjöld greiðir. En það kostaði ríkið í heild yfir 18 millj. kr., ef miðað er við heilt ár. Þetta dæmi sýnir, að þessi stefna er ekki sú stefna, sem íslenzka þjóðin á að fara. Ég er sannfærður um, að það er meira virði fyrir íslenzku þjóðina að nota þessar 18 millj. kr. til þess að byggja upp í sínu landi, þar sem svo margt er ógert eins og hjá okkur, heldur en að spara einstaklingnum 150 kr.

En því miður er áfram haldið á þeirri braut, sem mörkuð var við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra. Og nú er sporið stigið enn þá stærra, þar sem niðurgreiðslurnar eru nú komnar yfir 300 millj. kr., og í beinu sambandi við þetta má einnig telja þann lið, breytingar á tryggingalöggjöfinni, er snýr að fjölskyldubótum, þar sem ætlazt er til að gefa með 1. og 2. barni. Fjárhæð til þeirra framkvæmda er áætluð um 98 millj. kr. Þetta er gert á sama tíma sem er verið að draga úr stuðningi við atvinnuvegina og draga úr uppbyggingunni í landinu.

Það er mín skoðun, að þetta land sé nógu gott og afkoma atvinnuveganna sé einnig nógu góð til þess, að fullvinnandi hjón geti séð fyrir sínu fyrsta barni. Og ég álít, að það sé skökk stefna í fjármálum, þar sem gert er ráð fyrir því, að það sé orðið ónormalt, að hjón á bezta aldri sjái fyrir einu barni, eins og nú er ætlazt til. Þess vegna er það hyggilegri stefna og betri fjármálastefna að draga úr álögunum, sem nú hafa verið lagðar á þjóðina, til þess að afkoma fólksins sé með eðlilegum hætti og það geti sinnt því verkefni, sem hverjum heilbrigðum þegn í þjóðfélaginu er ætlað að sinna, að endurnýja sjálfa sig. En hæstv. ríkisstj. er ekki á þessari skoðun. Hún hefur búið svo að þegnum þessa þjóðfélags, að tryggingar þurfa að koma til, ef hjón eiga eitt barn. Nýja stefnan í efnahagskerfinu leyfir ekki, að þannig sé að þegnunum búið, að hægt sé að sjá sæmilega fyrir sér og sínum, ef einn nýr fjölskyldumeðlimur bætist þar við.

Sú mynd, sem blasir við við fjárlagaafgreiðsluna að þessu sinni, er þessi: Nýja efnahagskerfið, sem kemur í kjölfar stöðvunarstefnunnar, sem hefur verið lýst hér í fjárlagaumræðunum að hafi verið blekkingarstefna, skapar hærri fjárlög en nokkru sinni hafa sézt hér, meiri álögur á almenning en nokkru sinni fyrr, minni uppbyggingu en fyrr, rýrari lífskjör, meiri verðbólgu og meiri óvissu um útlitið í efnahagsmálum þjóðarinnar en nokkru sinni áður. Þetta er það viðhorf, sem blasir við við afgreiðslu fjárlaganna nú.

Við 2. umr. fjárl. um daginn sagði m. a. hv. 1. þm. Vestf., að allar aðgerðir í efnahagsmálum rynnu út í sandinn, ef þær stefndu ekki að því að auka framleiðsluna og þar af leiðandi uppbygginguna í landinu. Stefna hæstv. ríkisstj. miðar að samdrætti, hún miðar að minni framleiðslu og minni uppbyggingu. En íslenzku þjóðinni hefur tekizt að ráða svo málum sínum, að henni hefur tekizt að komast veginn frá fátækt til bjargálna. Og það er trú mín og von, að hún hafi enn þá þann þrótt að geyma, að henni takist að halda áfram á framfarabraut, en láti ekki skammsýni kyrrstöðumanna tefja þá för sína.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 242, 243 og 244, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef við ýmis tækifæri látið í ljós skoðun mína á efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj., eins og hún kemur fram í afgreiðslu mála á hv. Alþ., og sé því ekki ástæðu til þess að ræða þau mál nú, en sný mér þess í stað að því að tala nokkur orð fyrir brtt. þeim, sem við hér fjórir þm. Austf. flytjum. Þær hafa því miður ekki enn þá verið lagðar á borð þingmanna, en verða það senn, og eru að svo stöddu skriflegar brtt.

Það er þá fyrst þess að geta, að við flytjum aftur nú þær till., sem við tókum til baka við 2. umr., og vísa ég til þess, sem ég sagði þá um þær till.

Þá kemur ný till. um breyt. á þeim kafla fjárlagafrv., sem fjallar um millibyggðavegi. Eins og ég gat um við 2. umr., hafa verið veittar 900 þús. kr. af millibyggðavegafé til vegagerða á Austurlandi, en þetta fé hefur samtals numið 5 millj. og 300 þús. kr. Nú er gert ráð fyrir því í frv. að hækka þetta fé upp í 6½ millj., en Austurlandsvegum er ætluð þar aðeins 1 millj. kr., eða m. ö. o., það eiga aðeins 100 þús. kr. af þessari hækkun upp á 1 millj. og 200 þús. kr. að renna til Austurlands. Með þessu er framið mikið ranglæti gagnvart Austurlandi og hlutur þess stórlega skertur frá því, sem áður var, eins og allir sjá

af þessum samanburði. Var þó allra sízt ástæða til þess að gera þetta, þar sem vitað er, að í engum öðrum landsfjórðungi, að undanskildum Vestfirðingafjórðungi, er meira af ólögðum þjóðvegum en einmitt í Austfirðingafjórðungi, og kemur það af því, hversu vegalengdir þar eru stórkostlegar og örðugleikar þar miklir með vegagerðina. Ég á erfitt með að trúa því, að hv. meiri hl. ætli sér að standa við þessar ranglátu uppástungur, og nú viljum við hér 4 þm. af Austurlandi gera tilraun til að fá þetta leiðrétt og leggjum fram í því sambandi till. í 4 liðum.

Fyrsti liðurinn er um að veita 200 þús. kr. af millibyggðavegafé til þess að standa undir vegagerð yfir Hellisheiði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs. Hér er um afar þýðingarmikla vegagerð að ræða, en nokkuð kostnaðarsama, eins og ég upplýsti raunar við 2. umr. þessa máls, og verður lítið úr framkvæmdum, nema því aðeins að fallizt sé á að veita nokkurt fé af millibyggðavegafé nú umfram það, sem nú þegar hefur verið ákveðið annars staðar frá.

Þá leggjum við til, að fjárveiting til Austurlandsvegar vestan Lagarfljóts verði hækkuð upp í 350 þús., þ. e. a. s. um 50 þús., og fjárveiting til Austurlandsvegar sunnan Lagarfljóts verði hækkuð um 100 þús., eða í 700 þús. kr. Á báðum þessum vegum eru afar miklar framkvæmdir óunnar. Nægir í því sambandi að nefna t. d. Breiðdalsheiði, þar sem vegur er algerlega ófullnægjandi, en verið að endurbæta hann, enn fremur veginn suður á Berufjarðarströnd og inn fyrir Berufjörð, sem er ólagður á mjög stórum köflum, en þetta er á aðalleiðinni umhverfis landið og mjög mikil þörf á því, að hægt sé að herða á vegagerðinni á þessum kafla.

Þá er loks till. um að veita 200 þús. kr. af þessu fé til vegagerðar á milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar, en þar er 7 km haft ólagt. Það hefur verið samþykkt að veita nokkurt fé til þessa vegar í fjárlögunum nú þegar að vísu, en þar er um svo lága fjárhæð að ræða, að ef verulegur skriður ætti að komast á málið, þá er brýn nauðsyn á þessari viðbót, sem þarna er stungið upp á, 200 þús. kr.

Ef fallizt yrði á þessar till. frá okkur, mundi vera hægt að segja, að það væri þó nær því en áður, að Austurland byggi við svipaðan hlut og aðrir landshlutar. En ef því verður haldið til streitu að afgreiða þennan kafla fjárl. eins og nú horfir, þá er stórkostlega hallað á Austurland, eins og ég hef fært rök fyrir bæði nú og eins við 2. umr. fjárlaganna. Og slíkt getur engum dulizt, sem er kunnugur málum víðs vegar um landið, og ekki heldur þeim, sem kynnir sér þær skýrslur, sem liggja fyrir hv. fjvn. frá vegamálastjórninni um ástand veganna í landinu.

Þá vil ég minnast á till., sem við flytjum við 22. gr. fjárl. en það er um síldariðnaðinn á Austurlandi. Þær till. eru um það að heimila hæstv. ríkisstj. að taka á sig ábyrgðir til þess að koma upp síldariðnaði á Austurlandi, sem ég skal nú gera nokkra grein fyrir.

Ég held, að enginn geti efazt um, að síldin er einhver mesta auðlind, sem Íslendingar eiga aðgang að, og það er mín skoðun, að síldin verði það í æ ríkari mæli. Það er ekkert ákaflega langt síðan menn treystust lítt til þess að veiða síldina, nema hún sæist á yfirborðinu, utan það, sem menn tóku í reknet. En nú hefur síldveiðum fleygt stórkostlega fram síðustu árin, þannig að viðhorfið í þessum málum er alveg gerbreytt og á enn eftir að breytast á næstunni stórkostlega í hagstæða átt fyrir Íslendinga. Það er enginn vafi á því, að menn munu finna upp sífellt nýjar og heppilegri aðferðir til þess að vita, hvar síldin er. Og ef menn vita, hvar síldin er, munu menn finna leiðir til þess að ná henni. Ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, að þessum veiðum fleygir svo fram, að þess verður ekki langt að bíða, að það verður hægt að veiða síld í álíka óhagstæðu sjóveðri og nú er hægt að veiða þorsk í net og á línu. Þegar þessu marki verður náð, sem verður áreiðanlega mjög fljótlega, verður enn bylting í þessum efnum frá því, sem nú er, og sjálfsagt ekki minni bylting í þessum efnum á næstu árum í þessa stefnu okkur hagstæð en orðið hefur undanfarin ár. Þá verður komið að því, að síldveiðarnar verða árvissar, a. m. k. eins árvissar og þorskveiðin er nú, og þá mun það einnig koma gleggra og gleggra í ljós, eftir því sem betra verður að fylgjast með síldinni í sjónum, að síldin er víða þar, sem menn hafa áður álitið að lítið væri um hana. Það má auðvitað búast við því, að þróunin verði sú, að það þurfi að sækja eitthvað af síldveiðunum lengra frá landinu en áður hefur verið. En með þessum nýju aðferðum, sem sumpart er búið að finna og sumpart verða fundnar alveg á næstunni, verður það mögulegt, aðeins ef menn fá stærri skip en menn hafa yfir höfuð nú.

Af þessu öllu leiðir, að það verður að endurskoða alveg verksmiðjukerfi landsmanna, og reynslan á undanförnum áratugum sýnir glöggt, að ef á að vera hægt að notfæra sér síldina vel og þá nýju möguleika, sem hafa opnazt í því sambandi, verður að vera aðstaða til þess að taka á móti síldinni, vinna úr henni, ekki aðeins á Norðurlandi, heldur einnig annars staðar við landið og þá ekki sízt á Norðaustur- og Austurlandi. Þessi svæði mundi þá aðallega eiga að nefna í sambandi við sumarsíldveiðar og sennilega líka síldveiðar á öðrum tímum árs, eftir því sem menn geta fylgzt betur með því, hvar síldin raunverulega er, þegar hún sýnir sig ekki á yfirborðinu. Eins og horfir sýnist stefna hröðum skrefum að því, að við suðvestanvert landið komi upp ný og stórkostleg síldarvertíð, og sennilega einnig við sunnanvert og suðaustanvert landið.

Nú hafa verið byggðar miklar síldarverksmiðjur á Norðurlandi og Norðausturlandi, og þannig var komið þróun þessara mála fyrir nokkrum árum, að samþykkt voru lög um, að ríkið byggði verksmiðju á Austurlandi, sunnan Langaness. En þá komu síldarleysisárin og ómögulegt var að fá nokkur samtök um að

verja nokkru verulegu fjármagni til þess að byggja upp síldariðnað. Það varð slíkt áfall, síldarleysið, að það var ekki hægt að fá neitt fjármagn til þess að byggja upp nýjan síldariðnað. Ef til vill var ekki eins síldarlaust á þessum árum og menn álitu, en menn höfðu þá ekki heldur þau tæki til þess að leita eftir síldinni, sem menn hafa núna. En hvað um það, þetta urðu síldarleysisár í reynd, og það var ómögulegt að fá nokkurt fjármagn til þess að byggja þessa síldarverksmiðju, sem átti að reisa og heimilt var að reisa á Austurlandi. Og þannig stóð þetta um nokkur ár. En Austfirðingar voru óánægðir með þetta og gátu ekki hugsað sér, að þetta stæði svona áfram, trúðu því, að það væri meira um síld við Austurland en fram kæmi. Það stafaði m. a. af því, að þar var ekki aðstaða í landi til að taka á móti síldinni og því ekki leitað eftir henni með slíkri atorku þar út af og verið hefði, ef þar hefði verið aðstaða til að taka á móti henni.

Og þar kom, að Austfirðingar hófust handa um þessi efni sjálfir og fengu stuðning ríkisvaldsins með ríkisábyrgðum. Það fékkst ekki, að síldarverksmiðjan yrði byggð eins og heimild var þó til, en þeir fengu stuðning ríkisvaldsins með ríkisábyrgðum og líka þannig, að ríkisstj. stuðlaði að því að útvega lán til þess að koma þarna upp nokkrum síldariðnaði. Seyðfirðingar riðu á vaðið og fengu ríkisábyrgð til að byggja verksmiðju, að vísu ekki mjög stóra, og síðan komu í kjölfarið Vopnfirðingar og Neskaupstaðarmenn. En vegna þess, hve erfitt var að fá fjármagn í verksmiðjur á þessum árum, var gripið til þess ráðs að fá keypt tæki í síldarverksmiðjum við Húnaflóa, sem höfðu verið ónotaðar árum saman. Þessi tæki fengust keypt og voru flutt austur og sett þar niður, og lán fengust til þess að koma þessu í framkvæmd. Og það er skemmst af því að segja, að þó að þessar verksmiðjur hafi verið byggðar mjög af vanefnum og séu í raun og veru alls ekki fullkláraðar enn, hafa þær nú þegar á þessum árum, síðan þær voru reistar, framleitt geysilega mikið og bjargað stórkostlegum verðmætum fyrir þjóðarbúið og orðið til ómetanlegs hagræðis fyrir fiskveiðiflotann. T. d. var það svo bæði s. l. sumar og árið áður, að mjög mikill hluti af þeirri síld, sem kom í bræðslu, var unninn í þessum tiltölulega litlu verksmiðjum fyrir sunnan Langanes. Sérstaklega var þetta stórfellt s. l. ár, því að þá unnu þessar litlu verksmiðjur fyrir sunnan Langanes úr 360 þús. síldarmála, og menn kunnugir síldveiðum, sem ég hef rætt þessi mál við, mjög kunnugir, álíta, að það sé lágt áætlað, að þetta hefði getað orðið 250 þús. málum meira, ef verksmiðjurnar hefðu verið nokkru stærri fyrir sunnan Langanes. Þannig var t. d. ástatt á stundum, að skip urðu að bíða í röðum marga daga, jafnvel upp í sjö daga eða lengur, eftir löndun í þessum verksmiðjum, sem þarna voru. Og oft og tíðum var það þannig, að það var ómögulegt að fara norður fyrir Langanes með hlaðin skip, því að eins og allir vita, sem hafa komið nálægt þessum málum, þarf ekkert verulegt að vera að veðri til þess, að það sé óviðráðanlegt að sigla svo langar leiðir með nokkra verulega farma af bræðslusíld.

Reynsla undanfarinna ára hefur orðið til þess, að Austfirðingar hafa fengið vaxandi áhuga, eins og eðlilegt er, fyrir því að auka síldariðnaðinn á Austurlandi, og ekki aðeins Austfirðingar, heldur hafa einnig allir þeir, sem hafa komið nálægt þessum málum, eða a. m. k. allir þeir, sem stunda sjálfar síldveiðarnar, séð það, að eitt brýnasta verkefnið í þessum málum væri það að auka bræðsluafköstin fyrir sunnan Langanes. T. d. hafa 55 þekktir síldveiðiskipstjórar skrifað undir sérstaka áskorun um, að byggð yrði ný síldarverksmiðja á Eskifirði.

Nú hafa þessi mál verið til athugunar bæði hjá heimamönnum á Austurlandi og eins hafa þm. Austfirðinga haft samráð við heimamenn um þessi efni. Eftir að hafa íhugað þessi mál vandlega og borið sig saman við menn annars staðar að af landinu, sem hafa skilning á þessu máli, skrifuðu þm. Austf. hæstv. ríkisstj. í desember og fóru fram á, að ríkisstj. beitti sér fyrir því að veita ríkisábyrgðir og aðstoð við útvegun lánsfjár til aukningar síldariðnaði á Austurlandi, í fyrsta lagi til endurbóta á þeim verksmiðjum, sem fyrir eru í Neskaupstað, Seyðisfirði og á Vopnafirði, sem eru mjög aðkallandi, þannig að það mætti auka afköst þessara verksmiðja. Í öðru lagi var farið fram á, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir nýrri, ekki mjög stórri verksmiðju á Eskifirði, annaðhvort 1500 eða 2000 mála verksmiðju. Í þriðja lagi var farið fram á, að ríkisstj. veitti ríkisábyrgð til þess að koma upp síldarvinnslu í smáum stíl í sem flestum kauptúnum á Austurlandi, og yrði yfir höfuð sú stefna á þeim stöðum að sameina síldarvinnsluna vinnslu úr fiskúrgangi, en slíkt má vel takast, þegar um lítil afköst er að ræða, en lífsnauðsyn að koma nokkurri síldarvinnslu upp alls staðar þar, sem síldarsöltun á að geta komið til greina. Það er óhugsandi, að síldarsöltun eigi sér stað, þar sem ekki er hægt að leggja upp slatta í síldarverksmiðjur til vinnslu og raunar úrgang líka frá söltuninni.

Stefnan var þess vegna sú, eins og ég hef þegar sagt, að endurbæta þær verksmiðjur, sem fyrir voru, og koma upp einni meðalstórri á Eskifirði, sbr. áskorun síldarskipstjóranna, sem ég var að lýsa, og loks að stuðla að því, að í sem allra flestum kauptúnum kæmi upp vinnsla í smærri stíl til stuðnings við söltun. Og sú áætlun, sem lögð var fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi, nam 35 millj. kr. með gamla verðlaginu.

Hér er ekki hægt að segja að sé um neinar stórfelldar framkvæmdir að ræða, þegar þess er gætt, hve mikið er í húfi og hversu geysileg verðmæti hér eru í aðra hönd, þegar þessi tæki fá hráefni og geta unnið eins og rökstudd ástæða er til þess að ætla að verði, bæði samanborið við reynsluna og hina nýju síldveiðitækni, sem ég aðeins hef minnzt á.

Við fórum fram á það, þingmennirnir, að hæstv. ríkisstj. útvegaði t. d. 20 millj. eða svo af því lánsfé, sem hún gengi í að útvega til uppbyggingar atvinnulífsins, til síldariðnaðarins á Austurlandi. Við höfum af og til átt viðræður við hæstv. ríkisstj. um þessi mál síðan og ekki fengið svör frá hennar hendi um það, hvað hún vildi gera í þessu, þangað til nú, að við höfum fengið svar, sem er að finna í brtt. frá hv. fjvn. En það er, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp — eða fjvn. í samráði við hana — að ábyrgjast lán, sem nemi allt að 10 millj. kr., til þess að endurbæta þær verksmiðjur, sem fyrir eru á Austurlandi.

Auðvitað er mjög þýðingarmikið að endurbæta þær verksmiðjur, sem fyrir eru á Austurlandi, en það er samt ekki hægt að horfa fram hjá því, að ef ekkert annað verður gert, verður ekki um neinar verulegar endurbætur að ræða í þessu máli. Og verðum við þá fyrir stórfelldum vonbrigðum og þeir, sem hér eiga hlut að máli, ef ekkert annað verður aðhafzt. Það er enginn vafi á því, að það er lífsnauðsyn bæði fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir alla þá, sem eiga afkomu sína undir síldveiðum, að afköstin eða möguleikarnir til að taka á móti síld einmitt fyrir sunnan Langanes séu auknir verulega, en ekki látið við það eitt sitja að endurbæta þær verksmiðjur, sem fyrir eru. Enn fremur er ekki hægt fremur en fyrr að taka á móti síld í þeim kauptúnum, þar sem ekki er hægt að taka á móti neinu hráefni til bræðslu. Og þess vegna höfum við leyft okkur, fjórir þm. Austf., að leggja fram þær brtt., sem ég gat um áðan. Það er fyrst brtt. um að heimila hæstv. ríkisstj. að taka ábyrgð á allt að 15 millj. kr. láni til að koma upp síldarverksmiðju á Eskifirði, þó ekki yfir 85% af andvirði, en það hefur orðið venja á undanförnum árum, að ríkisábyrgðir hafa farið upp í 85% af andvirði síldarverksmiðja. Og svo er önnur till., þar sem við leggjum til, að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán til þess að stuðla að því, að upp komi síldariðnaður í þeim kauptúnum sunnan Langaness, þar sem ekki er hægt nú að taka á móti síld til bræðslu.

Samkvæmt þessu mundi hæstv. ríkisstj. hafa í hendi sér að skoða þær áætlanir og athuga þær fyrirætlanir, sem eru á prjónunum í þessum plássum, og yrði allt framkvæmt í samráði við hana að sjálfsögðu. Eins mundi hæstv. ríkisstj. hafa það í hendi sér að ákveða, hversu mikið yrði ábyrgzt fyrir hvern stað af þessum smærri plássum, sem hugsa um að koma upp aðstöðu til bræðslu til þess að styðja að söltun o. s. frv. Er ekki ástæða til að fara út í það í einstökum atriðum nú í dag. Aðalatriðið er þetta, hvort hv. þm. vilja ekki stuðla að því, að það geti orðið stigin þessi skref til þess að byggja upp síldariðnaðinn fyrir sunnan Langanes. Það eru allt of litlir möguleikar einmitt þar til þess að taka á móti síld. Það þurfa að vera möguleikar til að taka á móti bræðslusíld svo að segja um allt landið. Þeir eru núna verulegir fyrir norðan, en ákaflega takmarkaðir fyrir austan, og það hefur orðið að stórfelldu tjóni undanfarið, hversu litlir möguleikar hafa þarna verið til þess að taka á móti síldinni. Og ef einhverjir skyldu halda, að það væri sérstök áhætta í því að leggja nokkurt fjármagn í þetta, vegna þess að þarna mundu verksmiðjur standa ónotaðar, þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég ber engan kvíðboga fyrir því, að það fjármagn næðist ekki, af þeirri einföldu ástæðu, að ég er sannfærður um, að með hinni nýju tækni í síldveiðum verður hægt að stunda síldveiði hér á allt annan hátt alveg á næstunni en gert hefur verið fram að þessu. Síldveiðarnar verða miklu árvissari en þær hafa verið. Þegar menn geta vitað, hvar síldin er, finna menn möguleika til að ná henni, þó að hún sé niðri í sjónum. Þannig verður þetta. Menn verða kannske að sækja síldina nokkru lengra en verið hefur, en þá fá menn sér bara stærri skip, og einmitt af þessum ástæðum þurfa verksmiðjurnar að vera sem allra víðast á ströndinni.

Það er alveg hiklaus stefna manna á Austurlandi að koma heldur upp síldarvinnslu á nokkuð mörgum stöðum en risastórum verksmiðjum á einum stað, vegna þess að það er miklu farsælla fyrir byggðarlögin, að þannig sé á þessu haldið, enda líka fyrir síldarútvegsinn, því að þá er svo víða hægt að leggja upp síld, bæði til söltunar og bræðslu. Á Austurlandi vilja menn ekki taka upp þá stefnu t. d. að byggja risastóra bræðsluverksmiðju á einum stað. Þó að menn kannske gætu fundið það út með því að reikna á blaði, að það væri ódýrast að fá þannig mikil afköst, vilja menn ekki aðhyllast þá stefnu, heldur hina stefnuna, að hafa verksmiðjurnar ekki risastórar, en að þær séu víðar. Þá verður mestur stuðningur að síldariðnaðinum fyrir íbúana í þessum plássum og nýtist líka langsamlega bezt fyrir flotann, því að þá er svo víða hægt að landa síld.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, þó að það sé geysilega þýðingarmikið, vegna þess að ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. þm. séu nokkuð kunnugir einmitt þessum síldarmálum, sem eru stór þáttur í okkar þjóðarbúskap. En ég vil mjög eindregið skora á hv. þm. að kynna sér þetta viðhorf og styðja okkur í því að fá þessar ábyrgðarheimildir samþykktar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 245, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að minnast á smávægis brtt. í byrjun ræðunnar. Það er viðvíkjandi vegi, svokölluðum Bugsvegi, sem liggur fram Blöndudal, sem er farið fram á 100 þús. kr. hækkun til. Það er þannig, að 50 þús. kr. eru eftirstöðvar frá fyrra ári, sem ekki var unnið fyrir. Þetta er of lítið fé til að geta fullgert veginn, og við förum fram á 100 þús. kr. í viðbót.

Enn fremur fer ég fram á 15 þús. kr. hækk-

un til vegar heim að Reykjum á Reykjabraut. Það eru veittar til hans 35 þús. kr., en við förum fram á 15 þús. kr. hækkun, því að með þeirri hækkun á að vera hægt að fullgera veginn nokkurn veginn.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessar till. verði samþ., vegna þess að við höfum fengið hógværa ábendingu um það frá formanni fjvn., að okkar till. verði ekki samþ. En ég flutti þessar till. með öðrum í þeim tilgangi, að þær yrðu kannske teknar til greina viðvíkjandi þeim 4 millj., sem ráðgert er að veita umfram til vega og fimm manna n. á að úthluta, þannig að þetta gæti verið a. m. k. til ábendingar.

Enn fremur er ég 1. flm. að till. viðvíkjandi því, að ríkissjóður gangi í 1200 þús. kr. ábyrgð vegna gistihúsbyggingar á Blönduósi. Því er þannig háttað, að veitingamanninum á Blönduósi voru sett þau skilyrði, að hann yrði að endurbæta hótelið eða hætta að reka það s. l. sumar. Hann var því tilneyddur að fara í viðbótarbyggingu. Sú viðbygging mun kosta um 1½ millj. Við förum fram á, að ríkissjóður ábyrgist 80% af þessari viðbótarbyggingu. Ástæðan til þess, að við förum fram á þetta, var sú, að fyrir lá í frv. heimild um að ganga í 20 millj. kr. ábyrgð fyrir mann, sem hyggst að byggja hótel hér í Reykjavík. Það getur verið álitamál, hvort rétt er fyrir ríkissjóð að fara að ganga í ábyrgð fyrir hótelbyggingum, en ef það er gert hér, er eins réttmætt að gera það úti á landsbyggðinni. Það er óhjákvæmilegt að hafa viðunandi hótel á Blönduósi vegna mikillar umferðar, sem þar er einkum á sumrin, og þar fara um útlendir ferðamenn, og þess vegna er jafnmikil ástæða í sjálfu sér til þess að hafa þar viðunanlegt hótel eins og hér í Reykjavík.

Ég skal ekki bera á móti því, að það geti verið nauðsynlegt og þarft að hafa hér fleiri hótel en eru, en ég veit, að það er líka nauðsyn víða úti á landsbyggðinni, og ég álít, að ríkisstj. verði að gera það upp við sig, á hvern hátt eigi að leysa þessi mál. Það má vel vera, að það sé það réttasta, að sýslufélögin eða bæjarfélögin gangi í ábyrgðir vegna svona bygginga. En ef ríkið á annað borð gengur inn á að ganga í ábyrgð fyrir eitt hótel, er ekki hægt annað en gera það fyrir fleiri. Það verður að vera einhver stefna í málinu. Það má vel vera, að eðlilegasta lausnin væri sú, að Reykjavíkurbær gengi t. d. í bakábyrgð fyrir þessar 20 millj., sem á að ganga í ábyrgð fyrir Þorvald Guðmundsson hér, og að sýslufélagið gengi í bakábyrgð fyrir hótelið, sem byggt væri á Blönduósi, en við vitum, að það er miklu auðveldara að fá lán fyrir þá, sem hafa ríkisábyrgð, heldur en þá, sem hafa ábyrgð frá einstökum sýslufélögum.

Ég býst við, að ríkisstj. muni leysa þetta á viðunanlegan hátt, þannig að annaðhvort verði hótelum úti á landi veittir hæfilegir styrkir eða greitt fyrir þeim með ábyrgðum. Það má sífellt deila um, hvað langt á að ganga í þessum ábyrgðum, og það er vitanlega ekkert vit fyrir ríkissjóð að ganga í ábyrgðir, nema það sé athugað, hvort fyrirtækið er heilbrigt og hvort það er nauðsynlegt að gera þessa framkvæmd. En ég álít, að það sé ekki hægt annað en hafa eina línu yfir allt kerfið, annaðhvort að ganga í ábyrgð fyrir þau hótel, sem er álitið að nauðsynlegt sé að endurbæta eða byggja að nýju, eða þá að ríkissjóður gangi alls ekki í ábyrgð fyrir neinar hótelbyggingar, sama hvar þær eru á landinu. Þess vegna vænti ég þess, að annað tveggja verði gert, að það verði ekki gengið í ábyrgð fyrir hótel, sem á að byggja hér í Reykjavík og á að kosta 20 millj., eða þessi tiltölulega litla ábyrgð verði tekin gagnvart hótelinu á Blönduósi. Ég skal svo ekki fjölyrða meir um það mál.

Frv. það til fjárl., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, að tekju- og gjaldaliðir verði um 1500 millj., og nemur hækkun frá fyrra ári 470 millj. Ríkissjóður tekur nú að sér niðurgreiðslur á vörum, sem útflutningssjóður sá um s. l. ár. Munu þær hafa numið 263 millj. Af þeirri upphæð greiddi ríkissjóður til útflutningssjóðs 150 millj., mismuninn, 113 millj., ber að draga frá 470 millj. Er þá raunveruleg hækkun fjárl. ca. 360 millj., sem er meiri hækkun en dæmi eru til áður. Gert er ráð fyrir, að verðtollur hækki um 70 millj., innflutningsgjald af benzíni 40 millj., gjald af innlendum tollvörum 24 millj., aukatekjur 9 millj., stimpilgjald 9 millj., söluskattur 230 millj., innflutningsgjald o. fl. ca. 170 millj. Gert er ráð fyrir, að tekjuskattur og vörumagnstollur lækki um 76 millj. Þeir gjaldaliðir, sem mest hækka, eru til félagsmála 166 millj. og til óvissra útgjalda 152 millj. Eru það niðurgreiðslur, 113 millj., sem ríkissjóðurinn tekur við af útflutningssjóði, og vegna aukinna niðurgreiðslna ca. 38 millj. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda hækka hins vegar lítið, til vegamála 8 millj., sem er 9% hækkun, til vita- og hafnarmála 1.5 millj., sem er 6% hækkun, og til raforkumála 14 millj. kr. hækkun. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi til raforkumála á árinu 36.5 millj., en lagði fram á árinu 1958 33½ millj. kr. Þegar tekið er tillit til gengisbreytingar, er ljóst, að framlög til verklegra framkvæmda lækka raunverulega. Framlög til félagsmála og niðurgreiðslna fara hækkandi. Valda þar mestu um efnahagsráðstafanir ríkisstj. Hér er um vafasama þróun að ræða, að meira en 40% af ríkistekjunum skuli varið til að greiða þessa tvo útgjaldaliði, en tiltölulega litlu fé varið til raforkumála og hafnarbóta, sem eru mestu nauðsynjamál atvinnuveganna.

Hvergi er um sparnað að ræða í rekstri ríkisins, og ber þó þess að geta, að engra hækkana er farið að gæta vegna gengisbreytingarinnar sem neinu nemur, en þær munu óhjákvæmilega valda launahækkunum á næstu árum. Hefur ríkisstj. þá afsökun, sem taka ber til greina, að stuttur tími er liðinn síðan hún tók við völdum. Hins vegar vænta margir mikils af ríkisstj. í þeim efnum, af því að sjálfstæðismenn töluðu mikið um eyðslu og ráðleysi, meðan ráðh. Framsfl. fór með fjármálin.

Sjálfstæðismenn héldu því fram á fundum í vor og haust, að vinstri stjórnin sáluga hefði hækkað skatta og tolla um 1200 millj. Töldu þeir þá með allar tekjur útflutningssjóðs. Hér var um mikinn misskilning að ræða. Yfirfærslugjaldið var ekki annað en gengislækkun, sem var jákvæð fyrir neytendur, en neikvæð fyrir greiðslujöfnuðinn við önnur lönd. Neytendur fengu vöruna aðallega með 55% álagi, en þeir, sem seldu vörur úr landi, fengu að meðaltali 86% uppbætur. Þessar uppbætur gengu svo til þeirra, sem að framleiðslunni unnu, verkamanna, sjómanna og bænda.

Ráðstafanir núv. ríkisstj. eru jákvæðar fyrir viðskiptajöfnuð við önnur lönd, en neikvæðar fyrir neytendur, því að þeir verða nú að kaupa nauðsynjavörur sínar með sem svarar 133% álagi í stað 55% og 30% áður, en fá enga kauphækkun. Árið 1959 voru fluttar inn vörur fyrir 1300 millj., þar af skip fyrir 150 millj. og hátollavörur fyrir ca. 190 millj. Eftir eru þá ca. 950 millj., sem voru fluttar inn með 30—55% yfirfærslugjaldi. Gengisbreytingin ein hækkar verð á þessum vörum um ca. 750 millj., sé gert ráð fyrir, að 1/3 af þessum innflutningi séu rekstrarvörur, og ég reikna ekki með, að það skapi raunverulega kjaraskerðingu, vegna þess að þeir, sem kaupa rekstrarvörurnar, fá það endurgreitt í hærra verði fyrir vörurnar, sem út eru fluttar. Þegar þessa er gætt, eru eftir 500 millj. Vaxtahækkunin er nálægt 4%. Sé gert ráð fyrir, að útlán séu 4000 millj., heildarútlán yfir landið, hækka vaxtagreiðslur alls um ca. 160 millj. Gera má ráð fyrir, að 80 millj. af því renni til sparifjáreigenda. Eru þá eftir 80 millj., sem verka sem kjaraskerðing hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Skattar til ríkissjóðs hækka samkv. fjárlagafrv. um 360—370 millj., en ekki er ólíklegt, að raunverulega verði sú hækkun meiri. Mikið af þessari skattahækkun rennur til fólksins aftur í auknum niðurgreiðslum og hækkuðum almannatryggingum. Þó er sennilegt, að hækkun skatta muni valda allt að 100 millj. kr. kjaraskerðingu, vegna þess að líklegt er, að tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári verði sem nemur þeirri upphæð. Nemur þá kjaraskerðing sú, sem ríkisstj. leggur á herðar íslenzkri alþýðu, allt að 700 millj. kr., og reyni ég þó á engan hátt að gera hlut ríkisstj. lakari en hann er.

Ég hef frétt á skotspónum, að Jónas Haralz telji kjaraskerðinguna 400 millj. Geri ég þá ráð fyrir, að hann taki aðeins tillit til þeirrar kjaraskerðingar, sem gengisbreytingin veldur, og reikni með minni innflutningi en ég geri, vegna þess að samkvæmt áætlun ríkisstj. um innflutning er gert ráð fyrir allt að 25% minni innflutningi en árið 1959. Ég tel, að miða beri við innflutninginn eins og hann var s. l. ár, því að það skiptir ekki máli, þó að kjaraskerðingin komi að einhverju leyti fram í minni innflutningi vegna minnkandi kaupgetu launþega. Vaxtahækkunin kemur enn meinlegar við en tölurnar segja til um, vegna þess að megnið af sparifé landsmanna eiga börn, gamalmenni og tiltölulega fáir einstaklingar, en vaxtahækkunin leggst með öllum sínum þunga á herðar þeirra einstaklinga og fyrirtækja, sem í framkvæmdum standa og bera atvinnulífið uppi. Hækkun skatta til ríkissjóðs tel ég ekki til kjaraskerðingar, að svo miklu leyti sem féð rennur aftur til fólksins í landinu. Hins vegar eru miklar líkur til, að tekjurnar reynist 100—200 millj. kr. meiri en ráð er fyrir gert, og má reikna þá upphæð til kjaraskerðingar á þessu ári. Hækkun á rekstrarvörum þarf ekki að taka með, því að það eiga atvinnuvegirnir að fá upp borið með því, að fleiri krónur fást fyrir afurðirnar.

Það er eðlilegt, að fólk spyrji: Er þessi kjaraskerðing nauðsynleg og er hún framkvæmanleg á þann hátt, sem ríkisstj. ætlar að framkvæma hana? — Gengislækkunin og hækkun skatta mun valda hækkun á innfluttum nauðsynjavörum, sem nemur um 50—100%. Ég get t. d. bent á það, að barnamullarvörur munu hækka rétt um 100% og yfirleitt þær útlendar vörur, sem eru í 30% innflutningsflokkum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. greiði niður sykur og kornvörur, og ég hef heyrt, að sú niðurgreiðsla muni nema því, að þær muni ekki hækka nema um 50%. Hins vegar mun hækkun á vörum, sem eru í 55% yfirfærslugjaldinu, nema allt að 70%, þegar hinn tvöfaldi söluskattur er kominn til framkvæmda, sem nú er búið að samþykkja.

Ég hef gert mér ofur litla grein fyrir því, hversu mikil hækkun komi á vísitöluheimili, og ég hef reiknað það út eftir því vörumagni, sem gert er ráð fyrir að hvert vísitöluheimili kaupi, og samkvæmt því hef ég reiknað út, að hækkunin muni nema 21300 kr. Það skal tekið fram, að í þessari hækkun áætla ég hækkun fyrir hita, ljós og eldun 3500 kr., og ég skal játa, að hér í Reykjavík verður þessi hækkun miklu minni, vegna þess að hér er heita vatnið, en úti á landsbyggðinni nemur þessi hækkun sennilega meira en þessu, vegna þess að það er ekki mjög stórt heimili, sem þarf um 5 tonn af olíu til upphitunar, og það er líklegt, að olían hækki um 60—70%, og hækkunin á olíu til upphitunar einnar mun því nema fyrir heimili úti á landsbyggðinni sennilega á fjórða þús. kr. Auk þess er hækkun á koksi eða kolum til eldunar fyrir þá, sem hafa ekki rafmagn, þannig að ég hygg, að hækkun af þessum ástæðum muni nema fyrir heimili úti á landsbyggðinni jafnvel yfir 4000 kr. Þetta getur munað allmiklu hér, vegna þess að líklegt er, að heita vatnið hækki ekki mikið í verði.

Ég skal einnig taka það fram, að ég reikna með, að húsaleiga hækki fyrir vísitölufjölskylduna um 3000 kr. Sú hækkun verður vitanlega lengi að koma fram, en ég er sannfærður um, að hún kemur fram. Hún kemur fram vegna hækkaðra vaxta, hún kemur fram vegna þess, að byggingarefni, sem keypt er frá öðrum löndum, hækkar um 70%, þ. e. járnvörur og timbur, hún kemur fram af því, að vinnulaunin hljóta að hækka vegna gengisbreyt-

ingarinnar, og hún kemur m. a. fram í því, að það dregur úr öllum framkvæmdum og það verður minna byggt, og þess vegna verður erfiðara að fá hús leigð og eftirspurnin verður meiri, og þess vegna verður fólk að borga hærri húsaleigu. Ég er því sannfærður um, að eftir tvö ár mun húsaleiguliðurinn hækka ekki minna en sem nemur 3000 kr., eða ca. 30%, og sennilega hækkar hann meira. Þessa tvo liði hef ég tekið inn í auk þeirra hækkana, sem ég hygg að muni leiða af gengisbreytingunni og söluskattinum.

Ég hef tekið tillit til, hversu mikið vísitöluheimilið fær upp borið af þessu. Það eru fyrst og fremst fjölskyldubæturnar, það er lækkun á tekjuskatti, og það er dálítil lækkun á útsvari, og hef ég reiknað hana um 700 kr. á vísitöluheimili. Þessar hækkanir alls gera rúmar 8000 kr. Ég hygg því, að kjaraskerðing á vísitöluheimili muni nema sem næst 13 þús. kr. Þetta er vitanlega fjarri því, sem upphaflega var tekið fram í efnahagsmálafrv. ríkisstj. og hagfræðinganna. — Annars finnst mér nú illa farið með þessa hagfræðinga. Þeir eru bornir fyrir öllu, hvað vitlaust sem það er, og allt fært á þeirra kostnað. En ég efast ekki um, að þeir eru saklausir af miklu af þessu, en þarna er um stórfelldan misreikning að ræða frá hinni upphaflegu áætlun og útreikningum alveg tvímælalaust.

Það hefur verið svo í minni sveit, að það hefur aldrei verið álitinn mikill fjárhirðir, sem þurfti að fá vit að láni eða fá fyrirsögn um það, hvernig hann ætti að gefa kindunum á hverjum degi. Góðir fjármenn þurftu aldrei að fá leiðbeiningar um það. Þeir sáu það á kindunum, hve mikið þeir þurftu að gefa, og þeir kunnu að hirða hjörðina þannig, að þeir þurftu ekki að vera alltaf að fá sífellda tilsögn um, hvað þeir ættu að gefa í hvert skipti og hvernig þeir ættu yfirleitt að haga sér við fjármennskuna. En þetta er það, sem ríkisstj. hafa gert hér á landi undanfarið. Þær hafa alltaf verið hlaupandi til þessara blessaðra hagfræðinga og sérfræðinga, sumra útlendra og sumra innlendra, spyrjandi þá, hvað þær eigi að gera, og berandi þá fyrir öllum mögulegum hlutum, vitlausum og ekki vitlausum. En þetta er slæm meðferð, og ég held satt að segja, að ef ein ríkisstj. getur ekki séð sjálf, hvað þarf að gera til að leysa vandamálin, sé hún hreinlega ekki fær um að vera í ráðherrastólunum.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram hér í umr., að söluskatturinn væri í raun og veru alls ekki aukin skattbyrði á þjóðina. Hann er áætlaður 280 millj., en hæstv. fjmrh. og Morgunblaðið bentu á það, að tekjuskattur lækkaði um 110 millj., söluskattur lækkaði um 114 millj., og svo ættu nú sveitarfélögin að fá 56 millj., og þetta var jafnhá upphæð, 280 millj. En hæstv. fjmrh. er gáfaður maður, og í umr., sem ég hlustaði á, fann hann það út, að þessar 280 millj. gætu orðið í framkvæmdinni meira en 280 millj., vegna þess að hann hélt því fram, að hvert einasta vísitöluheimili græddi 700 kr. á þessum skattbreytingum og á þessum nýja skatti. Ég hef aðeins athugað þetta, og hlutirnir liggja þannig fyrir mér: Ef ég á að taka tillit til 280 millj. kr. söluskatts, verður að reikna hann yfir jafnlangan tíma og tillit er tekið til þeirra skatta, sem á að draga frá, það verður að reikna hvort tveggja yfir árið. Þessi 280 millj. kr. söluskattur gerir 370 millj. yfir árið. Við drögum frá því 110 millj. kr., tekjuskattslækkunina, og þá eru eftir 260 millj. En svo er bara „nota bene", að þessar 114 millj. voru ekki skattur til ríkisins, 2/3 af því fóru í útflutningssjóðinn, sem nú kemur fram í gengisbreytingunni, þannig að raunverulega fara ekki nema 38 millj. til ríkisins, og þó ber þess að gæta, að mikið af þessu kemur ekki á neytendurna beint, heldur kemur það á þjónustu við fyrirtæki og kemur tiltölulega meira á þjónustu við fyrirtæki en hinn skatturinn, þannig að þarna er aldrei um að ræða fé ríkisins nema 38 millj. Alls eru þetta því 148 millj. Og við eigum að draga þessar 148 millj., sem ríkið fékk af þessum sköttum, frá 370 millj., og þá eru eftir rúmar 220 millj. Svo skulum við taka hlutann, sem fer til sveitarfélaganna, 74 millj., og þá eru eftir ca. 150 millj. eða sem nemur öllum fjölskyldubótunum, þannig að fólkið í landinu hefur ekkert eftir fyrir kjaraskerðingunni.

En viðvíkjandi því, að þessi 8% söluskattur eigi ekki að gilda nema þetta ár, þá vil ég bara segja það, að það eru ekki nokkrar minnstu líkur til þess, að hann verði afnuminn á annan hátt en þann, að nýir skattar taki við, vegna þess að í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er ekkert tillit tekið til gengisbreytingarinnar hvað launakjör snertir, og vitanlega hlýtur að reka að því, að laun hækki, þannig að þessi skattur hverfur ekki á annan hátt en þann, að nýir skattar komi í staðinn, svo að þarna er vitanlega um geysilega skattahækkun að ræða.

Þess ber og að geta, að 7% skatturinn, sem fyrir var, hækkar um þriðjung vegna gengisbreytingarinnar, því að 7%, sem áður voru lögð á eina krónu, koma nú á kr. 1.50, þannig að þetta verður 10½ eyrir, og þessi 8% söluskattur kemur líka á kr. 1.50, þannig að hann verður 12 aurar, svo að söluskatturinn, þessi tvöfaldi söluskattur, heildsöluskatturinn, sem lagður er á cif-verð vörunnar plús álagningu plús tolla að nokkru leyti, verður nokkuð hár skattur. Og þessi tvöfaldi söluskattur og hækkunin á 7% söluskattinum gerir það að verkum, að vara, sem mundi ekki hækka nema um 50% vegna gengisbreytingar, hækkar um 70%, þannig að megnið af þeirri vöru, sem flutt er inn með 55% yfirfærslugjaldinu, hækkar um 70%. Þessi hækkun mun koma fram, þegar þetta er allt saman komið í ganginn. Þarna er því um geysilega kjaraskerðingu að ræða.

Ég get ekki annað en dáðst að snilli fjmrh. að geta túlkað málið þannig, að þetta væri 700 kr. gróði fyrir hverja vísitölufjölskyldu. Og mínir elskuðu flokksbræður skildu þetta ekki alveg á stundinni, sem var nú kannske

ekki eðlilegt, en fjmrh. gæti alveg eins haldið fram þeirri kenningu: Þú, góði vinur, lætur mig hafa 1000 kr., ég læt þig hafa 500 kr. í staðinn, og þá græðir þú 70 kr. Góð hagfræði það!

Ég hef nú frétt það eftir ríkisstj., að hún huggar sig helzt við það, að allir séu óánægðir með þessa efnahagslöggjöf, og það sé eiginlega styrkur hennar, og ég skal játa það, að hæstv. ríkisstj. hefur verið aðdáanlega lagin að gera öllum eitthvað svolítið til miska, jafnvel þeim, sem græða á ráðstöfununum. Við getum t. d. tekið fyrirtæki og verzlanir, þau þurfa þriðjungi meira fé til þess að kaupa fyrir vörurnar, og þetta fé eiga þær ekki að geta fengið, vegna þess að það á ekkert að rýmka lánskjörin. Ég hygg, að þetta leiði til þess, að það verði minna flutt inn, minna verzlað, minna keypt, og að því leyti til mun þetta verka þannig, að innflutningurinn mun minnka og greiðslujöfnuðurinn við útlönd lagast í bili, en m. a. fyrir það, að ganga mun á innfluttar vörubirgðir í landinu. T. d. er ég sannfærður um, að það verður litið keypt af vefnaðarvöru fram eftir árinu, vegna þess að menn eru yfirleitt búnir að birgja sig upp, og svo hafa þeir ekki fjármagn til þess. Út af fyrir sig mun þetta verka jákvætt í bili. Ég skal ekki fullyrða, hvernig þetta verkar fyrir verzlanirnar, en ég gæti hugsað, að fjárhagslega séð mundu þær standa dálítið svipað, það mundi aðeins valda óþægindum, en vitanlega verða tekjurnar ekki þeim mun minni, vegna þess að krónunum fjölgar.

Þá er annar liðurinn, þ. e. hraðfrystihúsin og fiskvinnslustöðvarnar. Það sagði einn ráðh. hér við umr. um efnahagsfrv., að það væri meiningin að lána alls ekki fleiri krónur út á fiskinn en verið hefði, þó að verðið hækkaði. Það er náttúrlega hægt að segja mönnum að borga 1 kr. með 80 aurum, en það er bara ekki hægt. Það eru vandræðin. Og nú standa hlutirnir þannig, að frystihúsin eða fiskvinnslustöðvarnar þurfa að borga 40—50 aurum meira fyrir hvert kg af fiski, en fá minni lán. Vegna þess að vextirnir hafa hækkað, fá þeir 2—5% minni lán út á fiskinn en undanfarið, en þurfa að borga 50 aurum meira fyrir kg. Og svo ímyndar hæstv. ríkisstj. sér, að þetta geti gengið!

Nú get ég sagt ríkisstj. alveg hreinskilnislega, hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Fiskvinnslustöðvarnar geta ekki staðið í skilum við bátana, og það er ekki hægt að gera upp í vertíðarlokin nema fá meiri lán, hvað sem ríkisstj. hefur ætlað sér að gera og hvað sem allir blessaðir hagfræðingar segja. Þetta er ekki hægt. Við vitum þetta allir, að í lok vertíðarinnar koma frystihúsin til bankanna og segja: Við getum ekki greitt, nema við fáum meiri lán. — Og það er satt. Þau eru þegar að komast í greiðsluþrot eða geta réttara sagt ekki staðið í skilum. Og þá er um tvennt að velja, að frystihúsin taki sig saman um að hætta að kaupa fisk eða að það verður að lána meira. Þarna er sá liðurinn sprunginn hjá hæstv. ríkisstj. Og ef bankarnir láta ekki undan að lána meira, hætta frystihúsin að taka fiskinn, vegna þess að þau geta ekki borgað. Þetta er ekki framkvæmanlegur hlutur, því að þótt bankarnir lánuðu 2/3, eins og þeir hafa gert undanfarið, yrði samt halli, vegna þess að það þarf að greiða fleiri krónur, og 1/3 af því verða frystihúsin að taka á sínar herðar, þ. e. a. s. 1/3 af þessari 50 aura hækkun. Þetta er því óframkvæmanlegt, og þetta átti hæstv. ríkisstj. að sjá strax. Hún getur ekki haldið sömu seðlaveltu, það er ekki hægt. Seðlaveltan er eitthvað rúmar 400 millj., og það er óhjákvæmilegt að auka hana, það er óhjákvæmilegt fyrir bankana að lána meira til atvinnuveganna, vegna þess að verðlag varanna hækkar. Það getur skeð, að ríkisstj. trúi þessu ekki, en reynslan mun sýna þetta. (**Forsrh.:** Allt hefði þetta nú lagazt, ef dollarinn hefði verið 30 kr.) Það hefði aldrei þurft að koma til þess. Þetta er alveg eins víst og það, að stór þorskur kemst ekki í magann á litlum þorski.

Ég hef athugað, á hverjum þessi kjaraskerðing kemur harðast niður. Skattafrv. hæstv. ríkisstj. er ekki komið fram enn, en við vitum um menn, sem hafa haft svona eins og vinur minn og flokksbróðir, 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), — maður má nú ekki nefna menn hér með eigin nöfnum, — hann hefur víst haft um 160 þús. kr. tekjur eða eitthvað svoleiðis, að helmingurinn af þessu er tekinn í útsvar og skatta. Nú er búið að hækka persónufrádrátt og sennilegt, að skattstiginn lækki. Ég geri ráð fyrir, að kjaraskerðing á meðalvísitöluheimili verði ca. 13 þús., þó með því móti, að menn eigi eitthvað af krökkum, svo að þeir fái fjölskyldubæturnar. Það þarf ekki að vera mjög mikil skattalækkun á manni með á annað hundrað þús. kr. tekjur, til þess að hann vinni þessi 13 þús. upp. Ég gæti því vel hugsað mér það og er raunar sannfærður um, að menn, sem hafa haft tekjur um 100 þús. og þar yfir, muni sleppa við alla kjaraskerðingu. Ég hygg, að kaupmenn og þeir, sem hafa einhverja verulega veltu, sleppi nokkurn veginn. Raunar skapar lánsfjárþröngin þeim erfiðleika, en ég hygg, að þeir skaðist ekki mikið. Ég veit, að menn eins og hv. 3. þm. Austf. (EinS) græða tugi milljóna, og svo eru ýmsir, sem græða 1 og 2 millj., — jafnvel þó að þeir verði fyrir óþægindum með lán í bili, þá græða þeir.

Þeir, sem verða fyrir kjaraskerðingunni, er láglaunafólkið í landinu, hinn óbreytti verkamaður, fólkið, sem vinnur í iðnaðinum, þ. e. verkafólkið, verzlunarfólkið og bændur að því leyti til, sem kaup þeirra er miðað við kaup verkamannsins. Hitt eiga þeir að fá upp borið. Það er þetta fólk í landinu, sem tekur á sig byrðarnar. Í fyrra í febrúarlok var lækkað kaup við fólkið tilfinnanlega, en fólkið var rólegt og fólkið þagði. Það var af því, að verðbólgan undanfarin ár hafði verið svo þreytandi og augu fólksins voru farin að opnast fyrir því, að þetta var algerlega þýðingarlaust, að heimta alltaf fleiri og fleiri krónur, og dýrtíðin

óx alltaf. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hafði óvenjulega góð spil á hendinni, þegar hún tók núna við, vegna þess að fólkið í landinu vildi hjálpa henni til að stöðva verðbólguna. Ég átti tal við eina konu í mínu kjördæmi, sem sagði mér í haust, að hún ætlaði að kjósa jafnaðarmennina núna, því að þeim hefði tekizt svo vel að stöðva verðbólguna og hún treysti þeim bezt til þess.

Og fólkið vildi hjálpa ríkisstj. til að stöðva verðbólguna. Er það að stöðva verðbólguna að gera þessar ráðstafanir? Er það að stöðva verðbólgu að fella gengið? Er það að stöðva verðbólgu að láta vörur hækka um 50—100% í verði? Ég las það í grein eftir þennan Sergent eða hvað hann heitir nú, franskur, sem kom hér, að hann sagði, að Efnahagsmálastofnunin vildi hjálpa öllum til að stöðva verðbólgu. Jú, ríkisstj. íslenzka samdi um það við þá að fá lán. En árangurinn varð bara sá að auka verðbólguna, því að hún hefur aldrei flogið svona fallega áfram eins og nú. Skrefið er nefnilega ekkert lítið niður brekkuna. Það er að meðaltali sennilega 50% aukning á öllu vöruverði í landinu fyrir utan innlendu vörurnar. Þetta er ekki að stöðva verðbólguna.

Ég hygg því, að kjaraskerðingin komi nær eingöngu niður á fólki, sem hefur 60—70 þús. kr. tekjur. Og trúið þið því svo, að fólkið muni sætta sig við þetta? Ég er sannfærður um, að það gerir það ekki. Það verður bið á því, en fólkið sættir sig ekki við það. Og ef ríkisstj. vildi nú vera réttlát og hyggin, átti hún vitanlega að byrja að spara ofan frá. Hún átti að byrja á forsetaembættinu, hún átti að byrja á sendiráðunum, ráðuneytunum, og við áttum að byrja á okkur sjálfum. Svona átti þetta að halda áfram, því að ef fólkið sér, að húsbóndinn deilir við það kjörum, gerir það sig frekar ánægt með hlutina. En þið þurfið ekki að ímynda ykkur, að láglaunafólkið sætti sig við þetta, þegar það sér, að þeir, sem betur eru settir í þjóðfélaginu, verða ekki fyrir neinni kjaraskerðingu. Afleiðingin verður sú, að það kemur verkfall og það koma kauphækkanir, þá stöndum við alveg í sama farinu. Öll vandamálin eru óleyst, verðbólgan er aðeins hækkuð um 1/3. Ég varaði við þessu strax í byrjun, það yrði að láta alla bera vissan hluta af byrðunum og þá væri hægt að leysa málið, öðruvísi ekki. Þetta hefur því verið algert ævintýri, þetta dýrtíðarstökk, sem nú hefur verið tekið.

Ríkisstj. hafði um þrjár leiðir að velja:

Fyrsta leiðin var að hækka gengi krónunnar, og með því eina móti var hægt að afnema bæði niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur.

Önnur leiðin var sú að stöðva dýrtíðina, þar sem hún var, hafa dollarann á 30 kr., eins og ég lagði til.

Þriðja leiðin var sú, sem ríkisstj. fór, og það var lakasta leiðin, hún var til að auka verðbólguna, en leysti engan vanda.

Það var hægt að leysa efnahagsmálin án þess, að láglaunafólkið yrði fyrir nokkurri kjaraskerðingu. Við urðum aðeins að rétta gengið, réttara sagt að láta bankana kaupa gjaldeyrinn jöfnu verði, hvort sem varan var flutt út eða inn. Og það varð að draga úr fjárfestingunni. Þetta hefði nægt, ef skynsamlega hefði verið á haldið. Hygginn búmaður leggur í framkvæmdir, þegar það er hagkvæmt, en hann dregur úr framkvæmdum, þegar það er nauðsynlegt vegna efnahagsins. Og það þýðir ekkert að heimta alltaf meira og meira, við verðum að kunna okkur hóf. Það er ekki til neins að eyða alltaf meira en aflað er. Það voru fluttir inn bílar og skip s. l. ár fyrir um 200 millj., þar af bílar fyrir réttar 50 millj. Og það var m. a. verið að flytja inn alla þessa bíla til þess, að útflutningssjóður hefði einhverja peninga til að greiða í uppbætur á útfluttu vörurnar. En hvaða vit er nú í þessu og hvaða vit er í því á einu ári fyrir þjóðfélag, sem er orðið gjaldeyrislaust, að ætla að flytja inn 60—70 skip, ekki stærra þjóðfélag en Íslendingar eru, þegar fyrir eru svo mörg skip, að það er ekki hægt að manna þau? Það er sjálfsagt og gott að flytja inn skip, en það er ekki hyggilegt að flytja inn fleiri skip en menn eru til á.

Það var eytt svo miklum gjaldeyri til ýmissa hluta á s. l. ári, að það var komið í alger gjaldeyrisvandræði um áramót. Ýmsar hátollavörur voru fluttar inn fyrir um 190 millj. Vafalaust hefur mikið af þeim innflutningi ekki verið nauðsynlegt. Korkur og timburvörur voru fluttar inn fyrir 90 millj. Með því að draga úr fjárfestingunni hefði sá liður getað stórminnkað. Ýmiss konar málmvörur voru fluttar inn fyrir 140 millj. Það hefði einnig verið hægt að minnka með því að draga úr fjárfestingunni. Og vélar voru fluttar inn fyrir 71 millj. Vafalaust hefði mátt minnka þetta eitthvað líka. Það þurfti ekkert annað að gera en að rétta gengið og draga úr fjárfestingunni, þá þurfti ekki að skerða kjör láglaunafólksins, og ef það átti að skerða kjör einhverra, átti að gera það við þá, sem betur máttu sín, en ekki þá, sem úr minnstu höfðu að spila. Þess vegna er þetta alveg óþarft ævintýri, þessi dýrtíðarskriða, sem nú er hleypt af stað.

Ég hygg, að það, sem hvað mest ýtti undir ríkisstj. að fella gengið, sé verðlag á mjöli og lýsi. En er nú nokkurt vit í því að láta það eitt út af fyrir sig ráða, hvort Perúmenn veiða mikið eða lítið af þessum síldarfiski sínum? Og ríkissjóður verður fyrir mörg hundruð millj. kr. skaða af gengisbreytingunni. Það er t. d. óhjákvæmilegt að greiða Búnaðarbankanum á annað hundrað millj. kr. vegna þess, hve gengið hefur lækkað mikið. Raunar hefði þurft að greiða honum eitthvað hvort sem var, þó að það hefði verið stöðvað í 30 kr. dollarinn, en miklu minna. Allar erlendar skuldir hækka og ríkisútgjöldin sjálf stórhækka, svo að skiptir hundruðum milljóna. Var þá ekki betra nú í ár, að ríkið hefði hlaupið undir bagga með síldarverksmiðjunum, ef þær hafa greitt of hátt verð fyrir síldina s. l. sumar, heldur en að fella gengið svona mikið? Ég segi jú. Og ef bátarnir fá of hátt verð fyrir síldina, þá vitanlega kemur það af sjálfu sér, að það hlýtur að

lækka fyrr eða síðar, því að við fáum bara minni krónur, þó að við fáum kannske fleiri krónur. Það er ekki hægt að reka ríkisverksmiðjur með stórhalla ár eftir ár. Perú-fiskurinn gerir okkur því alveg sama ógagn, hvort sem gengið er fellt í þetta sinn vegna þess eða ekki. Togararnir græða ekki neitt á gengislækkuninni, vegna þess að veiðarfæri, olía og annað, sem þeir þurfa að kaupa, og auk þess kauphækkanir, sem koma m. a. af gengislækkuninni, munu éta algerlega upp þær upphæðir, sem þeir fá meira fyrir fiskinn en þeir hefðu fengið. Auk þess hef ég heyrt, að ríkisstj. hafi nú rétt að þeim 30 millj. úr útflutningssjóði, ég veit ekki samkvæmt hvaða heimildum. Ég frétti það eftir einum togaraeiganda, að hann hefði verið að taka á móti eitthvað 800 þús. eða svo og sagðist hafa sloppið vel með reksturinn s. l. ár, þetta hefði bara verið af kumpánahætti. En það er sem sagt ekki búið að skýra opinberlega frá þessu, en ég hef frétt þetta. Þetta er tekið úr útflutningssjóði, og svo verða bátar og togarar að borga þetta sameiginlega. Ég skil ekki annað en þetta sé hálfgerður skrípaleikur. Raunar hafa togararnir sennilega verið í vandræðum með rekstrarfé, og ríkisstj. hefur hlaupið undir bagga með þeim til þess að geta haldið öllu gangandi. En þarna eru í vissum tilfellum auðugum mönnum gefnir peningar með vafasamri heimild, því að bátarnir verða náttúrlega að taka sinn hluta af þessu, ef þeir eiga að borga halla á útflutningssjóði. Annars hefur ekki verið opinberlega tilkynnt um þetta, og ég get ekkert fullyrt um það.

Ég hef satt að segja enga ánægju af því að rifja þetta dýrtíðarstökk upp sérstaklega. Ég veit, að ríkisstj. vill vel, og ég veit, að hún hefur haft einlægan vilja á að gera rétt, en ég er sannfærður um það, að hún gerði sér ekki fullkomlega ljóst, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni. Þessi kjaraskerðing kemur svo að segja eingöngu niður á láglaunafólki, það mun nota sínar aðferðir til þess að vinna hana upp aftur, og þá stöndum við bara alveg í sama farinu. Tekjur sjómanna hækkuðu s. l. ár og þeir fara tiltölulega betur út úr því. Þær hækkuðu fyrst og fremst vegna þess, að aflamagnið hefur stóraukizt. Hásetar hafa um það bil 100 þús. kr. Skipstjórar og vélamenn hafa á annað hundrað þús. og jafnvel upp í 200 þús. og stundum meira, þannig að kjaraskerðingin kemur ekki tilfinnanlega við þá. En það, hvað afkoma báta og jafnvel frystihúsa er miklu betri en hún hefur verið, er fyrst og fremst aflamagninu að þakka. Og vegna þess að sjútvmrh. í vinstri stjórninni var alveg ósárt um, þó að hann léti undan kröfum útvegsmannanna, þurfti meiri peninga í útflutningssjóðinn, og þá minnkaði hver króna þeim mun meira og dýrtíðarskriðan hélt pínulítið áfram, þannig að fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hafði ekki alltaf góða aðstöðu. Það er dálítið erfitt að sigla skipinu, þegar sumir vilja fara í austur, en aðrir í vestur. En það er eitt stórvirki, sem þessari ríkisstj. hefur tekizt, en það er það að gera Eystein Jónsson sennilega að dýrlingi. Ég get vel hugsað, að fólkið úti á landsbyggðinni fari að kalla hann Eystein góða, áður en mörg ár líða.

Ríkisstj. fékk góð spil. Meira að segja við framsóknarmennirnir vorum hálfvonsviknir yfir, hvað vinstri stjórnin var fljót að kveðja. Ég var aldrei mjög hrifinn af henni, hafði ekki sérstaklega trú á því, að hægt væri að vinna með kommunum. Ég veit, að þetta eru góðir drengir, en þeir vilja bara fara í aðra átt en við. En ég hélt, að þeir mundu nú reyna að hanga út kjörtímabilið, en þeir gerðu það ekki. Ég skal ekki fara út í það. En ríkisstj. fékk góð spil í hendurnar, fólkið vildi hjálpa henni, og hún fékk þau beztu spil, sem ef til vill nokkur ríkisstj. hefur fengið. En það vildi einu sinni til í minni sveit, að það var maður, sem hét Guðmundur og var kallaður póli. Hann var að spila vist, og það vildi nú þannig til, að hann fékk 13 spil í sama lit. Hann var í forhönd, en hann sagði sóló og tók alla slagina. Ég er ekki að líkja hæstv. ríkisstj. við Guðmund póla, það er fjarri mér, það er bara, að ríkisstj. sagði ekki rétt á spilin, sem hún fékk. Í staðinn fyrir að stöðva verðbólguna tók hún stærsta stökk niður dýrtíðarbrekkuna, sem nokkur ríkisstj. hefur tekið fyrr eða síðar, og það að óþörfu, bara að gamni sínu, því að það var ekkert, sem rak hana til þess. Þetta er leiðinlegt, það er leiðinlegt, ef góðir menn segja skakkt á spilin.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Samvn. samgm. hefur lagt fram nál. sitt á þskj. 227 svo og brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 242, III, sem bera með sér töluverða hækkun á framlögum ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga frá heildarupphæð þeirri, sem greidd var á fjárl. síðasta árs. Var það sameiginlegt álit samvn. samgm., að ekki yrði hjá því komizt að hækka framlögin að nokkru vegna óhjákvæmilegrar hækkunar á rekstrarútgöldum þeirra aðila, sem þessa þjónustu hafa með höndum. N. er þó ljóst, að hækkanir þær, sem lagt er til að aðilar þeir njóti, sem flutninga annast, muni engan veginn vera nægilegar til að standa undir aukningu á rekstrarútgjöldum, þar sem vitað er, að olíur, vélahlutir, vátryggingar og fleira muni hækka verulega á þessu ári. Mun því vera nauðsynlegt fyrir eigendur flóabátanna að hækka að einhverju leyti far- og farmgjöld til að firrast taprekstur á þessari þjónustu, sem vissulega er áríðandi að fari sem bezt úr hendi og komi þeim aðilum, sem mest þurfa á henni að halda, að sem beztum notum.

Ég vil með nokkrum orðum ræða fjárframlög til hinna ýmsu flóabáta og vöruflutninga, sem n. er sammála um að mæla með að verði samþ. á hinu háa Alþingi.

Í sambandi við Norðurlandssamgöngur eru tillögur n. þessar: Til flóabátsins Drangs, sem er nýtt og vandað skip, er mælt með, að framlagið hækki úr 450 þús. kr. í 660 þús. kr. Verð-

ur að telja, að þetta sé eðlileg hækkun, þar sem eigandi bátsins mun á þessu ári og næstu árum þurfa á miklum fjárhæðum að halda til þess að geta staðið straum af afborgunum og vaxtagreiðslum svo og af rekstrarútgjöldum bátsins. — Til Strandabáts mælir n. með, að framlagið verði 160 þús. kr. í stað 100 þús. kr. áður, á þeim forsendum, að útgerðartímabil bátsins á nú að verða allt að 8 mánuðir í stað þess, að það hefur aðeins verið 4 mánuðir á undanförnum árum. — Til Haganesvíkurbáts hækki framlagið úr 7000 kr. í 8500 kr. og framlag til Hríseyjarbáts og Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki um 20%.

Til Austfjarðasamgangna eru tillögur þessar: Lagt er til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkað úr 35 þús. kr. í 42 þús. kr. og framlag til Mjóafjarðarbáts úr 87 þús. í 90 þús. kr. og þá er ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og á s. l. ári.

Til Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgangna eru tillögur n. þessar: Að framlög vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði hækkuð úr 225 þús. í 270 þús. kr. og framlög vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu hækki úr 100 þús. kr. í 120 þús. kr. Á síðasta árs fjárl. var veitt til Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts 400 þús. kr. framlag úr ríkissjóði, sem aðallega byggðist á þörfinni á mjólkurflutningum til Vestmannaeyja. Skipaútgerð ríkisins hefur frá því í desember s. l. tekið að sér flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur með hinu nýja skipi sínu Herjólfi og annast jafnframt allan mjólkurflutning fyrir Vestmanneyinga. Nefndin hefur þó fallizt á að mæla með því, að veittar verði 150 þús. kr. á þessu ári til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga.

Um Faxaflóasamgöngur eru till. n. þessar: Framlag til Skallagríms h/f, sem naut framlags úr ríkissjóði á s. l. ári að fjárhæð 650 þús. kr. vegna ferða Akraborgar, verði hækkað á þessu ári upp í 850 þús. kr. — Þá leggur n. til, að Mýrabát verði veitt framlag á þessu ári að fjárhæð 4500 kr. í stað 3600 kr., sem báturinn fékk á s. l. ári.

Þá eru Breiðafjarðarsamgöngur. Flateyjarbátur fékk á s. l. ári rekstrarframlag að fjárhæð 170 þús. kr. og auk þess 65 þús. kr. vegna viðgerða á bátnum, fyrri greiðsluna. N. leggur til, að rekstrarframlagið verði hækkað í 200 þús. kr., en af upphæðinni sé varið 20 þús. kr. til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Þá verði seinni greiðslan, 65 þús. kr. vegna viðgerðar á bátnum, einnig innt af hendi á þessu ári. — Stykkishólmsbátur naut á s. l. ári 500 þús. kr. rekstrarframlags og auk þess 75 þús. kr. upp í viðgerðarkostnað á bátnum. N. leggur til, að rekstrarframlag bátsins á þessu ári verði ákveðið 660 þús. kr. Það var töluvert rætt um þennan bát, sérstaklega með það í huga að reyna að fá stærri og betri bát fyrir Breiðafjarðarsamgöngur. Þessi bátur getur í raun og veru hvergi nærri fullnægt flutningaþörf Breiðafjarðar, og það er sameiginlegt álit samgmn. og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, að það sé mikil þörf á því að fá annað betra og stærra skip í þessar ferðir, og ég held einnig, að eigendur mótorbátsins Baldurs séu á sömu skoðun. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur sérstaklega í huga, að ef hægt væri að koma þessu til leiðar, mundi Skipaútgerðin einnig losna við að láta Skjaldbreið ganga á Breiðafjörð. Þá gæti þetta nýja skip, stærra og betra skip, sinnt algerlega flutningaþörf Breiðfirðinga. Þetta er mál, sem verður ábyggilega rætt mikið á þessu og næsta ári, og geri ég mér vonir um, að einhver árangur náist um framkvæmd þess.

Þá leggur n. til, að framlag til Langeyjarnesbáts verði hækkað úr 25 þús. kr. í 30 þús. kr. og auk þess verði eiganda bátsins veitt 20 þús. kr. framlag vegna vélakaupa og til endurbyggingar á bátnum.

Til Vestfjarðasamgangna eru till. n. þessar: Veitt var til Djúpbátsins 560 þús. kr. framlag á fjárl. s. l. árs. Leggur n. til, að framlagið verði hækkað upp í 660 þús. kr. á þessu ári. — Þá leggur n. til, að sama framlag og greitt var á s. l. ári, 10 þús. kr., verði greitt á þessu ári til Arnarfjarðarbáts og Dýrafjarðarbáts. Framlag til Patreksfjarðarbáts hækki úr 3000 kr. í 3500 kr. — Þetta eru till. n. í sambandi við framlög til flóabáta og til vöruflutninga.

Þá segir loks í nál.: „N. leggur til, að þeir aðilar, sem hljóta véla-, viðgerða- eða byggingarstyrki, skuli skuldbinda sig til að taka ekki viðkomandi skip úr siglingum þeim, sem það er styrkt til, næstu fimm ár, nema styrkurinn verði endurgreiddur.“ Þetta virðist vera eðlileg till. og hlýtur að sjálfsögðu samþykki Alþingis. Það eru nokkuð mörg dæmi þess, að ríkissjóður hefur lagt allmikið fé fram til viðgerðar á bátum og til vélakaupa og svo kannske næsta ár, eftir að ríkissjóður hefur lagt fram í 2—3 ár allverulegar upphæðir, er viðkomandi bát ráðstafað eða hann seldur og ríkissjóður hefur ekki haft neina möguleika á að endurkrefja þau fjárframlög, sem hann þannig hefur lagt fram. Ég tel því sjálfsagt, að þessi till. verði samþykkt.

Samkv. framangreindum till. samvn. samgm. nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4091500 kr. Er það 485900 kr. hærri upphæð en greidd var í þessu skyni á fjárlögum s. l. árs.

Ég hef hér á vegum samvn. samgm. rætt að nokkru till. n. varðandi framlög ríkissjóðs til rekstrar flóabáta og til vöruflutninga á yfirstandandi ári. Væntir n. þess, að hv. alþm. geti veitt stuðning sinn við þessar till. n. og greiði þeim atkv., er þær verða bornar upp hér til samþykktar á hinu háa Alþingi.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í sambandi við þær till., sem fluttar eru af fjvn. sem heild, vil ég taka fram, að Alþb.-menn eru samþykkir þeim flestum, og hefur þó af okkar hálfu verið gerður á sá fyrirvari í fjvn., að óbundið væri um stuðning

við einstakar till., og sömuleiðis áskilinn réttur til þess að flytja aðrar brtt.

Ég vil hér aðeins gera grein fyrir tveimur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við fjárlagafrv., en eru ekki enn komnar úr prentun og hefur ekki verið útbýtt hér á þinginu.

Önnur þeirra er þess eðlis, að þar er lagt til, að framlag til einnar hafnar, Kópavogshafnar, verði hækkað úr 100 þús. kr. í 200 þús. Svo er mál með vexti, að fjvn. barst skýrsla frá vitamálastjóra, eftir að hún hafði gert till. sínar um það, að þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar væru á þessum stað, væru miklum mun meiri en hún hefði tekið með í sína reikninga, þegar hún gerði till. um fjárveitingu, og lagði vitamálastjóri til, að fjárveitingin yrði hækkuð, en á hinn bóginn var ekki orðið við því af fjvn. sem heild, og því hef ég gert þessa till hér.

Þá flyt ég hér aðra till., sem er brtt. við 14. gr. fjárlaga, legg til, að liðurinn um útgjöld til Ríkisútgáfu námsbóka hækki um 60 þús. kr. og að þessar 60 þús. kr. renni til sérstakra þarfa hjá því fyrirtæki, sem sagt til þess að kaupa eða láta gera handbækur fyrir kennara í þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskólana. Svo háttar einmitt um þessar mundir, að eitt bezta framtakið, sem gert hefur verið í kennslumálum hjá okkur nú að undanförnu eða nú á allra síðustu árum, er það, að kennari einn, Jón Þórðarson, hefur unnið upp mjög merkilega og raunar glæsilega vinnubók, byrjar á að vinna í landafræði um Ísland. Þessar bækur eru mjög nauðsynlegar, einkum sem handbækur fyrir kennara. Sala á þeim getur því ekki orðið mjög mikil, sökum þess að almennt er varla til þess að ætlast, að nemendur, nema þá í beztu deildum, séu látnir hafa þær undir höndum við vinnubókagerð. Á hinn bóginn liggur það fyrir, að kennarastéttin er að því leyti öðruvísi sett en flestir aðrir starfsmenn ríkisins, að nálega alls staðar eru mönnum lögð upp í hendur einhver tæki til að vinna með. Þetta er mjög af skornum skammti hjá kennarastéttinni, og einkanlega er mikill skortur á því, að kennarar fái í hendur, nema að svo miklu leyti sem þeir verða sér úti um það sjálfir og fyrir eigið fé, handbækur til þess að auðvelda þeim starfið í hinum einstöku greinum. Fjvn. hefur fjallað einmitt um þetta mál, tekið því vinsamlega, en fyrir einhvers konar vöntun á því, að hin heppilegasta leið hafi fundizt, hefur ekki komið fram fyrr en þetta till. við fjárlög um sérstaka fjárveitingu í þessu skyni. Ég leyfi mér að flytja till. í því formi, að liðurinn um ríkisútgáfuna orðist svo: „Til Ríkisútgáfu námsbóka, þar af 60 þús. kr. til handbóka fyrir kennara, að öðru leyti til greiðslu 1/3 kostnaðar útgáfunnar gegn 2/3 af námsbókagjaldi" — og liðurinn hækki um 60 þús. frá því, sem hann er í frv. nú.

Þessar brtt. hef ég leyft mér að flytja og munu þær væntanlega koma hér til útbýtingar innan stundar.

Þá þykir mér hlýða að gera einnig grein fyrir því, að þrátt fyrir fyrirvarann, hinn almenna fyrirvara um, að stuðningur við einstakar till. af hálfu Alþb. sé óbundinn, þá hef ég mælzt undan því að þurfa að vera tillögumaður að þeirri till., sem lögð er fram um ríkisábyrgð fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til þess að byggja hraðfrystistöð í Hollandi. Ekki ber það svo að skoða, að ég álíti það neina fjarstæðu, að íslenzkir útflytjendur komi sér upp stöðvum eða aðstöðu til vörusölu erlendis. Á hinn bóginn er ýmislegt við það að athuga að veita þessa ríkisábyrgð. Ég vil þess vegna leyfa mér að nefna þrjú atriði, sem ég hefði viljað hafa tækifæri til þess að skoða og athuga nokkru nánar, áður en ég gæti heitið mínu liðsinni við þessa till.

Það er í fyrsta lagi, að ég hygg, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi til þessa farið þannig að, þegar hún lagði fé til byggingar slíkra stöðva, að verð þeirra hefur verið skoðað sem „annar kostnaður" við rekstur Sölumiðstöðvarinnar, þannig að raunverulega hefur kostnaðurinn við byggingu stöðva Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í New York og London komið niður á hinu almenna fiskverði í landinu. Þeir, sem hafa lagt út fé fyrir þessi fyrirtæki, hygg ég að séu fyrst og fremst útgerðarmenn og sjómenn, þ. e. a. s. eigendur þess fisks, sem á land er dreginn. Á hinn bóginn verða þessir aðilar ekki eigendur að þeim fyrirtækjum, sem þannig er stofnað til, heldur verða það allt aðrir aðilar. Ég álít þess vegna, að áður en þessi ríkisábyrgð yrði veitt eða áður en grundvöllur væri undir því, að ríkið sæi sérstaka ástæðu til að hlaupa undir bagga með þessu stóra fyrirtæki til þess að bæta aðstöðu þess erlendis, þyrfti það að vera á hreinu, að hraðfrystihúsin borguðu þetta af sínu fé, en þetta væri ekki greitt af fé útvegsmanna og sjómanna og verkaði ekki til þess að lækka almennt fiskverð hér heima.

Í öðru lagi hef ég ástæðu til að ætla, að þau gjaldeyrisskil, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gert fyrir þær stofnanir af þessu tagi, sem hún nú þegar rekur erlendis, séu mjög óglögg og ófullkomin, og mér er nær að halda, að þar hafi ekki öll kurl komið til grafar, þar hafi ekki allt komið til skila af þeim gjaldeyri, sem raunverulega hafðist upp úr þessum stöðvum, honum hafi ekki verið skilað fullkomlega inn til íslenzkra banka.

Og í þriðja lagi verð ég að líta svo á, að algerlega sé ástæðulaust, að þetta fyrirtæki, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem eins og allir vita hefur nú gerzt einhver voldugasti auðhringur í þessu landi, fái meiri ábyrgð af hálfu ríkisins en aðrir aðilar til þess að byggja fiskvinnslustöðvar sínar. Í fjárlögum hefur stundum að undanförnu verið ákveðin heimild til ríkisstj. um það að veita ríkisábyrgðir fyrir vissum hluta af kostnaði af fiskvinnslustöðvum. Í fjárlögum ársins 1958 mun hafa verið sú síðasta af þessum heimildum, en þar var ríkisstj. heimilað að taka ábyrgð á allt að 60% af kostnaði við byggingu slíkra stöðva. Hér er hins vegar um það

að ræða, að lagt er til, að ríkið taki að sér að ábyrgjast lán til að koma upp slíkri stöð í Hollandi fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að allt að 77% áætlaðs kostnaðar, þ. e. a. s. áætlun hefur verið gerð um, að stöð þessi mundi kosta 522 þús. dollara, en till. er gerð um, að ríkissjóður taki að sér að ábyrgjast allt að 400 þús. dollara af verði þessarar stöðvar.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir því, að þessi ábyrgð er með þeim hætti, að ég hef nokkra ástæðu til þess að láta hjá líða, daginn sem ég sé hana fyrst, að gjalda henni samþykki mitt.

Um afgreiðslu þessara fjárl. almennt vildi ég gjarnan fara fáeinum orðum og skal þó reyna að vera ekki langorður.

Þetta eru fyrstu fjárlög, sem núverandi ríkisstj. stendur að afgreiðslu á, þótt áður hafi sömu flokkar staðið að afgreiðslu fjárlaga. Þessi ríkisstj. er búin að gera nokkrar undirbúningsráðstafanir undir afgreiðslu fjárlaga. Hún er búin að fá samþykkt Alþ. fyrir endurskráningu á íslenzku gengi, hún er búin að koma fram gengisfellingu. Sú gengisfelling var gerð undir því kjörorði, að nauðsynlegt væri að afnema uppbóta- og niðurgreiðslukerfið. Hvað hefur svo skeð hjá ríkisstj., sem taldi það nauðsyn allra nauðsynja að afnema uppbætur og niðurgreiðslur? Jú, hún kemur ekki fjárlagafrv. sínu í gegnum hið fyrsta þing eftir slíkar ráðstafanir án þess að hafa á því í fyrsta lagi hærri upphæðir til niðurgreiðslu á vöruverði en sézt hafa áður á fjárlögum og í öðru lagi nýjan vísi að útflutningsuppbótum, því að eins og hv. þm. vafalaust hafa tekið eftir, er hér nú komin fram till., sem ættuð er alla leið ofan úr stjórnarráði, um það, að á 19. gr. fjárlaga skuli taka 5 millj. kr. útgjöld, sem eru áætlaðar útflutningsuppbætur vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum. Ég nefni þetta ekki vegna þess, að ég sé á móti þessari till., öðru nær, en ég nefni þetta til þess að sýna fram á, að það er ekkert hald í þeim rökum, sem ríkisstj. hefur haft fyrir þeim málum, sem hún hefur knúið hér fram. Hún er komin í mótsögn við sjálfa sig þegar tveimur mánuðum eftir að hún leggur fjárlagafrv. fram í upphafi og er búin að skipta um kerfi. Þá er hún ekki lengur sjálfri sér samkvæm, og það er raunar vorkunnarmál, þó að hún sé það ekki, því að svo fráleitar voru efnahagsráðstafanir hennar, að það er ekki auðvelt að haga sér í samræmi við þær ráðstafanir, sem þar voru gerðar, enda er það deginum ljósara, að það hefur sjálfri ríkisstj. ekki tekizt. Þessar útflutningsuppbætur, 5 millj. kr., eru raunar miklum mun lægri upphæð en sýnilegt er að verður að greiða í uppbætur á landbúnaðarafurðir, útfluttar á þessu yfirstandandi ári. En ríkisstj. hefur talið nægilegt að setja þessa upphæð, 5 millj. kr., inn á sjálft fjárlagafrv., 7 eða 8 millj. mun hún ætla að koma á útflutningssjóð að greiða undir því yfirskini, að þar sé um að ræða vörur, sem framleiddar eru fyrir 16. febr. Ég leyfi mér nú að vefengja, að hér sé réttilega skipt. En það er ekki aðalatriðið í þessu máli, heldur hitt, að það er deginum ljósara, að ríkisstj. hefur sjálf hlaupizt undan þeim reglum, sem hún taldi höfuðnauðsyn og hún hafði sem réttlætingu á því að koma á þeirri gengisfellingu, sem á er orðin.

Þá vil ég leyfa mér að drepa á eitt atriði í afgreiðslu þessara fjárlaga, sem ég hygg vera algert einsdæmi. Það atriði felst í því, að einn af aðaltekjuliðum í fjárl. er enn sem fyrr tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, af almennum tekjuskatti. Samkv. gildandi lögum er áætlunartalan, sem nú stendur í fjárlagafrv., alröng. Ef innheimta á tekjuskattinn eftir gildandi lögum, má ætla, að þessi tala sé 75—150 millj. of lág. Á hinn bóginn hefur ríkisstj. tilkynnt, að hún ætli að freista þess að fá lögfesta breytingu á tekjuskattslögunum, og eftir þeirri hugmynd ríkisstj. er sú tala, sem nú stendur í fjárlagafrv. um áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, hugsuð. Alþingi stendur hins vegar frammi fyrir því, að það hefur aldrei séð neins staðar á neinu blaði neinar breytingar eða brtt. af ríkisstj. hálfu um þennan skatt. Því fer ríkisstj. hér fram á það við Alþ., að Alþ. lögfesti í fjárlögum áætlunartölu upp á marga tugi milljóna samkv. einhverjum væntanlegum lagafrv., sem a. m. k. enginn úr ríkisstjórnarandstöðunni mun hafa séð enn þá, og ég leyfi mér einnig að draga í efa, að hv. stuðningsmenn ríkisstj. hér á Alþ. hafi almennt heldur fengið að sjá nokkrar till. í þessa átt. Það er annað mál, hversu mikla virðingu hæstv. ríkisstj. sýnir Alþ. með því að fara fram á það, að afgreidd séu fjárlög með þeim undirbúningi, sem hér er fyrir hendi að því er varðar tekjuskatt. Ég læt það þó vera, miðað við annað hennar framferði, þó að henni haldist það uppi að sýna Alþ. þá óvirðingu, sem hún hér gerir. En ég vil leyfa mér að láta í ljós samúð mína með þeim hv. stuðningsmönnum ríkisstj., sem fá þá ánægju af stuðningi sínum við stjórnina í ofanálag við allt annað að vera hafðir hér að slíku gjalti að eiga nú að samþykkja áætlun milli 70 og 80 millj. kr. inn á fjárlög án þess að hafa nokkra minnstu hugmynd um það, hvernig þau lög eiga að hljóða, sem á að innheimta þennan skatt eftir. Og ef miðað er við reynsluna af tilkynningum ríkisstj. um aðra skatta og svo frv. hennar, þegar þau koma fram, er það vissulega rétt, að þar ber ærið á milli, enda frægt orðið, þegar ríkisstj. glutraði niður úr áætlunum sínum rúml. 100 millj. kr. í sambandi við söluskattinn. En sem sagt, það er í rauninni aumkunarvert Alþingi, sem lætur bjóða sér það að áætla fjárlög ríkisins eftir hugmyndum ofan úr Arnarhvoli, sem aldrei hafa sézt á blaði. Ég tel, að ríkisstj. beri siðferðileg skylda til þess að láta ekki fara fram endanlega afgreiðslu fjárlaga, fyrr en hún a. m. k. hefur lagt hér fram frv. sitt um breyt. á lögum um tekjuskatt. Allt annað er fullkomin óhæfa.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þegar frv. til laga um söluskatt var til umr. í Ed. Alþ., flutti ég brtt., sem var þess efnis, að smásöluskatturinn, sem lagður er á veitinga- og gistihúsaþjónustuna í landinu, rynni í sérstakan sjóð, sem yrði síðan lánaður út til þess að byggja upp veitinga- og gistihúsin í landinu. Þessi till. var felld. En þó var henni vinsamlega tekið af hæstv. fjmrh., sem taldi bera brýna nauðsyn til þess, að allt yrði gert, sem unnt væri, til þess að greiða fyrir því, að sómasamlegur veitinga- og gistihúsakostur væri jafnan til í landinu.

Við 2. umr. fjárl. var samþ. till. þess efnis, að fallið skyldi frá stimpil- og þinglestursgjaldi í sambandi við kaupin á Hótel Borg. Þá var og önnur till. samþ. þess efnis að taka ríkisábyrgð á 20 millj. kr. láni til að reisa gistihús í Reykjavík, en báðar þessar till. eru til þess að greiða götu þeirra manna, sem vinna við hótelrekstur hér í höfuðborginni, og hafa þeir sýnt með miklum áhuga og dugnaði, að þeir eru margs góðs maklegir.

Það er vitað mál, að mikil þörf er á því að bæta húsakost og þjónustu þá, sem veitinga- og gistihúsin þurfa að veita, og þar sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eru svona góðviljaðir í garð höfuðborgarinnar, vænti ég þess, að þeir hinir sömu láti ekki smáupphæðir standa í sér, eins og till. þá, sem ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Vesturl. (HS). Það mun nú ekki vera búið að útbýta þessari till., en hún fer fram á það, að veitt sé ríkisábyrgð fyrir 180 þús. kr. láni, sem Ásgeir Guðmundsson hótelstjóri í Búðardal þarf að fá til að stækka húsakynnin, sem hótelið í Búðardal þarf nauðsynlega til að auka starfsemi sína. Ég vænti þess, að till. þessi verði samþykkt, þar sem hún er ekki nema örlítið brot af þeirri upphæð, sem þegar er viðurkennt af meiri hluta Alþ. að þurfi til að auka hótelkostinn í höfuðborg landsins, og ég trúi því ekki, að þeir fáu úti í landsbyggðinni, sem leita fyrirgreiðslu Alþ. á sama hátt og hinir mætu höfuðborgarbúar, verði settir í annan flokk. Ég vænti því þess, að þessi till. verði samþykkt.

Þá vil ég einnig um leið minna á till., sem ég er meðflm. að, en þessi till. er á þskj. 245 og er IV. till. þar, en hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur áður gert grein fyrir till. þessari, og vænti ég þess, að hún verði samþ., þar sem hér er um að ræða mikið nauðsynjamál fyrir búfjárræktartilraunastarfsemina í landinu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Á þskj. 245 á ég ásamt tveimur félögum mínum úr Norðurlandskjördæmi eystra þrjá hópa af tillögum, og vildi ég nú með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim. En félagar mínir, sem till. flytja ásamt mér, eru hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) og hv. 4. þm. Norðurl. e. (GH).

Það eru þá fyrst nokkrar brtt. eða nokkrir liðir brtt. við 13. gr. A, II, nýir vegir.

Fyrst er þar á blaði Ólafsfjarðarvegur. Samkv. frv. því, sem fyrir liggur, er ekki ætlað neitt fé til hans, en hins vegar fé til Ólafsfjarðarvegar eystra, sem vitanlega er ágætt. En Ólafsfjarðarvegur er þannig, að nokkur hluti vegarins er enn aðeins moldarvegur. Áður hefur verið veitt til vegarins á fjárlögum 85 þús. kr. oftar en einu sinni að undanförnu. Við leggjum til, að til þessa vegar verði nú veittar 50 þús. kr.

Þá er næstur eða nr. 2 Hrísavegur. Það er nýr liður, og við leggjum til, að til hans verði veittar 45 þús. kr. Hann er nú felldur niður af fjárlögum, þótt einn fjórði hluti hans, eða 3.5 km, sé enn aðeins ruddur vegur og því ekki fær nema að sumarlagi. Mjólkurflutningabíll þarf að komast eftir þessum vegi daglega. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að halda áfram að lagfæra þann veg og byggja hann upp.

Þá er þriðji liðurinn, Hörgárdalsvegur ytri. Til hans er veitt samkv. fjárlagafrv. 70 þús. kr. upphæð. Þessi vegur liggur um blómlega og þéttbýla byggð, en nokkur hluti hans er enn aðeins ruðningsvegur, sem verður fljótt illa fær í rigningartíð og ófær, þegar nokkuð verulega snjóar, og þetta kemur sér mjög illa, þar sem koma þarf daglega mjólk til Akureyrar eftir þessum vegi. Það má því segja, að ekki veiti af þeirri hækkun, sem við leggjum til, en í raun og veru er hún, eins og aðrar till. okkar, mjög hógvær og það lægsta, sem við getum hugsað okkur.

Þá er næst 4. liðurinn, Bárðardalsvegur eystri. Hann hafði 70 þús. kr. fjárveitingu í fyrra, en er nú lækkaður niður í 40 þús. Og 5. liðurinn er Bárðardalsvegur vestri. Hann hafði í fyrra 55 þús. kr. tillag, en nú er hann lækkaður niður í 45 þús. kr. samkv. fjárlagafrv. Fyrir þessum lækkunum teljum við engin réttmæt rök. Ef um féleysi væri að ræða, sem ég tel að ekki sé, þá ætti fyrr að draga af fjárveitingu til annarra vega en til þessara vega. Bárðardalur þarf mikið fé til vegar. Hann er langur og Skjálfandafljót skiptir honum endilöngum og þar með byggðinni í tvennt. Þess vegna þarf veg allan dalinn báðum megin fljótsins. Bárðdælingar hafa lagt á sig mikil gjöld á undanförnum árum með vaxtagreiðslum af lánum, sem þeir hafa útvegað til þess að reyna að þoka vegunum hraðar áfram en fjárveitingarnar frá Alþ. hafa veitt efni til. En enn þá skortir geysimikið á, að vegirnir séu komnir í viðunandi lag. Á löngum köflum eru niðurgrafnir ruðningar, enn fremur ómölbornir kaflar, sem ýtt hefur verið upp, kaflar, sem skemmast við bið eftir möl. Það er vitanlega allt of lítil hækkun þetta, sem við gerum till. um, eða samtals í Bárðardal um 95 þús. kr., en það sýnir þó skilningsvott á aðstæðum af hálfu Alþ., ef þessar till. verða samþykktar. En lækkun á fjárframlagi til þessarar sveitar ber með sér skilningsleysi á aðstæðunum.

Þá er það 6. liðurinn. Það er Út-Kinnarvegur. Þar leggjum við til, að fjárveiting verði 40 þús. kr. í stað 10 þús., sem á frv. eru. 10 þús. þessi eru bara ætluð til þess að borga skuld, sem hvílir á veginum og heimamenn hafa lán-

að. Út-Kinn er, eins og menn sjálfsagt vita, nyrzti hluti Ljósavatnshrepps. Þar hefur á löngu svæði verið ekið eftir sjálfgerðum troðningi meðfram Skjálfandafljóti, á bakka þess, og þessi bakki er milli fljótsins og mýrlendis, sem tekur við fyrir ofan. Nú er fljótið að eyðileggja þessa troðningsleið, og það er búið að grafa skurð eftir mýrlendinu og gera braut úr uppgreftinum, en í brautina vantar enn möl að verulegu leyti, og það er m. a. nauðsynlegt þessa vegna að fá fjárveitingu til aðgerða í sumar, til þess að gera þennan ruðningsveg upp úr skurðunum fullkomlega færan. Auðvitað er það margt fleira, sem þarf að gera vegna þjóðvegarins í Út-Kinn, en till. er bara miðuð við brýnustu þörf.

Þá er 7. liðurinn. Það er Austurhlíðarvegur. Þessi vegur er í Reykjadal í Þingeyjarsýslu hjá Laugaskóla. Hann hefur legið um hlaðið þar þangað til s. l. sumar, að byggð var braut, sem liggur eftir árbakka neðan við hól þann, sem skólinn er byggður á eða réttara sagt skólarnir, því að þarna eru tveir skólar við sama hlað, héraðsskóli og kvennaskóli. Umferðin um hlaðið hjá skólunum var bæði til leiðinda og truflunar á skólaheimilunum. Þess vegna var það, að skólastjóri héraðsskólans útvegaði fé að láni, til þess að brautin eftir árbakkanum yrði byggð s. l. sumar. Og lánið mun hafa verið 100 þús. eða vel það. Ég tel nauðsynlegt og sanngjarnt að greiða þetta lán á stuttum tíma. Það er hvorki eðlilegt, að skólastjórinn né heldur skólinn kosti vaxtagreiðslur vegna þessara þjóðvegaraðgerða, og við leggjum til, að í staðinn fyrir 25 þús. kr. upp í þessa skuld verði greiddar 50 þús. kr. á þessu ári.

Þá er 8. liðurinn. Það er Tjörnesvegur, en hann er tengivegur milli héraðanna Norður-Þingeyjarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, auk þess sem hann er oft farinn af þeim, sem leggja leiðir sínar frá eða til Austurlands. Það þarf að leggja mikið kapp á að gera þennan veg svo úr garði, að hann þoli þá miklu umferð, sem á hann hefur lagzt síðan þarna var opnaður vegur, en það eru ekki síðan nema ein þrjú ár, að þessi leið varð slarkfær. Einnig þarf að gera þennan veg þannig úr garði, að hann geti verið vetrarvegur, því að það reynir mikið á hann fyrir umferðina að vetrinum á þessu svæði. Við leggjum til, að fjárveiting til vegarins á þessu ári verði ekki 225 þús., eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., heldur 250 þús. kr.

Þá er 9. liðurinn. Það er Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur. Þetta er aðalþjóðvegurinn, eins og hann er fyrirhugaður um byggðir og milli byggða milli Tjörness og Þórshafnar á Langanesi. Hann liggur um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit og þar með um Kópasker, Sléttu og þar með um Raufarhöfn, Þistilfjörð og hluta af Langanesi. Þetta er aðalkaupstaðar- og vöruflutningaleið allra byggðarlaga á hlutaðeigandi svæði, auk þess ferðamannaleið á sumrin og landleiðin til og frá hinni miklu síldarstöð á Raufarhöfn, sem mikið þarf á að halda á sumrin. Mikið af síldarmjöli er flutt um þennan veg frá verksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn. Það er búið að ýta upp nýjan veg á söndunum vestan Jökulsár í Kelduhverfinu, en eftir er að bera ofan í hann. Milli Raufarhafnar og Þistilfjarðar er enn ekki akfært á löngum kafla, og má ætla, að byggingarkostnaður sé 1—2 millj. kr. Að öðru leyti eru þessir vegir að miklu leyti aðeins ruddir í öndverðu, en síðar byggðir upp kaflar smátt og smátt. Á þessum köflum stöðvast umferð oft, þegar snjó leggur á vetrum, þó að hinir uppbyggðu vegakaflar séu færir. Á þetta við um allar hlutaðeigandi sveitir austan heiðar og vestan. Þingmönnum kjördæmisins hefur borizt fundarályktun frá 17. jan. í vetur úr héraðinu um þetta mál, þar sem þess er m. a. getið, að ýmsir bændur vestan heiðar hafi hug á að taka upp mjólkurframleiðslu ásamt sauðfjárbúskapnum, sem þar hefur aðallega verið, en það strandi á ófærðarhættunni á umræddum vegarköflum, þegar misjöfn er tíð og ekki sízt náttúrlega þegar snjóar á vetrum. Við leggjum til, að í staðinn fyrir 400 þús. komi 500 þús. og þykjumst ekki fara geyst í sakir, þegar um þessar löngu leiðir er að ræða.

Þá er 10. liðurinn. Við leggjum til, að hann orðist svo: Langanesvegur utan Heiðar (Skoruvíkurvegur), og til hans verði veittar 50 þús. kr. Það er stefnt að því að ljúka við að ryðja veg norður á útnesinu utan Heiðar, þ. e. utan við bæinn Heiði að Skoruvík og þar með að Skálum, og þetta er gert og lagt kapp á það, til þess að byggð leggist þar ekki niður með öllu og í von um það, að jarðir, sem hafa farið úr byggð fyrir einangrunina, komist aftur í byggð, svo að hægt sé að hagnýta ýmis hlunnindi, sem þarna eru. Einkum er þó um reka að ræða, en hann er mjög mikill og bjargfuglatekja. Þetta er einnig öryggismál, því að vitavörðurinn í Skoruvík dvelur þarna og þar fer fram veðurathugun, og ef skip stranda við útnesið, er mjög varhugavert, að þar sé ekki byggð.

Þá eru næst breytingar við 13. gr. A, 2, d, þ. e. fjárveitingar til svonefndra millibyggðavega. Við leggjum fyrst til, að Múlavegur verði hækkaður úr 300 þús. í 400 þús. kr. Hér er um mikið fyrirtæki að ræða, eins og hv. þm. vita, en sá vegur á að leysa og leysir heila byggð, Ólafsfjörð, úr mjög hvimleiðri einangrun, þegar hann er fullgerður. Og þetta þarf að verða sem allra fyrst, og veitir því ekki af að hækka þessa fjárveitingu.

Næst er það Tjörnesvegur. Við leggjum til, að í staðinn fyrir 200 þús. komi 300 þús. Og það eru fyrir því sömu rökin og ég lýsti áðan í sambandi við aðra till. okkar um Tjörnesveg og sízt of geyst í sakir farið, það vita þeir, sem búa þarna nærri.

Þá er það næst Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar, sem heitir öðru nafni Hálsavegur, aðalleiðin. Það er lagt til samkv. fjárlagafrv., að þangað gangi 100 þús. Við leggjum til, að það verði hækkað um helming. Er talið, að þar þurfi af tæknilegum ástæðum að vinna

mjög stóran áfanga í sumar, vegna þess að þarna sé aðkallandi þörf til að tengja saman byggðir.

Þá er það 2. liður í þessum flokki. Hann er við 13. gr. A, III, 18, brúargerðir. Það er nýr liður. Við leggjum til, að veittar verði 300 þús. kr. til brúar á Sandá í Þistilfirði. Þetta er að vísu ekki fullnægjandi fjárveiting til að endurbyggja brúna, því að hún er töluvert dýrt mannvirki, en það rekur mjög eftir að byggja hana upp, og er talið, að vinna megi að undirbúningi þess nokkuð. Brúin var byggð fyrir 50 árum, er járnbitabrú, veikbyggð og úr sér gengin, of mjó og talin vera orðin hættuleg. Þetta hljóta allir að kannast við, sem þarna hafa farið um nýlega, og þess vegna er mjög nauðsynlegt að fara að hugsa fyrir byggingunni og helzt strax, safna fé í hana og vinna eitthvað að því að styrkja hana, svo að ekki verði þarna tjón í umferð.

Þá er 3. liðurinn, það er við 13. gr. C, 8, til hafnarmannvirkja. Við leyfum okkur að fara fram á smávegis hækkanir í kjördæmi okkar í fjórum liðum. Ekki er það af því, að meiri hækkana væri ekki þörf eða á fleiri stöðum í kjördæminu, en við tökum það, sem við teljum brýnast og skyldast.

Það er þá fyrst hækkun á framlagi til dráttarbrautar á Akureyri um 50 þús. kr. Þetta er mjög mikið mannvirki og kallar eftir framkvæmdum, ekki aðeins fyrir Akureyri, heldur fyrir Norðurland og jafnvel Austurland líka.

Þá er næsti liður Flatey á Skjálfanda. Flatey á Skjálfanda er svo illa sett, að strandferðaskip geta ekki lagzt þar að bryggju nema Breiðarnar, og þær aðeins þegar allra hásjávaðast er. Og svo örðugt er það, að á áætlun er ekki gert ráð fyrir viðkomu þeirra, en útgerð ríkisskipanna hefur gengið inn á það að senda þær þangað einum tvisvar sinnum á ári, þegar mest kallar eftir útflutningi frá eynni, því að þar er mikil framleiðsla sjávarafurða, og þá er sætt færum, þegar bezt viðrar og bezt stendur á sjó. Þarna búa um 80—90 manns. Þar eru fiskimið mjög góð og farsæl útgerð. Aðallega eru þaðan stundaðar veiðar með handfæri, og aflasælast er seinni part sumars. Á þessi mið sækja ekki aðeins eyjarskeggjarnir, heldur bátar til útilegu frá Eyjafirði og víðar að. Væri einmitt þessum bátum mjög mikilsvert að geta við og við lagt upp afla í Flatey og þó sérstaklega mjög mikilsvert að geta leitað þangað lægis í vondum veðrum, og til þess að það geti orðið, þarf að lengja bryggjuna í Flatey, og verið er að safna fé til þess að gera það. Geta má þess, að eyjan er eign ríkisins, og það gerir í raun og veru það að verkum, að ríkinu er enn skyldara en ella að leggja fram fé til þess, að þarna geti orðið viðunandi búseta, og það er sannarlega ekki að stuðla að því, að menn byggi þar sveit, sem ekki fæðir fólk sitt vel, því að fiskimiðin við Flatey eru svo gjöful, að fjárhagsleg afkoma hefur verið þar mjög góð. Aðeins er það einangrunin, sem hefur þjáð þar.

Þá er næsti liðurinn, að við leggjum til lítils háttar hækkun fyrir Húsavík. Við leggjum til, að Flatey verði hækkuð úr 50 þús. upp í 75 þús., og að Húsavík verði hækkuð úr 325 þús. í 375 þús. Húsavík er nú í óða önn að byggja hafnarmannvirki sumar hvert til þess að bæta höfn sína, og sú mannvirkjagerð gengur ágætlega, og hefur það sérstaklega verið ánægjulegt, að þar hafa framkvæmdaáætlanir staðizt mjög vel og mannvirkin þolað vel sjógang, en þá sögu er ekki hægt að segja frá öllum stöðum. Í fyrra var fjárveiting til Húsavíkur 350 þús. kr., en á fjárlagafrv., eins og ég gat um áðan, aðeins 325 þús., fjárveiting lækkuð. Við sjáum ekki, að það sé nokkur sanngirni að lækka upphæðina, þegar krónurnar minnka, og leggjum þess vegna til, að upphæðin verði hækkuð um 50 þús. kr.

Þá er það næstsíðasti liðurinn að því er hafnarmannvirki snertir, Ólafsfjörður. Hann er sérstaklega illa settur með hafnarmannvirki sín. Er bæði langt í land með fullgerð þeirra og svo hafa þar skeð óhöpp vegna röskunar í brimum á því, sem unnið hefur verið. Við leggjum til, að framlagið til Ólafsfjarðar verði 350 þús. í stað 300 þús.

Loks er það svo Þórshöfn. Þar er sagt, að af tæknilegum ástæðum þurfi að vinna mjög stóran áfanga í sumar fyrir allt að 4 millj. kr., en 1½ millj. eða fram undir það á að vera handbær nú. Áfanginn er dýpkun á innsiglingu og dýpkun til þess að mynda traustan botn undir kerum. Það á að leggja grjótgarð og steypa og setja niður eitt ker. Þetta er talinn alveg nauðsynlegur áfangi í einni lotu, og við teljum, að það sé ekki nægilegt tillit tekið til þess í fjárveitingunni samkv. frv., og leggjum til, að hún verði hækkuð úr 325 upp í 375 þús.

Þessar hækkanir að því er hafnirnar snertir eru svo hæversklegar af okkar hálfu, að þær nema samtals aðeins um 10% í ofanálag á það, sem frv. gerir ráð fyrir til hafna í okkar kjördæmi. — Um hinar er það að segja, að till. okkar um hækkun á þeim eru um 20% frá því, sem er í frv., og teljum við það líka hógværar till. Þetta kemur ekki hlutfallslega jafnt á alla vegi, en við teljum, að með till. höfum við lagt grundvöll að því að leiðrétta misræmi, sem er milli fjárveitinga til veganna.

Þá er ein lítil till. um breyt. á 14. gr. Við fluttum við 2. umr. fjárlaga brtt. um, að veittar yrðu 75 þús. kr. til Matthíasarfélagsins á Akureyri í stað 40 þús., sem á fjárlagafrv. eru frá hendi meiri hl. fjvn. Ég gerði við 2. umr. í framsögu grein fyrir starfsemi Matthíasarfélagsins, sem er stofnað til þess að koma upp minjasafni á Akureyri um þjóðskáldið Matthías Jochumsson og kaupa og hafa fyrir minjasafnshús íbúðarhús skáldsins, Sigurhæðir á Akureyri. Ég sé enga ástæðu til þess að endurtaka grg., sem ég flutti um starfsemi Matthíasarfélagsins og fjármál þess. Aðalatriðið er, að félagið vinnur að því að heiðra minningu þjóðskáldsins og þetta er þjóðmál. Það stend-

ur upp á ríkið að leggja fram á móti Akureyrarbæ til kaupa á húsi skáldsins. Þegar till. var borin undir atkv. við 2. umr., skorti 5 atkv. til þess, að hún yrði samþ., og fleiri voru utan atkvgr. en þeirri tölu nam. Menn virtust eitthvað utan við sig þetta augnablik eða ekki með á nótunum. Öðruvísi gat ég ekki skilið niðurstöðu þessarar atkvgr., og þess vegna er till. tekin upp, lítils háttar lækkuð, en efnislega sú sama.

Það væri undarlegt fyrirbæri að fella endanlega till. til þess að heiðra minningu Matthíasar Jochumssonar, sem er jafnkostnaðarlítil og þessi till., en minning hans mundi þola miklu hærri framlög af Alþingis hálfu. Matthías spurði einu sinni í sambandi við annað stórskáld okkar: „Æska, elli, menn og mjúklynd fljóð, man nú enginn Hallgríms dýru ljóð?“ Hér á hinu háa Alþ. á alls ekki við að spyrja um það, hvort menn muni ekki ljóð Matthíasar. Ég leyfi mér hiklaust að vænta þess, að það sannist við atkvgr. um þessa till., að hv. alþm. muna eftir ljóðum hans, þó að þeir hugsi að vísu mikið um efnahagsmál, eins og skylt er. En menn lifa ekki af einu saman brauði. Og þjóðin væri miklu fátækari, ef Matthías hefði ekki lifað, og verður fátækari, ef hún vinnur ekki að því að láta Matthías lifa með sér í skýrri minningu.

Loks eru tvær brtt. við 22. gr. Fyrst er á það að minnast, að á Þórshöfn vantar, til þess að síldarsöltun geti farið þar fram, síldarbræðslu, svo að hægt sé að hagnýta afganga frá söltun. Þeir staðir, sem hafa ekki tök á að taka afganga til bræðslu af skipum, eru eiginlega úr leik í sambandi við söltun síldar. Nú er verkið hafið á Þórshöfn að koma upp þessari bræðslu. Það er búið að festa kaup á vélum og þær á að setja upp í fiskimjölsverksmiðjunni, sem fyrir er. Þetta er því fjárhagslega hagkvæmt og vel framkvæmanlegt, en samt vantar ábyrgð fyrir stofnláni, allt að 600 þús. kr., og við leggjum til, að Alþ. heimili ríkisstj. að taka á ríkið þessa ábyrgð. Það er í samræmi við aðrar slíkar heimildir, sem verða nú á 22. gr., t. d. vegna Austfjarðanna, eftir till. fjvn. Og vitanlega hefði verið farið með þetta mál fyrir fjvn., ef þeir, sem að því standa, hefðu ekki orðið svo síðbúnir að minna á sig, að þeir gerðu það ekki fyrr en þeir heyrðu, að fjárlög ættu að takast til 3. umr.

Seinni till. um breyt. á 22. gr. er um það, að útvarpinu verði ekki aðeins heimilað að verja tekjuafgangi til þess að bæta hlustunarskilyrði á Austurlandi, heldur einnig á Norðausturlandi. Mjög vond hlustunarskilyrði eru nú á Raufarhöfn og Þórshöfn og þar í grennd. Þetta hef ég sjálfur reynt, og mér er raunar tjáð af þeim, sem til þekkja, að þau séu þar engu betri en á Austurlandi. Við leggjum til, að breyt. verði gerð á þeirri till., sem fram er komin um það, að ríkisútvarpið fái að verja rúmri milljón til að bæta hlustunarskilyrðin á Austurlandi, þannig að heimildin verði hækkuð upp í 1½ millj. og Norðausturland tekið með.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum till. Þær eru að vísu til útgjaldahækkunar, en þar er mjög stillt í hóf, og ef till. framsóknarmanna um hækkun á tekjuáætlun fjárl., sem líka eru hófsamlegar, hækkun á áætlun söluskattsins, verða teknar til greina, er nóg rúm fyrir þessar till. á fjárlögunum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þær tvær till., sem ég tók aftur við 2. umr. um fjárl., hef ég flutt aftur við þessa umr. Till. þessum hefur enn ekki verið útbýtt, en þær fjalla um hækkun á framlögum til tónlistarskóla Hafnarfjarðar og barnaheimilissjóðs Hafnarfjarðar. Fyrir þeim tveimur till. mælti ég við þá umr. og sé ég ekki ástæðu til að bæta neinu við það nú, nema hvað ég vil ítreka það, að ég tel þessa aðila verða afskipta, miðað við aðra, ef framlög til þeirra fást ekki hækkuð.

Þá flyt ég brtt., sem enn hefur ekki verið útbýtt, þess efnis, að 2 millj. eða til vara 1 millj. kr. verði varið til að halda áfram byggingu póst- og símahúss í Hafnarfirði. Ég hygg, að fáir eða engir kaupstaðir eða jafnvel þorp úti á landi búi við jafnlélegt húsnæði fyrir póstþjónustu og Hafnarfjörður, þar sem nú búa um 7 þús. manns, og má heita furðulegt, hve lengi hefur verið dregið að bæta þar úr. Það er einnig mála sannast, að fáir eða alls engir hafi orðið að sæta jafnlélegri aðstöðu í símamálum og Hafnfirðingar. Um fjölda ára hefur ekki verið hægt að fjölga símtækjum í Hafnarfirði, þótt fólki hafi fjölgað þar hlutfallslega og tölulega meir en víðast annars staðar á landinu. Er það vitaskuld með öllu óviðunandi, að ekki skuli vera undinn bráður bugur að því að bæta svo úr, að hægt sé að sinna þeim fjölmörgu umsóknum um nýja síma, sem nú liggja fyrir hjá símstöðinni í Hafnarfirði, bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Þess má t. d. geta, að svo er nú komið, að það veldur erfiðleikum um að stofnsetja ný atvinnufyrirtæki í Hafnarfirði, að þau eiga ekki kost á að fá síma. Símalínur milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eru langtum of fáar, og hafa því ráðamenn landssímans gripið til þess ráðs að skammta símtöl milli þessara staða með sérstökum ráðstöfunum. Símtöl eru slitin eftir ákveðinn tíma og þau reiknuð til gjalda margföld á við innanbæjarsímtöl. Viðunandi lausn á þessu ófremdarástandi öllu fæst því aðeins, að símstöðin verði stækkuð og fjölgað símalínum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Eftir að símstöðin í Reykjavík hafði verið stækkuð tvisvar og séð hafði verið fyrir stækkun í Keflavík, þá sást loks s. l. sumar rofa fyrir lausn í þessu máli. Birtar voru teikningar af nýju póst- og símahúsi í Hafnarfirði, og byrjað var á framkvæmdum að mig minnir nokkru fyrir kosningar. Hvað sem því líður, fögnuðu Hafnfirðingar þessum framkvæmdum mjög, þótt síðbúnar væru, og hafa án efa vænzt þess, að röggsamlega yrði að framkvæmdum staðið. En þær vonir hafa því miður brugðizt. Enn í dag er aðeins grunnur hússins kominn,

og við það hefur ekki verið unnið um alllangt skeið. En uggvænlegast er, að á fjárl. nú er ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri fjárhæð til byggingarinnar. Hafnfirðingar munu vart trúa því, að ekki eigi að halda byggingarframkvæmdum áfram nú strax í vor og ljúka þeim á eðlilegum tíma, og ég vænti þess, að hv. alþm. tryggi framgang þessa máls með sérstakri fjárveitingu í þessu skyni.

Hafnfirðingar eiga fullan rétt á því, að framkvæmdum við byggingu póst- og símahússins sé haldið áfram með eðlilegum hraða, svo að þeir þurfi ekki enn að bíða von úr viti eftir úrbótum í símamálum, í svo miklu ófremdarástandi sem þau eru nú. Símagjöld þeirra hafa verið hækkuð vegna stækkunar stöðva fyrir Reykjavík, Kópavog og Keflavík, og þeir hafa verið látnir bíða lengst allra, og þegar röðin er loks komin að þeim, er það lágmarkskrafa, að framkvæmdir séu ekki stöðvaðar á fyrsta stigi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að þeim skrifl. till., sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) talaði fyrir hér í dag og ekki er búið að útbýta enn þá. Ég ætla ekki að fara að ræða um þær neitt sem heitir. aðeins undirstrika nauðsyn þeirra framkvæmda, sem þar er gert ráð fyrir, eins og hann gerði.

En ég kvaddi mér hljóðs til þess að mæla hér fyrir VII. till. á þskj. 245. Það er till. við 22. gr. fjárl., nýr liður, á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt að verja 15 millj. kr. til þess að leysa úr fjárþörf byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbanka Íslands vegna þeirra umsókna um lán, er bankanum hafa borizt fyrir s. l. áramót vegna framkvæmda, er þegar hafa verið gerðar. Þessi till. ber það með sér, að hún er eingöngu við það miðuð að leysa úr þeirri lánsþörf þessara stofnlánasjóða, sem skapazt hefur vegna framkvæmda, er lokið var á s. l. ári eða fyrr. Ég býst við, að allflestum þm. sé um það kunnugt, að mestur hlutinn af hinum árlegu lánaveitingum þessara sjóða fer að jafnaði fram síðustu mánuði hvers árs, því að þá hafa þeir bændur, sem eiga rétt á lánum út á sínar framkvæmdir samkvæmt gildandi l., komið með sín lánaskjöl í bankann og fengið þar afgreiðslu fyrir áramót. Þó hefur jafnan farið svo, að einhver, en ætíð mikill minni hluti þeirra lánbeiðna, sem bankanum hafa borizt í þessu skyni, hefur orðið að bíða afgreiðslu fram yfir áramót, og þá hefur sá hluti verið afgreiddur, og það hefur þá verið sá hluti umsóknanna, er síðast barst bankanum. Ætíð hefur verið lagt mesta kapp á það, að þessi hluti umsókna fengist afgreiddur svo fljótt sem unnt var, eftir að komið var fram á næsta ár, enda hefur slíkur dráttur ekki að jafnaði stafað af því — eða óhætt að segja aldrei stafað af því, að þeir umsækjendur væru ekki fullkomlega jafnréttháir hinum, er afgreiðslu hlutu fyrir áramótin, heldur hitt, að stundum hefur verið heldur þröngt um fé, og jafnvel það, að þeir, sem síðastir komu, hafa orðið út undan vegna annríkis, þar sem mikið hefur oft verið að gera á þeim stutta tíma. En um s. l. áramót var óvenjulega mikið af óafgreiddum lánbeiðnum í þessum stofnlánasjóðum bankans. Munu þær í báðum sjóðunum nema um það bil 15—16 millj. kr. Þessir umsækjendur hafa lokið sínum framkvæmdum alveg eins og hinir, sem afgreiðslu fengu fyrir áramót, og eiga samkvæmt lögunum nákvæmlega sama rétt til lána. En þótt nú sé liðinn um það bil fjórðungur yfirstandandi árs, hefur fjárskortur algerlega hindrað afgreiðslu þessara lána, og þetta er mjög bagalegt fyrir þessa umsækjendur, sem á s. l. ári eða fyrr réðust í framkvæmdir sínar í fullu trausti þess, að þeir mættu treysta gildandi lagaákvæðum um lán, þegar framkvæmdir þeirra væru fullgerðar. Enn fremur veldur það miklu misrétti, ef þessi hluti umsækjenda verður ekki látinn njóta sama réttar og hinir, sem þegar hafa fengið afgreiðslu. Þessi till. er því flutt eingöngu til þess að heimila ríkisstj. að leysa þetta vandamál og koma í veg fyrir þetta misrétti, sem annars hlýtur að valda bæði vonbrigðum og vandræðum.

Till. er, eins og hún ber með sér, aðeins miðuð við að leysa úr því ástandi, sem hafði skapazt, áður en hinar nýju efnahagsráðstafanir stjórnarinnar tóku gildi. Það liggur alveg ljóst fyrir að vísu, að þessar nýju ráðstafanir munu skapa ný vandamál í sambandi við allt lánsfjárkerfi landbúnaðarins, en ég er á engan hátt að blanda þeim framtíðarviðhorfum hér inn í, heldur aðeins að ræða um lausn þess vanda, sem áður var orðinn til og á að leysast samkvæmt þeirri löggjöf, sem þá var í gildi, því að verði það ekki gert, mun mörgum þykja illt að mega ekki treysta á þau réttindi, sem þeir eiga að hafa samkvæmt þeim lagaákvæðum, er Alþ. hefur samþ. Slíkt væri áreiðanlega illa farið, og þess vegna vil ég eindregið skora á Alþ. að veita þessari till. stuðning og heimila ríkisstj. að leysa úr þessum vanda, eins og hún gerir ráð fyrir.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. (GH) og ég höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 245 við 13. gr. fjárlfrv. Hún er II. till. á þskj. og hljóðar um það, að í staðinn fyrir 800 þús. kr. til endurbyggingar þjóðvega komi 1 millj. og 500 þús. Þetta mál hefur áður verið rætt hér á þinginu, svo að ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum, en vil þó aðeins segja það, að það er kunnugt, að hinir elztu þjóðvegir eru farnir mjög að síga í jörðina og eru sums staðar orðnir lægri en yfirborð jarðar meðfram þeim. Þetta veldur því t. d., að vegirnir losna ekki við rigningarvatn og leysingarvatn, sem á þá kemur, og vaðast þess vegna út undan hinum þungu farartækjum, sem um þá þurfa að ferðast. Þá verða þessir vegir ófærir, strax og eitthvað snjóar. Þar veldur mestu um, hvað þeir eru orðnir lágir og jörðin hærri í kringum þá. Það veldur hins vegar gífurlegum kostnaði við snjómoksturinn, sem þó kemur aldrei að fullu gagni fyrir umferðina og

getur aldrei tryggt samgöngurnar eins vel og ef vegirnir væru hærri, því að þá standa þeir lengur upp úr snjónum.

Við flm. till. teljum, að endurbygging gamalla þjóðvega sé nú eitt af hinum brýnustu verkefnum í samgöngumálum hér á landi. Með þeirri breytingu, sem nú hefur verið gerð á gengisskráningunni, minnkar að mun það, sem hægt verður að gera fyrir þær fjárveitingar, sem verið hafa til þessara mála og ætlaðar eru á fjárlfrv.

Við væntum þess, að hv. alþm. hafi skilning á þessu máli og muni styðja till. okkar, þar sem henni er mjög í hóf stillt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fimm öðrum hv. þm. að flytja brtt. við 22. gr. fjárl. Þessi brtt. fór seint í dag í prentun, og mun ekki vera búið að útbýta henni. Skal ég því lesa hana, en flm. hennar eru Sigurvin Einarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Halldór Ásgrímsson, Ólafur Jóhannesson. Till. er þannig, að ríkisstj. verði heimilað að greiða vinnslustöðvum úr ríkissjóði eða útflutningssjóði sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs, þó ekki hærri upphæð hlutfallslega en greidd var úr útflutningssjóði til slíkra uppbóta á árinu 1959, miðað við fiskmagn og fiskverð. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Með efnahagslöggjöfinni, sem var afgreidd frá hv. Alþ. fyrir nokkru, voru felldar niður allar þær sérbætur á fisk, sem áður voru greiddar samkv. útflutningssjóðslögunum, eins og aðrar uppbætur á útfluttar fiskafurðir yfirleitt. Hið nýja verð á erlendum gjaldeyri er ætlað að fullnægja sjávarútveginum yfir höfuð. En þessar sérbætur, sem greiddar voru á einstakar fisktegundir, á smáfisk og fisk veiddan á sérstökum tímum ársins, voru ekkert hégómamál fyrir útgerðina víðs vegar um land. Það mun ekki fara á milli mála, að vegna þessara sérbóta var haldið uppi blómlegum sjávarútvegi í ýmsum sjávarþorpum landsins. Þetta var því þýðingarmikil ráðstöfun, í fyrsta lagi til jafnvægis í byggð landsins, í öðru lagi til framleiðsluaukningar í landinu og í þriðja lagi til bættra lífskjara hjá þúsundum manna víðs vegar um landið. Uppbætur á bátafisk voru að meðaltali fyrir efnahagsmálaráðstafanir þær, sem nú er verið að gera, um 94½%, en vegna sérbótanna urðu þessar uppbætur miklum mun meiri á einstakar fisktegundir, á smáfisk og á fisk veiddan á sérstökum árstíma. Ég skal nefna örfá dæmi um það, hversu miklar þessar uppbætur urðu, og sýnir það, hvað mikla þýðingu þær höfðu á þeim stöðum, þar sem aflamagnið var að verulegu leyti þessi fiskur, sem uppbótanna naut. Uppbætur á ýsu, steinbít og flatfisk, sem var veiddur fyrir 15. maí, voru 119%. Uppbætur á þessar sömu fisktegundir, sem voru veiddar allt árið, voru 121.6%. Á ýsu, sem fór í skreið, en var veidd fyrir 15. maí, voru uppbæturnar 126.2%. Uppbætur á ýsu, sem fór í skreið og var veidd allt árið, 130.9%. Uppbætur á ýsu, steinbít og flatfisk veiddan eftir 15. maí voru 125.3%. Uppbætur á ýsu, sem fór til söltunar, en var veidd allt árið, voru 142.2%. Og uppbætur á ýsu, sem fór í skreið, en var veidd eftir 15. maí, voru 143.1%. Nú er gengisbreytingin við það miðuð, að bátaútvegurinn búi við hliðstæð kjör og voru, þegar uppbæturnar voru að meðaltali 94½%. Hvernig verður þá hagur þeirra útvegsmanna, sem höfðu 50 og allt að 80% af aflamagninu fisk, er naut þessara sérbóta, er ég hef nú greint frá? Þessir útvegsmenn missa nú þessar sérbætur, og má geta nærri, hvernig hagur þeirra verður á eftir. Auðvitað verður útkoman sú, að sá fiskur, sem sérbótanna naut, lækkar mjög mikið í verði frá því, sem áður var, samtímis vaxandi útgerðarkostnaði vegna dýrtíðar. Þetta er mjög mikið alvörumál fyrir ýmsa útgerðarbæi landsins. Það er sannarlega hætt við, að stórkostlega dragi úr útgerð á þessum stöðum, og hlýtur slíkt að hafa alvarlegar afleiðingar.

Mikill fjöldi fólks í bæjum á Vestfjörðum, á Norðurlandi og Austurlandi lifir á því, að útgerð haldist eins og verið hefur að undanförnu, en það syrtir sannarlega í álinn hjá þessu fólki, ef menn treysta sér ekki lengur til að halda þessari útgerð áfram, af því að réttmætar og mjög svo skynsamlegar uppbætur á fisk, séruppbætur, eru nú felldar niður. Vestfirðingar fundu þetta og skildu fyllilega, strax og efnahagsmálin voru til umr. hér á hv. Alþingi. Þá sendu útvegsmenn á Vestfjörðum símskeyti til allra þingmanna Vestfirðinga, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„*Eftirfarandi símskeyti sent Landssambandi* íslenzkra útvegsmanna: Vegna fyrirsjáanlegs verðfalls steinbíts með niðurfellingu tegundabóta samkvæmt efnahagsmálatillögum ríkisstjórnarinnar viljum við sérstaklega taka fram: Steinbítsafli Vestfjarða undanfarið hefur verið fullur helmingur alls vertíðaraflans. Með tilliti til loforða stjórnarvalda í janúar s. l. um, að hlutur bátaútvegsins skyldi eigi skertur frá því, sem hann var árið 1959, krefjumst við þess, að hráefnisverð á steinbít haldi sama hlutfalli við þorskverð og var á síðasta ári.“

Með þessu símskeyti hafa Vestfirðingar sýnt mjög greinilega fram á það, hvaða þýðingu það hefur fyrir útgerðina þar, að felldar eru niður allar sérbætur. Eftir þeim upplýsingum, sem ég nú hef fengið þaðan að vestan, eru litlar horfur á því, að sum hraðfrystihúsanna a. m. k. taki á móti steinbít á þessari vertíð, og samkv. því, sem útgerðarmennirnir segja, er þessi fisktegund þarna fullur helmingur vertíðaraflans.

Úr ýmsum stöðum á Norðurlandi hef ég þær fregnir, að þar sé smáfiskur 70 og 80 og jafnvel milli 80 og 90% af aflamagninu.

Það má því nærri geta, hvaða áhrif þetta hefur, ef ekki verður mætt þessum erfiðleikum

með einhverjum ráðstöfunum. Við flm. þessarar till. viljum því freista þess að fá samþykkta heimild fyrir ríkisstj. til þess að hindra tjón í þessum landshlutum, — tjón, sem verður sannarlega tjón allrar þjóðarinnar, ef ekkert er að gert. Og ég vænti þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að veita þessa heimild, því að það eru alvarlegar afleiðingarnar, sem blasa við þessum landshlutum, þessum útgerðarbæjum og fólkinu þar, ef ekki verður neitt gert til að firra voðanum, sem að þessu fólki steðjar.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja á óprentuðu þskj. brtt. um, að 80 þús. kr., sem samkv. 13. gr., IX. tölul., er ætlað til umbóta við Geysi, verði varið til fegrunar í Hveragerði. Hér er ekki um stórvægilega breyt. að ræða, heldur aðeins tilfærslu til samræmis við breyttar aðstæður.

Hv. alþm. er sjálfsagt um það kunnugt, að Geysir er fyrir nokkru að mestu hættur að gjósa og því alls ekki lengur það aðdráttarafl ferðafólki, sem hann áður var. Hins vegar gegnir Hveragerði og borholur þar því hlutverki, sem Geysir gegndi áður. Nær allir erlendir ferðamenn, sem heimsækja Ísland, koma til þessa þorps, og einatt fara þangað stórir hópar erlendra ferðamanna af skemmtiferðaskipum, sem aðeins koma til þessa eina staðar á landinu utan Reykjavíkur. Er af þessu ljóst, að hugmyndir fjölmargra erlendra gesta um Ísland mótast af því umhverfi, sem þar ber fyrir augu. En það er ekki aðeins, að þangað komi erlendir gestir, heldur einnig þúsundir landsmanna til að leita sér lækningar og hressingar. Af þessum geysilega ferðamannastraumi hefur sveitarfélagið í Hveragerði engar beinar tekjur, heldur mikil útgjöld vegna vegaviðhalds og annars tilkostnaðar, og er þó öllum ljóst, sem kunnugir eru staðháttum þar, að nú er algerlega óhjákvæmilegt að gera á þessum stað miklar umbætur til fegrunar og prýði, til þess að fullnægt sé þeim lágmarkskröfum, sem gera verður til staðar, sem erlendum gestum er sérstaklega boðið til. Umbætur þarna eru sérstaklega aðkallandi einmitt nú, vegna þess að fyrirsjáanlegt er, m. a. vegna efnahagsmálaráðstafana núv. ríkisstj., að heimsóknir erlendra gesta muni stóraukast strax á komandi sumri.

Ég ætla, að hv. alþm. séu mér sammála um, að það sé til of mikils ætlazt, að fátækt sveitarfélag taki á sínar herðar verulegar byrðar til landkynningarstarfs, eins og hér er um að ræða, án þess að fá nokkuð í aðra hönd, því að tekjur vegna komu erlendra ferðamanna til Íslands koma til góða þjóðarbúinu í heild. Hreppsnefnd Hveragerðishrepps leitaði fyrir nokkru til hæstv. samgmrh., sem hefur yfirumsjón ferðamála og landkynningar, og óskaði eftir nokkurri fjárhagslegri aðstoð hins opinbera til þess að inna þetta hlutverk af höndum. Það vekur mér nokkra furðu, að hv. fjvn. hefur ekki talið sér fært að verða við beiðni um 100 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, sem hreppsnefnd Hveragerðis mun hafa farið fram á. Það er auðvitað ekki vænlegt í öllu okkar tali um Ísland sem ferðamannaland að láta það nægja að ræða um fagra fjallasýn, heilnæmt útiloft og tilkomumikla goshveri, ef ferðamenn, sem koma til þeirra staða hér á landi, sem þeim er helzt boðið upp á að sjá, geta þar ekki stigið út úr fólksbifreiðum í þurrki vegna moldryks og í votviðri vegna aurbleytu.

Ég legg til, að þeim peningum, sem ætlað er að verja til umbóta við Geysi, sé varið til umbóta og fegrunar vegna komu erlendra manna í Hveragerði. Og ég vænti þess, að hv. alþm. telji sér fært að samþ. þessa till., vegna þess að hér er um að ræða nánast aðeins tilfærslu vegna breyttra aðstæðna.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við fjárlagafrv., sem koma fram á þskj. 242.

Fyrri till. varðar 17. gr. frv. Till., sem er undir VI. lið á þskj. 242, er um framlag til Alþýðusambands Íslands, að upphæð 80 þús. kr., til þess að kosta sérfræðilega rannsókn á kaupmætti launa og kjarabreytingum og framtíðaráhrifum efnahagsviðreisnarinnar á hag launþega.

Nú er verið að framkvæma ýtarlegri og umfangsmeiri breytingar í efnahagsmálum en nokkru sinni áður hafa verið gerðar hér á landi. Á sama tíma hafa nær öll verkalýðsfélög landsins lausa samninga, en hafa þó ekki tekið ákvörðun um, hvaða kröfur þau setji fram. Má búast við, að kaup- og kjarakröfur verði settar fram einhvern tíma á næstu mánuðum. Er mikil nauðsyn fyrir verkalýðssamtökin og þjóðina í heild, að þær kröfur verði reistar á greinargóðri og ýtarlegri rannsókn hinna færustu manna á áhrifum efnahagsaðgerðanna á hag launþega, enda er hér um að ræða umdeild og mjög viðkvæm atriði. Yrði áreiðanlega fróðlegt að bera saman rannsóknir og niðurstöður þeirra sérfræðinga, sem Alþýðusambandið kveddi til í þessu skyni, við það, sem sérfræðingar hæstv. ríkisstj. hafa látið frá sér fara í þessum efnum. Undir engum kringumstæðum má það koma fyrir, að verkalýðssamtökin láti slíka rannsókn undir höfuð leggjast af fjárhagsástæðum. Upphæðina tel ég ríflega, enda er hún við það miðuð, að erlendir sérfræðingar verði til kvaddir, enda þótt Alþýðusambandið ráði því að sjálfsögðu, hvaða sérfræðingum það felur þetta starf, ef till. verður samþykkt.

Önnur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja, er undir VIII. lið á þskj. 242 og varðar 18. gr. fjárl. Þar er lagt til, að a-liður II. kafla 18. gr. falli niður, en hann fjallar um eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé. Með þessu mundi ríkissjóður spara um það bil 3 millj. kr. Flest af þessu fólki, sem till. nær til, eru fríðindamenn og flokksgæðingar, sem hafa með ágengni komizt inn á fjárlög, án þess að réttmætar ástæður væru fyrir hendi til að veita

því slík framlög eða fjárstyrki. Tel ég það alveg óviðeigandi, að menn með góð eftirlaun og hærri eftirlaun en aðrir landsmenn yfirleitt fái slíkar aukagreiðslur. Í greininni má finna mörg dæmi um mjög vel efnaða menn, þar sem hver um sig fær aukalega greidda úr ríkissjóði marga tugi þúsunda króna yfir árið umfram lögboðin og rífleg eftirlaun. Virðist líka lítið sem ekkert samræmi í greiðslum til einstakra manna og upphæðir þessara framlaga yfirleitt vera mjög handahófskenndar. Að vísu eru til á 18. gr. menn, sem kynni að vera réttmætt að styrkja, en þeir eru fáir og yfirleitt með lægstu upphæðirnar. Þrátt fyrir það er ekki annað hægt að mínum dómi en að skera þennan lið gr. algerlega niður, því að erfitt er að fara út í mat milli einstakra manna, og hina fáu og smáu má ekki heldur nota sem skálkaskjól fyrir alla hina. Ég tel 18. gr. vera smánarblett á fjárl., sem nauðsynlegt sé að afmá. Verður ekki heldur á annan hátt spornað gegn sívaxandi ásókn manna í þá átt að komast inn á þessa gr. með ríflega fjárstyrki. Vilyrði um að taka þessa gr. til endurskoðunar duga ekki, eina úrræðið er að höggva á hnútinn.

Hæstv. fjmrh. hefur boðað sparnað í ríkisrekstrinum á næsta ári, og er það vel. Ýmsar sparnaðarráðstafanir þurfa að sjálfsögðu nokkurn undirbúning. Till. mín felur bæði í sér afnám misréttis og sparnað, og er hægt að framkvæma hvort tveggja undirbúningslaust. Tel ég, að einmitt nú, þegar byrðar eru lagðar á þjóðina, sé nauðsynlegt að geta sýnt sparnaðarvilja í verki.

Þá flyt ég ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v. (EI) till., sem ekki hefur reyndar enn verið útbýtt, um framlag til byggingar íþróttahúss á Siglufirði, að upphæð 100 þús. kr. Þetta er nýr liður, sem á að bætast við 14. gr. XI. kafla, 28. lið fjárl. Bygging þessa íþróttahúss er hafin fyrir nokkru, en það er fyrst og fremst ætlað til afnota fyrir gagnfræðaskólann á Siglufirði. Er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði unnið að framkvæmd við bygginguna fyrir um það bil 500 þús. kr. Fræðslumálastjóri og íþróttafulltrúi eru því meðmæltir, að hús þetta verði samþ. sem skólabygging og verði tekið inn á fjárl. Hefur menntmrn. einnig lagzt á sömu sveif og skrifað hv. fjvn. svofellt bréf, dags. 25. þ. m., sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með er lagt til, að veittar verði í fjárlögum fyrir árið 1960 kr. 100000 til byggingar fimleikahúss og sundlaugar á Siglufirði. Allur kostnaður við framkvæmd þessa er áætlaður kr. 2200000, en af því mundi ríkissjóði ætlað að greiða kr. 1100000.

F.h. ráðherra,
Birgir Thorlacius.

Til fjárveitinganefndar Alþingis,
Reykjavík".

Ég vil leiðrétta það, sem hér kemur fram, að hér er ekki um að ræða fjárframlag til fimleikahúss og sundlaugar, heldur fimleikahúss eingöngu, og það er fimleikahúsið eitt, sem kostar 2.2 millj. Sundlaugin er fyrir a. m. k. 2 árum fullgerð, og það er ekki verið að fara fram á fjárveitingu til hennar.

Þetta bréf menntmrn. barst hv. fjvn. því miður of seint til þess, að n. gæti tekið það upp í till. sínar, sem hún hefði án efa gert að öðrum kosti, og er till. flutt til þess að hindra það, að þetta seinlæti komi að sök.

Þá hef ég enn fremur gerzt meðflm. að till., sem er ekki búið að útbýta, varðandi ríkisábyrgð, að upphæð 1200 þús. kr., til hótelbyggingar á Blönduósi. Hér er búið að veita ríkisábyrgð til hótelbyggingar í Reykjavík, að upphæð 20 millj. kr., og öðrum hótelkaupendum mun vera búið að gefa ívilnun í stimpilgjöldum og slíku, nærri því 1 millj. kr. Það er að sjálfsögðu ekki síður þörf á því úti um landið að byggja hótel, og það er einmitt stórt og nýtt hótel í smíðum á Blönduósi, og finnst mér, að landsbyggðin megi þar ekki verða út undan, síður en svo.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur oft komið í ljós, bæði nú í þessum umr. og á undanförnum árum, að mönnum virðist sem gjaldeyrisafkoma þjóðarinnar annars vegar og fjárhagsafkoma ríkissjóðs hins vegar fari ekki alltaf saman. Við höfum nokkur dæmi þess frá undanförnum árum, hvernig hér hafa orðið árekstrar á milli.

Skömmu eftir að vinstri stjórnin tók við völdum 1956, á haustþinginu þá, lagði hún fram till. um ýmsar breyt. á efnahagsmálum og m. a. verulega hækkun á aðflutningsgjöldum af svokölluðum munaðarvörum eða vörum, sem voru síður nauðsynlegar en aðrar. Það var ætlunin að afla ríkissjóði og síðar útflutningssjóði nauðsynlegra tekna m. a. með stórauknum tekjum af slíkum innflutningi. Útkoman varð nokkuð einkennileg. Meðan þjóðin átti við mikinn gjaldeyrisskort að búa, var það keppikefli valdhafanna að láta þessar munaðarvörur eða lúxusvörur ganga fyrir nauðsynjavörum varðandi gjaldeyrisleyfi, til þess að ríkissjóður og útflutningssjóður gætu fengið nauðsynlegar tekjur. Þarna kom í ljós, að nokkur árekstur varð milli nauðsynja ríkissjóðsins annars vegar og hins vegar gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar í heild. Og þannig hefur þetta oftar verið. Og nú kemur það einnig í ljós, að ekki fer alveg saman annars vegar nauðsyn ríkissjóðs á tekjum og hins vegar sú stefna, að jafnvægi náist um gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar.

Það er ljóst og hefur komið hér greinilega fram í umr. um efnahagsmál, að til þess að ná jöfnuði milli gjaldeyristekna og gjaldeyrisútgjalda þjóðarinnar sé nauðsynlegt að minnka innflutninginn strax á þessu ári, svo að allverulegri upphæð nemur. Það hefur verið talið, að innflutningurinn yrði, miðaður við hið fyrra gengi, að minnka um nær 200 millj. kr., en sá hefur verið hallinn í gjaldeyrisafkomunni undanfarin ár. En um leið og vegna gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar og efnahagskerfis hennar í heild þarf þannig að draga úr innflutningn-

um, er ljóst, að tekjur ríkissjóðs verða minni en ella, miklu minni en ef jafnmiklum innflutningi væri haldið á þessu ári og verið hefur undanfarin ár. Spurningin er, hvernig á að finna hér þá hagkvæmu og réttu millileið eða hvort hún er nokkur til. En þó að það hafi oft komið fyrir, eins og í dæmum, sem ég hef nefnt, að þarna hafi orðið nokkur árekstur á milli og hafi leitt til þess óeðlilega ástands, að miður nauðsynlegar vörur hafa verið látnar hafa vissan forgangsrétt um gjaldeyri fram yfir nauðsynjavörur, virðist mér, að hér sé um árekstur að ræða aðeins ef horft er skammt fram á veginn, því að ef lengra er litið, er auðvitað ljóst, að þetta tvennt fer saman. Þó að það kunni að vera stundarhagur fyrir ríkissjóðinn að afla sér mikilla tekna af innflutningi, hlýtur það að hefna sín fyrr eða síðar, ef þær auknu tekjur byggjast á því, að meira er flutt inn en gjaldeyristekjur þjóðarinnar leyfa, því að þótt ríkissjóður hafi af því um skamman tíma auknar tekjur, kannske verulega auknar tekjur, leiðir slíkur hallarekstur á þjóðarbúinu að sjálfsögðu fyrr eða síðar til samdráttar atvinnuveganna, bæði útflutningsatvinnuveganna og þeirra, sem sjá fyrir nauðsynjum innanlands, og sá samdráttur hlýtur óhjákvæmilega að rýra stórlega tekjur ríkissjóðs. Er því í rauninni ljóst, þegar litið er lengra fram í tímann, að þetta tvennt fer algerlega saman: annars vegar, að innflutningurinn sé ekki meiri en gjaldeyristekjurnar leyfa, og hins vegar eðlileg tekjuþörf ríkisins. En ég nefni þetta sérstaklega hér vegna þess, að því er mjög á lofti haldið af hv. stjórnarandstæðingum, að með tekjuáætlun fjárlagafrv. sé í rauninni verið að blekkja, hún sé höfð miklu lægri en efni standa til, og menn vitna þá mjög í, hver innflutningurinn hafi verið s. l. ár, árið 1958 og 1959 einkanlega. Það er rétt, að ef miðað er við svipaðan innflutning á þessu ári og verið hefur hvort árið um sig, 1958 og 1959, mætti tekjuáætlunin og ætti að vera töluvert hærri en hún er í þessu fjárlagafrv. En í sambandi við efnahagsaðgerðir og undirbúning fjárlaga var gerð innflutningsáætlun, sem að sjálfsögðu var samin með hliðsjón af og í fullu samræmi við útflutningsáætlun, og innflutningsáætlunin var miðuð við það, að útflutningstekjurnar eða réttara sagt gjaldeyristekjur þjóðarinnar í heild gætu staðið undir innflutningnum. Ég skal að vísu bæta því við, að auk gjaldeyristeknanna, þ. e. a. s. útflutnings, var þá gert ráð fyrir, að lántökur, hagkvæmar lántökur til langs tíma, þ. e. a. s. til varanlegra verklegra framkvæmda, gætu komið þarna nokkuð til hjálpar líka.

Þessi innflutningsáætlun var lögð til grundvallar efnahagsaðgerðunum og fjárlagafrv. Og það er skemmst frá að segja, að þar er gert ráð fyrir, að innflutningurinn verði um það bil 200 millj. kr. minni á þessu ári en á hinu síðasta. Það hefur ekki verið talið fært eða varlegt að áætla innflutninginn hærri en þetta né heldur tolltekjur eða tekjur af aðflutningi meiri en gert er ráð fyrir í frv. Þetta er sem sagt allt saman byggt á því, að nokkuð standist á verðmæti innflutningsvara og gjaldeyristekjur. Ég vil taka það fram sérstaklega, að þótt á þessu ári verði notað nokkuð af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem við höfum fengið bæði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahagsstofnun Evrópu, er ekki hægt að hækka tekjuáætlun fjárl. þess vegna, því að sá aukni innflutningur, sem kann að stafa af notkun slíkra gjaldeyrisvarasjóða, er aðeins til bráðabirgða, því að notkun þessara gjaldeyrisvarasjóða verður að greiða upp á mjög skömmum tíma.

Eins og málin liggja nú fyrir með þeim viðtæku og róttæku efnahagsaðgerðum, sem lögfestar hafa verið eða komnar eru í framkvæmd með öðrum hætti, er það ljóst, að mjög mikil óvissa ríkir um eftirspurn eftir innfluttum vörum og ekki síður um samsetningu innflutningsins, og kem ég þá aftur að því, sem hér var áðan minnzt á, að fyrir ríkissjóðinn munar það að sjálfsögðu töluverðu, hvort innflutningur minnkar aðallega á hinum svokölluðu hátollavörum eða hvort minnkunin dreifist nokkuð jafnt yfir alla eða flesta vöruflokka og vörutegundir. Svo mikil óvissa ríkir um innflutninginn á þessu ári, að ég tel það mjög óhyggilegt og óvarlegt að hækka tekjuáætlunina frá því, sem hún nú er í frv. Ég skal þó taka það skýrt fram, að það er hugsanlegt, að tolltekjurnar verði meiri á þessu ári en fjárlagafrv. reiknar með. Ef tekjurnar verða meiri, fylgir því sá kostur, að ríkissjóður fær meiri tekjur á árinu og fær þá væntanlega greiðsluafgang á þessu ári. En ef tolltekjur ríkissjóðs verða meiri en áætlað er í frv., sem einhverju verulegu nemur, þá eru á því verulegir annmarkar einnig, og annmarkarnir eru fyrst og fremst, að af því mundi væntanlega leiða halla og það verulegan halla í viðskiptunum við útlönd. Það gæti þá leitt til þess, að efnahagsaðgerðirnar næðu ekki tilgangi sínum og að það efnahagskerfi, sem nú er verið að reyna að byggja upp, færi gersamlega úr skorðum.

Vegna þessarar óvissu og vegna þeirra atriða, sem ég hér hef getið um og yfirleitt hafa komið fram í umr. hér áður, bæði um fjárlög og efnahagsmálafrv., tel ég ekki hyggilegt né varlegt að hækka tekjuáætlun fjárl. eða áætla tekjurnar meiri en gert er í frv. En ég vil taka það skýrt fram um leið, að einnig vegna þessarar óvissu er það hugsanlegt, að tolltekjurnar yrðu meiri, og sem sagt af þeim ástæðum gæti orðið um greiðsluafgang að ræða, alveg eins og það er líka hugsanlegt, að tolltekjurnar nái ekki þeirri fjárhæð, sem frv. gerir ráð fyrir, með þeim afleiðingum, sem það svo hefur.

En í þessu sambandi er einnig rétt að minna á það, eins og ég raunar hef gert í öðru sambandi, að það er óvarlegt til frambúðar fyrir ríkissjóð að byggja tekjur sínar og afkomu að langsamlega mestu leyti á aðflutningsgjöldum, og það kemur til af ýmsum ástæð-

um. M. a. kemur annmarkinn fram í því, að þeim mun meiri sem innlend framleiðsla verður, hvort sem það er í landbúnaði eða iðnaði eða á öðrum sviðum, þeim mun meiri sem framleiðslan verður og meiri innanlandsneyzla og notkun á innlendum vörum, þá minnka tekjur ríkissjóðs að sama skapi, vegna þess að innflutningurinn hlýtur þá að minnka að því skapi sem landsmenn framleiða sjálfir meira af sínum nauðsynjum. M. ö. o.: um leið og innlenda framleiðslan ykist og drægi úr nauðsyn á innflutningi og þjóðin ætti þess vegna að geta búið betur en áður, þá yrði afleiðingin um leið af þessu, að tekjur ríkissjóðs fara minnkandi, ef þær eru að meginstofni til byggðar á aðflutningsgjöldum. Þetta er atriði, sem vissulega verður að hafa í huga. Á hinn bóginn er líka að mínu áliti óhyggilegt að byggja afkomu ríkissjóðs að mjög miklu leyti á hinum beinu sköttum, því að þeir verða, ef þeir eru óhóflega háir, jafnan til þess að draga úr framleiðslunni, draga úr framtaki manna og afköstum hjá þjóðinni í heild.

Vitanlega bendir þetta hvort tveggja, bæði þessir annmarkar á aðflutningsgjöldunum og á hinum beinu sköttum, til þess, að ríkið eigi í ríkara mæli en verið hefur til þessa að taka þarfir sínar eða þarfir ríkissjóðs af eyðslu, hvort sem það er notkun innlendra eða erlendra vara, m. ö. o. að taka töluvert af þörfum ríkissjóðsins af veltu og viðskiptum. Það verður til lengdar bæði öruggara og árvissara fyrir ríkissjóðinn. Í það koma ekki aðrar eins sveiflur og geta komið í hina gjaldstofnana, og auk þess er sú leið, þótt vissulega séu á henni annmarkar, laus við ýmsa þá ókosti, sem hinar leiðirnar hafa.

Nú er það svo, að í umr. um þetta frv. og í rauninni í beinu sambandi við tekjuáætlunina hefur verið mjög rætt um það, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda ættu að vera töluvert miklu hærri en gert er ráð fyrir í frv. Nú er það þannig hjá okkur í íslenzku þjóðfélagi og íslenzkum stjórnmálum, að flestir eru, að ég ætla, sammála um, að ein af orsökum efnahagserfiðleikanna sé of mikil fjárfesting hjá þjóðinni undanfarin ár. Menn greinir að vísu á um það, hvar eigi að draga úr fjárfestingunni, bæði í hvaða atvinnugreinum og enn fremur í hvaða landshlutum. Þannig virðist hafa verið stefna stærri andstöðuflokks ríkisstj., að fyrst og fremst ætti að draga úr fjárfestingu hér við Faxaflóa, á Suðvesturlandi, en hins vegar hefur það verið, að því er virðist, ofar á baugi hjá hinum fámennari andstöðuflokki stjórnarinnar að draga úr fjárfestingu annars staðar. En út í það skal ég ekki fara. Í rauninni hafa flestir verið á einu máli um, að það þyrfti að draga úr fjárfestingu. Og í rauninni er það kannske annað meginatriði efnahagsaðgerðanna, til viðbótar því að minnka innflutninginn, að draga í bili úr fjárfestingu. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að gerast með ströngu fjárfestingarbanni, heldur eigi það að gerast á annan veg og fyrst og fremst með því að stuðla að því, að á komist eðlileg eftirspurn eftir lögmáli framboðs og eftirspurnar.

En í sambandi við minnkun fjárfestingar er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga, að verðbólga örvar alltaf stórkostlega fjárfestingu og þá fyrst og fremst byggingastarfsemi. Það er eðli verðbólgunnar, hvar sem er, að hún örvar menn stórlega til byggingastarfsemi. Ég á þó ekki við byggingu nauðsynlegra íbúða fyrir fólkið eða þeirra bygginga, sem nauðsynlegar eru atvinnuvegunum, heldur er það svo, að hver einasti maður veit, að þegar verðbólga er í einu þjóðfélagi ár frá ári, og menn vita, að dýrtíðin vex með hverju árinu, sem líður, að krónan verður minna og minna virði, — þá veit það hver maður, að það er beinn hagur og gróði að setja fé sitt og vinnuafl í byggingar. Þess vegna er verðbólgan mjög örvandi fyrir fjárfestinguna, og þarf ekki að fara fleiri orðum um það öngþveiti, sem af því leiðir jafnan.

En nú er það einkennilega, að þó að flestir séu sammála um, að það þurfi að draga úr fjárfestingu og að of mikil fjárfesting Íslendinga sé ein höfuðorsök efnahagsvandræðanna, vilja þeir hinir sömu menn sumir umfram allt örva og auka verklegar framkvæmdir. Nú er ég svo tornæmur, að ég hef ekki enn getað lært þá „gymnastik", að það sé hægt að gera hvort tveggja jafnsnemma að minnka fjárfestingu og auka verklegar framkvæmdir. En einhvern veginn hefur þannig til tekizt í umr. manna og áróðri hér, að fjárfestingin er af hinu vonda í munni sumra manna, vegna þess að hún eykur verðbólgu og halla í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, en verklegar framkvæmdir eru jafnan af hinu góða. Þessi orðaleikur er nú því miður allt of mikið notaður af vissum stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum, og vænti ég þess þó, að sá leikur verði niður lagður, áður en langt um líður, því að í rauninni ætti ekki lengi að vera hægt að blekkja á þennan hátt.

En þá kemur spurninginn næst: Ef á að og nauðsynlegt er að minnka fjárfestinguna í landinu, til þess að efnahagsaðgerðirnar nái tilgangi sínum, úr hverju á þá að draga og hverjar eru þær miður nauðsynlegu framkvæmdir, sem hægt er að draga úr? Það er auðvitað hinn mikli vandi að skera þar úr. Í þessu fjárlagafrv. ætla ég að sé farin hyggileg leið og hófsamleg, með því annars vegar, að dregið er nokkuð úr fjárfestingunni frá því, sem verið hefur, hinni opinberu fjárfestingu, en um leið þó reynt að halda í horfinu um hinar nauðsynlegustu framkvæmdir, þ. e. a. s. þær, sem eru nauðsynlegastar fyrir atvinnulífið í landinu. Þannig er það, að um ýmsar byggingaframkvæmdir, sem eru miður nauðsynlegar en annað, þá er dregið úr þeirri fjárfestingu á þá lund, að fjárveitingar í þessu frv. eru svipaðar í krónutölu og var í fjárlögum í fyrra, sem þýðir að sjálfsögðu, að heldur minna verður hægt að vinna fyrir þá upphæð en á s. l. ári. Hins vegar er um ýmsar aðrar verklegar framkvæmdir fyllilega haldið

í horfinu. Og það eru mjög villandi ýmsar þær tölur og fullyrðingar, sem hér hefur verið á lofti haldið af sumum hv. stjórnarandstæðingum. Þannig er það t. d. varðandi samgöngumálin, ef ég nefni fyrst vegagerðina, sem að sjálfsögðu er ákaflega stór liður í atvinnulífi okkar Íslendinga. Eins og fjárveitingum er nú háttað eftir þessu fjárlagafrv. til vegagerðar í landinu, verður vegagerðin fyllilega jafnmikil á þessu ári og á s. l. ári. Þar eru fjárveitingar í krónutölu hækkaðar um 16½ millj. kr., og eftir mati vegamálastjóra á því, hve mikil verðhækkun eða kostnaðarhækkun verður við vegagerð, er talið, að hér sé fyllilega um jafnmiklar framkvæmdir að ræða eða ekki minni en voru á s. l. ári. Hér er því ekki dregið úr fjárfestingu. Ef við tökum annað stórmál, sem eru raforkuframkvæmdirnar, verða þær sízt minni á þessu ári, heldur meiri. En enn má nefna t. d. fjárveitingar til skólabygginga, sem eru að sjálfsögðu mikið nauðsynjamál, víðs vegar um land, að fjárveitingar til skólabygginga hækka svo mikið í þessum fjárlögum, að fyllilega nemur verðhækkun við skólabyggingar eða hækkun á byggingarkostnaði.

En þegar því er nú haldið fram af hv. stjórnarandstæðingum, að hér sé í sambandi við þetta fjárlagafrv. ein allsherjar samdráttarstefna ríkjandi, og í því er nú ekki meiri sannleikur en sá, sem gerð hefur nú verið grein fyrir, verður manni að láta hugann hvarfla tvö ár aftur í tímann, þegar af hálfu vinstri stjórnarinnar var framkvæmd veruleg gengislækkun, þó að það væri grímuklædd gengislækkun í formi yfirfærslugjalds. Þegar sem sagt vinstri stjórnin lækkaði gengið 1958 og lét lögfesta 55% yfirfærslugjaldið, sem að sjálfsögðu er sama og gengislækkun, hefði mátt ætla, að þessir sömu flokkar, sem nú ásaka núv. ríkisstj. fyrir samdráttarstefnu, hefðu þá gert tillögur um það og samþykkt það í þingi að hækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda a. m. k. sem nam þessari grímuklæddu gengislækkun, sem hlaut auðvitað að hafa í för með sér og hafði í för með sér verulega hækkun á tilkostnaði við verklegar framkvæmdir. Því var ekki að heilsa. Í fjárlögum voru ekki auknar fjárveitingar um einn einasta eyri til vega, til brúa og hafna frá því, sem verið hafði, og til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem af þessari gengislækkun leiddi. Þegar þáv. minni hluti í fjvn., fulltrúar sjálfstæðismanna, bar fram tillögur um að hækka framlög um 10% til að vega nokkuð upp á móti þessari gengislækkun þá, voru þær till. felldar af þáv. stjórnarflokkum. Nú hins vegar bregður svo við, að Framsfl. og Alþb., sem 1958 töldu enga ástæðu til að hækka fjárveitingar til þessara verklegu framkvæmda, sem ég nefndi, um einn einasta eyri til að mæta auknum tilkostnaði, hafa nú talið nauðsynlegt að hækka þessa fjárfestingarliði, ekki aðeins um þá hundraðstölu, sem kostnaðurinn við þessar framkvæmdir hækkar nú vegna gengisbreytingarinnar, heldur miklu meira. Þeir báru fram till. um að hækka þetta allt saman um 30%, m. ö. o. að auka enn fjárfestinguna eða eins og hv. frsm. meiri hl. orðaði það, að auka enn hraða fjárfestingarinnar á þessum tíma, þegar þeir þó, hv. framsóknarmenn, hljóta að vita og viðurkenna, að það er ekki einmitt nú sá rétti tími til að auka hraða fjárfestingarinnar. Þetta er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að benda á til að sýna hið mikla ósamræmi, sem hér er í orðum og gerðum.

Þá hafa verið látin orð falla hér á þá leið, að í þessu fjárlagafrv. örli hvergi fyrir sparnaði. Ég vil taka það fram, að í fjárlagaræðu minni taldi ég upp allmarga liði, — ég held, að þeir hafi verið 11 að tölu, — ábendingar um ýmis atriði, þar sem mætti spara og á sumum liðunum verulegt fé. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. rakti hér ýtarlega við 2. umr. ýmis þau atriði, sem æskilegt væri og nauðsynlegt að spara. En báðir höfðum við tekið það fram, að við teljum ekki rétt að hafa þann yfirskinshátt á, sem oft hefur tíðkazt og m. a. hefur átt að leika hér nú í meðferð þessa frv. af vissum þm., að vera að skera niður út í loftið hina og þessa liði í fjárl., án þess að bent sé á nokkra möguleika til þess að spara í reynd þá upphæð, sem þessu nemur, og er þá skemmst að minnast á till. hv. frsm. 2. minni hl. fjvn., þar sem hann vildi bara lækka um 10% allar fjárveitingar til nokkurra málaflokka í fjárlögum, án þess að hann gæti bent á með nokkrum hætti, hvernig ætti að spara þessar upphæðir. Og hann hefur ekki svarað fyrirspurnum mínum um það, hvort ætti að spara þetta með því að segja upp tíunda hverjum starfsmanni í þessum starfsgreinum eða hvort ætti að lækka laun þeirra allra um 10% eða hvernig ætti á annan veg með það að fara. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. og ég höfum báðir bent á, að til þess að sparnaður verði raunhæfur, verður að undirbyggja hann, og í fjárlagaræðu minni tók ég skýrt fram, svo að ég lesi það orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Margir eru þeir útgjaldaliðir í þessu frv., sem ríkisstj. telur rétt að reyna að lækka. En slíkt krefst undirbúningsvinnu. Það þýðir ekki að áætla þá lægri í fjárlögum, fyrr en komin er niðurstaða um hvert einstakt atriði varðandi nýja skipun og hvern sparnað það leiðir af sér.“ Síðan segir: „Nokkur atriði skulu þó nefnd hér, sem verður að endurskoða á árinu og ætti að vera hægt að lækka í fjárlögum næsta árs.“

Í sambandi við það vil ég svo enn minna á það, að í undirbúningi er í fjmrn. að koma fastri skipan á þessi mál, hverfa frá þeirri aðferð, sem höfð hefur verið, ég vil segja um áratugi, að vera að hlaupa til og skipa sparnaðarnefnd í þetta og þetta skipti, sem því miður kemur ákaflega lítið út úr, þ. e. a. s. sparnaðarnefndirnar hafa oft gert ýmsar skynsamlegar till., en alveg furðulega lítið orðið úr framkvæmdum. Ráðið til þess hér, eins og reynslan sýnir annars staðar, er sú að koma þarna á fastri skipan, þar sem unnið er að staðaldri að þessum málum, og ég ætla, að

flestum sé orðið nauðsynlegt að byggja upp slíka stöðuga starfsemi.

Ég vil svo að lokum aðeins minna enn á það, að það er margyfirlýst stefna ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni standa, að ná hvoru tveggja, annars vegar að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus og í öðru lagi, að búskapur ríkisins verði einnig greiðsluhallalaus á árinu. Ef samþykktar verða þær brtt., sem fyrir liggja frá fjvn. og meiri hl. hennar nú við þessa umr., mun verða nokkur greiðsluafgangur eða rúmlega 640 þús. kr. á þessu frv. Eins og ég hef tekið fram, er ákaflega mikil óvissa um ýmsa helztu tekjuliði ríkissjóðs á þessu ári, en að því verður auðvitað stefnt, að ekki aðeins fjárlögin verði afgreidd hallalaus, heldur takist einnig að hafa ríkisbúskapinn, ríkissjóðinn hallalausan á árinu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 246, 247 og 250, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er 1. flm. að tveimur brtt. á þskj. 246, en það skjal var nú verið að leggja fram á fundinum. Báðar eru þær við 13. gr. frv.

Það er fyrst IV. till. á því þskj. Hún er um það, að *fjárveiting til Vatnsnesvegar* verði hækkuð úr 160 þús. í 220 þús. Eins og frv. er nú úr garði gert eftir 2. umr., eru fjárveitingar á 13. gr. til nýbyggingar þjóðvega svo að segja þær sömu í krónutölu og næstliðið ár, og liggur því í augum uppi, að framkvæmdir verða allmiklu minni, ef ekki verða gerðar á þessu breytingar, þar sem vegagerðarkostnaðurinn hefur hækkað mikið vegna þeirra ráðstafana, sem nýlega hafa verið gerðar í efnahagsmálum.

Ég vil geta þess um þessa brtt. okkar viðkomandi Vatnsnesvegi, að það er sérstök þörf á því að flýta þeirri vegagerð nú, vegna þess að það þarf að greiða fyrir mjólkurflutningum úr héraðinu að nýbyggðu mjólkurbúi á Hvammstanga, sem tók til starfa á miðju ári 1959. Það er nokkur kafli nyrzt á Vatnsnesi, sem eftir er að gera veg um, og er þess einmitt þörf vegna mjólkurflutninganna að flýta því verki meir en verða mundi að óbreyttri fjárveitingu.

Hin till. frá okkur sömu 4 þm. er sú VIII. á þessu sama þskj. Hún er um það, að veitt verði fé til brúargerðar á Víðidalsá á Kolugljúfri, fyrri greiðsla, 400 þús. kr. Þessa brú þarf að byggja til þess að bæta úr samgönguörðugleikum bæja innst í Víðidal. Áin er oft mjög ill yfirferðar og torveldar þeim mönnum, sem þar búa, að koma frá sér afurðum, t. d. mjólkinni. Það er áætlað af vegamálaskrifstofunni, að þessi brú kosti nú eftir þá hækkun, sem nýlega er orðin, um 750 þús. kr., og í till. er gert ráð fyrir því, að rúmlega helmingur þeirrar upphæðar, eða 400 þús., verði lagður fram á þessu ári, þ. e. a. s. tekinn á fjárlög og þá væntanlega geymdur til næsta árs, en þá ætti að mega vænta þess, að eftirstöðvarnar fengjust, þannig að hægt væri á næsta ári að byggja brúna. Teljum við heppilegra að skipta fjárveitingunni þannig, að hún komi á tvö ár.

Þá hef ég borið fram enn eina brtt. við frv., en henni hefur ekki verið útbýtt enn, er sennilega á þskj. 247, sem hæstv. forseti lýsti áðan að væri væntanlegt, en því hefur ekki enn verið útbýtt. Ég vil þó gera grein fyrir þessari till., þó að hún hafi ekki enn komið fyrir augu hv. þm. Þessi brtt. er við 3. gr. frv., og það er nú þannig með hana, að þar er ekki farið fram á nein gjöld úr ríkissjóði, heldur hið gagnstæða. Ef samþ. yrði, mætti gera ráð fyrir, að hún hefði í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð, og hygg ég, að hæstv. fjmrh. líki allvel slíkt að heyra.

Till. mín er um það, að aftan við liðinn Áfengisverzlun ríkisins í 3. gr. frv. komi svo hljóðandi athugasemd: „Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.“ — Ég flyt einnig till. um sama efni varðandi Tóbakseinkasölu ríkisins, við þann lið komi einnig athugasemd um það, að enginn viðskiptamaður þeirrar verzlunar megi njóta þar sérréttinda um verðlag á tóbaki eða annað, nema ákveðið sé í lögum.

Það hefur lengi viðgengizt sá ósiður, að nokkrir háttsettir valdamenn í þjóðfélaginu hafa fengið vörur frá þessum ríkisverzlunum með ákaflega lágu verði. Mun vera þannig, að þeir fá áfengi og tóbak álagningarlaust, og ég held að fullyrða megi einnig án tollgreiðslu. Liggur það þá í augum uppi, að það verð, sem þeir greiða fyrir þessar vörur, er ekki nema lítið brot af því útsöluverði, sem aðrir viðskiptamenn þurfa að borga.

Það hefur nokkrum sinnum verið rætt um þetta mál áður hér á þingi, þó ekki alveg nýlega. Í umr. um það hefur því verið haldið fram af þeim, sem vilja ekki gera breytingu á þessu, að ýmsir forstöðumenn ríkis og ríkisstofnana þyrftu að halda uppi risnu í nafni þess opinbera, og því væri þetta eðlilegt. Þessi rök eru ákaflega léttvæg. Að vísu er það svo, að það eru haldnar veizlur stundum á kostnað ríkisins, en þá er það eðlilegast, að þau veizluföng, sem dregin eru að þeim mannfagnaði frá ríkisverzlunum, séu greidd með hinu almenna og venjulega söluverði frá þessum verzlunum. Útkoman verður sú sama fyrir ríkið, þegar á allt er litið, vegna þess að ríkið hefur hagnaðinn af tóbakseinkasölunni og áfengisverzluninni, og kemur þá aukinn ágóði hjá verzlunum á móti hækkuðum útgjöldum vegna risnu. Það er miklu eðlilegra að hafa þetta með þeim hætti, en enginn skaði fyrir það opinbera.

En það, sem gerir þessa aðferð, sem viðhöfð hefur verið, athugaverða, aðfinnsluverða og óviðeigandi, er, að það er kunnugt mál, að ýmsir þeir menn, sem hafa notið þessara

fríðinda, hafa tekið þessar vörur hjá ríkisverzlunum með þessu lága verði til eigin nota, til nota fyrir sjálfa sig, sína eigin gesti og sína kunningja. Það er vitað mál, að þannig hefur þetta verið. Og þetta er ákaflega óviðeigandi.

Eins og ég sagði, hefur þetta mál nokkrum sinnum verið rætt hér á Alþingi, og það hafa nokkrum sinnum verið gerðar tilraunir til þess að fá þennan ósið af lagðan. Ég vil aðeins með fáum orðum rifja það upp.

Það var árið 1946, sem ég bar fram till. til þál. á þskj. 119 um það að fela ríkisstj. að hlutast til um, að áfengir drykkir verði ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana og að afnumin yrði sú venja, er gilt hafði, að einstakir menn fái keypt áfengi hjá Áfengisverzlun ríkisins fyrir lægra verð en aðrir viðskiptamenn verzlunarinnar þurfa að borga. Till. þessari var vísað til n., en hún hlaut ekki afgreiðslu.

Á næsta þingi, árið 1947, var málið enn tekið upp. Þá bárum við 6 þm. úr öllum þingflokkum fram þannig orðaða tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn Áfengisverzlunar ríkisins njóta nú, að fá þar keypt vínföng fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þá vöru."

Till. fór til allshn. Einn nm. skilaði minnihlutaáliti og mælti með till., en meiri hl. skilaði ekki áliti, og málið hlaut ekki afgreiðslu.

Á þessu þingi, 1947, gerðist það einnig, að borin var fram fsp. varðandi þetta mál. Það var þáv. hv. þm. S-Þ., Jónas Jónsson, sem spurðist fyrir um það, hvaða menn það væru, sem nytu þeirra fríðinda að fá áfengi fyrir svona ákaflega lítið verð. Þessari fsp. var svarað í Sþ. 22. nóv. það ár af þáv. hæstv. fjmrh., Jóhanni Jósefssyni. Hann gaf þær upplýsingar, að þeir, sem nytu þessara hlunninda, væru forseti Íslands, stjórnarráð Íslands samkvæmt fyrirlagi einhvers af ráðherrunum, Alþingi samkv. fyrirlagi forseta sameinaðs þings, ráðherrar, allir forsetar Alþingis og forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins. Nú er mér ekki kunnugt um það, hvort einhverjir kunna að hafa bætzt við í þennan hóp síðan. En ég var að segja frá árinu 1947.

Árið 1948 fluttum við enn 7 þm., einnig úr öllum flokkum, till. eins og árið áður um þetta efni, samhljóða þeirri, sem flutt var árið áður. Þá fór till. til fjvn., og meiri hl. n., 5 af 9, gaf út nál. og mælti með samþykkt till. Minni hl., 3 nm., gaf út álit og lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstj., en einn nm. tók ekki afstöðu til málsins. Málið var einu sinni tekið á dagskrá Sþ., eftir að nál. var komið fram, en þá tekið út af dagskránni og ekki sett á dagskrá aftur.

Það lá þannig fyrir, að það gekk afar illa að fá þetta mál undir atkv. í þingi, og því var það, að við 5 þm. bárum fram á sama þingi brtt. um þetta við fjárl., og hún var nákvæmlega eins orðuð og sú till., sem ég leyfi mér að leggja hér fram, var um það, að það kæmi athugasemd við þennan lið eða þessa liði báða í fjárlagafrv. um það, að engir viðskiptamenn mættu þar njóta sérréttinda, hvorki um verðlag á vöru né annað, nema ákveðin væru í lögum. Við atkvgr. um þetta á því þingi fór svo, að till. voru felldar með aðeins eins atkv. mun, 24 á móti 23.

Hér munaði litlu, og því þótti okkur rétt að taka málið upp aftur á næsta þingi, 1949, og fluttum þá — þá vorum við 8, sem bárum fram till. — þáltill. eins og áður um þetta mál. Hún fór til fjvn., og nú gerðist það, að 8 af 9 nm. skiluðu áliti og lögðu til, að till. yrði samþ. óbreytt. Það var aðeins einn af 9 nm. í fjvn., sem lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. En það fór eins og fyrri daginn, að till. var tekin á dagskrá aðeins einu sinni, eftir að nál. var komið fram, en tekin út af dagskránni á þeim fundi, og sást þar ekki framar.

Enn var gerð tilraun og nú árið 1951, þegar afgreidd voru fjárlög fyrir 1952. Þá fluttum við 7 þm. brtt. við fjárlagafrv., samhljóða þeirri, sem ég er nú með og áður hafði verið flutt, því að reynslan hafði sýnt, að það var ákaflega erfitt, þó að menn bæru fram sérstakar till. til þál. um þetta, að fá þær hér bornar undir atkv. En þá munaði meira við atkvgr. Þá var till. felld með 27 atkv. gegn 17.

Málið féll niður í bili, en þegar núgildandi áfengislög voru sett á þinginu 1954, tímanlega á því ári, var í sambandi við þau lög borin fram till. um þetta efni, en náði ekki heldur samþykki.

Mér hefur þótt rétt að taka þetta mál upp aftur nú. Mér vannst ekki tími til að leita meðflm. úr öðrum flokkum og vænti, að það komi ekki að sök. Slík mál eru ekki flokksmál og hafa aldrei verið, og ég vænti þess, að þó að ég sé aðeins einn flm. að þessari till., þá fylgi henni allir þeir, sem þannig eru sinnaðir, að þeir telji rétt að afnema þessi óeðlilegu sérréttindi. En ég tek till. upp núna vegna þess, að síðan málið var síðast til meðferðar á þingi fyrir um það bil 6 árum, hefur orðið mjög mikil breyting á skipun þingsins. Ég held, að það sé rétt, að það séu fast að því 30 menn nú hér á hæstv. Alþ., sem áttu ekki þar sæti síðast, þegar þetta mál var til meðferðar.

Það er öllum kunnugt, að vörur hækka mjög í verði um þessar mundir. Menn þurfa að borga meira fyrir allt, sem þeir þurfa að kaupa. Áfengi og tóbak hefur nýlega verið hækkað í verði, a. m. k. áfengið, — ég man nú ekki fyrir víst um tóbakið, en það kemur þá auðvitað líka, ef það er ekki þegar fram komið. Út af fyrir sig er ég ekki að finna að því, að þær vörur hækki eitthvað í verði, því að það er varningur, sem menn ættu að sneiða hjá að kaupa. En á tímum þessara miklu verðhækkana, ekki síður en áður, er það náttúrlega ákaflega óeðlilegt og óviðeigandi, að einstakir menn í þjóðfélaginu geti gengið inn í þessar ríkisverzlanir og tekið þar vörur til eigin nota

fyrir aðeins örlítið brot af því almenna útsöluverði á vörunum, sem allir aðrir þurfa að sæta. Ég vildi því vænta þess, að þessari leiðréttingu verði vel tekið hér á hæstv. Alþingi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 251, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja hér nokkur orð út af till. hv. 9. landsk. (JÞ) í sambandi við 18. gr. fjárl. Það þykir einstaklega vinsælt verk að hafa þá gr. nokkuð til umr. og benda á þá galla, sem á henni eru. Mér er það fullkomlega ljóst, að hún er, eins og önnur mannanna verk, ekki gallalaus og það eru á henni ýmsar fjárveitingar, sem eru litt þarfar og óeðlilega háar. Til hins mundi ég verða síðastur maður, þó að það kannske kostaði mig einhverjar minnkandi vinsældir, að greiða atkv. með því að fella þá gr. niður. Flestallt það fólk, sem þarna er, hefur unnið í þágu ríkisins um langt skeið. Ég þekki nokkuð til þess, að þetta fólk hefur unnið fyrir mjög lág laun, meðan það var í þjónustu ríkisins, og þegar það stendur uppi eftir margra áratuga þjónustu, þá eru eignir þess hverfandi litlar. Það litla, sem það hefur e. t. v. átt í peningum eða innstæðum á bankabók, hefur svo verðbólgan verðfellt ár frá ári, og það mun ekki draga langt þessu fólki. Það færi vel á því — eða hitt þó heldur — hér á hv. Alþ., sem leggur á almenning í landinu hærri álögur en nokkru sinni fyrr, ef það mætti nú þessum fyrrv. ríkisstarfsmönnum með slíkum myndarskap að fella niður þá litlu fjárhæð, sem þetta fólk hefur haft á 18. gr. fjárlaga.

Það er skoðun mín, þó að ég ætli ekki að fara út í það mál hér, að íslenzka ríkið megi gæta að sér um það, hvernig það býr að starfsmönnum sínum. Það mun sannast, að það mun reynast því, eins og öðrum húsbændum hér á landi, hollt að búa svo að starfsfólki sínu, að það hafi áhuga á að starfa hjá því og leggi fram krafta sína. Ég hygg hins vegar, að ríkið sé í nokkurri hættu með það, að hæfileikamenn leiti ekki í þess þjónustu. Þess vegna mun ég ekki greiða þeirri till. atkv., sem nú er fram komin, enda virðist mér, að hún sé fyrst og fremst gerð til að sýnast og slá sig til riddara. T. d. er þar lagt til að leggja niður annan liðinn eða a-liðinn í 18. gr. II, en á seinni liðnum eru ekkjur embættismanna. Í fyrri liðnum eru margar konur, sem einnig eru ekkjur, en þær hafa komizt inn á 18. gr. vegna þess, að þær tóku við störfum, þegar mennirnir féllu frá, og komust inn sem slíkar. Þær eiga að falla út, en konurnar, sem fóru inn á 18. gr. b, eiga að verða eftir samkv. till. þessa hv. þm.

Ég endurtek, að það er kaldhæðni örlaganna, að mennirnir, sem hafa staðið að þeim álögum, sem á þjóðina hafa verið lagðar, og hafa verið að gorta af því, að þeir séu að bæta hag þeirra, sem miður mega sín, skuli koma með svona till. í lokin.

Um þetta ætla ég svo ekki að segja fleiri orð, en vildi hér segja nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. hóf mál sitt með því að ræða um innflutninginn á hátollavörunum og afkomuna við útlönd. Hæstv. ráðh. lét liggja orð að því, að við stjórnarandstæðingar værum þar ekki nógu framsýnir og vildum leggja of mikið upp úr innflutningi á hátollavörum. Ég vil minna á það, að hér á hv. Alþ. í fyrra deildu framsóknarmenn mjög við þáverandi stjórnarliða, — en hæstv. núv. fjmrh. var þá stuðningsmaður þeirrar stj. — við deildum við þá út af því, að sú stefna væri röng, sem þeir mörkuðu, m. a. með því að leggja of mikið til um innflutning á hágjaldavörum og ætla sér að ná of miklum tekjum af þeim. Við bentum á það, að sú leið væri óheppileg fyrir þjóðina og það bæri að varast hana og það yrði ekki hægt að flytja inn eins mikið af hágjaldavörum og þáverandi ríkisstj. ætlaðist til og lýsti yfir að hún mundi framfylgja.

Og ég vil líka minna á það, að með yfirfærslugjaldinu 1958, sem við Framsóknarflokksmenn höfum alltaf kannazt við sem okkar mál, — og enginn þarf að halda, að það sé eitthvert nýtt mál að fara að bendla okkur við það núna, — að þá bentum við á, að það væri ekki hægt nema að takmörkuðu leyti að byggja á innflutningi hágjaldavöru. Þess vegna er ég hæstv. ráðh. alveg sammála um það og undirstrika það, að þessu sjónarmiði höfum við haldið fram. En ég vil jafnframt minna á það, að þeir hv. sjálfstæðismenn greiddu atkv. gegn bjargráðunum 1958, þó að þetta væri höfuðatriðið í stefnunni, svo að þeir hafa þá ekki verið búnir að gera sér þessa hættu ljósa, sem hæstv. ráðh. er nú búinn að koma auga á. Er vel, að svo er.

Þá benti hæstv. ráðh. á, og þakka ég honum fyrir það, að það kom greinilega fram í ræðu hans hér áðan, að hann reiknar með verulegum greiðsluafgangi samkv. því fjárlagafrv., sem hér er verið að afgreiða. Þessu höfum við haldið fram, og eins og ég tók fram í ræðu minni hér í dag, er það stefnumunur hjá okkur, hvernig með það eigi að fara. Það er alveg óhugsandi, að hægt verði að draga úr innflutningnum á þessu ári, eins og hæstv. ríkisstj. ætlast til, nema, eins og ég tók fram við 2. umr. fjárl., hér skapist hrein vandræði seinni hluta ársins. Það er t. d. kunnugt, að í janúarmánuði s. l. var flutt meira inn en í janúarmánuði 1959, og ég hygg, að svipaða sögu sé að segja a. m. k. um febrúar og jafnvel þennan mánuð líka. Þess vegna orkar það varla tvímælis, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verða mun meiri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Hinu held ég hins vegar fram, að það sé ekkert óvanalegt og það sé ekkert afbrigðilegt að gerast, þó að innflutningur í ár verði svipaður eða lítið eitt minni en hann var 1958, því að till., sem við framsóknar-

menn gerðum hér, eru miðaðar við verulegan samdrátt frá því, sem var, miðað við 1958. Þær eru miðaðar við það, því að þar er reiknað með, að tolltekjur ríkisins af innflutningi minnki um hálft annað hundrað millj. kr., miðað við þá tekjustofna, sem nú eru til staðar. Þess vegna viðurkennum við samdráttinn. Hins vegar viðurkennum við ekki, að það sé hægt að koma á eins miklum samdrætti og hæstv. ríkisstj. ætlast til, nema með þeim hætti, að hér skapist hrein vandræði. Og ég álít, að við séum ekki að fara hér út úr neinum ramma í gjaldeyrisviðskiptum, þó að tekjuáætlunin, eins og við reiknuðum með henni, standist.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um, að það væri óheppilegt að byggja tekjur ríkissjóðs svo mikið á innfluttum vörum. Ég hygg, að það skapist aldrei nein vandræði af þessu, því að ef innlend framleiðsla eykst svo mikið, að hægt sé að ná tekjum þar af, held ég, að hvorki þessi hæstv. ríkistj. né aðrar muni ekki finna þann möguleika. Mér sýnist allt benda til þess, að það hafi fullkomlega verið um það hugsað og við séum ekki í hættu um þá hluti.

Enn fremur talaði hæstv. ráðh. um það, að beinu skattarnir væru líka varasamir og hættulegir. Það er nú verið að hverfa mjög svo frá þeim af núv. hæstv. ríkisstj., og ég vil ekki á þessu stigi málsins segja um það, hvort þar er lengra gengið en eðlilegt er, ég ætla að bíða með það, þangað til hæstv. ríkisstj. sýnir hér á hv. Alþ. frv. um breyt. á tekjuskattinum. Hitt talaði hæstv. ráðh. um að væri nauðsynlegt, að skattleggja eyðsluna, og því væru veltuskattarnir æskilegastir. Nú vaknar spurningin um það, hvað er eyðsla. Ég vil t. d. ekki halda því fram, að það sé eyðsla, þótt fólk kaupi sér mat. Það er bara það, sem hver og einn verður að gera. En það, sem hæstv. ríkisstj. gerir núna, er það, að hún skattleggur m. a. það, sem fólk þarf að kaupa sér í matinn, eins og fisk og kjöt. Þetta finnst mér lengra gengið en eðlilegt er, þegar talað er um að skattleggja eyðslu. Þess vegna er það um veltuskattana eins og annað að segja, að þeir hafa líka sína galla og verða að vera takmarkaðir, ef þeir eiga ekki að fara út í það að vera bara beinar álögur á fólkið í landinu engu síður en beinu skattarnir, og koma oft og tíðum miklu verr við, vegna þess að það verða allir að greiða þá, hvernig sem ástæður þeirra á annað borð eru.

Þá drap hæstv. fjmrh. á það, sem við í stjórnarandstöðunni eða við framsóknarmenn hefðum rætt um samdráttinn í verklegum framkvæmdum. Ég sýndi fram á það hér í dag, að á tímabilinu 1950—58, að báðum árum meðtöldum, hefði verið varið til uppbyggingar og til atvinnuveganna í landinu 28.5% af rekstrarútgjöldum fjárl. Hins vegar væri á þessu fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir við 3. umr. og líkur eru til að verði niðurstaða þess, þetta ekki nema 19.7%.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að einn þátturinn í, hvernig ástand okkar í efnahagsmálum væri, væri það, að fjárfestingin hefði verið of mikil. Um þetta atriði hefur verið mikið deilt og mikið rætt, en á það hefur hins vegar verið bent, að vegna þess, hvað við höfum lagt mikið í fjárfestingu á síðari árum, höfum við aukið framleiðslu okkar alveg stórkostlega, og það hefur sannazt, að velmegun íslenzku þjóðarinnar hefur farið batnandi ár frá ári, eftir því sem uppbyggingin hefur verið meiri, og t. d. hefur einn af hagfræðingum okkar, dr. Benjamín Eiríksson, sýnt fram á það í blaðagrein í vetur og það með rökum, að erlendar lántökur til uppbyggingar hér væru þess valdandi, að við stæðum betur í viðskiptunum við útlönd en áður.

Ég hef gagnstæða skoðun á því, sem hæstv. ráðh. sagði um fjárfestinguna. Hann vildi, að lögmálið um framboð og eftirspurn, eins og hann orðaði það, yrði látið ráða í uppbyggingunni, en það þýðir það, sem við höfum haldið fram, að þeir einir geta að uppbyggingu staðið, sem hafa ráð á fjármagninu, annaðhvort eigin fjármagni eða góða aðstöðu til þess að fá lánsfé. Það hefur hins vegar verið stefnan á síðari árum að veita hinum dreifðu byggðum þessa lands, þeim sem minna máttu sín, aðstoð við uppbygginguna. Þess vegna eru að koma upp staðir eins og t. d. Ólafsvík, svo að ég nefni einn stað, sem mönnum er nú orðið ljóst að hefur borgað sig að leggja fjárfestingu í. En það var ekki meiri skilningur á því, að það þyrfti að koma upp atvinnustöðvum í Ólafsvík, heldur en annars staðar á landinu. Þetta hefur tekizt á síðari árum. Nú er þessi staður að verða einn með meiri framleiðslustöðum hér landi, og ef tekið er tillit til mannfjölda þar, mun hann vera einhver sá afkastamesti. Þannig fer það, þegar haft er eitthvert vald á uppbyggingunni, þá finnast staðir, sem lögmálið um framboð og eftirspurn tekur ekki eftir.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að við hefðum verið hér með villandi tölur í sambandi við fjárfestinguna eða framlag ríkisins í því skyni. Nefndi hann í því sambandi fjárlagaafgreiðsluna 1958. Í sambandi við þetta mál vil ég segja það, að þegar fjárlög voru afgreidd hér 1958, var það fyrir áramót það ár. Efnahagsmálin voru hins vegar ekki afgreidd fyrr en í maí vorið 1958. Þess vegna voru fjárlög löngu afgreidd á undan efnahagsmálunum og við það ástand miðað, sem þá ríkti í fjármálum og efnahagsmálum, þegar fjárlögin voru afgreidd. Þess vegna var ekki hækkað til vega á fjárlögum fyrir 1958. En í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. talaði um framlög til vega nú, tók hann einnig með í það uppgjör viðhaldið eða allan liðinn til vegamála, eins og hann er á yfirlitinu hér á öftustu síðu. En þá er því við að bæta, að á árinu 1958 var aukið framlag til viðhalds á þjóðvegum um það, sem hækkunin nam, eftir að efnahagsmálin voru afgreidd, og mun það hafa verið um 7 millj. kr. Og ég vil líka benda á

það, að þegar fjárlagafrv. þáverandi vinstri ríkisstj. var lagt fram haustið 1958, þá var veruleg hækkun á þessum lið og öðrum, svo að í því fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 82.8 millj. kr. móti 90.9, sem nú er eftir 2. umr. fjárl., þ. e. hér á þessu frv., þar tek ég með aukið framlag til vegaviðhaldsins, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan. Þess vegna verður þessi samanburður á engan hátt hagstæðari en annar, enda var við afgreiðslu efnahagsmálanna benzíngjaldið hækkað og tekinn verulegur hluti af því til millibyggðavega og brúasjóðs. — Um raforkumálin er það að segja, að það er sá liðurinn á núv. fjárlagafrv., sem hefur hækkað frá í fyrra, vegna þess að þá voru teknar út 10 millj. kr. eða rúmlega það, þar sem 15 millj. til raforkusjóðs voru lækkaðar um 5%, og þetta var leiðrétt núna, og er það auðvitað spor í rétta átt, sem ber að virða. — Um skólana er einnig það að segja, að skólarnir eru liður á fjárl., sem heldur nokkurn veginn réttu hlutfalli. En þegar liðirnir til verklegra framkvæmda og atvinnuveganna eru teknir í heild, eins og ég gerði hér í dag, er niðurstaðan sú, sem ég þá greindi.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um sparnaðinn og tal okkar í sambandi við hann. Ég tók það fram hér við 2. umr. fjárl., að við framsóknarmenn værum ekki með neinar sparnaðartill., vegna þess að það væri skoðun okkar, að sparnaði yrði ekki við komið, nema hann væri undirbúinn áður, og vísa því á bug öllu tali um yfirskinshátt í sambandi við sparnaðinn hvað okkur áhrærir. Við höfum einmitt forðazt það og við vöruðum við því við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra að taka upp þann hátt að áætla gjaldaliði eða tekjuliði, sem fá ekki staðizt, það yrði að gera athugun, áður en í það yrði farið. Ég skal endurtaka það, sem ég mun hafa sagt hér við 2. umr. fjárlaga, að ég bíð a. m. k. átekta með sparnaðinn hjá hæstv. ríkisstj., þangað til sparnaðartillögurnar sjást. Og ég kann a. m. k. eins vel við það, að þær komi, eins og að boða sparnaðinn með löngum fyrirvara. Mér er það alveg fullkomlega ljóst, eða ég a. m. k. held því fram sem minni skoðun, að sparnaði í rekstri ríkisins má koma við að einhverju leyti, en stórkostlegt verður það ekki nema með verulegri lagabreytingu, þar sem við tökum aftur þó nokkuð af því, sem við höfum talið okkur til tekna, til þess við það að bæta aðstöðu fólksins í landinu. Það er mál, sem við yrðum að gera upp við okkur hverju sinni og þýðir ekki boðskapur um.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram í sambandi við ræðu þessa hæstv. ráðh., en vildi minna á þetta, enda stendur það óhaggað, sem ég hef áður haldið hér fram í þessum umræðum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. Það hefði verið ástæða til þess að ræða margar þær till., sem fram hafa verið bornar, en það eru svo fáir hv. þm. hér viðstaddir, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þær í einstökum atriðum.

Ég stóð hér aðeins upp vegna tveggja atriða í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. (HS), sem ég vildi leiðrétta. Annars vegar voru það ummæli hans og þá um leið andsvör við því atriði í ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann ræddi um viðhorf til hækkunar á fjárveitingu til verklegra framkvæmda, eftir að yfirfærslugjaldið var lögfest 1958. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að þegar það var lögfest, höfðu fjárlög fyrir það ár verið afgreidd, þannig að það kom ekki til, að það væri hægt þá að breyta hinum föstu fjárveitingum, og till. okkar sjálfstæðismanna í fjvn. var enda í því formi, að það var áskorun á ríkisstj. að beita sér fyrir því að afla sér fjáraukalagaheimildar til þess að hækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda um 10%. Það var þessi till., sem var felld. En hann vék hins vegar ekki að hinu, sem er sjálfsagt að verði að hafa í huga til þess að fá rétta mynd af þessu máli, að þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1959 var lagt fram haustið 1958, voru fjárveitingar til flestra liða ekki hækkaðar um eyri, hvorki til nýbyggingar vega, brúa né hafna. Hitt er rétt, að það var hækkuð nokkuð fjárveiting til flugvallagerða og enn fremur fjárveiting til viðhalds vega. En til þess að fá rétta mynd af þessu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessari staðreynd, og vildi ég því vekja athygli á þessu atriði.

Þá er það enn fremur annað atriði, sem auðvitað er allverulega villandi í þeim útreikningum, sem hann fór hér með áðan, þar sem hann færði það fram sem sönnun fyrir því, hvað hefði dregið úr framlögum til verklegra framkvæmda, hvað það væri miklu lægri prósenta af heildarútgjöldum ríkissjóðs nú á rekstrargreinum fjárlaga, sem færi til verklegra framkvæmda, en hefði verið á árinu 1958. Hér er vitanlega ekki hægt að fá neinn samanburð varðandi það, hvort raunverulega hafi verið dregið úr verklegum framkvæmdum eða ekki, vegna þess að inn á fjárlög nú hafa verið teknir stórfelldir liðir, sem alls ekki voru þá í fjárl., og það er því eðlilegt, að prósentutalan lækki, jafnvel þó að það væri um mjög lítinn eða e. t. v. engan raunverulegan niðurskurð verklegra framkvæmda að ræða. Þetta verður að hafa í huga við þennan prósentuútreikning, því að til þess að fá rétta mynd af því, hvort um raunverulega hækkun eða lækkun er að ræða, er að sjálfsögðu eðlilegt að finna hlutföllin út eftir verðlagsbreytingunni og miða við tölulegan samanburð milli áranna 1958 og 1960.

Önnur atriði voru það ekki, herra forseti, sem ég sé ástæðu til þess að gera að umtalsefni, og vil ekki hér fara út í almennar umr. um efnahags- eða fjármál, vildi aðeins koma þessum aths. hér að og vil að öðru leyti ekki verða þess valdandi að lengja frekar þessar umræður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 29. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 215, n. 227, 241, 242, 243, 244, 245, 246, 247, 250, 251).

ATKVGR.

Brtt. 246,I felld með 30:18 atkv.
— 243,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 246,II felld með 35:11 atkv.
— 246,II varatill. felld með 33:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JSk, KGuðj, ÁS, AGl, BjörnJ, EðS, EOl, FRV, GeirG, GJóh.

nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, SÁ.

HÁ, HS, BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EystJ, GH, GíslG greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar tekið er tillit til þess, að bygging nýs póst- og símahúss í Hafnarfirði hófst síðla s. l. sumar, og þar sem hæstv. samgmrh. hefur í dag tjáð mér eftir póst- og símamálastjóra, að byggingarframkvæmdir hefjist nú innan skamms aftur og verði í sumar eins og ráð var fyrir gert, verður að telja byggingu hússins tryggða. Auk þessa hefur póst- og símamálastjórnin alltaf staðið straum af byggingarframkvæmdum þessara stofnana sjálf, og slíkt hefur verið án sérstakra fjárveitinga á fjárl., og sýnist algerlega ástæðulaust að koma því inn á fjárlög í þessu einstaka tilfelli, sér í lagi þar sem bygging þessa húss verður að teljast tryggð, eins og ég gat um áður. Með skírskotun til þessa segi ég nei.

Brtt. 247,I felld með 31:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, FRV, GH, GeirG, GíslG, US.

nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, GunnG, SÁ.

HÁ, KK, MJ, ÁB, EystJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 242,I felld með 30:11 atkv.
— 241,1—2 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 243,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 247,II felld með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG.

nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, SÁ.

BjörnJ, EðS, KGuðj, ÁS greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,III.1—2 felldar með 31:19 atkv.
— 250,I.1.a felld með 32:15 atkv.
— 246,III.3 felld með 32:24 atkv.
— 250,I.1.b felld með 31:21 atkv.
— 246,III.4 felld með 31:23 atkv.
— 250,I.1.c felld með 31:24 atkv.
— 246,III.5 felld með 32:23 atkv.
— 250,I.1.d felld með 31:22 atkv.
— 246,III.6 felld með 32:24 atkv.
— 250,I.1.e felld með 32:27 atkv.
— 246,III.7 felld með 32:22 atkv.
— 250,I.1.f felld með 32:25 atkv.
— 246,III.8 felld með 32:25 atkv.
— 250,I.1.g felld með 31:20 atkv.
— 246,III.9 felld með 31:23 atkv.
— 250,I.1.h-i felld með 31:17 atkv.
— 246,III.10 felld með 30:23 atkv.
— 250,I.1.j felld með 32:24 atkv.
— 246,III.11—14 felldar með 31:23 atkv.
— 250,I.1.k felld með 31:22 atkv.
— 246,IV felld með 31:27 atkv.
— 246,V.1—2 felldar með 29:27 atkv.
— 241,3 samþ. með 39:1 atkv.
— 245,I felld með 31:24 atkv.
— 246,VI.1 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ.

nei: PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, SÁ.

2 þm. (FRV, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 245,II felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG.

nei: US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, SÁ.

Brtt. 245,III.1.a—b felldar með 27:24 atkv.
— 245,III.1.c felld með 29:26 atkv.
— 246,VI.2 felld með 30:25 atkv.
— 246,VII felld með 30:21 atkv.
— 250,I.2 felld með 28:12 atkv.
— 246,VIII felld með 28:23 atkv.
— 242,II felld með 28:26 atkv.
— 245,III.2 felld með 31:20 atkv.
— 246,IX felld með 30:27 atkv.
— 250,I.3 felld með 30:13 atkv.
— 242,III samþ. með 44 shlj. atkv.
— 245,III.3.a felld með 31:24 atkv.
— 246,X.1 felld með 29:18 atkv.
— 250,I.4.a felld með 30:19 atkv.

Brtt. 246,X.2 felld með 29:26 atkv.
— 245,III.3,b felld með 31:24 atkv.
— 250,I.4.b—c felldar með 30:15 atkv.
— 242,IV felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS.
nei: ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, SÁ.
Brtt. 245,III.3.c felld með 29:22 atkv.
— 246,XI felld með 27:22 atkv.
— 250,I.4.d felld með 32:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GJóh, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP.
nei: EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, SÁ.
GH, GíslG, HÁ, SkG greiddu ekki atkv.
2 þm. (EggÞ, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 247,III felld með 29:18 atkv.
— 246,XII.1 felld með 30:18 atkv.
— 245,III.3.d felld með 30:23 atkv.
— 250,I.4.e felld með 29:12 atkv.
— 246,XII.2 felld með 28:23 atkv.
— 250,I.4.f—g felldar með 31:13 atkv.
— 246,XII.3 felld með 32:23 atkv.
— 250,I.4.h felld með 32:11 atkv.
— 246,XII.4 felld með 32:22 atkv.
— 245,III.3.e felld með 31:22 atkv.
— 241,4—5 samþ. með 47 shlj. atkv.
Áður en brtt. 247,IV kæmi til atkv., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af þessari brtt. vil ég aðeins taka fram, að ríkisstj. hafði fjallað um þetta mál og ákveðið að leysa það, áður en hv. flm. vissi um það. Málið verður þess vegna leyst, og vildi ég vænta, að hann sæi sér fært að taka till. aftur af þeim ástæðum.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar upplýsingar, og ég vil lýsa ánægju minni með það, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa tekið þetta mál upp. Þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. viðurkennir það sjónarmið, að það sé eðlilegt, að ríkissjóður létti af sveitarfélaginu í Hveragerði þeim tilkostnaði, sem það hefur af fegrun og umbótum, sem leiðir af mikilli komu erlendra ferðamanna. Hveragerði er nú orðið aðalferðamannastaður landsins og gegnir nú því hlutverki, sem Geysir hafði áður. Í trausti þess, að ríkisstj. athugi, hvernig unnt sé að sjá til þess, að þar sé slík aðkoma, að af verði landkynning fyrir þjóðina, get ég fallizt á ósk hæstv. forsrh. og tek till. til baka.

Brtt. 247,IV tekin aftur.
— 241.6—11 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 247,V felld með 29:25 atkv.
— 241,12—15 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 246,XIII felld með 27:14 atkv.
— 241,16 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 242,V felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÞ, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, FRV, GeirG, GJóh, HV, BGuðbj, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, SE, ÞÞ.
nei: BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, SÁ.
ÁB, BP, EystJ, GíslG, HÁ, HS, JSk, PÞ, SkG greiddu ekki atkv.
3 þm. (EggÞ, GH, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 242,V varatill. felld með 28:16 atkv.
— 241,17—18 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 246,XIV felld með 23:11 atkv.
— 251 samþ. með 39:3 atkv.
— 243,3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 245,III.4 felld með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KK, ÁS.
nei: ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, SÁ.
BP, GeirG, KGuðj greiddu ekki atkv.
1 þm. (AGl) fjarstaddur.
Brtt. 241,19 samþ. með 31:5 atkv.
— 246,XV felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, EggÞ, EI, EmJ, PP, SÁ.
BGuðm greiddi ekki atkv.
Brtt. 245,IV felld með 31:15 atkv.
— 245,IV varatill. felld með 30:19 atkv.
— 241,20—28 samþ. með 48 shlj. atkv.
Áður en brtt. 242,VI kæmi til atkv., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af þessari till. vildi ég leyfa mér að geta þess, að mér vitanlega hefur Alþýðusambandið ekki leitað til Alþ. um þetta mál. Ef hins vegar launþegasamtökin ákveða að afla sér sérfræðilegrar aðstoðar til þess að meta áhrif efnahagsráðstafananna á kjör launþega, telur ríkisstj. sér skylt og ljúft að styðja það. Ég vildi leyfa mér með þessari grg. að mælast til þess, að hv. flm. taki till. aftur, skoði sitt mál leyst.

Brtt. 242,VI tekin aftur af flm., en tekin upp af 3. þm. Reykv. og felld með 32:15 atkv.
— 242,VII felld með 30:26 atkv.
— 246,XVI felld með 29:12 atkv.
— 241,29—30 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,VIII felld með 49:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ.
nei: SI, SÓÓ, SE, SkG, ÞÞ, AGb, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BK, GeirH, BGuðm, BFB, BjörnJ, EðS, EggÞ, EI, EOl, EmJ, EystJ, FRV, PP, GH, SB, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, HÁ, HS, BGuðbj, IngJ, JóhH, JÁ, EinS, JR, KK, KJJ, ÁS, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, ÓTh, PÞ, PS, RH, SÁ.
AGl, BF, BP, GeirG, GíslG, US, GJóh, HV, JSk, KGuðj greiddu ekki atkv.

Brtt. 241,31 samþ. með 41:1 atkv.
— 247,VI.1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 250,I.5 felld með 27:10 atkv.
— 241,32 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 241,33 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,IX felld með 28:26 atkv.
— 241,34—36 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 244 samþ. með 49:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, EI, EmJ, EystJ, PP, GH, GíslG, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, HÁ, HS, BGuðbj, IngJ, JóhH, JÁ, JSk, JÞ, EinS, JR, KK, KJJ, ÁS, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, ÓTh, PÞ, PS, RH, SI, SÓÓ, SE, SkG, AGb, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, BFB, SÁ.
nei: EðS, EOl, FRV, GeirG, GJóh, HV, KGuðj, AGl, BjörnJ.
BP, ÞÞ greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,XVII.1 felld með 30:23 atkv.
— 246,XVII.2 felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ.
nei: SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÁ.

Brtt. 243,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 245,V.1 tekin aftur.
— 247,VI.2 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 241,37 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 245,V.2 felld með 29:23 atkv.
— 250,I.6 felld með 28:24 atkv.
— 246,XVIII felld með 30:18 atkv.
— 241,38 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 250,I.7 felld með 26:12 atkv.
— 243,5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 245,VI felld með 30:17 atkv.
— 246,XIX felld með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ.
nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG. US, GunnG, GTh, GÞG, SÁ.
AGl greiddi ekki atkv.
1 þm. (EOl) fjarstaddur.
Brtt. 246,XX felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, JÞ, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS.
nei: EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, SÁ.
EI, AGl greiddu ekki atkv.
1 þm. (EOl) fjarstaddur.
Brtt. 250,I.8 felld með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EystJ, FRV.
nei: SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, GeirH, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, PP, SÁ.
BP greiddi ekki atkv.
1 þm. (EOl) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Endanlegt samkomulag hefur ekki enn þá náðst um fiskverð milli framleiðenda og vinnslustöðvanna. Það liggur því ekki fyrir, hvert verð muni fást fyrir steinbít og smáfisk. Hins vegar hefur því verið lýst yfir í grg. hæstv. ríkisstj. með frv. um efnahagsmál, að efnahagsráðstafanir hennar séu miðaðar við það, eins og stendur í grg., að „stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bátanna, beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum". Í trausti þess, að við þessa yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. verði staðið, greiði ég atkv. gegn þessari brtt. og segi nei.

Brtt. 243,6 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 241,39 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 243,7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 245,VII felld með 29:24 atkv.
— 250,II felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BjörnJ, BP, EðS, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, BGuðbj, JSk, KGuðj, KK, ÁS, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB.
nei: GeirH, EggÞ, EI, EmJ, PP, SB, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, SÁ.

BGuðm greiddi ekki atkv.
1 þm. (EOl) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 260).

12. Alþjóðasamningur um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs.

Á 52. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. jan. 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti [99. mál] (stjfrv., A. 220).

Á 54. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hinn 24. jan. 1959 var undirritaður í London alþjóðasamningur milli Íslands, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Ráðstjórnarríkjanna, Sambandslýðveldisins Þýzkalands, Spánar og Svíþjóðar um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs. Er með þessu frv. farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að ákveða með auglýsingu, að samningurinn skuli ganga í gildi.

Þessi samningur er á vissan hátt framhald af því, sem gerðist fyrir nokkrum árum, eða nánar tiltekið fyrir 14 árum, þegar undirritaður var í London samningur um möskvastærð á botnvörpu og dragnót og lágmarksstærð á fiski. Skyldi samningur þessi gilda fyrir Norðursjóinn og Norðaustur-Atlantshaf, þ. á m. svæðið umhverfis Ísland. Samningur þessi um möskvastærð o. fl. kom þó ekki til framkvæmda fyrr en 8 árum síðar, þegar öll þau ríki, sem höfðu undirskrifað hann, höfðu veitt honum fullgildingu. Öll ríki, sem fiskveiðar stunduðu á þessu svæði, voru aðilar að þessum samningi nema Sovétríkin, en þau gerðust aðilar að samningnum síðar.

Vegna aukinna þarfa á raunhæfum friðunaraðgerðum á fiskislóðum Norðaustur-Atlantshafsins, hefur verið talið, að þessi samningur um möskvastærð o. fl. væri ófullnægjandi og að nauðsynlegt væri því, að gerður yrði nýr samningur, þar sem möguleikar væru til víðtækari friðunaraðgerða, eða réttara sagt kannske aðgerða til verndunar fiskstofninum á þessum hafsvæðum. Undanfarin ár hefur farið fram undirbúningur að slíkum samningum, og hafa verið haldnir óformlegir fundir með aðildarríkjum samningsins frá 1946 um þessi mál. Haustið 1957 var hinn síðasti óformlegi fundur haldinn, en með tilliti til ráðstefnunnar í Genf, sem þá stóð fyrir dyrum, var ákveðið að bíða með frekari aðgerðir, þar til þeirri ráðstefnu væri lokið, þar sem gera mátti þá ráð fyrir, að samþykktir hennar gætu haft áhrif á væntanlegan samning.

Hinn 20. jan. 1959 var svo kvatt til fundar í London, og voru þar saman komnir fulltrúar allra aðildarríkja samningsins frá 1946, en þau eru, eins og ég las hér í upphafi, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Ísland, Noregur, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spánn, Svíþjóð og Þýzkaland. Fulltrúar Íslands á þessum fundi voru þeir Hans G. Andersen sendiherra, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri og Jón Jónsson forstjóri fiskideildarinnar.

Fyrir fundinum lá uppkast að samningi, eins og frá því hafði verið gengið áður á óformlegum fundi, og var ráð fyrir því gert, að endanlega yrði frá samningnum gengið á þessum fundi og hann undirskrifaður. Varð og úr, að fullt samkomulag varð um öll atriði samningsins, og undirrituðu hann þá þegar 10 af 14 ríkjunum, en gert var ráð fyrir, að hin fjögur mundu undirskrifa hann síðar innan stutts tíma. Ísland undirritaði samninginn, en hann getur ekki tekið gildi, fyrr en ríkin hafa fullgilt hann samkvæmt þeim reglum, sem gilda þar um í hverju landi.

Í sambandi við samningsgerð þessa var af Íslands hálfu lögð á það megináherzla, að samningurinn gæti á engan hátt haft áhrif á ákvarðanir hinna einstöku landa um víðáttu fiskveiðilögsögunnar. Fékkst að lokum á fundinum samþ. sú grein samningsins, sem tryggir þetta atriði á fullnægjandi hátt, en hún er svo í íslenzkri þýðingu:

„Ekkert í samningi þessum getur haft áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir samningsríkjanna að því er varðar víðáttu fiskveiðilögsögunnar."

Samningur þessi tekur til fiskveiða á öllu Norður-Atlantshafi, og takmarkast svæðið að vestan við austurströnd Grænlands og línu, sem hugsast dregin eftir 42. gráðu vestlægrar lengdar að 36. gráðu norðlægrar breiddar og þaðan í Gibraltarhöfða á Spáni, en þar eru suðurtakmörk svæðisins. Þessu svæði er svo skipt í þrjú minni svæði. Er fyrsta svæðið norðan við 60. gráðu norðurbreiddar, og er hafið umhverfis Færeyjar, Ísland og Noreg svo og Barentshaf á því svæði. Annað svæði er svo hafið umhverfis Bretlandseyjar og Írland og allur Norðursjór. Og loks er þriðja svæðið milli 36. gráðu norðurbreiddar og 48. gr. norðurbreiddar, hafið vestur undan vesturströnd Frakklands, sunnan við Bretagneskaga og vestan Pýreneaskaga. Samkvæmt samningnum skal sett upp fastanefnd og skulu öll samningsríkin eiga fulltrúa í nefndinni, og þá skulu einnig settar upp sérstakar nefndir fyrir hvert hinna ofannefndu svæða, og geta þau ríki, sem eiga land að hafi á svæðinu eða stunda veiðar á einhverju svæðinu, orðið meðlimir í þessum svæðanefndum.

Hlutverk fastanefndarinnar er að fylgjast með fiskveiðunum á samningssvæðinu, hvort nauðsyn beri til sérstakra ráðstafana til verndar fiskstofnum og hverra, og gera tillögur þar um til meðlimaríkjanna. Ráðstafanir, sem

fastanefndin og svæðanefndirnar geta gert tillögu um, eru eftirfarandi:

1) Reglur um möskvastærð. 2) Reglur um lágmarksstærð á fiski, sem veiða má og landa. 3) Reglur um bann veiða á ákveðnum tímum. 4) Reglur um lokun veiðisvæða. 5) Reglur um notkun veiðarfæra. 6) Reglur, er miða að því að auka fiskstofna, t. d. með klaki, flutningi á fiski milli svæða o. s. frv. 7) Reglur um hámarksafla miðað við heildarafla eða afla á tilteknum tíma, eða sérhverjar þær aðrar ráðstafanir, sem miða að því að viðhalda fiskstofninum á samningsvæðinu. Tillögur teljast samþykktar ef þær fá 2/3 atkvæða, en ríki, sem telur sér ekki fært að samþykkja tillögur, getur innan tiltekins tíma, þ. e. þriggja mánaða frá samþykkt tillögu, lýst sig andvígt henni og ber þá ekki skylda til að framkvæma þá tillögu. Þá getur fastanefndin á sama grundvelli gert tillögur um eftirlit — einnig alþjóðlegt — með því, að settum reglum sé framfylgt. Loks er svo ákveðið, að núgildandi ákvæði um möskvastærð og lágmarksstærð á fiski samkv. samningnum frá 1946 skuli gilda áfram með sömu skilyrðum og aðrar tillögur n., sem gerðar kunna að verða samkv. hinum nýja samningi.

Svo sem áður segir, höfðu í upphafi 10 ríki af 14 undirritað samninginn. En hann var áfram opinn til undirskriftar fyrir þau fjögur ríki, sem höfðu ekki undirritað hann, og hafa þau nú undirritað samninginn. Samningurinn tekur hins vegar ekki gildi, fyrr en hann hefur verið fullgiltur af öllum samningsríkjunum. Þó er gert ráð fyrir því, að ef dráttur verður á fullgildingu samningsins, þannig að öll ríkin hafi ekki fullgilt hann innan eins árs frá undirskrift, en þó ekki færri en 7, þá geti þau ríki ákveðið, að samningurinn taki gildi að því er þau snertir.

Svo sem marka má af því, sem að undan er sagt, getur samningur þessi engin áhrif haft á margyfirlýsta stefnu Íslendinga að því er varðar viðáttu fiskveiðilögsögunnar, svo sem hún hefur m. a. komið fram í ráðstöfunum Íslendinga sjálfra á því sviði. Hins vegar hljóta Íslendingar að telja þýðingarmikið, að samvinna takist á alþjóðlegum vettvangi um nauðsynlega vernd fyrir fiskstofna á úthafinu, og út frá því sjónarmiði verður að telja, að samningur sá, sem nú hefur verið gerður, geti, þegar fram líði stundir, haft mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

Einhvern veginn hefur það atvikazt þannig, að mál þetta hefur lagzt til hliðar þangað til að heita má á síðustu stundu, og er þess vegna nokkur nauðsyn á, að afgreiðslu þess verði hraðað, svo sem frekast eru föng á, því að ár frá undirskrift samningsins er liðið 29. þ. m., og þyrfti fullgildingin þess vegna að vera afgreidd frá hinu háa Alþingi áður en sá tímafrestur er liðinn. Ég vildi þess vegna leyfa mér að vænta þess við þá n., sem fær málið til athugunar, að afgreiðslu þess verði hraðað, svo sem frekast eru föng á, svo að ekki þyrfti til undanþágu að koma, vegna þess að málið hafi ekki verið afgreitt nægilega tímanlega.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 240).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Samningur sá, sem hér liggur fyrir til fullgildingar af Íslands hálfu á þskj. 220, er um ráðstafanir í því skyni að tryggja verndun fiskstofna fyrir ofveiði á norðausturhluta Atlantshafs og aðliggjandi hafsvæðum og jafnframt um leiðir til þess að tryggja hagnýtan rekstur fiskveiða á samningssvæðinu.

Samningsaðilar, auk Íslands, eru: Belgía, Danmörk, Frakkland, Sambandslýðveldið Þýzkaland, Írland, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Spánn, Sviþjóð, Samband sósíalískra ráðstjórnarríkja og Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland ásamt Norður-Írlandi. Önnur ríki eiga þess kost að gerast síðar aðilar að samningnum.

Samningur um vernd fiskstofna á norðvesturhluta Atlantshafs var gerður í Washington árið 1949, og er Ísland aðili að þeim samningi. Samningssvæðin skiptast um Grænland rétt austan við Hvarf. Sá samningur, sem hér er um að ræða, nær yfir allt Norðaustur-Atlantshaf, frá Grænlandi að vestan og austur undir Novaja Zemlja, en suðurtakmörkin eru annars vegar við dönsku sundin, en hins vegar við línu, sem hugsast dregin í vestur frá Gíbraltar. Þessu stóra samningssvæði er síðan skipt í 3 undirsvæði, sem skilgreind eru í viðbæti við samninginn.

Samkv. 2. gr. samningsins getur ekkert ákvæði hans haft nein áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir samningsríkja að því er snertir víðáttu fiskveiðilögsögu. Er þetta ákvæði sett samkv. kröfu íslenzku samningamannanna.

Til þess að framkvæma samninginn verður stofnuð fastanefnd með aðsetri í London, og á hvert samningsríki rétt á að skipa í þá nefnd tvo fastafulltrúa, sem síðan geta haft sér til aðstoðar eins marga sérfræðinga og aðstoðarmenn og þurfa þykir. Fastanefndin heldur fundi árlega og oftar, sé þess óskað af fjórum samningsríkjum. Fastanefndin stofnar svæðisnefndir fyrir hvern hluta, sem samningssvæðið skiptist í, og hún getur einnig skipað undirnefndir í tilteknu skyni, þegar þess er talin þörf. Hvert samningsríki ræður einu atkv. í fastanefnd, og þar ræður einfaldur meiri hluti úrslitum.

Hvert ríki ber kostnað af fastafulltrúum sínum, sérfræðingum og aðstoðarmönnum, en að öðru leyti skiptist kostnaður af störfum fasta-

nefndar eftir árlegri fjárhagsáætlun skv. ákvæðum 4. gr. samningsins. Ákvæði um hlutverk fastanefndar er í 6. gr. samningsins. Ber henni að fylgjast með fiskveiðum á samningssvæðinu, og síðan á hún, í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, að athuga, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til verndar fiskstofnunum á svæðinu og til að tryggja hagnýtan rekstur fiskveiða þar. Svæðanefndirnar hafa sama hlutverk, hver fyrir sitt svæði. Skulu till. þær, er nefndin eða nefndirnar gera til samningsríkja, byggðar á niðurstöðum vísindalegra rannsókna og athugana, að svo miklu leyti sem hægt er. Þau atriði, sem till. n. geta fjallað um, eru talin í 7. gr. samningsins á þessa leið:

„a. Ráðstafanir til ákvörðunar möskvastærðar á fiskinetjum.

b. Ráðstafanir til ákvörðunar á lágmarksstærð fisks, er skip mega hirða, afferma eða sýna eða bjóða til sölu.

c. Ráðstafanir til fiskveiðabanns á tilteknum tímum.

d. Ráðstafanir til fiskveiðabanns á tilteknum svæðum.

e. Ráðstafanir til ákvörðunar um veiðarfæri og áhöld, aðrar en þær, er lúta að möskvastærð á fiskinetjum.

f. Ákvarðanir til úrbóta og aukningar á auðlindum hafsins, og geta til þeirra talizt tækniklak og flutningur lífvera og seiða.

2. Til viðbótar ráðstöfunum þeim, er greinir í 1. lið greinar þessarar, má gera ráðstafanir til þess að ákveða heildarveiði eða heildarsókn á tilteknu tímabili, svo og allar aðrar ráðstafanir til þess að varðveita fiskstofna á samningssvæðinu. Till., er að slíku lúta, skulu hljóta a. m. k. 2/3 hluta atkv. þeirra fastafulltrúa, er viðstaddir eru og atkv. greiða, og síðan samþykki allra samningsríkja í samræmi við stjórnarskrárákvæði þeirra.

3. Ráðstafanir þær, er greinir í 1. og 2. lið greinar þessarar, mega ná til allra tegunda sjófiska og skelfiska, en eigi til spendýra í sjó. Þær geta og náð til allra tegunda veiða og til allra hluta samningssvæðisins."

Síðan koma í samningnum ákvæði um framkvæmd till. þeirra, sem gerðar eru til samningsríkjanna. Til þess að ríkjunum sé skylt að fara eftir till., þurfa þær að vera samþykktar með a. m. k. 2/3 atkv. fastafulltrúa þeirra, sem viðstaddir eru og atkv. greiða. Sérhvert ríki getur innan 90 daga, frá því að tilkynnt hefur verið um samþykkt till. skv. 7. gr., mótmælt slíkri till. og ber þá ekki skylda til að framkvæma hana. Ef slík mótmæli eru send innan 90 daga, getur sérhvert annað aðildarríki sent mótmæli innan 60 daga, og berist mótmæli, meðan sá frestur er að líða, má enn mótmæla innan 30 daga frá tilkynningu um slík mótmæli. Ef þrjú eða fleiri samningsríki mótmæla till. fastanefndar, eru öll hin aðildarríkin leyst undan þeirri skyldu að framkvæma þær.

Heimilt er að taka aftur mótmæli gegn ályktunum fastanefndar, og koma þær þá til framkvæmda innan minnst 90 daga. Fastanefndin ákveður gildistökudag tillagna þeirra, er hún gerir, þó eigi fyrr en liðnir eru þeir frestir, sem ætlaðir eru til mótmæla.

Aðildarríki getur hvenær sem er að tveim árum liðnum, frá því er því var gert að framkvæma hvers konar ályktun, tilkynnt fastanefnd uppsögn á samþykki sínu við ályktunina, og gengur slík uppsögn úr gildi eftir 12 mánuði, og er ályktunin eftir það ekki bindandi fyrir aðildarríkin.

Aðildarríkjunum er skylt að láta fastanefnd í té allar tölfræðilegar og líffræðilegar upplýsingar, sem fáanlegar eru og n. mega að gagni koma í starfi hennar.

Þetta eru í stórum dráttum helztu atriði samningsins. Tilgangur hans er einkum mikilvægur fyrir fiskveiðaþjóð eins og Ísland, sem á allt sitt undir auðæfum hafsins og hlýtur þess vegna að styðja sérhverja viðleitni til að hindra, að þau auðæfi gangi til þurrðar. Segja má sem svo, að sú alþjóðlega stofnun, sem komið verður á laggirnar með samningnum, hafi ekki sterkt framkvæmdavald, því að hún getur einungis gert till. til aðildarríkjanna, og þeim er síðan í sjálfsvald sett, hverju og einu, hvort þau samþ. till. stofnunarinnar. Samt sem áður er hlutverk stofnunarinnar mikilvægt, ef þróun fiskveiðanna heldur áfram eins og nú horfir, þannig að veiðarnar á Norður-Atlantshafi verði stundaðar af stöðugt meira kappi, með fullkomnari og betri skipum og veiðarfærum en áður hafa þekkzt og af stöðugt fleiri þjóðum.

Það alþjóðlega samstarf, sem samningurinn gerir ráð fyrir, þarf tíma til að þróast, og má í því sambandi benda á, að hér er um að ræða víðtækari samning en þann, sem gerður var í London árið 1946 um möskvastærð á botnvörpu og dragnót og lágmarksstærð á fiski. Sömu ríki voru aðilar að þeim samningi, og fullgilti Ísland hann 1951 fyrir sitt leyti með fyrirvara varðandi landhelgina. Falla ákvæði þess samnings inn í nýja samninginn, að svo miklu leyti sem við á. Þannig þróast þessi mál að við skulum vona í rétta átt, þó að sumum finnist, að hægt gangi.

Við Íslendingar megum ekkert tækifæri láta ónotað til þess að sýna öðrum þjóðum fram á, hver lífsnauðsyn fiskveiðarnar eru fyrir þjóðina. Við heyjum í dag baráttu fyrir minnst 12 mílna fiskveiðilögsögu, og sú barátta okkar hefur opnað auga margra annarra þjóða fyrir nauðsyn þess, að strandríki, sem byggja lífsafkomu sína aðallega á fiskveiðum, fái stórlega aukinn rétt til að ákveða sína fiskveiðilögsögu. En þó að við vinnum sigur í þessu stærsta máli okkar í dag og þó að við fáum e. t. v. síðar nokkurra mílna viðbót við fiskveiðilögsöguna, þá er engan veginn víst, að það verði okkur nóg í framtíðinni.

Gegndarlaus ofveiði á Atlantshafinu að austan og vestan hefur áður komizt á það stig, að auðug fiskimið hafa verið þurrausin, sbr. t. d. Norðursjóinn fyrir síðustu heimsstyrjöld. Fjölgun fiskiskipa og framfarir í veiðitækni valda því, að nú er ofveiðin sums staðar farin

að segja til sín á ný, þ. e. a. s. ofveiði, sem verður ekki fyrirbyggð með útfærslu á landhelgi einstakra ríkja einni saman, heldur þarf þar til að koma alþjóðlegt samstarf og samvinna um ráð til úrbóta. Sameiginlegar athuganir færustu manna á vandamálum ofveiðanna er sá grundvöllur, sem byggja verður á. Með þessum samningi er skapaður vettvangur, þar sem slíkir menn frá aðildarríkjunum geta borið saman bækurnar og gert sameiginlegar till. um, hvernig við skuli brugðizt. Einnig á þessi samningur að vera nokkur trygging fyrir því, að aðildarríkin kasti ekki slíkum till. í glatkistuna án athugunar eða umhugsunar.

Það ríður á meira fyrir okkur en flesta aðra, að þessi samningur geti orðið upphaf að víðtæku samstarfi þjóðanna um skynsamlegar ráðstafanir til að vernda fiskstofnana í hafinu umhverfis Ísland. Þess vegna er lagt til, að frv. á þskj. 220 verði samþ. af Alþingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., 29. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal með aðeins örfáum orðum, af því að það er nú komið fram yfir venjulegan fundartíma, gera grein fyrir þessu frv.

Þessi samningur, sem hér er lagt til að verði fullgiltur, er einn þátturinn í viðleitni aðildarríkjanna, sem hér eiga hlut að máli, í þá átt að koma í veg fyrir ofveiði og koma í veg fyrir, að fiskstofnarnir í höfunum verði unnir eða veiddir meira en góðu hófi gegnir. Árið 1946 var samþykktur í London samningur á milli þessara ríkja flestra um möskvastærð og lágmarksstærð á fiski, sem hirða mætti og selja á markaði. Þær aðgerðir, sem sá samningur gerði ráð fyrir, hafa ekki verið taldar nægilegar, og þess vegna hefur þessi samningur, sem hér er á ferð, orðið til.

Aðilar að þessum samningi eru Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Ísland, Noregur, Pólland, Portúgal, Ráðstjórnarríkin, Sambandslýðveldið Þýzkaland, Spánn og Svíþjóð, þ. e. a. s. flest þau ríki eða öll, sem fiskveiðar stunda í Norðaustur-Atlantshafi. Svæðið, sem samningurinn tekur til, er þannig takmarkað, að það liggur fyrir norðan 36. gráðu norðurbreiddar og á milli 42. gráðu vesturlengdar og 51. gráðu austurlengdar. Það tekur yfir Atlantshafið vestur að Grænlandi og eftir 42. gráðu vesturlengdar suður á móts við Gíbraltar og takmarkast þar að sunnan. Þessu svæði er svo aftur skipt í þrjú minni svæði, sem hvert um sig á að hafa sérstaka eftirlitsnefnd auk þeirrar aðalnefndar, sem hefur með höndum eftirlit með öllu svæðinu. Fyrsta svæðið er norðurhluti Atlantshafsins, svæðið umhverfis Ísland og austur í Barentshaf. Annað svæðið er Norðursjórinn og svæðið í kringum Bretlandseyjar. Og þriðja svæðið er svo suður undir Gíbraltar og Atlantshafið vestur af Frakklands- og Spánarströndum.

Til þess að líta eftir því, að samningurinn sé haldinn, er stofnuð fastanefnd, sem á að hafa aðsetur í London, og undirnefndir, sem líta eftir hinum minni svæðum þremur. Hvert land, sem er aðildarríki að samningnum, á rétt á því að tilnefna mann eða menn í þessa fastanefnd og undirnefndirnar, þar sem það kemur við sögu, en þær samþykktir, sem gerðar eru af þessari fastanefnd eða af aðildarríkjunum, fleiri eða færri, eru ekki skuldbindandi fyrir neitt ríkið, ef það ekki vill hlíta þeim. Hins vegar er hægt með 2/3 atkvæða að fá samþykkt í nefndunum tilmæli til ríkjanna um upptöku ákveðinna aðgerða, og er ætlazt til þess, að um þau megi fá samkomulag og vinna eftir þeim að því takmarki, sem stefnt er að með samningsgerðinni.

Það skal tekið fram mjög greinilega, að þessi samningur tekur á engan hátt til fiskveiðilögsögunnar eða landhelginnar, og var af hálfu íslenzku samningsaðilanna, sem að þessari samningsgerð stóðu, unnið að því að fá þetta ákvæði mjög skýrt markað í samninginn, en um það segir í samningnum, með leyfi hæstv. forseta, að „ekkert í samningi þessum getur haft áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir samningsríkjanna að því er varðar viðáttu fiskveiðilögsögunnar."

Ég skal svo ekki fara frekar út í að ræða efni samningsins. Hann er ákaflega ljós og engin ástæða til þess að rekja ákvæði hans lið fyrir lið. Ég skal aðeins um kostnaðinn, sem af þessu leiðir, segja, að hann skiptist á milli aðildarríkjanna eftir vissum reglum, og er engin ástæða til þess að ætla, að hann verði nema mjög hóflegur, svo að það þarf ekki að óttast þá bagga, sem af þessu verða lagðir á okkur fjárhagslega.

Það hefur nú atvikazt svo, að þessi samningur, sem var undirritaður af okkar hálfu í London í janúarmánuði 1959, gerir ráð fyrir því, að hann verði fullgiltur af aðildarríkjunum fyrir 30. marz 1960, en einhverra ástæðna vegna, sem ég kann nú ekki að skýra, hefur samningurinn lagzt til hliðar í ráðuneytinu og þess vegna ekki komið í mínar hendur fyrr en fyrir örfáum dögum. Ég vildi þess vegna leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að afgreiðslu þessa máls yrði flýtt, þannig að samningurinn gæti orðið undirskrifaður,

áður en sá tími er liðinn, sem hann gerir ráð fyrir til fullgildingar, því að það getur valdið nokkrum erfiðleikum og töfum og kannske misskilningi, ef við verðum ekki búnir að ganga frá honum fyrir þennan tíma.

Ég þarf ekki að taka það fram hér, hversu þýðingarmikið það er fyrir fiskveiðaþjóð eins og okkur að standa að öllum ráðagerðum og aðgerðum til þess að koma í veg fyrir ofveiði og til þess að tryggja fiskstofnana í sjónum. Þessi samningur stefnir að því að gera þetta, og þess vegna tel ég, að það sé mikill ávinningur fyrir Ísland að vera aðili að þessari samningsgerð.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., og ítreka þá ósk mína, að afgreiðslu málsins verði hraðað eins og mögulegt er, þannig að fullgildingin geti farið fram, áður en frestur sá, sem ég nefndi, er liðinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Forseti (SÓÓ): Í sambandi við tilmæli hæstv. ráðh. um það, að það liggur á að koma þessu máli fram og gera það að lögum, þá vil ég skjóta því til hv. formanns n., hvort hann gæti ekki séð til þess, að n. tæki þetta til meðferðar í kvöld, þannig að nál. gæti verið tilbúið á morgun og væri þá hægt að taka það fyrir. Ég vil vinsamlegast vikja þessu til hv. formanns nefndarinnar.

Á 49. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 259).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur haft til athugunar frv. til laga, sem hér er til 2. umr., um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, sem gerður var 24. jan. 1959, um fiskveiðar á norðaustuhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti. Er hér um samning að ræða, sem 14 fiskveiðiþjóðir standa að, og er tilgangur samningsins að tryggja verndun fiskstofna og hagnýtan rekstur fiskveiða á því hafsvæði, sem hér um ræðir, vegna sameiginlegra hagsmuna aðildarríkjanna.

Hér er um að ræða í aðalatriðum endurnýjun á samningi, sem gerður var 1946 milli sömu aðila um möskvastærð á botnvörpu og dragnót og lágmarksstærð á fiski, sem veiða má og bjóða til sölu. Þó er þessi nýi samningur á ýmsan hátt víðtækari. Sá samningur tók þó ekki gildi, fyrr en síðasta ríkið, Spánn, hafði fullgilt hann, en það var árið 1953. Ísland hafði fullgilt samninginn árið 1951, en þó með þeim fyrirvara, að samningurinn gæti ekki haft áhrif á ákvarðanir Íslands um víðáttu fiskveiðilandhelginnar.

Fulltrúar Íslands, er sátu fundinn, sem haldinn var í London 20.—24. jan. 1959, þar sem samningur þessi var gerður og undirritaður, hafa gert skýrslu um fundinn. Þar segir, að 2. gr. samningsins hafi verið aðalágreiningsefnið. Af Íslands hálfu hafi það frá upphafi verið skýrt og ótvírætt, að samningurinn gæti engin áhrif haft á skoðanir þátttökuríkjanna að því er varðaði víðáttu landhelginnar. Um þetta atriði eru skýr ákvæði í 2. gr. samningsins, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa nokkur áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir samningsríkja að því er snertir víðáttu fiskveiðilögsögu."

Hlutverk þeirrar n., sem ráðgert er að stofna samkv. samningi þessum, er að fylgjast með fiskveiðum á samningssvæðinu og athuga með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja hverju sinni, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til verndar fiskstofnunum og til sem hagkvæmastrar nýtingar þeirra. Þá ber n. að gera till. til meðlimaríkjanna um nauðsynlegar ráðstafanir, og þær ráðstafanir, sem til greina koma í þessu skyni, eru aðallega í sex liðum og eru nánar taldar upp. Þó geta fleiri ráðstafanir komið til greina, svo sem um takmörkun á heildarafla eða sókn á tilteknu tímabili á vissum veiðisvæðum.

Vitanlega vilja Íslendingar taka þátt í og styðja að hvers konar skynsamlegum ráðstöfunum, sem miða í þá átt að koma í veg fyrir rányrkju á fiskimiðunum og koma á annan hátt í veg fyrir, að ofveiði eigi sér stað. Sennilegt er, að engin ein þjóð eigi meiri hagsmuna að gæta en Íslendingar í þessum efnum. Og þar sem það fer saman, að ákvæði þau, sem hér um ræðir, tryggja annars vegar þá athugun, sem nauðsynlegt er talið að gerð sé í þessu sambandi, og svo hins vegar, að samningur þessi kveður skýrt á um það, að Íslendingar hafa eftir sem áður óskoraðan rétt hvað snertir kröfur og skoðanir þeirra um fiskveiðilandhelgina, þá hljóta Íslendingar að styðja þennan samning. Ég get með þessum orðum lokið máli sínu. — Sjútvn. lýsir því einróma yfir, að hún mælir með samþykkt þessa frv. og að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 267).

13. Almannatryggingar (aukning bótagreiðslna).

Á 35. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [65. mál] (stjfrv., A. 127).

Á 36. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hafa orðið margar og merkilegar breyt. á þjóðlífi Íslendinga og þjóðarhögum síðustu áratugina, en fáar, ef nokkrar hafa verið merkilegri né ánægjulegri en þær, sem orðið hafa á aðbúnaði þjóðfélagsins að þeim, sem veikir eru og smáir og eiga erfitt uppdráttar. Ég man t. d. enn tímabil sveitarflutninganna og eftir því, þegar menn sultu heilu hungri frekar en að leita á náðir sveitarinnar, eins og það var kallað. Það er ekki lengra síðan þetta gerðist en svo, að það er mér enn í fersku minni.

Með tryggingalöggjöfinni hefur orðið á þessu gerbreyting, þó að enn skorti nokkuð á, að fullkomlega vel sé. Alþýðutryggingalögin 1936 og almannatryggingalögin frá 1946 marka tímamót á þessu sviði, þar sem hinn tryggði öðlast rétt til fjárframlaga undir vissum kringumstæðum í stað ölmusu áður. Byrjunin var ófullkomin, en stöðugt hefur þó þokazt í áttina að viðunandi lausn málsins. Þessi löggjöf hefur oft verið endurskoðuð, bætur hækkaðar, réttindi gerð fyllri, og síðast voru almannatryggingalögin endurskoðuð í heild 1956, og við þau lög búum við nú í aðalatriðum, þó að í nokkrum atriðum hafi þeim verið breytt síðan. En verðbólguþróunin í landinu hefur einnig komið hér við, eins og víða annars staðar. Bótagreiðslur trygginganna voru gerðar minna og minna virði með vaxandi dýrtíð, þrátt fyrir það, þó að vísitölugreiðslur kæmu á bæturnar. En síðustu lagfæringarnar, sem gerðar hafa verið til leiðréttingar á síðasta og næstsíðasta ári, árunum 1958 og 1959, eru þó nokkrar, sem ég skal nefna, þ. e. eftir að lögin 1956 komu til framkvæmda.

Árið 1958 voru ýmsar bótagreiðslur almannatryggingalaganna, svo sem elli-, örorku- og barnalífeyrir o. fl., hækkaðar tvisvar. Í fyrsta lagi voru bæturnar hækkaðar um 5% með útflutningssjóðslögunum frá 29. maí 1958, og í öðru lagi voru bæturnar hækkaðar frá 1. sept. 1958 um 9½% til samræmis við hækkanir, sem urðu á kaupgjaldi um svipað leyti. Árið 1959 var lögunum um niðurfærslu verðlags og launa frá 30. jan. 1959 hagað þannig, að ákveðið var, að vísitala á lífeyrisgreiðslur skyldi vera 185% í stað 175%, sem greitt var á laun. Þó að hér væri ekki um hækkun að ræða, var þó komizt hjá því að láta lækkunina taka til lífeyris og bótagreiðslna.

Þessar aðgerðir á tveimur undanförnum árum, eða árunum 1958 og 1959, voru að vísu í áttina, en nægðu þó engan veginn til þess að jafna metin fyrir bótaþegana. 1958 hafði af þessum sökum Guðmundur Í. Guðmundsson, þáverandi ráðh. tryggingamála, skipað nefnd samkvæmt þál., samþ. 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaganna um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþega. Nefndin skyldi sérstaklega athuga, hvort unnt væri: í fyrsta lagi að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris, í öðru lagi að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna, í þriðja lagi að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður og í fjórða lagi að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum. Í þessa nefnd voru skipaðir þau Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Gunnar Möller hrl., sem var ritari n., Helgi Jónasson formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Jóhanna Egilsdóttir formaður verkakvennafélagsins Framsóknar, Ragnhildur Helgadóttir alþm. og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Þessi nefnd samdi síðan frv. á þeim grundvelli, sem fyrir hana var lagt, og var þetta frv. borið fram á Alþingi sem stjórnarfrv. á vetrarþinginu 1959, en hlaut þó ekki afgreiðslu í það skipti.

Þetta frv. er prentað sem sérstakt fskj. með því frv., sem nú hefur verið lagt fram. Í þessu frv. var lagt til, að lífeyrisgreiðslur yrðu yfirleitt hækkaðar um sem næst 20%, sem er mjög veruleg hækkun frá því, sem var, og ýmsar aðrar greiðslur nokkuð rýmkaðar. Ég skal ekki rekja frv. að öðru leyti, það er, eins og ég sagði, prentað sem fskj. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og að verulegu leyti lagt til grundvallar því frv., sem nú er borið fram.

Í framhaldi af þessu frv. nefndarinnar frá 1958 skipaði svo félmrh., Friðjón Skaphéðinsson, á s. l. ári 5 manna nefnd til þess að endurskoða þau ákvæði 3. kafla almannatryggingalaganna, sem fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur verði hækkaðar. Í nefndina voru skipaðir þessir aðilar: Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, Eðvarð Sigurðsson ritari Dagsbrúnar, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, sem verið hefur ritari nefndarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem skipaður var form. n., og Sverrir Þorbjarnarson forstjóri.

Aðalbreytingin frá núgildandi lögum, sem í till. þessarar n. felst, er sú, að dagpeningar slysatrygginganna eru hækkaðir mjög verulega og dánarbæturnar í flestum tilfellum sömuleiðis. Það er lagt til í þessu frv., sem einnig er prentað sem fskj. með frv., sem nú er borið fram, að dagpeningar hækki um ca. 45%, þegar miðað er við einstakling, en 42% fyrir hjón og 24% fyrir hvert barn á framfæri allt að þremur.

Frá því í janúar 1947 og þar til nú hefur dagvinnukaup verkamanna hækkað um ca. 155%, en dagpeningar einstaklinga samkvæmt bótunum um 80% aðeins, hjóna um 108% og vegna barna um 93%. Af þessu sést, að hækk-

un dagpeninga hefur verið töluvert á eftir og lægri en hækkun kaupgjaldsins. Virðist þó eðlilegt, að kaupgjald og dagpeningar slysabótanna fylgist nokkurn veginn að. En verði sá hluti þessa frv., sem nú er borið fram, sem felur þessar breyt. í sér, gerður að lögum, þá hækka dagpeningar einstaklinga nú upp í 161% hjá einstaklingi og hjóna upp í 196% og vegna barna um 169%.

Í einni samþykkt Alþjóðavinnumálasambandsins, sem Ísland er aðili að og fjallar um lágmark félagslegs öryggis, er áskilið, að lágmark dagpeninga vegna slysa sé 50% af launum, og er þá miðað við hjón með tvö börn. Dagkaup verkamanna er nú um kr. 165.36, og lágmarksbætur skulu því samkvæmt þessari alþjóðasamþykkt vera um kr. 82.68, og ef frvgr. verður lögtekin, næst þetta mark. Dánarbæturnar nema nú 87130 kr. rúmum fyrir lögskráðan sjómann, en 19143 aðeins hjá öðrum. Munurinn á dánarbótum hjá þeim, sem vinna í landi, og þeim, sem vinna á sjó, er þess vegna um 68 þús. kr. og ekkja landvinnumannsins fær því ekki nema lítið brot af því, sem ekkja sjómannsins fær við missi maka síns.

Þeir, sem þetta frv. undirbjuggu, töldu, að það yrði tæpast komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins 19 þús. kr. rúmar, á sama tíma sem kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái 87 þús. kr. Nefndin hefur því lagt til, að þessar dánarbætur vegna slysa verði hafðar jafnar í báðum tilfellum og hækkaðar upp í 90 þús. kr., og er það aðalbreytingin, sem í frv. felst, fyrir utan þessar hækkanir á dagpeningunum, sem ég gat um áðan.

Ýmsar smærri breytingar eru í frv., svo sem heimild til að láta slysabætur fylgja almennu kaupgjaldi, og þó nokkuð fleira, sem ég skal ekki rekja.

Þriðji þátturinn í sambandi við undirbúning þessa máls gerist svo í sambandi við þá lausn efnahagsvandamálanna, sem ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir og nú hefur verið lögfest. Var í því sambandi ákveðið, að fjölskyldubætur yrðu stórhækkaðar eða yrðu látnar vera 2600 kr. með hverju barni, í stað þess að nú eru ekki greiddar neinar fjölskyldubætur með tveim fyrstu börnunum og aðeins um það bil hálfar með þriðja barni, og bæturnar á þau börn, sem þar fram yfir eru, nema á fyrsta verðlagssvæði 2331 kr., en 1748 kr. á öðru verðlagssvæði.

Þar sem þessar fjölskyldubætur eru að fullu greiddar úr ríkissjóði, var talið sjálfsagt, að bæturnar yrðu hafðar jafnar á báðum verðlagssvæðunum.

Þessar fjölskyldubætur ásamt fyrirhuguðum niðurgreiðslum eru taldar munu nægja til að bæta vísitölufjölskyldunni upp þær verðhækkanir, sem óumflýjanlegar hljóta að verða vegna gengisbreytingarinnar, að undanskildum 3 vísitölustigum, og að fjölskylda með þrjú börn og sömu tekjur muni sleppa skaðlaus. Taldi ríkisstj. rétt að taka fyrst og fremst tillit til barnafjölskyldna, sem verðhækkanirnar bitna meira á en hinum barnlausu og eiga verra með að standa undir hækkuninni, og svo til þeirra annarra, sem tekjurýrir eða tekjulausir eru, eins og ellilífeyrisþegar, öryrkjar, einstæðar mæður o. s. frv. Árlegur ellilífeyrir var því, enda þótt hann komi hvergi fram í neinum vísitöluútreikningi, hækkaður samtímis mjög verulega, eða um 20%, rúm þó, umfram þau 20%, sem gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, eða í allt, ef báðar hækkanirnar eru teknar saman, um 44% frá því, sem gildir um núverandi bætur. Í tölum verður þetta þannig, að ellilífeyririnn verður samkvæmt frv. fyrir hjón á fyrsta verðlagssvæði 25920 kr. í stað 15927 kr. nú og 19440 kr. á öðru verðlagssvæði í stað 11945 kr. nú. Þetta eru geysimiklar hækkanir, eða um 44% frá því, sem áður var, og rúmlega þó, eins og ég sagði. Fyrir einstaklinga eru tilsvarandi tölur með sömu hækkunum 14400 kr. í stað 9954 á fyrsta og 10800 kr. í stað 7465 kr. á öðru. Í þessu sambandi er vert að benda á það, sem líka hefur þýðingu og kemur fram í bótahæðinni umfram þessar hlutfallstölur, sem ég nefndi, að í frv. er gert ráð fyrir, að mismunurinn á milli einstaklingsbótanna og bóta til hjóna verði minnkaður frá því, sem nú er, þ. e. a. s. nú eru bótagreiðslurnar til hjóna ákveðnar þannig, að hjónum eru reiknaðar tvöfaldar einstaklingsbætur, að frádregnum 20%, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hjónabæturnar verði tvöfaldar einstaklingsbætur, að frádregnum aðeins 10%. Og þetta verður líka nokkuð til hækkunar á bótunum fyrir hjónin umfram þessar prósentutölur, sem ég nefndi áðan, enda er, eins og menn sjá, hjónahækkunin hærri en þau 44%, sem lögð voru til grundvallar.

Eins og fram kemur í þessum tölum, er hækkun bótanna á öðru verðlagssvæði ekki eins mikil og á fyrsta verðlagssvæði, en á móti því kemur, að hækkun fjölskyldubótanna á öðru verðlagssvæði er talsvert hærri en hækkun þeirra á fyrsta verðlagssvæði.

Annars vil ég segja um skiptingu landsins í verðlagssvæði það, að ég tel vafasamt, að hún eigi rétt á sér öllu lengur og hvort ekki séu eiginlega horfnar þær meginorsakir, sem lágu til grundvallar því, að landinu var þannig skipt. Verðlagssvæðin eru, eins og kunnugt er, annars vegar kaupstaðirnir og þau kauptún, ef einhver eru, þar sem íbúatalan er 2000 eða þar yfir, og hins vegar öll önnur sveitarfélög á landinu. Iðgjaldagreiðslurnar á þessum svæðum eru mismunandi og bæturnar einnig mismunandi, en þetta getur komið dálítið óeðlilega út fyrir bótaþegann og jafnvel fyrir iðgjaldsgreiðandann líka, að landinu sé skipt á þennan hátt, — en það er mál fyrir sig og ekki rétt að blanda því inn í þetta. En því hreyfi ég þessu, að nokkurt álitamál var, þegar þessar hækkanir á lífeyrisbótunum voru ákveðnar, hvort skipta skyldi þeirri upphæð, sem ríkissjóður leggur til í þessu skyni, jafnt á milli eða hvort haga skyldi greiðslunum í svipuðum hlutföllum og áður var gert, þar sem framlag ríkissjóðs í þessu skyni er ekki

nema tiltölulega lítill hluti af sjálfum kostnaðinum við lífeyrissjóðsgreiðslurnar. En niðurstaðan varð sem sagt þessi, og hún var helguð af því m. a. líka, að fjölskyldubæturnar á öðru verðlagssvæði hækka meira en á fyrsta verðlagssvæði, vegna þess að þær bætur voru áður nokkru hærri á því fyrsta, en báðir fá nú jafnt, og er talið, að þetta muni meira en mæta þeim litla mismun, sem þarna verður á hækkuninni til ellilífeyrisbótaþeganna á fyrsta og öðru verðlagssvæði.

Tryggingastofnun ríkisins var beðin um umsögn um þetta atriði, og ég held ég geri rétt í því að lesa hana upp, því að hún skýrir málið nokkuð, enda geri ég ráð fyrir, að hv. nefnd, sem þetta mál fær til athugunar, taki þetta atriði til athugunar sérstaklega. Tryggingastofnun ríkisins segir svo um þetta:

„Gert hefur verið ráð fyrir, að ríkissjóður taki á sig þá útgjaldaaukningu, sem hækkun bóta lífeyristrygginganna frá því, sem í frv. frá 1959 segir, hefur í för með sér. Ef ætlunin hefði verið að skipta þessari fjárhæð milli bótaþega án tillits til, á hvoru verðlagssvæði þeir voru, hefði mátt hugsa sér eftirfarandi reglu:

1. að bætur, sem nú eru greiddar, hækki um sömu krónutölu á báðum verðlagssvæðunum, t. d. ellilífeyrir einstaklinga úr 12000 kr. í 14400 kr. á fyrsta og úr 9000 kr. í 11400 kr. á öðru verðlagssvæði, og

2. að nýjar bætur, fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni, verði jafnháar á báðum verðlagssvæðum.

Þessa reglu telur stofnunin ruglingslega í framkvæmd. Í staðinn er nú gert ráð fyrir, að allar fjölskyldubæturnar verði jafnháar á báðum verðlagssvæðunum, en fyrir margar fjölskyldur þýðir það meiri hækkun á öðru en fyrsta verðlagssvæði. Sem dæmi má nefna t. d. fjögurra barna fjölskyldu. Fjölskyldubætur hennar eru sem hér segir: Á fyrsta verðlagssvæði skv. nýju lögunum 10400 kr., skv. eldri ákvæðum 3600, mismunur 6800 kr. til hækkunar. En á öðru verðlagssvæði verða nú greiddar 10400 kr., var áður greitt 2700 kr., mismunurinn 7700 kr., eða 900 kr. meiri hækkun í fjölskyldubótum til þessarar fjölskyldu á öðru verðlagssvæði heldur en á því fyrsta.

Í áætlun, sem Tryggingastofnunin hefur gert um ársútgjöld lífeyristrygginga, er talið, að auk þess að taka á sig greiðslu fjölskyldubóta þurfi ríkisjóður að hækka framlag sitt til lífeyristrygginganna úr 71.1 millj. í 80.9 millj. eða um 9.8 millj. Lausleg áætlun sýnir, að af þessari upphæð mundu fara 6.2 millj. til bóta á fyrsta verðlagssvæði, en 3.6 millj. til bóta á öðru verðlagssvæði. Síðastnefnda upphæðin þyrfti hins vegar að hækka í 4.9 millj. kr. til þess að samsvara að krónutölu á hvern bótaþega 6.2 millj. á fyrsta verðlagssvæði. Hækkunin úr 3.6 millj. kr. í 4.9 millj. þýddi, að bætur á öðru verðlagssvæði gætu orðið 23.6% lægri en bætur á fyrsta verðlagssvæði í stað 25%, eins og nú er. Ellilífeyrir einstaklings yrði þá t. d. 11000 kr. í stað 10800, og munar þarna 200 kr. á bótaþega."

Þetta var skýrsla Tryggingastofnunarinnar um þetta mál, en ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessu eða biðja þá n., sem þetta fær til athugunar, að líta sérstaklega á þetta atriði, sem er vandmeðfarið.

Ástæðan fyrir því, að ekki var lagt í að kanna þetta betur af ráðuneytinu, var sú, að það var talið sjálfsagt og eðlilegt, að þessi l. yrðu öll tekin til athugunar á ný mjög bráðlega, þar sem t. d. skerðingarákvæði almannatryggingalaganna eða lífeyrisgreiðslnanna fellur úr gildi um næstu áramót, og verður sjálfsagt að gera ýmsar athuganir á l. í því sambandi, og þá var ákveðið að flytja a. m. k. frv. með þessu ákvæði um bótagreiðslurnar á báðum verðlagssvæðunum, eins og fram kemur í frv.

Hækkun fjölskyldubótanna og ellilífeyrisins eru þær breytingar frá núgildandi lögum, sem mestu varða. Aðrar bætur eru þó að vísu margar færðar til hækkunar í frv., og ég tel rétt að minnast á nokkrar þegar við þessa umr., án þess að fara að ræða frv. grein fyrir grein.

Árlegur barnalífeyrir á að hækka skv. frv. á fyrsta verðlagssvæði úr 5104 kr. í 7200 kr. og á öðru verðlagssvæði úr 3828 kr. í 5400 kr. En nú eins og áður eru ekki greiddar fjölskyldubætur með þeim börnum, sem barnalífeyrir er greiddur með.

Ekkjubætur, sem greiddar eru konum, sem verða ekkjur, í 3 mánuði, eftir að þær hafa misst mann sinn, hækka verulega, og sömuleiðis hækka mæðralaun, sem greidd eru ógiftum mæðrum, ekkjum og fráskildum konum, sem hafa börn á framfæri sínu. Og enn fremur er gert ráð fyrir, að fæðingarstyrkir hækki.

Kaflinn um slysatryggingarnar í þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, er tekinn upp lítið breyttur úr frv. því, sem ég sagði frá áðan, að samið var í fyrra af n. þeirri, sem þáverandi félmrh. skipaði til endurskoðunar á því atriði, svo að ég þarf ekki mikið að fara út í það, en ég skal aðeins lesa þó helztu breytingarnar í tölum frá gildandi l., bæði um hækkun dagpeninga og dánarbóta.

Áður en ég kem að því, tel ég rétt að gera grein fyrir, hver mæðralaun og ekkjubætur verða í tölum, en það er þannig, að mæðralaun eru nú ekki greidd til konu, sem á ekki nema eitt barn. Nú er gert ráð fyrir, að á fyrsta verðlagssvæði fái hún 1400 kr. Með 2 börnum hækka mæðralaunin úr 3300 kr. í 7200 kr. á fyrsta verðlagssvæði og með 3 börnum úr 6636 kr. í 14400 kr. Fæðingarstyrkur hækkar úr 1700 kr. í 2160 kr., allt miðað við fyrsta verðlagssvæði. Ekkjubætur við dauðsfall maka, sem greiðist í 3 mánuði, ef ekkja hefur ekki barn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu, hækka úr 1165 kr. í 1440 kr., og ef ekkja hefur barn á framfæri sínu, þá greiðast henni jafnháar bætur í 3 mánuði og að auki pr. mánuð í 9 mánuði skv. núgildandi lögum 874 kr., en það hækkar í 1080 kr.

Slysadagpeningarnir hækka fyrir kvænta karla og giftar konur úr kr. 47.80 á dag í 68 kr. Hjá einstaklingum hækkar þessi upphæð úr kr. 41.35 upp í 60 kr., og fyrir börn hækka

greiðslurnar úr kr. 6.45 fyrir hvert barn á dag upp í 8 kr.

Greiðslurnar vegna dauðaslysa hækka, eins og ég var búinn að minnast á áður, upp í 90 þús. kr. og verða jafnar til allra.

Í þessu sambandi eða í framhaldi af þessu vildi ég minnast lítils háttar á svokallaðar iðgjaldagreiðslur skattleysingja. Skv. núgildandi l. á hver maður, sem engan tekjuskatt greiðir, kröfu til þess, að viðkomandi sveitarfélag greiði hans iðgjald. Það eiga allir rétt til þess að sækja um það, að sveitarfélagið greiði iðgjaldið, samkv. núgildandi lögum, en sveitarfélögin eru ekki skyld til þess að borga nema fyrir þá, sem engan skatt greiða. Nú kemur það til, sem lýst hefur verið af hálfu ríkisstj., að skattleysingjarnir verða æði margir, eftir að þær breyt. hafa verið gerðar á tekjuskattslögunum, sem boðaðar hafa verið, svo að það kemur náttúrlega ekki til mála að miða skylduna til iðgjaldagreiðslu hjá sveitarfélagi við skattleysi. Þess vegna hefur sú leið verið farin í frv. að miða skylduna til iðgjaldagreiðslu hjá sveitarfélagi við það, að viðkomandi hafi jafnmiklar tekjur og áður hefðu gert hann skattlausan, samkv. gömlu l., þannig að raunverulega verður engin breyt. á hjá manni með sömu tekjur og áður hvað þetta snertir. Sá, sem var skattlaus áður og átti þess vegna kröfu á sveitarfélagið, hann á með sömu tekjum eftir þessu frv. rétt til þess, að sveitarfélagið haldi áfram að greiða fyrir hann.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess, að ég fari öllu lengra út í það að gera grein fyrir þessu frv. Bæði hefur nokkuð verið rætt um það áður og svo eru ýtarlegar og skýrar greinargerðir, sem fylgja því. Ég vil aðeins geta þess, að gildistökutíminn er nokkuð misjafn eftir því, hvaða hlutar frv. eru. Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkv. þessum l. frá 1. febr. nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkv. lögunum frá 1. apríl. Þó skulu ákvæðin um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. jan. og ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tímann eftir 31. des. 1959, þannig að gildistökutíminn bæði fyrir nokkrar bótagreiðslurnar og fyrir iðgjaldagreiðslurnar er ekki alveg sá sami, en þótti ekki rétt að binda það öðruvísi en hér er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá spyrja menn að vonum: Hvað kostar allt þetta? Og því er ekki að leyna, að hér er um að ræða þá stórkostlegustu breytingu á almannatryggingalögunum, sem gerð hefur verið, síðan þau tóku gildi. Og til þess að sjá, hversu geysilega stór þessi breyt. er, þarf ekki annað en að líta á fskj. 3, sem fylgir frv. Þar er sýnt fram á, að heildargreiðslurnar fyrir 1960, sem upphaflega voru taldar að mundu koma til framkvæmda af Tryggingastofnun ríkisins, eru 183 millj. kr., en gjöldin samkv. þessu frv., ef að lögum verður, eru áætluð 384.6 millj. kr., þ. e. a. s. hækkunin er um 200 millj., rétt rúmar, á 183 millj., þ. e. a. s. hún er yfir 100%. Hún skiptist þannig á bótagreiðslur, að ellilífeyrir hækkar úr 80 millj. upp í 125 millj. eða um rúmlega 50%, örorkulífeyrir hækkar úr 25 millj. kr. upp í 37.6 millj. eða líka um ca. 50%, örorkustyrkur hækkar úr 2 millj. og upp í 3 millj., sömuleiðis um 50%, barnalífeyrir óendurkræfur hækkar úr 10.3 í 14.5 millj. eða nálægt 40% og fjölskyldubæturnar hækka úr 27 millj. kr. upp í 153 millj. eða um 560%, mæðralaunin hækka úr 4.2 millj. upp í 11.7 millj. eða nálgast að þrefaldast. Þetta er sú stórkostlegasta breyting, eins og ég sagði, sem nokkurn tíma hefur verið gerð á þessum lögum, og á að geta komið mjög til bóta þeim, sem mest þurfa á bótum að halda í lífsbaráttunni, þ. e. a. s. barnmörgum fjölskyldum og ellihrumum gamalmennum, einhleypum mæðrum og ýmsum slíkum, sem erfiðast eiga uppdráttar.

Ég held, að það megi segja, að þegar þessar bætur eða bótafyrirkomulag er komið til framkvæmda, þá sé Ísland komið allnærri því að hafa sínar tryggingabætur jafnar því, sem bezt gerist erlendis. Í grg., sem fylgdi frv., sem lagt var hér fram í fyrra, er gerð tilraun til þess að gera samanburð á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð, að því er varðar ellilífeyri einstaklinga. Þar er komizt að þeirri niðurstöðu, að á Íslandi séu ellilaunin 17% af launum verkamanna, í Danmörku 30.2% og í Svíþjóð 35%. Þetta er um lífeyri einstaklinga. Það er auðvitað rétt, eins og gert er í grg., að taka fram, að í núgildandi löggjöf er heimild til þess að tvöfalda þennan lífeyri í alveg sérstökum tilfellum, en sú takmörkun eða sá hemill getur maður sagt á þessari greiðslu er þó sá, að þær upphæðir, sem í þetta fara, mega ekki fara fram úr 7% af heildarlífeyri fyrra árs. Þetta 7% takmark er nú hækkað upp í 10% og getur náttúrlega hækkað þessa tölu nokkuð, ef hún er tekin með, en ef hún er ekki tekin með, þá er þarna um 17% hjá okkur að ræða á móti 30% í Danmörku og 35% í Svíþjóð. En verði þetta frv., segir n. í sinni grg., samþ., þá er prósentan komin upp í 23.8 á Íslandi, og með þeirri aukningu, sem nú er gerð, nálgast prósentan að verða 30 eða mjög svipað hlutfall á milli ellilífeyris og launa eins og í Danmörku er, en þó heldur minna, og talsvert minna en er í Svíþjóð. Hjá hjónum verður samanburðurinn Íslandi nokkru hagstæðari, því að það var þó þannig, að hjón höfðu hér 27.3%, í Danmörk 45.4%, í Svíþjóð 46.7%. Með ákvæðum frv. í fyrra hefði prósentan á Íslandi hækkað upp í 42.8%, og með þeirri breytingu, sem enn er bætt við með því frv., sem hér liggur fyrir, virðist, að hlutfallið sé komið rétt undir 50% og orðið sennilega lítið eitt hærra en í báðum löndunum, Danmörku og Svíþjóð. Þetta tekur til hjóna, hitt tilfellið tók til einstaklinga. En ég fullyrði það, að með þessari breyt., sem hér er lagt til að gera, komumst við á bekk með þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Ég viðurkenni, að nokkurn þátt í setningu þessara ákvæða eiga efnahagsráðstafanirnar,

sem nú hafa verið gerðar, vegna þess að ríkisstj. þótti hagkvæmt að deyfa að nokkru þann broddi, sem að þessu fólki snýr, einmitt með þessum breytingum á almannatryggingalögunum. En ég vil láta í ljós þá von, og ég veit, að ég mæli það fyrir munn allra hv. þingmanna, að þó að okkur takist innan einhverrar tíðar að koma þeim málum á þann grundvöll, að ekki þurfi lengur til skerðingar að taka hjá einstaklingum í landinu, þá megi þessi ákvæði tryggingalaganna halda áfram að vera í gildi, eins og þau eru hér borin fram, og kannske aukið við þau til jafns við aðrar þjóðir, sem enn eru betri, ef við eigum kost á því. Ég álít það aðalsmerki fyrir íslenzku þjóðina, að hún treysti sér til að gera vel við þetta fólk, bæði það, sem á í örðugleikum vegna fjölskyldustærðar, og eins hina, sem rýrar eða engar tekjur hafa.

Um frv. var fullkomið samkomulag alla tíð í ríkisstj. og enginn ágreiningur um einstök atriði. Það getur náttúrlega vel verið, að sum atriðin megi við nánari athugun endurbæta, og ég fyrir mitt leyti er opinn fyrir því að hlusta á öll skynsamleg rök á þá átt.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri hv. n., sem hæstv. ráðh. óskar að mál þetta fari í, og er þar formaður. En með því að ég er á förum um nokkurt skeið til útlanda, þá fæ ég ekki tækifæri til þess að ræða það mál í þeirri n. eða hér á þinginu og vildi því við þessa umr. segja hér nokkur orð um málið í heild.

Ég sé, að frv. er borið fram, eins og hæstv. ráðh. tók fram, eftir að það hefur verið athugað og undirbúið eða samið í n., sem skipuð var á sínum tíma, þ. e. 16. apríl 1958, til þess að endurskoða sérstaklega, eins og tekið er fram í aths. við frv., að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris, að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna, að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður og að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu einstaklinga gagnvart tryggingalögunum. Hér er því um að ræða raunverulega heildarendurskoðun á löggjöfinni. En eins og kunnugt er, hefur þessi löggjöf verið endurskoðuð svo að segja árlega síðan 1946, er hún var fyrst löggilt, upp tekin, og þegar maður lítur á það út af fyrir sig, að hér er um heildarendurskoðun að ræða, þá finnst mér, að það séu ýmis atriði, sem þurfi að taka til athugunar og hafa samráð við hæstv. ríkisstj. um, hvort ekki sé hægt að fá breytingar á. En einmitt með því að sett eru hér inn síðar ákvæði í sambandi við ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá hefði ég haldið og vildi beina því til hæstv. ráðh., að það væri eðlilegra og réttara að gera sérstakar breyt. á lögunum í tilefni af þeim breytingum, því að það verða áreiðanlega ýmis ákvæði í heildarendurskoðun l. eða í heild á frv., sem koma til með að valda mjög miklum ágreiningi í framkvæmd og samþykki á Alþ., og skal ég benda hér á nokkur atriði, sem eru alveg óháð því, sem verið er að gera í sambandi við efnahagsmálin.

Ég vil benda á, að frá því fyrsta hafa verið sífelldar umr. og áskoranir um það að gera landið að einu verðlagssvæði, og eins og hæstv. ráðh. talaði um, þá er orðin sú gerbreyting á þessu frá því 1946, að það er raunverulega ekki stætt á því lengur að hafa tvö verðlagssvæði í landinu. Það er ekki orðið neitt ódýrara nú, eins og var þá, að búa á þeim svæðum, sem sett voru þá undir annað verðlagssvæði. Þar m. a. skal ég benda á, að allir flutningar frá innflutningshöfnunum til þessara svæða gera allar vörur miklu dýrari en þær geta verið á innflutningshöfnunum, svo að ég aðeins taki eitt dæmi. Ég skal einnig benda á, að svo að segja allir bændur landsins verða að lúta því að neyta miklu dýrari mjólkurafurða en gert er í bæjunum á fyrsta verðlagssvæði, svo að aðeins séu tekin nokkur dæmi. Og svo má um fleira segja. Rafmagn úti í sveitunum og þorpunum kostar miklu meira nú en það kostar hér í Reykjavík, og svo má lengi halda áfram, svo að mér sýnist, að það sé burt fallinn alveg grundvöllurinn fyrir því að hafa tvö verðlagssvæði í landinu.

Þá vil ég einnig benda á annað atriði, sem hefur valdið mjög miklum ágreiningi, og það er skerðingarákvæðið í sambandi við örorku og ellilífeyri. Það var hugsað fyrst í upphafi, að skerðingarákvæðið ætti að falla niður 1950. Það var síðan framlengt og hefur verið framlengt síðan ár eftir ár, þar til nú á það að falla í burtu í lok ársins 1960, þ. e. a. s. fyrir 1. jan. næsta ár. Ég sé ekki, að það sé um það neitt hér í þessu frv., og vil biðja hæstv. ráðh. afsökunar, ef mér skyldi hafa yfirsézt um það, en ég vildi gjarnan heyra um það, hvort það sé hugsað að láta skerðingarákvæðið falla niður skilyrðislaust 1. jan. 1961. Mér er sagt, að eftir athugun, sem hafi verið gerð á þeim málum, muni það kosta um 25—30 millj. kr., og þá þarf sannarlega að gera ráðstafanir til þess að taka upp einhverjar tekjur í staðinn.

Þá er eitt enn, sem hefur valdið mjög miklum deilum, og það er það, hvort atvinnurekendur eigi ekki að vera skyldutryggðir. Eins og nú er, eru atvinnurekendur ekki skyldutryggðir, nema aðeins þeir atvinnurekendur, sem stunda sjó og eru lögskráðir á skip. Hinir eru ekki skyldutryggðir, og það eru mjög háar raddir um það að krefjast þess, að allir þegnar í þjóðfélaginu séu skyldutryggðir og hafi þar af leiðandi sömu bætur.

Þá er enn eitt mjög mikið ágreiningsatriði, og það er, hvers vegna ekki séu greiddar sömu bætur til hjóna, sem búa saman, eins og til hjóna, sem búa sitt í hvoru lagi. Þetta er eitt af ágreiningsatriðum í tryggingalöggjöfinni, og ég hygg, að það verði ekki staðið til lengdar á móti því að leiðrétta það ákvæði í löggjöfinni.

Þetta vildi ég hafa látið koma fram í sambandi við þær breyt., sem ég tel, að þurfi að ræða nánar, áður en frv. kemur aftur úr nefnd.

Ég skal svo ekki ræða mikið frv. í heild að öðru leyti, en ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, taki þessar mínar ábendingar til athugunar, ræði þær við hæstv. ráðh. og sjái, hvort hægt sé að fá um það samkomulag, því að ég hygg, að það verði allmikill hluti hér af hv. þm., sem verði mér sammála í því, að það beri að gera þær breytingar á þessum atriðum, sem ég hef minnzt á. Ég skal svo ekki tefja hv. d. frekar, en vildi láta þetta hafa komið fram við 1. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við höfum oft fengið að heyra það í sambandi við meðferð frv. um efnahagsmál, að miklar sárabætur ættu að koma til þess að draga úr þeim þungu búsifjum, sem sjálf efnahagslöggjöfin bakaði mönnum, og hefur þá sérstaklega verið vitnað til, að ellistyrkur ætti að hækka um 44% og örorkulífeyrir þar með og að miklar bætur ættu að koma til barnmargra fjölskyldna í formi fjölskyldubóta.

Nú höfum við fengið að sjá þetta í þessu frv., og það er vissulega rétt, að ellilífeyririnn hækkar, eins og frá hefur verið skýrt, um 44%, og örorkulífeyririnn einnig og breytingarnar á fjölskyldubótunum eru einn stærsti útgjaldaliðurinn við þetta frv.

Hins vegar er það nú svo, eins og hæstv. félmrh. tók hér fram áðan, að breytingarnar á lífeyristryggingunum samkvæmt þessu frv. eru að mestu leyti undirbyggðar af milliþn., sem fjallaði um þá þætti tryggingamálanna, og breyt. á slysatryggingunum að mestu leyti í samræmi við niðurstöður milliþn. einnig, sem starfaði að endurskoðun þess þáttar af almannatryggingunum.

Hvorar tveggja breytingarnar eru til stórbóta, og það má því segja, eins og hv. 1. þm. Vestf. nefndi það hér áðan, að hér sé um heildarendurskoðun að ræða á tryggingalöggjöfinni.

Ég verð að segja það, að þótt ég fagni þeim hækkunum, sem hér verða, þá óttast ég það, að þær afleiðingar efnahagsmálalöggjafarinnar, sem koma til með að skella á hverjum þjóðareinstaklingi nú eftir nokkrar vikur, muni að miklu leyti éta upp þær kjarabætur, sem í þessu frv. felast, og er það mjög miður. Þarna hefðu þurft að verða á verulegar og varanlegar kjarabætur til handa gamalmennum, öryrkjum og hinum barnmörgu fjölskyldum í landinu og þeim, sem verða fyrir slysum og á annan hátt eru hjálparþurfi í þjóðfélaginu. En ég er sem sagt því miður hræddur um, að þessi aðstoð verði skammvinn, þ. e. a. s. að hún étist fljótt upp að mestu leyti af hinum þungu búsifjum gengislækkunarinnar og efnahagsmálalöggjafarinnar nýju yfirleitt.

Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Vestf., að ég hefði vænzt þess, að með þessari heildarendurskoðun tryggingalöggjafarinnar yrði landið gert að einu verðlagssvæði. Ég hef margsinnis flutt tillögur um það, að hætt væri við að skipta landinu í tvö verðlagssvæði, og hef talið, að það séu mjög mörg ár síðan þær breytingar hefðu gerzt í okkar þjóðfélagi, að gild rök væru fallin burt fyrir því að skipta landinu í tvö verðlagssvæði með 20—25% mismun á bótum og iðgjöldum. Ég veit að vísu, að það var leitað til sveitarstjórnanna í landinu, þegar seinasta endurskoðun fór fram, og meiri hluti sveitarstjórnanna mun hafa mælt með því, að haldið væri áfram að skipta landinu í tvö verðlagssvæði. En það var líka mikill hluti af sveitarstjórnunum, sem engu svaraði, og svörin voru þess vegna ekki mjög sannfærandi, þó að naumur meiri hl. þeirra sveitarstjórna, sem svöruðu, væri með því að skipta landinu í tvö svæði. Rökin fyrir því að skipta landinu í tvö verðlagssvæði hljóta að hafa verið tvenns konar:

Í fyrsta lagi, að það væri dýrara að lifa í hinum stærri kaupstöðum, og þess vegna ættu þeir að fá hærri bætur, þeir sem þar byggju. Rök þau, sem hv. 1. þm. Vestf. færði hér fram áðan um það, að það væri eins dýrt að lifa úti á landsbyggðinni og hér, eru fullgild. Það veit hver maður, að vara, sem flutt er inn til Reykjavíkur og síðan á að flytjast þaðan út um landið, hleður á sig auknum kostnaði og verður dýrari. Það er t. d. vitað, að kolatonnið, þegar það er komið hér austur á Suðurlandsundirlendið frá Reykjavík, það er orðið nokkrum hundruðum króna dýrara en það er hér, og eldsneytið er nokkuð stór liður í framfærslukostnaðinum. Allar matvörur bæta á sig auknum kostnaði við það að vera fluttar yfirleitt hér til Reykjavíkur fyrst og síðan fluttar út um landið. Það, að húsnæðið sé ódýrara úti á landi, þau rök standast ekki, nema því aðeins að miðað sé við fullkomið húsnæði hér og lélegt húsnæði úti á landsbyggðinni. En það eru að öllu leyti fyllstu rök fyrir því, að það sé eins dýrt að byggja hús úti á landsbyggðinni og hér, og öll rök mæla raunar fyrir því, að það hljóti að vera dýrara, bæði verður öll þungavara til bygginga dýrari, þegar hún er komin út á landið, og svo mætti ætla, að tæknin væri fullkomnari hér í Reykjavík heldur en víða úti um landið og vinnubrögðin þannig, að þau gætu dregið úr kostnaði við byggingarnar í fjölmenninu.

En hin rökin eru þau, að þegar ákvæðin voru sett um tvö verðlagssvæði, þá var það algild regla, að kaupgjald var hæst í Reykjavík, nokkru lægra í kaupstöðunum úti um land og lægst í þorpunum úti um land. En nú eru nokkur ár liðin síðan kaupgjald er nákvæmlega það sama í hinum smæstu þorpum úti um landið og í kaupstöðunum úti um landið eins og í Reykjavík, og það ætti að sýna, að menn hafa yfirleitt sams konar tekjur. Ef atvinnulífið stendur ekki veikari fótum þar en hér, þá hafa menn alveg sams konar möguleika til þess að greiða jafnhá iðgjöld í þeim hluta landsins, sem nú er látinn heita annað verðlagssvæði og er með lægri iðgjöldum, en kemur líka fram í því, að allar bætur verða þar 20 eða 25% lægri en á hinu svokallaða fyrsta verðlagssvæði.

Þegar þess vegna litið er á hvor tveggja rökin, kaupgjaldið og þar með getu manna

til þess að greiða sömu iðgjöld og greiða skuli í þéttbýlinu og vöruverðið hins vegar, kostnaðinn við að lifa, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé sízt minni kostnaður úti um landið, þá er þetta orðin endileysa, og ég furða mig á því, að þetta skuli ekki lagað, þegar löggjöfin er nú endurskoðuð gagngert, rækilega.

Þá eru það, eins og hv. 1. þm. Vestf. minntist á áðan, skerðingarákvæðin. Þau eru orðin svo hvimleið og viðurkennd sem svo tilfinnanlegt ranglæti, að það er leitun á manni, sem vill mæla skerðingarákvæðunum bót. Svo kemur hér frv., þar sem er um gagngera endurskoðun á tryggingalöggjöfinni að ræða, og ekkert ákvæði um það að afnema skerðingarákvæðin. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi talað um, að það þyrfti að taka það atriði sérstaklega til athugunar síðar á þessu ári, rétt ofan í allsherjar endurskoðunina. Það er vissulega rétt, að það eru nú í gildi ákvæði um það, að í árslok 1960, held ég, skuli skerðingarákvæðin falla burt, ef ekki komi sérstök ákvæði til. Það er þannig að vísu rétt, að sá tími styttist, þangað til þau eiga að falla niður, skerðingarákvæðin. En það er búið að framlengja þessi skerðingarákvæði hvað eftir annað, eins og hér var minnt á áðan, og þetta sýnist vera hið lífseigasta kvikindi af öllum kvikindum í okkar landi. Mér finnst því bóla á því, og ég óttast það, að það sé ætlunin að framlengja skerðingarákvæðin með einhverjum sérstökum aðgerðum, eftir að allsherjar- og heildarendurskoðunin hefur farið fram. Ég mun því freista þess að fá skerðingarákvæðin afnumin nú við afgreiðslu málsins hér á þingi í sambandi við þessa heildarendurskoðun. Eg tel það sóma þingsins, en ekki vansæmd, að ganga nú endanlega af skerðingarákvæðunum dauðum og því ranglæti, sem í þeim felst, en eiga ekkert á hættu með það, að þau verði kannske framlengd undir árslokin.

Ég held, að um þau fjárhagsútgjöld, sem óneitanlega fylgja því að afnema skerðingarákvæðin, sé langbezt, að Alþ. það, sem nú situr og fjallar um tryggingalöggjöfina í heild, stórkostlegar breytingar á tekjum og gjöldum tryggginganna, horfist í augu við þann vanda nú líka og reyni að sjá fram úr því, hvernig það getur staðið af sér að taka á sig þau auknu útgjöld, sem fylgja afnámi skerðingarákvæðanna. Mér þætti líka heldur syrta í álinn með afnám skerðingarákvæðanna, ef tillögur, sem kæmu nú fram í sambandi við þessa heildarendurskoðun um afnám skerðingarákvæðanna, yrðu felldar, þá mætti þegar sjá, að það væri ráðið að afnema þau ekki síðar á árinu.

Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. sagði hér áðan, og virtist mér hann þar vera að túlka sína persónulegu skoðun, að hann teldi, að það væri mjög vafasamt, að skipting landsins í tvö verðlagssvæði ætti lengur rétt á sér, og heyrði ekki betur en hann væri miklu fremur inni á því, að landið ætti, eins og nú stæðu sakir, að vera eitt verðlagssvæði með jöfnum iðgjöldum og jöfnum bótagreiðslum, hvar sem menn eru búsettir á landinu, og ég vænti þess vegna, að frá hans hendi komi stuðningur við þá skoðun mína og hv. 1. þm. Vestf., að landið eigi nú að vera eitt verðlagssvæði, hvort sem litið er á kostnaðinn við að lifa á hinum ýmsu stöðum í landinu eða getuna til þess að greiða hin sömu iðgjöld, og önnur rök geta þar varla komið til greina. Um skerðingarákvæðin, um afstöðu hans til þeirra, heyrði ég ekki neitt á honum, en það er sem sé rétt, að um það, hvort þau eiga að halda áfram eða afnemast verður að taka ákvörðun, áður en þetta ár er liðið, — eða réttara sagt, ég tel sjálfsagt að ganga svo frá löggjöfinni nú, að þau verði afnumin, enda held ég, að frambjóðendur allra flokka hafi mjög lýst því yfir fyrir kosningarnar í haust, að þeir væru því efnislega fylgjandi, að skerðingarákvæðin yrðu afnumin. Og þá skýtur skökku við, þegar heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni fer fram nokkrum vikum síðar, ef þm. sömu flokka stæðu ekki við þessar yfirlýsingar, sem hafa verið gefnar mjög víða um land fyrir kosningarnar, og einmitt þá með tilliti til þess, að gamla fólkið skyldi vita, hver afstaða þeirra væri til þessa viðkvæma máls.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fjölskyldubæturnar eru stærsti útgjaldaliðurinn eða hækka mest allra gjaldaliða tryggginganna, og það gerist aðallega við þessa breyt., að nú er ætlunin að borga 2600 kr. með öllum börnum, fyrsta barni hjá hjónum jafnt og með því tíunda, og það má vissulega deila um réttlætið í því. Það má líka deila um, hvort það er nokkurt vit í því sem félagsmálalegri aðgerð að haga þessu svo, og mér er nær að halda, að fólk yfirleitt segi sem svo: Það var engin brýn þörf á því að fara að greiða með fyrsta og öðru barni. — Þetta hefur verið gert áður, að greiða með öðru barni, og það naut lítilla vinsælda. Fólk var heldur hneykslað á því að vera að hlaupa undir bagga af þjóðfélagsins hendi með hjónum, sem ættu tvö börn. Og ég er þeirrar skoðunar, að félagsmálalega þýðingu, sósíala þýðingu hafi þetta ekki, en þetta veldur náttúrlega gífurlegum útgjöldum. Meginhlutinn af þeirri svimháu upphæð, sem fer til fjölskyldubótanna, fer til þessara fjölskyldna, því að þau hjón eru náttúrlega lang-langflest í landinu, sem eru með 1, 2 og 3 börn. Hinar fjölskyldurnar eru miklu færri, sem eru með 7, 8, 9 og 10 börn, en það eru þær fjölskyldur, sem hefðu þurft að fá hinar meiri háttar hækkanir á fjölskyldubótunum. En eins og lögin eru núna, eru fullkomnar fjölskyldubætur ekki komnar fyrr en með fjórða barni og svo upp úr, eftir því sem þeim fjölgar, en hækkanirnar, sem nú verða á 4., 5. og 6. barn o. s. frv., eru sáralitlar. Ég held, að þær séu eitthvað á þriðja hundraði króna eða eitthvað svoleiðis, miðað við það, sem nú er, sáralítil upphæð, sem hækkar með 4., 5. og 6. barni og hvað sem börnunum fjölgar eftir það. Meginhlutinn af þessari háu upphæð, sem fjölskyldubæturnar hækka, en þær

hækka upp í 153 millj. úr 27, fer til hjóna með fá börn, en hækkanirnar eru minnstar hjá hjónunum með stóra barnahópinn, og þar að auki eru þær fjölskyldur mjög fáar, samanborið við hinar, og fá þannig mjög lítinn hluta af þessari gífurlegu gjaldahækkun hjá tryggingunum.

Ég hefði haldið, að þarna væri ástæða til þess að breyta um prinsip, — ef ekki hætta alveg við þá tilhugsun að greiða með fyrsta og öðru barni, þá a. m. k. að setja þar inn ákvæði um það, að menn yfir ákveðið tekjumark fengju ekki greiðslur með fyrsta, öðru eða jafnvel þriðja barni, og það væri þá eingöngu fólk með mjög lágar tekjur, sem fengi greiðslu með fyrsta, öðru og þriðja barni. Ég held, að það sé ekki brot á neinum meginreglum hjá tryggingunum, þó að þessu væri hagað svo, því að í öðrum greinum tryggingganna hafa verið reglur, þar sem sett hefur verið mark miðað við tekjur, og það meira að segja er svo samkv. skerðingarákvæðunum gagnvart gamalmennum. Ef gamalmennin höfðu vissa tekjuupphæð, misstu þau niður rétt sinn til greiðslna frá tryggingunum, og þá held ég, að það væri öllu réttlætanlegra að láta einhver slík skerðingarmörk vera í gildi gagnvart auðmönnum, sem ættu tvö eða þrjú börn. Það verður því ekki borið fyrir sig með fullgildum rökum, að slík skerðingarákvæði, sem koma í veg fyrir það, að eitt gangi yfir alla, sem til tryggingganna greiði, séu slíkt brot á meginreglum tryggingganna, að þau séu óframkvæmanleg, því að þá þarf ekki annað en vitna til skerðingarákvæðanna gagnvart gamalmennum og öryrkjum, sem hefði verið miklu nær að hafa sem takmörkun gagnvart hátekjumönnum eða stóreignamönnum.

Ég játa það hins vegar, að þetta frv. færir okkur sjálfsagt miklu nær þeim þjóðum, sem hafa tryggingamál sín í góðu lagi, eins og t. d. Danmörk og Svíþjóð, en þó virðist mér, að það sé það knappasta, að við náum þeirra stöðu eftir breytingarnar, sem hér eru lagðar til. En við vorum komin langt, langt aftur úr, eins og sést hér í grg. með frv., að við höfðum aðeins 17% í bótagreiðslum hjá tryggingunum miðað við laun verkamanna, þegar Danmörk hafði 30.2% og Svíþjóð 35%, og varðandi hjón vorum við með 27.3%, þegar Danmörk hafði 45.4% og Svíþjóð 46.7%. En við færumst þarna mjög nálægt þessum þjóðum, og hefði sjálfsagt verið talsvert til þess að stæra sig af að geta náð þessum þjóðum eða því sem næst, að því er snertir að gera vel til gamalmenna, öryrkja og þeirra, sem slasast, greiðslur dánarbóta o. s. frv., ef sú geigvænlega dýrtíðarflóðalda, sem nú er verið að velta yfir þjóðina, væri ekki að skella yfir eiginlega á sömu stundu og við gerum þessar breytingar á okkar tryggingalöggjöf og skola þannig mjög miklu af þessum endurbótum í burt, eins og flóðalda væri þar að verki.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Ég mun freista þess í n. og síðar hér í þinginu, ef n. fengist ekki til þess að fallast á mín sjónarmið, — ég mun í fyrsta lagi beita mér fyrir því, að landið verði eitt, en ekki tvö verðlagssvæði, og ég mun ákveðið freista þess að koma inn ákvæði um það, að skerðingarákvæðin gagnvart gamalmennum og öryrkjum verði felld í burtu í sambandi við þessa endurskoðun l. og alls ekki tekin fyrir sem neitt sérstakt mál, þegar búið er að endurskoða lögin, og teldi það til bóta, að þau féllu niður nú með afgreiðslu þessa frv., jafnvel þótt maður ætti það víst, að þau féllu niður annars í árslokin, sem er þó engan veginn víst, þegar það væri hummað fram af sér nú í sambandi við þessa lagasetningu. Í þriðja lagi mun ég beita mér fyrir því, að það verði a. m. k. sett tekjuhámark hjá því fólki, sem eigi að fá fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni, en jafnvel láta athuga það rækilega, hvort ekki sé réttara að fella niður algerlega bætur með fyrsta og öðru barni og hækka eitthvað bæturnar til þeirra hjóna, sem hafa fjögur börn eða fleiri.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki mjög margt, sem ég þarf að svara þessum hv. þm., sem talað hafa. Ég er þeim þakklátur fyrir það, sem þeir hafa sagt jákvætt um afgreiðslu frv., og ég get tekið undir að verulegu leyti þær aths., sem þeir hafa haft að flytja.

Það var í fyrsta lagi um verðlagssvæðin og skerðingarákvæðið. Ég lét þess getið í minni frumræðu, að ég teldi, eins og nú væri orðið högum háttað á þessu landi, að þá væri grundvöllurinn fyrir skiptingu landsins í verðlagssvæði að mínu viti að verulegu leyti a. m. k. fallinn í burtu. Og ég er þeirrar skoðunar líka, að það sé ekki eða a. m. k. tæpast grundvöllur fyrir því að halda þessari skiptingu landsins í verðlagssvæði áfram. En eins og hv. 4. landsk. þm. gat hér um í sinni ræðu, þá mun málið á sínum tíma hafa verið borið undir sveitarfélögin og þeim gefinn kostur á að láta skoðun sína í ljós um það, hvort ætti að halda þessari skiptingu áfram, og verulegur hluti þeirra, sem svöruðu a. m. k., hafa verið á þeirri skoðun, að þetta bæri að gera. Ég held þess vegna, að það væri ekki rétt að fella niður þessa skiptingu, sem þó er enn í tvö svæði, án þess að hafa á einhvern hátt leitað álits þeirra, sem við þessa löggjöf eiga að búa, og heyra, hvað þeir segja, og hlusta á þeirra rök. Það má vel hugsa sér það náttúrlega að fella niður þessa skiptingu og gera landið að einu verðlagssvæði, þó að sveitarfélögin séu mótfallin, en ég tel rétt, að á þau verði hlustað og þeim gefinn kostur á að segja sína skoðun á málinu.

Hv. 4. landsk. þm. endurtók það oft, að hér væri um allsherjar breytingu að ræða og allsherjar endurskoðun á tryggingalöggjöfinni. Það skilst mér, að ekki hafi verið. Hér var nefnd á miðju árinu 1958 falið að endurskoða sérstakan þátt úr tryggingalöggjöfinni, og það sýnir sig bezt á því, að það var ekki um allsherjarendurskoðun að ræða þá, að árið eftir er annarri n. falinn annar þáttur úr löggjöf-

inni, og báðar þessar n. voru þess vegna með takmarkað verkefni, og við það var þeirra starf bundið og þeirra breytingar. Bæði frv., sem þessar nefndir sömdu, hafa verið lögð til grundvallar við samningu þessa frv., sem hér er borið fram, en það útilokar ekki, að það hafi ekki verið um neina allsherjar endurskoðun að ræða. Og ég er þeirrar skoðunar, að allsherjar endurskoðun þurfi nú að gera á l., einmitt taka þau öll fyrir.

Báðir hv. þm. minntust á skerðingarákvæðið. Ég tel ekki þörf að gera nú neinar ráðstafanir út af skerðingarákvæðinu. Það hefur verið sett í lög, að skerðingarákvæðið falli úr gildi við áramótin næstu, og við það vil ég láta sitja. Ef ekkert skeður, fellur það af sjálfu sér niður, og mér finnst ekki ástæða til þess að fara á þessu stigi að hrófla við því, það er ekki nema tæpt ár þangað til að því kemur. Og annað, sem ég held að geri það enn minna nauðsynlegt nú en áður að nema þetta úr gildi, er það, að með hækkun á bótunum nú verður sjálfsagt einhver hópur manna, sem áður átti ekki rétt til þess að fá lífeyri, sem fær hann, vegna þess að sú upphæð, sem þarf til þess, að af honum verði tekinn rétturinn, verður að vera miklu hærri, eftir að bæturnar eru hækkaðar eins mikið og hér er gert. Mér finnst þess vegna, að það beri að afgreiða þessar breyt., sem í frv. felast, nú, taka síðan allt kerfið til gagngerðrar endurskoðunar á næstunni og ræða þá kannske fyrst og fremst um skiptingu landsins í svæði. Það er mikil breyting, sem af því leiðir, ef verðlagssvæðaskiptingin verður afnumin, og þarf mikla undirbúningsvinnu, og sérstaklega þarf hún að rökræðast við sveitarfélögin, a. m. k. þau, sem áður hafa beitt sér á móti henni.

Hv. 1. þm. Vestf. taldi eðlilegra að gera sérstakt frv. vegna efnahagsráðstafana, þ. e. a. s. að mér skildist halda því í sérstökum kafla. Því er ég algerlega andvígur. Ég held, að það væri óæskilegt að miða þessar ráðstafanir, þó að þær séu kannske að einhverju leyti afleiðing af efnahagsráðstöfununum, við þær alveg sérstaklega og binda þær sérstaklega þeim, því að ég, eins og ég sagði í minni frumræðu, hef verið að vona, að þær bætur, sem við hér gefum þeim bótaþegum, sem í hlut eiga, þó að það sé vegna efnahagsráðstafananna nú, þá megi þær verða varanlegar og til varanlegra bóta fyrir þetta fólk.

Hv. 4. landsk. þm. lét í ljós mjög einkennilega skoðun á fjölskyldubótunum. Hann tók ekki fram, hvort flokkur hans væri þessarar skoðunar eða hvort þetta væri hans persónulega skoðun. Hann sagði fyrst, að það mætti deila um það sem félagsmálalega aðgerð að greiða fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni, og síðar herti hann á og sagði, að hann teldi enga þýðingu hafa að taka upp þessar greiðslur.

Nú skal ég ekki fara að deila við hann um þetta, en ég vil aðeins benda honum á það, að þeir, sem lengst eru komnir á þessu sviði, bæði Svíar og Finnar, hafa þennan hátt á, — kannske hafa þeir ekkert vit á, hvað sé félagslega heppilegt að gera, og það sé hv. þm. einn, sem situr inni með þá vizku. En ég bendi á það a. m. k., að þeir menn, sem taldir eru vera komnir lengst á þessu sviði, hafa haft þennan hátt á, og eftir því er þetta sniðið. Mér hefur verið tjáð, að fjölskyldubæturnar sænsku, séu ívið hærri en þær íslenzku verða á þennan hátt, en þær byrja með fyrsta barni og halda síðan áfram jöfnum upphæðum á hvert barn, og þetta hefur mér verið sagt að væri líka í gildi í Finnlandi, þó að upphæðirnar væru þar lægri en í okkar till. er gert ráð fyrir.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr því í sambandi við einmitt þetta, að hækkanirnar yrðu þeim mun minni, eftir því sem börnin væru fleiri.

Ég held, að hjá þeim, sem eiga mörg börn, verði hækkunin á fjölskyldubótunum eins og hún getur mest orðið hjá nokkrum, því að þeir, sem eiga mörg börn, eiga líka eitt og tvö og fá þá hækkun, sem aðrir fá á sín fyrstu þrjú börn, — hana fá þeir náttúrlega að fullu. Það má segja, að hækkunin í fjölskyldubótunum vaxi ekki neitt að ráði með fjölgun barnanna, þegar komið er upp fyrir visst mark, og þó hækkar hún svolítið. En hækkunin verður náttúrlega hjá barnmörgu fjölskyldunum sú mesta, sem hún getur orðið hjá nokkrum.

Ég held, að það hafi ekki verið neitt að ráði fleira, sem ég vildi taka fram. Ég veit, að það eru mörg atriði í frv., sem sjálfsagt orka tvímælis, og ég er tilbúinn til þess að ræða bæði við hv. nefnd, sem fær þetta mál til afgreiðslu, og aðra þm. um ýmis atriði málsins. En ég held, að það væri ekki rétt að taka inn í þessa afgreiðslu núna að þurrka út verðlagssvæðin, og að fara að gera ályktun um skerðingarákvæðið. Ég hef hins vegar alveg ákveðnar skoðanir um það hvort tveggja. Ég vil fyrir mitt leyti segja það sem mína persónulega skoðun, að skerðingarákvæðið verði látið gilda, eins og það nú er tímabundið í lögum, og ekki afnumið, og ég er líka þeirrar skoðunar, að afnema beri verðlagssvæðin. En ég tel heppilegra að gera það ekki nú, þar sem hér er ekki og hefur ekki verið um aðalendurskoðun á lögunum að ræða, heldur í fyrra skiptið um endurskoðun á fjórum efnisatriðum, í síðara skiptið endurskoðun á slysatryggingakaflanum einum, og hjá ríkisstj. nú um hækkun á lífeyrisgreiðslunum og fjölskyldubótunum — eða lífeyrisgreiðslunum getur maður sagt. Og þetta er svo sannarlega langt frá því að vera öll efnisatriði almannatryggingalaga, þannig að ég tel rétt, að það verði haldið áfram að reyna að fara ofan í þetta og taka þá þetta ákvæði með verðlagssvæðin upp, en skerðingarákvæðið þarf ekkert að segja um, það kemur sjálfkrafa til framkvæmda, vegna þess að það er í lögum, og fyrir árið 1960 er minni þörf á að breyta því en árin áður, vegna þess að það tekur ekki núna til eins lágra tekna og það gerði áður vegna hækkunarinnar á bótagreiðslunum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir það, sem hæstv. félmrh. hefur sagt um þetta mál. Ég treysti mér ekki að kveða á um öðruvísi þá en mínar persónulegu skoðanir, og þær skipta ekki í þessu sambandi öllu máli, hvernig Sjálfstfl. mundi taka undir þau einstöku atriði, sem hér hafa verið nefnd og mér finnst minna máli skipta. En ég legg áherzlu á, að við, sem erum í ríkisstj. af hendi Sjálfstfl., teljum, að það sé einmitt rétt stefna, sem kemur fram í ummælum hæstv. félmrh., að vera andvígur því, að sérstök lög verði sett um þann hluta þessara ráðstafana, sem hér er verið að lögfesta og kunna að standa í óbeinu eða beinu sambandi við efnahagsaðgerðir stjórnarinnar. Ég tel, að með því móti væri því í allt of ríkum mæli gefið undir fótinn, að það væri ósk ríkisstj. eða a. m. k. sterkur bakþanki, að það afgerandi í þessu máli væri, að það hefði hentað augnabliksástandinu á Íslandi að lögfesta þær umbætur, sem hér eru gerðar í sambandi við lífsbaráttu þeirra, sem miður eru settir. Það er öfugt í okkar huga. Við vonum, að við getum til frambúðar staðið undir því, sem hér er verið að gera. Við teljum það markmiðið, að efnahagur þjóðarinnar batni, þannig að sú skerðing, sem nú er verið að bæta upp, sé úr sögunni. En þá hlýtur þjóðin líka að hafa aðstöðu til þess að létta undir með þeim, sem þyngsta bera byrðina. Verði hins vegar efnahagur þjóðarinnar þannig, að menn telji sig ekki færa um að bera hver annars bagga í þessum efnum, þá vil ég fyrir mitt leyti og við, sem í ríkisstj. erum f. h. Sjálfstfl., ekki, að þessum sameiginlega bagga verði af létt, nema um það verði gerð sérstök löggjöf til breytingar á þeirri löggjöf, sem hér er verið í dag að fjalla um. Við teljum, eins og ég segi, að það sé of mikið undir fótinn gefið um, að þetta sé alveg sérstaklega vegna núverandi efnahagsráðstafana, úr því að meginþanki þeirra, sem að löggjöfinni standa, er hinn, að þetta verði varanlegt ástand í þjóðfélaginu, meðan þjóðin með nokkrum hætti getur undir staðið, því að alltaf verða þeir fyrir hendi, sem þurfa þess.

Þetta var ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs. Ég vil svo út af því, sem hér hefur verið talað um fjölskyldubæturnar, segja það, að ég hef verið þeirrar skoðunar frá öndverðu, að það sé kannske einna mest ástæðan að gefa með fyrsta krakka. Það er alveg rétt, að margir segja: Það er nú auman að vera að eignast krógann og geta ekki staðið undir því. — En sannleikurinn er sá, að þetta er kannske einna veigamesta breytingin í lífi ungra hjóna, einmitt þegar fyrsta barnið fæðist. Við skulum segja, að þau vinni úti. Konan verður allt öðruvísi bundin, lífið breytist ákaflega mikið við þetta fyrsta barn.

Að það séu of litlar fjölskyldubætur, þegar börnunum fer að fjölga, um það vil ég, að þeir tali, sem vitnisbærir eru. En einhvers staðar las ég það: „Cheaper by a dozen". Ég held, að ég hafi bæði séð það sem leikrit og lesið það sem róman. Það er nefnilega ódýrara dúsinið, börnin eru tiltölulega ódýrari, því fleiri sem þau eru. Þetta er ekki heildsala. Það er heildargjöf drottins. Þegar maður fær þetta í dúsinum, þá er það hin mikla gjöf drottins. En efni málsins er, að krakkarnir ala hver annan upp, þeir greiða götu hver annars, telpurnar, 7, 8, 9 og 10 ára, fara að gæta þeirra yngri og elda fyrir mömmu — og allt eftir því. Ég hef því miður aldrei átt dúsinið sjálfur, en ég hef verið einn af dúsini. Ég gerði auðvitað aldrei mikið gagn, en hin voru skárri. Ég held því, án þess að gera það að neinu höfuðefni, að það sé bæði rétt að gefa með fyrsta barni og svo áfram og einnig ekki eins óréttlátt og menn halda, þó að bæturnar hækki ekki „progressivt", út frá þessum rökum, sem ég nefndi.

Ég skal svo að öðru leyti ekki á þessu stigi málsins ræða hin einstöku atriði. Ég hugsa að sjálfsögðu eins og hæstv. félmrh., sem lýsir sig hér opinn til að athuga hinar einstöku till., sem fram hafa komið. En ég hygg, að ef við fáum þetta lögfest nú og eigum svo von á nánari athugun síðar á öðrum atriðum, sem kunna að vera ágreiningsmál, þá held ég, að við megum vel við una. En um það, eins og ég áðan tók fram, tel ég ekki ástæðu fyrir mig að fara að ræða hér og hef reyndar ekkert umboð til þess fyrir hönd hvorki minna samstarfsmanna í ríkisstj. né í mínum flokki.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af umr. hæstv. ráðh. beggja um það, að þeir séu andvígir því, að sérstakt frv. sé borið fram í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar eru í efnahagsmálunum, þá skal ég taka fram, að það var aðeins ábending frá minni hálfu, vegna þess að ég óttaðist, að um frv. sjálft mundu verða meiri deilur en um þann hluta eða þann kafla frv., og það er að sjálfsögðu ekkert áhugamál frá minni hendi, að það sé slitið úr samhengi. Ég vil aðeins taka þetta fram.

Það kom ljóst fram hjá hæstv. félmrh., að hann er persónulega og sjálfsagt einnig hans flokkur fylgjandi því, að það verði fellt niður að skipta landinu í tvö svæði. Ég tel það mikils virði að hafa fengið þessa játningu hér við þessa 1. umr., og ætti ég sæti áfram í n. og á þingi, þá mundi ég vera miklu fúsari til þess að fylgja þessu máli út úr þinginu eftir að hafa fengið slíka yfirlýsingu, því að það er að sjálfsögðu alltaf hægt að taka upp hitt síðar og vísa þá í slíkar yfirlýsingar frá hæstv. félmrh., sem fer með þessi mál.

Ég get sagt nákvæmlega það sama um hitt atriðið, að með tilvísun til þess, að hann lýsir því yfir, eins og rétt er, að þetta sé í lögum, að skerðingarákvæðið skuli falla niður 1960, — og mér skildist á hans ræðu, að hann væri síður en svo fylgjandi því, að það héldi áfram, hann mundi að sjálfsögðu taka afstöðu til þess, þegar þar að kemur, — og með tilvísun til þess, að mjög skammur tími er þangað til

ákvæðið á að falla niður, þá verð ég að líta svo á, að hæstv. ríkisstj. vinni að því, að það verði ekki framlengt um næstu áramót, og þá sé ég heldur enga ástæðu til þess að setja þetta ákvæði inn í þessi lög. En ég tel þá líka, að það hafi verið mjög nauðsynlegt, að um þessi atriði hafi verið rætt.

Hitt kom mér nokkuð á óvart, þegar hæstv. ráðh. sagði, að hér væri ekki um heildarendurskoðun að ræða, því að það hafa þó hvorki meira né minna en tvær nefndir endurskoðað lögin, þótt að vísu hafi verið bent á, að hvor nefnd fyrir sig ætti að hafa sérstök atriði í frv. til að athuga. Og þá finnst mér, að það liggi fyrir nú að skipa þriðju n. til þess að gera heildarendurskoðun á lögunum, og vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé hugsað að setja nú á stofn þriðju nefndina til þess að endurskoða þessa löggjöf, sem raunverulega hefur alltaf verið undir endurskoðun á hverju einasta ári, síðan lögin voru samþykkt 1946.

Um skerðingarákvæðið vildi ég aðeins segja þetta: Hver er ástæðan fyrir því, að það er sótt svo fast að fella niður skerðingarákvæðið á örorkubótum og ellilífeyri? Meginástæðan fyrir því er, að það er talið, að skerðingarákvæðið verki nákvæmlega eins á þjóðartekjurnar í heild og ranglát skattalöggjöf. Þegar fólk, sem nýtur þessara tekna, er komið það hátt upp í tekjum annars staðar frá, að styrkirnir falla í burtu, þá vill það ekki vinna lengur, — alveg eins og maður, sem hefur svo miklar tekjur, að hann fær ekki að halda neinu eftir af sínum tekjum, vegna þess að bæði bæjarsjóður og ríkissjóður fara svo djúpt ofan í vasa hans, hættir að vinna, af nákvæmlega sömu ástæðu, og þess vegna er það sótt svo fast, að skerðingarákvæðið falli niður. Ég tel, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði sé alveg rangt að halda þessu ákvæði. Það á að nota vinnuafl þessara einstaklinga eins mikið og hægt er og eins og þeir treysta sér til og láta það ekki hafa áhrif á það, hvort hætt er að vinna, hvort þeir fá bætur úr tryggingunum eða ekki. Þetta er mín skoðun. Mér er fullkomlega ljóst, að þetta ákvæði kostar ákaflega mikla peninga. En ég hef sjálfur margbent á annan tekjustofn til þess að vega hér upp á móti, og það er erfðaskattur. Það er ekki nema sjálfsagður hlutur, þegar öll gjöldin, framfærslugjöldin og styrkir, eru færð yfir á Tryggingastofnunina, bæði fyrir öryrkja, gamalmenni og fátæklinga, að það, sem eftir er af því fé, einnig frá þessum stofnunum, hjá þessum aðilum, þegar þeir deyja, renni aftur að mestu leyti til stofnunarinnar. Það er mín skoðun. Og hér liggur fyrir nú frv. frá okkur allmörgum þm. um að breyta erfðafjárskattslögunum, að vísu ekki neinar róttækar breytingar, nema síður sé. Þar er gert ráð fyrir að taka nokkuð mikið af fjarskyldum erfingjum, ekkert af nánustu erfingjum, frekar en nú er, og ég tel, að það sé sjálfsagt að láta þetta fylgjast að, að fella niður skerðingarákvæðið og taka þarna inn nýjan tekjustofn á móti á annan hátt, eins og ég hef bent á.

Ég skal svo aðeins benda á tvö atriði, sem fóru fram hjá mér áðan, og vildi beina því til hæstv. ráðherra.

Það er út af 12. gr., að eins og hann minntist á, þá raskast mjög mikið viðmiðunin, sem nú er, um það, hvenær eigi að greiða tryggingagjöldin fyrir hina einstöku aðila. Það var miðað við tekjuskatt áður. Nú er talað um hér að miða þetta við útsvar eða eignarskatt. Ég hefði nú talið, að það væri miklu eðlilegra að miða þetta við einhverjar sérstakar tekjur, hvort sem þær koma frá Tryggingastofnun eða annars staðar frá. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að greiða tryggingagjaldið fyrir aðila, sem hefur t. d. 30—40 þús. kr. tekjur úr tryggingasjóði eða jafnvel meira. Ég sé enga ástæðu til þess. Ég sé ekki annað en hann geti alveg eins greitt það og ýmsir aðrir og að það ætti að miða þetta hreint og beint við þær tekjur, sem viðkomandi aðilar hafa, hvort sem þeir komast undan á einn eða annan hátt að greiða skatt, annaðhvort réttilega eða ranglega. Og við vitum ekkert um, hvort skattákvæðin breytast í framtíðinni, því að það virðist, að hér liggi nú fyrir að taka stórt stig eða gera stórar breytingar á tekjuskattinum. Það getur vel verið, að það verði gerðar stórkostlegar breytingar á útsvörum. Það getur vel verið, að farið verði inn á það að taka öll útsvör af fasteignum eða í hafnargjöld af vörum, við vitum ekkert um það. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að þetta sé miðað við eitthvað annað en hér er miðað við. En þetta er nú aðeins formsatriði. (Gripið fram í.) 23. gr., já, nánar tiltekið hér. Þetta er nú aðeins formsatriði.

Hitt er aftur á móti efnislegt atriði, sem ég vildi ræða um. Það er samkvæmt 17. gr. Þar stendur, eins og hæstv. ráðherra lýsti, að ekkja skuli fá 90 þús. kr. sem dánarbætur, hvort heldur viðkomandi aðili, hennar maki, ferst af slysi á sjó eða landi. Ég tel þetta algerlega rangt. Ég tel, að sú kona, sem missir mann sinn í sjó, eigi kröfu á að fá miklu hærri bætur en sú, sem missir hann af slysi í vegavinnu. Mér er alveg ókunnugt um það, að konur yfirleitt eigi margar andvökunætur um það, hvort menn þeirra slasist við vegavinnu, á bíl eða traktor. En hinar eru ekki fáar, sem eiga andvökunætur í vondum veðrum um það, hvort þær fái manninn sinn heim vestan frá Grænlandi eða ekki. Og ég tel, að það sé mjög misráðið hér að það sé einn þátturinn í því að draga fólkið frá hættustörfum á sjó, að dánarbætur fyrir eftirlifendur þeirra séu miklu lægri eða jafnar og þær eru á landi. Ég vil mjög beina því til hv. félmn. og hæstv. ráðherra, sem fara með þessi mál, að þessu verði breytt. Og verði því ekki breytt, þá verður áreiðanlega sótt á seinna að hækka þessar bætur stórkostlega fyrir þá aðila, sem eiga sína fyrirvinnu á sjó. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að að ræða málið nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 190, 197 og 207, 169, 171).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess frumvarps um breyt. á l. um almannatryggingar, sem nú er til 2. umr. í hv. deild. Við, sem skipum meiri hl. n., leggjum til, að frv. verði samþ. lítt breytt, eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 207, en minni hl. n. er tvíklofinn, og skila þeir báðir sérstökum nál. og brtt., hv. 4. þm. Reykn. (JSk) og hv. 4. landsk. þm. (HV). Út af fyrir sig hygg ég þó, eftir því sem fram hefur komið í n., að hvorugur fulltrúi stjórnarandstöðunnar sé í raun og veru mótfallinn frv. Hins vegar flytja þeir báðir till. um víðtækari breyt. á löggjöfinni um almannatryggingar en frv. gerir ráð fyrir, og mun ég víkja að þeim till. síðar.

Frv. þetta er stjórnarfrv. og hefur, eins og fram er tekið í grg., við samningu þess aðallega verið stuðzt við tvö frv. önnur, sem samin höfðu verið og undirbúin af tveim n. Hina fyrri skipaði þáv. félmrh. Guðmundur Í. Guðmundsson 16. apríl 1958, og var verkefni hennar, sbr. grg. frv., aðallega að gera tillögur um hækkun elli-, örorku- og barnalífeyris. Hina síðari skipaði fyrrv. félmrh. Friðjón Skarphéðinsson 5. febr. 1959, og var verkefni þeirrar n. að gera till. um hækkanir slysabóta skv. III. kafla almannatryggingalaganna.

Frv. þau, sem þessar n. sömdu, fylgja með frv. því, sem hér er til umr., sem fskj. I og II, og er sjálft frv. í sinni núverandi mynd í höfuðatriðum byggt á undirbúningsstarfi umræddra nefnda.

Að því er bezt verður séð hafa þær báðar leyst af hendi ágætt starf, og leyfi ég mér af því tilefni að rifja upp, hverjir áttu þarna hlut að máli. Í fyrri n. voru þau Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Gunnar Möller hrl., Helgi Jónasson formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, Jóhanna Egilsdóttir formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar, Ragnhildur Helgadóttir alþm. og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig störfuðu í þeirri n. frúrnar Þórunn Magnúsdóttir og Aðalbjörg Sigurðardóttir. Í síðari n. áttu sæti Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri, Eðvarð Sigurðsson alþm., Guðjón Hansen tryggingafræðingur, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri. Formaður beggja n. var Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri.

Störf þessara n. hafa haft mikla þýðingu fyrir undirbúning þessa máls, eins og þegar er fram tekið. En eftir að þær luku störfum, komu til greina ný viðhorf. Á ég þar við þá ákvörðun núv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að auka stórlega bótagreiðslur almannatrygginganna, bæði til þess að bótaþegar fái meiri leiðréttingu en áður á þeirri skerðingu bóta, sem sívaxandi dýrtíð hefur valdið mörg undanfarin ár, og til þess einnig að draga úr áhrifum gengisfellingarinnar að þessu sinni í skerðingarátt.

Þau spor, sem þannig var ákveðið að stíga, sjást e. t. v. bezt með því að athuga áætluð heildarútgjöld lífeyristrygginganna á fskj. III. með frv. Þar sést, að ársútgjöld þessarar deildar trygginganna eru, skv. upphaflegri áætlun fyrir 1960, 183 millj. kr. Miðað við frv. nefndarinnar, sem samdi fskj. I, hefðu útgjöldin hækkað um 32.6 millj. kr., eða í 215.6 millj. kr. Og loks hækka þau skv. frv. því, sem hér er til umr., í 384.6 millj. kr., eða um 201.4 millj. frá upphaflegri áætlun, og er það 110% hækkun. Iðgjöld til sjúkratrygginganna hækka um 3.8 millj., miðað við óbreytt iðgjöld hinna tryggðu, og greiðir ríkissjóður af þeirri hækkun 2.6 millj. kr. Árleg útgjöld slysatrygginganna hækka um samtals 3 millj. 720 þús. kr., og að auki vegna eldri slysa um 7 millj. kr., skv. því, sem áætlað er á fskj. III.

Allt þetta styður þá fullyrðingu, að með frv. sé verið að stíga stærra spor til hagsbóta fyrir hina tryggðu en stigið hefur verið í einum áfanga, síðan lög voru sett um alþýðutryggingar 1936. Og það er ætlun þeirra, sem að frv. standa, að þær breyt., sem nú verða gerðar á almannatryggingalögunum, verði til frambúðar, þótt þær beri hér að nokkru leyti að sem hliðarráðstöfun með víðtækum breyt. á efnahagskerfi þjóðarinnar.

Þar með er þó engan veginn sagt, að ekki þurfi fleira að gera á næstunni, heldur er einungis átt við það, að án frekari undirbúnings verði ekki meira gert í þessum áfanga, og skal ég síðar koma að þeim verkefnum, sem ég og aðrir telja að eigi að taka fyrir hið fyrsta, að loknum nauðsynlegum undirbúningi. Áður en ég vík að því, mun ég fara nokkrum orðum um helztu breyt., sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum. Þær hugleiðingar verða þó hvorki ýtarlegar né tæmandi, því að hvort tveggja er, að í aths. og á fskj. með frv. er mikinn fróðleik að finna, og einnig gerði hæstv. félmrh. glögga grein fyrir breytingunum í framsöguræðu sinni við 1. umr.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir þeirri breyt., að við Tryggingastofnun ríkisins starfi framvegis 2 læknar með fullt starf, í stað þess að áður hafði stofnunin í þjónustu sinni 1 lækni með fullt starf og 2 lækna með hálft starf. Þessa breyt. þykir heppilegt að gera nú, þar eð tryggingayfirlæknir hefur beðizt lausnar og sjúkramálastjóri hefur fengið annað embætti. Er mikið undir því komið, að í bæði læknisembættin veljist hinir menntuðustu og færustu menn.

Skv. 2. gr. verða fjölskyldubætur ekki látnar hafa áhrif á mismun iðgjalda á fyrsta og öðru verðlagssvæði, þar eð fjölskyldubæturnar verða að fullu greiddar úr ríkissjóði.

3.—10. gr. frv. fjalla um bótafjárhæðir lífeyristrygginganna skv. 13.—23. gr. l. um al-

mannatryggingar. Helztu breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessar:

Heildarhækkun ellilífeyris, örorkulífeyris og svipaðra bóta verður 45% frá því, sem verið hefur, og í sumum tilfellum meiri. Greiðsla til hjóna á 1. verðlagssvæði hækkar þannig úr 15927 kr. í 25920 kr., en það er 62.8% hækkun, og á sama verðlagssvæði hækkar einstaklingslífeyrir úr 9954 kr. á ári í 14400 kr., en það er 45% hækkun. Hjónalífeyrir verður þannig 180% af lífeyri einstaklinga, í stað 160% áður. Barnalífeyrir hækkar um 41% og fæðingarstyrkur um 24%, og álíka hækkun verður á 3 mánaða og 9 mánaða bótum til ekkju. Ekkjulífeyrir hækkar hins vegar í sama hlutfalli og elli- og örorkulífeyrir. Í þessu sambandi vil ég benda á, að fæðingarstyrkir og ekkjubætur hafa verið jafnhá á báðum verðlagssvæðum. Einnig verða fjölskyldubæturnar nú þær sömu um land allt, og er það fyrst og fremst hækkun þeirra, sem ber að líta á sem hliðarráðstöfun í sambandi við gengisbreytinguna. Er fjölskyldubótunum ætlað að draga 8½% úr vísitöluhækkuninni, og verða þær greiddar þegar með fyrsta barni, hvar á landinu sem er, í stað þess að þær voru áður greiddar með þriðja barni. Greiddar verða 2600 kr. með hverju barni. Þetta jafngildir því, að þriggja barna fjölskylda á 1. verðlagssvæði fái 6634 kr. hækkun, en 3 barna fjölskylda á 2. verðlagssvæði fái 6924 kr. hækkun. Fjölskylda með 5 börn á að fá 13000 kr. í stað 5828 kr. á 1. verðlagssvæði og í stað 4370 kr. á 2. verðlagssvæði.

Mæðralaun hækka jafnt og ellilífeyrir, en auk þess fær móðir með 3 börn nú full mæðralaun, í stað 2/3 hluta áður, og móðir með 2 börn fær skv. frv. hálf mæðralaun, í stað 1/3 áður.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir rýmkaðri heimild fyrir Tryggingastofnunina til að veita hækkun lífeyris á móti framlögum sveitarfélaga. Áður náði þessi heimild til 7% af 105 millj. kr., sem gerir 7 millj. 350 þús. kr. Frv. gerir ráð fyrir 10% af 162.6 millj. kr., eða 16 millj. 260 þús. kr.

Eftir þær breyt., sem ég hef nú lýst, verður samanburður á greiðslum almannatrygginganna hér og á Norðurlöndum, miðaður við árslaun verkamanna þar og Dagsbrúnartaxta hér, þannig, að einstaklingar fá á Íslandi 28½% af launum verkamanna, í stað þess að þessi hlutfallstala var 17% áður, Danmörk 30.2%, Svíþjóð 35%. Hjón fá á Íslandi 51.3%, í stað 27.3% áður, í Danmörku 45.4% og í Svíþjóð 46.7%.

11.—13. gr. frv. fjalla um tekjur lífeyristrygginganna skv. 24.—29. gr. laganna. Þar er þess helzt að geta, að ríkissjóður á nú að greiða fjölskyldubæturnar að fullu og sú breyting verður gerð á skiptingu annarra útgjalda, að þau skiptast nú þannig:

Ríkissjóður greiðir 36%, í stað 33% áður, hinir tryggðu 32%, í stað 33% áður, sveitarsjóðir 18%, í stað 19% áður, og atvinnurekendur 14%, í stað 15% áður.

Þetta þýðir það, að hækkunin, sem orðið hefði skv. frv. því, sem er á fskj. I, skiptist eftir reglunum, eins og þær eru nú í lögunum, en alla þá hækkun, sem síðan hefur verið ákveðin, greiðir ríkissjóður, þ. e. a. s. síðari 20% hækkunina og allar fjölskyldubæturnar, eins og áður var getið.

Árleg hækkun á greiðslu sveitarfélaga verður þannig t. d. um 6.4 millj. kr., en mun ekki öll koma fram á þessu ári vegna betri afkomu trygginganna 1958 og 1959 en áætlað hafði verið, og svipað er að segja um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda.

Breyt. þær, sem frv. gerir ráð fyrir á 27. og 28. gr. l., eru eingöngu um breytt orðalag, sem leiðir af breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Þar, sem áður hefur verið miðað við tekjuskattsgreiðslu og skattgjaldstekjur, er nú lagt til að miðað verði við útsvar og hreinar tekjur.

14.—18. gr. fjalla um slysatryggingarnar, og eru þær breyt. útskýrðar í grg. á fskj. II. Dagpeningar hækka úr kr. 47.80 í 68 kr. fyrir kvænta karla og giftar konur og úr kr. 41.35 á dag í 60 kr. fyrir einstaklinga, og fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur, hækka dagpeningar úr kr. 6.45 í 8 kr. Er þetta um 42% hækkun fyrir hjón, 45% fyrir einstakling, en 24% fyrir hvert barn á framfæri.

Eftir þessar breyt. verður af Íslands hálfu fullnægt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 frá 1953, þar sem ákveðið er, að lágmark dagpeninga skuli vera 50% af launum.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. verði heimilt að breyta dagpeningum og bótum, sem greiðast í eitt skipti skv. 38. gr. l., að fengnum till. tryggingaráðs, til samræmis við breyt. á dagvinnukaupi verkamanna.

Dánarbætur til ekkju verða nú jafnháar fyrir alla, 90 þús. kr., en voru áður 87130 kr. fyrir lögskráða sjómenn og 19143 kr. fyrir aðra.

21. gr. frv. gerir ráð fyrir nokkurri aukningu á framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, þannig að fyrir hverjar 100 kr. í hækkuðum iðgjöldum sjúkrasamlaga fá þau nú 260 kr. í tekjur í stað 179 kr. áður, og er þá miðað við, að framlag lífeyristrygginganna hafi numið 12% af iðgjöldum. Er þátttökuhlutfall ríkissjóðs og sveitarsjóða þannig ákveðið í gr., að byrðar þessara aðila verði sem næst hinar sömu og þær eru nú, sbr. grg. frv.

23. gr. frv. hefur inni að halda breyt. á ákvæðum um skyldu sveitarsjóða til að greiða almannatryggingaiðgjöld vegna skattleysingja, sem áður hétu svo. Þetta ákvæði þarf að breytast vegna fyrirhugaðra breyt. á l. um tekjuskatt, og er lagt til í frv., að viðmiðunin verði sú sama og s. l. ár, þ. e. að þeir, sem væru skattleysingjar að óbreyttum lögum, eigi rétt til þess, að sveitarsjóðir greiði iðgjöld fyrir þá.

Skv. upplýsingum skattstofunnar þarf að leiðrétta í gr. tvær tölur. Þar sem standa 7700 kr., á að koma 11150 kr., og þar sem stendur 15400 kr., á að vera 20350 kr., og mun ég leggja fram skriflega brtt. við þessa umr. varðandi þetta atriði.

Um 24. gr. leyfi ég mér að vísa til grg. með frv., þar sem útskýrt er, hvað þar er um að ræða. Eru í grg. athyglisverðar ábendingar um það, að tryggja beri öllum landsmönnum jafnan rétt til lífeyris, en lífeyrissjóðir einkafyrirtækja og stofnana eigi síðan að vera viðbótartrygging. Er hér um stórmál að ræða, sem á vafalaust eftir að koma aftur á dagskrá til úrlausnar.

Ég hef nú hér að framan gert nokkra grein fyrir frv. og helztu breyt., sem það hefur í för með sér, þegar það hefur öðlazt lagagildi. Tvennt er það einkum, sem menn hafa látið í ljós óánægju með, að ekki skyldi gert jafnframt þeim breyt., sem nú verða gerðar. Á ég þar við niðurfellingu skerðingarákvæðanna og afnám verðlagssvæðaskiptingarinnar, en þetta eru tvö höfuðatriði í brtt. háttv. stjórnarandstæðinga.

Um skerðingarákvæðin, sem vissulega eru úrelt, er það að segja, að þau falla burt skv. gildandi l. í lok þessa árs. Það mun vera tiltölulega einfalt að fella þau niður hvað ellilífeyri snertir, en gagnvart örorkulífeyri kemur ýmislegt til, sem gerir málið flóknara. Þarf þetta þess vegna nokkurn undirbúning, þótt l. mæli svo fyrir, að skerðingarákvæðin falli niður í lok þessa árs. Er ég ekki í neinum vafa um, að sá undirbúningur verður framkvæmdur í tæka tíð og ákvæðum laganna fullnægt. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á, að skerðingarmarkið hækkar við þær breyt., sem nú verða gerðar, sbr. töflu, sem birt er í nál. okkar. Getur einstaklingur þannig haft samtals í lífeyri og tekjur 36 þús. kr., í stað tæplega 25 þús. kr., áður en kemur til skerðingar, hjón komast nú upp í samtals 57600 kr., í stað tæplega 40 þús. kr. áður.

Hæstv. félmrh. ræddi ýtarlega við 1. umr. um verðlagssvæðin og afnám þeirra, og hef ég þar litlu við að bæta. En vegna þeirra, sem finnst ekki nóg að gert í þessu efni í frv., má einnig benda á, að skv. 20. gr. l. nr. 24 1956, um almannatryggingar, er heimilt að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, en það kostar það, að sveitarfélag, sem vill flytjast af 2. verðlagssvæði yfir á 1. verðlagssvæði, verður að taka á sig að greiða að sínum hluta hækkað framlag til tryggginganna, en mismunur á þessum framlögum mun nú vera um 22 eða 23%.

Um þetta fjallar annað aðalatriðið í brtt. hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Hann flytur þar þá till., að í stað þess að þessi millifærsla skuli heimil, skuli vera skylt að færa á milli. Ég tel ekki þessa brtt. hafa neina verulega þýðingu, því að ég hygg, að í öllum tilfellum, þegar farið hefur verið fram á slíka millifærslu á milli verðlagssvæða, hafi það verið gert.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða um brtt. hv. 4 þm. Reykn., því að hitt aðalatriðið í hans till. er um skerðingarákvæðin, sem ég hef þegar gert að umtalsefni.

Aftur á móti eru brtt. hv. 4. landsk. þm. (HV) miklu viðameiri en brtt. Jóns Skaftasonar, því að hann leggur til, að í flestum tilfellum hækki bæturnar frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Hann leggur til, að skerðingarákvæðin falli niður nú þegar, og að verðlagssvæðaskiptingin verði niður felld, og enn fremur felst í hans till. að taka upp heilsugæzlukaflann svonefnda, sem var felldur niður úr tryggingalöggjöfinni fyrir nokkrum árum. Þessar brtt. allar eru svo umfangsmiklar, að það er nokkrum erfiðleikum bundið að gera sér fullkomlega grein fyrir, hvað þær mundu hafa mikinn kostnað í för með sér, og ég hef ekki getað fundið í þessum till., t. d. varðandi heilsugæzlukaflann, að þar væri gert ráð fyrir því, hvernig afla ætti tekna til þess að standa undir þeim kostnaði, sem sú samþykkt mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér.

Um þessar till. hefur ekki orðið samkomulag í heilbr.- og félmn. og munu fulltrúar minni hl. að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir þeim, og sé ég ekki ástæðu til að svo stöddu að fara um þær fleiri orðum.

Ég vil að endingu láta það í ljós, að ég tel, að með þessari lagasetningu muni vel til takast, að með henni verði stigið stórt spor í þá átt að leiðrétta þá skerðingu, sem bótaþegar tryggginganna hafa orðið fyrir á liðnum árum vegna sívaxandi dýrtíðar. Og það er vitanlegt, að það er með bótaþega almannatryggingaanna alveg eins og með sparifjáreigendur: Það er fyrst og fremst þeirra hagsmunamál, að sú dýrtíðarþróun, sem undanfarið hefur átt sér stað hér í landinu, verði stöðvuð. Aðgerðir þær, sem nú hefur þurft að gera í efnahagsmálum, hafa nokkra hækkun í för með sér í svipinn á framfærslukostnaði og koma þess vegna niður á bótaþegum almannatryggingaanna eins og öðrum, en með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, er stefnt að því að stöðva hina óheillavænlegu dýrtíðarþróun. Ég vil að lokum láta í ljós þá von, að það takist, ekki sízt til þess að bótaþegar almannatryggingaanna fái eftirleiðis notið óskertra launa.

Forseti (JóhH): Það hefði verið æskilegt vegna annars annríkis í þinginu, að þessi umr. yrði ekki mjög löng, og ég vil sérstaklega geta þess, að hæstv. félmrh. gat ekki af öðrum ástæðum verið viðstaddur. Að sjálfsögðu felast ekki í þessu nein tilmæli til hv. frsm. heilbr.- og félmn. að stytta mál sitt, því að þeir hafa um margþætt mál að fjalla, en aðrir hv. þm. mundu kannske vilja taka nokkurt tillit til þess, og væntanlega verður að fresta fundinum, áður en mjög langt um líður.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. (BF) hefur nú rakið mjög ýtarlega þær breyt., sem það frv., sem hér er til meðferðar, mun hafa á gildandi tryggingalöggjöf, og ætla ég ekki að fara neitt nánar út í að rekja það tölulega eða þær hækkanir, sem verða á ýmsum bótaliðum tryggginganna.

Eins og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. gat um, varð ekki fullt samkomulag í n. um frv. Ég fyrir mitt leyti samþ. og styð þær hækkunartill., sem frv. ber með sér, en taldi mig ekki geta fylgt frekari hækkunartillögum umfram þær, sem leiðir af þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 190.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv., er það skýrt tekið fram, að þetta frv. sé einn þátturinn í þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem ríkisstj. er nú að framkvæma þessa dagana. Af þeirri ástæðu tel ég vafasamt, að ýmislegt af því, sem í frv. er, sé ætlað til frambúðar, enda þótt mér skildist á hv. frsm. meiri hl. n., að svo mundi þó ætlunin vera hjá ríkisstjórnarflokkunum. Í athugasemdum við lagafrv. er það m. a. tekið fram, að aukning sú á bótagreiðslum almannatryggingganna, sem frv. boðar, sé einn liðurinn í þessum efnahagsmálaráðstöfunum. Þau bráðabirgðaákvæði, sem ég tel sennilegt að séu í frv., eru þau, að í því er ákveðið, að greiða skuli fjölskyldubætur með 1. og 2. barni. Greiðslur þessar munu kosta tryggingarnar á einu ári tæpar 100 millj. kr., og það þurfa alveg sérstakar ástæður að skapast í einu þjóðfélagi til þess, að 100 millj. kr. af ríkisfé og fé sveitarfélaganna sé varið til þess að styrkja hjón, sem eiga eitt barn, til þess að framfæra það. Að taka svo stóra fjárfúlgu, sem annars væri hægt að nota til verklegra framkvæmda, til slíkra bóta tel ég meira en vafasamt, nema eitthvað sérstakt komi til, sem geri það verjanlegt. Og það er einmitt það, sem er að ske nú í dag. Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. er að framkvæma í efnahagsmálum, binda hinu unga fólki, sem nú er að stofna til heimilis, svo þunga bagga um ófyrirsjáanlega framtíð, að ríkisstjórnarflokkarnir sjálfir viðurkenna, að til þess að bæta það upp að nokkru þurfi að borga ungum hjónum 2600 kr. á ári til þess að framfæra eitt barn.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. Ég vil þó lítillega víkja að þeim brtt., sem eru ekki margar, er ég hef borið fram við frv.

Í fyrsta lagi er það, að ég legg til, að framan við 2. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Fyrir orðið „heimilt“ í 1. mgr. 10. gr. laganna komi: skylt. — Eins og frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. gat um áðan, er heimild í lögum til þess, að sveitarfélög geti færzt á milli verðlagssvæða. Bætur á 1. verðlagssvæði eru nú 25% hærri en bætur á 2. verðlagssvæði, svo að að sjálfsögðu er þeim, sem bætur kynnu að fá á 2. verðlagssvæði, nokkurt kappsmál að komast yfir á 1. verðlagssvæði. Ég tel, að sveitarfélögin eða sveitarstjórnirnar í viðkomandi sveitarfélögum eigi að ráða því og að það sé ekki nokkur aðili annar, sem geti ráðið því, svo að vel fari, hvort sveitarfélag flyzt af 2. verðlagssvæði yfir á það 1. Ég tel ekki rétt, að það sé lögboðið hér á hinu háa Alþ., að landið skuli allt vera eitt verðlagssvæði, fyrst leið er opin fyrir öll þau sveitarfélög, sem það kunna að vilja, að flytjast yfir á 1. verðlagssvæði. Í þeim sveitarfélögum, sem ég þekki dálítið til, veit ég, að miklir erfiðleikar eru í peningamálum og yfirleitt mjög naumt skorið um allt fjármagn til framkvæmda. Ég tel, að sveitarstjórnir á slíkum stöðum séu eini aðilinn, sem á að dæma um það, hvort rétt sé að flytja sveitarfélagið á milli verðlagssvæða, og m. a. ákveða, að það greiði þá hærra gjald til tryggingganna en ella væri. Hins vegar tel ég rétt, að heimildarákvæðinu sé breytt fortakslaust þannig, að ef sveitarfélag óskar að flytjast yfir á 1. verðlagssvæði, þá skuli Tryggingastofnuninni skylt að verða við þeirri ósk, en að það skuli ekki háð duttlungum þeirra, sem þar kunna að ráða á hverjum tíma, hvort farið verður eftir þeirri ósk eða ekki.

2. brtt., sem ég flyt, er sú, að ég legg til, að 2. mgr. 5. gr. frv. falli niður, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.“ Ég tel, að það sé ekki réttmætt, að þessi börn, sem eru á framfæri foreldra, njóti ekki fjölskyldubóta eins og önnur börn í landinu, og legg því til, að þessi grein sé felld niður.

3. brtt. mín og sú, sem er mikilvægust, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 9. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: 1. og 2. mgr. 22. gr. laganna falli niður.“

Breyt., sem ég legg til að hér verði gerð, er sú, að felld verði niður skerðingarákvæðin á elli- og örorkulífeyrinum, sem svo mjög hefur verið talað um á undanförnum árum. Ég tel, að þessi skerðingarákvæði séu á allan máta óeðlileg. Þeir, sem verða fyrir þessum skerðingum, hafa í öllum tilfellum greitt sín fullu gjöld til tryggingganna ákveðið árabil, og er því ekki rétt, a. m. k. í langflestum tilfellum, að beita skerðingarákvæðunum gegn þeim, þegar þeir komast á ellilífeyrisaldur og hafa kannske einhverjar smáar tekjur. Fyrir liggja samþykktir frá ýmsum félögum og félagasamtökum í landinu með áskorunum á hv. Alþ. um að fella þessi skerðingarákvæði niður, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp bréf, sem mér hefur borizt og ég reikna með að aðrir hv. alþm. hafi fengið, en það er frá Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra í Reykjavík. Þar segir:

„Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Reykjavík, leyfir sér hér með að skora á hið háa Alþ. að taka inn í frv. það til laga um breytingu á almannatryggingunum, sem nú liggur fyrir Alþ., ákvæði um, að skerðingarákvæði þau á elli- og örorkulífeyri, sem skv. núgildandi lögum eiga að falla niður í árslok 1960, falli niður með samþykkt þessara laga. Viljum vér benda á, að fjölskyldubætur eru greiddar án tillits til tekna, en undir langflestum kringumstæðum standa líkamlega heilbrigðir foreldrar mun betur að vígi við að mæta auknum útgjöldum vegna uppeldis eins eða tveggja barna en öryrki að kljúfa þann kostnað, sem fötlun hans veldur honum. Má í því sambandi nefna, að margt fatlað fólk hefur ekki aðstöðu til að stunda atvinnu, nema það hafi umráð yfir ein-

hverju farartæki. Kaup og rekstur slíkra tækja er það kostnaðarsamur, að það er tæpast öðrum kleift en þeim, sem annaðhvort eru í vel launuðum stöðum eða fá aðstoð til þess frá ættingjum eða vinum. Þá eru margir öryrkjar, sem ekki eiga eða hafa ekki af einhverjum ástæðum möguleika til þess að eiga slík farartæki sjálfir, háðir því að taka leigubifreið til að komast ferða sinna. Oft veldur veður og færð því, að viðkomandi kemst ekki ferða sinna á annan máta. Í mörgum tilfellum getur fatlaður maður ekki unnið nema vissa vinnu. Er hann þá verr hæfur til lífsbaráttunnar en líkamlega heilbrigði maðurinn, sem getur óhindraður unnið sín heimilisstörf, unnið að viðhaldi íbúðar og margt fleira, sem hinn fatlaði verður oft að kaupa vinnu við. Þar sem ríkisstj. ætlar að koma til móts við þá, sem erfiðast eiga með að mæta vaxandi dýrtíð, með auknum tryggingum, teljum vér eðlilegast, að áðurnefnd skerðingarákvæði verði felld niður, um leið og þessi lög verða samþ.“

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn gat um það áðan, að til stæði, að þessi skerðingarákvæði féllu úr gildi að enduðu þessu ári. Það er að vísu rétt, að í l. er gert ráð fyrir, að lögin falli niður, ef ekkert annað verður gert. En mér skilst, að þetta séu ekki fyrstu áramótin, sem til hafi staðið að fella niður skerðingarákvæðin, en þó hafa þau lifað allt til þessa dags. Ég tel, að einmitt nú sé tækifærið, með þeim miklu breytingum og þeim auknu bótum, sem almenningur á að njóta frá tryggingunum, að afnema nú, einmitt nú, þessi skerðingarákvæði. Þau eru á allan máta óeðlileg og koma í langflestum tilfellum mjög óréttlátlega niður.

Forseti (JóhH): Til viðbótar við það, sem ég sagði áður, vil ég taka fram, að enda þótt takast mætti að ljúka þessari umr. í dag, áður en fundi er frestað, þá verður að sjálfsögðu atkvgr. frestað. Hún er nokkuð margbrotin, og þurfa þingmenn að hafa hæfilegan tíma til að átta sig á henni.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé rétt, að á þessu ári séu rétt 30 ár liðin, síðan fyrst var borin fram hér á hv. Alþ. till. til þál. um alþýðutryggingar. Till. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 3 manna milliþn. til þess að undirbúa og semja frv. til l. um alþýðutryggingar, er nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa-, mæðra- eða framfærslutryggingar og atvinnuleysistryggingar.“

Flm. þessarar till. var Haraldur Guðmundsson, þáv. þm. Ísaf., og hafði hann framsögu fyrir málinu f. h. Alþfl.

Þetta leizt Sjálfstfl. ekki á í þann tíð. Hann lagðist því fast og ákveðið gegn því, að n. yrði skipuð til að semja lagafrv. um alþýðutryggingar, og svo óralangt var Sjálfstfl. á þessum árum frá því að geta fallizt á almennar tryggingar til öryggis fátæku fólki í þjóðfélaginu, að hann barðist meira að segja ákaft á móti þeirri lagfæringu á fátækralöggjöfinni, að veittur sveitarstyrkur skyldi ekki svipta menn almennum mannréttindum, svo sem eins og kosningarétti. Um það atriði sagði foringi íhaldsmanna, Jón Þorlákssson, á Alþingi 1927: „Ég er mótfallinn brtt. á þskj. 468. Þar er farið fram á að fella burt það skilyrði fyrir kosningarréttinum, að menn séu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Mér sýnist ekki rétt að fara að breyta þessu. Það virðist ekki rétt að setja inn það ákvæði, að breyta megi því skilyrði fyrir kosningarrétti, að menn hafi ekki þegið af sveit, með einföldum lögum.“

Þetta var skoðun flokksforingjans Jóns Þorlákssonar. Hann var flokksforingi Íhaldsflokksins, ég skal taka það fram. En þó kvað einn af merkustu þm. íhaldsins, Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti, enn þá fastar að orði um þetta atriði, því að hann sagði m. a. þetta í þingræðu: „Það er mér mjög ógeðfellt tilhugsun, að menn, sem ekki geta séð fyrir sér og sínum, eigi að fara að sjá fyrir og stjórna okkur hinum.“ Og hann bætti við: „Ef veittur endurkræfur sveitarstyrkur hefur ekki réttindamissi í för með sér, mun það verða rothögg á sjálfsbjargarviðleitni margra og auka sveitaþyngslin að miklum mun, og ætti það að vera tryggt með stjórnarskránni, að slíkt kæmi ekki fyrir, alveg eins og það er tryggt með henni, að þjófar og bófar hafi ekki kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis.“

Það átti sem sé að vera jafnvel frá réttleysi fátæklinganna gengið í sjálfri stjórnarskrá Íslands að áliti þessa íhaldsmanns og réttleysi dæmdra óbótamanna.

Nærri því má geta, að menn, sem slíka afstöðu höfðu til félagsmálalöggjafar, voru víðs fjarri því að geta fallizt á setningu almennrar tryggingalöggjafar, enda fór það svo, að þegar Haraldur Guðmundsson hafði, eins og fyrr segir, lokið framsöguræðu sinni um alþýðutryggingarnar, kvaddi einn af mestu mælskumönnum Sjálfstæðisflokksins, Magnús Jónsson dósent, síðar guðfræðiprófessor, sér hljóðs og sagði þá m. a. þetta: „Hv. frsm. (þ. e. Haraldur Guðmundsson) sagði eitthvað á þá leið, að þetta mál væri eitt af þeim nútímamálum, sem við Íslendingar værum lengst á eftir í. Ja, aumingja Ísland,“ sagði Magnús. Þarna beitti talsmaður Sjálfstfl., eins og menn heyra, hinu naprasta háði, þegar á það var bent, að Íslendingar væru orðnir á eftir öðrum þjóðum í tryggingamálum: Aumingja Ísland! Síðan hélt Magnús áfram og sagði: „Eitt af þeim málum, sem sósialistar nota til agitasjóna, eru tryggingamálin. Eftir því sem sósialistar eru sterkari í löndunum, eftir því er meira um alls konar tryggingar, allt fjötrað og flækt í eintómum tryggingum, tekið stórfé af atvinnufyrirtækjunum, og mun ég því greiða atkv. á móti þessari till.“

En niðurstaðan varð samt sú í það sinn, að till. var samþ., líklega með eins atkvæðis mun, og milliþn. fékkst skipuð, þrátt fyrir harða mótspyrnu Sjálfstfl. í þessum kapítula tryggingamálanna.

Á næstu tveimur þingum flutti Alþfl. frv. um alþýðutryggingar, en í hvorugt skiptið náði það fram að ganga vegna andspyrnu Sjálfstfl. og ýmissa framsóknarmanna. Í þriðja sinni var málið svo flutt á þinginu 1935, að þessu sinni með árangri, og tóku lögin um alþýðutryggingar gildi 1. febr. 1936. [Frh.]

Forseti (JóhH): Mér þykir mjög miður og bið hv. þm. velvirðingar á því, að sökum sérstakra ástæðna, þá verð ég víst að fresta umr. núna. Mér er ljóst að það er ekki ánægjulegt að þurfa að trufla hv. þm. í máli sínu, en ég vona, að það verði virt til vorkunnar. (**HV:** Ég hélt einmitt, að hæstv. stjórn hefði valið sér þennan fundartíma til þess að ræða þetta stóra mál, en við því hef ég ekki neitt að segja að gera hlé á mínu máli.) Ég þakka fyrir. En það var einmitt vegna þess, að hæstv. ríkisstj. gat ekki verið við umr., sem m. a. svo til tekst. Þá verður þessari umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson) [frh.]: Herra forseti. Í inngangsorðum ræðu minnar í gær vék ég að viðhorfum manna og flokka til framfærslu- og tryggingamála, og var þar komið ræðu minni, þegar hæstv. forseti óskaði, að ég gerði hlé á henni þar til í dag, að ég hafði skýrt frá setningu alþýðutryggingalaganna 1936. Í framhaldi af því vil ég svo segja þetta:

Við hverja tilraun til endurbóta á alþýðutryggingunum gætti þverúðarfullrar andstöðu íhaldsaflanna, og alltaf var undiralda andspyrnunnar hin sama og hjá Magnúsi Jónssyni forðum, tryggingarnar væru fylgifiskur sósíalismans. Og hvað þyrfti þá frekar vitnanna við? Þá væru almennar tryggingar auðvitað af því vonda og bæri að berjast gegn slíkum vágesti. Eftir því sem sósíalistar væru sterkari í löndunum, eftir því væri meira um alls konar tryggingar, allt væri þá fjötrað og flækt í alls konar tryggingum. Loks var svo gerð mjög stórfelld skipulagsbreyting á fyrirkomulagi tryggingamálanna hér á landi með setningu laga nr. 50 frá 7. maí 1946, um almannatryggingar, laganna, sem hér eru nú til umræðu í því formi, sem þau eru nú. Við þessa lagasetningu gætti enn sem fyrr andúðar ýmissa sjálfstæðismanna á tryggingum, og bera lögin þess enn merki á margan hátt. Má þar sérstaklega nefna sem dæmi skerðingarákvæðin hvimleiðu og illræmdu, sem beint voru sett inn til samkomulags við Sjálfstæðisflokkinn og að settu skilyrði frá honum.

Fylgi ýmissa sjálfstæðismanna við lögin var bundið því skilyrði, að dregið yrði úr kostnaði við framkvæmd þessarar lagasetningar fyrstu árin, m. a. með svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris skv. 18. gr. og barnalífeyris skv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir: Fullur elli- og örorkulífeyrir skv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.“

Þingmeirihluti fékkst ekki fyrir almannatryggingalögunum 1946, nema gengið væri að þessu bráðabirgðaákvæði og ýmsum fleiri skilyrðum. En hitt var margtekið fram og mjög á lofti haldið, að eftir 5 ár skyldi þetta bráðabirgðaákvæði örugglega niður falla, en nú eru þau orðin 13 eða nær 14, og enn eru bráðabirgðaákvæðin í gildi.

Það er óþarft að fara um það mörgum orðum, því að við hverja endurskoðun tryggingalaganna síðan hafa íhaldsöflin staðið gegn því, að skerðingarákvæðin væru niður felld. Og alltaf hafa þau fengið með sér þingmeirihluta til þess að framlengja þau. Ég minni t. d. á, að árið 1955 bar ég fram tillögu um, að skerðingarákvæðin skyldu niður felld. Þessa tillögu flutti ég í nafni Alþfl. og með fullu samþykki þingflokks hans. Mér kom það því meira en lítið á óvart, þegar ég flutti þessa sömu till. á s. l. sumri, að það var þá ríkisstj. Alþfl., sem studdist við fylgi Sjálfstfl., sem varð til þess að afstýra afnámi skerðingarákvæðanna í það sinn.

Nú ber ég þessa till. fram enn og reynir þá enn á ný á Sjálfstfl. og hinn forna alþýðutryggingafrumherja, Alþfl., hvort þeir geta nú fallizt á afnám skerðingarákvæðanna eða ekki. Ég vil vona, að það komi í ljós, að Sjálfstfl. hafi nú breytt um afstöðu, svo að hægt væri að segja við mig: Þér stoðar ekkert að vitna til afstöðu Sjálfstfl. fyrir 20—30 árum, eins og þú gerðir í upphafi ræðu þinnar, því að það, sem máli skiptir, er afstaða hans nú, og nú er hann horfinn frá þeirri afstöðu sinni. — Ég játa, að þá væri mikil og gleðileg breyting orðin á Sjálfstfl., ef hann fengist nú undanbragðalaust til þess að greiða atkvæði með till. um afnám skerðingarákvæðanna og annarra meiri háttar endurbóta á tryggingunum. Hitt mundi þó hryggja mig enn meir, ef það kæmi nú aftur í ljós, eins og í sumar er leið, að Alþfl. hefði skipt um skoðun á þann veg að taka upp fjandsamlega afstöðu íhaldsins til tryggingamála og verði því nú ásamt því til að fella tillögu um afnám skerðingarákvæðanna, um að gera landið að einu verðlagssvæði, um að breyta ellilífeyrinum í fullnægjandi framfærslulífeyri o. s. frv.

En þótt nú þegar hafi örlað á slíkri samfylgd Alþfl. við Sjálfstfl. í n., vil ég ekki trúa því, fyrr en ég tek á því, að Alþfl. sé svo breyttur orðinn, einnig í tryggingamálum, að hann gangi þar gegn sínum fyrri till. En máske er það þó svo, að hin endurskoðaða jafnaðarstefna á atómöldinni sé andstæð fullkomnum almannatryggingum, og ef svo er, þá er að taka því.

Þessu næst vil ég víkja nokkuð að hinu stórbrotna nýmæli almannatryggingalaganna frá 1946, heilsugæzlukaflanum. Myndarleg framkvæmd á þeim kafla tryggingalaganna hefði valdið tímamótum í meðferð heilbrigðismála á Íslandi, en því miður varð þar ekkert af framkvæmdum. Upphafsorð heilsugæzlukaflans frá 1946 voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna. Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp."

Komið skyldi upp heilsuverndarstöðvum um land allt undir stjórn heilsugæzlunefnda. Hlutverk heilsuverndarstöðvanna átti að verða það að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, svo sem mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklaveiki-, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andlega heilsuvernd, enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðvum, aðstoð við almennar slysavarnir, hýbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir. Auk almennrar sérfræðilegrar læknishjálpar og tannlækninga, nuddlækninga, fæðingarhjálpar áttu heilsugæzlustöðvarnar að annast rannsóknir, sem miðuðu að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Samkv. heilsugæzlukaflanum átti Tryggingastofnun ríkisins og að greiða kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum. Tryggingastofnunin skyldi enn fremur greiða læknishjálp alla fyrir alla, sem njóta lífeyris- og örorkubóta, svo og fyrir börn þeirra, munaðarleysingja og fyrir þá, sem njóta slysabóta. Hún skyldi og greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum væri brýn nauðsyn á eða lífsnauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skyldu greiðast að hálfu. Tryggingastofnunin átti að greiða að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, ef framkvæmdar voru af viðurkenndum lækni eða af viðurkenndri heilbrigðisstofnun, svo og kostnað við röntgen- og radíumlækningar í viðeigandi tilfellum.

Mörg stórmerk efnisatriði voru í heilsugæzlukaflanum, þó að þau verði ekki rakin hér nánar.

Frumhöfundur heilsugæzlukaflans mun hafa verið Jóhann heitinn Sæmundsson, fyrrv. félmrh., síðar tryggingalæknir og prófessor, og munu þeir, sem þekktu þennan mæta mann og ágæta lækni, telja það eitt út af fyrir sig vera nokkra tryggingu fyrir því, að allvel hafi verið til þessa hluta tryggingalöggjafarinnar vandað. Síðan starfaði mþn. að undirbúningi laganna, en ekki var látið þar við sitja, því að þegar Finnur heitinn Jónsson var félmrh., skipaði hann enn nefnd 3 lækna til að endurskoða alveg sérstaklega heilsugæzlukaflann. Þessir læknar voru Guðmundur Thoroddsen prófessor, Magnús Ágústsson héraðslæknir og Snorri Hallgrímsson núv. prófessor. Síðar tóku heilbr.- og félmn. þingsins við málinu, og hafði kaflinn mjög lítið breytzt frá því, sem Jóhann heitinn Sæmundsson hafði gengið frá honum, þrátt fyrir alla þessa endurskoðun, sem síðar fór fram.

En hvernig atvikaðist það svo, að heilsugæzlukaflinn kom aldrei til framkvæmda? Það verður fullljóst með því að rifja upp eftirfarandi úr ræðu Gísla Jónssonar, þáv. þm. Barð., en hann var fulltrúi Sjálfstfl. í mþn. um tryggingamálin árið 1946. Gísli Jónsson sagði þá: „Í áttunda lagi," þá var hann í 7 atriðum búinn að flytja fram ýmis vandkvæði, sem hann taldi á tryggingalagafrv., „var ég óánægður með að taka allan heilsugæzlukaflann upp í frv. Hins vegar varð samkomulag um að fresta framkvæmd þessa hluta laganna um eitt ár."

Um síðari framvindu þessa máls má svo lesa í árbókum Tryggingastofnunar ríkisins. Í árbók tryggginganna 1947—1953 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lögum um almannatryggingar frá 1946 var gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins tæki að sér sjúkratryggingar á öllu landinu í stað sjúkrasamlaga, og skyldu sjúkrasamlög hætta störfum, þegar III. kafli laganna, um heilsugæzlu, kæmi til framkvæmda, en það átti að gerast hinn 1. jan. 1948. Framkvæmd þessa kafla almannatryggingalaganna hefur síðan verið frestað frá ári til árs, nú síðast til 1. jan. 1957 með lögum frá 29. des. 1955."

Þetta er í árbókinni frá 1947—1953. Í árbókinni frá 1954—1956, þeirri seinustu, sem út hefur komið, er aftur vikið að frestun heilsugæzlukaflans og sérrekstri sjúkrasamlaganna, sem upphaflega átti að falla undir tryggingarnar. Þar segir svo m. a.:

„Með almannatryggingalögunum frá 1946 var ákveðið að leggja sjúkrasamlögin niður í árslok 1947, en í stað þeirra átti að koma heilsugæzla á vegum almannatryggingarinnar. Heilsugæzluna skyldu annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess væru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni, en þar, sem ekki væru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, skyldu héraðslæknar með aðstoð annarra heilbrigðisstarfsmanna annast störf þeirra. Framkvæmd heilsugæzlukaflans var frestað frá ári til árs, og sjúkrasamlög störfuðu áfram. Árið 1950 voru samþykkt lög, sem ákváðu, að stofnuð skyldu sjúkrasamlög í þeim hreppum, sem þá höfðu ekki þegar starfandi samlög, og skyldu samlagsmenn njóta réttinda frá 1. okt. 1951. Enn var framkvæmd heilsugæzlukaflans frestað, og með hinum nýju lögum 1956 var horfið frá hugmyndinni og sjúkrasamlög látin starfa áfram."

Þetta held ég að hafi verið mikið óheillaspor.

Á þinginu 1955 bar ég fram till. um, að heilsugæzlukaflinn yrði tekinn upp í löggjöfina aftur, en þá hafði mþn. lagt til, að hann

yrði felldur niður, og varð svo. Þessi breyting kom mér og ég hygg mörgum öðrum á óvart, því að með breytingu á almannatryggingunum 1953 voru sett margvísleg ákvæði til að undirbúa einmitt framkvæmd heilsugæzlukaflans. Þar á meðal var sett inn ákvæði um ráðningu heilsugæzlustjóra, sem annast skyldi forstöðu heilsugæzlumála, þegar III. kafli laganna, þ. e. heilsugæzlukaflinn, kæmi til framkvæmda. 1. gr. I. kafla l., sem um þetta fjallaði, frá 1953, var svo hljóðandi:

„Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. l., er ráðh. heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri. Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamála stofnunarinnar í samráði við forstjóra. Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er III. kafli l. kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna, meðan þau starfa. Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, er honum eru sérstaklega falin í lögunum".

Í þessa áttina var stefnt árið 1953. En ekkert varð af undirbúningi heilsugæzlunnar eða framkvæmd hennar þrátt fyrir stofnun þessa embættis. Enn starfa sjúkrasamlögin sem sérstök fyrirtæki með sérstakt skrifstofubákn, t. d. hér í Reykjavík, og nú er 1. gr. þessa frv. um almannatryggingar, sem hér liggur fyrir til umr., einmitt um það að leggja seinustu leifarnar af embætti heilsugæzlustjóra niður. Embættið mun, síðan kaflinn um heilsugæzlu var felldur niður, hafa heitið sjúkramálastjóri. Um þetta segir svo í athugasemd við stjórnarfrv., sem nú er til umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Við Tryggingastofnun ríkisins hafa starfað 3 læknar, sjúkramálastjóri Sigurður Sigurðsson, berklayfirlæknir, og hefur sjúkramálastjórastarfið verið hálft starf, tryggingayfirlæknir Páll Sigurðsson í fullu starfi og aðstoðarmaður hans, Bergþór Smári, og hefur það verið hálft starf. Nú hefur Páll Sigurðsson beðizt lausnar, en hann er orðinn 67 ára gamall, og Sigurður Sigurðsson hefur fengið veitingu fyrir landlæknisembættinu. Þótt hagkvæmt hafi reynzt að skipa læknastörfum stofnunarinnar á þennan veg hingað til, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að svo verði framvegis. Þykir eðlilegast, að læknastörf við stofnunina verði full störf og að þeim gegni þá aðeins tveir menn, tryggingayfirlæknir og tryggingalæknir, tryggingayfirlækninum til aðstoðar. Tryggingayfirlæknir tæki þá við deildarstjórn sjúkratryggingadeildar, en tryggingalæknir annaðist sérstaklega örorkumat lífeyrisdeilda. Brýn þörf er á því að fá lagabreytingu þessa samþykkta hið fyrsta, svo að hægt verði að auglýsa störfin laus til umsóknar."

Það má vel vera, að sú skipan læknamála hjá Tryggingastofnuninni, sem þarna er lagt til að upp verði tekin, reynist eins hagkvæm og hin fyrri, þótt horfið verði að því ráði að taka upp aftur heilsugæzlukaflann, sem ég vil vona og tel sjálfsagt að gert verði, enda geri ég enga till. um það, að þessari tilhögun læknaskipunar hjá Tryggingastofnuninni verði breytt nú. Hins vegar teldi ég þó eðlilegt, ef heilsugæzlukaflinn yrði tekinn upp aftur, að yfirlæknir Tryggingastofnunarinnar bæri sitt fyrra embættisheiti, nefnilega heilsugæzlustjóri.

Eins og frsm. meiri hl. skýrði frá, ræddi heilbr.- og félmn. þetta stjórnarfrv. á einum 4 fundum, en þríklofnaði, þar sem stuðningsmenn stjórnarinnar vildu ekki fallast á neinar breytingar á frv., sem máli skiptu. N. er þó öll sammála um smábreytingar þær, sem eru á þskj. 169, og hefur áður verið frá því skýrt af frsm. Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) vildi meiri breyt. á frv. en stjórnarliðar gátu fallizt á, og hefur hann gert grein fyrir þeim breytingum. Skildist mér á honum bæði í n. og í framsöguræðu hans, að hann og flokkur hans mundu geta stutt ýmsar þær till., sem ég ber fram á þskj. 171.

Frsm. meiri hl. (BF) gerði mikið úr þeim breytingum og endurbótum á almannatryggingunum, sem fælust í frv. ríkisstj. Hafa slíkar bumbur verði barðar nú um langan tíma, eða allt frá því a. m. k. að nokkuð fór að kvisast um aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum. Þegar stuðningsmenn stjórnarinnar hafa látið í ljós ugg sinn og kvíða út af gengisfellingunni, dýrtíðarflóðinu, skattaklyfjunum, afnámi vísitölunnar, lánabanninu, söluskattinum, vaxtahækkuninni og fyrirsjáanlegum atvinnusamdrætti, hefur þrautalendingin alltaf verið sú hjá verjendum stjórnarinnar að segja eitthvað á þessa leið: Já, en kæru vinir, verið þið bara rólegir, við ætlum að gera svo stórkostlegar umbætur á almannatryggingunum, að nærri því allir fá fullar bætur dýrtíðar og atvinnuleysis og sumir jafnvel meira. — Þessa tóns fannst mér einnig gæta, því miður, í framsöguræðu meiri hlutans. Og af þessari sjálfsánægju sjáum við líka nokkurn vott í nál. meiri hl., sem hér liggur á borðum hv. þm.

Umbæturnar á tryggingunum, sem felast í þessu stjórnarfrv. og eru kallaðar gagngerar og stórmerkar, eru svo smávægilegar, að ég held, að þeir menn verði að vera lítilþægir um umbætur í tryggingamálum, sem geta lýst sig ánægða með þær. Það eru því miður engar gagngerar breytingar á kerfi almannatrygginganna í þessu frv. ríkisstj. Borgurum landsins er misgert eins og áður, landinu er skipt í tvö verðlagssvæði, ellistyrkurinn er enn þá svo naumur, að flestir, sem hans njóta, eru jafnframt gerðir að opinberum styrkþegum, og til annars var þó ætlazt í upphafi. Ekki er orð eða stafur um það í þessu frv., að afnema beri hin ranglátu og heimskulegu skerðingarákvæði gagnvart ellilífeyri og örorkubótum.

Ekki er tekið í mál að koma heilsugæzlu og heilsuverndarstarfsemi í skipulegt form undir merki trygginganna, sem var þó ein glæsilegasta hugsjón þeirra manna, sem brutu brautina fyrir tryggingum hér á landi. Allt

þetta vantar í frv. stjórnarinnar. Ekkert af þessu er í því. Hitt finnst mér ekkert vera til þess að miklast af, þótt stjórnarherrar dýrtíðarinnar treystust ekki til þess að fyrirskipa gamalmennum og öryrkjum, einstæðum mæðrum og ekkjum, sjúkum mönnum og slösuðum að búa við sömu tryggingabætur að krónutölu og verið hefur ákveðið til þessa, og það mega þeir eiga, til þess ætlast þeir ekki heldur. Það er rétt, að flestar bætur tryggginganna eru hækkaðar að krónutölu í þessu frv., en samt efast ég um, að hagur hinna tryggðu verði nokkuð betri en áður, eftir að afleiðingar efnahagsaðgerðanna eru allar komnar fram. Ef ég reynist sannspár um það, hvað er þá orðið um öll stóru orðin um gagngerar umbætur á tryggingunum? Ekkert. Þær eru orðnar að engu.

Nei, sannleikurinn er sá, að allt þetta gum um stórkostlegar endurbætur og útfærslu tryggingamála, sem í þessu stjórnarfrv. eigi að felast, minnir helzt á þann þjóðarrétt, sem nefndur var flautir. Hann var gerður úr mjólk að vísu, en hann var mestmegnis loft, froða, og þótti aldrei vera undirstöðufæða, enda aðallega ætlaður snauðu fólki. Þetta flautafrv. ríkisstj. er svo sannarlega miklu minna að raunverulegu innihaldi en málgögn og málpípur stjórnarliðsins vilja vera láta, og mætti þó kveða þar öllu fastar að orði. Það er líka fyrst og fremst borið fram, þetta frv., til þess að reyna að sætta landslýðinn við þær þungu búsifjar, sem allir verða fyrir vegna aðgerðanna í efnahagsmálum. Dýrtíðar- og fátæktarstjórana, — ég á þar við 7 hæstv. ráðherra, — vantaði einhverja dulu til að dansa í til þess að skýla nekt sinni í verðbólgu- og dýrtíðardansinum frammi fyrir þjóðinni. Og þar urðu tryggingarnar fyrir valinu. Þetta er sannleikur málsins, hvort sem mönnum kann nú að finnast hann eitthvað eilítið beiskur á bragðið. Þetta er hann. Frá því verður a. m. k. með engu móti hlaupizt né yfir það breitt héðan af, að einn meginþáttur þessa tryggingafrv. er einmitt sá að friða fólk, milda afstöðu þess gagnvart efnahagsmálaaðgerðunum með þeirri krónutöluhækkun, sem sett er hér á ýmsar tryggingabætur. Ég veit ekki, hvort ég á að kalla það plástur eða almennar sárabætur. Þetta er berum orðum játað í athugasemdum, sem með frv. um efnahagsmál voru, en þar sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér vegna hækkaðs verðlags, leggur ríkisstj. til, að mjög mikil" — eins og þar stendur — „hækkun sé gerð á bótum almannatryggginganna, sérstaklega á fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri."

Í hvítu bókinni, sem ríkisstj. gaf út og dreifði út um landið á kostnað ríkissjóðs, þ. e. a. s. á kostnað þegnanna, er þetta sárabótasjónarmið einnig játað afdráttarlaust, því að þar segir svo, á bls. 19 og 20, með leyfi hæstv. forseta:

„Slík hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi afar þungbær. Af þeim ástæðum telur ríkisstj. alveg óhjákvæmilegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin og þá fyrst og fremst á lífskjör barnafjölskyldna og aldraðs fólks."

Takið eftir! Þarna játar ríkisstj., að efnahagsmálaaðgerðir hennar hljóti að verða öllum almenningi afar þungbærar, svo að óhjákvæmilegt sé að hlaupa undir bagga með barnafjölskyldum og öldruðu fólki. Sams konar játningu er enn fremur að finna í nál. hv. meiri hl., þar sem skýrt er frá þeim hækkunum bóta, sem í þessu frv. felist, en þar segir svo um ástæðuna til þessara hækkana: „Kemur einkum tvennt til: Í fyrsta lagi höfðu bótagreiðslur tryggginganna síðustu árin ekki hækkað í samræmi við vaxandi dýrtíð og í öðru lagi ber að líta á hækkun þeirra nú sem veigamikinn þátt þeirra efnahagsmálaráðstafana, sem gerðar hafa verið af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar." Þetta er úr nál. meiri hl. heilbr.- og félmn.

Það er vissulega hverju orði sannara, að bótagreiðslur tryggginganna hafa ekki hækkað í samræmi við vaxandi dýrtíð, og hafa bæturnar því minni kaupmátt en áður var. En tryggingarnar hafa líka alltaf verið undir stjórn þess flokks, sem nú er í flestum málum kominn íhaldsmegin við íhaldið. Þær hafa einnig heyrt undir ráðherra þessa sama flokks, og var þá vart við öðru að búast en þær drægjust aftur úr, enda hefur svo orðið.

Mþn., sem skipuð var á miðju ári 1958 til þess að endurskoða ákvæði tryggingalaganna um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar, skilaði áliti og frv., sem lagt var fyrir seinasta þing. Auðvitað lagði n. til, að verulegar hækkanir yrðu á lífeyrisgreiðslunum. Sú n. sá þó auðvitað ekki fyrir það dýrtíðarflóð, sem nú blasir við. Er því ekkert undrunarefni, þótt bætur séu hækkaðar frá því, sem n. lagði til. Að öðrum kosti hefðu till. mþn. verið að engu gerðar strax við lögfestingu þeirra. Þetta er einn meginþáttur frv.

Í öðru lagi byggist efni þessa frv. á frv. sömdu af annarri mþn., sem hóf störf sín í ársbyrjun 1959 og átti að endurskoða ákvæði tryggingalaganna um slysabætur með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar. Till. þessarar mþn. eru að mestu teknar upp í frv. Þar er um að ræða nokkra hækkun á dagpeningum, enda var svo komið, að Ísland fullnægði ekki lengur skilyrðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um, að dagpeningar skyldu a. m. k. vera helmingur af daglaunum.

Meginbreytingin í þessum kafla er þó sú, að dánarbætur verða nú 90 þús. kr. fyrir alla, en hafa verið frá rúmum 19 þús. kr. og upp í 87 þús. kr. Þarna er um verulega umbót á slysatryggingakaflanum að ræða, það skal ég fyllilega játa.

Þessu næst vil ég svo gera nokkra grein fyrir brtt. þeim, sem ég flyt.

Fyrsta brtt. mín er við 2. gr. frv. Þar blasir strax við, að ekki er um neinar gagngerar umbætur á sjálfu tryggingakerfinu að ræða. Þar er gert ráð fyrir því, að landinu verði framvegis sem hingað til skipt í tvö verðlagssvæði og bætur allar og iðgjöld verði yfirleitt fjórðungi lægri á öðru verðlagssvæði en á því fyrsta. Með þessu er gert upp á milli þegnanna eftir því einu, hvar þeir eru búsettir. Ef þeir búa í kaupstöðum með 2000 íbúa eða fleiri, njóta þeir 25% hærri bóta, en ef þeir eru búsettir í fámennum kaupstað, kauptúni eða í sveit, þá skulu þeir búa við skarðan hlut, eiga fjórðungi minni rétt. Þetta er óþolandi misrétti, enda lýsti Alþfl. sig andvígan þessu í öndverðu, og framsóknarmenn fordæmdu þetta að vonum þá. Þeir heimtuðu jafnan rétt til handa fólkinu í sveitunum, og lái ég þeim það ekki. Þetta er gert til að spara á fólkinu í dreifbýlinu. Íhaldssamar sveitarstjórnir sleppa líka með lægri greiðslur til trygginganna af þessum sökum. Þess vegna er heimild sveitarstjórna til að óska eftir tilfærslu á fyrsta verðlagssvæði nálega einskis virði, og þýðir alls ekki að vitna til hennar sem neins möguleika fyrir fólkið. Það er fólkið í dreifbýlinu, sem situr svo með hinn skerta rétt og fær ekkert að gert, fyrr en lögunum er breytt.

Ég hef aldrei getað fellt mig við þetta ákvæði, og ég tel það úrelt með öllu, hafi það nokkurn tíma átt rétt á sér, og ranglátt er það a. m. k., eins og nú er komið. Ég legg því til, að sú meginbreyting verði nú gerð á fyrirkomulagi trygginganna í landinu, að allt landið verði eitt verðlagssvæði. Ég vil rökstyðja þetta nokkru nánar.

Þegar þetta ákvæði var upphaflega tekið inn í tryggingalögin, var kaupgjald yfirleitt hæst í Reykjavík, nokkru lægra í flestum öðrum kaupstöðum og mun lægra í smærri kauptúnum og í sveitunum. Nú er þetta breytt í verulegum atriðum, og ber að þakka það viðleitni verkalýðssamtakanna til að jafna kaup og kjör í landinu. Fyrir nokkrum árum náðu verkalýðssamtökin því takmarki, að kaup samkv. stéttarfélagasamningum skyldi vera jafnt, hvar sem væri á landinu. Hið sama gildir, eins og allir vita, um alla embættismenn ríkisins og opinbera sýslunarmenn. Laun þeirra fara ekki eftir því, hvar þeir eru búsettir. Auk þess hefur atvinna jafnazt nokkuð um land allt hin síðari ár, og atvinnuleysistryggingum hefur verið komið á. Rök verða því ekki fundin fyrir því, að iðgjöld verði að vera lægri úti um landsbyggðina vegna lægra kaupgjalds þar eða vegna ótraustari atvinnugrundvallar. Það getur verið sitt á hvað áreiðanlega. Sé svo litið á hina hlið málsins, hvort fólk geti ef til vill komizt af með minni bætur úti um landið, því að þar sé ódýrara að lifa, þá mæla einnig flest rök gegn því, að svo geti verið. Yfirleitt hlýtur vöruverð að vera heldur hærra en lægra á öðru verðlagssvæði en á því fyrsta, og væri því öllu eðlilegra, að einmitt þar væru greiddar hærri bætur, ef landinu á annað borð er skipt í tvö verðlagssvæði. En þessi skipting er helber vitleysa og auk þess ranglát og á því að hverfa. Ákvæðið um að skipta landinu í tvö verðlagssvæði er að finna í 10. gr. almannatryggingalaganna, og legg ég því til, að sú grein l. falli niður.

Ég vil vænta þess, að hv. alþm. fallist nú á, að þessi breyting sé réttmæt, og styðji hana því með atkv. sínu. Ég gat ekki heldur betur heyrt á hæstv. félmrh., þegar hann mælti fyrir frv., en hann kannaðist fyllilega við réttmæti þess, að landið yrði eitt verðlagssvæði. Mætti sú vitneskja um afstöðu ráðh. e. t. v. endast til að gera einhverjum stjórnarsinna auðveldara að stuðla að þessari verðu og sjálfsögðu breytingu.

Í 3. gr. stjórnarfrv. er lagt til, að árlegur ellilífeyrir verði 14400 kr. fyrir einstakling á fyrsta verðlagssvæði, en 10800 kr. á öðru verðlagssvæði. Þetta gerir, eins og menn sjá, 1200 kr. á mánuði á fyrsta verðlagssvæði og 900 kr. á mánuði á öðru verðlagssvæði. Það mætti e. t. v. bjóða hv. alþm. eða máske sjálfum ráðh. til æfinga í að lifa ekki um efni fram á 9—12 hundruð kr. mánaðartekjum. Sannast að segja býst ég við heldur fáum lysthafendum að slíku tilboði.

Hjónum er svo ætlaður 10% lægri lífeyrir en tveimur einstaklingum, þ. e. 25920 kr. á fyrsta verðlagssvæðinu, en 19440 kr. á öðru. Það er, eins og menn sjá, 1620—2160 kr. á mánuði fyrir tvær manneskjur. Hvaða heimili skyldi nú geta dregið fram lífið á þessum tekjum? En svo er mér spurn: Hvers skyldi þjóðfélagsstofnunin, heimilið, eiga að gjalda, fyrst tveir einstaklingar, sem standa að stofnun þess, fá skertar bætur frá tryggingunum fyrir vikið? Það er ýmislegt refsivert í þessu landi. Það kostar þessa 2 einstaklinga 10% af bótum frá tryggingunum að taka upp á slíkum skratta.

Þessi réttindaskerðing heimilisins eða hjónanna, sem til þess stofna, finnst mér vera frekar til vanvirðu. Það verð ég að segja. Till. mín er því sú, að einstaklingslífeyrir verði 16 þús. kr. á ári, auðvitað hvar sem er á landinu, og að hjón fái tvöfaldan einstaklingslífeyri, þ. e. 32 þús. kr., og verði ekkert af honum tekið. Þetta tel ég algert lágmark þess, sem hugsanlegt sé að nokkur maður geti dregið fram lífið á, miðað við núverandi dýrtíð, hvað þá eftir að blessun efnahagsmálaaðgerðanna hefur dropið á okkur í nokkrar vikur eða mánuði. Þegar við leiðum svo hugann að þeirri framtíðarblessun, þá verða þessar lífeyrisuppbætur ófullnægjandi með öllu skömmu eftir samþykkt þeirra, nema jafnframt sé ákveðið, að þær skuli fylgja vísitölu framfærslukostnaðar, og það tel ég sjálfsagt að þær geri og legg því til, að á nefndar grunnupphæðir ellilífeyris og örorkubóta og skyldar bótagreiðslur komi ávallt full vísitala framfærslukostnaðar. Aðeins með þessu móti væri sýnd viðleitni til að tryggja það, að aldrað fólk og öryrkjar njóti þó þeirra bóta, sem ákveðnar eru með

lagasetningunni, nokkru lengur en ella mundi. Verði þetta ekki gert, er mjög tjaldað til einnar nætur um kaupmátt ellilífeyris og örorkubóta, þegar tillit er tekið til þess, að verðlag allt er nú á hverfanda hveli hér á landi.

Í merku riti um *félagsmál á Íslandi*, sem út var gefið af félmrn. árið 1942, segir allýtarlega frá úthlutun ellilauna og örorkubóta samkv. l. um alþýðutryggingar frá 1936, en þá höfðu sveitarstjórnirnar, en ekki Tryggingastofnunin, með höndum úthlutun ellilauna og örorkubóta. Í bók þessari er margoft vikið að því, að úthlutun beri að haga svo af sveitarstjórnunum, að sá, sem ellilaun fær, þurfi ekki jafnframt að verða styrkþegi sveitarinnar. Á bls. 95 í nefndri bók segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal haga úthlutuninni svo, að gamalmenni eða öryrki, sem styrks nýtur, þurfi ekki fyrirsjáanlega að njóta almenns framfærslustyrks."

En hvernig finnst mönnum útlitið vera fyrir það, að menn, sem fá 900—1200 kr. á mánuði núna, mundu þurfa að leita framfærslustyrks að auki? Ég held, að það sé heldur dökkt útlit. Síðan segir svo á sömu blaðsíðu í sömu bók:

„Af framansögðu sést, að sveitarstjórnir ákveða í fyrsta lagi, hverjir af umsækjendum skuli fá ellilaun eða örorkubætur, og í öðru lagi, hve háar hverjum umsækjanda eru úthlutaðar bæturnar. Aðeins er það fyrirskipað, að þær megi ekki vera svo lágar, að umsækjandinn þurfi fyrirsjáanlega að leita almenns framfærslustyrks að auki."

Þarna endurtekur höfundur bókarinnar þessa skyldu sveitarstjórnanna, að ellilífeyririnn verði að vera svo hár og örorkubæturnar, að ekki líti út fyrir það fyrirsjáanlega, að viðkomandi þurfi að leita sveitarstyrks að auki.

Svona hátt var markið sett þá. Þetta var þegar tryggingarnar voru á byrjunarstigi og áður en Tryggingastofnun ríkisins tók þessi mál í sínar hendur. Síðan hefur fáninn fallið okkur til lítils sóma. En vissulega ættum við að leggja metnað okkar í það, að tryggingakerfi okkar verði samboðið okkur sem menningarþjóð, a. m. k. að því er snertir börnin og gamla fólkið, gagnvart því fólkinu, sem ber framtíðina á herðum sér, og þeim, sem þegar hafa gefið þjóðinni líf sitt og krafta. Ef við getum það ekki og höfum ekki efni á því, þá höfum við ekki reynzt fær um að halda uppi tryggingakerfi á sómasamlegan hátt.

Nú er öllum kunnugt um, að ellilífeyrir og örorkubætur hafa um nokkuð mörg ár verið svo lágar upphæðir, þær eru 336—448 kr. á mánuði, að óumflýjanlegt hefur verið, að flestir elli- og örorkulífeyrisþegar yrðu jafnframt styrkþegar. Þetta er ljótur blettur á tryggingunum okkar, gagnstætt anda þeirra og tilgangi í upphafi. Það er manndómslegt takmark, sem brautryðjendur tryggingarinnar settu sér í öndverðu, að elli- eða örorkulífeyrisþeginn skyldi ekki þurfa jafnframt að vera styrkþegi, og því merki verðum við að halda hátt á loft, en vera minni menn, ef við fellum það mark. Og hvað þarf þá ellilífeyririnn a. m. k. að vera hár, til þess að þessu marki verði náð? Er því náð með 9—12 hundruð kr. lífeyri á mánuði? Því mun enginn treystast til að halda fram. Daggjald á elliheimili hér í Reykjavík mun nú vera 85 kr., og kostar þá ársdvölin rúmar 31 þús. kr. Sé ellilífeyrir nú ákveðinn 14400 kr., nægir hann sem sé ekki til greiðslu á dvalarkostnaðinum, þó að heimildin um 100% álag sé að sjálfsögðu notuð til fulls. Ellilífeyrisþeginn verður styrkþegi jafnframt.

Ég legg til, að ellilífeyririnn verði nú ákveðinn 16 þús. kr., og tel það algert lágmark, til þess að hjá aukastyrk verði komizt, en með 100% álaginu mundi þetta rétt nægja til greiðslu á dvalarkostnaðinum, og smáupphæð væri að auki, sem ég legg til að aldrað fólk og öryrkjar, sem á hælum dveljast, fái til nauðsynlegustu eigin nota. Nú er, eins og allir vita, hækkandi verðlag fram undan, og það er vitað, að nýir samningar um hækkuð daggjöld á elliheimilum eru hafnir, ef þeim er þá ekki lokið í dag, og er talið, að með þeim verði daggjaldið ákveðið 100 kr., en það þýðir, að ársdvölin kostar 36500 kr. Það er með þessa vitneskju í huga, sem ég ber fram þá till., að *vísitöluuppbót á ellilífeyri og örorkubætur* verði ákveðin í þessum lögum. Verði sú till. felld, er elli- og örorkulífeyrisþeginn orðinn styrkþegi, áður en varir. Ég held, að það verði ekki sagt með neinni sanngirni, að till. mínar um ellilaun og örorkubætur séu neinar öfgar, ég hef haldið mig þar við algert lágmark og aflað mér vitneskju um, hver kostnaðurinn er við framfærslu gamalmennis t. d. hér í Reykjavík.

Í 4. gr. frv. er heimild til að greiða eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Ég held, að þeim mönnum, sem framkvæma eiga tryggingalöggjöfina, hljóti að vera meinilla við allar slíkar lauslega orðaðar heimildir. Þær hljóta margoft að setja þá í mikinn vanda og því bezt að fækka slíkum heimildum eins og hægt er, en setja í staðinn skýr ákvæði um ákveðin réttindi hinna tryggðu. Ég legg því til, að skylt verði að greiða maka, hvort sem væri karli eða konu, eiginmanni eða eiginkonu, makabætur allt að 80% lífeyris viðkomandi bótaþega, en mat á sérstökum ástæðum ráði ekki úrslitum um þetta.

Þá er ég kominn að fjölskyldubótunum, sem mest hefur verið hampað sem sérstaklega stórfenglegri endurbót á tryggingunum.

Í 5. gr. frv. er ákveðið, að árlegar fjölskyldubætur með hverju barni í fjölskyldu skuli vera 2600 kr., nema til þeirra barna, sem eigi framfærsluskyldan föður utan fjölskyldunnar. Slík börn eiga engar fjölskyldubætur að fá, hvers sem þau eiga annars að gjalda, sem ég fæ nú ekki séð, þar sem fjölskyldubæturnar í þessu formi eru einmitt rökstuddar með þeim miklu verðhækkunum, sem á öllu lendi vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. Lendir þessi aukafram-

færslukostnaður ekki á þeirri fjölskyldu, sem annast uppeldi þessara barna? Eða hver er eiginlega hugsunin í þessu? Þar sem fjölskyldubæturnar í þessu formi eru hugsaðar sem sárabætur vegna kjaraskerðingar af völdum efnahagsmálaaðgerða ríkisstj., sem bitna á öllum, legg ég í fyrsta lagi til í sambandi við þessa grein frv., að fjölskyldubæturnar nái til allra barna. Í þessu sambandi sé ég ástæðu til að taka fram, að börn örorku- og ellilífeyrisþega eigi líka rétt á fullum fjölskyldubótum, en það hefur ekki alltaf verið auðsótt. Mér er það ljóst, að það er ekki út frá neinum tryggingasjónarmiðum, að hæstv. ríkisstj. leggur nú til, að upp séu teknar fjölskyldubætur einnig með fyrsta og öðru barni í fjölskyldu. Þetta er gert vegna sektartilfinningar fyrir að hafa hleypt dýrtíðarófreskjunni á almenning, og ég virði það vissulega við stjórnina, að hún skuli finna til sektar sinnar og vilja í einhverju bæta fyrir brot sitt. En yfirbótin er tilviljunarkennd og mun naumast hljóta almenna viðurkenningu meðal þjóðarinnar. Í ársbyrjun 1953 var farið inn á það að greiða fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni í fjölskyldu, en þangað til höfðu fjölskyldubætur aðeins verið greiddar með fjórða barni og fleiri í fjölskyldu. Þessari mannúð og umhyggjusemi tóku menn almennt með góðlátlegri gamansemi, og þann 1. apríl 1956 var aftur felld niður greiðsla fjölskyldubóta með öðru barni. Eiginlega var hún hlegin út úr lögunum aftur af þjóðinni.

En nú stendur sérstaklega á, segja menn, og svo er vissulega. Það stendur sérstaklega á. Það má ekki hafna nú neinum bótum, sem kostur er á, vegna dýrtíðarflóðsins, og það er einungis vegna þess, sem ég flyt ekki brtt. um þetta atriði, a. m. k. um að setja hámark, skerðingarákvæði á fjölskyldubætur til auðmanna. En látum það vera. Skoðun mín á eðli þessa atriðis málsins er ákaflega lík skoðun merkisbónda norðanlands, sem nýlega hefur látið uppi álit sitt á þessari endurbót tryggginganna. Honum fórust orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er til efs, að nokkur Íslendingur hafi óskað eftir þeirri breyt. eða telji hana eðlilega við eðlilegar aðstæður. Fullkomnar almannatryggingar eru meðal réttláts þjóðfélags til að jafna fjárhagsaðstöðu þegnanna innbyrðis og stuðla að efnalegu öryggi þeirra í fallvaltleika lífsins. En munu nokkur hjón, sem hlotnazt hefur sú hamingja að sjá frumburð sinn, ætlast til þess, að þjóðfélagið bæti þeim upp þá byrði til jafnvægis við barnlausa fólkið? Ég held varla, enda virðist mér það stríða gegn óspilltri réttlætistilfinningu. Hins vegar er það réttlætismál, að þjóðfélag, sem skattleggur til hins ýtrasta fyrir ríkissjóð þá hluti, sem hvert mannsbarn þarf til sín að taka dagsdaglega, skili aftur skattinum til þeirra, sem eru að ala upp nýja þegna, og til annarra þeirra, sem róa þyngstan róðurinn. Almannatryggingakerfið er hentugt tæki til þess að annast þau skil, og er það ekki einmitt það, sem nú er að gerast? En þá er aukning greiðslna í gegnum almannatryggingar alls engin aukning og þaðan af síður endurbætur á tryggingakerfi þjóðarinnar og á ekki að nefnast þeim nöfnum.

Í annan stað hefur verið á það bent, að ég held réttilega, að ef þær 2600 kr., sem nú verða greiddar með 1. og 2. barni, nema nokkurn veginn því, sem árskostnaður af uppeldi barnsins vex við efnahagsmálaráðstafanir stjórnarinnar, þá hljóta foreldrar, sem eiga 2—3 börn, að bera bótalaust eða því sem næst kostnaðaraukninguna við þau börn, sem þar eru fram yfir, því að aukning fjölskyldubóta vegna þeirra er aðeins lítilræði. Gagnvart þeim mörgu fjölskyldum tákna því nýju aðgerðirnar ekki aukningu trygginga, heldur skerðingu, ekki endurbætur, heldur spjöll."

Þetta sagði norðlenzki bóndinn, — og hefur hann ekki rétt fyrir sér? Þarna gegnumlýsir norðlenzki bóndinn þetta fyrirbæri alveg hárrétt að mínu áliti. Og ég hygg, að jafnvel ríkisstj. hljóti að viðurkenna það í hjarta sínu.

Með ákvæðum stjórnarfrv. fá fámennustu barnafjölskyldur í landinu mestar sárabætur vegna vaxandi dýrtíðar, en fjölskyldan með fjögur börn eða fleiri mjög litla viðbót við það, sem áður var. Fjölmennustu barnafjölskyldurnar fá því þrátt fyrir þetta fyrirkomulag fjölskyldubótanna sáralitla aðstoð til að mæta auknum framfærslukostnaði, en það var meiningin með þessu fyrirkomulagi. Réttlætinu er því ekki fyrir að fara í þessu atriði fremur en í mörgum öðrum tilfellum.

Því hefur verið haldið fram, að fjölskyldubæturnar til fjölskyldna með 3 börn eða færri muni kosta tryggingarnar um 60 millj. kr., og lausleg athugun hefur farið fram á þessu atriði hér í Reykjavík. Við þá athugun kom það í ljós, að hér munu vera um 1596 hjón með eitt barn með yfir 70 þús. kr. nettótekjur. Vegna þessara aðila verða greiddar 4149600 kr. í fjölskyldubætur, hjóna með eitt barn og meira en 70 þús. kr. tekjur. Einnig kom í ljós, að hér voru 1424 hjón með 2 börn og höfðu yfir 80 þús. kr. árstekjur. Til þeirra verða samkv. frumvarpinu greiddar fjölskyldubætur 7404800 kr. Samtals til fjölskyldna með eitt og tvö börn hér í Reykjavík, með yfir 70 þús. kr. í fyrra tilfellinu og 80 þús. kr. nettótekjur í síðara tilfellinu, verða þetta 11554400 kr. Nú segi ég: Það er gott og blessað að geta þetta, hafa efni á þessu. En fyrst þetta er hægt, hvernig geta menn þá sætt sig við ellilífeyrisómynd, sem gerir alla, sem hans njóta, að opinberum styrþegum? Og fyrst þetta er hægt án þess að hafa nokkur skerðingarákvæði gagnvart tekjum fjölskyldnanna með eitt og tvö börn, hvernig geta þm. stjórnarliðsins þá látið hafa sig til þess, segi ég, að fella till. um afnám skerðingarákvæða gagnvart atvinnutekjum gamalmenna og öryrkja? Ég spyr bara. Ég fæ máske að heyra rökin undir þessum umr., eða a. m. k. ættu þau að koma fram,

ef þau eru til. Auvirðilegan fyrirslátt um kostnað, sem af þessu leiði, samþykki ég ekki sem nein rök.

Barnalífeyrir er í stjórnarfrv. ákveðinn 7200 kr. á ári á fyrsta verðlagssvæði og 5400 kr. á öðru verðlagssvæði. Upphaflega, þegar tryggingalöggjöfin var sett, var barnalífeyrir ákveðinn 2/3 hlutar af fullum ellilífeyri, en hvað eftir annað var barnalífeyririnn ekki hækkaður, þegar lögin voru endurskoðuð. Hefur barnalífeyrir því um mörg undanfarin ár aðeins verið helmingur af elli- og örorkulífeyri. Þessu hlutfalli er enn haldið í stjórnarfrv. Barnalífeyririnn er ákveðinn 7200 kr. Það er helmingur af 14400 kr. Ég legg til, að barnalífeyririnn verði 9600 kr., sem eru 2/3 af ellilífeyrinum eins og hann var ákveðinn í stjórnarfrv. sjálfu. Þannig ætlast ég til, að hann verði færður til síns upphaflega hlutfalls við ellilífeyrinn, eins og hann verður nú eftir þessa lagfæringu samkv. till. ríkisstj. Barnalífeyririnn skal og greiddur, hvort sem það er móðirin eða faðirinn, sem er látið.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um árleg mæðralaun. Þau skulu með einu barni vera 1400 kr. á fyrsta verðlagssvæði, en 1050 á öðru. Með tveimur börnum skulu þau samkv. frv. vera 7200 kr. á fyrsta og 5400 kr. á öðru verðlagssvæði. Með þremur börnum og fleiri skulu greidd mæðralaun, sem nemi fullum lífeyri, 14400 kr. á fyrsta verðlagssvæði, en 10800 á öðru. Út frá sömu viðmiðun og með hliðsjón af þeirri till. minni, að fullur ellilífeyrir verði 16 þús. í staðinn fyrir 14400, legg ég til, að mæðralaun með einu barni verði 2000 kr., með tveimur börnum 8000 kr. og með þremur börnum eða fleiri verði þau 16000 kr., sem er fullur lífeyrir samkv. till. minni, enda verði uppeldi þriggja barna að teljast fullt starf.

Samkv. frv. er fæðingarstyrkur ákveðinn 2160 kr. En með tilliti til fyrirsjáanlegra hækkana á sjúkrahúsdaggjöldum legg ég til, að hann verði 2500 kr., og mun þá öllu til skila haldið, að hann hrökkvi til að greiða það, sem stofnunin tekur til sín.

Ekkjubætur eru samkv. frv. ákveðnar 1440 kr. mánaðarlega í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns. Ég legg til, að ekkjubæturnar verði 1600 kr. með sama hætti, og er það hlutfallslega sama hækkun og ég geri um flestar aðrar bótagreiðslur. Samkv. frv. á ekkja, sem hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, 1080 kr. mánaðarlega. Ég legg til, að þessi greiðsla verði 1200 kr. jafnlangan tíma.

Næsta till. mín er svo sú, að eftir 9. gr. frv. komi ný grein, er orðist svo: „22. gr. laganna falli niður.“ Þetta er ekki fyrirferðarmikil till. á pappírnum, en hún er samt um það, að nú verði hin illræmdu og ranglátu skerðingarákvæði niður felld. Það náðist ekkert samkomulag um þessa till. fremur en hinar, og er þó haft við orð, að hún sé eiginlega þarflaus, þar sem skerðingarákvæðin eigi að falla niður í lok þessa árs, ef ekkert sérstakt komi til. En jafnframt hefur þó heyrzt talað um nýja endurskoðun tryggingalaganna jafnvel á þessu ári, og væri þá ekki óhugsandi, að hún væri m. a. hugsuð til þess að framlengja skerðingarákvæðin. Ef ríkisstj. ætlar hins vegar að fella skerðingarákvæðin niður frá og með ársbyrjun 1961, þá getur það ekki skoðazt stórt vandamál fjárhagslega að ráða fram úr því, hvernig eigi að standa straum af þeim auknu útgjöldum, sem af þessu leiði, einungis það sem eftir er af þessu ári. Mér virðist svo sem ríkissjóður hafi þá aldrei getu til að standast þau útgjöld, sem af afnámi skerðinganna leiðir, ef ekki einmitt nú, þegar 100 millj. í nýjum sköttum er hellt yfir þjóðina. Það væri auk þess í algerri andstöðu við hátíðleg loforð og svardaga stjórnarflokkanna fyrir kosningar, ef þeir víkja sér nú undan því að afnema skerðingarákvæðin, a. m. k. mundi það vera vel fallið til þess að vekja tortryggni um, að þeir ætluðu að halda skerðingarákvæðunum eftir næstu áramót, ef till. um þetta yrði nú felld. Ég held, að þessi smánarblettur á íslenzkri félagsmálalöggjöf sé búinn að vera nógu lengi, þó að þingmenn taki sig nú saman um það að afmá hann.

Ég sé fulla ástæðu til þess að rifja upp fyrir hv. alþm., hvernig skerðingarákvæðin eru. Þau felast í þessu orðalagi í 22. gr. laganna:

„Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 13. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr því marki, sem hér greinir:

a. 1½ hluta lífeyris, ef um einstakling er að ræða.
b. Tvöföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða.
c. Þreföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða og aðeins annað þeirra fær lífeyri.

Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir um 60% þess, sem umframtekjurnar nema. Þó skal lífeyrir annars hjóna aldrei vera hærri en lífeyrir hjóna með sömu tekjur.“

Þetta eru hin illræmdu skerðingarákvæði tryggingalaganna, sem upphaflega var smeygt inn í löggjöfina með samningum við Sjálfstfl. sem bráðabirgðaákvæði til fimm ára, en hefur alltaf verið framlengt síðan, eins og ég tók fram í fyrri hluta ræðu minnar. En alltaf hafa jafnframt verið gefin fögur loforð og fyrirheit um afnám skerðingarinnar, en aldrei fram til þessa við það staðið. Nú hafa þau staðið síðan 1947, eða milli 13 og 14 ár. Og enn er lofað, að þau skuli falla niður við næstu áramót. Ég vona, að nú verði við það staðið, en illan grun vekur það hjá mér, ef till. um að fella þau niður nú með þessari löggjöf verður felld.

Skerðingarákvæðin þýða það í framkvæmd, að gamalmenni eða öryrkjar, sem eru svo lánsöm að hafa getu eða löngun til að vinna eitthvað fyrir sig og þjóðfélagið, fá minnkandi ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur með vaxandi tekjum, unz allar greiðslur hjá tryggingunum falla niður, ef tekjurnar nema sem svarar hálfum verkamannslaunum. Þessi lagaákvæði eru hvorki mannúðleg né skynsamleg að mínu

áliti. Þau neyða aldrað fólk og öryrkja til að búa við það sultarlágmark, sem lífeyrisgreiðslurnar ákveða þeim, og þau aftra eldra fólki bókstaflega frá því að taka þátt í framleiðslustörfunum, þó að heilsa og kraftar leyfi. Því verra er þetta, sem það er alkunna, að gamalt fólk, sem erfiðað hefur alla ævi, þolir sízt af öllu að hætta að vinna. En hver getur vænzt þess, að fólk vinni til þess eins að lækka að sama skapi greiðslurnar frá tryggingunum og sitja svo eftir með sömu tekjur að kalla. Mér finnst engin von til þess. Samt gerir margur öldungurinn þetta heldur en hætta að vinna, og þess eru mörg dæmin, að menn um áttrætt hafa engar ellilífeyrisgreiðslur fengið frá tryggingunum. Af hverju? Af því að þeir hafa unnið þær af sér. Þeir hafa lagt þjóðinni þær til sem eins konar sektargreiðslur fyrir að vinna.

Þetta ranglæti á að nema úr lögum þegar í stað. Það hefur lengi verið Alþ. til vansæmdar að þola svo viðurstyggileg og ranglát ákvæði í félagsmálalöggjöf þjóðarinnar. Ég sé það á nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., að þeir viðurkenna ranglætið, bæði í því að skipta landinu í tvö verðlagssvæði og einnig segja þeir, að skerðingarákvæðin séu orðin úrelt. Ég tel, að þau hafi verið svívirða frá upphafi, en það er bara smávægilegur skoðanamunur hjá okkur. Hinir segja, að þau séu nú orðin úrelt. Hitt vekur furðu mína, að þeir ágætu menn, sem búnir eru að koma auga á röng eða úrelt lagaákvæði, skuli samt ekki fást til að vera með í að fella þau niður. Í því fer þeim líkt og postulanum, sem sagði: Það illa, sem ég vil ekki gera, það geri ég, en hið góða, sem ég vil gera, það geri ég ekki. — Heldur hefði ég nú viljað óska stjórninni og fylgismönnum hennar á þingi þess að líkjast Páli postula í einhverju öðru en þessu. En hvað stoða frómar óskir um það? Þær stoða auðvitað ekkert. Það er bara í þessu, sem Páll postuli er þeirra fyrirmynd.

Hitt er að vísu rétt, sem sagt er í nál. meiri hl. og hv. frsm. meiri hl. færði líka fram, að mér skildist sem rök fyrir því, að enn um sinn mætti nú una skerðingarákvæðunum, sem sé þetta, að við hækkun ellilífeyris og örorkubóta sleppi nokkru hærri tekjur við að verða fyrir barðinu á skerðingarákvæðunum og þeim fækki þannig nokkuð, sem fyrir þeim verða. Þetta er alveg rétt. En þá kemur líka hitt, að þeim mun minna vandamál er það fjárhagslega að afnema skerðingarákvæðin, þegar þau þannig ná til færri manna og skerða aðeins hærri tekjur. En sé litið á málið frá sjónarmiði þess, hvað sé réttlátt og ekki réttlátt, þá skiptir næsta litlu máli, hvort þeir eru nokkrum tugum fleiri eða færri, sem fyrir ranglætinu verða. Afnám ranglætisins er það einasta, sem almennilegir menn geta auðvitað sætt sig við.

Við 10. gr. frv. geri ég þá breyt., að skylt sé að greiða örorkulífeyrisþega, sem stundi nám meira en sex mánuði á ári, tvöfaldar örorkubætur. Þetta munu tryggingarnar hafa gert í ýmsum tilfellum, og þykir mér réttara, að öryrkjum sé þetta kunnugt af lagabókstafnum, að þeir eigi þennan möguleika til að standast kostnað af námi til þess þar með að gera sig hæfari í þjónustu þjóðfélagsins.

Eins og ég vék að fyrr í ræðu minni, voru miklar og margvíslegar vonir bundnar við starfsemi tryggingarnna, þegar þær tóku til starfa, og ekki hvað sízt voru þessar glæstu vonir bundnar við þá margþættu heilsuverndar- og heilsugæzlustarfsemi, sem ákveðið var að hefja með lagasetningu almannatrygginganna. Kaflinn um heilsugæzlu í tryggingalöggjöfinni var, eins og ég vék að áðan, glæsilegt nýmæli. Hann var saminn á grundvelli þeirra skoðana nútíma læknisvísinda, að miklu væri það þýðingarmeira og skynsamlegra að geta komið í veg fyrir sýkingu og sjúkdóma en að gera það að uppistöðu í starfi lækna og allrar heilbrigðisþjónustunnar að eltast við sjúkdómana og glíma við þá, stundum í örvæntingu og vonleysi, með ærnum tilkostnaði á síðara stigi þeirra. En þannig högum við okkur nú og höfum gert. En hér urðu menn fyrir miklum vonbrigðum, að því er framkvæmdina snerti. Kaflinn um heilsugæzlu kom, eins og áður hefur verið tekið fram, aldrei til framkvæmda, og árið 1955 var það glapræði framið að fella þennan að mínu áliti merkasta kafla almannatryggingalaganna alveg niður. Ég er einn hinna mörgu, sem aldrei hafa getað sætt sig við, að heilsugæzlu- og heilsuverndarstarfseminni skuli þannig hafa verið vikið til hliðar. Þess vegna legg ég til, að í stað IV. kafla: sjúkratryggingar — komi nýr kafli: heilsugæzla — með 24 greinum shlj. þeim, sem felldar voru úr l. árið 1955. Ég lít á þessa till. mína sem eina af þeim höfuðtill., sem ég flyt, ásamt hækkuninni á ellilífeyrinum, afnámi skiptingar landsins í tvö verðlagssvæði og skerðingarákvæðunum.

Ég býst við, að ýmsir segi: Jú, við erum á sama máli og þú um þetta. Heilsugæzla og heilsuvernd eru sennilega hin skynsamlegustu viðbrögð við komandi veiklun og sjúkdómum. En mundi það ekki kosta öll lifandi ósköp að koma á heilsugæzlu samkv. heilsugæzlukaflanum? — Jú, auðvitað kostar það alltaf að halda sig sem mann, en ekki sem vesaling. Það getur kostað mikið. En það mundi í fyrsta lagi mikið sparast við það, að sjúkrasamlögin yrðu einn liður í heildarheilsugæzlustarfseminni hjá tryggingunum, en ekki sérstakar stofnanir með eigin skrifstofubákni. En eins og kunnugt er, áttu sjúkrasamlögin sem sérstakar stofnanir að hverfa, þegar heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. En það, sem ég held að sparaði þjóðinni raunverulega mest í sambandi við góða heilsugæzlu, er minni sjúkdómar, minni sjúkdómskostnaður og aukin vinnuorka með bættri heilbrigði þjóðarinnar. Og hver getur reiknað út þann sparnað, þær tekjur, ef alltaf er hikað og alltaf er frestað að taka upp þessa myndarlegu hætti í heilbrigðismálum þjóðarinnar, eins og gert hefur verið? Á sama hátt segi ég gagnvart bættum ellilífeyris- og örorkubótum: Eru það aukin útgjöld að hækka þessar bætur upp í nauðsynlegt lágmark? Því neita ég alveg. Hinn lági ellilífeyrir sparar þjóð-

inni ekkert, ekki einn einasta eyri. Það, sem á vantar ellilífeyrinn, verður að koma einhvers staðar frá sem styrkur eða ölmusa. Það er allur munurinn. En það var ekki það, sem stefnt var að með tryggingalöggjöfinni. Eða bótatryggingar yfirleitt, tryggingar barna og einstæðra mæðra, er það skynsamlegt að líta í því sambandi einungis á útgjöldin og láta sér vaxa þau í augum? Fáum við ekkert í staðinn í bættri heilbrigði barnanna og væntanlega einnig vegna bættra uppeldisskilyrða, sem þau njóta við fullkomnar tryggingar, hjá því, sem ella væri? Ég vil a. m. k. halda því fram. Að öðrum kosti væri mér ekki ljóst gildi tryggginga eða hvers vegna við værum yfirleitt að halda uppi slíku kerfi.

Þau útgjöld, sem tryggingarnar taka til sín, eru svo sannarlega ekki ný útgjöld fyrir þjóðfélagið. Það vita þeir bezt, sem fengust við sveitarstjórnarmál, áður en tryggingarnar hófu göngu sína. Fátækra- og framfærslumálin voru þá hið ævarandi vandamál allra sveitarstjórna og gerbreyttust við tilkomu trygginganna. Og þegar menn nú spyrja, hvað þær breytingar, sem ég legg til að gerðar verði á tryggingalögunum, kosti, þá skal ég játa fúslega, að það veit ég ekki með neinni vissu. Það getur m. a. verið komið undir því, hversu myndarleg framkvæmd væri á öllu því, er varðar framkvæmd heilsugæzlukaflans. Upphaflega hugsaði Jóhann heitinn Sæmundsson sér, að farið væri af stað með t. d. 14 heilsuverndarstöðvar í landinu og síðan aukið þar við, og ég hef aldrei ímyndað mér, að það væri hægt að koma þeim á fullkomnum í einu vetfangi. En hitt er víst, að meginhluti þessara útgjalda væri tilfærsla innan þjóðfélagsins, en ekki ný útgjöld. Það, sem vinnst við góðar og fullkomnar tryggingar, á að færast í tekjudálkinn, og það hygg ég að séu meiri verðmæti en öll þau útgjöld, sem til trygginga fara.

Við 20. gr. frv. geri ég þá breytingu, að sjúkradagpeningar séu jafnt greiddir kvæntum manni og giftri konu, án tillits til þess, hvort hún telst hafa verið fyrirvinna heimilisins eða ekki. Af svipuðum ástæðum legg ég til, að 6. mgr. 53. gr. l. falli niður.

Þá legg ég enn fremur til, að 2. mgr. 76. l. verði niður felld, þar sem hún hefur oft og mun jafnan gefa tilefni til misnotkunar. Er líklegt, að þeim skattleysingjum, sem í grein þessari er heimilað að víkja iðgjaldagreiðslum sínum yfir á sveitarsjóð, geti nú fjölgað allverulega. Skrár yfir skattleysingjana, sem hafa öðlazt rétt til að sleppa við iðgjaldagreiðslur til trygginganna, eru nokkuð langir listar, t. d. hér í Reykjavík einni, og þeir væru líklegir til að lengjast núna, en ýmsir aðrir hafa greitt sín iðgjöld, þó að ástæður þeirra hafi að mörgu leyti verið lakari. Ég held því, að bezt sé að fella þennan hluta 76. gr. alveg niður.

Margoft hefur komið fyrir, að bótaþegar almannatrygginganna hafa verið krafðir um skatta til hins opinbera. Þetta tel ég hina mestu fjarstæðu, að vera fyrst að veita mönnum tryggingabætur eða styrki óendurkræfa og heimta síðan skattgjald af. Þess vegna er sjálfsagt að taka fram með sérstakri grein, að engar bætur almannatrygginganna séu skattskyldar til ríkis eða sveitarfélags.

Seinasta brtt. mín er svo við 25. gr. frv. og er á þá leið, að fjölskyldubætur skuli greiðast frá 1. marz þessa árs, og tel ég það eðlilegt, þegar þessar bætur eru settar vegna vaxandi dýrtíðar af völdum gengislækkunarlaganna, og því réttmætast, að þær greiðist frá næstu mánaðamótum eftir gildistöku laganna.

Allar þær brtt., sem ég hef nú rætt, hef ég borið fram á þskj. 171 og vil vænta þess, að hv. alþm. kynni sér þær nánar.

Nú heimtar ríkisvaldið slíkan skattpening af þegnunum, að ég tel fyllilega forsvaranlegt að heimta mikið af ríkisvaldinu í staðinn. Og það hygg ég, að margir mundu una skattpíningunni skár en ella, ef nú yrði gert mjög myndarlegt átak til endurbóta á tryggingunum, þótt ekki væri víðtækara en ég hef hér lagt til með þessum tillögum. Hitt eru ekki umbætur á tryggingunum, að hækka lítillega í krónutölu ýmsar bætur til að mæta tilbúinni verðbólgu og dýrtíð.

Ég lýk svo máli mínu með tilvitnun í ræðu, sem Stefán Jóh. Stefánsson flutti hér á Alþingi, þegar tryggingalöggjöfin var hér til umræðu árið 1946. Þá sagði Stefán Jóhann m. a. þetta:

„Flestar menningarþjóðir eru nú“ (þ. e. a. s. fyrir 14 árum) „að fara inn á tryggingalöggjöf, sem byggist á réttindareglunni, en ölmusureglunni er hvarvetna vikið til hliðar.“

Síðan þetta var sagt, hafa allar menningarþjóðir fullkomnað mjög hjá sér hvers konar tryggingar. En hjá okkur hefur miðað hægt og seint og stundum aftur á bak. Enn þá höfum við langt í frá yfirgefið ölmusuregluna, því miður. En það er von mín, að hv. alþm. víki henni nú endanlega til hliðar með því að samþykkja þær umbótatill., sem ég hef hér flutt og gert grein fyrir í umboði Alþýðubandalagsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 231) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Báðir frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. hafa látið í ljós vantrú á því, að það lagaákvæði yrði framkvæmt að fella niður skerðingarákvæðin svonefndu í almannatryggingalögunum í lok þessa árs. Ég sé ekki neina ástæðu til að hnotabítast hér á þessum vettvangi við hv. þingmenn um þetta atriði. En reynslan mun skera úr því, hvernig fer um þetta mál, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, eins og ég lýsti hér yfir í gær, að þessi lagaskylda verður framkvæmd.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) flytur þá brtt. að fella niður það ákvæði 16. gr. l., að við ákvörðun fjölskyldubóta skuli ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar, og ég hygg, að í brtt. hv. 4. landsk. (HV) sé þetta ákvæði

einnig. Það má vel vera, að réttlátt sé að fella þetta ákvæði niður. Hins vegar getur sú niðurfelling haft víðtækar afleiðingar, sem liggja ekki ljóst fyrir, og teljum við í meiri hl. n., að ekki sé fært að gera slíka breyt. að lítt athuguðu máli.

Þá minnti ég á það hér í gær í minni framsöguræðu, að hv. 4. þm. Reykn. flytur brtt. við 10. gr. l. um það, að þar sem talað er um, að „heimilt" sé að færa sveitarfélag á milli verðlagssvæða, þá skuli koma „skylt". Þetta atriði breytir í raun og veru engu. Ég hef aflað mér upplýsinga um, að það hefur aðeins einu sinni komið fram ósk um að færa sveitarfélag á milli verðlagssvæða, það var Neskaupstaður, og við því var orðið. Hins vegar hefur mér verið bent á, að í sambandi við slíka millifærslu á milli verðlagssvæða geti risið upp ágreiningur milli sveitarfélaga, jafnvel svo, að til lögsóknar þurfi að koma, þannig að það geta verið nokkur vandkvæði á að framkvæma þetta lagaákvæði. En í sambandi við þetta atriði er það þýðingarmest, að hætt verði að skipta landinu í verðlagssvæði. Það mál ræddi hæstv. félmrh. mjög ýtarlega við 1. umr., og tel ég enga ástæðu til að endurtaka nú rökin fyrir niðurfellingu þessarar skiptingar. Verkefnin á sviði almannatrygginga, sem leysa þarf alveg á næstunni, eru fyrst og fremst niðurfelling skerðingarákvæðanna í lok þessa árs, og jafnframt þarf að afnema skiptingu landsins í verðlagssvæði. Það er ekki auðvelt að gera sér fulla grein fyrir, hversu mikil útgjöld þetta tvennt hefur í för með sér fyrir tryggingarnar, en mjög lausleg áætlun er 50—60 millj. kr.

Þeir flokkar, sem ábyrgð eiga að bera á framkvæmd svo mikilla breyt., geta vitanlega ekki samþykkt þær, áður en þær hafa verið undirbúnar þannig, að fyrir liggi, hvar eigi að taka peningana, sem þetta kostar. Það eru aðeins hv. stjórnarandstæðingar, sem geta leyft sér að bera fram till. um tugmilljóna og jafnvel hundruð milljóna útgjöld án þess að hugsa á neinn hátt fyrir tekjuöflun, eins og hv. 4. landsk. þm. gerir að þessu sinni í brtt. sínum.

Ég sé enga ástæðu til að ræða brtt. hans hverja fyrir sig að þessu sinni. Þær snerta yfirleitt allan lagabálkinn um almannatryggingarnar og eru svo víðtækar, að það er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra í fljótu bragði. Færustu sérfræðingar, sem ég hef spurt, hvað tillögur hans, aðrar en kaflinn um heilsugæzlu, mundu kosta, hafa ekki treyst sér til að reikna þetta út á skömmum tíma, en lauslega ágizkuð tala er 120 millj. kr. Heilsugæzlukaflinn kostar varla minna, en um þá hlið málsins hefur hv. flm. ekki látið neitt uppi, eins og ég gat um í gær, og í till. hans hef ég ekki fundið neitt um það, hvernig afla skuli tekna til að framkvæma heilsugæzluna. Sjá væntanlega allir, hversu mikið mark er takandi á slíkum till. Þær eru til þess eins fallnar að slá öll fyrri met ábyrgðarlausrar stjórnarandstöðu.

Um heilsugæzlukaflann er annars það að segja, að hann er nú orðinn 14 ára gamall. Á þeim tíma hefur vitanlega átt sér stað þróun í heilbrigðismálum okkar, sem gerir það að verkum, að óhugsandi væri að framkvæma heilsugæzlukaflann óbreyttan, eins og hv. 4. landsk. þm. leggur til, og ef hann hefði sjálfur setið í embætti heilbrigðismálaráðherra, eins og hann gerði fyrir eigi alllöngu, þá hygg ég, að honum hefði ekki dottið í hug að bera fram slíka till. á Alþ., þó að það hendi hann stundum að vera dálítið fljótfær. Má í þessu sambandi minna á ástæðurnar fyrir niðurfellingu heilsugæzlukaflans 1956, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér til grg. með frv. um breyt. á almannatryggingunum á því ári, en þar segir svo:

„Samkv. almannatryggingalögunum frá 1946, III. kafla, skyldi heilsugæzlan, þ.e. bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp, falin Tryggingastofnun ríkisins í samráði við heilbrigðismálastjórnina. Eins og kunnugt er, hefur þessum ákvæðum stöðugt verið frestað. Sjúkrahjálpin hefur verið á vegum sjúkrasamlaga, sem nú starfa í hverjum hreppi í landinu, og sérstök lög um heilsuvernd voru sett á síðasta þingi. Eitt þýðingarmesta atriði, sem n. hafði til athugunar, var að gera till. um tilhögun heilsugæzlunnar framvegis. N. átti ýtarlegar viðræður við stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur um málið. Niðurstaða þeirra viðræðna var sú, að læknarnir tjáðu sig andvíga því, að sjúkrahjálpin yrði skipulögð á þann veg, sem lögin gera ráð fyrir, og töldu heppilegast, að sjúkrasamlögin önnuðust sjúkrahjálpina með svipuðum hætti og verið hefur. N. leitaði álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Svörin voru þannig, að um 30 sveitarstjórnir vildu leggja áherzlu á framkvæmd ákvæða almannatryggingalaganna um heilsugæzlu, nær 110 sveitarstjórnir voru ákvæðunum andvígar, en 25 svöruðu ekki þessu atriði. N. er þeirrar skoðunar, að mjög yrði torvelt að framkvæma lagafyrirmæli, sem eiga svo litlu fylgi að fagna sem raun virðist vera á um þessi ákvæði, og það því fremur sem læknarnir, er þessi ákvæði varða mest, voru þeim einnig gersamlega andvígir og töldu þau jafnvel óframkvæmanleg. Lækningastöðvar þær, sem lögin gerðu ráð fyrir að komið yrði upp í kaupstöðum, hafa hvergi verið reistar, og fullkominni heilsuverndarstöð hefur aðeins verið komið á fót í Reykjavík. Án slíkra stöðva er sú skipun, sem l. gera ráð fyrir á læknishjálp utan sjúkrahúsa og heilsuvernd, ekki framkvæmanleg.

Nefndin ákvað því að leggja til, að kaflinn um heilsugæzluna yrði numinn úr almannatryggingalögunum."

Ég tel ekki, að ég þurfi að lesa meira af þessu nál. til þess að sýna fram á, að það getur ekki verið frambærileg till. nú frekar en 1956 að taka upp heilsugæzlukaflann óbreyttan, hvað sem menn annars álíta um það, hvað sé heppilegasta skipulag á þessum málum hjá okkur í landinu almennt. Það hlýtur að reka

sig á ýmislegt, sem síðan hefur gerzt, sem er í þessum 14 ára gömlu lögum.

Það er rétt hjá hv. 4. landsk. þm., að Alþfl. hefur beitt sér fyrir almannatryggingunum frá upphafi. Það er líka rétt, að ýmsir andstæðingar Alþfl. hafa oft beitt sér gegn tryggingunum og endurbótum á þeim. En hitt er einnig rétt, að andstæðingar flokksins hafa átt þátt í því að koma þessu hugðarefni Alþfl. á það stig, sem það er nú komið, og er þess þá skylt að geta, að mestu breyt. á löggjöfinni um almannatryggingar hafa verið gerðar í samstarfi við Sjálfstfl., og er það að mínum dómi einn mesti pólitískur sigur, sem einn stjórnmálaflokkur getur unnið, að vinna andstöðuflokk eða flokka á sitt mál. Tryggingarnar eru nú orðnar svo rótgrónar, að engum stjórnmálaflokki mundi koma til hugar að afnema þær eða skerða stórlega. Um hitt er hins vegar deilt, hversu langt skuli gengið í þá átt að fullkomna tryggingarnar. Stjórnarflokkarnir hafa nú komið sér saman um að hækka bótagreiðslur trygginganna um rúmlega 200 millj. kr., en það er 110% hækkun frá því, sem verið hefur.

Þetta finnst hv. 4. landsk. þm. lítilfjörleg hækkun, og hann flytur till. um enn þá meiri hækkun. Þessar till. sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar. Það má vel vera, að sumt í þeim sé réttmætt og sanngjarnt. En hér eru þær eingöngu fram bornar sem yfirboðstillögur ábyrgðarlauss stjórnarandstæðings, sem hélt að sér höndum í þessum málum, meðan hann sat sjálfur í stjórn og hafði góða aðstöðu til að bera þessi mál fram til sigurs, en segir nú, að hann varði ekkert um, hvað hlutirnir kosti. Það hefði hann áreiðanlega orðið að taka með í reikninginn, ef hann hefði sjálfur setið í stjórn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. þetta almennt og hef ekki í rauninni neinu við það að bæta, sem hv. 4. landsk. (HV) hefur sagt í sinni ýtarlegu ræðu. Ég vil aðeins segja það, að í almennum áróðri stjórnarflokkanna fyrir þessu frv. hefur það verið talinn einn þáttur í efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., og mér er í minni, að fyrir nokkru hlustaði ég á þingfréttir í útvarpinu, þar sem einmitt þetta var sagt. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt nema að nokkru leyti, eins og raunar er skýrt fram tekið í grg. þessa frv. En í hinum almenna áróðri hefur verið öðruvísi á málinu haldið.

Það, sem ég aðallega vildi hér fara nokkrum orðum um, eru þær breyt., sem fyrir liggja á III. kafla almannatryggingalaganna, varðandi slysatryggingarnar. Þessar till. eru samdar af n., eins og hér hefur verið fram tekið. Þessi n. skilaði áliti sínu í nóvembermánuði s. l. algerlega sammála, og hefði þess vegna verið hægt að leggja málið þá strax fyrir Alþingi og kannske verið gott í verkefnaleysinu, sem hæstv. ríkisstj. fannst vera, þegar þingið var sent heim á sínum tíma. En hæstv. ríkisstj. sá ekki ástæðu þá til þess að leggja málið fyrir þingið, heldur tók þann kostinn að geyma það þar til nú, til þess, ef svo mætti segja, að reyna að tryggja sjálfa sig gegn stóráföllum, sem hún óttast að verða fyrir vegna aðgerða sinna í efnahagsmálunum, og eins og ástatt er, má því í rauninni segja, að þetta frv. fjalli um slysatryggingar í tvennum skilningi.

Það er öllum ljóst, að kaflinn um slysatryggingarnar hefur dregizt langt aftur úr þróun verðlags og kaupgjalds í landinu á síðari árum. Hvað eftir annað hefur verkalýðshreyfingin sett fram kröfur um, að hér yrðu bætur á. En það er fyrst á s. l. ári, sem þáv. félmrh., Friðjón Skarphéðinsson, skipaði n. til þess að endurskoða þennan þátt almannatrygginganna, og á hann góðar þakkir skilið fyrir að gera það.

Ég vil aðeins, rétt til þess að mönnum sé ljóst, hvað hér er um að ræða, hve langt þessi kafli í raun og veru var orðinn á eftir, — að vísu er nokkuð sagt frá því hér í grg., — en ef gengið er út frá árinu 1938, tímakaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík þá og dagpeningum slysatryggingarinnar þá einnig, þá var svo komið, að 1959 var vísitala kaupgjaldsins orðin 1426 stig, miðað við 100 1938, en dagpeninga trygginganna 827 stig. Ef jöfn hækkun hefði átt að vera á dagpeningunum og kaupgjaldinu á þessu tímabili, hefðu dagpeningarnir átt að hækka upp í kr. 71.30 til þess að vera hinir sömu og þeir voru 1938.

N. sú, sem fjallaði um þessi mál, tók strax til athugunar eða mjög fljótlega í sínu starfi, hvort ekki væri rétt að gera á slysatryggingunum grundvallarbreytingar. Eins og tryggingarnar eru núna, eru þær fjarri því að vera það, sem kalla mætti fullar bætur, heldur er um að ræða, bæði hvað dagpeninga og örorkubætur snertir, langt frá því, að hægt sé að tala um, að þar sé hinn slasaði að fullu bættur, enda hefur líka raunin orðið sú, að þó að atvinnurekendur greiði allan kostnað við slysatryggingarnar, þá er mjög fjarri því, að þau iðgjöld, sem þeir greiða til slysatrygginganna, greiði þann kostnað, sem þeir hafa af slysförum starfsmanna sinna. Á síðari árum, síðasta áratug einkanlega, hafa dómsvenjur hér orðið þær, að atvinnurekendur hafa orðið bótaskyldir vegna slysa, og er í mörgum tilfellum um mjög háar upphæðir að ræða, þar sem slasaðir menn hafa fengið sér tildæmdar bætur, miklu hærri, margfalt hærri en þær, sem almannatryggingarnar gera ráð fyrir. Þetta hefur orðið til þess, að atvinnurekendur hafa farið að baktryggja sig, og má nú svo segja, að allir hinir stærri í atvinnurekstrinum, nema kannske þeir allra stærstu, baktryggi starfsmenn sína vegna slysa, og er þá náttúrlega iðgjaldagreiðslan orðin margföld við það, sem fer til almannatrygginganna. Sem dæmi um, hvernig þetta á sér nú stað og það raunar algerlega án þess að til dómstóla sé leitað, má nefna, að á s. l. ári t. d. innheimti skrifstofa verkamannafélagsins Dagsbrúnar án alls málarekstrar rösklega 600 þús. kr. fyrir allmarga einstaklinga í umframbætur vegna

slysa, sem þeir höfðu orðið fyrir, og var þó þarna einvörðungu um að ræða minni háttar slys.

N. komst fljótt að raun um, að það að fara að breyta grundvelli slysatrygginganna og færa þær í það horf að verða fullar slysabætur, og þá að atvinnurekendur greiddu iðgjöld, sem tryggðu þá að öllu leyti gagnvart öllum skaðabótakröfum eða svo til, það mál væri svo umfangsmikið, að það yrði ekki unnið á þeim tíma, sem n. gjarnan vildi ljúka sínum störfum á, enda það mál að hækka slysadagpeningana og dánarbæturnar svo aðkallandi, að n. taldi, að hún gæti ekki lokið sínum störfum án þess að snúa sér einvörðungu að því. En í grg. sinni mælir hún með, að áfram verði haldið við að athuga einmitt þennan þátt málanna, og hygg ég, að að athuguðu máli mundu hvorir tveggja, atvinnurekendur og verkalýðssamtökin, hafa áhuga á, að það yrði gert.

Þær breyt., sem n. lagði síðan til að gerðar yrðu á l. og hér liggja fyrir í frv.-formi, má segja að hafi verið að miklu leyti eins konar samningamál milli atvinnurekenda annars vegar og verkalýðssamtakanna hins vegar, með aðstoð fulltrúa ríkisvaldsins, enda n. samsett beinlínis með það fyrir augum. Og eins og ég sagði áðan, greiða atvinnurekendur einvörðungu allan kostnað af slysatryggingunum, og því eðlilegt, að meðferð málsins sé á þann veg, sem hér varð.

Það er eins með iðgjald það, sem atvinnurekendur greiða, og sjálfar slysabæturnar, dagpeningana og dánarbæturnar, að af eðlilegum ástæðum er það að sjálfsögðu langt fyrir neðan það, sem það var t. d. miðað við árið 1938, og ef það hefði átt að hækka í hlutfalli við t. d. verðlag og kaupgjald, þá þyrfti það rösklega að tvöfaldast til þess að verða sambærilegt við 1938. Nú er ekki þar með sagt, að iðgjald trygginganna þurfi endilega að gera það, þó að bætur hækki verulega, vegna þess að það eru náttúrlega margir aðrir þættir, sem þar koma til mála, og vegna þeirra breyt., sem hér er lagt til að gerðar verði á slysatryggingunum, þá er mjög fjarri því, að iðgjald atvinnurekendanna til trygginganna þurfi að hækka neitt nálægt því að tvöfaldast, það yrði miklu minna.

Það er náttúrlega eins og ævinlega, þegar tveir aðilar semja um málin, þá eru kannske hvorugir hæstánægðir. Eins var það með mína afstöðu í þessum samningum. Það var ýmislegt, sem ég vildi öðruvísi hafa, og einkanlega var það þó eitt atriði, sem ég lagði áherzlu á að yrði á annan veg, og það er varðandi greiðslu dagpeninganna í 16. gr. frv., sem hér liggur fyrir. Ég lagði til í n., að dagpeningar til einhleypings og kvænts manns eða konu yrðu hinir sömu, og tel ekki rök fyrir því, að öðruvísi sé, enda er þetta mjög nýlega komið inn í lögin. Þessu var breytt 1956, þegar lögunum þá var breytt, en hefur alla tíð annars verið jafnt. Ég tel það mjög eðlilegt, því að hér er í raun og veru um kaup að ræða, og á sama hátt og kaup er ekki mismunandi til manna, hvort sem þeir eru einhleypir eða kvæntir, þá á þetta ekki heldur að vera það. Ég vildi hins vegar gera meiri mun á því, þegar menn hafa ómegð, greiða meira með hverju barni. En hins vegar féllst ég á, að þetta yrði á þennan veg, þegar gengið var frá lögunum. En hafi verið ástæða til þess þá, að einhleypingar sætu ekki þarna við annað borð, þá er áreiðanlega margföld ástæða til þess nú eftir allar efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj., því að það er náttúrlega öllum ljóst, að einmitt einhleypingarnir fara langverst út úr þeim ráðstöfunum, þær koma langþyngst niður á þeim, og nái ekki sú till. hv. 4. landsk. um greiðslu vísitölu á bætur skv. almannatryggingalögunum fram að ganga, þá mun ég við 3. umr. flytja brtt. við þessa gr., sem þetta varðar.

Annað atriði er hér, sem ég held að liggi í augum uppi að verði að breyta, í sömu gr., 16. gr. frv., varðar 36. gr. almannatryggingalaganna, eins og þau eru núna, og það er, að dagpeningar eru greiddir með hverju barni á framfæri bótaþegans, „allt að þremur", stendur í frv., og var eðlilegt á sínum tíma. En eftir að þær breyt. hafa orðið á fjölskyldubótum, sem lagt er til í þessu frv. og ég skal ekki neitt ræða hér, þá tel ég sjálfsagt og eðlilegt, að orðin „allt að þremur" falli niður, því að þau takmörk, sem eðlileg þóttu áður, eru það ekki lengur. Þetta var við það miðað, að fjölskyldubætur fengu menn fyrst með þriðja barni, og þótti rétt í slysatilfellum þá að bæta með fyrsta og öðru barni. En eftir að menn fá fjölskyldubætur með öllum börnum, þá að sjálfsögðu stenzt það ekki, að menn fái ekki dagpeninga í slysatilfellum með börnum nema fyrstu tveimur. Svo að menn verði nú ekki of hræddir um, að hér sé um einhver ósköp að ræða, þá er það í fyrsta lagi, að það eru takmarkanir í lögunum sjálfum, sem segja m. a., að samanlagðir dagpeningar geta aldrei orðið hærri en 3/4 af launum manna, svo að hér yrðu takmörk hvort eð er, en ég tel, að þau ættu þá að vera við þessi mörk, en alls ekki á þann hátt, sem þarna er gert núna og verður eðlilega að breytast.

Þær breyt., sem fyrir liggja hér á slysatryggingalögunum, tel ég mjög mikilvægar. Hér er um stórt skref til endurbóta á lögunum að ræða. Það versta er, að um leið og það er gert, er mikið af því aftur tekið með öðrum ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur nú lagt til að framkvæmdar verði.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. (BF) ræddi hér áðan um nokkur atriði tryggingalöggjafarinnar, sem okkur kemur ekki að öllu leyti saman um.

Hann sagði í fyrsta lagi viðvíkjandi skerðingarákvæðunum, að hann væri sannfærður um það, að þau yrðu afnumin með næstu áramótum, en reynslan yrði auðvitað að skera úr því, hvort svo yrði. Vissulega er það svo. En

hins vegar er það, að ég er búinn að heyra loforð um afnám skerðingarákvæðanna hvað eftir annað, og þau loforð hafa ekki staðizt, og nú, þegar við höfum rætt um skerðingarákvæðin á nefndarfundi, þá hefur forstjóri tryggingarinna sjálfur vakið athygli á því, að endurskoðun þurfi að fara fram, áður en skerðingarákvæðin verði felld niður, og vitnað til ummæla um það, að þau beri varla að fella niður sjálfkrafa um áramótin næstu nema með nýrri athugun á því máli og á tryggingunum kannske í heild. Við að heyra einmitt forstjóra tryggingarinna, Sverri Þorbjarnarson, ræða um þetta á nefndarfundinum hjá okkur, þá ók uggur minn og kvíði um, að það stæði einmitt til að komast hjá því að afnema skerðingarákvæðin nú og setja síðan endurskoðun í gang og gefa þeim enn líf, eins og búið er að gera nú í á milli 13 og 14 ár. En reynslan sker úr þessu, og ég fagna því, ef þau falla við næstu áramót.

Þá taldi hv. þm., að ef horfið yrði að því ráði að láta þau börn, sem eiga framfærsluskyldan föður utan framfærslufjölskyldunnar, komast undir fjölskyldubætur, þá mundi af því leiða mjög víðtækar afleiðingar og að mér skildist mjög alvarlegar, án þess að hann gerði nánar grein fyrir því. Mér er ekki kunnugt um þessar víðtæku afleiðingar. En hins vegar játaði forstjóri tryggingarinna það hjá okkur, að það væri mjög sársaukafullt og í mörgum tilfellum mjög miklum vandkvæðum bundið að undanskilja slík börn fjölskyldubótum, og ég heyrði ekki betur á honum en að hann tryði því, að ef ekki yrði gerð breyting á þessu í þá átt, sem ég legg til, þá væri þar horfzt í augu við margvísleg vandkvæði í framkvæmdinni.

Þá er það um það, að ég beri fram mínar till. og kæri mig ekkert um, hvað þær kosti, ef til framkvæmda kæmi. Út af þessu vil ég upplýsa það, að þegar ég hafði gert grein fyrir mínum margvíslegu brtt. í n., þá sagði ég við mína meðnefndarmenn, að ef nokkur hljómgrunnur væri fyrir því, að þeir vildu veita þeim stuðning, einni eða fleiri, þá væri ég reiðubúinn til að leggja tíma í það að reyna ásamt þeim að finna fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmd þessara tillagna, annaðhvort með nýrri fjáröflun eða tilfærslu innan tryggingakerfisins að einhverju leyti. Undir það var ekki tekið. Mínir meðnm. sögðu það hreinskilnislega, að þeir hefðu ekki svigrúm til þess að vera með þessum tillögum.

Þá er það viðvíkjandi heilsugæzlukaflanum. Það þurfti ekki að segja mér það, ég vissi það ósköp vel fyrir, að það var horfið að því óheillaráði að fella heilsugæzlukaflann niður eftir till. frá mþn., og ég held, að ég hafi sagt frá því í ræðu minni áðan. Hins vegar upplýsti hv. 5. þm. Vestf., að sú mþn. hefði farið að spyrja ýmsa aðila, m. a. sveitarstjórnirnar, hvort þær vildu ekki, að heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda, og þær svöruðu neitandi flestar, ekki alveg gagnteknar af hugsuninni um að beita þeim vinnubrögðum í heilbrigðismálunum, sem gegnsýrir þennan kafla, heldur lítandi eingöngu á það, eins og vænta má frá sjónarmiði sveitarstjórnarmanna, að þetta yrði dýrara í bili. Og þær leggjast á móti, — og þá á það að ráða. Svo voru einhverjir læknar spurðir, og þeir voru nú á því, að það væri bezt að vera ekki að leggja á sig þá fyrirhöfn að fara inn á þessar nýju brautir. Það var búið að spyrja ýmsa aðra lækna áður. Það var búið að spyrja fyrrv. landlækni, og það hafði verið haft samband við núverandi landlækni, sem lengi hefur starfað sem læknir tryggingarinna, og það er ekki lengra en síðan 1953, að hann var settur í embættið til þess að undirbúa og framkvæma heilsugæzlukaflann. Embættið var búið til til þess 1953. Hvað skyldi hafa gerzt síðan, sem gerir það að verkum, að þetta sé núna eiginlega allt saman úrelt hugsun — að veita heilsugæzlu og heilsuvernd í staðinn fyrir lækningar eftir á? Og svo voru þeir settir í sérstaka n. til þess að rannsaka þetta nýmæli, — öllum var ljóst, að það væri vandasamt, — prófessor Jóhann heitinn Sæmundsson, Guðmundur Thoroddsen, Snorri Hallgrímsson, og þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það bæri að taka upp þessa starfsemi í því formi, og gerðu þar litlar breytingar á. Það er að vísu rétt, að það eru liðin 14 ár, síðan heilsugæzlukaflinn var upphaflega saminn, en hann hefur verið endurskoðaður síðan, og maður var settur 1953 í embætti til þess að undirbúa framkvæmdina á honum og framkvæma hann. Það er því engin fjarstæða að taka upp kaflann, eins og frá honum er gengið, því að það hefur sjaldan verið vandað betur til undirbúnings löggjafar en einmitt að þessum kafla tryggingalaganna, sem nú er búið að fella í burtu, — taka hann upp aftur óbreyttan. Ef við ættum þeirri gæfu að fagna, að Alþingi samþykkti heilsugæzlukaflann, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að svo framarlega sem agnúar kæmu fram, þá hefði ríkisstj. bæði þann möguleika að bera fram brbl. til breytinga, ef þætti bráðaðkallandi, og að bera breyt. sem fyrst undir Alþingi viðvíkjandi framkvæmdaratriðum, þegar reynslan sýndi, að betur mætti fara á einhvern annan hátt.

Það veitir því engan rétt til þess að snúast gegn því, að heilsugæzlukaflinn í heild sé tekinn upp aftur, og það eru engin rök að halda því fram, að á þeim 14 árum hafi þeir atburðir gerzt, að heilsugæzlukaflinn sem stefna í heilbrigðismálum sé orðinn úreltur. Það er fjarri því. Hafi það verið einmitt réttlætanlegt nýmæli þá, þá er það það ekki síður nú. Og ég vildi helzt spyrja: Hvað í heilsugæzlukaflanum, eins og lagt er til að hann verði nú tekinn inn í tryggingalöggjöfina, er orðið úrelt? Hvað er orðið úrelt?

Nei, ég er alveg sannfærður um, að það var óheillaspor, sem stigið var, þegar þessi mþn. lagði til, að horfið yrði frá því að hafa heilsugæzlukaflann í lögum. Það var undanhald. Og ég held, að þeim mönnum hafi missýnzt, en

ekki hinum, sem höfðu samið þennan kafla og viljað gerbreyta okkar heilbrigðisþjónustu í þá átt.

Þá er það viðvíkjandi þeim mikla þætti, sem Sjálfstfl. ætti í tryggingamálum á Íslandi. Hann á fyrst og fremst þann þátt, sem hér hefur verið rakinn, að hann hefur barizt á móti endurbótum á tryggingum á hvaða stigi sem er, allt frá 1930 og fram til þessa dags. Hann gerir það ekki núna að berjast á móti tryggingunum eða leggja til, að þær séu afnumdar. Það gerir enginn andstæðingur tryggginga lengur. Það er ekki til, hvorki í Sjálfstfl. né annars staðar. En fjandskapurinn við tryggingar frá andstæðingum trygginga kemur nú fram í því, birtist í því að standa gegn öllum verulegum umbótum á tryggingunum. Lengra þora andstæðingarnir ekki að fara. Og það er ekki von, að mikið þokist til umbóta í tryggingamálum, þegar Alþfl. nú stendur í þeim sporum að hafa stjórnarsamstarf við þennan fyrrverandi og núverandi og ævarandi andstæðing tryggingamála, Sjálfstæðisflokkinn.

Þá var vikið að því, að ég hefði ekki komið með umbætur á tryggingalöggjöfinni, meðan ég var í ríkisstj. Ég flutti meginhlutann af þeim brtt., sem ég flyt nú, þegar ég var í Alþfl., og þá með fullu samþykki Alþfl., um það, að landið yrði eitt verðlagssvæði, að skerðingarákvæðin yrðu felld niður og að heilsugæzlukaflinn yrði tekinn upp. Ég hef það á þskj. frá 1955, og það þóttu raunsæjar till. þá. Þær voru þá metnar þannig af Alþfl., þótt þær séu kallaðar óraunhæfar till. ábyrgðarlauss manns nú.

En af hverju flutti ég ekki till. um breyt. á tryggingunum, þegar ég var ráðh.? Heyrðu þessi mál undir mig? Eða er það venjulegt í sambræðslustjórnum, að sjútvmrh. flytji frv., sem heyra undir landbrh., að heilbrmrh. flytji frv., sem heyra undir menntmrh., eða að félmrh. flytji frv. um mál, sem heyra undir utanrrh.? Nei, það mun ekki vera venjulegt. En þannig stóð á, að Alþfl. hafði tryggt sér það, sett það að skilyrði fyrir þátttöku sinni í ríkisstj., að tryggingamálin heyrðu undir Alþfl.-ráðh. Og tryggingamálin heyrðu, meðan vinstri stjórnin sat, undir utanrrh. Guðmund Í. Guðmundsson. Alþfl. hafði þá öll þau skilyrði til þess að flytja sínar hugmyndir um endurbætur á tryggingunum, og ég þori að fullyrða það, að a. m. k. hefðu ekki hugsjónir Alþfl. um bættar tryggingar strandað á mér eða mínum flokki, það er ég alveg viss um. En það komu bara engar till. til umbóta á tryggingunum, meðan þær heyrðu á dögum vinstri stjórnarinnar undir Alþfl.-ráðh., Guðmund Í. Guðmundsson, og við mig er ekki að sakast um það. Ég vísa því alveg frá mér. Það er að hengja bakara fyrir smið að ætla að fara að hengja mig fyrir það, að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi ekki lagt fram breyt. til endurbóta á tryggingunum á dögum vinstri stjórnarinnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í þessu fjölþætta og stóra máli, sem ég vildi hér minnast á, en það er hið svonefnda skerðingarákvæði í 22. gr. laganna. Út af því atriði hefur okkur þm. Norðurl. v. borizt erindi fyrir nokkru frá félagi fatlaðra manna á Siglufirði. Við fengum þetta í símskeyti 29. febr., og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa það hér upp. Það hljóðar þannig:

„Á fundi vorum í dag var einróma samþ. að senda öllum þm. Norðurlandskjördæmis vestra áskorun að beita sér fyrir á þessu þingi að afnema það ákvæði tryggingalaganna, að réttur til elli- og örorkubóta skerðist eða missist við tekjur elli- og örorkulífeyrisþega. Vísar fundurinn til fyrri röksemda, að óskynsamlegt virðist, að löggjafarvaldið hefti á þann hátt sjálfsbjargarviðleitni þegnanna."

Undirskriftin er: Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Siglufirði. Meyvant Rögnvaldsson og Björn Stefánsson.

Ég vildi skýra hv. þingdeild frá þessu erindi. Fleiri slík hafa borizt til þingsins, m. a. erindi frá félaginu Sjálfsbjörg í Reykjavík, og hv. 4. þm. Reykn. (JSk) skýrði frá því í framsöguræðu sinni um þetta mál.

Ég ætla ekki að hafa um þetta efni mörg orð. Þetta ákvæði er öllum kunnugt, og hefur þegar verið mikið um það rætt. Það hefur alla tíð verið sem bráðabirgðaákvæði í lögunum um almannatryggingar, en jafnan fram að þessu endurnýjað, þegar að því var komið, að það átti að falla úr gildi. Ég tel, að mörg rök hnigi að því, að það eigi ekki að framlengja þetta ákvæði lengur og að það eigi að fella það úr lögum nú þegar. Má nefna það m. a., að menn eru nú búnir að borga iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins um langan tíma og hafa þar með keypt sér þennan rétt til elli- og örorkulífeyris og því sjálfsagt, að þeir fái að njóta hans. Það má segja, að það hafi verið öðruvísi ástatt að þessu leyti, þegar tryggingalöggjöfin upphaflega var sett, því að þá voru menn ekki farnir að borga fyrir þessa tryggingu, og átti það þá fremur rétt á sér að hafa þessi skerðingarákvæði í bili.

Samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, á að auka mjög fjölskyldubætur, og svo langt er gengið, að hjón, sem hafa aðeins eitt barn á framfæri, fá fjölskyldubætur. Þetta hefur verið rökstutt með því, að efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem nú er verið að framkvæma, leggjast með þeim þunga á allan almenning, að það sé nauðsynlegt þess vegna að láta fólk hafa þessar bætur. Ég vek athygli á því, að þessar fjölskyldubætur eru engum takmörkunum háðar. Þeir, sem hafa miklar tekjur, fá þær alveg eins og hinir, sem tekjulágir eru. En hví skyldu þá ekki elli- og orkulífeyrisþegar einnig fá sínar bætur án þeirrar skerðingar, sem enn er í lögum? Dýrtíðaraukningin hin mikla, sem nú leggst á alla landsmenn, lendir ekki síður á þeim en öðrum.

Það virðist vera nokkuð óljóst, hvað vakir

fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, að því er þetta atriði varðar. Eins og við vitum, fellur það úr gildi af sjálfu sér um næstu áramót, ef ekkert er að gert. En eins og ég gat um, þá hefur þetta jafnan verið framlengt áður, þegar það hefur átt að falla niður, og það virðist vera enn óljóst, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir að því er þetta snertir. Ég tel því rétt fyrir þingið að samþ. fram komnar till. um að fella þetta ákvæði nú þegar úr gildi. Má á það minna, að þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi og afnám skerðingarinnar var samþ. hér í hv. Nd. Málið var komið til síðustu umr. í Ed., ef ég man rétt, þegar það var skyndilega stöðvað.

Ég vil, um leið og ég kem á framfæri þessu erindi þeirra Siglfirðinganna, mæla hið bezta með því, að brtt. um afnám þessa skerðingarákvæðis verði samþ. í hv. deild.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að vera hér viðstaddur í d., þegar 2. umr. um þetta mál hófst, og heyrði þess vegna ekki framsöguræðu meiri hl. né heldur 1. minni hl. um málið. Báðir þessir aðilar hafa borið fram brtt., sem ég skal leyfa mér að fara um nokkrum orðum.

Um brtt. heilbr.- og félmn. í heild á þskj. 169 skal ég aðeins segja það, að ég fyrir mitt leyti get fullkomlega fallizt á þær. Þar er í fyrri brtt., a-liðnum, gert ráð fyrir nokkurri hækkun á utanfararstyrkjum sjúklinga og ráðstöfunum í því sambandi, og er ekkert nema gott um það að segja og ekki um meiri upphæðir að ræða sennilega en að þær muni fullkomlega viðráðanlegar innan þess ramma, sem markaður hefur verið um þessar tryggingalagabreytingar. Önnur brtt. fjallar svo um gildistökuákvæðin, sem ég hef heldur ekkert um að segja, og hvaða lög skuli felld úr gildi, og er þar um nauðsynlega leiðréttingu að ræða.

Auk þess hefur hv. 5. þm. Vestf. (BF) borið fram brtt. á þskj. 231, sem snertir tekjumark skattleysingja, og mun það einnig vera leiðrétting til þess að ná því, sem að var stefnt, en ekki raunveruleg efnisbreyting.

Um brtt. 1. minni hl. hv. heilbr.- og félmn., hv. 4. þm. Reykn. (JSk), á þskj. 190 gegnir nokkuð öðru máli. Aðalatriðin í þeim brtt. eru tvö: annars vegar, að fellt verði niður nú þegar skerðingarákvæði laganna, og hins vegar, að verðlagssvæðin verði sameinuð og landið allt gert eitt verðlagssvæði. Um þessar brtt. og um tilsvarandi breyt. frá hv. 4. landsk. (HV) á þskj. 171, sem einnig stefna sumar að þessu sama marki, skal ég láta mér nægja að segja það, sem ég sagði hér í framsögu um málið, að skerðingarákvæðið fellur úr gildi um næstu áramót, og ég vil vænta þess, að það verði ekki endurnýjað, eins og ég líka sagði þá, en þangað til verði að því unnið í sambandi við ýmislegar aðrar breyt. á tryggingalögunum að útvega eða sjá fyrir nægilegu fé til að standa undir þessari breyt. Um verðlagssvæðin og sameining þeirra í eina heild eða að landið allt verði gert að einu verðlagssvæði skal ég einnig endurtaka það, sem ég sagði í framsögu um málið, að ég tel það eðlilegt, að landið verði gert að einu verðlagssvæði, og að það séu niður fallnar þær ástæður, sem í upphafi voru taldar fyrir því, að þessi svæði voru höfð tvö. En ég benti þá líka á, að nokkur andstaða hefði verið gegn því hjá sveitarfélögunum, að þessi breyt. yrði gerð, og þess vegna yrði að fara að þessari breyt. með nokkru samráði við sveitarfélögin og sjá, hvort ekki mætti takast um það samkomulag.

Ég tel, að aðalbreyt., sem fram koma í till. minni hlutanna tveggja, megi skipta í þrennt: í fyrsta lagi afnám skerðingarákvæðisins, í öðru lagi sameining verðlagssvæðanna og svo til viðbótar frá hv. 4. landsk. þm. nokkrar hækkanir á einstaka bótaliðum frv.

Skerðingarákvæðið og verðlagssvæðin hef ég rætt og tel ekki þörf á að gera það frekar. Ég tel rétt, að þessi mál verði ýtarlega athuguð, þ. e. a. s. um skerðingarákvæðið, að athugaðir verði og fundnir möguleikar til þess að útvega það fé, sem þarf til þess að mæta þeim auknu bótum, sem af því leiðir, og í öðru lagi, að afnám verðlagssvæðanna verði framkvæmt í samvinnu og samráði við sveitarfélög þau, sem málið snertir, sem eru kaupstaðirnir og öll sveitarfélög utan kaupstaðanna með yfir visst íbúamark. Ég held, að það þurfi ekki, eins og raunar hér hefur líka komið fram, að breyta þeim ákvæðum, sem um þetta gilda í núverandi löggjöf, á þann hátt, sem á þskj. 190 segir, að það verði skylt að færa á milli svæða, ef þess er óskað. Ég held, að það hafi aldrei verið staðið á móti því, að það yrði gert, svo að það sé ekki nein raunveruleg breyt., sem í því felst.

En um þriðja atriðið, sem ég nefndi, þær hækkanir, sem hv. 4. landsk. þm. ber fram á þskj. 171, skal ég svo fara nokkrum orðum.

Hann lagði á það talsvert mikla áherzlu og lagði í það nokkurn þunga, að þessar bætur, sem ellilífeyrisbótaþegunum væru nú ætlaðar, væru svo smánarlega lágar, að það væri útilokað, að þeir gætu komizt af með þær án þess að fá viðbótarstyrk frá hinu opinbera, og hann leggur nú til, að í staðinn fyrir 14400 kr. árlegar bætur verði þessar bætur hækkaðar upp í 16000 kr. Ég held nú satt að segja, að ef það er ómögulegt að komast af með 1200 kr. á mánuði fyrir þetta fólk, þá verði lítill munur á afkomunni, þó að bæturnar verði hækkaðar upp í 1333 kr. á mánuði. Þar er um rúml. 100 kr. hækkun að ræða, og það er sýnilegt, að í þessu felst aðeins yfirboð, aðeins það að vera ekki samþykkur því, sem hér er lagt til, heldur að vera ögn hærri til þess að geta slegizt fyrir því og sýnt fram á, hvað ríkisstj. sé vond, en hann ágætur að hækka mánaðarbæturnar úr 1200 kr. og upp í 1333 kr. En sé ómögulegt að komast af með 1200 kr. á mánuði án þess að leita aðstoðar sveitarinnar, þá held ég, að það sé lítill möguleiki að komast af með 1333 kr. í staðinn. Annars var það sá tónn, sem gekk í gegn hjá hv. þm., að hann vildi leitast við — og mér fannst

meira af vilja en mætti — að gera lítið úr þeim breyt., sem hér er verið að gera á tryggingalögunum, og taldi, að það, sem hann bar fram til viðbótar, væri eiginlega aðalatriðið, en það, sem hér væru gerðar till. um af hálfu ríkisstj., væri eiginlega smávægilegt og tiltölulega lítils eða einskis virði. Hann ætti þó að hafa gert sér grein fyrir því, að þær hækkanir, sem hér er lagt til að gerðar verði, nema rúmlega 200 millj. kr. á ári og gera meira en að tvöfalda þá upphæð, sem til þessara mála er varið, frá því, sem áður var. Hans till. kunna að vera ákaflega gagnlegar líka, en ég held þó, að þær séu engan veginn gagnlegri eða meiri virði en þær breyt., sem hér er verið að gera. Hækkunartill. eru hreinar yfirboðstill., gera hvorki til né frá um afkomu þeirra, sem hér er um að ræða, en aðeins til þess að láta í ljós, að hann vill sýna ofur lítið hærri tölur en ríkisstj. leggur til.

Um skerðingarákvæðið má þar að auki segja það, að með hinum hækkuðu bótum til lífeyrisþeganna hækkar skerðingarmarkið mjög verulega, eins og fram kemur í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 207. Með núverandi till. um bótagreiðslur, ef að lögum verða, eru tekjur og lífeyrisupphæð samanlagðar án skerðingar komnar upp í 54700 kr., og lífeyrisþeginn þarf að hafa 72 þús. kr. í tekjur, til þess að hann missi algerlega ellilífeyrinn, þannig að þetta er náttúrlega allt annað en áður var.

Um verðlagssvæðabreytinguna, þó að gagnleg sé og nauðsynleg kannske, þá er hún ekki það aðalatriði sem hækkun ellilífeyrisins og ýmissa annarra bóta í tryggingalögunum er. Ég meina, að hækkun bótanna, bæði ellilaunanna, mæðralaunanna, slysatryggingabótanna og ýmislegs annars, er miklu meira virði í mínum augum en það, hvort skerðingarákvæðin eru numin úr gildi hálfu árinu fyrr eða seinna og hvort verðlagssvæðin séu sameinuð í eitt strax.

Þetta er að mínu viti fram borið af hv. þm. til þess raunverulega að gera það tortryggilegt, sem verið er að gera, og reyna að mikla það, sem látið er ógert. Það verða alltaf að vera einhver mörk, sem bæturnar eru bundnar við, og ég sé ekki, að þessi mörk, sem hér eru sett í þessu frv., séu svo lág, að það réttlæti hjá hv. þm. að segja, að hér sé um engar gagngerðar breyt. að ræða. Hvenær hafa verið gerðar aðrar eins breyt. á almannatryggingalögunum og nú eru gerðar? Það má vera, að það sé ekki hægt að lifa neinu fullkomnu lífi á tryggingabótunum, eins og þær liggja fyrir. En ég vil þó benda á, að við erum með því frv., sem hér liggur fyrir, komnir upp í það að vera við hliðina á þeim, sem lengst eru komnir á þessu sviði. Við erum komnir upp í það að vera með ellilaun hjóna um 51.3% af árslaunum verkamanna, og það er hærra en bæði er í Danmörku og Svíþjóð, sem hafa þó verið í tölu þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði. Þetta kallar hv. þm., að séu engar gagngerar breyt. frá því, sem áður var.

Ég held, að hv. þm. segi þetta gegn betri vitund og meir til áróðurs gegn till. og frv. heldur en að hann virkilega trúi því, að þetta sé svo, eins og augljóst er fyrir hverjum og einum, sem um þessi mál hugsar.

Um þessi atriði, sem ágreiningurinn virðist vera um fyrst og fremst, skerðingarákvæðið og verðlagssvæðin, skal ég geta þess og gat þess raunar líka við 1. umr., að það er nauðsynlegt að setja nefnd til þess að athuga tekjuöflunarmöguleikana, sem eiga að mæta afnámi skerðingarákvæðanna, og sú nefnd þarf og mun taka heildarlöggjöfina enn til gagngerðrar athugunar og þá vitanlega þessi mál einnig.

Hv. þm. gerði mikið úr heilsugæzlukaflanum, og ég skal taka undir það með honum, að það er mjög merkilegt og þýðingarmikið mál. Það hefur verið sýnt fram á, hvers vegna þessi þáttur var tekinn út úr tryggingalöggjöfinni, hvaða rök lágu til þess þá. En ég geri ráð fyrir því, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, milliþinganefndin, muni fá þetta einnig til athugunar og gera till. um, á hvern hátt eða hvort úr þessu megi bæta.

Ég sem sagt tel, að þó að ekki hafi náðzt alveg á leiðarenda með þessu frv., þá sé engan veginn réttlætanlegt að segja, að hér sé um engar gagngerar breyt. að ræða, hér sé um smávægilegar breyt. að ræða og þeir séu lítilþægir, sem ánægðir séu með þær, eins og hv. þm. orðaði það.

Ég vil nú aðeins láta þetta koma hér fram, til þess að það liggi skýrt fyrir, að n. muni verða sett til þess að athuga það, sem enn er ógert af því, sem hér hefur komið fram að þyrfti að gera, og að sú nefnd muni ljúka sínum störfum eða það muni verða séð til þess, að hún muni ljúka sínum störfum það tímanlega, að tækifæri muni fást til þess að taka afstöðu til þeirra um það leyti, sem skerðingarákvæðin falla að eðlilegum hætti úr gildi, sem er um næstu áramót.

Þessi hv. þm., hv. 4. landsk. þm., ræddi nokkuð um það, að Alþfl. hefði staðið illa á verðinum og að hann hefði nú valið sér það vafasama hlutskipti að standa með Sjálfstfl. um afgreiðslu þessa máls. Ég veit, að hv. þm. man svo langt aftur í tímann, þegar almannatryggingalögin voru sett 1946. Hverjir voru það þá, sem stóðu að afgreiðslu málsins, og hverjir voru það, sem snerust á móti? Ég man ekki betur en Alþfl., Sósialistafl. og Sjálfstfl. stæðu að afgreiðslunni sameiginlega þá. Framsfl. einn var á móti, og hann var það mikið á móti, að það var aðeins einn af þm. hans, sem vogaði sér að greiða atkv. með frv., þegar það var samþ. þá, þannig að liðs úr Framsfl. með þessu máli var ekki þá að vænta og hefur ekki verið síðan. Þess vegna gleðst ég yfir því, að hv. 1. þm. Norðurl. v. skuli nú hafa fengið þann áhuga fyrir málinu, sem lýsti sér í ræðu hans hér áðan.

Hv. 4. landsk. þm. hélt því líka fram, að Alþfl. hefði átt þess kost, þegar hann var í samstjórn með Framsfl. og Alþb. 1956—58, að koma fram með till. um málið, en hann hefði bara ekki gert það. Þetta er ekki rétt hjá honum. Alþfl. kom fram með till. um málið. Við efnahagsmálaundirbúninginn 1958 voru lagðar fram af hálfu allra flokkanna í ríkisstj. till., af hálfu Alþb., af hálfu Framsfl. og af hálfu Alþfl. Í till. Framsfl. og Alþb. örlaði ekki á neinum till., sem snertu alþýðutryggingarnar, en í till. Alþfl. var beinlínis lagt til, að tekna væri aflað til þess að auka og bæta við almannatryggingarnar með aukningu fjölskyldubóta og hækkun ellilífeyris, en áhuginn hjá samstarfsflokkunum innan þeirrar ríkisstj. var ekki svo mikill, að þessar till. næðu fram að ganga.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram, til þess að það liggi ljóst fyrir, að hv. þm. mælir það annaðhvort vegna þess, að hann man ekki betur, eða þá gegn betri vitund, að Alþfl. hafi ekki borið fram till. til bóta í þessum málum í vinstri stjórninni svokölluðu. Það komu engar till. frá Alþfl., sagði hv. þm., en þær komu vissulega og hafa meira að segja verið prentaðar og birtar opinberlega.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. En ég vildi í fyrsta lagi fá tækifæri til þess að lýsa afstöðu til þessara brtt., sem fyrir liggja. Ég legg til, að till. heilbr.- og félmn. í heild verði samþ. og till. hv. 5. þm. Vestf., sem er þeim tengd og er eingöngu lagfæring, en ég vildi leyfa mér að leggja til, að hinar till., á þskj. 171 og 190, verði ekki samþ., þar sem ég tel, að þau efnisatriði, sem till. bera í sér, verði athuguð á milli þinga af nefnd, sem til þess mun verða sett nú að lokinni afgreiðslu þessa máls hér. Ég vildi ekki heldur láta ómótmælt ummælum hv. 4. landsk. þm. um afstöðu Alþfl. og afstöðu annarra flokka til þessara mála yfirleitt. Sjálfstfl. hefur ekki verið sá mesti dragbítur, sem um getur í sambandi við breyt. á almannatryggingal., eins og hv. þm. vildi vera láta. Ég skal að vísu ekki taka upp hanzkann fyrir hann, hann getur gert það sjálfur, en ég vil aðeins, að það rétta komi fram, að það hafa aðrir verið, sem ýmist með þögninni, eins og Alþb., hafa komið í veg fyrir framgang málsins eða beinlínis beitt sér á móti því, eins og Framsfl. gerði 1946 með heiðri og sóma. En Sjálfstfl. hefur bæði þá og nú stutt að því, að þessar till. næðu fram að ganga, og það tel ég að megi gjarnan koma fram.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er ekkert nema gott um það að segja, þó að fram komi þakkarávarp frá Alþfl. til Sjálfstfl. fyrir samstarf við að endurbæta tryggingar á Íslandi, að svo miklu leyti sem sá flokkur á það skilið. Ekki skal ég öfundast yfir því. En hitt tel ég ekki sannleikanum samkvæmt, sem hæstv. félmrh. vék hér að Alþb. áðan, að fullyrða, að það hafi með þögninni staðið á móti umbótum á almannatryggingalögunum í landinu. Alþb. er haft fyrir rangri sök um það. Það hefur aldrei sýnt Alþfl. nokkra mótspyrnu gegn nokkurri till. af hans hendi til umbóta á tryggingum. Ég lýsi allar staðhæfingar í aðra átt ósannindi.

Hæstv. félmrh. sagði, að það mætti flokka till., sem hér lægju fyrir til breyt. á tryggingalögunum, í þrennt. Það eru í fyrsta lagi till., sem fram hefðu komið um skerðinguna, að afnema skerðinguna gagnvart ellilífeyri og örorkubótum, í öðru lagi að gera landið að einu verðlagssvæði og í þriðja lagi ýmsar hækkunartill. Þetta er í meginatriðum rétt. En ég held nú, að ég mundi telja tillögu mína um að taka heilsugæzlukaflann upp aftur. Ég held, að það verði að teljast ein meiri háttar brtt. á tryggingakerfinu í landinu, — enn fremur ef sú prinsipbreyting hefði fengizt, að hjón fengju tvöfaldan einstaklingslífeyri, og fleiri prinsipbreytingar, sem hér eru lagðar til af hendi Alþb., sem allar væru til stórfelldra umbóta á tryggingakerfinu.

Það þriðja voru ýmiss konar hækkunartill. á ýmsum bótagreiðslum, og hæstv. ráðh. spurði: Hvenær hafa orðið meiri breyt. á tryggingunum að því er snertir hækkaðar bætur heldur en nú er lagt til í stjórnarfrv.? En þá spyr ég aftur: Hvenær hafa menn líka horfzt í augu við aðra eins holskeflu vaxandi dýrtíðar í landinu, sem líkleg er til að gleypa á augnabliki allar þessar krónuhækkanir, sem nú eru lagðar til, og gera þær að engu? Það er það, sem er grundvöllurinn fyrir því, að ég fullyrði, að í raun og veru sé hér um smávægilegar lagfæringar að ræða, því að ekki er gengið inn á að afnema skerðingarákvæðin, ekki gengið inn á að gera landið að einu verðlagssvæði, ekki gengið a. m. k. í n. inn á að taka heilsugæzlukaflann upp, ekki gengið inn á það að gera rétt hjóna jafnan rétti tveggja einstaklinga. Þetta allt hefði ég talið meginbreytingar á tryggingakerfinu í landinu og hefði talið það til stórkostlegra bóta. En á móti þessu ætlar Alþfl. engu síður en Sjálfstfl. að standa í þetta sinn. Tryggingaumbótaáhuginn hjá þessum fóstbræðrum er nú ekki meiri en þetta. Þeir ætla að leggja til verulegar krónuhækkanir á móti vaxandi dýrtíð, enda verður ekki hjá því komizt, en varðandi umbætur á tryggingakerfinu, þá ætla þeir ekki að ganga til móts við neinar till. um það. Þó skal ég ekkert undan draga. Ég skal fagna yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að hann ætli að láta skerðingarákvæðin niður falla um næstu áramót, og tel hans orð nú hafa gefið mér vaxandi vonir um að mega treysta því, að þau verði ekki framlengd eftir áramótin næstu.

Það er að vissu leyti rétt, að saga flokkanna í sambandi við tryggingamálin er sú, að ég hygg, að alþýðutryggingalögin hafi verið sett 1936 með samstarfi Alþfl. og Framsfl., — er það ekki rétt? — Og mörðust þá í gegnum þingið með eins atkvæðis mun. Íhaldið stóð þá dyggilega á móti alþýðutryggingalögunum, eins og það gat. Svo er 1946, þegar almannatryggingalögin eru hér í undirbúningi að af-

loknu miklu starfi í mþn. Þá stendur þannig á í landinu, að nýsköpunarstjórnin situr, Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. eru í stjórn, — er það ekki rétt? Þá er það, sem málið er knúið fram, og ég hygg, að það sé ekkert að saka Sósfl. um það, að hann hafi með neinni þögn eða neinni tregðu veitt málinu stuðning. En var það svo auðvelt verk að fá Sjálfstfl. þá með til þess að fallast á frv. um almannatryggingar? Var það auðvelt verk? Ég skal rifja það svolítið upp. Ég fór í gegnum umr. nú fyrir þessa umr.

Þá greindi hv. þm. Steingrímur Aðalsteinsson frá því í umr., að frsm., þ. e. a. s. Haraldur Guðmundsson, hafi getið um það, að það sé orðið að samkomulagi að láta þetta mál ganga fram, en það hefði orðið að draga mikið út ákvæðum frv., vegna þess að Sjálfstfl. krafðist þess, að dregið yrði úr kostnaði við tryggingarnar. Kannske kunna menn að segja: Það er nú ekki alveg óyggjandi heimild, Steingrímur Aðalsteinsson, sósíalistinn, um, hvað Sjálfstfl. hafi gert. En hv. þm. Barð., Gísli Jónsson, tók til máls næst á eftir, og hann sagði: „Fyrstu kröfur mínar í n. gengu í þá átt, að lækkun um 7 millj. kr. yrði gerð.“ Hann gerði nánari grein fyrir þessu. „Ég taldi ekki ógerlegt að lækka þrjá fyrstu árgangana“, þ. e. a. s. að því er snertir gamalmennin, „árgangana, sem ellilauna njóta, um helming, tel unandi við hálfan lífeyri fyrstu árin.“ Og þetta áætlaði hann að gæfi 3 millj. kr. sparnað, bara á gamalmennunum. Enn fremur sagði Gísli Jónsson: „Önnur krafa mín var byggð á ekkjulaununum, að þar yrði sparnaður gerður, sem yrði 1.7 millj. kr. — Þriðja atriðið er það,“ sagði Gísli Jónsson, „að ég krafðist, að felldar yrðu burt 600 þús. kr. dánarbætur. Fjórði liður var svo að því er snerti atvinnutryggingarnar. Ég sótti fast að fá þennan þátt tryggínganna afnuminn og taldi skaðlaust að nema á brott þessar 3 millj. kr. — Þessar upphæðir mundu alls hafa numið um 7 millj. kr., en samkomulag varð um niðurskurð, er næmi 4 millj. og 100 þús. kr.“ Og þá sagði Gísli Jónsson enn: „Ég er óánægður með ákvæði í 66. gr. um, að launagreiðendum,“ þ. e. a. s. atvinnurekendum, „sé skylt að greiða laun fastra starfsmanna a. m. k. í 14 daga, ef þeir fatlast frá vinnunni. — Í áttunda lagi,“ sagði þm., „var ég óánægður með að taka allan heilsugæzlukaflann upp í frv. Hins vegar varð samkomulag um að fresta framkvæmd þessa hluta l. um eitt ár.“ Það var ekki vakurt, þótt riðið væri. Svona streittist íhaldið á móti setningu almannatryggingalaganna eins og það gat og reyndi að knýja þetta niður, og Alþfl. átti í glímu, — sumir sögðu í umr., að það hefði verið samið um þetta á einni kvöldstund, en þá leiðrétti Haraldur Guðmundsson það og sagði: „Það hefur raunar tekið allan þingtímann að komast að samkomulagi við Sjálfstfl. um þetta mál.“ Svona gekk það greiðlega. En Framsfl., sem var að þvælast fyrir á móti, sagði, — það er rétt, að Páll Hermannsson sagði, að hér væri verið að skapa nýtt þjóðfélag með svona tryggingakerfi, og hann greiddi því atkv með því, en framsóknarmennirnir sögðu: Við teljum hér svo mikla og gagngera breytingu gerða frá alþýðutryggingalögunum, sem við stóðum að því að setja með Alþfl., að við viljum fá frestun á þessu máli til næsta þings og nánari athugun og kynnast málinu betur. — Og þetta gekk gegnum þeirra ræður allar saman, og þeir greiddu af þessari ástæðu atkv. með rökst. dagskrá, sem þeir fluttu um það, að málið yrði ekki knúið í gegnum það þing. Þetta er sannleikur málsins. En satt er það, að Framsfl. fékkst ekki sem heild til þess að styðja framgang almannatryggingalaganna á þinginu 1946. Og þá held ég, að hver flokkur hafi fengið sitt um það, hvaða stuðning eða hvaða andstöðu þeir hafi veitt tryggingamálum í landinu.

Viðvíkjandi því, að Alþfl. hafi á vinstristjórnarárunum borið fram innan um efnahagsmálatill. sínar einhverjar till. viðvíkjandi auknum framlögum til tryggínganna, þá verð ég að segja það, að mér er það ekki minnisstætt, og það fullyrði ég, að hæstv. ráðh. Guðmundur Í. Guðmundsson, sem fór með tryggingamálin, lagði aldrei fram í ríkisstj. á fundi nokkrar till. til endurbóta tryggingunum, aldrei þáltill., aldrei frv., svo að ég muni. Og ég þori að fullyrða, að það hefði ekki orðið andstaða af Alþb. hendi gegn því að standa að endurbótum á tryggingunum. En ef áhuginn hefði verið brennandi, þá hygg ég, að hæstv. ráðh. hefði komið því í verk að semja annaðhvort þáltill. eða frv. og látið þá springa á því, það hefði getað orðið áróðursatriði fyrir hann, ef það hefði sprungið í ríkisstj. að fá stuðning við slíkar till. En þær komu aldrei fram. Og svo mikið er víst, að hafi þetta verið í efnahagsmálatill. Alþfl., þá hefur ekki heldur staðið á stuðningi Alþb. við þær till.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hér áðan grein fyrir samþykkt, sem félag fatlaðra á Siglufirði hefði gert og sent þm. Norðvesturlandskjördæmis viðvíkjandi því, að þeir stæðu að afnámi skerðingarákvæðanna. Mörg fleiri bréf hafa borizt Alþingi, sem hafa farið í líka átt, bæði að því er snertir afnám skerðingarákvæðanna og eins að því er snertir ýmsar aðrar nauðsynlegar endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Mér hefur borizt eitt slíkt skjal, og tel þá rétt að láta það líka koma hér inn í þingtíðindi, því að það virðist vera allvandlega að þessum till. unnið, sem hér er um að ræða. Mér er einnig kunnugt um það, að mörg kvennasamtök í landinu, Kvenfélagasamband Íslands, einstök kvenfélög, Kvenréttindafélag Íslands og mæðrastyrksnefndir, hafa þráfaldlega sent Alþ. tillögur, óskir, bænir og kröfur um lagfæringar á ýmsum atriðum tryggínganna, en mjög sjaldan fengið áheyrn. Flest af þessu er því óframkvæmt enn og þessar fyrri kröfur áður sendar þinginu þannig í fullu gildi. Það, sem ég vildi gera þm. kunnugt af þeim skjölum, sem mér hafa borizt, eru einkum till. um tryggingar sendar Alþ. í marz 1960 frá tryggínganefnd Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna.

1. liðurinn í samþykkt þeirra er, að fjölskyldubætur verði greiddar vegna allra barna innan 16 ára.
2. Barnalífeyrir verði 2/3 af einstaklingslífeyri.
3. Barnalífeyrir verði skattfrjáls.
4. Barnalífeyrir verði greiddur án tillits til tekna.
5. Barnalífeyrir verði greiddur með barni látinnar móður.
6. Hjón taki lífeyri sem tveir einstaklingar.
7. Makabætur megi greiða bæði eiginkonu og eiginmanni.
8. Sjúkradagpeningar verði einnig greiddir konum, sem vinna einungis á heimilum sínum, — 6. málsgr. 23. gr. núv. almannatryggingalaga falli því niður.
9. Heilsugæzlukaflinn frá 1946 verði tekinn inn í lögin að nýju.
10. Sjúkrasamlag Reykjavíkur og annarra stærri bæja verði sameinað Tryggingastofnun ríkisins, en það mundi gerast, þegar heilsugæzlukaflinn yrði tekinn upp.
11. Ellilífeyrisskerðing falli niður með gildistöku væntanlegra breyt. á almannatryggingalöggjöfinni.
12. Landið verði eitt verðlagssvæði.

„Þessar till. hafa flestar verið á dagskrá og fengið samþykki hinna ýmsu kvennasamtaka í landinu mörg undanfarin ár og eru því engar dægurflugur. Það hryggir okkur að þurfa að viðurkenna, að löggjafarþing þjóðarinnar hefur metið svo lítið till. og álit hinna fjölmennu kvennasamtaka í landinu, að það hefur tekið tryggingalöggjöfina til meðferðar æ ofan í æ án þess að taka meira tillit til margendurtekinna óska þeirra en raun ber vitni.

Skylt er þó að geta þess og meta, að sú krafa kvennasamtaka, að einstæðingsmóðir fái mæðralaun þegar í stað með fyrsta barni, er tekin upp í tryggingafrv. það, sem liggur fyrir þinginu. Hins vegar verður það að skoðast sem mikið ranglæti, að ráð er gert fyrir því í sama frv., að mæðralaun konu séu 1400 kr. með einu barni, þegar hjón fá 2600 kr. eða 1200 kr. hærra með einbirni, hversu háar tekjur sem þau kunna að hafa. Verður því ekki að óreyndu trúað, að Alþ. samþ. slíkt þjóðfélagslegt misrétti. Stoðar ekki að benda á, að móðirin hafi auk mæðralaunanna meðlag með barni sínu, þar sem það er aðeins hið eðlilega og sjálfsagða framlag föðurins til framfærslu barns síns og sízt of mikið.

Auk kvenna, sem njóta mæðralauna, eru öryrkjar, sem njóta örorku- og barnalífeyris, svo og konur, sem njóta endurkræfs barnalífeyris, útilokaðar frá fjölskyldubótum. Þar sem ljóst er, að fjölskyldubætur þær, sem ráð er fyrir gert í frv., hlíta ekki sömu venjum og aðrar greiðslur tryggginganna, hvorki um tekjuöflun né skiptingu landsins í verðlagssvæði, heldur eru fyrst og fremst hugsaðar sem framlag til að mæta þeim kjaraskerðingum, sem nýlega samþ. efnahagsráðstafanir hafa í för með sér, er það fráleitt, að viss hópur bótaþega almannatrygginganna skuli ekki njóta þeirra vegna þess, að þeir njóti annarra bóta frá tryggingunum.

Það hefur verið krafa Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna svo og annarra kvennasamtaka um langt skeið, að mæðralaun, örorkubætur og endurkræfur barnalífeyrir útilokaði ekki fjölskyldubætur. Nú eru enn ríkari ástæður til þess að herða á þessum kröfum, þar sem öllum má nú vera ljóst, að þessi hópur fólks er ekki færari um að taka stórhækkuðum framfærslukostnaði heldur en aðrir landsmenn, sem börn hafa á framfæri, heldur þvert á móti, því að þarna er að finna fólk, sem örðugast á fjárhagslega.

Við setningu tryggingalaganna 1946 var barnalífeyrir ákveðinn 2/3 af einstaklingslífeyri. Er það eðlilegt hlutfall, þegar þess er gætt, að hinar þjóðfélagslegu aðstæður konunnar eru að ýmsu leyti örðugri en karlmannsins, t. d. vegna þess, að konur njóta ekki almennt launajafnréttis á við karlmenn. Þetta hlutfall hefur breytzt, og undanfarin ár er barnalífeyrir aðeins helmingur einstaklingslífeyris, en sú breyting er stór mistök frá hendi Alþ. í meðferð tryggingalaganna. Barnalífeyrir er að langmestu leyti endurkræfur af barnsföður og þarf því ekki að falla hinu opinbera til gjalda, en óendurkræf barnsmeðlög hljóta að skoðast í því ljósi, að þau séu trygging, sem faðirinn er búinn að greiða til og vinna fyrir, meðan hans naut við, eða nokkurs konar arfur, sem barnið á eftir föður sinn. Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að vandalaus maður taki að sér framfærsluskyldu annars manns, jafnvel þótt hann giftist móður barnsins. Auk þess má fullyrða, að núverandi eða væntanlegur barnalífeyrir muni ekki hrökkva til sem helmingur raunverulegs framfærslukostnaðar barnsins.

Þá leggjum við til, að greiddur verði barnalífeyrir með barni látinnar móður eins og með barni látins föður. Það teljum við réttlátt og sanngjarnt út frá því sjónarmiði, að faðir og móðir séu jafnmikilvægir aðilar við framfærslu barns og því eigi að greiða bætur vegna missis þess vinnuframlags, sem venjulega er hlutur móður í framfærslunni.

Á svipuðu viðhorfi byggist það atriði, að heimilt sé að greiða maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur, í staðinn fyrir að núgildandi tryggingalög og frv. til breyt. á þeim gera ráð fyrir, að einungis eiginkona örorkulífeyrisþegans skuli eiga rétt á makabótum. Við teljum, að fjárhagur heimilisins byggist á framlagi beggja hjónanna, vinnuframlagi húsmóður og tekjuöflun húsbóndans, og því beri að greiða makabætur vegna þess þeirra, sem ófært verður um að standa undir framfærslu heimilisins, án alls tillits til þess, hvort það er eiginkona eða eiginmaður.

Þá viljum við, að viðurkenndur sé skýlaus réttur húsmóður til sjúkradagpeninga, en ekki sé þar einungis um heimild að ræða, eins og nú er. Viljum við benda á, að húsmæður eru sá starfshópur í þjóðfélaginu, sem einna sízt má fatlast frá störfum. Komi það fyrir, verð-

ur að fá einhvern annan til að vinna hennar störf utan heimilis eða innan. Slíkt hlýtur að leiða til beinna fjárútláta fyrir heimilið.

Mismun þeim á hjónum og einhleypingum, sem 6. mgr. 53. gr. tryggingal. gerir ráð fyrir, mótmælum við því eindregið. Hjón borga til sjúkrasamlaga algerlega sem tveir einstaklingar, og er þá engin ástæða til annars en þau njóti fullra réttinda sem slíkir.

Það er einnig skoðun okkar, að réttlátt sé, að hjón taki lífeyri sem tveir einstaklingar, þó að því sé oft haldið fram, að ódýrara sé fyrir hjón að lifa en einhleypa, og er það hæpin fullyrðing. Á það má benda, að hjón taka raunverulega á sig meiri þjóðfélagslega ábyrgð heldur en sá, sem aldrei hefur til fjölskyldu stofnað, og mörg eru þau útgjöld, sem fjölskyldulíf og heimilishald hefur í för með sér, sem einhleypt fólk hefur ekki af að segja. Virðist það skjóta nokkuð skökku við, að löggjafinn gangi beinlínis á hlut hjóna og heimilislífs, sem þó venjulega er talið hornsteinar þjóðfélagsins.

Við látum í ljós undrun okkar á því, að enn skuli ekki hafa verið framkvæmd þau fyrirmæli, sem upphaflega voru í tryggingalögum, um að sameina sjúkrasamlög Tryggingastofnuninni, þar sem því verður við komið, og hagnýttur sá sparnaður, sem af því hlyti að leiða.

Að lokum viljum við undirstrika þá kröfu, að kaflinn um heilsugæzlu frá 1946 sé aftur tekinn inn í lögin og unnið verði að framkvæmd hans. Óhætt er að fullyrða, að þar er að finna mörg hin merkustu fyrirmæli, sem komið hafa fram um almennar tryggingar hér á landi.

Það hefði verið æskilegt, að Alþingi hefði tekið l. um almannatryggingar til allsherjarendurskoðunar með það fyrir augum að tryggja og treysta þann grundvöll, sem almannatryggingar eiga að vera félagslegu öryggi í landinu. Við óttumst, að með því frv. til breyt. á tryggingalögunum, sem fyrir Alþ. liggur nú, sé ekki stefnt að því. Við skorum alvarlega á hvern einasta fulltrúa, sem sæti á á Alþ., að stuðla að því, að óskir, sem mikill hluti allra kvenna á Íslandi hefur gert að sínum, verði réttlátlega teknar til greina við afgreiðslu frv. Í því trausti sendum við hinu háa Alþ. þessar tillögur."

Þetta skjal, sem að mínu áliti er vel hugsað og vel samið og hófsamlega fram sett, er frá trygginganefnd Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna.

Ég held, að hv. Alþ. setji ekkert ofan við það að endurskoða afstöðu sína nú milli 2. og 3. umr. og athuga þær brtt., sem nú liggja fyrir og flestar eru í samræmi við þessar kröfur og aðrar kröfur frá kvennasamtökunum, og íhuga vandlega, hvort ekki væri unnt að taka sem allra flestar af þeim til greina. Þykir mér furðulegt, ef konurnar hér á Alþ. snúast nú með öðrum stjórnarliðum gegn þessum till., sem þær eru búnar að hamra á og senda til Alþ. ár eftir ár.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. sagði, að nú verði að taka vægilega á dauðum manni, og skal ég vissulega taka það til greina. Hann sagði, hv. þm., og það er eiginlega aðalerindi mitt í ræðustólinn aftur að hnekkja því, að ekki hefði komið fram frá Alþfl. till. í fyrrv. ríkisstj. eða í vinstri stjórninni svokölluðu um endurbætur á tryggingalöggjöfinni og að Alþb. hefði ekki, hvorki með þögninni né á annan hátt, komið í veg fyrir, að þær till. næðu fram að ganga. Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að skýra frá því, sem raunar er vitað og sjálfsagt í minni margra hv. þm., því að það er svo nýkomið fram, að hæstv. menntmrh. lagði hér fram í byrjun febrúarmánaðar till. þær, sem uppi voru frá öllum þeim þrem flokkum, sem að vinstri stjórninni stóðu, um það, hvernig bregðast skyldi við þeim efnahagsvanda, sem þá var verið að reyna að leysa. Þessar till. voru prentaðar í Alþýðublaðinu 7. febr. Þar eru bæði tillögur Framsfl. og till. Alþb. og till. Alþfl., sem þá voru lagðar fram, allar skriflegar frá þessum flokkum öllum þremur. Í till. Framsfl. og í till. Alþb. er ekki ýjað að því einu orði að breyta á nokkurn hátt tryggingalöggjöfinni í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem þá var verið að gera, ekki með einu orði. En í till. Alþfl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Athugaðir skulu möguleikar á því að hækka almenna tolla á nokkrum þeim vörum, er nú bera hæst innflutningsgjöld, og verði tekjur af tollahækkununum m. a. notaðar til þess að auka fjölskyldubætur og ellilífeyri og lækka tekjuskatt eða á annan hátt til að rétta hlut launþega."

Þetta er ein af mörgum tillögum, sem Alþfl. bar þá fram í vinstri stjórninni. En svo mikið er víst, að þessar till. náðu ekki fram að ganga. Það var ekki vegna þess, að Alþfl. hefði ekki borið þessar till. fram, það er vegna þess, að hinir flokkarnir hafa ekki tekið nægilega undir þær, að þær náðu ekki fram að ganga. Og það verður ekki skýrt nema á bezta og vinsamlegasta hátt með því, að Alþb. hafi þar setið hjá og ekki beitt áhrifum sínum, því að ef það hefði beitt áhrifum sínum og verið með, þá var þetta samþ. Einasta leiðin og vinsamlegasta skýringin, sem á þessu máli finnst, er sú, að Alþb. hafi með þögninni komið í veg fyrir, að þetta yrði gert.

Hv. þm. sagði svo, og það finnst mér táknrænt fyrir hans málflutning: „Þetta hefði þó Alþfl. átt að geta gert að áróðursatriði með því að sprengja ríkisstj." Það eru alltaf áróðursatriðin, sem hv. þm. hugsar um fyrst og fremst. Það er ekki, hvernig leysa skuli mál, það eru áróðursatriðin. En Alþfl. notaði þetta ekki sem áróðursatriði, og þegar þetta náði ekki fram að ganga, þá féllst hann á þá lausn, sem hægt var að ná samkomulagi um og hann taldi forsvaranlega, án þess að nota það sem áróðursatriði.

Hv. þm. viðurkenndi að vísu, að með þessu frv. væru gerðar mjög gagngerðar bætur á

tryggingalöggjöfinni. En sagði hann og bætti við: Hvenær hefur þjóðin horfzt í augu við aðrar eins hækkanir á verðlagi og þjóðin má nú horfast í augu við? Og þessar verðhækkanir, sem ríkisstj. stofnar til, gera á vissan hátt verulegan hluta af þessum hækkunum alveg sjálfsagðar. — En hv. þm. ætti að muna eftir því, sem gerðist 1958. Verðhækkanirnar þá og sú raunverulega gengisbreyting, sem þá átti sér stað, var meiri en sú, sem nú er gerð. Hún var meiri. Og hvað fengu ellilífeyrisþegarnir þá? Þeir fengu 5% í lögum stjórnarinnar. Þeir fengu 5% fyrst, og svo þegar almennar launahækkanir komu síðar á árinu, þá var 9% bætt við, og þetta eru þá samtals, eftir að hálft ár var liðið frá bjargráðalögunum, komið upp í 14%. En 14% eru þó ekki 44%, eins og hér er lagt til að hækka ellilífeyrinn um — og margar aðrar bótagreiðslur líka hækkaðar um þá upphæð eða svipaða, svo að ég tel, og ég sný ekki aftur með það, að þær aðgerðir og breytingar, sem nú eru gerðar á tryggingalöggjöfinni, séu ólíkt meiri og aðrar en gerðar voru þá eða hafa nokkru sinni áður verið gerðar. Og verðhækkunin, sem vissulega er nokkur og sannarlega ber ekki að útiloka úr því reikningsdæmi, sem við erum að gera upp, er sízt meiri en 1958, í vinstri stjórn þessa hv. þm., og var þá ekki bætt upp nema fyrst með 5% og síðar með 9%, á móti þeim 44%, sem ellilífeyrisþegarnir fá nú eftir þessu frv. Þetta er ekki sambærilegt. Ég skal svo ekki ræða þetta mál frekar. Ég vildi aðeins láta þetta koma skýrt fram.

Alþfl. hefur áður borið fram sínar till. um endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Hann hefur stundum notið stuðnings eins og stundum annars, og hvort hv. þm. telur sig þess umkominn að segja, að einn flokkur hafi verið meiri andstæðingur tryggingalaganna og tryggingalagabreytinganna, sem gerðar hafa verið, heldur en annar, það eftirlæt ég honum alveg að dæma um. En ég bendi aðeins á, að meginbreytingar tryggingalaganna og þær, sem hafa sett á þau lög núverandi svip, eru gerðar með Sjálfstfl., stundum í sambandi við Alþb., stundum ekki. En síðan almannatryggingalögin voru sett 1946, þá get ég a. m. k. ekki sagt, að Sjálfstfl. hafi verið meir á móti þeirri lagasetningu en Framsfl. 1946 var, þegar aðeins einn maður úr þeim hópi treysti sér til þess að greiða atkv. með lögunum. En þau orð hv. þm., sem ég tel að ættu að munast og eru kannske kjarni þess eða ástæðan til þess, hvernig ýmsir flokkar hafa staðið að þessari lagasetningu, eru þar sem hv. þm. segir, að það hafi verið fávíslegt, skildist mér, hjá Alþfl. 1958 að nota ekki málið sem áróðursatriði. Það er áróðursatriði, sem er fyrir hv. þm. aðalatriðið, en ekki efnisatriði málsins, og það kann að skýra nokkuð bæði það, sem hér er að gerast, og það, sem áður hefur gerzt í málinu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar við komum hér til framhaldsfundar kl. 5, hélt ég, að þessum umr. væri u. þ. b. að verða lokið, og allt benti til þess, að svo væri. En eftir að ég hafði sagt hér fáein orð, og voru þau á allan hátt laus við nokkrar ádeilur á nokkurn mann, — ég gerði aðeins grein fyrir erindi, sem mér og fleirum hafði borizt viðkomandi frv., — þá sá hæstv. félmrh. ástæðu til að rísa úr sæti sínu og flytja hér slettur til Framsfl. og nú síðar til annarra einnig í síðari ræðu.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að Framsfl. hefði beitt sér gegn löggjöfinni um almannatryggingar, sem sett var 1946. Ég vil í þessu sambandi benda á, eins og raunar hefur verið minnzt á af hv. 4. landsk. þm., að tryggingalöggjöfin var upphaflega sett árið 1936. Þá voru þetta nefnd lög um alþýðutryggingar. Þetta var mikið deilumál á þeim tíma, og þessi löggjöf var sett af Alþfl. og Framsfl., sem þá höfðu stjórnarsamstarf, gegn harðri andstöðu Sjálfstfl. Síðan fór það svo, að það voru gerðar breytingar á þessari löggjöf, eins og algengt er um lög, að þegar tími líður, telja menn þörf á að gera á þeim breyt., og með l. 1946 voru þetta nefndar almannatryggingar í staðinn fyrir alþýðutryggingar áður. Vitanlega voru þá gerðar á löggjöfinni allverulegar breytingar. En það er bara ekki rétt, sem hæstv. félmrh. heldur fram, að Framsfl. hafi verið á móti því að breyta löggjöfinni. Eins og hv. 4. landsk. þm. tók fram áðan, var það þannig, að framsóknarmenn vildu láta íhuga málið til næsta þings, vegna þess að það var eftir að athuga ýmislegt því viðkomandi, sérstaklega varðandi fjárhagsgrundvöllinn, — það hafði ekki verið athugað eins og þurfti að vera. Á þetta var ekki fallizt af þáverandi stjórnarflokkum. En þrátt fyrir það, þó að ekki væri á þetta fallizt, þessa till. framsóknarmanna, þá beittu þeir sér alls ekki á móti löggjöfinni. Það var einn einasti maður í neðri deild Alþingis, sem greiddi atkv. gegn frv., þegar það var afgreitt héðan, og ég held enginn í Ed. (Gripið fram í.) Já, það voru fleiri en einn með því náttúrlega. Ég held, að það hafi verið samþ. með 10 eða 11 shlj. atkv. þar eða eitthvað svoleiðis, en enginn á móti. Það er því alrangt hjá hæstv. ráðh., að Framsfl. hafi beitt sér gegn þessu á þingi.

Þetta var tímanlega á árinu 1946, sem þessi löggjöf var samþ. hér á þingi. Síðar á því ári fór það svo, að þáv. ríkisstj., sem sumir kalla nýsköpunarstjórn, gafst upp. Þá var það, að þáv. formaður Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, myndaði næstu ríkisstj., og hann fékk þá m. a. Framsfl. til liðs við sig og í stjórn með sér, til þess m. a. að vinna að því, að aflað væri tekna til þess að standa undir útgjöldum ýmsum, sem löggjöf, sem sett hafði verið í tíð fyrrv. stjórnar, hafði í för með sér, og þar á meðal var tryggingalöggjöfin.

Það lítur út fyrir, að hæstv. félmrh. sé mjög ánægður með sína framgöngu og síns flokks í þessu máli nú. Eins og bent hefur verið á, er þetta mál einn þáttur í efnahagsráðstöfunum núv. hæstv. stjórnar og stjórnarflokka. En hvernig eru þær, þessar ráðstafanir, þegar á

heildina er litið, og hver er hlutur Alþfl. í því sambandi? Það eru u. þ. b. 5 mánuðir, síðan kosið var til Alþ. síðast. Fyrir þær kosningar sögðu frambjóðendur Alþfl. í öllum kjördæmum landsins fyrst og fremst þetta: Það er okkar flokkur, sem hefur stöðvað vöxt dýrtíðarinnar á þessu ári. — Þetta var náttúrlega ekki rétt. En þeir sögðu í framhaldi af þessu við kjósendur: Nú þurfum við að fá ykkar atkvæði til þess að halda áfram á sömu braut. Við leitum eftir stuðningi ykkar til þess að geta haldið fast við stöðvunarstefnuna, komið í veg fyrir það, að nýju dýrtíðarflóði verði steypt yfir þjóðina. Þetta er fyrst og fremst það, sem við ætlum að vinna að, og þetta er það, sem þið eigið að hjálpa okkur til að gera með því að veita okkur stuðning í þessum kosningum. — Á þessu var klifað um landið allt, þvert og endilangt, og um þetta voru greinarnar og stóru fyrirsagnirnar í Alþýðublaðinu fyrir kosningar. En jafnskjótt sem kjörseðlarnir voru komnir í kassana um land allt, þá sveik Alþfl. öll sín kosningaloforð viðkomandi dýrtíðarmálunum. Hann gekk í félag við Sjálfstfl., og sá félagsskapur hefur unnið að því síðan að demba yfir landsmenn gífurlegum verðhækkunum á öllu, sem menn þurfa að kaupa. Þeir hafa gengið svo langt í því að þrengja kosti almennings, að þeir sjálfir telja að það sé ekki lengur hægt fyrir ung hjón, frísk og vel vinnandi, að ala upp eitt einasta barn aðstoðarlaust. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, ætla þeir að vísu að láta fólk hafa til baka, þ. e. a. s. suma, lítið brot af því, sem þeir eru að taka af þeim og búnir að taka af þeim með þessum gífurlegu verðhækkunum, — lítið brot af þessu í hækkuðum bótum frá Tryggingastofnuninni.

Það er ekki furða, þó að hæstv. félmrh. sé dýldinn og drjúgur yfir þessari vasklegu framgöngu sinni og sinna manna í þessum málum og þykist hafa efni á því að vera með árásir á aðra flokka og slettur til þeirra. Hann lítur víst svo á, að hann og hans flokkur verðskuldi þakkir fyrir frammistöðuna. En allur þorri manna í þessu landi veit og finnur — og finnur það enn betur með hverjum deginum sem líður, að útgjöldin, sem núv. hæstv. ríkisstj. og hennar lið eru búin að leggja á landsmenn, eru margfalt meiri en þær bætur, sem hér er verið að veita. Og mér þykir það ekki trúlegt, að þeir, sem veittu Alþfl. stuðning í síðustu kosningum út á hans fögru fyrirheit um að standa á móti aukinni dýrtíð, sjái ástæðu til að gjalda honum miklar þakkir fyrir frammistöðuna.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. síðasti ræðumaður fór að blanda inn í þetta mál afstöðunni til efnahagsmálanna og þeim hlut, sem Alþfl. ætti þar að. Ég skal ekki fara að skattyrðast við hann um þá hluti. Ég vil aðeins benda á, að Alþfl. sagði ekkert fyrir kosningarnar, sem hann hefur ekki staðið við eftir kosningarnar. Hann taldi það nauðsynlegt það ár, sem hann fór með stjórn landsins, að reyna að halda verðlagi og dýrtíð niðri í landinu, og honum tókst það og honum tókst það svo, að á s. l. ári, frá 1. marz 1959 til 1. marz 1960, hefur dýrtíðin í landinu ekki vaxið um eitt einasta stig, en það var nauðsynleg undirstaða undir það, að hægt væri að gera þær efnahagsráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar, á þann hátt, sem þær hafa verið gerðar, því að hefði sá undirbúningur ekki farið fram, sem Alþfl. hafði uppi, þá hefði vissulega verið öðruvísi viðfangs nú. Ég tel þess vegna, að það sé sízt Alþfl. láandi, hvernig hann hefur að þessum málum staðið, og hann sagði fyrir kosningarnar og tók það mjög skýrt fram, að vandi framtíðarinnar væri enn óleystur.

Út af afstöðu flokkanna til tryggingamála lét ég þau orð falla, að flokkarnir hefðu staðið að því máli þannig, að Framsfl. hefði ekkert síður verið andvígur tryggingalöggjafarafgreiðslunni á stundum heldur en Sjálfstfl. hefur verið, og ég held, að það sé ekki hægt að mæla því í gegn. Tryggingalögin 1946 voru afgreidd með Sjálfstfl. og beinlínis í andstöðu við Framsfl. Hann bar fram till. um að vísa málinu frá, en hún var felld og málið afgreitt á þann hátt, sem lýst hefur verið. — Annars skal ég ekki, þó að miklu meira mætti um þetta segja, taka upp deilur við hv. þm., hvorki um tryggingalögin né um efnahagsmálaafgreiðsluna, en það verður kannske tækifæri til þess síðar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en verð að gera það vegna vissra atriða, sem komu fram hjá hæstv. félmrh., sérstaklega einu atriði, sem ég skal koma að fljótlega, en mun ekki vera langorður um. En út af því, sem hæstv. félmrh. sagði nú síðast í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði tekið fram, þá er það auðséð, að hann er ekki kröfuharður um, hvernig flokkar eiga að standa við það, sem þeir hafa sagt. Hann sagði, að Alþfl. hefði staðið við allt það, sem hann hefði sagt fyrir síðustu kosningar. En er hæstv. ráðh. búinn að gleyma því, að Alþfl. sagði fyrir síðustu kosningar, að það væri búið að stöðva dýrtíðina í landinu án skatta og að það ætti að halda á málunum á sama hátt eftir kosningarnar, og m. a. hann sjálfur hafði þessa stefnuyfirlýsingu? En hvað er það, sem hefur gerzt síðan? Annars skal ég ekki fara að ræða þetta almennt. Hæstv. ráðh. var að kvarta yfir því, að inn í þessar umr. væri blandað almennt umr. um efnahagsmálin. Ég varð ekki var við, að slíkt kæmi til greina, fyrr en hæstv. ráðh. kom hér og byrjaði á þessu, t. d. með því, sem hann sagði hér í ræðu sinni áðan, að fara að bera saman þær efnahagsmálaaðgerðir, sem nú væri verið að gera, við það, sem gert var 1958. En út í það atriði fór hann í sinni ræðu og sagði, að það væru sízt meiri aðgerðir nú en hefðu verið 1958, og er það ámóta fjarstæða og sumt annað, sem haldið er fram úr þessum herbúðum. Þá var að vísu lögfest almennt yfir-

færslugjald. En nú er lögfest stórfelld gengisbreyting og gífurlegar skattaálögur í þokkabót, stórfelld vaxtahækkun og margvíslegar ráðstafanir til þess að minnka framkvæmdir í landinu og koma á almennum samdrætti — minnka atvinnu í landinu beinlínis — og ráðgert, að það verði tilfærsla í landinu, sem nemur alveg vafalaust meira en 1000 millj. kr.

Ég skal ekki fara að ræða þetta almennt hér, en ég bara bendi á þetta til þess að sýna hæstv. ráðh., hver það var, sem innleiddi hér í þessar umr. almennar umr. um efnahagsmálaráðstafanirnar.

Í þessu sambandi var hæstv. ráðh. að tala um, hvernig þá hefði verið búið að ellilífeyrisþegum í landinu, og ég skal ekki fara heldur langt út í samanburð á því. En vísitalan var þá ekki með lögum bönnuð, eins og nú er gert, þannig að það var ekkert sambærilegt, sem þá átti sér stað, en lögboðin þá nokkur hækkun á lífeyri, eins og hann raunar sjálfur tók fram.

En það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, var eingöngu það, — þó að ég segði þessi fáu orð nú í leiðinni, — sem hæstv. ráðh. sagði um alþýðutryggingamálin í vinstri stjórninni. Það var eingöngu það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, því að ég kann ekki við að hlusta þegjandi á slíkan málflutning sem hæstv. ráðh. viðhafði í því sambandi og vil líka nota þetta tækifæri til þess að mótmæla röngum málflutningi Alþfl.-manna um þetta atriði, sem hefur komið fram víða. Þeir hafa nefnilega gerzt svo djarfir að halda því fram, að það hafi m. a. verið ágreiningur um alþýðutryggingarnar, sem hafi valdið því, að vinstri stjórnin sagði af sér. En þetta er alveg hreinn tilbúningur af hendi hæstv. ráðh. og hendi Alþfl.-manna. Það er alveg rétt, sem ráðh. tók fram, að í till. þeim, sem Alþfl. lagði fram síðustu dagana, sem vinstri stjórnin sat, fjallar einn liðurinn um tryggingar, eins og hann réttilega las, um athugun möguleika, það er nú ekki tekið fastar til orða en það, eins og hann las sjálfur, að athuga möguleikana á því að hækka tolla og bæta tryggingarnar, fjölskyldubætur og aðra liði tryggginganna. En þetta atriði kom aldrei til úrskurðar í vinstri stjórninni — aldrei, og það veit hæstv. ráðh. mjög vel. Það kom aldrei til úrskurðar í vinstri stjórninni um þetta, hvað menn vildu gera í tryggingamálunum, vegna þess að það var ágreiningur um meginstefnuna, — við getum orðað það svo, — það var ágreiningur um meginstefnuna, sem sundraði stjórninni, hvernig leysa skyldi efnahagsmálin, þannig að aldrei kom til álita, hvaða skoðanir menn hefðu á þessu. Og hæstv. ráðh. hefði vel mátt geta þess, fyrst hann vildi fara að segja hér frá þessum efnum, að í till. framsóknarmanna t. d. var gert ráð fyrir því, að það ættu sér stað nokkrar álögur á miður nauðsynlegar vörur og að því fé yrði varið í samráði við alþýðusamtökin til þess að bæta upp áhrif verðhækkana, sem kynnu að verða, eða kjaraskerðingar, sem kynni að verða af öðrum ráðstöfunum, sem flokkurinn lagði til. Og þá hafði Framsfl. m. a. í huga, að ef alþýðusamtökin teldu breytingar á tryggingalöggjöfinni vænlegastar í því efni, þá kæmi það til greina. Ég veit ekki, hvers vegna Alþfl.-menn eru að leika þennan leik eða hæstv. ráðh., að vera að búa til svona sögur eins og þær, að það hafi verið ágreiningur um alþýðutryggingamálið í vinstri stjórninni. Fyrir því er hreinlega enginn fótur. Það var aldrei tekin afstaða til þess liðar í málinu, af þeirri einföldu ástæðu, að ágreiningurinn var um meginstefnuna í málinu. En ég minntist þess, þegar ég heyrði hæstv. ráðh. segja þetta, að Alþfl.-menn hafa fært sig svo upp á skaftið í þessum málflutningi, að það hefur komið einhvers staðar í þeirra málgögnum, jafnvel oftar en einu sinni, að vinstri stjórnin hafi m. a. sundrazt fyrir ágreining um tryggingamálin. En það er alveg rangt sagt frá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 171,1 felld með 21:9 atkv.
— 190,1 felld með 22:17 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171,2 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, ÁS, ÞÞ, EðS, EOl, GH, GeirG, GJóh, HS, HV.
nei: EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH.
SkG, ÁÞ, BFB, BP, EystJ, GíslG, HÁ, JSk greiddu ekki atkv.
3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 171,3 felld með 23:6 atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 171,4 felld með 24:7 atkv.
— 190,2 felld með 21:16 atkv.
5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 171,5 felld með 24:11 atkv.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 171,6 felld með 22:11 atkv.
7. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 171,7 felld með 22:10 atkv.
8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 171,8 felld með 21:9 atkv.
9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 171,9 felld með 22:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ.
nei: BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, JóhH.
BP greiddi ekki atkv.
Brtt. 190,3 felld með 23:17 atkv.
— 171,10 felld með 22:11 atkv.
10.—18. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 171,11 felld með 23:7 atkv.
— 171,11 varatill. felld með 23:8 atkv.

19.—22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 171,12 felld með 23:8 atkv.
— 231 tekin aftur til 3. umr.
23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 169,1 (2 nýjar gr., verða 24.—25. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
— 171,13 felld með 24:8 atkv.
24. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 171,14 felld með 24:9 atkv.
— 169,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
25. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 234, 231, 235, 236).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Vegna tilmæla, sem mér bárust í gær við 2. umr., tók ég aftur til þessarar umr. brtt., sem ég hef flutt á þskj. 231. Tilmælin voru fram borin eingöngu vegna þess, að ég hygg, að menn hafi ekki fyllilega áttað sig á, hvað þarna væri um að ræða, og skal ég þess vegna aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir því.

Ef menn fletta upp í aths. við 23. gr. frv., sjá menn, hvað þarna er um að ræða, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú, þegar fyrirhuguð er gagngerð breyt. á skattakerfi ríkisins, sem m. a. gerir ráð fyrir því, að allir verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts, sem ekki hafi meiri laun en almennar launatekjur, svo að skattleysingjum fjölgar um tugi þúsunda, þykir ekki rétt að veita öllum þeim iðgjaldagreiðendum, sem verða nú skattleysingjar, skilyrðislausan rétt til þess, að sveitarsjóðir greiði fyrir þá iðgjöld. Slíkt væri mikil ofrausn. T. d. verða hjón með fjögur börn nú tekjuskattslaus, þó að þau hafi 110 þús. kr. hreinar tekjur á ári. Lagt er til, að viðmiðunin verði hin sama og hún var s. l. ár, þ. e. þeir, sem væru skattleysingjar nú að óbreyttum lögum, eigi rétt til þess, að sveitarsjóður greiði iðgjöld fyrir þá nú eins og áður. Má því segja, að efnahagsviðmiðun frvgr. sé hin sama að efni til og gilt hefur til þessa."

Tölurnar í frv., sem ég legg til að verði breytt, eru 7000 kr., í stað þess á að koma 11150 kr., og í stað 15400 kr. á að koma 20350 kr. Þessi breyt. er gerð samkv. upplýsingum skattstofunnar, sem þeir hafa báðir kynnt sér, að séu réttar, ráðuneytisstjórinn í félmrn. og forstjóri almannatrygginga. Til þess að gr. nái þeim tilgangi, að þarna sé miðað við óbreytt ástand frá síðasta ári, er þessi breyt. nauðsynleg og nánast aðeins leiðrétting.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þó að svo færi í gær, að allar þær brtt., sem ég fyrir hönd Alþb. flutti við tryggingafrv., væru felldar, vil ég þó einnig í dag freista þess að bera fram tvær brtt., sem eru á þskj. 236.

Það er í fyrsta lagi sú brtt., sem ég flutti í gær við 3. gr. Í henni fólust 4 breyt.: í fyrsta lagi hækkun ellilífeyris úr 14400 í 16000 kr. og úr 10800 á öðru verðlagssvæði í 16000, í öðru lagi, að 10% af lífeyrinum mættu gamalmenni og öryrkjar, sem dveldust á hæli, fá til eigin nota, í þriðja lagi, að hjón fengju lífeyri sem tveir einstaklingar, og í fjórða lagi, að vísitala kæmi á lífeyrisgreiðslurnar. Nú ber ég fram till. um það, af því að ég vil fá sérstaka atkvgr. um það og þannig skýra vitneskju um, hver afstaða alþm. er til þess atriðis út af fyrir sig, að vísitala komi á lífeyri. Þessa till. ber ég fram nú við 3. gr.

Við 6. gr. var það einnig svo, að fleiri efnisatriði fólust í þeirri till., sem kom til atkv. í gær, en þá var meginbreyt. mín við 6. gr. sú, að barnalífeyrir skyldi vera 2/3 af þeirri upphæð, sem ég miðaði þá við, 16000 kr. Nú er búið að ákveða það með atkvgr. hér í hv. d., að lífeyrisupphæðin verði 14400 kr., og vil ég þá halda mig við það, að barnalífeyrir skuli vera 2/3 af fullum lífeyri, eins og hann verður ákveðinn af Alþingi, og verður það þá í þessu tilfelli 2/3 af 14400 kr. Till. fjallar um það.

Hef ég tekið þessi tvö efnisatriði út úr, eins og ég segi, af því að ég vil fá alveg skýra mynd af því, hverjar skoðanir hv. alþm. séu um þessi tvö atriði.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og ég gat um hér við umr. í gær, hef ég leyft mér að flytja brtt. við 16. gr. frv., og einkanlega eftir þá atkvgr., sem fram fór, tel ég, að sé nauðsynlegt, að þetta nái fram að ganga. Það er tvennt, sem í þessu felst:

Í fyrsta lagi, að dagpeningar í slysatilfellum verði jafnir og hinir sömu fyrir einhleypinga og gifta. Ég fór um það nokkrum orðum í gær, hve nauðsynlegt ég tel, að þetta sé gert, og alveg sérstaklega með tilliti til þess, hve þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar í efnahagsmálunum, koma einmitt hart niður á einhleypingum, sem verða ekki aðnjótandi þeirra uppbóta, sem koma eiga alveg sérstaklega með þessum lögum vegna þeirra skerðinga, sem almenningur verður fyrir sökum gengislækkunarinnar og annarra ráðstafana, sem hæstv. ríkisstj. nú hefur beitt sér fyrir. Ég tel það fyllsta réttlætismál, að þessi háttur verði á hafður. Það er ekki hægt í þessu tilfelli að bera því við, að tryggingarnar geti ekki staðið undir þessu. Þetta er lítill kostnaðarauki, mjög lítill, og það er ekki um að ræða, að afla þurfi ríkissjóði tekna til að standa undir þessum atriðum, heldur standa iðgjöld atvinnurekenda til tryggingarinnar hér undir, og ég tel, að það muni vera svo lítið, að þau þyrftu ekki að breytast, þó að þetta væri haft á þennan veg.

Í öðru lagi felst í þessari breyt. það, að niður falli takmörkun við tvö börn, eins og er í frvgr. óbreyttri, sem greiða skuli dagpeninga, 8 kr. með hverju barni allt að þremur. Svo

sem hv. þm. sjálfsagt er ljóst, á þetta við þann tíma, þegar fjölskyldubæturnar voru miðaðar við greiðslu með þriðja barni. Nú er þetta fellt niður, og er þá engin ástæða til að halda þessu formi í frv., nema síður væri, vegna þess að þá er mönnum bersýnilega mismunað. Það er eins með þetta. Þetta er áreiðanlega ekki stór kostnaðarauki, og í l. sjálfum eru takmörk sett, eins og menn sjálfsagt vita, þ. e. a. s. dagpeningagreiðslur geta aldrei orðið hærri en 3/4 af launum manna. Miðað við almenna verkamannavinnu, verkamannakaup, mundi þetta sennilega vera greiðsla með eitthvað 4—5 börnum. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái, hve eðlilegar og nauðsynlegar þessar breytingar eru, og samþykki þær.

ATKVGR.

Brtt. 236,1 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ.

nei: BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, GunnG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, SI, AGb, JóhH.

BP greiddi ekki atkv.

8 þm. (BFB, GH, GíslG, GÞG, JSk, ÓTh, RH, SÁ) fjarstaddir.

Brtt. 236,2 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, ÁS, ÞÞ, ÁÞ, EðS, EOl, GeirG.

nei: GuðlG, US, GunnG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, JóhH.

JSk, SkG, BP, EystJ greiddu ekki atkv.

7 þm. (GíslG, SB, GÞG, ÓTh, RH, BFB, GH) fjarstaddir.

Brtt. 235 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GJóh, HÁ, HV, KGuðj, ÁS, ÞÞ, ÁÞ, EðS, EOl.

nei: EmJ, GuðlG, US, GunnG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, EI, JóhH.

EystJ, GíslG, HS, JSk, SkG, BP greiddu ekki atkv.

6 þm. (GH, SB, GÞG, ÓTh, RH, BFB) fjarstaddir.

Brtt. 231 samþ. með 27 shlj. atkv.,

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 237).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur nú verið samþykkt í hv. Nd. og hafa um frv. þar farið fram allýtarlegar umr., auk þess sem það hefur nokkuð verið rætt í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálafrv., sem nú er orðið að lögum, og gerist kannske þess vegna ekki sama þörf fyrir ýtarlega framsögu fyrir málinu og ella mundi verið hafa, þar sem hv. þdm. hafa sjálfsagt flestir eða allir kynnt sér þær helztu breytingar, sem í frv. felast. En nokkur orð skal ég samt láta fylgja því þegar við þessa 1. umr. hér í þessari hv. deild.

Það hafa orðið margar og merkilegar breytingar á þjóðlífi Íslendinga og þjóðarhögum síðustu áratugina, en fáar ef nokkrar hafa verið merkilegri né ánægjulegri en þær, sem orðið hafa á aðbúnaði þjóðfélagsins að þeim, sem veikir eru og smáir og eiga erfitt uppdráttar. Það muna allir þá tíma, þegar þeir, sem gátu ekki bjargað sér sjálfir, þurftu aðstoðar hins opinbera við, og þegar grípa þurfti til þess, sem er enn í minnum margra manna, sem nú eru á miðjum aldri og eldri og kallað var sveitarflutningar, þegar fjölskyldum var sundrað og menn fluttir sitt í hverja áttina úr fjölskyldunum, ef eitthvað hallaði og menn gátu ekki séð fyrir sér og sínum sjálfir.

Með tryggingalöggjöfinni hefur orðið á þessu gerbreyting, þó að enn skorti allmikið á, að fullkomlega vel sé. Alþýðutryggingalögin frá 1936 og almannatryggingalögin frá 1946 marka tímamót á þessu sviði, þar sem hinn tryggði öðlast rétt til fjárframlaga undir vissum kringumstæðum í stað ölmusu áður. Byrjunin var að vísu ófullkomin, en stöðugt hefur þokazt nokkuð í áttina. Árin 1936, 1946 og 1956 marka tímamót í þessari löggjöf, hvert á sínu sviði. Árið 1936 voru alþýðutryggingalögin samþykkt, eins og ég gat um áðan, 1946 voru þau stórkostlega aukin og almannatryggingalöggjöfin sett, og endurskoðanir hafa farið fram oftar en einu sinni, og nú búum við við síðustu heildarendurskoðunina, sem varð að lögum á árinu 1956. Að vísu hafa orðið nokkrar breytingar á lögunum síðan, bæði árið 1958 og 1959. Árið 1958 voru ýmsar bótagreiðslur almannatryggginganna, svo sem elli-, örorku- og barnalífeyrir, hækkaðar tvisvar. Í fyrsta lagi voru bæturnar hækkaðar um 5% með útflutningssjóðslögunum 29. maí 1958, og í öðru lagi voru bæturnar enn hækkaðar frá 1. september 1958 um 9½% til samræmis við hækkanir, sem urðu á kaupgjaldi um svipað leyti. Árið 1959 var í lögum um niðurfærslu verðlags og launa ákveðið, að vísitala á lífeyrisgreiðslur skyldi vera 185 í stað 175, sem greitt var á laun, og þó að þar væri ekki um hækkun að ræða á lífeyrissjóðsgreiðslunum, þá var þar þó um að ræða mismunun á ellilífeyrisþegunum og öðrum bótaþegum almannatryggginganna og launamönnum í landinu. Þessar aðgerðir allar hafa miðað í þá átt að bæta aðstöðu þeirra, sem trygginganna njóta, og færa löggjöfina lengra í þá átt, að hún verði sem fullkomnust, til þess að greiða götu þeirra manna, sem þessara styrkja og fyrirgreiðslu njóta. En því er ekki að leyna, að hinar öru verðlagsbreytingar, sem orðið hafa í landinu á síðustu árum og áratugum,

má segja, hafa gert það að verkum, að þessar endurbætur hafa ekki orðið eins mikils virði og þær hefðu getað orðið, ef þessar breyt. á verðgildi peninga og ástandi efnahagsmála hefðu ekki orðið jafnört og raun ber vitni.

Hinn 16. júlí 1958 skipaði Guðmundur Í. Guðmundsson, þáv. ráðh. tryggingamála, nefnd samkv. þál., sem samþ. var 16. apríl það ár, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaganna um lífeyrisgreiðslur, með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. N. skyldi athuga, hvort unnt væri: í fyrsta lagi að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris, í öðru lagi að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna, í þriðja lagi að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður og í fjórða lagi að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum. Í þessa nefnd, sem skipuð var á árinu 1958, voru þessir skipaðir: Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Gunnar Möller hrl., sem var ritari n., Helgi Jónasson formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Jóhanna Egilsdóttir formaður verkakvennafélagsins Framsóknar, Ragnhildur Helgadóttir alþm. og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Þessi n. samdi síðan frv. á þeim grundvelli, sem fyrir hana var lagt, og var það frv. lagt fyrir Alþ. sem stjórnarfrv. á vetrarþinginu 1959, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Í þessu frv. var lagt til, að lífeyrisgreiðslur yrðu yfirleitt hækkaðar um sem næst 20%, sem var mjög veruleg hækkun, og ýmsar aðrar greiðslur nokkuð rýmkaðar.

En í framhaldi af þessu skipaði svo fyrrv. hæstv. félmrh., Friðjón Skarphéðinsson, aðra nefnd með bréfi, dags. 5. febr. 1959, til þess að endurskoða þau ákvæði III. kafla almannatryggingalaganna, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar verulega. Þessa n. skipuðu eftirfarandi aðilar: Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri, Eðvarð Sigurðsson ritari Dagsbrúnar, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, sem verið hefur ritari n., Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem skipaður var formaður n., og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Aðalbreyt. frá núgildandi lögum, sem í því frv. felst, sem þessi n. samdi, var hækkun á dagpeningum vegna slysa og hækkun dánarbóta. Þar er lagt til, í því frv., að dagpeningar hækki um ca. 45%, þegar um einstakling er að ræða, um ca. 42% fyrir hjón og 24% fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur. Frá því í janúar 1947 og þar til nú hefur dagvinnukaup verkamanna hækkað um 155%, en dagpeningar einstaklinga samkv. slysatryggingaákvæðunum um 80% aðeins og hjóna um 108% og vegna barna um 93%. Af þessu sést, að hækkun dagpeninga hefur verið töluvert lægri en hækkun kaupgjaldsins, sem eðlilegt virðist þó að fylgist að. En verði þetta frv. að lögum, verða hliðstæð hundraðshlutföll sem hér greinir: dagpeningar einstaklinga hækka um 161%, hjóna um 196% og vegna barna um 169%, sé miðað við árið 1947. Í samþykkt Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um lágmark félagslegs öryggis, sem Ísland er aðili að, er áskilið lágmark dagpeninga vegna slysa 50% af launum, og er þá miðað við hjón með tvö börn. Dagkaup verkamanna er nú kr. 20.67 sinnum 8 eða kr. 165.36 á dag. Lágmarksbætur skulu því nema minnst kr. 82.68. En ef frvgr. þessi verður lögtekin, þá verða bætur þessar, þegar þess er jafnframt gætt, að dagpeningarnir verða einnig greiddir fyrir sunnudaga og aðra helgidaga, 98 kr. Verður því þannig fullnægt ákvæðum samþykktarinnar og vel það.

Dánarbætur nema nú 87130 kr. fyrir lögskráðan sjómann, en 19143 kr. fyrir aðra. N. taldi, að ekki yrði komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum í vegavinnu, fái aðeins 19143 kr. í dánarbætur, á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái 87130 kr. N. taldi því rétt, að dánarbætur yrðu hinar sömu fyrir alla, og hún leggur til, að þær verði 90 þús. kr. fyrir hvert dánarslys. Aðrar dánarbætur, sem greiddar eru í einu lagi, verði hækkaðar til samræmis við þetta.

Nokkrar smærri breyt. var einnig að finna í þessu frv. n. um breyt. á slysatryggingakaflanum, og skal ég ekki frekar fara út í þær. En þessar till. síðari n., sem ég nefndi, eru teknar að heita má alveg óbreyttar inn í það frv., sem hér liggur fyrir.

Þriðji þátturinn í sambandi við undirbúning þessa máls gerist svo í sambandi við þá lausn efnahagsmálanna, sem ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir og nú hefur verið lögfest. Þar var ákveðið, að fjölskyldubætur yrðu stórhækkaðar, eða 2600 kr. með hverju barni, í stað þess að þær eru nú 1165 kr. með þriðja barni á fyrsta verðlagssvæði og 874 kr. á öðru verðlagssvæði og síðan 2331 kr. með hverju barni umfram 3 á fyrsta verðlagssvæði og 1748 kr. á öðru verðlagssvæði. Þar sem þessar fjölskyldubætur eru samkv. frv. að fullu greiddar úr ríkissjóði, var talið sjálfsagt, að bæturnar yrðu hafðar jafnar á báðum verðlagssvæðum. Þessar fjölskyldubætur, ásamt fyrirhuguðum niðurgreiðslum á vöruverði, eru taldar munu nægja til þess að bæta vísitölufjölskyldunni upp þær verðhækkanir, sem óumflýjanlega hljóta að verða vegna gengisbreytingarinnar, að undanskildum 3 vísitölustigum, og að fjölskylda með 3 börn og sömu tekjur og vísitölufjölskyldan muni sleppa skaðlaus.

Ríkisstj. taldi rétt og eðlilegt í sambandi við efnahagsráðstafanirnar að taka fyrst og fremst tillit til barnafjölskyldna, sem verðhækkanirnar bitna meira á en hinum barnlausu, og svo til hinna annarra, sem tekjurýrir eða tekjulausir eru, eins og ellilífeyrisþegar, öryrkjar, einstæðar mæður o. s. frv. Árlegur ellilífeyrir er hækkaður samkv. frv. um 24%, umfram þau 20%, sem gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, eða í allt um 44% frá núv. bótum. Verður ellilífeyririnn

þannig samkv. frv. nú 25920 kr. á fyrsta verðlagssvæði fyrir hjón, í stað 15927 kr., eins og nú er, og 19440 kr. á öðru verðlagssvæði, í stað 11945 kr., sem nú er. Fyrir einstaklinga eru tilsvarandi tölur frv. 14400 kr., en voru 9954 kr. á fyrsta verðlagssvæði, og verða nú á öðru verðlagssvæði 10800 kr., en voru áður 7465 kr.

Það var nokkuð um það rætt, þegar frv. var samið, hvort hækkanirnar á fyrsta og öðru verðlagssvæði skyldu verða þær sömu hjá ellilífeyrisþegum og þeim, sem taka við örorkubótum, eins og varð um fjölskyldubæturnar. En niðurstaðan varð sú, að hækkunin á ellilífeyrisgreiðslunum skyldi vera hlutfallslega sú sama á báðum verðlagssvæðum, en ekki sú sama að krónutölu, og hefur Tryggingastofnun ríkisins fært fram nokkur rök fyrir því, að það sé réttara — og auðveldara í framkvæmd sérstaklega — að hafa þetta þannig, þar sem líka hækkunin á fjölskyldubótunum á öðru verðlagssvæði verður tiltölulega miklu meiri í krónutölu en á fyrsta verðlagssvæði.

Nú er gengið út frá því, að lögin verði sjálfsagt enn tekin til athugunar mjög bráðlega, eins og ég mun koma að síðar, og hefur þess vegna verið ákveðið að hafa þessi ákvæði um hækkun ellilífeyrisbótanna á þennan hátt. Skipting landsins í verðlagssvæði er nú orðin, ef ég svo má segja, allvafasöm og verður sjálfsagt tekin til athugunar bráðlega.

Hækkun fjölskyldubótanna og ellilífeyrisins eru þær breyt. frá núgildandi lögum, sem mestu varða. Aðrar bætur, sem ég vil rétt minnast á þegar við þessa umr., eru aðallega þessar:

Árlegur barnalífeyrir hækkar á fyrsta verðlagssvæði úr 5104 kr. í 7200 kr. og á öðru verðlagssvæði úr 3828 kr. í 5400 kr. En nú eins og áður eru ekki greiddar fjölskyldubætur með þeim börnum, sem barnalífeyrir er greiddur með. Ekkjubætur, sem greiddar eru konum, sem verða ekkjur, í þrjá mánuði, hækka mjög verulega — og sömuleiðis mæðralaun, sem greidd eru ógiftum mæðrum og ekkjum og fráskildum konum, sem hafa börn á framfæri sínu, og enn fremur er fæðingarstyrkurinn hækkaður samkv. þessu frv., og skal ég ekki fara frekar út í það. Þetta liggur mjög greinilega fyrir samkv. frv. Ég get aðeins lesið hér upp til yfirlits, að mæðralaun með einu barni verða nú á fyrsta verðlagssvæði 1400 kr., en voru engin áður. Þau hækka úr 3300 kr. upp í 7200 kr. með tveimur börnum, úr 6600 upp í 14400 með þremur börnum og með fjórum börnum úr 9900 upp í 14400 kr., allt miðað við fyrsta verðlagssvæði. Fæðingarstyrkurinn hækkar úr 1700 kr. í 2160 kr.

Ég skal svo ekki fara lengra út í að rekja þær hækkanir á bótagreiðslunum, sem verða samkv. hinu nýja frv., heldur en ég hef gert, en minnast aðeins á örfá önnur atriði í þessu sambandi.

Fyrst skal ég nefna svokallaðar iðgjaldagreiðslur skattleysingja. Samkv. núgildandi lögum eiga þeir, sem hafa ekki hærri tekjur en svo, að þeir greiða engan tekjuskatt, rétt á því, að sveitarfélagið, þar sem þeir eru búsettir, greiði fyrir þá iðgjaldið til trygginganna. Með þeirri miklu breytingu, sem nú er fyrirhuguð á tekjuskattslögunum og gerð hefur verið kunn í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálanna, þar sem hjón með þrjú börn verða skattlaus, þó að þau hafi um 100 þús. kr. tekjur, þá er ekki lengur hægt að hugsa sér, að þetta geti verið viðmiðun um það, hvort þetta fólk sé þess umkomið að greiða iðgjöld til trygginganna. Þess vegna hefur í frv. verið valin sú leið að binda skyldu sveitarfélagsins til iðgjaldagreiðslu við það tekjumark, sem skattleysið var áður bundið við, eða um það bil, þ. e. a. s. þeir, sem hafa sömu tekjur og áður gerðu menn skattlausa, verði iðgjaldafrjálsir eða geti velt sínum iðgjöldum yfir á sveitarfélagið.

Í annan stað vil ég minnast lítillega á tvö atriði. Í fyrsta lagi hið svokallaða skerðingarákvæði, sem mjög hefur verið til umr í hv. Nd. Í tryggingal. er nú svo ákveðið, að þeir, sem tekjur hafa, sem ná því marki, sem bótagreiðslunum nemur, fái ellilífeyrisgreiðslurnar og öryrkjalífeyrisgreiðslurnar skertar, og þegar tekjur þessa fólks eru komnar upp í tvöfalda bótagreiðsluupphæðina, þá hverfa bæturnar. Í lögum er líka, að þetta ákvæði um skerðinguna gildi ekki lengur en til loka yfirstandandi árs. Það hafa ýmsar ábendingar komið fram um það, bæði nú og áður, að það væri ekki óeðlilegt, að þetta skerðingarákvæði yrði numið úr lögum, og ég get fyrir mitt leyti vel á það fallizt. En þar sem í núgildandi lögum er ákveðið, að þetta skerðingarmark eða þessar skerðingarreglur skuli falla úr gildi um n. k. áramót, þá hefur ekki þótt rétt eða ekki þótt ástæða til, getur maður sagt, að fara út í að flýta því, að það yrði gert, m. a. vegna þess, að til þess að svo verði, þarf að undirbúa það fjárhagslega og sjá um, að þeirra tekna verði aflað, sem til þess þarf. Sem sagt, ríkisstj. gerir ráð fyrir í þessu frv., að við skerðingarákvæðunum verði ekki hróflað, og ég fyrir mitt leyti geng þó út frá því, að þau gangi úr gildi samkv. l., eins og þau eru nú, í lok þessa árs og þá verði um leið frá því gengið, hvernig tekna til þessara greiðslna verði aflað. Það má líka geta þess í þessu sambandi, að með hækkuðum ellilífeyri og örorkubótum hækkar þetta skerðingarmark mjög verulega, því að í staðinn fyrir 15000 kr. áður á fyrsta verðlagssvæði fyrir hjón, þá hækkar þetta upp í 25 þús. kr. rúmar nú, þannig að tekjurnar mega vera í ár, 1960, ef þessi lög öðlast gildi, u. þ. b. 10 þús. kr. hærri en áður án þess að skerðast og um 20 þús. kr. hærri, án þess að full skerðing komi til.

Ég hef áður minnzt á skiptingu landsins í verðlagssvæði og skal ítreka það, sem ég hef um það sagt, að það er ýmislegt, sem bendir til þess, að þær ástæður, sem fyrir hendi voru, þegar tryggingalögin voru sett á sínum tíma, um það að skipta landinu í verðlagssvæði, séu nú ekki lengur fyrir hendi og að það sé rétt að taka upp athugun á því, hvort ekki sé rétt,

að allt landið verði eitt verðlagssvæði. Þetta hefur verið nokkuð athugað áður, en hefur sætt andstöðu sveitarstjórna á ýmsum stöðum, bæði vegna þess, að sveitarstjórnirnar náttúrlega fá með hækkuðum bótagreiðslum líka á sig kvöðina um hækkað framlag til tryggingganna, og einstaklingarnir á svæðinu þurfa líka að bera, ef landið verður eitt verðlagssvæði, hækkuð iðgjöld frá því, sem nú eru á öðru verðlagssvæði. Ég tel, að þetta sé atriði, sem þurfi að hafa samvinnu við sveitarstjórnirnar um, og hef þess vegna talið eðlilegt, ef þetta frv. verður samþ. nú, þá verði fyrir næsta Alþ. sett milliþn., sem skili till. sínum til næsta þings, um það í fyrsta lagi, á hvern hátt verði mætt afnámi skerðingarákvæðanna í l., og um leið athugað, hvort afnám verðlagssvæðanna getur ekki líka fylgt í kjölfarið.

Í hv. Nd. kom líka mjög til umr., hvort ekki væri unnt að taka upp í lögin aftur ákvæðin um heilsugæzlu, sem voru þar í upphafi, en voru tekin út á sínum tíma, og teldi ég, að það væri líka verkefni þessarar n., sem ég hugsa mér að skipuð verði, að athuga, hvort fært þætti að taka upp í einu formi eða öðru ákvæði heilsugæzlukaflans.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa um þetta mál öllu fleiri orð. Það liggur ljóst fyrir, að með þessari breyt., sem hér er lagt til að gerð verði á almannatryggingalögunum, þá er brotið í blað og endurbætur gerðar á bótagreiðslunum, sem eru stærri og meiri en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað í sögu almannatrygginganna.

Heildarútgjöld trygginganna vaxa með þessu frv. úr 183 millj. kr. upp í 384 millj. kr., eða um rúmar 200 millj. kr., og gera meira en að tvöfaldast. Þetta er svo mikil aukning á þeim hlunnindum, sem almannatryggingalögin veita, að neitt svipað hefur ekki komið til greina áður. Og þegar það er borið saman við þær tillögur, sem gerðar voru af hinni stjórnskipuðu n., sem tók til starfa á árinu 1958, þá fer það svo langt fram úr því, sem þar var gert ráð fyrir, að það er ekki sambærilegt. Ellilífeyrisgreiðslurnar hækka úr 80 millj. upp í 125 millj. eða um rúm 50%. Örorkulífeyririnn hækkar úr 25 millj. í 37.6 millj., eða sömuleiðis um rúm 50%. Barnalífeyririnn hækkar úr 10.3 millj. upp í 14.5 millj., eða milli 40 og 50%. Og fjölskyldubæturnar hækka úr 27 millj. upp í 153 millj., eða upp í 560% af því, sem áður var. Mæðralaunin hækka úr 4.2 millj. og upp í 11.7 millj., eða nærri þrefaldast.

Það hafa orðið um það nokkrar umr. í hv. Nd., hvort ekki væri gengið óþarflega langt í því að hækka fjölskyldubæturnar það mikið, að þær væru greiddar þegar með fyrsta barni, og meira að segja hefur sú skoðun verið látin þar í ljós, að þetta væri ekki beint félagsmálaatriði eða sósíalt atriði, heldur væri það eingöngu eða fyrst og fremst sett fram í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera. Ég ber ekki á móti því, að þetta er að nokkru leyti fram komið í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem hér er verið að gera. En ég bendi á í því sambandi, að þau lönd, sem lengst eru talin vera komin á þessu sviði, t. d. af Norðurlöndunum bæði Svíþjóð og Finnland, hafa hvor tveggja ákvæði í sínum tryggingalögum um það, að fjölskyldubætur skuli greiddar þegar með fyrsta barni. Og ég vil vona það, að þó að þessi löggjöf sé sett í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina að nokkru leyti, þá muni hún samt sem áður verða varanleg, hvað sem um efnahagsmálin verður og hver sem afdrif þeirrar löggjafar verða í framtíðinni. Ég held þess vegna, að með setningu þessarar tryggingamálalöggjafar, sem við berum hér fram frv. um, sé vissulega ekki nema nokkur hluti, sem hefur áhrif í þá átt beinlínis formlega að mæta áhrifum þeim, sem verða af breyt. á gengisskráningunni. Mörg atriðin og kannske flest eru af öðrum toga spunnin og beinlínis til þess að bæta kjör þess fólks, sem erfiðast á uppdráttar í þjóðfélaginu. Og ég tel, að það sé aðalsmerki hvers þjóðfélags að geta gert vel við þetta fólk, og ég vil leyfa mér að vona, að þær bætur og þær aukningar á tryggingalöggjöfinni, sem hér er gert ráð fyrir, megi vera varanlegar, — hvað sem um hitt verður, hvort sem þær efnahagsaðgerðir, sem stofnað er til af hálfu ríkisstj., heppnast eða ekki, þá muni þessar ráðstafanir gilda í framtíðinni.

Í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. Nd. á þskj. 207 hefur verið gerð grein fyrir því, hvernig Ísland standi í sambandi við elli- og örorkulífeyrisgreiðslurnar, samanborið við þau tvö lönd, sem hafa á sér það orð í heiminum að vera einna lengst komin í þessum málum. Þar segir, að einstaklingar á Íslandi muni samkv. frv., ef að lögum verður, fá um 28.5% af launum verkamannsins, í Danmörku 30.2% og í Svíþjóð 35%. Við erum þarna aðeins undir, en mjög nálægt því, sem greitt er í þessum löndum. Ellilífeyrir hjóna verður samkv. frv. 51.3% hjá okkur, 45.4% í Danmörku og 46.7% í Svíþjóð. Þarna virðist mér eins og við séum komnir fram úr því, sem Svíþjóð og Danmörk hafa talið sér fært að veita sínum elli- og örorkulífeyrisþegum, — eða ég vil segja í heild, að við getum talið okkur á þessu sviði nokkurn veginn jafnfætis því, sem bezt er.

Um slysabæturnar minntist ég á áðan, að þær voru komnar raunar niður fyrir það, sem við vorum skuldbundnir til að greiða samkv. þeim samningum, sem við áttum við Alþjóðavinnumálastofnunina, sem segir, að slysadagpeningar skuli vera helmingur af vinnulaunum. En lagfæringarnar, sem gerðar eru með þessu frv., hafa kippt því í lag og komið greiðslunum talsvert mikið upp fyrir það lágmark, sem þar er gert ráð fyrir, enda þar um algert lágmark að ræða.

Ég tel þess vegna, að með þessari breyt., sem hér er gert ráð fyrir að gera á almannatryggingalögunum, sé mjög stórt spor stigið í þá átt að bæta bótaþegunum, elli- og örorkubótaþegunum, þeim, sem taka mæðralaun, þeim, sem taka slysabætur, fjölskyldubætur og annað þess háttar, það, sem þetta fólk var

orðið á eftir vegna hinnar ört vaxandi verðbólgu í okkar landi, og að sporið, sem stigið er nú, sé svo stórt, að það hafi aldrei áður í sögu tryggínganna verið stigið jafnstórt. Ég vil líka bæta því við, að enn er náttúrlega engu lokatakmarki náð, þó að hér með þokist vel í áttina. Ég vil bæta því við, að nefnd mun verða skipuð til þess að undirbúa og kanna möguleikana á því að útvega fé til að standast afnám skerðingarákvæðis laganna og til þess að athuga möguleikana á því að gera landið að einu verðlagssvæði og upptöku heilsugæzluákvæðisins, eins og það var í 1. í upphafi eða eitthvað þar á milli. Þetta verður verkefni þeirrar n., sem skipuð verður í þessu skyni og ég vil vænta að geti skilað frá sér áliti, áður en næsta þing kemur saman.

Ég vil að lokum leyfa mér að vekja athygli á því, að fjölskyldubótagreiðslurnar eiga samkv. frv. að hefjast 1. apríl. Það væri þess vegna mjög æskilegt, ef takast mætti að afgreiða þetta frv. fyrir þann tíma, og ég vil leyfa mér að fara þess á leit við þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún geri sitt ýtrasta til þess að afgreiða málið það fljótt, að frv. gæti orðið að lögum fyrir þann tíma.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn liður í víðtækri lagasetningu, sem hæstv. ríkisstj. nú beitir sér fyrir hér á hinu háa Alþingi. Sú lagasetning hefur öll, því miður, margar dökkar hliðar, og raunar eru flestar hliðarnar dökkar. En þetta frv., tekið út af fyrir sig, verður þó að teljast ljós punktur, ein ljós hlið í þessum málum, þótt lítill ljós punktur sé. Það er þó eins og lítil ljóstýra í öllu svartnættinu, sem grúft hefur yfir hér síðustu mánuðina. En rétt er að gera sér grein fyrir því samt, að þetta frv. er aðeins eitt stig af mörgum í aðgerðum hæstv. ríkisstj., og þess vegna verður að athuga það í sambandi við ýmis önnur mál, sem borin hafa verið fram hér af hæstv. ríkisstj. og borin verða fram á næstunni.

Tvö veigamikil lagafrv. hæstv. ríkisstj. hafa nýlega verið til umr. og afgreiðslu í þessari hv. d., efnahagsmálafrv. og söluskattsfrv. Í þessum frv. fólust hin margvíslegustu ákvæði um auknar byrðar á almenning, byrðar, sem líklega eiga eftir að reynast allt að því óþolandi drápsklyfjar. Stórfelld gengislækkun er lögleidd, skattaálögur þyngdar til stórra muna og vextir útlána hækkaðir gífurlega. Með þessum ráðum og öðrum er dýrtíð mögnuð vitandi vits og af ráðnum hug, og mun holskefla hennar ríða yfir þjóðina næstu mánuði og missiri, og sér enginn enn þá fyrir endann á afleiðingum þeirrar dýrtíðar. En svo virðist sem lífskjör almennings skuli umfram allt skert, hvað sem það kostar þjóðina, og til þess að mögnun dýrtíðarinnar nái þeim tilgangi sínum, er kaupgjaldsvísitalan, kjaravernd launþegans, numin úr gildi samtímis. Að þessu öllu hafa leiðtogar stjórnarflokkanna unnið ósleitilega á þingi undanfarna tvo mánuði. Þeir hafa kastað sér út í þetta verk og staðið á kafi í því glórulausir, með augu og eyru lokuð, til þess að tryggja það, að engin, algerlega engin skynsamleg ábending eða leiðbeining kæmist inn í þeirra koll. Þeir hafa skellt skolleyrum við sérhverri viðvörun og engum hættumerkjum sinnt.

Ég verð að viðurkenna, að ég skil engan veginn háttalag hæstv. ríkisstj. og hv. þingmeirihluta. Að vísu er mér ljóst, að upp er tekin stefna í afturhaldsátt og að stefnuskrá samkv. því á að framkvæma. Hitt skil ég ekki, hvers vegna stjórnarflokkarnir frá upphafi hafa hagað atlögunni svo, að hún hlaut að mistakast. Er engu líkara en þeir hafi ætlazt til þess fyrir fram, að þeirra eigin efnahagsmálaráðstafanir skyldu bíða skipbrot, verða brotnar á bak aftur, svo að leiðtogarnir gætu síðan þvegið hendur sínar, eins og Pílatus, og sagt: Það var ekki okkur að kenna, að svona fór.

Alþjóð manna grunaði það strax og veit það nú, að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. eru óðs manns æði, að þær eru áþekkastar atferli manns, sem fyrst lokar augunum og tekur síðan á rás eitthvað út í buskann. Þaulvanir og reyndir stjórnmálamenn íhaldsins sjóða saman stefnuskrá, sem í framkvæmd skapar óhjákvæmilega samdrátt í atvinnu- og efnahagslífi og raunar fullkomið kreppuástand þjóðfélagsins. Látum svo vera, að þeir vilji þetta, og er það þó illt út af fyrir sig. Hitt er samt jafnvel enn verra, að þeir hirða ekki hætishót um að tryggja það, sem tryggja þurfti, nefnilega að hin ýmsu atriði stefnuskrárinnar og hún í heild væri yfirleitt framkvæmanleg. Þessir stjórnmálamenn voru ekki svo raunsæir að spyrja sjálfa sig, hvort þeir væru nú færir um að gera stefnuskrána að veruleika. Þessi óraunhæfni hv. stjórnarleiðtoga er mjög ámælisverð. Þeim bar að kanna, hvort ráðstöfunum þeirra í efnahagsmálum yrði vel eða illa tekið af þorra þjóðarinnar. En slíkt báru þeir ekki við, heldur demba þeir yfir hana lögum á lög ofan, segjandi: Þetta skaltu hafa og annað ekki.

Hæstv. ríkisstj. mátti minnast þess í tæka tíð, að hún er mjög veik stjórn innan þings og þó enn veikari utan þings, og í samræmi við það bar henni að haga sér. Það er betra heima setið en af stað farið með ráðstafanir, sem nærri því vitað er um fyrir fram að eru dauðadæmdar. Hafi hæstv. ríkisstj. frá upphafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hve áform hennar mundu reynast óvinsæl, þá hlýtur það nú að vera runnið upp fyrir henni. Allir fordæma einstrengingslegar tiltektir stjórnarinnar og hafa á þeim megnustu ótrú. Á það jafnt við um stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. sem andstæðinga. Grunnurinn undir ráðstöfununum er þegar tekinn að bresta, ekki fyrir aðgerðir vondra kommúnista eða stjórnar-

andstæðinga yfirleitt, heldur fyrir óánægju manna og stétta, sem hafa talið íhaldsflokkana sitt skjól og sína vernd.

Þótt hæstv. ríkistj. virðist þannig blindandi hafa kastað sér út í hringiðu efnahagsáforma sinna, gefur þó eitt og annað til kynna, að eitthvert hugboð hafi hún frá öndverðu haft um komandi erfiðleika. Eitthvað virðist samvizkan hafa verið óróleg þegar frá upphafi. Meðal þess, sem á þetta bendir, er einmitt það frv., sem nú er til umr. hér í hv. d. Með þessu frv. reynir hæstv. ríkisstj. að bragðbæta þá ólyfjan, sem hún hefur bruggað almenningi í landinu og raunar allri þjóðinni. Hvort hún hefur um leið verið að friða eigin samvizku, skal ég ósagt láta, enda veit ég fátt um samvizku hæstv. ríkisstj. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar hefur lengi verið boðað. Hefur hæstv. ríkisstj. hampað því framan í þjóðina með ummælum áþekkum þeim, sem sögð eru við lystarlítil börn: „Ef þú borðar matinn þinn, skaltu fá súkkulaði á eftir."

Í hinni einstæðu bláu bók ríkisstj. er með stærsta letri prentað um stórfellda eflingu almannatrygginganna: 2600 kr. með hverju barni, hækkun mæðralauna, lífeyrir stóraukinn, hækkun slysabóta, allt greitt að fullu úr ríkissjóði o. s. frv., o. s. frv., allt í svipuðum auglýsingastíl og notaður er fyrir tombólur eða trúðleika. Hlýtur skrumstíllinn einn að vekja eða hafa vakið grunsemdir hjá hverjum meðalgreindum manni.

En hvað er þá um þetta frv. að segja í raun og sannleika? Er þar að finna raunverulegar bætur fyrir þá geysilegu launaskerðingu, sem þorri manna verður nú að þola í þessu landi vegna dýrtíðarflóðsins? Þetta er vert að athuga lítils háttar nú þegar.

Um aukningu fjölskyldubóta var rætt hér í hv. Ed. nýlega og það á eftirminnilegan hátt. Var þá glögglega sýnt fram á, að ekki er þar allt sem sýnist um kjarabæturnar, og skal ég ekki endurtaka það, sem þá var sagt, en aðeins minna á, að með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu á nú að greiða einum 200 kr. meira á ári en fyrirhugað var í fyrra, áður en nokkur vissi um dýrtíðarflóð núv. hæstv. ríkisstj. Nýlundan í þessu efni er í rauninni ekki önnur en sú, að nú skulu einnig greiddar fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni. Sú breyting segir sína sögu. Hún er á þessa leið: Hæstv. ríkisstj. gerir sér ljósa þá staðreynd, að hún er með aðgerðum sínum að þrýsta kaupmætti launa niður fyrir lágmark nauðþurfta, gera lágtekjufólki með öllu ófært að lifa, þrátt fyrir fulla atvinnu, nema til komi sérstakur styrkur almannatrygginga. Hæstv. ríkisstj. gengur vitandi vits svo langt í dýrtíðarstefnu sinni, að verkamaður eða skrifstofumaður með konu og eitt barn á framfæri geti ekki framfleytt heimili sínu með eigin vinnu, hann verði að fá styrk úr tryggingasjóði. Slík launakjör eru auðvitað fyrir neðan virðingu siðaðs þjóðfélags og slík tryggingastarfsemi utan við heilbrigða félagsmálaþróun. Þessi marglofsungna aukning fjölskyldubóta er þannig í rauninni að nokkru leyti neyðarráðstöfun vegna hóflausrar lífskjaraskerðingar, og jafnvel í því efni er hún glompótt uppbót, eins og áður var sýnt fram á hér í hv. d. Má m. a. minna á, að fjölskyldufaðir, sem kostar börn sín til framhaldsnáms í mörg ár eða fá, fær engar fjölskyldubætur með þeim, þótt þau séu þungir ómagar, á meðan á námi stendur.

Hæstv. ríkisstj. ætti því ekki að tala digurbarkalega um fjölskyldubætur sínar. Þær eru ófullkomnar sárabætur, lélegir plástrar á sár, sem að óþörfu voru framkölluð. Þessar bætur í því formi, sem þær nú verða í, standa í raun og veru utan við almannatryggingar, enda er það viðurkennt með því að láta ríkissjóð einan standa undir þeim.

Það er augljóst, að í frv. þessu felst engin heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, og er hennar þó orðin mikil þörf. Frv. er byggt á tillögum tveggja nefnda, sem hvorri um sig var falið að endurskoða vissan kafla tryggingalaganna. Var önnur skipuð á árinu 1958 og fengið það hlutverk að athuga viss ákvæði II. kafla l., um lífeyristryggingar, en hin var skipuð á síðasta ári og átti að endurskoða III. kaflann, um slysatryggingar, með tilliti til bótahækkunar. Báðar þessar n. skiluðu tillögum, sem frv. voru síðan byggð á, og var frv. fyrri n. til meðferðar hér í hv. Ed. á s. l. ári og afgreitt þá jákvætt frá nefnd. Þessi nefndarfrv. tvö koma nú fram í einni mynd sem skrautblóm hæstv. ríkisstj. Því, sem undirbúið var af fyrri ríkisstjórnum vegna margra ára brýnna þarfa, veifar núv. hæstv. ríkisstj. sem pálma í hendi sér. Allir vita, að hækkun tryggingabóta var aðkallandi nauðsyn, löngu áður en dýrtíðarskriðan nú skellur yfir. Þar þurfti að vinna upp gamla vanrækslu. Með ákvæðum þess frv., sem hér liggur fyrir, er þetta gert að verulegu marki a. m. k. Hitt er ógert með þessu frv., að bæta bótaþegum upp það fjárhagstjón, sem þeir bíða fyrir aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. og enginn raunar veit enn, hve mikið verður.

Eins og hv. þdm. muna, voru tryggingarbætur tvívegis hækkaðar lítillega á árinu 1958 fyrir atbeina vinstri stjórnarinnar, og fyrir hennar tilstilli var kaflinn um lífeyristryggingar endurskoðaður á því ári með verulega hækkun fyrir augum. Lengra komst það mál ekki, enda féll stjórnin í árslokin. Nú er gripið til þessara gagna og svo látið líta út, sem verið sé að mæta nýjum erfiðleikum. Þetta eru látalæti. Það er verið að leiðrétta gamalt ranglæti, eins og ég tók fram áðan, en nýja ranglætið, sem hæstv. ríkisstj. nú fremur með efnahagsráðstöfunum sínum, er ekki leiðrétt með þessu plaggi. Þetta er vert að gera sér ljóst, um leið og það er viðurkennt, að sérhver bótahækkun miðar þó í rétta átt. Fyrrgreindar nefndir gerðu sínum takmörkuðu hlutverkum góð skil, en þeirra verkefni voru ekki lögin í heild. Úr þeirri takmörkun hefur hæstv. ríkisstj. ekki bætt, og ber frv. hennar

það greinilega með sér. Þess vegna gætir þar ósamræmis í nokkrum veigamiklum atriðum, ósamræmis, sem ætti að vera auðvelt að fá leiðrétt, ef nokkru tauti væri við hæstv. ríkisstj. komandi. Hingað til hefur hún þjösnazt áfram með augun lokuð, svo að ég er ekki lengur trúaður á, að hún taki sönsum. Ég ætla mér ekki að rekja einstök atriði frv. við þessa umr., en skal þó máli mínu til sönnunar nefna dæmi um ósamræmið.

Fyrrgreindar tvær nefndir, sem athuguðu vissa kafla l., fóru ekki yfir kaflann um sjúkratryggingar, IV. kaflann. Afleiðingin er sú, að enginn hefur á hann litið. Þar er bótum haldið óbreyttum eða öllu heldur eru þær lækkaðar lítils háttar. Í 20. gr. frv. hæstv. ríkisstj. er ákveðið, að sjúkradagpeningar skuli ekki vera lægri en 24 kr. á dag fyrir einhleypan karl eða konu, 30 kr. handa fyrirvinnu heimilis og 6 kr. fyrir hvert barn á framfæri allt að þremur. Þessar tilgreindu upphæðir eru lægri en þær lágmarksupphæðir, sem nú og að undanförnu hafa verið greiddar í Reykjavík. Þær eru nú 30 kr. fyrir einhleyping, eða 6 kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir, 36 kr. handa fyrirvinnu í stað 30 kr. í frv. og kr. 6.20 fyrir barn, en það er 20 aurum hærra en hæstv. ríkisstj. vill eftirleiðis láta því í té. Þetta er samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið í þessari viku frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Ég þykist viss um, að þetta sé í ógáti gert og flaustri. En svona er þetta, og á þessu fæst væntanlega ekki leiðrétting, svo undarlega forstokkuð og stjörf er þessi hæstv. stjórn.

Það er annað í þessari sömu 20. gr., sem leiðrétta þyrfti og yfirsézt hefur. Sjúkradagpeningar eiga að greiðast fyrir hvert barn á framfæri allt að þremur, en ekki fyrir þau börn, sem þar eru fram yfir. Þetta ákvæði var sett inn í almannatryggingalögin 1956, vegna þess að þá var afnumið að greiða fjölskyldubætur með öðru barni, og því þótti sérstök ástæða til að greiða sjúkradagpeninga með tveim þeim fyrstu, en ekki eða síður með þriðja, fjórða barni o. s. frv., sem hvort eð er fengu fjölskyldubætur. Nú stendur til að breyta aftur um, greiða fjölskyldubætur með hverju barni, og um leið fellur auðvitað öll skynsamleg röksemd fyrir því, að sjúkradagpeninga eigi aðeins að greiða fyrir fyrsta og annað barn, en ekki fleiri. Með því að halda nú óbreyttu ákvæðinu um allt að þremur er barnmörgu fjölskyldunum í rauninni refsað fyrir ómegðina. Þetta ákvæði átti eðlilega að fella út úr l., um leið og fjölskyldubætur voru víkkaðar, ef í frv. hefði verið samræmi og sanngirni, en leiðrétting á þessu fram borin í tillöguformi í hv. Nd. í gær var hunzuð af hv. stjórnarliði.

Þetta eru dæmi um flaustursleg vinnubrögð hæstv. ríkisstj. á lokastigi undirbúnings þessa frv., og þyrfti ekki að koma að sök, ef ekki væri til að dreifa stirfni hv. þingmeirihluta. — Ég læt þessi dæmi nægja nú, en mun að forfallalausu ræða nánar einstök atriði við 2. umr. málsins.

Þær bótahækkanir, sem í frv. eru, miða vissulega í rétta átt. Gallinn er, að þær eru ófullnægjandi, ef taka á tillit til þeirrar miklu dýrtíðar, sem er í vændum. Æskilegt hefði verið að fá hækkanir nær réttu lagi, en það loðir líklega enn lengi við þessi ágætu lög að vera mörg ár á eftir tímanum hvað snertir ýmis veigamikil atriði. Skerðingarákvæði 22. gr. þarf að afnema hið allra fyrsta, og mun það réttlætismál eiga talsmenn innan allra flokka hér á Alþ., þótt forusta sumra þeirra kunni enn að þybbast við. Þá er skiptingin í tvö verðlagssvæði hrein fjarstæða í mínum augum, og ættu sömu bætur og sömu iðgjöld að vera um landið allt. Þá er það og mjög ósanngjarnt að binda bótafjárhæðirnar eins og um kaupgjald vinnufærra manna væri að ræða. Allar bótagreiðslufjárhæðir þessara laga eiga að vera eftirleiðis sem hingað til grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkv. kaupgjaldsvísitölu. Þetta og fleira mætti auðveldlega leiðrétta nú þegar, ef áhuga hv. þingmeirihluta skorti ekki. En líklega skortir hann. Þessa mun þó freistað, er málið kemur til nefndar og við síðari umræður þess.

Ég skal nú ljúka máli mínu, að vísu ekki mjög bjartsýnn á samvinnulipurð hv. stjórnarsinna. Þó skal ég ekki trúa því að óreyndu, að nokkur hv. þdm. sé svo hlekkjaður, að hann megni ekki að rísa upp og andmæla því, að sjúkradagpeningar verði færri að krónutölu eftir samþykkt þessa frv. en fyrir hana. Mín þingseta og þingreynsla er ekki löng, en þó hef ég reynt meginmun á viðbrögðum stjórnarandstæðinga annars vegar og stjórnarsinna hins vegar. Ábendingar stjórnarandstæðinga í tíð vinstri stjórnarinnar voru athugaðar gaumgæfilega af stjórnarliðinu þá, enda margar teknar til greina og inn á þær gengið. Þessu finnst mér öðruvísi farið nú. Núv. hv. stjórnarsinnar eru eitthvað stirðari og í þeim eins og einhver stjarfi. Ég skýri þetta fyrir sjálfum mér á þá leið, að hv. stjórnarsinnar, sem öllu ráða nú og heima eiga í Sjálfstfl., séu orðnir svona ósveigjanlegir gagnvart rökum vegna áralangrar stjórnarsetu og þetta sé einmitt sönnun þess, sem vitrir menn hafa lengi sagt, að völdin spilli manninum og rýri manngildið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að verða ekki allt of margorður að þessu sinni, því að ég vil ekki hindra það, að málið komist til n. í dag, og yfirleitt ekki hindra það, að það fái sem fyrst afgreiðslu. Málið er þess eðlis, að það er ekki vanþörf á, að það nái afgreiðslu til þess að bæta nokkuð úr því, sem orðið er með afgreiðslu annarra laga hér á hv. Alþ.

Hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir þessu frv., og ég gat ekki skilið hann á annan veg en þann, að hann teldi hér um miklar framfarir að ræða í tryggingakerfi þjóðarinnar, miklar hagsbætur fyrir hina tryggðu, og hann mun hafa sagt orðrétt, að aldrei hafi verið stigið svo stórt spor í þessum efnum sem nú. Ég vænti, að hann leiðrétti það, ef ég hef þetta

ekki rétt eftir honum. Ég hef hins vegar litið þannig á, að þetta frv. sé ekki til annars en að vega nokkuð upp á móti þeim álögum, sem stjórnarflokkarnir eru að leggja á þjóðina í heild, og nái ekki nærri því svo langt, að það bæti þær álögur að fullu, þótt hæstv. ríkisstj. telji, að svo sé í einhverjum tilfellum.

Það var svo, þegar gengislækkunarfrv. var til umræðu, að hv. stjórnarsinnar vitnuðu stöðugt í það, að fjölskyldubæturnar kæmu þar á móti. Ef þær áttu að mæta þeim álögum, þá voru það ekki kjarabætur frá því, sem var. Það var bara til þess að bæta upp álögur. Það er út af fyrir sig virðingarvert, og ég er ekki að lasta það, að þarna er þó bætt upp nokkuð það, sem íþyngt er þeim, sem bótanna njóta, og það er lofsvert, það sem það nær. Fjölskyldum er nokkuð bætt upp dýrtíðin vegna gengislækkunarinnar, og elli- og örorkuþegum er líka bætt upp nokkuð, eftir því sem hæstv. félmrh. sagði, og hygg ég, að það muni vera um 20%. En ef dýrtíðin eykst meira en um 20%, fær þetta fólk engar bætur, þá stendur það í stað. Það er því ekki um neinar bætur á þeirra hag að ræða, ef dýrtíðin fer fram úr því.

Ég skal ekki drepa á mörg atriði í þessu frv., en af því að hv. stjórnarsinnum hefur orðið helzt til tíðrætt um fjölskyldubæturnar, þá langar mig til þess að drepa á þær aðeins nokkrum orðum.

Í grg. með efnahagsmálafrv. sagði hæstv. ríkisstj. orðrétt: „Með þessum ráðstöfunum er það tryggt, að kjör fjölskyldna, sem hafa um 60 þús. kr. tekjur og eru í þrjú eða fleiri börn, verði ekki skert og ekki heldur kjör ellilífeyrisþega og öryrkja.“ Og ég skildi hæstv. félmrh. þannig áðan, að hann væri þessarar sömu skoðunar, hvað snerti fjölskyldur með þrjú börn, en mér heyrðist hann ekki vilja fullyrða neitt um það, að fjölskyldur með fleiri börn yrðu ekki fyrir skerðingu. Í útreikningi hagstofunnar á vísitölu er greint frá því, að fyrir efnahagsráðstafanir ríkisstj. hafi verið reiknað með, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar séu 60975 kr., en vísitölufjölskyldan er 4.2 menn. Hæstv. ríkisstj. hefur sagt í grg. efnahagsmálafrv., að búast megi við, að gengisbreytingin ein hækki útgjöld manna um 13%. Þetta er þá einfalt dæmi. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar munu þá hækka um 7927 kr., eftir því sem hæstv. ríkisstj. segir sjálf, og þetta er ekki vegna söluskatts, hvorki 8% söluskatts á innflutningi né 3% söluskatts í viðskiptum. Nei, þetta er bara vegna gengislækkunarinnar. Hvernig mun þá hæstv. ríkisstj. takast að halda lífskjörum óskertum hjá þessu fólki? Hún hefur sem sagt ætlað að gera það fyrst og fremst með fjölskyldubótum. Í vísitölufjölskyldu, þar sem eru 4.2 menn, geta þó ekki verið nema tvö börn, og fjölskyldubætur þeirra eru þó ekki nema 5200 kr. Hvaðan kemur þá hitt? Ef hjón eru með 3 börn, þá á hækkun fjölskyldubótanna að verða 6634 kr. Ekki dugir það heldur á móti þessari 13% hækkun á lífsnauðsynjum fjölskyldunnar vegna gengislækkunarinnar einnar. En það merkilegasta er þó það, að hæstv. ríkisstj. og flokkum hennar er það alvara að halda því fram, að öllum fjölskyldum séu bættar upp álögurnar að fullu. Þeir segja það í grg. með efnahagsmálafrv. En mér væri forvitni á að heyra álit hæstv. félmrh. um það, hvort hann telur, að svo sé. Ég skal taka dæmi. Álítur hann, að fjölskylda með 5 börn fái bætt upp að fullu gengislækkunina eina með fjölskyldubótunum? Ég vona, að hann hafi þetta alveg í höfðinu og muni geta svarað þessu umhugsunarlítið. Já, já, segir hæstv. ráðh., þá bíð ég eftir því. Hækkun fjölskyldubóta á 5 börn mun vera rúmar 7000 kr., því að hækkunin er ekki nema 269 kr. á fyrsta verðlagssvæði á hvert barn, sem er umfram þrjú. Hvernig getur þetta staðizt, að hæstv. ríkisstj. metur álögur sínar á 5200 kr. fyrir tvö börn, en ekki nema á 269 kr. á hvert barn, sem er umfram þrjú? Ég spurði um þetta, þegar efnahagsmálafrv. var hér til umræðu, en fékk ekkert svar, og ég er ekki farinn að skilja, að þetta geti staðizt, að þetta fólk fái bættar verðhækkanirnar vegna gengislækkunarinnar með fjölskyldubótunum. Ég vildi sannarlega geta sannfærzt um það, því að þessu fólki væri full þörf á því, alveg eins og elli- og örorkulífeyrisþegunum.

Ég ætla ekki að fara út í útreikninga, hvað lífsnauðsynjar þeirrar fjölskyldu, sem er stærri en 4.2 menn, kunna að hækka mikið í krónum við ráðstafanirnar. Hæstv. ríkisstj. hefur skýrt þarna frá 13%, sem hljóta að nema tæpum 8 þús. kr. á vísitölufjölskyldu. En hvað nemur það mikilli upphæð á 7 manna fjölskyldu? Ég ætla ekki að fara út í þann reikning. Það hlýtur að nema allverulegri upphæð, fyrst það nemur svona miklu á rúmlega 4 manna fjölskyldu. En þó að við förum ekki langt út í þá útreikninga, er eitt þó sýnilegt, og því vil ég beina til hæstv. félmrh., að útgjaldaupphæð fjölskyldu með 4, 5 eða 6 börn er orðin svo mikil, að mér er gersamlega óskiljanlegt, hvaðan þessar fjölskyldur eiga að taka tekjur til að greiða með útgjöldin.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að 5—7 manna fjölskylda hljóti að hafa útgjöld upp undir 80 þús. kr., eftir að efnahagsráðstafanir ríkisstj. eru komnar til framkvæmda, bæði gengislækkunin og söluskatturinn, og fjölskyldubæturnar muni fjarri því megna að jafna metin. Að vísu vitnar hæstv. ríkisstj. jafnan í lækkun tekjuskatts, en hún verður að taka það með í reikninginn, að fjölskylda, þótt hún hafi 60 þús. kr. tekjur, ef hún er með 3—5 börn, borgar ekki háan tekjuskatt, kannske nokkur hundruð krónur. Það dregur því ekki mikið að sleppa við hann. Hæstv. ríkisstj. hefur líka vitnað í það, að útsvör eigi að geta lækkað, vegna þess að nokkur hluti söluskatts á að ganga til bæjar- og sveitarfélaga. En hún hefur sleppt því, að bæjar- og sveitarfélög fá líka aukin útgjöld vegna efnahagsmálaráðstafananna, svo að það getur enginn sagt um það nú, hvað sú lækkun kynni að geta orðið, hvort hún verður sem nokkru

nemur. En ef það er rétt hjá mér, að 5—7 manna fjölskylda hljóti að hafa 75—80 þús. kr. útgjöld eftir þessar ráðstafanir, hvernig stenzt hún þetta, ef það er verkamaður með Dagsbrúnarkaupi, sem hefur aðeins 8 stunda vinnutíma á dag, þó að hann vinni allt árið alla daga. Tekjur slíks verkamanns, sem vinnur 8 tíma á dag alla daga ársins, eru ekki nema 49600 kr. Og þó að þessi verkamaður hafi einnar klst. eftirvinnu á dag alla daga ársins, þá komast tekjur hans ekki nema upp í 58900 kr., og þótt hann hafi tveggja stunda eftirvinnu á dag allt árið, komast tekjurnar ekki nema upp í 68200 kr. Hvernig fer þessi fjölskylda að, þrátt fyrir það þó að hún fái þær fjölskyldubætur, sem hér er reiknað með? Þetta er mér ráðgáta, og um þetta hef ég spurt hæstv. stjórnarsinna, en þeir hafa engu um það svarað.

Ég mun ekki, eins og ég sagði áðan, tefja mjög tímann um þetta mál að þessu sinni. Ég vil styðja að því, að það fái fljóta afgreiðslu. En ég vil endurtaka þær óskir mínar til hæstv. félmrh., að hann leitist við að svara því, hvernig honum sýnist, að fjölskyldur með 49 þús. og upp í 68 þús. kr. tekjur muni standast þau útgjöld, sem þær hljóta að verða að bera samkv. efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj. Þrátt fyrir þær bætur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., eru engar líkur til þess, að þessar fjölskyldur geti staðizt útgjöldin nema á einn hátt, á þann hátt að minnka við sig kaup á lífsnauðsynjum. Ég verð að segja, að hækkun bóta, þó að góðar séu, er ekki neitt stórt spor áfram í tryggingakerfi þjóðarinnar, þegar þær verða aðeins lítil uppbót á það, sem á þetta fólk er lagt. En þrátt fyrir það skal ég að lokum endurtaka það, að ég tel frv. sannarlega virðingarvert, og án slíkra tillagna hygg ég, að enginn flokkur og enginn maður hefði viljað leggja út í það, sem nú er verið að gera í efnahagsmálum þjóðarinnar yfirleitt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Báðir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, bæði hv. 9. þm. Reykv. (AGl) og hv. 4. þm. Vestf. (SE), hafa viljað leitast við að gera lítið úr þeim breyt. á tryggingal., sem hér er lagt til að gerðar verði, vegna þeirra breyt., sem á efnahagsmálalöggjöfinni hafa verið gerðar, og telja, að þær bætur, sem nú er lagt til að gerðar verði, séu ekki nema lítill hluti eða nokkur hluti af þeirri skerðingu, sem almenningur verði fyrir af þeim sökum. Ég sagði í minni frumræðu, að vísitölufjölskyldan, sem eins og hv. síðasti ræðumaður sagði er reiknað með að hafi 4.2 menn í fjölskyldunni, mundi með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, ekki þurfa að bera nema þriggja stiga hækkun á verðlagi og hjón með þrjú börn og sömu tekjur og vísitölufjölskyldan hefur mundu sleppa skaðlaus. Þetta virtist hv. síðasti ræðumaður eiga erfitt með að skilja, og ég skal þess vegna leitast við að gera honum nánari grein fyrir því.

Hann lagði þann skilning í tekjuöflun manna, að verkamaður með Dagsbrúnarlaunum hefði ekki nema innan við 50 þús. kr. tekjur á ári, ef ég hef skilið hann rétt, eða 49 þús. kr. tekjur. Við skulum bara reikna með, að hann hafi 50 þús. kr. tekjur. Þá er það með 13 vísitölustiga hækkun á hans nauðsynjum 6500 kr. Nú er þetta ekki svo, að þessi 13 vísitölustig komi að öllu leyti á hann, vegna þess að niðurgreiðslurnar, sem ríkisstj. hefur tekið að sér að inna af höndum, og aðrar ráðstafanir, þær nema auk þess, sem í þessu frv. felst, um tveimur vísitölustigum, þannig að raunverulega er hér ekki um nema 11 vísitölustig að ræða, sem koma til greina í sambandi við athugun á þessu frv., eða 11 vísitölustig á 50 þús. kr., 5500 kr. En bara af tveimur börnum nema fjölskyldubæturnar 2600 kr. á barn eða 5200 kr. á tvö, og nú eru það ekki tvö, heldur 2.2, hvernig svo sem því er varið, sem reikna ber með í þessu sambandi, þannig að hækkunin á fjölskyldubótunum gerir í þessu tilfelli, — ef hann fer niður í 49 eða 50 þús. kr., — hún gerir meira en vega á móti þeirri skerðingu, sem maðurinn hefur á sínum kaupmætti. En hv. þm. virtist ekki muna eftir eða vildi ekki muna eftir þeim bótum, sem koma fram í niðurgreiðslum og á annan hátt, sem ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til að gera. Ef börnin verða þrjú, þá er auðsætt, að bæturnar, sem fyrir þau koma, eru ekki 5200 kr., heldur 6600 kr., sem fjölskyldan fær þá fyrir sínar fjölskyldubætur til þess að vega á móti skerðingunni, og virðist mér það vera hærri upphæð en 11% skerðing á 50 þús. kr. tekjum nemur, og jafnvel þó að reiknað væri á þær tekjur, sem vísitölufjölskyldunni eru reiknaðar, sem eru um 60 þús. kr.

Þetta er ekki nema önnur hliðin á málinu. Við skulum svo taka ellilífeyrisþega og öryrkja, sem eiga samkv. frv. að fá 44% bætur á sín ellilaun og sinn örorkulífeyri. Það er alveg tvímælalaust, að þessi 44% gera meira og miklu meira en að vega upp á móti þeirri skerðingu, sem þetta fólk verður fyrir af völdum gengisbreytingarinnar. Alveg sama er að segja um mæðralaunin og aðrar bætur, sem ég minntist á í minni frumræðu, að hækkunin á þeim er miklu meiri en sú skerðing, sem þetta fólk verður fyrir af völdum gengisbreyt., og var það ríkisstj. ljóst, að þetta var ekki eingöngu og alls ekki eingöngu miðað við afleiðingar gengisbreytingarinnar, heldur þvert á móti gert ráð fyrir, að þetta væri til þess að bæta þessu fólki þann halla, sem það hefði orðið fyrir að undanförnu vegna þeirrar breyt., sem orðið hefur á tilkostnaði við að draga fram lífið í landinu á undanförnum árum vegna breytts gildis íslenzkrar krónu. Það hefur nú átt sér stað svo lengi, að verðgildi íslenzkrar krónu hefur verið að minnka, og þess vegna hefur, þó að vísitölubætur hafi komið á þessi laun, þeirra hlutur farið minnkandi, og hefur þess vegna verið þörf á að breyta þar um til batnaðar.

Ég vil einnig í þessu sambandi benda á þann

mismun, sem á þessu varð 1958 og nú. 1958 var gengi íslenzku krónunnar fellt, þó að dulbúin væri sú gengisfelling, — það vitum við öll, — þegar 55% almenna yfirfærslugjaldið var upp tekið og miklu hærra yfirfærslugjald af nokkrum vörum, þó að einstaka vörur væru þar með lægra yfirfærslugjaldi. En hvað fengu ellilífeyrisþegarnir þá? Hvað fengu þeir þá? Þrátt fyrir það, þó að gengisfellingin 1958 væri ekki ósvipuð því, sem hún er nú, þá fengu ellilífeyrisþegarnir samkv. þeim lögum, sem þá voru sett, 5% hækkun, en nú 44%. Ef nokkur sanngirni er í mati á þeim aðgerðum, sem nú er verið að reyna að gera, og þeim aðgerðum, sem þá voru gerðar, þá ætla ég, að hlutur þeirra, sem að þessum aðgerðum standa, verði a. m. k. ekki minni en 5% stjórnarinnar 1958.

Hv. 9. þm. Reykv. taldi, að fjölskyldubætur á fyrsta barn væru fyrir neðan virðingu síðaðs þjóðfélags, því að með því væri verið að viðurkenna, að lífskjörin í þjóðfélaginu væru svo léleg, að það væri ekki unnt að komast af án þess, að fyrsta barn í fjölskyldu væri styrkt. Ég vildi nú biðja þennan hv. þm. að líta til einnar — ja, ég vil segja bezt stæðu þjóðarinnar í Evrópu: Svíþjóðar. Það hefur enginn kvartað undan því, að í Svíþjóð væru mönnum búin mjög léleg skilyrði, enda er sú þjóð talin ein sú bezt megandi allra Evrópuþjóða. Hvað gera þeir? Þeir leyfa sér þetta sama. Þeir leyfa sér að veita fjölskyldubætur með fyrsta barni. Af hverju? Af því að þeir telja, að sú breyting, sem í fjölskyldunni verður við það, að hún eignast barn, valdi því, að tekjumöguleikar fjölskyldunnar undir þeim kringumstæðum minnki svo verulega, að það þurfi að styðja hana. Í mörgum tilfellum er það svo, að eftir að fyrsta barn í fjölskyldu er fætt, hefur konan ekki aðstöðu til þess að vinna úti á sama hátt og hún hafði áður. Á móti þessu hafa Svíarnir talið, að þessum erfiðleikum fjölskyldunnar væri rétt að mæta með því að veita styrk, jafnvel með fyrsta barni, og það sem meira er, þetta félagsmálakerfi og sú félagsmálaþróun, sem á þessu byggist, hefur verið til fyrirmyndar, og þeir, sem að þessu standa, hafa verið taldir í röð fremstu þjóða á þessu sviði, enda þótt hv. 9. þm. Reykv. telji það fyrir neðan virðingu síðaðs þjóðfélags að fara svona að.

Ég skal nú ekki fara frekar út í að ræða þetta, en mér finnst, að annaðhvort kenni hér hjá þessum hv. þm., sem hér hafa talað, mjög mikils misskilnings eða þá þeir að yfirlögðu ráði eru að reyna að gera tortryggilegar þær aðgerðir, sem hér er verið að reyna að framkvæma til þess að endurbæta íslenzka tryggingakerfið. Ég neitaði því ekki og ég tók það alveg sérstaklega fram í minni frumræðu, að þetta væri gert í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera. En ég tel líka, að með fjölskyldubótunum sé mætt þeim afleiðingum, sem efnahagsráðstafanirnar valda, að mjög verulegu leyti hjá þeim, sem hafa mesta þörfina fyrir það, en í leiðinni eru líka teknar bætur handa öðrum, sem teljast ekki með í okkar vísindalega vísitöluútreikningi, eins og ellilífeyrisþegum, öryrkjum, einstæðum mæðrum, slysabætur og annað þess háttar. Allt þetta er verulega hækkað í leiðinni, og ég tel það mikinn ávinning. Og ég vil líka láta í ljós þá von, eins og ég sagði í minni frumræðu, að þær breytingar aðrar, sem hér eru gerðar, eins og fjölskyldubæturnar, sem beinlínis eru — mér dettur ekki í hug að bera á móti því — settar í sambandi við efnahagsaðgerðirnar, þær haldist, hvað sem um efnahagsaðgerðirnar verður.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að vera stuttorður. Hæstv. félmrh. hefur svarað sumu af því, sem ég spurði um, en ekki sumu. Hann kom með þá skýringu, að þau 13%, sem talað væri um í grg. með efnahagsmálafrv., væru ekki reiknuð af þeim gjöldum vísitölufjölskyldunnar, þeim 61 þús., sem greinir frá í Hagtíðindum, heldur af launum verkamanns, sem væru tæpar 50 þús. kr. Ég ætla ekki að þessu sinni að segja, að þetta sé rangt hjá hæstv. ráðh. Ég ætla ekki heldur að segja, að það sé rangt hjá mér. Ég ætla að afla mér upplýsinga um þetta, hvor okkar hefur réttara fyrir sér. (Gripið fram í.) Ég nefndi tölu, hvað væri kaup verkamanns, sem ynni 8 tíma á dag alla daga ársins. En í Hagtíðindunum er birt tala yfir verðlag þeirra lífsnauðsynja, sem vísitölufjölskyldan þarf að kaupa. Það eru 60975 kr. Og það er út frá þeirri tölu, sem þessi 13%, að mínum dómi, eru reiknuð, en ekki út frá kaupi mannsins. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, að hagstofan reikni út frá kaupi mannsins, heldur út frá því verði, sem er á lífsnauðsynjum fjölskyldunnar. Og 13% af þeirri upphæð gerir, eins og ég sagði áðan, tæpar 8000 kr. En um þetta skal ég fá fyrir 2. umr. tæmandi upplýsingar, hvor okkar hefur réttara fyrir sér í þessu. Ég held, að það sé einhver misskilningur í því hjá hæstv. ráðh., að það sé reiknað út frá 50 þús. kr. eða tekjum verkamannsins.

Þá minnir hann á, að það eigi að borga niður vörur. Jú, rétt er það. En ég skildi það svo, að þá væru niðurgreiðslurnar komnar með, þegar fundin voru út þessi 13%. En hvernig er það um þær vörur, sem allur almenningur kaupir tiltölulega meira af en aðrir, það eru allar baðmullarvörur í fatnaði, það er gúmmískófatnaður og fleira af þessu tagi, sem ekki á að borga niður og hækkar nú yfir 80%? Hvernig ætli hagsbæturnar verði hjá þessum verkamannafjölskyldum af niðurgreiðslunum hvað þetta snertir?

Þá talaði hæstv. ráðh. um 44% hækkun á elli- og örorkubótum. Ef þetta er rétt, að nú sé að koma 44% hækkun á þetta, þá hef ég misskilið hæstv. ráðh. áðan. Ég skildi hann svo, að 20% hækkun hefði komið 1958 — (**Gripið fram í:** Nei, nei.) eða hefði verið undirbúin af nefnd 1958, m. ö. o. af vinstri stjórninni, og þau 20% hefðu komið jafnt fyrir það,

þó að engin gengislækkun hefði komið og enginn söluskattur og engin vaxtahækkun, svo að það er hæpið að skrifa þetta allt á reikning núv. hæstv. ríkisstj.

Þá vil ég benda hæstv. ráðh. á eitt í dæmi hagstofunnar, sem ég hef ekki nefnt áður, og það er það, að húsaleigukostnaður fjölskyldu er ekki metinn þar nema á 10200 kr., þ. e. 850 kr. á mánuði. Heldur nú hæstv. ráðh., að þetta sé raunveruleg húsaleiga alls almennings í landinu, 850 kr. á mánuði? Ætli það sé ekki staðreynd, að flestar fjölskyldur verða að borga allt að því tvöfalda þessa upphæð? Ef ég hefði bætt henni við þá tölu, sem ég nefndi áðan, þegar ég taldi, að vísitölufjölskylda mundi hafa eftir efnahagsráðstafanir ríkisstj. um 75—80 þús. kr. útgjöld, þá hefði hún hækkað verulega. En ég gerði það bara ekki. Þó vita allir, að fólkið verður að borga miklu hærri húsaleigu en reiknað er með hjá hagstofunni, og þó að menn eigi húsin sjálfir, þá kemur alveg það sama út.

Það, sem hæstv. ráðh. svaraði mér ekki, var, hvernig eða hvar fjölskyldan eigi að taka tekjur til að greiða útgjöldin eftir þessar ráðstafanir. Það má deila um það, hve há upphæðin verður hjá þessari fjölskyldu í heild. Ég tel, að þessi útgjöld hennar muni verða a. m. k. 75—80 þús., eftir að öll þessi frv. hæstv. ríkisstj. eru orðin að lögum, og ég spurði: Hvaðan getur fjölskyldan tekið tekjur til þess að greiða þennan gífurlega kostnað? Og ég gat þess líka áðan, að ég sæi enga leið fyrir þetta fólk aðra en þá að minnka við sig kaup á lífsnauðsynjum. Og þá fer nú stærsti gljáinn að fara af fjölskylduuppbótunum, ef það verður niðurstaðan.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég hélt því aldrei fram, eins og hv. þm. virtist meina, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar væru 50 þús. kr. Ég tók aðeins þá tölu, af því að hv. þm. nefndi hana sem dæmi um tekjur manns, sem vinnur árið um kring á verkamannakaupi, og hvað sem útgjöldin þurfa að vera, þá vaxa ekki tekjurnar hjá verkamanni, sem vinnur 8 tíma á sólarhring, þó að útgjaldaþörfin sé meiri. Hann verður að sætta sig við það, sem hann hefur. Og af því að hv. þm. nefndi töluna, þá tók ég hana. Hins vegar gat ég þess og tók það alveg skýrt fram í minni frumræðu, að vísitölufjölskylduna mundi samkv. þeim útreikningi, sem gerður hefur verið og miðaður er við 13 stiga hækkun á verðlagi eftir ráðstafanirnar, vanta um 3% til þess að ná því að standa jafnrétt eftir og áður. En ef börnin væru 3 og tekjurnar þær sömu, þá mundi sú fjölskylda komast jafnvel af og áður. Þetta voru þær tölur, sem ég nefndi, og ég álít, að hv. þm. þurfi ekki að vefengja þær eða telja, að þær séu ekki rétt með farnar. Svo náttúrlega er það í óvissu, hvort það stenzt, að hækkunin verði 13%. Hún getur orðið eitthvað meiri, hún getur orðið eitthvað minni, því verður aðeins reynslan að skera úr. En miðað við þessa útreikninga, sem gerðir hafa verið og ég fyrir mit leyti vil trúa á að séu réttir, þangað til annað reynist, er þetta svona. En tryggingalagafrv., sem hér liggur fyrir, gerir, eins og ég tók fram og hef raunar margtekið fram, ráð fyrir ýmsum bótum, sem eru miklu meiri en þær bætur, sem fyrst og fremst eru hugsaðar til þess að jafna afleiðingarnar af gengisbreytingunni. Það eru bætur hinna öldruðu og öryrkjanna og ýmissa annarra. Þær eru miklum mun hærri en þetta, og það vænti ég að hv. þm. skilji, að það er ekki síður þýðingarmikið að jafna þeirra met heldur en annarra.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið vinstri stjórnin, sem hefði eiginlega staðið að 20% af þessum 44, sem hér væri lagt til að hækkað væri um hjá gömlum mönnum og öryrkjum. Það er á vissan hátt rétt. Till. um nefndaskipunina, sem var undirstaðan undir þeim till., var gerð í tíð vinstri stjórnarinnar, en till. komust ekki til framkvæmda, og enn situr við það sama og áður var, þannig að 20% þar eru ekki komin til framkvæmda frekar en 20% síðari, sem núverandi stjórn hefur bætt við. En við höfum slegið þessum tvennum prósentum saman og vonum, að nú takist að fá hækkunina í einu lagi, 20% fyrst og svo 20% á það aftur, sem gerir í heild 44%, sem ég vænti að hv. þm. og aðrir hv. þdm. muni ljá lið sitt til þess að staðfesta.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess, sem hæstv. félmrh. beindi til mín áðan. E. t. v. fór hann nú ekki alveg rétt með mín ummæli. Ég sagði, að slík launakjör væru auðvitað fyrir neðan virðingu siðaðs þjóðfélags, en talaði ekki um tryggingar eða stefnu í tryggingamálum. Það má um það deila, hvort tryggingastarfsemi eigi að ná svo langt, að greiddar séu fjölskyldubætur með fyrsta barni. Það má líka taka upp það nýmæli að greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni af fleiri en einni ástæðu. Það má t. d. og mun gert í sumum löndum að greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni þegar í því skyni einu að örva til fólksfjölgunar í landinu. Þá er það gert af þeirri ákveðnu ástæðu. Svo má líka gera það, þegar þannig stendur á í landinu, að launakjörin séu svo aum almennt í þjóðfélaginu, að það sé litið á, að láglaunamaður geti ekki lifað með konu og eitt barn á framfæri án þess að fá sérstakan styrk, og þegar það verður að gerast, tel ég, að launakjörin í því landi, hvort sem það er hér eða annars staðar, séu fyrir neðan virðingu siðaðs þjóðfélags. Þetta var það, sem ég sagði, og þetta var það, sem ég meinti.

En úr því að ég er staðinn upp, langar mig til þess að beina fsp. til hæstv. félmrh. í tilefni af því, sem ég sagði áðan um sjúkradagpeninga. Ég efast ekki um, að þær upplýsingar, sem ég hafði fengið hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur nú í þessari viku, séu réttar. En samkv. þeim eru þær lágmarksupphæðir, sem nú eru greiddar, sjúkradagpeningar, örlítið hærri en þær, sem greiða á, þegar þetta frv.

er orðið að lögum. Ég vil meina, að hér sé um einhverja glompu að ræða, sem hafi orðið óviljandi og beri því að athuga og leiðrétta. En hitt tekur auðvitað engu tali, að fara að lækka sjúkradagpeninga þeirra fjölskyldna, sem missa fyrirvinnuna frá vinnu um lengri eða skemmri tíma. Það er einnig mjög áberandi í þessu frv., hversu munurinn eykst á dagpeningum eftir því, hvort um sjúkradagpeninga eða slysadagpeninga er að ræða. Hvers vegna eiga slysadagpeningar að vera þrisvar sinnum meiri en sjúkradagpeningar? Ég vildi meina, að hér ætti að vera alveg jafnt, það ætti að greiða fjölskyldu jafnmikið, hvort sem um slys væri að ræða eða sjúkdóm. En munurinn hefur alltaf verið í þessu efni hér hjá okkur, en nú verður hann hálfu meiri en nokkru sinni, ef þessu ákvæði verður haldið um þá upphæð sjúkrapeninga, sem í frv. er tilgreind.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég held, að ég hafi skrifað nokkurn veginn rétt upp það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um það, sem hann taldi fyrir neðan virðingu þjóðfélagsins. Ég skildi það svo, að það væri ekki, a. m. k. ekki einasta, að launagreiðslur væru svo lágar eins og þar kom fram, heldur einnig hitt, að það þyrfti að greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni. En ég held við það, sem ég áður hef sagt um þetta efni, að hver sem rökin eru hjá þeim þjóðum, sem taldar eru lengst komnar í þessum málum, þá greiða þær þó fjölskyldubætur með fyrsta barni. Ég skal ekki segja, hvort það er í mannfjölgunarskyni, eins og hv. þm. vildi vera láta, eða hvort það er af einhverjum öðrum annarlegum ástæðum, en þær gera þetta, og ég tel, að við verðum ekki sakaðir um að vera fyrir neðan það siðferðislega réttlætanlega, þó að við gerum þetta líka, þegar þeir, sem fremstir eru taldir í flokki, gera það.

Út af sjúkradagpeningunum skal ég aðeins segja það, að þeir hafa verið lægri en slysadagpeningarnir, og það má vel vera, að hv. þm. hafi rétt fyrir sér í því, að þarna sé nokkurt ósamræmi á milli. Ég hef ekki kannað það til hlítar. En ég teldi, að þá væri rétt, að sú n., sem þessi mál fær til athugunar og allsherjarendurskoðunar nú fyrir næsta Alþ., fái þetta atriði líka til endurskoðunar, og vil vænta þess, að hún athugi það mjög gaumgæfilega og hvort möguleikar séu ekki til þess eða rök til þess að færa þetta meira til samræmis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 252, 253 og 258, 255).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 255. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti meiri hl. heilbr.- og félmn., átti n. nokkra fundi um þetta mál og ræddi það við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sem veitti n. upplýsingar, sem einstakir nm. óskuðu eftir að fá.

Nm. voru allir sammála um, að breyt. þær, sem frv. gerir ráð fyrir, séu til mikilla bóta frá því, sem nú er, en er þó öllum ljóst, að enn eru lögin ekki komin í æskilegt horf og aðkallandi er að gera á þeim fleiri breytingar.

Meiri hl. n. leggur þó til, að frv. sé nú samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd., en þar voru gerðar á því smávægilegar leiðréttingar.

Minni hl. n. vill fá á frv. nokkrar breyt., áður en það er afgreitt nú, og munu þeir lýsa þeim hér á eftir.

Það, að við, sem myndum meiri hl. n., viljum samþ. frv. óbreytt nú, er af þeim ástæðum, sem nú skal greina: Við teljum, að þær breyt., sem þetta frv. fjallar um, séu svo aðkallandi, að ekki megi dragast, að þær komi til framkvæmda. Þær frekari breytingar, sem helzt koma til mála, kosta sumar mikið fé. Er því eðlilegt að gefa nokkurt ráðrúm til þess að athuga þær nánar.

Hæstv. félmrh. hefur einnig viðurkennt þetta, þar sem hann lýsti því yfir við 1. umr. hér í d., að skipuð yrði n. til þess að endurskoða almannatryggingalögin í heild, og væri ætlazt til, að niðurstöður og till., byggðar á þeirri endurskoðun, gætu legið fyrir á næsta þingi. Ég tel þetta vera eðlileg vinnubrögð og raunar alveg nauðsynleg vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á ýmsum þáttum laganna, síðan allsherjarendurskoðun fór síðast fram 1956. Þessar breytingar hafa reynzt nauðsynlegar vegna óstöðugleika efnahagskerfis okkar, en hafa verið með þeim hætti, að einstakir kaflar laganna hafa verið teknir út úr og þeim breytt, og hefur af þessu leitt nokkurt misræmi.

Hæstv. félmrh. lýsti því við 1. umr., í hverju þær breyt., sem í þessu frv. felast, eru fólgnar og hvernig þær koma til með að verka, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það eða taka það aftur upp hér, sérstaklega af því, að það virðast allir vera sammála um, að breytingarnar séu flestar til bóta. En í stuttu máli eru breyt. þær, að flestar bætur tryggingganna hækka og sumar mjög mikið.

Verulegur hluti kostnaðarins af þessari hækkun greiðist nú beint úr ríkissjóði, en auk þess greiðir ríkissjóður 3% hærri hluta af öðrum kostnaði lífeyristrygginganna en nú er, en kostnaðarhluti hinna tryggðu, sveitarsjóða og atvinnurekenda lækkar að sama skapi.

Markmiðið með þessu er að leiðrétta það misræmi, sem orðið var vegna breytinga verðlags og kaupgjalds í landinu á undanförnum árum, og í öðru lagi að hjálpa þeim, sem tekjuminnstir eru í þjóðfélaginu, til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem fram undan eru.

Ég ætla, eins og ég sagði áðan, ekki að ræða frv. lið fyrir lið, en mun drepa á nokkur atriði,

sem hafa verið umdeild eða ég tel að athuga þurfi við væntanlega endurskoðun.

Það er mikið rætt í sambandi við þetta frv. um skiptingu landsins í verðlagssvæði. Ég átti sæti í þeirri n., sem endurskoðaði lögin 1956, og ég var þá þeirrar skoðunar, að þessi svæðaskipting ætti ekki rétt á sér, og ég er enn sama sinnis. Það, sem olli mestu um, að breytingin var ekki gerð 1956, var, að meiri hluti sveitarfélaga, sem svöruðu fsp. nefndarinnar, sem endurskoðaði lögin þá, mælti gegn henni. Mér er kunnugt um, að ýmsir, sem þá vildu halda skiptingunni, telja nú, að hún eigi að hverfa.

Ég sagði áðan, að sumar þær breyt., sem líklegast er að gerðar verði á almannatryggingalögunum, muni kosta mikið fé. Ýmsir hafa þó bent á eina breytingu á lögunum, sem hefur mjög komið til álita og mundi spara tryggingunum verulega fjárhæð, en það er að hækka aldursmarkið úr 67 í 68 ár. Vitanlega næði það ekki nema til þeirra, sem halda heilsu og eru vinnufærir, en sem betur fer eru þeir æ fleiri, sem það gera nú. Sú skoðun á einnig vaxandi fylgi að fagna, að æskilegt sé að leyfa mönnum að vinna eins lengi og kostur er, því að það hefur komið í ljós, að með því móti verða þeir bæði hraustari og hamingjusamari en ella. Þetta er eitt þeirra atriða, sem grandskoða þarf í sambandi við fyrirhugaða endurskoðun.

Fjölskyldubætur verða nú greiddar með hverju barni. Sumir telja óþarft að greiða með fyrsta barni, en hér mun hafa ráðið nokkru það sjónarmið, er ég nefndi áðan, að mæta væntanlegum verðlagsbreytingum hjá þeim, sem þær bitna mest á.

Í þessu ákvæði er þó undantekning um börn, sem eiga framfærsluskyldan föður utan fjölskyldunnar, og getur það verið ósanngjarnt, og tel ég, að það þurfi athugunar við við væntanlega endurskoðun laganna. Enn fremur væri ástæða til að rýmka nokkuð það ákvæði laganna, að þessar bætur skuli greiddar með börnum á aldrinum 1—16 ára. Gæti komið til mála t. d. að greiða til 18 ára aldurs fyrir þau börn, sem halda áfram kauplausu námi, sem þau þurfa að vinna að mestan hluta ársins og fá þess vegna ekki möguleika til að afla sér neinna verulegra atvinnutekna.

Það nýmæli er einnig um fjölskyldubæturnar, að þær eiga nú að vera eins á 1. og 2. verðlagssvæði.

Í 4. gr. frv. um almannatryggingar segir, að greiða megi eiginkonu elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts lífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Upphæðin er breytt frá núgildandi lögum úr 60 í 80% til hækkunar. En ég tel, að þessari grein ætti að breyta þannig, að maki elli- eða örorkulífeyrisþega fái bætur, þegar ástæða er til. Það getur alveg eins verið ástæða til að greiða eiginmanni slíkar bætur. Aðstaða getur verið þannig, eins og við vitum nú, þegar erfitt er eða ómögulegt að fá neina húshjálp, að eiginmaðurinn engu síður en eiginkonan sé bundinn yfir maka sínum og geti þess vegna ekki aflað sér nauðsynlegra tekna til að sjá heimilinu farborða, og ég tel því, að sjálfsagt sé að breyta þessu, þegar l. verða endurskoðuð.

Þá skal ég fara örfáum orðum um skerðingarákvæðin. Ég taldi 1956, að þau væru óheppileg og hefði átt að nema þau burt þá. Að vísu voru ákvæðin milduð verulega þá, og við hækkun bótanna nú valda þau bótaþegum síður frádrætti en verið hefur til þessa, og er það til verulegra bóta nú þegar. En auk þess er, eins og komið hefur fram hér áður í umr., gert ráð fyrir því í núgildandi lögum, að skerðingin eigi að hverfa um næstu áramót. Þótt það sé að vísu í núgildandi lögum, að skerðingin eigi að hverfa að fullu, þá er þó a. m. k. nokkur skoðanamunur um það, hvort rétt sé að láta sömu ákvæðin um afnám skerðingar í þessu tilfelli ná til bæði ellilífeyris og örorkulífeyris. Hjá þeim nágrannaþjóðum okkar, sem fullkomnastar alþýðutryggingar hafa, er gerður verulegur munur á þessu. Þar er ekki gert ráð fyrir því að veita fullan örorkulífeyri þeim öryrkjum, sem annaðhvort fyrir aðstoð hins opinbera, trygginganna eða af eigin rammleik hefur tekizt að vinna svo bug á örorku sinni með því að breyta um starf eða annað því um líkt, að þeir hafa fullkomlega sambærilegar atvinnutekjur við aðra launþega, og þetta er m. a. ein af ástæðunum, sem ég tel að liggi til þess, að rétt sé að athuga og endurskoða lögin, áður en þau koma til framkvæmda.

Þá vil ég aðeins minnast á sjúkradagpeninga og vil þar vekja athygli á því, að upphæðirnar eru lágmarksbætur. Sjúkrasamlögin ákveða dagpeningana sjálf innan þeirra takmarka, sem lögin setja, þ. e. ekki lægri en lágmarkið, sem nefnt er í l., og ekki hærri en 3/4 hlutar þeirra tekna, er sjúklingurinn missir vegna veikindanna. Sjúkradagpeningar eru ekki heldur greiddir, nema sjúklingur sé veikur meira en 14 daga, og aldrei á meðan sjúklingur samkv. samningum heldur kaupi sínu. Það er rétt að geta þess, að til þess að láta dagpeninga standa á heilum krónum er upphæðin 14 aurum lægri í dag en hún er samkv. núgildandi lögum, þ. e. a. s. í fyrsta tilfelli, um dagpeninga einhleypings, og tilsvarandi á öðrum bótum. En nú er það reiknað frá grunnupphæð þeirri, sem var í l. 1956, með vísitöluálagi og þeim prósentuhækkunum, sem orðið hafa síðan 1956 með sérstökum lögum. Væntanlega sækir þó ekkert samlag um lækkun bóta. Þvert á móti er kunnugt, að í undirbúningi er og hefur nú þegar enda verið samþ. hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur að hækka bætur allverulega frá því, sem nú er. Þar er búið að samþykkja að hækka dagpeninga á dag fyrir einhleyping úr 30 kr., eins og þeir voru hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur eða hafa verið til þessa, — þeir voru ekki í lágmarkinu, eins og það var í l., og hafa raunar aldrei verið það hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. En dag-

peningarnir eiga nú að hækka í 50 kr. fyrir einhleyping og síðan 6 kr. fyrir hvern fjölskyldumeðlim umfram einn í fjölskyldu.

Þá vil ég, áður en ég lýk máli mínu, minnast á 34. gr. frv., sem fjallar um, að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum. Það hefur komið í ljós, að stofnun slíkra sjóða hefur farið svo í vöxt, að nauðsynlegt er að breyta löggjöfinni, sem nú gildir í þessu efni. Eftir því sem þátttakendum í löggiltum lífeyrissjóðum hefur fjölgað, þá fækkar þeim, sem greiða venjuleg almannatryggingaiðgjöld, og raskar það verulega grundvelli tryggingarinnar. Þetta tel ég að sé óeðlilegt, og ég held, að flestir, sem mikið hafa um tryggingamál fjallað á undanförnum árum, telji það líka. Ég tel, að eðlilegast sé, að þátttakendur í slíkum sjóðum séu eftir sem áður fullgildir og gjaldskyldir þátttakendur í almannatryggingunum og njóti réttar þar, en sú trygging, sem þeir fái frá hinum sérstöku sjóðum, verði viðbótartrygging, sem vitanlega má þó ekki valda skerðingu, á meðan slík ákvæði eru enn í gildi.

Það er ýmislegt fleira, sem ég tel eðlilegt að athugað verði við endurskoðun laganna, t. d. hvort ekki væri rétt, að allir landsmenn væru slysatryggðir. Sérstaklega tel ég orðið úrelt og raunar ótækt ákvæðið um, að atvinnurekendur, t. d. bændur og smáútgerðarmenn, sem róa á eigin skipi eða bát, séu ótryggðir, eins og getur verið eftir núgildandi lögum. Eins ættu unglingar, sem vinna störf, sem eru tryggingaskyld í rauninni, að vera tryggðir, þó að þeir séu innan 16 ára aldurs. Sömuleiðis er mikil þörf á því, að íþróttamenn séu tryggðir, og mun líka vera mikill áhugi á því meðal íþróttamanna sjálfra. Þá tel ég einnig, að til álita komi að athuga, hvort ekki væri hægt að auka slysatrygginguna þannig, að hún verði fullnægjandi bæði fyrir hina tryggðu og fyrir atvinnuvegina. Nú er það oft svo, að bótaþegar telja trygginguna svo ófullnægjandi, að þeir leita bóta úr hendi atvinnurekenda og fá þá stundum tildæmdar miklu hærri bætur en slysatryggingin veitir. Sumir atvinnurekendur tryggja sig gegn þessari áhættu, en aðrir ekki, og er því oft undir hælinn lagt, hvort hinir tryggðu hafa nokkra möguleika á að fá þessar auknu bætur úr hendi atvinnurekenda, sem vitanlega eru misjafnlega stæðir, og oft mun það hafa komið fyrir, að það hefur verið vitað, að atvinnurekandi væri ekki svo vel stæður, að hugsanlegt væri fyrir hinn slasaða að fá nokkrar verulegar aukabætur úr hendi hans, og það þá jafnvel valdið því, að ekki var einu sinni leitað eftir þeim. Þetta tel ég vera ótækt og þurfa að athuga mjög gaumgæfilega, hvort ekki er unnt að auka tryggingarnar að þessu leyti.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en eins og ég sagði í upphafi, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég lýsti því yfir í heilbr.- og félmn., að ég fyrir mitt leyti vildi stuðla að því, að frv. þetta gæti fengið svo skjóta afgreiðslu hér í þessari hv. d., að það gæti tekið gildi sem lög, áður en annar ársfjórðungur hefst í starfsemi tryggginganna. Augljóst er, að það er haganlegra fyrir starfsemi tryggginganna, og ég tel sjálfsagt að styðja að því. Ég mun því ekki flytja hér langa ræðu. Ég get að miklu leyti látið nægja að skírskota til nál. míns á þskj. 252, sem útbýtt hefur verið hér.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. og nál. allra hluta n. bera með sér, var ekki ágreiningur um það í n. að mæla með því, að frv. næði fram að ganga í aðalatriðum. Það, sem búið er þegar að gera í efnahagsmálunum til skerðingar á kjörum almennings, gerir það að verkum, að fráleitt væri fyrir andstæðing þeirra aðgerða að vera á móti þeim bótahækkunum, sem felast í þessu tryggingafrv., þó að þær séu með göllum og langt frá því að vera það framfaraspor í tryggingamálum, sem stjórnarflokkarnir auglýsa í ræðum sínum og blöðum að þær séu.

Hæstv. félmrh. sagði, ef ég man rétt, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði í þessari þd., að með frv., ef að lögum yrði, væri stigið stærra skref til framfara í tryggingamálum hér en áður hefði gert verið, síðan tryggingalöggjöfin var sett. Mér duttu í hug, þegar hann sagði þetta, hlaupabrautir, sem sjá má á skemmtistöðum erlendis. Fólk hleypur eftir þeim og hleypur allt hvað af tekur, en brautirnar sjálfar ganga aftur á bak með fólkið, svo að því miðar ekkert áfram, hversu hart sem það hleypur. Hér hefur það átt sér stað, að hæstv. ríkisstj. hefur gert efnahagsgrundvöllinn í landinu að slíkri hlaupabraut. Sú braut ber menn aftur á bak til erfiðari lífskjara og fátæktar, og þó að skref séu stigin í áframátt í þessu tryggingamálafrv., miðar ekki fram. Það dregur bara úr ferðinni aftur á bak hjá sumum bótaþegum, — ég segi: hjá sumum.

Þess er getið í aths., sem fylgja þessu frv., að stjórn Hermanns Jónassonar, vinstri stjórnin svonefnda, skipaði n. 1958 til að endurskoða tryggingalöggjöfina. Það gerði hæstv. félmrh. þáverandi. Sú n. gerði till. um hækkun bóta, sem án efa hefðu náð fram að ganga, ef vinstri stjórnin hefði ekki rofnað um það leyti af allt öðrum ástæðum.

Stjórn Emils Jónssonar skipaði einnig n. til að endurskoða annan þátt laganna, þ. e. þáttinn um slysabætur. Sú n. skilaði áliti í nóv. 1959. Báðar þessar nefndir miðuðu tillögur sínar, eins og líka var lagt fyrir þær, við eðlilega þróun tryggingamálanna, við heilbrigð framfaraskref.

Hvað gerir svo hæstv. núv. ríkisstj.? Hæstv. félmrh. sagði, að almannatryggingarnar væru aðalsmerki þjóðarinnar. Hvernig fer hæstv. núv. ríkisstj. með þetta aðalsmerki þjóðar sinnar? Hún misnotar það herfilega. Hún tekur till. n. tveggja, hækkar þær flestar eitthvað

og þó ekki allar, bætir við þær þriggja barna kerfinu og tekur þær svo blátt áfram til sinna þarfa, notar þær sem greiðslur upp í kjaraskerðingu þá, sem hún var búin að brugga almenningi og bótaþegunum auðvitað þar með. Ég skal játa, að hæstv. ríkisstj. var í kröggum, mjög miklum kröggum. Hún hafði fellt gengi krónunnar stórlega, hækkað till. sínar um fjárlög meir en áður eru dæmi til, bætt við innflutningssöluskatt 8.8%, lagt á almennan söluskatt, 3%, hækkað vexti meira en bölsýnustu menn hefðu getað látið sér til hugar koma o. s. frv. Með þessu hafði hún vakið upp dýrtíðardrauga, sem sækja að almenningi úr öllum áttum, setjast að borðum hans og heimta sinn skammt, eins og þjóðsagnadraugarnir sumir gerðu. Og þá greip hæstv. ríkisstj. til aðalsmerkisins, í kröggum sínum. Hún fórnar tillögum nefndanna um eðlilega þróun almannatrygginganna og leggur þær á borð með draugunum heldur en ekki neitt. Hún leggur þær á borð með draugunum, sínum eigin draugum.

Af því að ég ætla að vera stuttorður, tala ég um frv. almennt og tilgang þess og stefnu. Þó vil ég minnast sérstaklega örfáum orðum á fjölskyldubótahækkunina sem dæmi um handahófslega meðferð fjármuna í frv. Þarna er sett á laggirnar kerfi það, sem hlotið hefur að verðugleikum í háði hjá almenningi heitið „þriggja barna kerfið". Hæstv. ríkisstj. vitnar mjög mikið í hækkun fjölskyldubótanna sem mikla tillitssemi við þá, sem þyngsta framfærslu hafi. Þetta mun líka vera sá liður bótahækkananna, sem hæstur er að krónutali. Hins vegar hefur verið sýnt fram á það í ræðu hér í þessari hv. d., að ef Dagsbrúnarmaður missi vegna fjárkreppu þeirrar, sem ríkisstj. er að leiða yfir landið, eftirvinnu þá, sem hann hefur haft síðustu ár, — og það er ekki ólíklegt, að svo geti farið, — þá þyrfti hann að eiga 47 börn til þess að hækkun fjölskyldubótanna hrykki þar til jöfnunar. Svo mikill hákur er dýrtíðardraugur sá við borð Dagsbrúnarmannsins, sem stjórnin hefur þangað sent, og svo ófullnægjandi er það, sem ríkisstj. leggur á borðið með honum. Sannleikurinn er líka sá, að „þriggja barna kerfið" er mjög misheppnað og kemur alls ekki að tilætluðum notum. Það hefði í fyrsta lagi ekki verið nauðsynlegt að veita fullar fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni, en til þess skal nú verja um 100 millj. kr., og í öðru lagi er fráleitt, þegar nota á almannatryggingarnar til að bæta kjaraskerðingu, sem jafnframt er gerð, eins og nú, að hækka fjölskyldubætur nálega eingöngu með því að taka upp fullar bætur fyrir fyrsta og annað barn og auka um helming bætur fyrir þriðja barn. Á þann hátt er ekki lagður grundvöllur að því, að bótahækkunin fari í réttu hlutfalli til þeirra, sem þyngstar byrðarnar bera og harðast verða leiknir af kjaraskerðingaraðgerðunum. Þessar bætur hljóta einmitt í mörgum tilfellum að falla þeim í skaut, sem síður þurfa þeirra með.

Útreikningar hæstv. ríkisstj. og talnafræðinga hennar um áhrif fjölskyldubótahækkunarinnar á hag bótaþega til jafnaðar eru mjög ónákvæmir og villandi, af því að hækkunin verður hlutfallslega mest hjá þeim, sem fæst börnin eiga. Er þarna innan flokks þessara bótaþega því um öfughækkun að ræða, það er um öfughækkun að ræða í þeim flokki. Með hækkun fjölskyldubótanna má því með sanni segja að sé heldur ólánlega klórað í bakkann. Og það mætti kannske orða það svo, að með öfughækkuninni sé rjálað nokkuð óvirðulega við aðalsmerkið eða að hið stóra skref á hlaupabrautinni verði að misstigi þarna.

Það hefur greinilega komið í ljós, að stjórnarfl. vilja í engu taka til greina till. frá stjórnarandstöðumönnum. Þeir fella þær hiklaust, hvernig sem þær eru. Það sýndi sig t. d. ákaflega greinilega við afgreiðslu fjárlaga í gær. Það mátti ekkert í gegn komast, hversu sanngjarnt sem það var og hversu lítils sem það mundi hafa orkað til breytinga á niðurstöður fjárlaganna.

Ekki skal ég fullyrða, hvort þetta tillögudráp stjórnarflokkanna hjá andstöðuflokkunum stafar af því, að eining andans í bandi friðarins sé svo fullkomin hjá þessum fyrrum innilega andstæðu flokkum, nema hitt sé þá, að þeir séu svo harðlega agaðir til samstöðu og reyrðir saman, að niðurstaðan verði þessi. En þetta eru staðreyndir, og frá því að ég tók sæti á Alþingi, — það er að vísu ekki langt síðan, um 10 ár, — þá hef ég ekki kynnzt svo tillitslausri meirihlutaframkomu. En þegar litið er á það, að þetta eru staðreyndir, þá sé ég ekki ástæðu til annars en taka tillit til þeirra á þann hátt, þegar um mál er að ræða eins og þetta, sem ég vil alls ekki tefja, að flytja þá ekki við það brtt., sem gætu orðið til verulegrar tafar eða hindrað það, að frv. kæmist fram á þeim eðlilega tíma, sem ég nefndi áðan. Þó hef ég leyft mér samkvæmt nál. að bera fram eina brtt., og einnig hef ég gerzt meðflytjandi að annarri till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) mun gera grein fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess áðan, að eitt af því, sem þyrfti að endurskoða í sambandi við löggjöf um almannatryggingar, væri skipting landsins í verðlagssvæði. Ég er þeirrar skoðunar líka. Ég hygg, að að því muni draga, að landið verði gert að einu verðlagssvæði. Hins vegar er það staðreynd, eins og hann líka gat um, að menn greinir á um þetta, og 1956, þegar fsp. voru gerðar til sveitarfélaga, þá voru mörg sveitarfélög andstæð því að gera landið að einu verðlagssvæði, og þess vegna hygg ég líka, að á því geti orðið dráttur, að það verði framkvæmt, þó að fyrir liggi endurskoðun í þessu efni. Og engin trygging er heldur fyrir því, hve endurskoðuninni verði fljótt lokið. Hins vegar er það vitað mál, að til eru sveitarfélög á 2. verðlagssvæði, sem hafa áhuga á því að komast inn á 1. verðlagssvæði. Í 10. gr. tryggingalaganna er ákvæði, sem heimilar

það, að sveitarfélög séu færð á milli verðlagssvæða. En sá annmarki er á í þessu sambandi, að þau sveitarfélög, sem eru innan tryggingarsvæðis, sem fleiri sveitarfélög eru á, þurfa að sækja um upptöku og hafa það á móti sér, að ef þau fái inngöngu á 1. verðlagssvæði, þá hækka gjöld vitanlega, og þau eiga ekki að borga þau gjöld sérstaklega, heldur er þeim jafnað niður á allt tryggingarumdæmið, öll sveitarfélög í tryggingarumdæminu, og það veldur vitanlega óánægju innan tryggingarumdæmisins, ef þar er ekki samstaða um það, að öll sveitarfélögin samtímis sæki um upptökuna, og stjórn tryggingarmálanna hikar við að heimila tilfærslu milli verðlagssvæða, ef af henni leiðir slíka óánægju.

Hins vegar virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að heil tryggingarsvæði gætu sótt um færslu milli verðlagssvæða, en þá þurfa bara að vera samtök um það, og ef um sýslu er að ræða, þá þarf sýslunefnd að beita sér fyrir því, og ef um bæ er að ræða, sem er nú eitt tryggingarumdæmi, þá er bæjarstjórnin hinn rétti aðili.

Nú er ekki ákvæði um þetta í l. Það er aðeins heimild, eins og ég gat um áðan, að veita sveitarfélögunum upptöku. Það mundi verða heimild til þess líka að veita öllum sveitarfélögum tryggingarumdæmis upptöku, en ég tel eðlilegt, að það væri skylt að gera það, og um það flyt ég tillögu. Ég vil, að löggjöfin sé þannig, eins og hún hefur í raun og veru átt að vera, að það sé í sjálfsvald sett sveitarfélögunum, á hvoru verðlagssvæðinu þau vilja starfa. Og till. mín er í samræmi við það. Ég legg til, að framan við 2. gr. frv., sem fjallar um efni 10. gr., komi þessi viðbót: „Aftan við 1. mgr. 10. gr. l. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Skylt er að færa tryggingarumdæmi milli verðlagssvæða, komi fram um það ákveðnar óskir frá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.“ Þá yrði löggjöfin á þá leið, að það væri heimilt að flytja sveitarfélögin, ef ekki fyndust á því sérstakir annmarkar, en það væri skylt að færa tryggingarumdæmin. Og þetta tel ég vera til bóta, þangað til þá að landið yrði gert að einu verðlagssvæði.

Eins og ég tók fram í upphafi, þá er ég því meðmæltur, að frv. verði samþykkt. Ég er óánægður með ýmislegt í frv. og hef bent á það. Ég flyt ekki um það brtt., vegna þess að það virðist ekki hafa neina þýðingu fyrir stjórnarandstöðuna að flytja brtt., svo að máli skipti a. m. k. En ég geri aðeins þessa einu brtt., sem er til lagfæringar og mér finnst að allir ættu að geta fallizt á. Hún er enn eitt próf á því, hvað stjórnarandstaðan er tillitssöm. Þetta ætti ekki að tefja málið teljandi, þó að það þyrfti að fara til Nd., þar sem um breyt. er að ræða, sem er jafneinföld og óumdeilanleg og þessi breyt., sem ég legg til að verði gerð.

Svo er ég einnig stuðningsmaður, annar meðflutningsmaður annarrar till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. mun gera grein fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls talaði ég um frv. í heild og gerði ýmsar athugasemdir, einkum um undirbúning þann, sem fram hefði farið í sambandi við samningu frv., og ágalla á þeim undirbúningi. Ég mun nú aðallega ræða um einstök atriði og þá sérstaklega í sambandi við brtt., sem ég flyt á þskj. 255.

Hv. heilbr.- og félmn. hafði þetta mál til athugunar. Hún ræddi það á tveim fundum og hafði mjög stuttan tíma til athugunar málsins. Það er kunnugt, að það er á eftir rekið um afgreiðslu málsins hér í hv. d. og að frv. þarf að vera orðið að lögum nú fyrir mánaðamótin.

Hv. heilbr.- og félmn. var sammála um það tvennt að flýta afgreiðslu frv. og að afgreiða það í heild jákvætt. Meiri hl. n. vill láta samþ. frv. óbreytt, en 1. og 2. minni hl. hafa að vísu lýst yfir fylgi sínu við aðalefni frv., en það er um hækkun bóta almannatrygginga, en telja hins vegar, að ýmislegt í frv. mætti betur fara.

Ég vil þá snúa mér að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 255, og fara örfáum orðum um hverja þeirra.

1. till. er við 2. gr. frv. og er þess efnis, að 10. gr. l. verði felld úr gildi, en sú gr. fjallar um skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði. Þessi skipting landsins í tvö verðlagssvæði er áreiðanlega orðin úrelt nú. Hafi hún nokkru sinni átt rétt á sér, þá á hún það ekki lengur. Tekjur manna um landið allt hafa jafnazt mjög á síðustu árum og verðlag hefur farið í það horf að verða einnig jafnara um landið. Þess vegna er það tímabært — og raunar fyrir löngu — að fella þessa 10. gr. l. í burtu, afnema þessa skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði. Hv. 3. þm. Vestf. (KJJ) minntist á þetta mál áðan og virtist vera alveg sömu skoðunar, þótt hann hins vegar óskaði að bíða enn um stund með framkvæmdir.

2. till. gerir ráð fyrir breyt. á 3. gr. frv., en þar ræðir um 13. gr. l. Í þessari till. er gert ráð fyrir, að ellilífeyrir sé ákveðinn fyrir hjón eins og um tvo einstaklinga væri að ræða, að hjónalífeyrir verði með öðrum orðum afnuminn.

Í frv. er gert ráð fyrir, að einstaklingar fái í ellilífeyri 14400 kr., og mundu þá hjón samkv. till. minni fá þá upphæð hvort um sig, eða saman 28800 kr., í stað 25920 kr., eins og frv. ætlar hjónum. Munurinn er þannig ekki geysimikill og kostnaðarauki trygginganna þar af leiðandi ekki að mínum dómi tilfinnanlegur. Hins vegar lít ég á þetta sem mikið réttlætismál og nauðsynjamál gamalla hjóna, sem dveljast saman. Nú þegar er ákvæði um það í tryggingalögunum, að ef hjón eru ekki samvistum, þá megi greiða þeim einstaklingslífeyri hvoru um sig. Að sjálfsögðu er þetta ekki óalgengt í lífinu, þar sem títt er, að annað hjóna fyrir sjúkleika sakir eða ellihrumleika verði að dveljast á stofnun, en hitt í heimahúsi, og því er till. mín aðeins lítið spor til

fullrar leiðréttingar á því, sem ég tel vera óréttlátt í þessu efni gagnvart öldruðum hjónum.

3. till. mín er um nýja grein, sem skotið verði inn í frv., og á sú grein að fjalla um breyt. á 14. gr. tryggingalaganna. 14. gr. ræðir um rétt til örorkulífeyris. Þann rétt hafa nú aðeins þeir, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn 1/4 þess, sem heilbrigðir menn gera. Þó er Tryggingastofnuninni heimilað að verja nokkurri fjárhæð til styrktar þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Með þessum ákvæðum er átt við menn, sem orðið hafa öryrkjar af völdum sjúkdóma, og verður örorka þeirra sem sagt að vera yfir 75%, til þess að þeir eigi skýlausan rétt á lífeyri. En sé hins vegar um örorku að ræða, sem hlotizt hefur af slysi, gegnir öðru máli. Þá á öryrkinn jafnskýlausan rétt á lífeyri, ef örorkan er 50% eða meira, sbr. 37. gr. laganna. Í minni till. er gert ráð fyrir, að þessari mismunun milli öryrkja vegna sjúkdóma og öryrkja vegna slysa verði hætt og að allir öryrkjar fái að sitja við sama borð hvað þetta snertir, að örorka af völdum sjúkdóms verði bætt á sama hátt og örorka af völdum slyss. Ég tel réttlátt, að sömu ákvæði gildi í báðum tilvikum, og rétt, að þau ákvæði, sem nú gilda um örorku vegna slyss, verði látin gilda almennt um örorkubætur. Þetta og annað ekki felst í 3. till. minni.

4. till. snertir 5. gr. frv. og 16. gr. l., um fjölskyldubætur. Er efni till. það, að greiddar verði fjölskyldubætur með öllum börnum undantekningarlaust í fjölskyldu, einnig þótt þau eigi framfærsluskyldan föður utan hennar, og er sérstaklega fram tekið í till., að börn örorku- og ellilífeyrisþega eigi sömuleiðis rétt á fullum fjölskyldubótum.

Eins og nú er í tryggingalögum, eru takmarkanir í þessu efni. Það er sérstök ástæða til að benda á þá mismunun, sem hér á sér stað, og leggja til, að hún sé afnumin, einmitt vegna þeirra breyt. á fjölskyldubótum, sem nú eru gerðar, og vegna þeirra ástæðna, sem liggja að baki þeim breytingum. En fjölskyldubæturnar eru í því formi, sem þeim er ætlað að verða af hæstv. ríkisstj., skoðaðar sem uppbætur vegna aukinnar dýrtíðar, vegna kjaraskerðingar af hennar völdum. Og sem slíkar uppbætur virðist aðeins sanngjarnt, að þær nái til allra barna jafnt og þar sé ekki gerður neinn munur á. Það mun víða mikill áhugi fyrir því, einkum í kvennasamtökum, að slík leiðrétting fáist nú á lögunum. Til hins háa Alþingis hefur borizt erindi, er snertir þetta efni, frá mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Er þar um að ræða tillögu samþykkta á fundi mæðrastyrksnefndar 17. marz 1960, og mun sú till. hafa verið samþykkt á þeim fundi samhljóða. En till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur vill vekja athygli á því, að samkv. frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, muni konur, sem taka mæðralaun, ellilog örorkulífeyrisþegar, sem njóta barnalífeyris, svo og þeir, sem njóta endurkræfs barnalífeyris, ekki fá fjölskyldubætur. Fer mæðrastyrksnefnd þess á leit við hið háa Alþingi, að við afgreiðslu frv. verði þessu breytt og burt numin útilokunarákvæði tryggingalaganna gagnvart fjölskyldubótum, þannig að það sé tryggt, að fjölskyldubætur verði greiddar vegna allra barna innan 16 ára aldurs."

Þessari samþykkt mæðrastyrksnefndar fylgir grg., sem ég vil einnig lesa upp hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Til skýringar á samþykkt mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur frá 17. marz, sem fylgir hér með, viljum við undirritaðar nefndarkonur taka fram:

Fjölskyldubætur, eins og fyrirhugað er að greiða þær samkv. stjórnarfrv. til breytinga á tryggingalöggjöfinni, sem nú liggur fyrir Alþ., hljóta fyrst og fremst að skoðast sem bætur fyrir þær efnahagslegu byrðar, sem leiðir af ráðstöfunum þeim, er verið er að gera í efnahagsmálum þjóðarinnar. Virðist því öll sanngirni mæla með, að þessar bætur falli jafnt í hlut allra, sem hafa börn á framfæri. En samkv. núgildandi lögum og frv., sem hér um ræðir, munu þeir bótaþegar, sem í samþykkt mæðrastyrksnefndar eru upp taldir, ekki verða þeirra aðnjótandi. Koma þar til útilokunarákvæðin í V. kafla tryggingalaganna gegn því, að taka megi tvöfaldar bætur. Þegar það er athugað, að greiðslur trygginganna til þeirra bótaþega, sem hér ræðir um, eru háðar tekjuhámarki að undanteknum endurkræfum barnalífeyri, þannig að sé einhver sannanlega vel settur fjárhagslega, fær hann ekki þessar bótagreiðslur, er ljóst, að hér er einungis um að ræða fólk, sem hefur erfiðari aðstöðu en aðrir til þess að sjá sér og sínum farborða fjárhagslega. Það er þess vegna brýn nauðsyn, að ákvæði tryggingalaganna gegn tvennum bótum verði ekki látið útiloka þetta fólk frá fjölskyldubótum. Um endurkræfan barnalífeyri er það að segja, að hann er framlag föðurins til framfærslu barnsins og getur undir engum kringumstæðum talizt bætur frá tryggingunum, enda þótt Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu hans til mæðranna. Vegna stjúpbarna, sem eiga föður á lífi, eru því alls engar bætur greiddar frá tryggingunum í einni eða annarri mynd. Þessi sjónarmið væntum við, að hv. alþm. muni athuga og taka til greina."

Undir þessa grg. rita þessar nefndarkonur: Margrét Sigurðardóttir, Margrét Auðunsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Unnur Skúladóttir, Helga Rafnsdóttir.

Þannig líta þessi kvennasamtök á þetta mál, og efast ég ekki um, að flest eða öll kvennasamtök í landinu muni hafa svipaða skoðun á þessum málum.

5. till. á þskj. 255 er um breyt. á 6. gr. frv. eða 17. gr. l. Hún er um barnalífeyri. Er í till. ráðgert, að barnalífeyrir skuli greiddur með börnum, ef faðirinn eða móðirin er látin. Hér er það eitt nýmæli, að lífeyrir skuli greidd-

ur með börnum, sem mist hafa móður sína, þótt raunar sé í l. heimild til að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða. Í till. er því ekki um annað að ræða en það, að heimild í l. verði gerð að skyldu, að tryggingum verði skylt að greiða ekkli barnalífeyri með börnum hans.

6. till. varðar 7. gr. frv. eða 18. gr. laganna og er um mæðralaun. Í þessari till. er það eitt nýtt, að afnumin er heimild Tryggingastofnunarinnar til að lækka mæðralaun eða láta þau falla niður. Í 3. mgr. 18. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingastofnuninni er heimilt að lækka mæðralaunin eða láta þau falla niður, ef efnahagsástæður móðurinnar eru svo góðar, að hún þurfi þeirra ekki með.“

Fer till. fram á, að þessu ákvæði verði sleppt úr l. eftirleiðis, og þarf ég ekki að hafa mörg orð um þetta atriði. Þetta er sanngirnismál, að móðir fái laun og að engar hömlur verði lagðar á það eða heimild veitt til að fella slíkt niður.

7. till. er um, að 22. gr. l. verði numin úr gildi, en hún fjallar um hin frægu skerðingarákvæði, sem í fyrstu áttu aðeins að standa í nokkur ár, á meðan tryggingarnar væru að fóta sig, en hafa illu heilli haldizt allt fram á þennan dag, og virðist ætlunin, að svo verði áfram. Í sambandi við þessa till. mína um að fella niður 22. gr. l. vildi ég aðeins taka undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um þetta efni nú áðan í ræðu sinni. Skildist mér á honum, að hann teldi, að skerðingarákvæðin ættu að nemast úr gildi eða meginefni þeirra, og vil ég taka undir þau ummæli. Aðeins er ég honum ósammála í einu, og það er, að hann vill draga að gera það, sem hann telur rétt vera, en það vil ég ekki.

8. till. er við 10. gr. frv., það er 23. gr. l. Í þessari 23. gr. er heimild til að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki aflögufæran framfæranda á lífi. Uppbót þessa má aðeins greiða þeim, sem þurfa sérstakrar umönnunar sökum veikinda, dveljast á elliheimili eða sjúkrahúsi eða eru einstæðingar. Nýmælið í minni till. er það eitt, að ef örorkulífeyrisþegi stundi námi meira en 6 mánuði á ári, þá beri honum að fá tvöfaldar örorkubætur. Þetta er sem sagt viðbót eða innskot inn í lagagreinina. Það mun hafa verið svo, að Tryggingastofnunin um nokkurt skeið hafi greitt með námsmönnum úr hópi öryrkja á þennan hátt, tvöfaldað örorkubætur þeirra, á meðan þeir stunduðu nám, sem síðan átti að gera þeim fært að verða meira eða minna sjálfbjarga. Þetta tel ég mjög lofsvert og til fyrirmyndar og vildi með till. minni aðeins undirstrika viðurkenningu löggjafans á þessu atriði með því að fá þetta lögfest.

9. till. snertir 16. gr. frv. eða 36. gr. l., 3. mgr., og er þess efnis, að niður falli orðin „allt að þrem“ í niðurlagi mgr. Mgr. fjallar um slysadagpeninga, og segir þar, að ákveðin upphæð, 3.50 í l., 8 kr. í frv., skuli greidd fyrir hvert barn allt að þrem. Þessi takmörkun hefur máske alltaf verið óréttlát, en hún verður það sérstaklega nú, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Það er sem sé beint samband á milli þessarar skerðingar og þess, sem er nú í l., að fjölskyldubætur skuli ekki greiddar með fyrsta og öðru barni. Þegar farið verður að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum í fjölskyldu, þá verður þetta ákvæði mjög ranglátt og mjög barnmörgum fjölskyldum í óhag. Það er blátt áfram verið að skara eld að köku hinna barnfáu fjölskyldna með þeirri tilhögun á kostnað þeirra barnmörgu. Það er því sjálfsagt, um leið og farið er að greiða fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni í fjölskyldu, að þetta verði fellt niður úr 36. gr. l. og sömuleiðis úr 53. gr. l., en þar gildir sama ákvæði um greiðslu sjúkradagpeninga.

10. till. mín fjallar um 18. gr. frv. og er á þann veg, að greinin falli í burtu. Þessi grein í frv. er svo hljóðandi:

„Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík, er ráðh. heimilt að fengnum tillögum tryggingaráðs að breyta dagpeningum samkv. 36. gr. og eingreiðslum samkv. 38. gr. í samræmi við það.“

Ég legg til, að þetta verði fellt burt úr frv., vegna þess að í till., sem ég síðar kem að, er gert ráð fyrir, að full vísitala verði greidd á allar bætur almannatrygginganna, og þarf ég því ekki að hafa um hana fleiri orð.

11. till. mín er við 20. gr. frv., þ. e. a. s. 53. gr. l., 4. mgr., um sjúkradagpeninga. Í frv. er gert ráð fyrir sem lágmarki, að einhleypingar fái 24 kr. á dag í sjúkradagpeninga, kvæntur karl eða gift kona 30 kr. og fyrir hvert barn allt að þrem skuli greiddar 6 kr. En þessar upphæðir eru, svo ótrúlegt sem það hljómar, lægri en sömu lágmarksupphæðir nú gerast. En þær eru nú 30.18 kr., 24.14 kr. og 6.03 kr., og þær eru verulega lægri en greitt er í Reykjavík, eins og ég benti á við 1. umr. Forstjóri Tryggingastofnunarinnar mætti á öðrum fundi heilbr.- og félmn. í gærmorgun. Þar staðfesti hann þennan ótrúlega hlut, að í stað hækkunar á bótum er hér um að ræða lækkun á bótum í frv. hæstv. ríkisstj. Því miður gerðu hv. meirihlutamenn í n. ekki annað en yppta öxlum við þessu og fengust ekki til að flytja um það brtt. Þykir mér leitt að þurfa að segja frá því, því að ég tel þeim það ekki til sóma. Eins og ég benti á við 1. umr., hef ég orðið var við það, að erfitt er að lagfæra skekkjur, þótt augljósar séu, en ég hélt þó ekki, að svona langt yrði gengið. Hv. 3. þm. Vestf., frsm. meiri hl., tók það fram, að hér væri um lágmarksupphæðir að ræða. Það er rétt. Það er nú um lágmarksupphæðir að ræða, eins og alltaf hefur verið. Á því er engin breyting. En staðreyndin er þessi, að bæturnar verða lægri eftir samþykkt frv. en fyrir hana. Hann vildi hugga sjálfan sig og hv. þdm. með því, að væntanlega mundu einstök sjúkrasamlög bæta hér úr skyssu hæstv. ríkisstj. með því að hækka

sjúkradagpeninga meira en þeim ber skylda til. Ég vona, að svo verði. En það er ekki að þakka og verður ekki að þakka, hvorki hæstv. ríkisstj. né hv. alþm., og þótt sjúkrasamlögin kunni að hækka eitthvað sjúkradagpeningana, þá er það engin afsökun fyrir hið háa Alþ. að lækka lágmarkið. Ég flyt sem sagt í 11. brtt. minni ákvæði um, að úr þessu verði bætt og sjúkradagpeningar verði hækkaðir til samræmis við aðrar hækkanir í frv. og þó tæplega það. Í till. er gert ráð fyrir, að sjúkradagpeningar verði 30 kr. á dag fyrir einhleypa, 34 kr. fyrir kvæntan karl eða gifta konu og 7 kr. fyrir hvert barn á framfæri. Þetta er það lægsta, sem ég tel að hægt sé að bjóða nú, þegar verið er að hækka allar bætur.

12. og næstsíðasta till. mín er um nýja grein í frv., þess efnis, að ákvæði í 59. gr. l. um, að Tryggingastofnunin megi greiða algerlega tekjulausum bótaþegum, sem dveljast á stofnun, allt að 10% lágmarksbóta, skuli breytt úr heimild í skyldu. Annað fer þessi till. ekki fram á. En mikil sanngirni er í því, að tekjulausir og efnalausir bótaþegar fái einhverja peninga til eigin ráðstöfunar, ef þeir dveljast á sjúkrahúsum langtímum saman eða öðrum stofnunum, enda hefur stefnan farið í þá átt hjá Tryggingastofnuninni að verða við þessu. En nú er með minni till. sporið stigið til fulls, ef hún yrði samþ.

13. og síðasta till. varðar 71. gr. l. og er um breyt. þess efnis, að allar bótagreiðslufjárhæðir l. séu grunnupphæðir, sem greiða beri verðlagsuppbætur á samkv. visitölu framfærslukostnaðar. Í þessu sambandi vildi ég minna hv. þdm. á það, að upphæð bóta, eins og þær eru ákveðnar í frv. hæstv. ríkisstj., er miðuð við það verðlag í landinu, sem verið hefur að undanförnu. Að vísu höfum við heyrt það frá talsmönnum hæstv. ríkisstj., að hún hafi reiknað með aukinni dýrtíð, þegar bæturnar voru hækkaðar í frv. En þetta er ekki rétt nema að örlitlu leyti. Ég skal benda á það, að í þrem aðalköflum tryggingalaganna, köflunum um lífeyristryggingu, slysatryggingu og sjúkratryggingu, er þetta sannleikur hvað snertir lífeyristryggingarnar. Á síðasta ári vann nefnd að því að gera till. um hækkun bóta lífeyristryggingakaflans. Ofan á þær till. hefur verið lögð 20% hækkun vegna væntanlegrar vaxandi dýrtíðar. Á síðasta ári starfaði einnig n. að tillögugerð um hækkun slysatryggingabóta. Ofan á till. þeirrar n. hefur engin hækkun verið lögð til þess að mæta vaxandi dýrtíð. Um kaflann sjúkratryggingar hefur engin nefnd fjallað yfirleitt og þess vegna engar hækkunartillögur komið og alls engin prósentuhækkun á lögð af hálfu hæstv. stjórnarvalda. Í heild sinni verður útkoman sú, að ómögulegt er að líta á þetta frv. öðruvísi en sem hæfilegt, sé miðað við tímana eins og þeir hafa verið nú að undanförnu hvað verðlag snertir. Fjölskyldubætur tala ég ekki um í þessu sambandi. Þær eru dálítið utan við tryggingalögin að mínum dómi, góðar og gildar að vísu. En hvað snertir sjálf ákvæði tryggingalaganna að öðru leyti, þá er ekki gert ráð fyrir stórfelldri hækkun verðlags í landinu með þessu frv. Ég mundi telja að flestu leyti vel gert af hæstv. ríkisstj. að fá þetta frv. samþykkt í þeirri mynd, sem það er, ef gert væri ráð fyrir því, að engar skerðingar á bótunum skyldu nú eftirleiðis eiga sér stað. En til þess að svo verði, þarf að verðtryggja bæturnar, það þarf að vísitölutryggja bæturnar. Annars er allur vinningurinn, öll leiðréttingin á gömlu ranglæti unnin fyrir gig, því að það er öllum mönnum ljóst í þessu landi, að gífurleg dýrtíðaraukning stendur nú fyrir dyrum. Ég vil næstum því kveða svo rammt að orði, að ef ekki fæst þessi leiðrétting á frv. um vísitölutryggingu bótanna, þá tel ég að verulegu leyti allt unnið fyrir gíg og a. m. k. ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að hrósa sér af, því að það fer allt í sama gamla farveginn og áður, fyrr en varir.

Við skulum minnast þess, að þótt vísitala sé afnumin í sambandi við greiðslu launa, þá er vísitala enn í fullu gildi í ýmsum öðrum greinum. Sparifé er vísitölutryggt að nokkrum hluta, verðbréf ýmiss konar eru vísitölutryggð, fé lánað gegn vísitölutryggingu o. s. frv. Það er ekkert í löggjöf, sem mælir gegn því að vísitölutryggja bætur bótaþega almannatrygginganna. Það eru ekki vinnulaun. Þess vegna tel ég ekki neina frágangssök fyrir hv. stjórnarsinna á Alþingi að greiða till. sem slíkri atkv.

Ég vil að síðustu aðeins láta í ljós ánægju mína yfir mörgu af því, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði í ræðu sinni áðan. Hann viðurkenndi, að lögin um almannatryggingar séu ekki komin í æskilegt horf enn sem komið er. Hann talaði einnig um nokkurt misræmi í sambandi við lögin. Hann sagði, að flestar bætur væru nú hækkaðar í frv., — hann sagði flestar, af því að hann veit, að það eru ekki allar. Hann sagði, að skipting landsins í verðlagssvæði ætti engan rétt á sér, hefði ekki átt um langan tíma. Hann sagðist vera hlynntur því, að börn, sem eiga framfærsluskyldan föður utan heimilis, fengju einnig fjölskyldubætur. Í öllum þessum atriðum er ég honum sammála. En það er eitt, sem mér líkar ekki hjá þessum hv. þdm., og það er þetta: Ef hann sér þessa ágalla á löggjöfinni og hefur séð suma þeirra um áraskeið, hvers vegna vinnur hann ekki að því nú, þegar þetta mál er hvort sem er til meðferðar á hinu háa Alþingi, að koma því fram, sem hann telur rétt? Ég reyni ekki að slá mig til riddara, þó að ég segi, að það eina, sem virðist skilja okkur að, er það, að ég vil reyna að koma því fram, sem ég tel vera rétt, en hann vill fresta að koma því fram, sem hann þó telur rétt.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Afbrigði um brtt. 261, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni ræða almennt það frv., sem hér liggur fyrir, enda hefur hv. 9. þm. Reykv. gert svo glögga grein fyrir afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna almennt til þess, að ég hef ekki við það að bæta að svo komnu máli. Ég vildi hins vegar með örfáum orðum gera grein fyrir brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 261 ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e.

Þessi till. er á þá lund, að ákvæði um bótafjárhæðir samkv. 17. gr., þ. e. a. s. dánarbætur, verki aftur fyrir sig um eitt ár og nái til þeirra, sem fyrir því urðu að missa fyrirvinnu sína í slysförum á því ári. Þessi brtt. er flutt með sérstöku tilliti til banaslysa sjómanna, sem fórust á s. l. ári, en voru ekki lögskráðir, þar sem skip þeirra voru minni er 12 lestir að stærð, og í þeim tilgangi að heimila Tryggingastofnuninni að eiga þátt í því hjálparstarfi, sem unnið hefur verið til þess að létta þeim, sem um sárast eiga að binda af völdum þessara slysa, lífsbaráttuna, um leið og mikið misrétti er leiðrétt.

Meginbreytingin, sem nú er ráðgerð á dánarbótum, er sú, að nú er fyrirhugað, að þær verði hinar sömu fyrir alla, sem farast af slysförum við vinnu, en fram til þessa hafa sérákvæði gilt um lögskráða sjómenn og bætur vegna banaslysa þeirra verið stórum hærri en annarra. Vissulega er það rétt, sem segir í grg. með frv., að ekki verði séð, að nein skynsamleg ástæða sé fyrir því að mismuna um dánarbætur eftir tegundum vinnu, eins og gert hefur verið. Áfall konu og barna þeirra, sem missa fyrirvinnu sína, er vissulega hið sama, hvert starf sem hinn látni vann. Enn fjær lagi hefur þó sú skipan verið að gera mun á dánarbótum og hann mikinn milli manna í sömu starfsgrein, en til þessa hafa dánarbætur eftir lögskráða sjómenn verið meira en fjórum sinnum hærri en eftir þann sjómann, sem var ekki lögskráður, þ. e. a. s. sem stundaði starf sitt á báti eða skipi minni en 12 lestir, en á báta af þeirri stærð er ekki aðeins leyfilegt að skrá ekki, heldur bannað að lögskrá á slík skip.

Á s. l. ári varð m. a. það hörmulega slys hinn 21. okt., að vélbáturinn Maí frá Húsavík fórst í fiskiróðri og með honum tveir ungir og vaskir sjómenn, er láta eftir sig konur og börn á unga aldri. Á þennan bát var ekki lögskráð, þar sem hann var aðeins 8 lestir að stærð. Einn eða tveir sjómenn aðrir en þeir, sem fórust með vélbátnum Maí, munu og hafa farizt á s. l. ári af minni bát en 12 lesta. Ég veit, að það stríðir þvert á móti réttlætisvitund allra Íslendinga, að konur og börn skipverjanna af Maí og annarra, sem eins var ástatt um, gjaldi þess fjárhagslega, að farkosturinn, sem hinir látnu sigldu á í hina hinztu för, var einni eða tveimur lestum minni en svo, að heimilt væri að lögskrá á hann og tryggja þannig skipverja á sama hátt og sjómenn af stærri skipum, og sama gildir að sjálfsögðu um önnur hliðstæð tilvik.

Það má ef til vill segja, að orkað geti tvímælis, að hve miklu leyti sé unnt að láta ný ákvæði, eins og þau sem hér er ráðgert að lögfesta, verka aftur í tímann. Ég held þó, að engir örðugleikar geti talizt á því, að sú leiðrétting á dánarbótum, sem hér ræðir um, gildi fyrir næstliðið ár. Hér er ekki um neinar þær fjárhæðir að ræða, sem nokkru skipta tryggingarnar í heild, þótt þær geti skipt miklu fyrir nokkrar fyrirvinnulausar fjölskyldur. Hér er heldur alls ekki um fordæmalaus ákvæði að ræða. Í því sambandi minni ég á, að síðast þegar dánarbætur sjómanna voru hækkaðar með l. nr. 27 1959, voru hækkunarákvæðin látin verka aftur í tímann með sérstöku tilliti til þess mikla slyss, er öllum var þá ofarlega í huga, þ. e. a. s. þegar botnvörpungurinn Júní fórst og með honum þrír tugir manna. Um þá sjálfsögðu ráðstöfun voru allir sammála. Og mér er líka nær að halda, að hefði þá verið hugleitt, hvert ranglæti hefur verið gildandi um dánarbætur þeirra sjómanna, sem störf sín stunda á smærri bátum, þá hefði það þá þegar verið leiðrétt.

Ég tel ekki þörf á því að fara fleiri orðum um þessa brtt., svo auðskilið mál sem hér er um að ræða, enda er ég þess fullviss, að hv. d. muni fúslega fallast á hana, enda er henni á engan hátt blandað inn í þær deilur, sem óhjákvæmilega hljóta hér fram að fara um margvísleg atriði varðandi þetta frv. í heild sinni.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Viðvíkjandi þeirri till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) var að tala fyrir hér áðan, þá vil ég aðeins geta þess, að þessi till. var rædd við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, sem lagði frekar á móti því, að hún væri samþ. Hann sagði að vísu, að það gæti náttúrlega alltaf verið álitamál, hvenær ætti að láta svona ákvæði öðlast gildi, einhvern tíma yrði að skera yfir og gera mun á, það væri ekki hægt að láta svona lög verka langan tíma aftur í tímann, og lét þess getið um leið, að það hefði alltaf verið leitazt við að hjálpa þessu fólki, sem líkt stendur á um eins og þá, sem hv. þm. talaði þarna um, eftir öðrum leiðum, þar sem ekki var hægt að hjálpa þeim að fullu með dánarbótum, eins og þær hafa verið mestar á hverjum tíma.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um brtt. hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) á þskj. 252. Það var rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm., að það geta verið nokkrir annmarkar á því að færa tryggingarumdæmi á milli verðlagssvæða. En ég vil þó leggja áherzlu á það, að ég minnist þess ekki, og ég hygg, að það hafi ekki komið fyrir, að slíkri beiðni hafi verið synjað. Það kom að vísu fram í upplýsingum, sem forstjóri Tryggingastofnunarinnar gaf n., þegar hann var á fundi með henni, að það gæti orsakað nokkurn ójöfnuð milli sveitarfélaga innan sama tryggingarumdæmis, ef eitt þeirra og kannske það stærsta færi fram á að

vera flutt á milli. En hann taldi, að þá mundi Tryggingastofnunin ekki synja um flutninginn á milli verðlagssvæða, heldur mundi stofnunin reyna að beita sér fyrir því, að öll sveitarfélögin á tryggingarsvæðinu flyttust samtímis á milli.

Í öðru lagi tel ég víst, að breyt. á verðlagssvæðunum, þ. e. a. s. niðurfelling þess að skipta landinu í verðlagssvæði, verði samþykkt við þá endurskoðun, sem fram mun fara á þessum lögum fyrir næsta þing, og er þá enn minni ástæða til að vera að breyta þessu.

Um brtt. hv. 9. þm. Reykv. (AGl) vil ég aðeins segja það, að ég tel víst, að það mál muni verða tekið til athugunar við væntanlega endurskoðun. Við hv. 9. þm. Reykv. erum sammála um margar breytingar, sem æskilegar eru á lögunum. Hitt erum við ósammála um, hvort lögfesta eigi þegar í stað allt, sem okkur getur dottið í hug að kynni að vera til bóta, eins og hann vill gera, eða hugsa málið og rannsaka það niður í kjölinn, áður en endanlega er frá því gengið, eins og ég vil gera. Ég er ekki í neinum vafa um það, að vegna hinna tryggðu er betra, að breytingar séu svo vel undirbúnar, að líkur sé til, að þær standist dóm reynslunnar. Því miður hefur hitt komið fyrir bæði hér á landi og erlendis, að menn hafa flýtt sér einum of mikið í þessu efni og því neyðzt til að fara aftur á bak aftur. Ég vona, að til þess komi ekki um þær miklu kjarabætur, sem nú er verið að lögfesta, og vil a. m. k. gera mitt til að undirbúa svo vel næsta áfanga, að ekki komi heldur til þess um hann.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það er nú búið að segja svo margt hér í hv. Alþingi í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, að það er tæpast ástæða til þess að lengja þær umr. mikið. Frv. hefur af hálfu stjórnarandstæðinga verið rætt á ýmsan veg í sambandi við efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta og ýmsar fullyrðingar flotið þar með.

Við 1. umr. hér í þessari hv. þd. hjó ég eftir einu atriði í ræðu hv. 9. þm. Reykv. (AGl). Hann sagði þar eitthvað á þá leið, að ríkisstj., sem styddist við eins veikan meiri hluta og hæstv. núv. ríkisstj., ætti ekki að ráðast í svo róttækar aðgerðir sem nú væri verið að gera. Og grunntónninn í þessum kafla í ræðu hv. þm. var eitthvað á þá leið, að slík ríkisstj. ætti ekki að gera annað en það, sem hún fyrir fram vissi að ekki yrði óvinsælt með almenningi. Hitt átti ekki að vera leiðarljós ríkisstj., að gera það, sem hún teldi rétt og óhjákvæmilegt, jafnvel þótt ekki væri líklegt til vinsælda.

Þá var það annað, að hér á hv. Alþingi hefur mjög verið fjargviðrazt yfir því, að nú eigi að greiða fjölskyldubætur strax með fyrsta barni. Hins vegar hefur gengið hér barlómurinn út af þeim árásum, sem með efnahagsráðstöfununum sé verið að gera á kjör unga fólksins í landinu, unga fólksins, sem er í þann veginn að setja saman heimili og má þá búast við að eignist síðan sitt fyrsta barn, svo að nokkuð stangast þetta á.

En það, sem kom mér til þess að taka þátt í þessum umr., var atriði, sem kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv., frsm. 2. minni hl. heilbr.- og félmn. Hann las hér upp tillögu, sem samþ. hefur verið á fundi mæðrastyrksnefndar í Reykjavík, las hér einnig upp grg. frá fimm nafngreindum konum í þessum félagsskap. Ég vil taka það fram, að ég efast um, að sú grg. hafi verið til umr. í þessu félagi eða verið lögð þar fram, svo að hún út af fyrir sig er auðvitað algert einkamál þeirra ágætiskvenna, sem undir hana skrifa. Þessi till. gengur í stuttu máli út á það, að upp skuli tekin ný stefna í bótagreiðslum almannatryggingganna, sem sé sú, að nú skuli greiða öllum fjölskyldubætur, sem sé greiða fjölskyldubætur ofan á barnalífeyrinn og ofan á aðrar þær bætur, sem nú þegar er heimilt að greiða ásamt og með barnalífeyri, eins og t. d. mæðralaun, elli- og örorkulífeyri. Þessi umrædda till. var lögð fram á fundi í mæðrastyrksnefndinni, var þar að vísu samþykkt samhljóða, með hjásetu ýmissa fundarkvenna þó. En vegna þess að það var mjög dregið í efa, að á þessum fundi hefðu komið fram nógu ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar hækkanir eða fyrirhugaðar bótagreiðslur almannatrygginga, samanborið við það, sem nú er, — dregið í efa, að þær hefðu komið fram svo ýtarlegar, að unnt hefði verið fyrir konurnar að gera sér fyllilega grein fyrir væntanlegri stórhækkun á bótagreiðslum til einstæðra mæðra, en hag þeirra ber þessi félagsskapur aðallega fyrir brjósti, þá var skömmu síðar boðað til fundar á ný í n. til þess að ræða málið. Á þeim fundi kom fram till., sem gekk í töluvert aðra átt en sú fyrri, og vegna þess að það þótti ekki æskilegt, að í n. næðist ekki full samstaða um málið, áður en því væri komið á framfæri við Alþingi, var kosin n. og henni falið að athuga báðar þessar till. og leggja síðan till. sínar fyrir félagsfund. Það mun ekki hafa náðst samstaða í þeirri n. og málinu síðan vísað til stjórnarinnar, og mér er kunnugt um, að stjórnin er þeirrar skoðunar, og hún mun hafa staðfest það í bókun á stjórnarfundi, að n. hafi ekki enn afgreitt málið frá sér endanlega.

Mér er það satt að segja óljúft að gera innanfélagsmál mæðrastyrksnefndarinnar að umræðuefni hér á hv. Alþingi, en ég taldi þó rétt, að þetta kæmi fram.

Það mun nú vera svo, að flestir hv. alþm. séu á einu máli um það, að ýmislegt standi til bóta í almannatryggingalögunum. Hv. 3 þm. Vestf. (KJJ), frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., drap í sinni framsöguræðu á ýmis atriði, sem athuga þyrfti og lagfæra í lögunum, og get ég verið honum þar fyllilega sammála. Endurskoðun laganna stendur nú fyrir dyrum. Því hefur þegar verið lýst yfir, að það muni fara fram á þeim allsherjarendurskoðun nú á þessu ári, og því eðlilegt, að ýmsar þær breytingar og lagfæringar, sem menn teldu æskilegar,

biðu þá þess, því að það hlýtur eðlilega óhjákvæmilega að taka alllangan tíma að viða að sér ýmsum upplýsingum, sem nauðsynlegt er að fyrir hendi séu, þegar gera á miklar breyt. á slíkum l. sem almannatryggingalögunum.

Ég vil taka undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan um till. hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), varðandi flutning milli verðlagssvæða, að það er auðvitað í rauninni sjálfsagt, að hún biði slíkrar endurskoðunar. Ef ég man rétt, gaf forstjóri Tryggingastofnunarinnar þær upplýsingar á fundi heilbr.- og félmn., að það væri komið á annan áratug, síðan borizt hefðu tilmæli um flutning milli verðlagssvæða frá einstökum sveitarfélögum.

Að öðru leyti vil ég segja það um brtt. hv. stjórnarandstæðinga, að það er auðvitað hryggilegt til þess að vita, að ýmsir meiri háttar gallar á almannatryggingalögunum skuli ekki hafa orðið þeim ljósir fyrr en eftir það, að þeir eru komnir í stjórnarandstöðu. Það má sjálfsagt leggja það út á ýmsan veg og kannske jafnvel á þann veg, að þeir hafi verið svo önnum kafnir, meðan þeir áttu sæti í vinstri stjórninni, hafi verið svo önnum kafnir við að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar, ekki höndulegar en það tókst nú, eins og endalok þeirrar stjórnar sýndu, að þeir hafa ekki getað gefið sér tóm til þess að snúa sér að því að lagfæra það, sem þeim sýnilega nú er mjög svo vel ljóst.

Ég vil svo aðeins ítreka það, sem reyndar kemur fram í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn., nál., sem ég á aðild að, að ég tel rétt, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. drap hér á eitt atriði, sem ég gerði að umtalsefni við 1. umr. þessa frv., það eru fjölskyldubæturnar með fyrsta og öðru barni. Ég skildi hv. þm. svo, að hann hefði litið svo á það, sem ég og kannske fleiri hafa sagt um þetta, að við værum á móti því, að greiddar væru fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni, eins og sagt er í frv. Ég vil leiðrétta þetta. Það er mjög fjarri því, að ég sé andstæður því, að þessar fjölskyldubætur séu greiddar með fyrsta og öðru barni. Þvert á móti, ég er alveg sannfærður um, að hjónum með eitt eða tvö börn veitir sannarlega ekki af þessum 2600 kr. bótum, sem þau eiga að fá með hvoru barni. Mér er það fullljóst, að sú upphæð bætir ekki upp að fullu þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið og verið er að gera af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. Það er því misskilningur, ef þessi hv. þm. eða nokkur annar þm. hefur skilið orð mín á þann veg, að ég sé að víta þessar fjölskyldubætur, sem ákveðnar eru í frv. með fyrsta og öðru barni hjóna.

En það er annað, sem ég hef spurt um og spyr um enn og vil jafnvel beina til hv. 2. þm. Reykv., hvernig hann lítur á það mál. Það eru þær hækkanir á fjölskyldubótum, sem ætlaðar eru samkvæmt þessu frv. með börnum, eftir að börnin eru orðin þrjú í fjölskyldu, þ. e. með fjórða, fimmta, sjötta barni o. s. frv. Það er reikningsdæmi, sem ég hef ekki getað reiknað. Gengislækkunin ein hefur þær verkanir, að hjón með eitt barn þurfa að fá 2600 kr. bætur, og það er tilgangurinn með þessum bótum og ekkert annað að mæta gengislækkuninni, samkv. grg., sem fylgdi efnahagsmálafrv. stjórnarinnar. Hvernig getur staðið á því, að hjón þurfa þessa upphæð með einu barni, en hjón, sem eiga 4 börn, þurfa ekki nema 269 kr. hækkun með fjórða barninu? Þetta hef ég aldrei getað skilið. Og af því að ég treysti því, að hv. 2. þm. Reykv. muni skilja þessi mál a. m. k. betur en ég og kannske flestir aðrir þm. í þessari hv. d., þá þætti mér vænt um að heyra álit hans á því, hvernig þessum reikningi er háttað, hvernig gengislækkunin ein getur lagt 2600 kr. byrðar a. m. k. á hjón með eitt barn, en ekki nema 269 kr. byrði á hvert barn, sem er umfram þrjú.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. ræddi hér allmikið ýmsar þær breyt. á tryggingalöggjöfinni, sem hann taldi að þyrfti að gera, og þær voru margvíslegar, og ég efast ekki um, þó að ég sé ekki nægilega vel að mér í þessum málum, að þar hefur hann bent á margt réttmætt. Hitt er miklu einkennilegra, að hann leggur til, að engar af þeim breytingum verði gerðar, heldur frv. samþ. eins og það er. Hann kom ekkert inn á það heldur í sinni framsöguræðu, að hve miklu leyti mundi takast að bæta upp hinum tryggðu þær byrðar, sem af efnahagsmálaráðstöfununum leiðir. Það hefði verið sannarlega fróðlegt að heyra frá manni, sem er allvel inni í þessum málum, enda mun hann eiga sæti í tryggingaráði, hversu þær bætur eða sú hækkun bóta, sem frv. gerir ráð fyrir, hrökkva til að mæta útgjaldaaukningu bótaþeganna vegna gengislækkunarinnar. Það er mikilsvert atriði í þessu máli, því að þá fyrst sér maður, hvort hér er um framfaraspor að ræða í tryggingamálum almennt, þegar maður hefur þennan samanburð sem gleggstan. Ef þessar hækkanir á tryggingabótum eru það miklar, að fjárhagslega er gróði fyrir hina tryggðu að fá þessar bætur, þótt með fylgi afleiðingar af gengislækkun, söluskatti, vaxtahækkun o. s. frv., þá eru þær til bóta. En ef þessar bætur hrökkva ekki nema fyrir broti af því, sem þetta fólk verður að taka á sig í auknum útgjöldum af öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., þá fer framfarasporið að verða stutt, þrátt fyrir það að hæstv. félmrh. orðaði það eitthvað á þá leið, að aldrei hefði verið stigið slíkt framfaraspor í tryggingamálum á Íslandi sem gert er með þessu frv.

Eins og allir vita, er verið að stíga geysistórt spor í dýrtíðaraukningu í landinu, og það er það spor, sem gleypir þetta spor og miklu meira en það. Þá sér maður, að þetta eru ekki út af fyrir sig framfarir í tryggingamálunum. Það eru aðeins bætur eða léttir á þeim byrðum, sem önnur lög og aðrar ráðstafanir hafa lagt á þessa sömu menn, og fjölskyldubæturnar, sem mér hefur orðið alltíðrætt um, eru að mínum dómi ekki heldur nema nokkur léttir á þeim byrðum, sem efnahagsráðstöfun-

unum fylgja. En sérstaklega er sá byrðaléttir lítilfjörlegur, þegar um barnmargar fjölskyldur er að ræða.

Ég endurtek tilmæli mín til þeirra, sem eru forsvarsmenn fyrir þessu frv., að þeir leitist við að skýra það fyrir mér, því að ég hef engin svör fengið við því enn, hvernig séð er fyrir þeim fjölskyldum, sem eiga mörg börn, en eiga ekki að fá meiri hækkanir á fjölskyldubótum en frv. gerir ráð fyrir, eftir að börnin eru orðin 3 eða fleiri. Mig hefur grunað, að það kynni að vera einhver misreikningur við undirbúning þessa frv. Þó er ekki vinsælt að tala um misreikning hér, hvorki um þetta frv. né annað. En þá dettur mér í hug önnur ástæða, og hún er sú, að þetta hafi alls ekki verið reiknað, eins og ein upphæðin var í fjárlagafrv., þ. e. söluskatturinn. Það hafði nefnilega aldrei verið reiknað út, hvernig ætti að ná þessum 280 millj. Það er kannske eitthvað líkt um útreikninga á fjölskyldubótunum, þær hafi ekki verið reiknaðar. Það kemur ekki til mála, að nokkur fjölskylda fái bætta dýrtíðina með einum 269 kr. hækkun á fjölskyldubótum fyrir hvert barn, sem er umfram þrjú.

Þá langar mig til þess að beina því til hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hvort ekki megi búast við, að gjöld hækki hjá bæjar- og sveitarfélögum til Tryggingastofnunarinnar við samþykkt þessa frv. Það kann að vera, að svar við þessu leynist einhvers staðar í grg. eða útreikningum, en ég hef ekki komið auga á það í fljótu bragði. En honum er vafalaust kunnugt um það. Mér sýnist, að það hljóti að verða einhverjar hækkanir í útgjöldum fyrir bæjar- og sveitarfélög vegna þessarar samþykktar. Jafnframt vil ég spyrja, hvort ekki megi búast við hækkunum á gjöldum einstaklinganna líka vegna ákvæða þessa frv. Ef hann hefði þessar upplýsingar tiltækar, þætti mér vænt um að heyra þær.

Og loks vil ég endurtaka þau tilmæli mín til hv. frsm. heilbr.- og félmn., hvort hann sé þeirrar skoðunar, að fjölskyldubæturnar hrökkvi fyrir þeirri dýrtíðaraukningu, sem t. d. hjón með fimm börn verða fyrir, eftir að efnahagsmálaráðstafanirnar eru komnar til framkvæmda. Mér sýnist, að hækkun fjölskyldubóta til hjóna, sem eiga fimm börn á fyrsta verðlagssvæði, sé 7172 kr. Hitt vitum við líka, að hagstofan reiknar með, að lífsnauðsynjar vísitölufjölskyldunnar kosti, áður en viðreisnarráðstafanirnar hófust, tæpar 61 þús. kr., og að ríkisstj. gerir grein fyrir því í grg. með efnahagsmálafrv., að búast mætti við, að þessar nauðsynjar hækkuðu um ein 13%, áður en söluskatturinn kom til. Mér sýnast því allar horfur á því, að ef þessi fjölskylda á annað borð hefur haft efni á því að kaupa lífsnauðsynjar fyrir 61 þús. kr., þá verði 13% hækkun á þá upphæð allverulega hærri en hækkun fjölskyldubótanna, að maður nú ekki tali um, hvað þessar nauðsynjar þurfa að vera meiri, ef um 7 manna fjölskyldu er að ræða, heldur en þegar um vísitölufjölskyldu er rætt, sem er aðeins 4.2 menn. Ég held, að það fari ekki hjá því, að jafnvel þessar miklu fjölskyldubætur á fyrsta og annað barn hrökkvi skammt til að bæta upp þá útgjaldaaukningu, sem af viðreisnarráðstöfununum leiðir í heild, og alveg sérstaklega, ef um barnmargar fjölskyldur er að ræða. Ég þori nú ekki að nefna fleiri en fimm börn, því að dæmið versnar, eftir því sem lengra er farið í þá áttina.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf. hér á undan. Hann sagði, að ég hefði ekki minnzt á, hvort bætur eða bótahækkanir, sem fyrirhugaðar eru, nægðu til að vega upp á móti væntanlegum verðhækkunum. Þetta er nú ekki alveg rétt hjá honum. Ég gat þess í minni framsöguræðu hér, og það kom reyndar fram hjá hæstv. félmrh. líka í hans framsöguræðu, að nokkur hluti af þeim bótahækkunum, sem fyrirhugaðar eru, er til þess að mæta þeim kaup- og verðlagsbreytingum, sem þegar eru komnar fram og voru komnar fram vegna þeirra verð- og kaupbreytinga, sem orðið hafa á undanförnum árum, m. a. á dögum vinstri stjórnarinnar. En nokkur hlutinn er ætlaður til þess að mæta þeim hækkunum, sem búast má við að verði nú á næstunni. Um þær hækkanir liggja fyrir áætlanir, sem hv. þm. getur sjálfsagt fengið eins og ég, og getur hann þá sjálfur reiknað það dæmi. En um það, hvernig þetta verður í framkvæmdinni, verður reynslan að skera úr.

Viðvíkjandi fyrirspurn hans um það, hvort ekki verði útgjaldahækkanir hjá sveitarfélögum, ríkissjóði, atvinnurekendum og þeim tryggðu vegna þeirra hækkana, sem hér eru fyrirhugaðar, þá get ég svarað því með fáum orðum. Það hefur reyndar komið fram í framsögu hæstv. félmrh. fyrir frv., að mjög verulegur hluti af þessum útgjaldahækkunum á að greiðast beint úr ríkissjóði, eins og ég veit að hv. þm. veit jafnvel og við öll. Nokkur hluti hækkananna kemur þó á aðra aðila, sem bera tryggingarnar. En eins og ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni fyrr í dag, þá er nokkuð breytt því hlutfalli, sem þeir aðilar, sem bera uppi tryggingarnar, bera eftir þau gjöld, sem eru ekki greidd núna beint úr ríkissjóði, eins og áður hefur verið getið um. Hlutfallinu er breytt þannig, að ríkissjóður greiðir nú 3% hærra en áður hefur verið í lögum, en hinir tryggðu, sveitarsjóðir og atvinnurekendur, 1% lægra hver en verið hefur af þeim hækkunum, sem lenda á sjálfum tryggingunum. Það hefur farið fram athugun á þessu hjá Tryggingastofnuninni, og það hefur komið í ljós, að á þessu ári kemur þessi hækkun ekki með fullum þunga niður á þessa aðila, vegna þess að tekjuáætlun tryggingganna á s. l. ári hafði reynzt nokkuð rúm, þannig að það er nokkur tekjuafgangur, sem eins og þið vitið ber að nota á þessu ári til að jafna metin. Af þessum ástæðum verður gert ráð fyrir núna, að hjá sveitarfélögunum

muni hækkunin verða hér um bil 8%, en hjá hinum tryggðu kringum 13%, hjá atvinnurekendum kringum 15% og hjá ríkissjóði hef ég því miður ekki töluna hér, en ég gæti trúað, að það væri kannske 10% eða svo, — ég þori ekki alveg að fara með, að sú tala sé ábyggileg. En þetta er sem sagt svo, að á þessu ári er ekki gert ráð fyrir að hækkunin þurfi að vera meiri en þetta. Það má búast við því í þessu sambandi, að gjald til almannatrygginganna fyrir hjón hér í Reykjavík, sem eru á fyrsta verðlagssvæði, hækki af þessum sökum úr 1250 kr., sem mig minnir að það sé núna, í hér um bil 1400 kr. Lengra fram í tímann er ekki hægt um þetta að segja, það fer eftir því, hvað sú áætlun, sem Tryggingastofnunin hefur gert, reynist nærri sanni. En á þessu ári sem sagt er búizt við, að það verði nálægt þessu.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Menn verða vitanlega að meta það hver eftir sínu höfði, hvort þær umbætur, sem gert er ráð fyrir að verði á tryggingalöggjöfinni með því frv., sem hér liggur fyrir, séu til endurbóta á henni eða ekki, og virðast vera nokkuð skiptar skoðanir um það, sem er kannske ekki óeðlilegt. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er fyrst og fremst sú, að hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt á þskj. 258 allmargar brtt., og í raun og veru eru þrjú atriði, sem eru veigamest í þessum brtt. hans. Mér sýnast vera veigamestu atriðin, að afnumin verði skipting landsins í tvö verðlagssvæði, að skerðingarákvæðin verði afnumin og bótagreiðslufjárhæðir skuli vera grunnupphæðir, sem greiða skuli vísitöluuppbætur á. Og svo eru nokkrar fleiri till., sem hann leggur enn fremur til til breyt. Nú langar mig til að spyrja þennan hv. þm., hvort hann hafi gert sér ljóst, hvort þessar till. hans muni ekki kosta eitthvað? Ég held, að það geti ekki farið á milli mála, að þessar stórvægilegu breytingar, sem hann leggur þarna til að gerðar séu, hljóti að kosta allmikið fé. Og til þess að leysa það vandamál sýnist mér ekki vera til nema tvær leiðir, að breyta bótagreiðslunum eftir þeim tekjum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur nú yfir að ráða, og það ætla ég að hann hafi ekki í huga, að lækka þær bætur, sem greiddar eru, eða þá hitt, að leggja á nýja skatta í einhverju formi til þess að mæta þessum hækkunum, sem ég ætla að séu margir tugir milljóna eða kannske hundruð milljóna. Nú get ég vel tekið undir það með honum, að margar af þeim till., sem hann leggur fram, séu mjög æskilegar, en mér finnst bara till. hans vera byggðar þannig upp, að það vanti gersamlega grunninn undir þær. Því hefur verið lýst yfir, að gert sé ráð fyrir því að skipa n., sem væntanlega lyki störfum fyrir næsta reglulegt Alþ., til þess að endurskoða tryggingalöggjöfina í heild, og ég held, að það sé einmitt verkefni slíkrar nefndar að finna viðunandi lausn á ýmsum þeim athyglisverðu atriðum, sem hv. þm. ber fram í þessum brtt. sínum. En ég álít, að á meðan ekki er búið að byggja þannig undir þessi mál, að það sé sæmilega mögulegt að framkvæma það, sem um er beðið, þá sé í raun og veru eingöngu um yfirboðstillögur að ræða, og það er nákvæmlega það, sem þær eru, eins og á stendur nú. Þessir sömu hv. þm. stjórnarandstöðunnar tala mjög um það, að skattar séu hækkaðir, og má það að vísu til sanns vegar færa, en mér sýnist eftir þessum brtt. vera beðið um það, að skattar séu enn meira hækkaðir til þess að mæta þeim atriðum, sem þar er bent á og eins og ég sagði eru mörg mjög athyglisverð. Við hv. 9. þm. Reykv. áttum sæti hér á þingi í tíð vinstri stj., og ég verð að segja það alveg eins og er, að ég man ekki eftir þessum ánægjulega áhuga hans fyrir tryggingalöggjöfinni á þeim árum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um, að tryggingamálunum miðaði lítið áfram, þetta væri nánast eins og hlaupabraut, þar sem ekkert miðaði áfram. Þessi hv. þm. veit náttúrlega mætavel, að þessum málum hefur einmitt miðað mjög mikið áfram á undanförnum áratugum hér á landi til farsældar og bóta fyrir allan almenning. Þetta er ein merkasta félagsmálalöggjöf, sem við eigum. Það er vitað mál, að það þarf alltaf að vera að gera breyt. á löggjöf eins og þessari. Það er ágreiningslaust á milli minni hl. og meiri hl. í heilbr.- og félmn., að það þurfi að gera ýmsar endurbætur, og einmitt þess vegna hefur verið ákveðið að skipa n., sem annist þessa endurskoðun. Varðandi till. hans, sem mér finnst í sjálfu sér eðlileg, vil ég aðeins segja það, að ég álít, að hún eigi að koma undir þá endurskoðun, sem væntanlega fer fram á þessum l. öllum, og sé mér þess vegna ekki fært að fylgja henni við þessa breytingu, sem nú er gerð. En ég ætla, að þeir, sem segja það alveg ófeimnir, að þessar breyt., sem nú er verið að gera, séu engin endurbót á tryggingalöggjöfinni, muni vita betur, eftir að hafa lesið frv. og kynnt sér það, sem stendur þar, og hvað á að gera.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. (PP) lýsti till. mínum hér rétt í þessu sem yfirboðstillögum. Nú geri ég ráð fyrir því, að hann sé þessum till. í raun og veru samþykkur. Hann vill gjarnan, að flestar þeirra komist í framkvæmd, en hann kallar þær yfirboðstill. samt, af því að ég hef ekki, samtímis því að ég gerði grein fyrir till., gert grein fyrir því, hve mikinn kostnað þær hefðu í för með sér og hvernig ætti að fá það fé.

Þetta er alveg rétt. Þetta hef ég ekki reiknað út og ekki haft aðstöðu til að reikna út, en ég taldi málið það mikils um vert, að ég vildi ekki láta það liggja í þagnargildi, og þess vegna bar ég till. fram þrátt fyrir það.

Nú er ýmislegt annað í þessu máli. Það hefur nýlega verið gengið frá fjárl. hér á Alþ. Margir hv. alþm. eru þeirrar skoðunar, að frá þeim fjárl. sé þannig gengið, að ef ekki verði beint kreppuástand hér á þessu ári og atvinnu-

leysi, þá muni mikill tekjuafgangur verða á fjárlagafrv., og hef ég heyrt hv. alþm. gizka á, að sá afgangur gæti orðið allt að 100—200 millj. kr. Ef ég ætti í skyndi að benda á tekjuöflun til þess kostnaðar, sem mínar till. hefðu í för með sér, ef samþ. yrðu, þá gæti ég bent á þetta. Annað má líka benda á í þessu sambandi. Við erum hér að ganga frá samþykkt lagafrv., sem hefur mikinn kostnað í för með sér. Sérstaklega ef brtt. mínar yrðu samþ., þá er um að ræða talsverðan óvissan kostnað í sambandi við samþykkt frv. En þetta er ekki einsdæmi á þessu þingi nú. Við eigum eftir að afgreiða hér sjálf skattalögin. Það er mál, sem varðar afkomu og fjárhag ríkissjóðs mjög mikið. Þó er búið að ganga frá fjárlagafrv. og samþ. það, en eftir að ganga frá breyt. á skattal., sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað og hefur í för með sér geysilega mikla breytingu á tekjuskattinum.

Við gerum ráð fyrir því, að við lifum í lýðfrjálsu landi, og þar af leiðandi getum við vænzt þess, að einhverjar breytingar verði gerðar hér á Alþingi á þessu frv., sem enn er ókomið, sem ríkisstj. hefði ekki reiknað með. Hún hættir á það samt og yrði undir öllum kringumstæðum að bjarga málum við, þó að slíkar óvæntar breyt. yrðu samþ. Hér hallast því ekki svo mjög á hjá stjórnarliðinu og andstæðingum þess að mínum dómi.

Fyrst ég er staðinn upp, vildi ég aðeins fara örfáum orðum um ummæli hv. 2. þm. Reykv. (AuA) hér í ræðu áðan. Ég las upp samþykkt fyrr í dag frá mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, samþykkt, sem var gerð á fundi þar með shlj. atkv. og síðan send hinu háa Alþ. sem erindi. Þessi samþykkt liggur hér sem erindi til Alþ. ásamt grg., sem nokkrar nefndarkonur hafa samið. Nú er svo að heyra á hv. 2. þm. Reykv., sem einhver afturkippur hafi komið í félagskonur, eftir að þetta var gert, og að jafnvel hafi verið hóað saman fundi til þess að reyna að ógilda þessa samþykkt. Til þess þekki ég ekki og get ekki um dæmt. Það breytir engu í þessu máli, að frá mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur er komin fullgild samþykkt sem áskorun til hins háa Alþingis um vissar umbætur á almannatryggingalögunum, umbætur, sem felast í till. mínum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Vegna þess, sem hv. 9. þm. Reykv. (AGl) sagði hér áðan, skil ég það vel, að honum er eðlilega ekki ljóst, hvernig þessi mál hafa verið rædd í mæðrastyrksnefndinni, þeim félagsskap, sem hann vitnaði til. Ég var fyrr í dag að glugga í erindi frammi á lestrarsal í sambandi við annað mál, og ég hafði ekki séð, að þar lægi þetta mál fyrir. En því er þannig varið, eins og ég áðan upplýsti, og það er reyndar þeim konum alveg fullkomlega ljóst, sem sendu þessa grg. og þá væntanlega hafa tekið að sér þarna óbeðnar erindi fyrir mæðrastyrksnefndina með því að koma þessu á framfæri. Þeim var það auðvitað alveg fyllilega ljóst, að n. hafði endurskoðað afstöðu sína og er ekki búin að afgreiða þetta mál endanlega frá sér. — Ég vil sem sé ítreka það, að ég skil, að hv. þm. hafi ekki verið kunnugt um, hvernig málið stóð að því leyti, því að líklega hafa þær konur, sem komu erindinu á framfæri, ekki skýrt honum frá því.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur nú verið rætt nokkuð hér í d., og er það ekki óeðlilegt, því að tryggingalöggjöfin er í sjálfu sér mjög merk löggjöf og viðtæk og þær breyt., sem nú á að gera á þessari löggjöf, eru allveigamiklar, eins og sýnt hefur verið fram á í þessum umr.

Þróun tryggingamála hér á landi er orðin alllöng, og skal ég ekki fara að lengja þessar umr. með því að rekja þá sögu. En þróun þessara mála er þó ljós vottur þess, að þeim, sem forustu höfðu í þjóðfélaginu, hefur snemma orðið það ljóst, að einhver tryggingastarfsemi þyrfti að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Ég ætla, að slysatryggingar og sérstaklega vegna sjómanna séu sá þátturinn, sem eigi lengsta sögu í tryggingastarfseminni, og hafi upphaflega verið grundvöllur að þeirri víðtæku löggjöf, sem hér er nú fjallað um.

1936 voru gerðar mjög veigamiklar breytingar á tryggingalöggjöfinni með setningu laga um alþýðutryggingar. Þá var miðað við það, að Tryggingastofnunin starfaði á tryggingagrundvelli, þannig að sjóðir yrðu myndaðir og að gjaldendur til tryggingasjóðanna öðluðust síðan rétt til bóta og sá réttur yxi, eftir því sem lengur yrði greitt í sjóðina. Með löggjöfinni um almannatryggingar, sem sett var 1946, var að verulegu leyti horfið frá þessum megingrundvelli og Tryggingastofnunin ekki aðallega byggð á sjóðmyndun, þar sem ríkissjóður tók þá að sér að leggja fram verulegan hluta af því fé, sem varið er til bótagreiðslna hverju sinni. 1946 voru því bæði að þessu leyti og í mörgum öðrum atriðum löggjafarinnar stigin mjög stór spor til breytinga á þessari löggjöf, og reynslan sýndi, að þau spor, sem þá voru stigin, voru að sumu leyti þess eðlis, að þau voru ekki nægilega grundvölluð í sjálfu fjárhagskerfi þjóðarinnar, svo að sum ákvæði löggjafarinnar frá 1946 hafa aldrei komið til framkvæmda. Nefni ég í því sambandi heilsugæzlukaflann, og ég hygg, að það hafi reynt á það nú í hv. Nd., að það hafi ekki fengizt meirahlutasamþykkt fyrir því að taka nú inn í löggjöfina hliðstæð ákvæði um heilsugæzlu og sett voru þó inn í lögin 1946. Þetta m. a. sýnir, hve það er nauðsynlegt, þegar gerðar eru mikilvægar breyt. á tryggingalöggjöfinni, að þær séu vel undirbúnar og athugaðar í beinu sambandi við fjárhag þjóðfélagsins og fjárhagskerfi þjóðarinnar á þeim tíma, sem breyt. eru gerðar.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gengið enn lengra á þeirri braut en gert var 1946 að hverfa frá því, að Tryggingastofnunin starfi á tryggingagrundvelli, og hverfa frá sjóðmyndun. Nú er horfið að því ráði að auka

framlag ríkissjóðs að miklum mun til tryggingastarfseminnar frá því, sem verið hefur, og breyta í því sambandi hlutföllunum á milli greiðslna frá ríkissjóði, sveitarsjóðum, hinum tryggðu og atvinnurekendum, ef útgjöld samkvæmt löggjöfinni í heild eru skoðuð í þessu sambandi, þ. e. a. s. fjölskyldubæturnar eru reiknaðar með í því dæmi. Um þetta er í sjálfu sér ekki nema gott að segja, ef Alþ. og ríkisstj. virðist hagur ríkissjóðs leyfa, að þetta sé af mörkum látið. En ég hef bent á það áður og minni á það enn, að vitanlega ýtir þetta undir þá þróun, að aðrir aðilar, sem þurfa að leggja fram verulegt fé til að standa straum af almannatryggingunum, leiti eftir því, að ríkið taki greiðslur til Tryggingastofnunarinnar á sig í æ vaxandi mæli, og því lengra sem gengið er á þessari braut, því erfiðara virðist mér að það verði að hamla gegn slíkri þróun.

Það kom fram í ræðu hjá einum ræðumanni, sem talaði hér í þessari umr., sú skoðun, að stjórnarandstæðingar, sem gerðu nú ýmsar brtt. við þetta frv. og gagnrýndu málið að ýmsu leyti eða einstök atriði þess, höguðu sér svo sem gallar tryggingalöggjafarinnar hefðu ekki verið þeim ljósir, á meðan þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu, áttu aðild að ríkisstjórn. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á það, að ég ætla, að það hafi verið einn af þm. Framsfl., sem fór með stjórn félagsmála og þar með yfirstjórn tryggingamála 1954, þegar ákveðið var að skipa n. til endurskoðunar á löggjöfinni, og sú endurskoðun, sem gerð var af þeirri milliþn., var grundvöllur að lagabreyt. 1956, sem fól í sér ýmsar mikilvægar endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Enn fremur hefur á það verið minnt í þessum umr., að af hálfu vinstri stjórnarinnar eða þess félmrh., sem þá fór með stjórn tryggingamála, hafi verið skipuð n. til þess að endurskoða vissan þátt löggjafarinnar, og er sú endurskoðun að nokkru leyti lögð til grundvallar þessu máli. En það frv., sem hér liggur fyrir, ber að ýmsu leyti óðruvísi að en áður hefur verið, þegar gerðar hafa verið mikilvægar breytingar á tryggingalöggjöfinni. Á bak við þetta frv. stendur ekki allsherjar endurskoðun á löggjöfinni eða a. m. k. ekki að því er snertir suma þætti þessa frv., heldur virðist svo sem hækkun fjölskyldubóta og fleira í þessu sambandi hafi verið ákveðið í skyndi, án þess að milliþn. hafi um það fjallað eða leitað hafi verið álits sveitarfélaganna í landinu um þau atriði. Þetta er nýjung á þessu sviði. En skýringanna á því er vitanlega að leita til þess, sem bent hefur verið á af öðrum ræðumönnum, að þetta frv. er jafnvel fyrst og fremst liður í efnahagsaðgerðum núverandi ríkisstj. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, ég á lítið eftir. (**Forseti:** Það er ætlunin að reyna að ljúka þessu í kvöld, en af sérstökum ástæðum er ekki hægt að halda kvöldfund.) Ég skal ljúka máli mínu á 3—5 mínútum.

Ég ætla þá ekki að ræða almennt um þessa löggjöf umfram það, sem þegar er tekið fram, enda er 3. umr. málsins eftir, ef ástæða þykir til að taka fram einhver atriði. En ég vil að allra síðustu minna á eitt atriði, sem mér finnst að hv. dm. megi ekki láta fram hjá sér fara við afgreiðslu þessa máls. Sú meginbreyting er nú gerð að miða við að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum, einnig með fyrsta og öðru barni í hverri fjölskyldu, og þá er grundvöllurinn sá, að hver sú fjölskylda, sem hafi barn á framfæri undir 16 ára aldri, skuli njóta nokkurrar aðstoðar frá Tryggingastofnun ríkisins. En samkv. 2. mgr. 5. gr. þessa frv. virðist mér, að það sé gerð óeðlileg undantekning frá þessari meginreglu. Ef heimili er þannig myndað, að kona hefur átt eitt eða fleiri börn í fyrra hjónabandi eða áður en hún giftist, en hefur síðar gifzt og elur upp hin eldri börn sín og hefur þau með í heimili sínu og innan fjölskyldunnar, þá fær hún að sönnu eða á rétt á að fá meðlag frá barnsföður með þeim börnum, sem Tryggingastofnunin ber ábyrgð á að sé greitt, en Tryggingastofnunin á þó ekki að leggja fram úr sínum sjóðum, heldur að innheimta og bera ábyrgð á að sé greitt. En mér skilst, að samkv. 2. mgr. 5. gr. eigi kona, sem þannig er ástatt um, ekki rétt á neinni greiðslu úr sjóðum Tryggingastofnunarinnar sjálfrar, því að meðlagsgreiðslan er af atvinnutekjum barnsföður, en ekki úr sjóðum Tryggingastofnunarinnar. Þessi undantekning eða þessi regla virðist mér að hafi verið eðlileg, á meðan meginreglan var sú og grundvöllurinn að greiða ekki fjölskyldubætur með öllum börnum, t. d. fyrsta eða öðru barni í fjölskyldu. En þegar meginreglan er sú, að allir, sem hafa börn á framfæri, eiga að fá nokkra greiðslu frá Tryggingastofnuninni, þ. e. úr sjóðum hennar, þá virðist mér þetta ákvæði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, vera orðið óeðlilegt. Þetta vil ég benda á, svo að þm. létu það ekki fram hjá sér fara í sambandi við síðustu afgreiðslu þessarar löggjafar. Ég skal á allra síðustu mínútunni taka það fram, að þetta dæmi, sem ég nefni, er alveg raunhæft. Ég þekki beinlínis fólk, sem svona er ástatt um, og ég hef nú síðustu dagana verið spurður að því, hvernig þessu væri varið og að hverju væri stefnt í þessu efni, og mér hefur hálfgert vafizt tunga um tönn að skýra það, hvernig á þessu ákvæði stæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 255,1 felld með 11:5 atkv.
Brtt. 252 felld með 11:6 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,2 felld með 11:5 atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 255,3 felld með 11:5 atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 255,4 felld með 11:7 atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,5 felld með 11:7 atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,6 felld með 11:5 atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 255,7 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, SE.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, PP, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
Brtt. 255,8 felld með 11:5 atkv.
10.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,9 felld með 11:8 atkv.
16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 261 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.
nei: BGuðm, EggÞ, PP, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.
17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 255,10 felld með 11:8 atkv.
18.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 255,11 tekin aftur til 3. umr.
20.—21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,12 felld með 11:7 atkv.
22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 255,13 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjörnJ, FRV, BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB.
nei: BGuðm, EggÞ, PP, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.
23.—27. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 237, 255,11).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — *Afbrigði* leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég tók aftur eina af till. mínum á þskj. 255 við 2. umr. til 3. umr. Þessi till. er sú 11. í röðinni á þessu þskj. og er við 20. gr. frv., á þá leið, að greinin orðist svo:

„53. gr. laganna, 4. mgr., orðist svo: Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en 30 kr. á dag fyrir einhleypan karl eða konu, 34 kr. fyrir kvæntan karl eða gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og 7 kr. fyrir hvert barn á framfæri.“

Ég leyfði mér að taka þessa till. aftur til 3. umr., vegna þess að ég hygg, að hún hafi í augum hv. stjórnarsinna sérstöðu á meðal till. minna. Það hefur sem sagt ásannazt það, sem ég sagði þegar við 1. umr., að það láðist algerlega að endurskoða kaflann um sjúkratryggingar. Í þeim kafla eru fáar tölur og því auðveldara að láta sér yfirsjást tölurnar í þessari gr. l., 53. gr., þar sem tiltekið er um sjúkradagpeninga. Afleiðingin hefur orðið sú, að nú ráðgerir frv. lækkun á sjúkradagpeningum frá því, sem gilt hefur og gildir enn. M. ö. o.: sjúkradagpeningar eru ákveðnir lægri í þessu frv. en gildir nú. Að vísu munar þetta ekki miklu, en þó munar um það í lækkunarátt. Það er ekki einu sinni, að staðið sé í stað, og þaðan af síður, að nokkuð sé hækkað. Þetta er geysilegt ósamræmi og getur ekki verið öðru að kenna en misgáningi.

Ég vil því enn einu sinni beina þeirri áskorun til hv. þm. úr stjórnarliði að endurskoða afstöðu sína enn einu sinni til þessa máls. Enn er tími til að leiðrétta þetta grófa óréttlæti.

Það er nú sýnt, að málið verður afgreitt hér í þessari hv. deild í kvöld. Enn er einn dagur til stefnu, og væri auðvelt að fá frv. afgr. frá Alþ. á morgun eða m. ö. o. í tæka tíð, þótt þessi leiðrétting yrði gerð.

Forseti (SÓÓ): Ég vil aðeins geta þess í tilefni þessara ummæla hv. þm. um það, að einn dagur sé enn til stefnu, svo að frv. gæti orðið að lögum fyrir 1. apríl, að það er eindregin ósk ríkisstj., að þetta frv. verði að lögum í dag. Ég mun því halda umr. áfram.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. neitt, það er aðeins út af þessari till., sem hv. 9. þm. Reykv. (AGl) ber fram nú aftur við 3. umr. Hann taldi, að þar mundi vera um yfirsjón að ræða, en ég hygg, að svo sé alls ekki. Það mun vera venja, þegar bætur eru ákveðnar, að leitast við að hafa upphæðina í heilum krónum, en sú upphæð, sem þarna er um að ræða og hann gerði svona mikið úr, eru 14 aurar til lækkunar á einhleypum hér í Reykjavík, á fyrsta verðlagssvæði. (**Gripið fram í:** Til lækkunar, já.) Það er alveg rétt. En það er venja, þegar þessar bætur eru ákveðnar, að færa þær yfir í heilar krónur, ef ekki munar miklu, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og þarna hefur verið fært til lækkunar um 14 aura, eins og alveg er rétt. En eins og ég gat um í minni frumræðu, er hér um lágmarksbætur að ræða, en þegar er vitað, og ég upplýsti hér í dag, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur mun greiða miklu hærri bætur en þetta. Ég hygg, að þetta hafi enga praktíska þýðingu, og ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. á móti þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 255,11 felld með 11:9 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 268).

---

14. Lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis.

Á 36. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis** [127. mál] (stjfrv., A. 301).

Á 63. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gengisbreyting sú, sem hið háa Alþingi samþykkti nú fyrir skömmu, hækkaði verðið

á þeim gjaldeyri, sem íslenzkir námsmenn erlendis kaupa hér í bönkum, um 79% meira en nemur hinni almennu hækkun á verði gjaldeyrisins, sökum þess að námsmenn höfðu áður notið sérstakra fríðinda að því er snertir verð á gjaldeyrinum, þ. e. gátu fengið hann keyptan með álagi, sem nam 30%, þegar hið almenna álag á gjaldeyri var 55%. Þetta gerði það að verkum, að nauðsynlegt var að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þessi hækkun á framfærslukostnaði íslenzkra námsmanna erlendis kæmi ekki of þungt við pyngju þeirra. Þess vegna var það, að þegar hið endurskoðaða fjárlagafrv. var lagt fram, var gert ráð fyrir því, að fjárveiting til námsmanna erlendis hækkaði í réttu hlutfalli við þá hækkun á gjaldeyri, sem varð gagnvart þeim. Hitt var svo látið bíða meðferðar Alþingis á fjárlagafrv., hvað gera skyldi til viðbótar.

Í hinum nýsamþykktu fjárlögum var fjárveiting til styrktar námsmönnum erlendis aukin úr þeim 2 millj., sem hún nam á fjárlögum s. l. árs, upp í 5.1 millj. kr.

Við nám erlendis munu hafa verið á s. l. ári 802 menn, eða réttara sagt 802 námsmenn fengu á s. l. ári yfirfærslu á hinu sérstaka gengi, þ. e. með 30% álagi. Styrks hjá menntamálaráði nutu hins vegar á s. l. ári 314 námsmenn, eða rúmlega þriðjungur þeirra, sem nutu hinna sérstöku námsmannagjaldeyrisfríðinda hjá bönkum eða innflutningsyfirvöldum.

Þegar Alþingi tók þá ákvörðun að auka framlag til íslenzkra námsmanna erlendis úr 2 millj., eins og það var í fyrra, í 5.1 millj. kr., hefur það að sjálfsögðu verið gert í því skyni, í fyrsta lagi að tryggja, að námsmenn gætu fengið sömu upphæð í erlendum gjaldeyri og þeir hafa fengið í styrk frá menntamálaráði, og svo í öðru lagi að gera menntamálaráði kleift að auka þau námslán, sem það hefur veitt nú um nokkur undanfarin ár. En menntamálaráð úthlutar þeirri upphæð, sem Alþingi veitir til námsmanna erlendis, og tekur ákvörðun um það, að hve miklu leyti það ver henni sem styrk til námsmanna og að hve miklu leyti til námslána.

Þegar eftir 2. umr. fjárlaga hér í hinu háa Alþingi leitaði ég álits menntamálaráðs á því, hversu mikið það kysi að auka styrkveitingar sínar og hversu mikið það kysi að auka lánveitingar til námsmanna erlendis, og ég fékk það einróma álit frá menntamálaráði, — og hin sama var skoðun nokkurra annarra embættismanna, sem um þetta mál fjölluðu, — að eðlilegast væri að verja þeirri rausnarlegu viðbótarfjárhæð, sem Alþingi veitti til námsmanna erlendis, þannig, að styrkir til þeirra gætu haldizt óbreyttir í erlendum gjaldeyri, en það, sem þar væri umfram, gengi til þess að auka námslán til námsmanna erlendis. Síðan 1952 hefur menntamálaráð veitt námsmönnum erlendis nokkurt námslán. Fyrsta árið voru námslánin 275 þús. kr., en hafa síðan smávaxið, þannig að á árinu 1959 voru námslánin 400 þús. kr. Menntamálaráð hefur haft samráð um það við menntmrn., að endurgreiðsla þessara námslána mætti varðveitast hjá menntamálaráði og endurlánast til námsmanna erlendis.

Nú, þegar það er skoðun menntamálaráðs, að verja beri meginhlutanum af þeirri aukningu, sem Alþingi nú veitir til námsmanna erlendis, til námslána, er eðlilegt, að sett verði löggjöf um þessa lánastarfsemi. Fyrir um það bil áratug var stofnaður lánasjóður við Háskóla Íslands með framlagi frá Alþingi, og hefur hann starfað síðan. Hann starfar þannig, að endurgreiðsla lánanna hefst 2 árum eftir að námi lýkur, og eiga lánin þá að endurgreiðast á 10 árum og með 3½% vöxtum. Menntamálaráð hefur fylgt sams konar reglum um sín námslán, og það er eðlilegt nú, er aukning verður á þeirri starfsemi, að hliðstæðar reglur gildi um þetta.

Það er sem sagt nauðsynlegt eða a. m. k. eðlilegt, að nú, er menntamálaráð hyggst verja rúmlega 3 millj. kr. á ári til námslána, að það gerist ekki með heimild í venjulegu ráðherrabréfi, heldur að um það séu sett lög af Alþingi, og þess vegna hefur þetta frv. verið samið og er nú lagt fram. Meginefni þess er, að stofna skuli slíkan lánasjóð. Í 2. gr. eru almennar reglur samhljóða þeim, sem nú gilda um námslán menntamálaráðs og lán í lánasjóði stúdenta, og enn fremur ákveðið, að stjórn sjóðsins skuli vera í höndum menntamálaráðs. Í 3. gr. er ákveðið, að ríkissjóður leggi sjóðnum til árlega 3 millj. og 250 þús. kr., en það er sú upphæð, sem menntamálaráð óskaði að veita til námslána af 5.1 millj., sem það hefur fengið til umráða á fjárlögum yfirstandandi árs.

Meginefni þessa frv. er sem sagt að löggilda námslánastarfsemi menntamálaráðs og kveða á um, að í framtíðinni skuli ríkissjóður leggja til þessarar starfsemi 3 millj. og 250 þús. kr. Minni upphæð mun áreiðanlega ekki duga eða þykja forsvaranleg í þessu skyni á næstu árum. En þegar Alþingi telur sér fært að auka við þessa upphæð, er hægt að gera það með einföldum ákvæðum í fjárlögum, þ. e. a. s. með einfaldri fjárveitingu, svo sem átt hefur sér stað um lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands.

Það mæla mjög mörg rök með því að verja mestum hluta þeirrar aukningar, sem Alþingi hefur nú lagt fram til námsmanna erlendis, til námslána, en ekki til aukinna styrkja umfram það, sem því nemur að halda styrkjunum óbreyttum í erlendum gjaldeyri frá því, sem þeir voru á s. l. ári. Raunar munu styrkirnir aukast nokkuð. Grundvallarreglan er samt sú, að þeir haldast óbreyttir í erlendum gjaldeyri, en viðbótarfjárveitingin að öðru leyti fer til aukinna námslána. Höfuðrökin fyrir því að verja meginhluta fjárins til aukinna námslána eru, að með því móti vex þessi námslánasjóður af sjálfu sér og getur aukið útlán sín í framtíðinni mjög ört.

Tölfræðilegir útreikningar, sem gerðir hafa verið um þetta efni, sýna, að árið 1963, eða eftir 3 ár, gætu lánin, miðað við óbreytt ríkis-

framlag, aukizt um fjórðung úr milljón, eða upp í 3 millj. og 500 þús., 1964 gætu þau aukizt upp í 3 millj. 750 þús. og 1965 upp í 4 millj. kr. Síðan mundu lánin að óbreyttu ríkisframlagi geta aukizt um 400 þús. kr. á hverju ári, þ. e. um 2 millj. kr. á hverjum 5 árum, ef gert er ráð fyrir því ríkisframlagi, sem hér er byggt á, og miðað við ákveðnar forsendur um vexti af eigin fé og fastan árlegan rekstrarkostnað sjóðsins. Með þessu móti er augljóst, að sjóðurinn getur byggt sig mjög ört upp, og tafla, sem fylgir frv., sýnir, að árið 1980 mundi vera hægt að lána 10 millj. kr. til námsmanna erlendis, þó að fjárframlag Alþingis yrði ekki aukið frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Þetta tel ég vera veigamikil rök fyrir þeirri stefnu, sem hér er mörkuð, að veita meginhluta fjárins, sem veitt er til námsmanna erlendis, til námslána, en ekki til aukinna styrkja.

Þar sem nú er rétt nýhafinn annar ársfjórðungur á yfirfærslum á gjaldeyri til námsmanna erlendis, og það er í raun og veru fyrsti ársfjórðungurinn, sem gengislækkunin bitnar að fullu á námsmönnunum, vegna þess að þeir fengu rétt til þess að nota leyfi sín fyrir fyrsta ársfjórðung á gamla genginu, er mjög aðkallandi, að þeir styrkir, sem nú verður hægt að veita, og þau lán, sem hægt verður að veita, séu veitt sem allra fyrst. Þess vegna er það ósk mín til þeirrar hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, að hún taki það sem allra fyrst fyrir og helzt, ef mögulegt er, ljúki störfum sínum í dag, þannig að þessi hv. d. gæti afgreitt málið í dag. Og þeim tilmælum beini ég til hæstv. forseta, ef nefndin lýkur störfum, að hann geri kleift, að d. afgreiði málið frá sér í dag, þannig að efri deild geti tekið það til meðferðar á morgun, áður en þingið fer heim í páskaleyfi.

Ég á ekki von á því, að þetta mál verði deilumál á milli flokka, heldur að gangur þess í gegnum nefndir og deildir Alþ. geti orðið greiður.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur tekið frv. þetta til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess og mæla einnig með því, að hv. deild verði við óskum menntmrh. um að afgreiða það fyrir þinghlé, til þess að hægt verði að byggja fyrstu afgreiðslu gjaldeyris til námsmanna erlendis samkvæmt hinu nýja gengi á þessu frv.

Menntmn. vill þó gera till. um þrjár breytingar við frv. Tími hefur ekki gefizt til þess að útbýta nál. með þessum brtt., og verður því að leggja till. fram skriflega við þessa umr.

1. till. er við 2. gr. frv. og hljóðar svo: „3. mgr. falli niður.“

Þessi 3. mgr. er á þá lund, að þeir námsmenn, sem njóta fulls styrks frá menntamálaráði eða jafnmikils styrks annars staðar frá, skuli að jafnaði ekki fá lán úr sjóðnum. Þó er sjóðsstjórninni heimilt að víkja frá þeirri reglu, ef sérstaklega stendur á. Menntamálanefnd er út af fyrir sig ekki ósamþykk þessari hugsun, en telur hentugra og æskilegra, að þetta verði reglugerðarákvæði.

2. brtt. hljóðar svo:

„Við 2. gr. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo:

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum.“

Breytingin er aðeins sú að setja inn í lögin ákvæðið um 3½%, en það mun hafa fallið niður hjá þeim, sem samdi frv. Hins vegar er augljóst af grg., bæði af töflunni yfir lánasjóðinn á árunum 1960—1980 á bls. 4—5 og af kafla grg. á bls. 6, sem fjallar um vexti, að það er ætlun allra, sem að málinu standa, að þessi lán verði með 3½% vöxtum og á því verði engin breyting, en það eru sömu vextir sem eru lögbundnir við lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands. Hér þarf aðeins að leiðrétta til samræmis við lögin um þann lánasjóð og setja töluna 3½% inn í þessa grein.

3. brtt., sem við leggjum til, er við 3. gr. og er á þá lund, að í stað þess, að þar segir: „leggur sjóðnum árlega til 3 millj. og 250 þús. kr.“, komi: leggur sjóðnum árlega til a. m. k. 3 millj. og 250 þús. kr.

Nefndin telur skynsamlegra að hafa þetta orðalag vegna þess, að með þessu frv. er hugsað alllangt fram í tímann. Ógerningur er að segja fyrir um, hver þróun þessara mála verður, þó að tilraun sé gerð til þess að setja það upp í grg. En n. telur rétt að haga orðalagi þannig, að ekki þurfi lagabreytingu til þess að hafa þetta framlag hærra, ef Alþingi sýnist svo við aðstæður, sem kunna að skapast í framtíðinni.

Um þessa till. eru 4 nefndarmenn sammála, en fimmti nm., hv. 8. þm. Reykv. (RH), var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Ég vil því leggja þessar till. fram skriflega með meðmælum n. með samþykkt frumvarpsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. og brtt. (sjá þskj. 310) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja fyrir þessu frv., því að þannig munu aðstæður vera, að það er rétt, að það gangi fram á sem skemmstum tíma. En áður en

það fer héðan frá deildinni, vildi ég þó láta uppi þá skoðun mína, að þó að ég telji þetta frv. ganga í rétta átt, þá álít ég, að það gangi of skammt, og það byggi ég m. a. á því, að ég álít, að íslenzkir námsmenn, sem stunda nám erlendis, fái hvergi nærri nægilega bætta með þessu frv. eða öðrum ályktunum Alþingis, sem ganga í þessa átt, þá kjaraskerðingu, sem hefur leitt af völdum gengislækkunarinnar.

Á s. l. ári nam yfirfærður námsmannagjaldeyrir um 16.7 millj. kr., en á hann lagðist þá 30% yfirfærslugjald. Nú mun hins vegar láta nærri vegna gengislækkunarinnar, að það leggist á þessa upphæð 133% gjald, sem þýðir það, að þó að námsmenn fengju ekki á þessu ári nema svipaðan erlendan gjaldeyri til yfirfærslu og á síðasta ári, þá þyrftu þeir að greiða fyrir hann 17 millj. kr. meira í íslenzkum krónum. Gengislækkunin þýðir m. ö. o., að það eru lagðar álögur á íslenzka námsmenn, sem stunda nám erlendis, um 17 millj. kr. Hins vegar er með þessu frv. og með því framlagi, sem áætlað er á fjárlögum í þessu skyni, styrkur og lánveitingar til íslenzkra námsmanna erlendis ekki aukin nema um rúmar 3 millj. kr., sem er ekki nema lítill hluti þess álags, sem gengislækkunin leggur á þá.

Ég álít, að það verði óhjákvæmilegt síðar á þessu ári og t. d. á næsta þingi að taka þetta mál til mjög gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum að auka styrkveitingar verulega í þessu skyni, bæði til þess að bæta upp það mikla tjón, sem íslenzkir námsmenn verða fyrir vegna gengislækkunarinnar, og svo einnig vegna þess, að það verður í vaxandi mæli þörf fyrir það, að við sendum námsmenn til útlanda til að afla sér þar margvíslegrar sérfræðilegrar þekkingar.

Þetta taldi ég rétt að láta koma fram núna, að þó að ég greiði þessu frv. atkvæði, þá tel ég mikla nauðsyn á því, að hlutur íslenzkra námsmanna, sem stunda nám erlendis, verði miklu meira bættur en hér er gert.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að leiðrétta það, sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), þær tölur, sem hann birti um kostnað íslenzkra námsmanna erlendis, þar sem hann miðaði við þá tölu, sem er á skrá hjá gjaldeyrisyfirvöldum um þá, sem hafa notið fríðinda í gjaldeyrisyfirfærslum, en eins og ég tók fram í framsöguræðu minni áðan, er tala þeirra manna rúmlega 800. En það mun óhætt að fullyrða, að engan veginn er eðlileg viðmiðun að telja þá alla vera við reglulegt nám erlendis allt árið eða venjulegan skólatíma, því fer víðs fjarri. Miklu nær lagi væri að leggja til grundvallar mati á kostnaði íslenzkra námsmanna erlendis þá tölu manna, sem notið hafa styrks hjá menntamálaráði, en þeir eru rúmlega 300 að tölu. Allir þeir námsmenn, sem njóta styrks hjá menntamálaráði, eru við reglulegt nám erlendis venjulegan námstíma, en það er ekki helmingur þeirrar tölu, sem notið hefur gjaldeyrisfríðindanna hjá gjaldeyrisyfirvöldum, og þess vegna er sú tala, sem hv. þm. nefndi um kostnað námsmanna erlendis, allt of há, áreiðanlega helmingi of há. — Hitt er ég honum alveg sammála um, að æskilegt er að gera enn meira en þegar hefur verið gert til þess að létta íslenzkum námsmönnum erlendis nám sitt og lífsbaráttu. Það átak, sem Alþingi hefur nú gert, er mjög myndarlegt, og það hygg ég að íslenzkir námsmenn erlendis kunni að meta og muni þakka. En hitt er sjálfsagt, að halda þessu máli vakandi og halda áfram að vinna vel á þessu sviði, því að í sannleika sagt er líklega engin fjárfesting íslenzku þjóðarinnar jafnarðbær og sú að búa vel að námsmönnum sínum, bæði erlendis og hér heima.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. menntmrh. lét það í ljós í lok ræðu sinnar, að nú mundu námsmenn erlendis þakka. Ég býst við, að tilefni til að flytja honum þakkarávarp gefist því aðeins, að þetta frv. geri betur en að rétta hlut þeirra, miðað við það, sem þeir bjuggu þó við áður. Ef það verður ekki, eins og hv. 7. þm. Reykv. taldi nú áðan að mundi vera, að hlutur þeirra yrði mun lakari þrátt fyrir aðgerðir þessa frv., þá virðist mér sem þakkarávörp mundu verða tilefnislítil.

Hins vegar verður því ekki neitað, að það er í samræmi við yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem hann gaf í hv. Ed. í sambandi við afgreiðslu frv. um efnahagsmál, að hlutur námsmanna verði nokkuð réttur, til þess að gera þeim kleift að halda áfram námi erlendis, og þó að ég hins vegar óttist það, að þeirra hlutur sé ekki bættur að fullu með þessu frv., þá er þetta þó í áttina.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég tók eftir því, að hv. frsm. n. sagði, að lánstíminn væri 10 ár. Svo leit ég í frv., aðeins í flýti, áður en ég fór hér í ræðustólinn, og sýndist þá, að þar væri reglan þessi, að vextir og afborganir byrjuðu ekki af þessum lánum fyrr en þremur árum eftir að námi lyki, og vil ég spyrjast fyrir um það, hvort það sé rétt, að 10 ára tímabilið sé miðað við námstímann plús 3 ár og svo komi 10 árin þar á eftir til þess að greiða lánin upp að fullu með afborgunum og vöxtum. (Gripið fram í.) Er það rétt? Já, þá finnst mér það vera mjög sanngjörn kjör, og vaxtakjörin þar eru a. m. k. í engu samræmi við hið almenna vaxtaokur, sem hæstv. ríkisstj. hefur ætlað landsbyggðinni að öðru leyti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 310,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 310,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 310,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 311).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með lögum þeim um breyt. á skráningu krónunnar, sem Alþ. samþ. nú fyrir skemmstu, jókst framfærslukostnaður íslenzkra námsmanna erlendis mjög verulega eða um 79%. Af þessum sökum taldi ríkisstj. nauðsynlegt að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að létta undir með þessum námsmönnum og auka stórlega þau framlög, sem Alþ. veitir árlega þeim til styrktar og lána þeim til handa.

Í fyrra voru veittar í fjárlögum 2 millj. kr. til námslána og námsstyrkja handa Íslendingum, sem stunda nám erlendis. Í fjárlögum þeim, sem nú nýlega hafa verið afgr., var þessi upphæð aukin upp í 5.2 millj. kr., eða um 3.2 millj. kr. Þegar Alþ. hafði tekið þessa ákvörðun um hið aukna framlag til íslenzkra námsmanna erlendis, leitaði ég álits menntamálaráðs, sem hefur haft með höndum veitingu styrkja og lána til þeirra, á því, hvernig skynsamlegt væri að verja hinu aukna fé, sem Alþ. hafði veitt í þessu skyni. Var það einróma álit menntamálaráðs og raunar einnig annarra embættismanna, sem ég leitaði til um þetta efni, að skynsamlegast mundi vera að hagnýta hina auknu fjárveitingu Alþ. í fyrsta lagi þannig að auka styrki þá, sem veittir hafa verið, þannig að þeir héldust a. m. k. óbreyttir í erlendum gjaldeyri, þ. e. að styrkjaupphæðin í erlendum gjaldeyri lækkaði ekki þrátt fyrir gengisbreytinguna, heldur gæti frekar hækkað, en að öðru leyti væri þessu nýja fé, sem Alþ. hefur nú veitt, varið þannig, að stóraukin væru námslánin til námsmanna erlendis.

Menntamálaráð tók upp þann sið fyrir um það bil 8 árum, — ég hygg, að það hafi verið 1952, — að verja nokkru af því fé, sem það árlega fær til umráða, til þess að veita námsmönnum erlendis námslán, og gerir það með leyfi eða samþykki menntmrn. Síðan hefur það aukið þessa lánastarfsemi sína nokkuð, og á síðasta ári mun það hafa notað um það bil 400 þús. kr. af þeim 2 millj., sem það hafði til umráða, til námslána. Menntmrn. hefur einnig heimilað menntamálaráði með bréfi að endurlána þær upphæðir, sem endurgreiðast af þegar veittum námslánum.

Nú, þegar fjárveitingin í þessu skyni hefur verið aukin upp í rúmar 5 millj. kr., kom í ljós, að hægt yrði að veita í námslán á þessu ári 3 millj. 250 þús. kr., og þegar menntamálaráð óskaði eftir því að verja þessari upphæð, 3 millj. 250 þús. kr., í námslán á þessu ári, þá taldi ég ekki eðlilegt, að svo víðtæk lánastarfsemi færi fram eingöngu með heimild í venjulegu ráðuneytisbréfi, heldur æskilegt og raunar alveg nauðsynlegt, að sett yrðu lög um svo víðtæka lánastarfsemi. Þetta er þeim mun eðlilegra sem sérstök lög hafa nú í heilan áratug gilt um hliðstæða starfsemi við Háskóla Íslands, en til eru lög um lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands, sem Alþ. veitir árlega fé til, hefur nú um nokkur undanfarin ár verið 1 millj. kr., en var hækkað upp í 1.4 millj. kr. á fjárlögum fyrir þetta ár.

Ég gerði því ráðstafanir til þess, að samið yrði frv. um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis, algerlega hliðstætt þeim lögum, sem nú gilda um lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands. En þau námslán, sem menntamálaráð hefur veitt til námsmanna erlendis, hafa fylgt alveg sömu reglum og gilt hafa um lánasjóðinn við Háskóla Íslands, en þær eru í meginatriðum þær, að lánin eru veitt til 10 ára, endurgreiðsla hefst 3 árum eftir að námi er lokið og vextir af lánunum eru 3½%. Og þetta eru meginákvæði þessa frv. Í 1. gr. eru ákvæði um, að sjóðurinn skuli stofnaður og menntamálaráð skuli fara með stjórn hans. Í 2. gr. eru síðan almennar reglur um starfsemi sjóðsins, sem eru algerlega hliðstæðar lögunum um lánasjóð stúdenta við háskólann og þeim reglum, sem menntamálaráð hefur fylgt fram að þessu varðandi þau námslán, sem það hefur veitt. Í 3. gr. eru ákvæði um, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega a. m. k. 3 millj. 250 þús. kr., en það er sú upphæð, sem menntamálaráð er sammála um að verja til námslána af þeim 5.2 millj., sem það hefur til umráða samkvæmt fjárlögum.

Hv. Nd. afgreiddi þetta mál við þrjár umr. á fundum sínum í dag, og menntmn. hv. Nd. mælti einróma með samþykkt frv., að gerðum þremur minni háttar breyt. á greinum þess. Ég vil leyfa mér að óska eftir því við þessa hv. d., að menntmn. hennar taki málið til meðferðar í kvöld eða fyrramálið, og óska eftir því, að d. sjái sér fært að afgreiða málið frá sér á morgun. Ástæða til þess, að ég ber fram ósk um svo hraða afgreiðslu á málinu, er sú, að nú er nýhafið annað gjaldeyrisúthlutunartímabil til námsmanna erlendis, — og raunar fyrsta tímabilið, sem gengislækkunin kemur til framkvæmda á gagnvart námsmönnum erlendis, því að á fyrsta ársfjórðungnum var heimilað að yfirfæra gjaldeyrisleyfi til námsmanna erlendis á gamla genginu. Nú munu yfirfærslur hins vegar verða að fara fram á nýja genginu, og þess vegna er

mjög nauðsynlegt, að menntamálaráð geti sem allra fyrst úthlutað þessum 5.2 millj., sem það hefur yfir að ráða.

Ég á ekki von á því, að þetta mál geti talizt ágreiningsefni á milli flokka. Það kom líka í ljós í hv. Nd., að það var afgr. shlj. bæði í hv. menntmn. og í d. sjálfri, og vil ég mega leyfa mér að láta í ljós þá ósk, að eins verði hér í þessari hv. deild.

Ég ítreka því þá ósk mína, eftir að hafa lagt til, að málinu verði vísað til hv. menntmn., að n. sýni málinu þann velvilja að taka það til afgreiðslu fyrir fund á morgun og að d. afgreiði það síðan frá sér síðdegis á morgun.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mál þetta, sem hér er flutt, er tvímælalaust mikið nauðsynjamál og að mínum dómi sjálfsagt að greiða fyrir því, að það gangi fljótt í gegnum hv. d. Ég vil aðeins segja örfá orð við 1. umr., vegna þess að mér sýnist, að það geti ekki talizt frambúðarlausn á málinu, þó að þetta frv. verði samþ. Mér sýnist hagur námsmanna, sem stunda nám erlendis, sá, eins og nú er komið, að mjög iskyggilega horfi fyrir þeim og þessi virðingarverða aðstoð, sem nú er veitt með þessu frv., nægi þeim alls ekki til frambúðar.

Þær upplýsingar komu fram í hv. Nd. í dag, að yfirfærsla á gjaldeyri til námsmanna erlendis hefði á s. l. ári verið um 16.7 millj. kr. Jafnframt upplýsti hæstv. menntmrh., að þeir námsmenn, sem nytu styrks að tilhlutan menntamálaráðs, fengju ekki allan þennan gjaldeyri og ekki nálægt því allan, heldur væru það alls konar námsmenn aðrir. Taldi hann ekki ólíklegt, að það mundi vera um helmingur þessarar upphæðar, er námsmenn nytu, er hefðu styrk frá menntamálaráði. En þótt svo sé, þó að ekki séu nema 8.3 millj. af þessari upphæð til þeirra námsmanna, þá kostaði sú upphæð námsmennina í fyrra, með 30% yfirfærslugjaldi, tæpar 11 millj. ísl. kr. þá. Það ár fengu þeir í styrki og lán um 2 millj. kr. Námsmennirnir hafa þá þurft að greiða, að frádregnum styrkjum og lánum, sem svarar tæpum 9 millj. það ár. Ef við tökum sömu upphæð nú, um 8.3 millj. kr., og bætum við gengisbreytingunni, þá kostar sá gjaldeyrir nú 19.6 millj. Ef við drögum frá þeirri upphæð þær 5.2 millj., sem þessum námsmönnum eru nú ætlaðar í styrki og lán, þá kostar þessi gjaldeyrir þessa sömu námsmenn 14.4 millj., sem kostaði tæpar 9 millj. í fyrra. M. ö. o.: miðað við þennan gjaldeyri, sem til þessara námsmanna ætti að hafa farið, eru þeir 5½ millj. kr. verr settir, þrátt fyrir þá aðstoð, sem veitt er með þessu frv. Ég nefni þetta aðeins til að benda á nú þegar við 1. umr., að ég tel óhjákvæmilegt, að þetta mál verði aftur tekið upp á næsta þingi, því að það geta alvarlegir hlutir gerzt, ekki aðeins fyrir þessa efnilegu nemendur þjóðarinnar, sem erlendis læra, heldur fyrir þjóðina í heild, ef ekki er séð fyrir því, að þessi aðstoð verði veitt það rífleg, að mennirnir þurfi ekki að hætta námi.

Þá er á það að líta, að allur sá fjöldi námsmanna, sem erlendis stundar nám og hefur ekki notið styrks frá menntamálaráði, hefur nú miklu meiri þörf fyrir styrk en áður var, fyrir gengisbreytinguna. Í öðru lagi má benda á, að þótt þessi virðingarverða aðstoð sé veitt, er hlutur námsmannanna sjálfra, sá hluti, sem þeir verða að leggja fram úr eigin vasa, svo miklu hærri en áður, að það er hætt við því og það er alvarleg hætta á því, að þeir verði einhverjir að hætta námi af þeim ástæðum. Þá dugir ekki, þó að styrkurinn eða aðstoðin sé aukin, ef þeir verða að hætta hvort sem er. Og í þriðja lagi vil ég benda á það, að þörf þjóðarinnar fyrir sérmenntaða menn fer sífellt vaxandi. Þjóðin má ekki við því að standa í stað á þessu sviði. Hún verður að auka möguleikana fyrir unga menn að geta stundað sérfræðinám erlendis.

Þetta vil ég allt benda á við þetta tækifæri til þess að sýna fram á þá þörf, að þetta mál verði aftur tekið upp á næsta þingi. Þessi aðstoð, sem veitt er með þessu frv., er góð og ágæt, það sem hún nær, og sjálfsagt að mínum dómi að greiða fyrir því, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu hér. En vandinn er ekki leystur nema aðeins til bráðabirgða að mínum dómi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 311, n. 315).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með hliðsjón af gengisbreytingunni, sem samþ. var hér á hv. Alþingi, gekkst ríkisstj. fyrir því, að fjárveiting til íslenzkra námsmanna erlendis var hækkað verulega eða í 5 millj. 195 þús., en sú fjárveiting nam 2 millj. kr. s. l. ár og 1 millj. 275 þús. 1958, og er því fjárveitingin nú liðlega fjórum sinnum hærri en hún var á því ári.

Fjárveitingin nær til styrkja og námslána. Gert er ráð fyrir, að námsstyrkir hækki sem svarar gengisfellingunni, en jafnframt verði hægt að verja til námslána 3 millj. 250 þús. kr. eða margfalt hærri upphæð en verið hefur.

Með frv. er ætlað, svo sem í grg. segir, að koma fastari skipan á námslánamál íslenzkra námsmanna erlendis en verið hefur fram að þessu. Í Nd. voru gerðar á frv. nokkrar breytingar, sem ég tel að allir geti orðið sammála um að til bóta horfi. Með frv., eins og það nú liggur fyrir, er m. a. lagt til, að lögfest verði vaxtakjör og greiðslutími námslánanna og einnig lágmark árlegs framlags ríkissjóðs til námslánasjóðsins, sem sé 3 millj. 250 þús.

kr., og enn fremur að vextir og afborganir námslána, sem veitt hafa verið á árunum 1952—59, skuli renna í sjóðinn. Í grg. með frv. er svo gerð áætlun fram í tímann um afkomu sjóðsins og möguleika til aukningar á útlánum.

Ég ætla, að hv. þm. geti verið á einu máli um það, að með frv. sé stigið stórt spor til hagsbóta fyrir íslenzkt námsfólk erlendis.

Menntmn. hefur haft frv. til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 315, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en flytur ekki við það neinar brtt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að láta í ljós sérstakar þakkir til hv. menntmn. fyrir að hafa tekið mál þetta til svo skjótrar afgreiðslu sem raun ber vitni um og einnig til hæstv. forseta deildarinnar og dm. allra fyrir að hafa reynst fúsir til að afgreiða málið með svo skjótum hætti, og vænti ég, að það hljóti afgreiðslu þessarar hv. d. nú í dag. Hið sama á auðvitað einnig við um menntmn. Nd. og þá deild, að þar hlaut það mjög skjóta og góða fyrirgreiðslu, og kann ég þeim aðilum einnig beztu þakkir fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 324).

---

15. Skipun prestakalla.

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla [60. mál] (stjfrv., A. 120).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að tilhlutan og beiðni biskups og fjallar um það, eins og segir í 1. gr., að biskupi verði heimilað að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins, og er ætlazt til þess, að ráðningartími verði allt að 3 árum.

Staða þessi á m. ö. o. að verða svipuð stöðu þess ferðaprests, sem svo er nefndur, sem nú þegar er ráðinn hjá þjóðkirkjunni og hefur raunar fyrst og fremst það starf að gegna þjónustu þar, sem prestar eru forfallaðir eða hafa ekki fengizt í prestaköll. En starf hans hefur þótt gefa góða raun.

Þá hefur einnig reynsla fengizt af því hin síðari ár, að æskulýðsfulltrúi, prestlærður maður, sem hefur starfað, að því er ég hygg, á vegum Reykjavíkurbæjar að þessum málum, hefur þótt gera mjög mikið gagn og starf hans einmitt orðið til þess að ýta undir þær óskir frá biskupi, prestastétt og söfnuðum, að sams konar æskulýðsfulltrúi gæti tekið til starfa og verkahringur hans náð til alls landsins.

Það er ekki einungis reynsla héðan úr Reykjavík, heldur víðs vegar annars staðar að úti í heimi, sem þykir benda til þess, að slík starfræksla meðal ungs fólks muni verða kirkjunni og þar með æskulýðnum og þjóðinni í heild til góðs.

Því frekar hef ég talið rétt að stuðla að þessu, þar sem vitað er, að mörg prestaköll eru nú auð, þannig að laun til presta eru í raun og veru minni en ætlað er skv. gildandi l., og enn fremur er á það að líta, að prestafjölgun, einkanlega hér í höfuðstaðnum, Reykjavík, er ekki enn orðin jafnmikil og lög þó áskilja. Það má raunar deila um og er nokkuð deilt um, hvort prestum hér skuli fjölgað nánast af sjálfu sér, eftir því sem fjölgar í bænum og hinum einstöku prestaköllum, svipað og barnakennurum fjölgar, jafnóðum sem nýjar bekkjardeildir koma til, án þess að nokkra sérstaka stjórnarvaldsráðstöfun þurfi að gera, eða hvort samþykki kirkjumrh. og eftir atvikum Alþ. þurfi að koma til þeirrar prestafjölgunar, sem ráðgerð er í lögum, miðað við vaxandi mannfjölda. Hvað sem líður ákvörðunarvaldinu um þetta, verður ekki um það deilt, að lögin ætlast til þess, að veruleg prestafjölgun verði í Reykjavík, eins og nú er komið.

Það er hins vegar álit a. m. k. biskups, að kirkjunni sé ríkari nauðsyn á því að fá þennan nýja æskulýðsfulltrúa í sína þjónustu heldur en þótt hin ýtrasta prestafjölgun yrði í Reykjavík, eins og lögin virðast ætlast til. Við vitum, að það er verið að byggja hér nokkrar kirkjur og aðstæður með ýmsum þeim hætti, að það þarf að búa betur í haginn varðandi hina ytri starfsemi kirkjunnar, fyrr en fleiri prestar séu við þær tengdir. Fleiri atriði koma hér einnig til, eins og skyldan, sem talin er vera á byggingu prestshúsa, og enn önnur atriði. Að minnsta kosti er það sameiginlegt álit biskups og kirkjumrh., að það verði meira gagn af því, eins og nú til hagar, að verja fé til þess að útvega kirkjunni þennan nýja æskulýðsfulltrúa, sem biskup ráði, heldur en þótt

þessari prestafjölgun yrði fylgt til hins ýtrasta, til viðbótar því, sem ég drap á áðan, að mörg prestaköll eru auð. Þess vegna verður ekki talið, að hér sé um óeðlilega fjárkröfu að ræða eða eyðslu umfram það, sem atvik standa til, heldur lýsir þetta frv. og undirbúningur þess skilningi æðstu manna kirkjunnar á því að fara varlega í óskum sínum um ný störf og sækjast ekki eftir stofnun þeirra, nema þar sem brýn þörf verði talin til og þau störf koma að sem mestu gagni.

Ég vonast þess vegna til þess, að þetta litla frv. fái greiðan gang í gegnum þingið, legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., sem ég hygg að venju samkvæmt meðhöndli þau mál, sem þessa eðlis eru.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil á engan hátt mæla gegn því, að þetta mál nái hér fram að ganga, en vildi biðja þá hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að athuga nokkrar ábendingar, sem ég vildi bera fram við þessa 1. umr.

Það er alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh., að kirkjan á fullkomna heimtingu á því, að ríkissjóður kosti slíkan mann sem hér um ræðir, þegar tekið er tillit til þess, að Reykjavík hefur ekki fengið þá prestatölu, sem lögin ákveða. Og það er fullkomlega rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta mundi spara ríkissjóði nokkurt fé, miðað við það að auka prestatölu hér í Reykjavík, svo sem lögin mæla fyrir um, og byggja yfir þá prestabústaði og annað, sem heyrir til embættunum.

En hvað hitt atriðið snertir, að hér sé verið að spara fé, vegna þess að miklu færri prestar eru almennt í landinu, þ. e. a. s. að ýmis prestaköll eru óveitt í landinu, þá get ég ekki verið sammála um það atriði, því að lögin um læknishéraða- og prestakallasjóði mæla svo fyrir alveg ákveðið, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir. Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands. Kirkjuráð ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því er ætlað samkvæmt l. nr. 21 6. júlí 1931.“ Ég hygg því, að það sparist ekkert fé við það, að ýmis prestaköll úti á landi eru ekki setin, því að helmingur launanna, eftir því sem venjulegt er, mun ganga til þess að greiða þeim prestum, sem þjóna, og hinn helmingurinn ganga í þann sjóð, sem ég hef hér minnzt á. En það verkefni, sem þessum sjóði er ætlað skv. l. um kirkjuráð, er ákaflega líkt því verkefni, sem þessum sama manni er ætlað að gera skv. þessu frv., og þess vegna vildi ég mega vænta þess, að menntmn., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það a. m. k. til athugunar, hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði um, að það, sem sparast við, að ekki eru prestssetur setin úti á landinu, að það fé fari einmitt til þeirrar starfsemi, sem hér er rætt um. Mér fyndist, að það væri ákaflega eðlilegt, á meðan ekki er tekin upp sú regla, sem væri kannske enn eðlilegri, að það fé, sem þannig sparast, fari til þess að byggja upp á þeim prestsjörðum, sem eru húsalausar og enginn prestur vill sækja um, á meðan ekki er byggt upp á jörðunum, eins og er þó nokkuð víða í landinu. Meðal annars liggur nú fyrir erindi frá einu ákveðnu prestakalli um að leggja fram allt að 800—900 þús. kr., svo að hægt sé að byggja yfir þann prest, sem hugsar sér að setjast þar að.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umr.

Að öðru leyti vildi ég einnig mega benda á, hvort ekki væri rétt að setja inn í l. málsgr., að slíkur leiðbeinandi við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins ætti að leggja sérstaka áherzlu á að leiðbeina í sambandi við áfengisneyzlu í landinu. Ég held, að hver maður, sem kynnir sér þau mál hér í Reykjavík og gengur hér um göturnar, eftir að myrkva tekur, hljóti að sjá, hversu það ástand er óviðunandi hér í okkar ágætu borg. Og ég hygg, að það væru kannske fáir menn, sem væru færari um eða hæfari til þess að reyna að gera þar eitthvað gott starf heldur en einmitt maður, sem á að vera kristilegur leiðbeinandi unglinganna í landinu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og vænti þess, að hv. menntmn. taki þetta til athugunar, þegar hún ákveður málið, að sjálfsögðu í sambandi við hæstv. kirkjumrh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 262 og 270, 269).

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Frv. þetta, sem hæstv. dóms- og kirkjumálarh. flytur að tilhlutan biskups og að beiðni hans, hefur menntmn. haft til meðferðar. Enginn ágreiningur hefur verið innan n. um meginefni frv., þ. e. heimild handa biskupi að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Um réttmæti og knýjandi þörf þessarar ráðstöfunar skal ég ekki fjölyrða, en læt mér nægja í því efni að vísa til framsöguræðu hæstv. dómsmrh. Æskulýðssamband Íslands og Æskulýðsráð Reykjavíkur hafa eindregið mælt með samþykkt frv. í bréfum til n. Við 1. umr. var því hins vegar hreyft af hv. 1. þm. Vestf., Gísla Jónssyni, n. til athugunar, hvort ekki væri rétt, að prestakallasjóður yrði látinn standa straum af kostnaði við æskulýðsfulltrúa þennan og spara ríkissjóði þannig útgjöld í þessu sambandi.

Prestakallasjóður er stofnaður með lögum nr. 98 1933, og eru tekjur hans, svo sem lögin segja til, það fé, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi komi til greiðslu embættislauna. Samkv.

l. um kirkjuráð, sem varðveitir sjóðinn, skal honum varið til að stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi. Tilgangur löggjafarinnar um prestakallasjóð hefur eðlilega verið sá, að fé það, sem annars er ætlað til að standa straum af lögmæltri prestsþjónustu í söfnuðum landsins, en sparaðist að nokkru leyti vegna prestseklu, kæmi störfum þjóðkirkjunnar að notum að verulegu leyti, hvort sem prestsembætti hennar væru skipuð eða ekki á hverjum tíma. En nú má ekki skilja það svo, að byrjunarlaun prests renni óskert í prestakallasjóð, sé prestsembætti óskipað, heldur er reyndin sú, að þegar svo stendur á, er nágrannapresti að jafnaði falin prestsþjónusta gegn hálfum byrjunarlaunum, en hinn helmingur byrjunarlaunanna rennur í prestakallasjóð.

Að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Vestf. sendi menntmn. biskupi til umsagnar þá hugmynd, að prestakallasjóður greiddi laun æskulýðsfulltrúans og þann kostnað, sem starf hans hefur í för með sér. Um það efni kemst biskup svo að orði m. a. í svarbréfi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú hugmynd, að prestakallasjóður greiði laun æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, er fjarstæða. Þjóðfélagslegar aðstæður hafa valdið því, að þessi sjóður hefur orðið til og vaxið nokkuð að tilstuðlan löggjafar, sem byggist á því heilbrigða sjónarmiði, að tímabundnir skipulagslegir meinbugir á högum kirkjunnar í landinu skyldu ekki lama heildaraðstöðu hennar um skör fram, heldur skyldi henni búin nokkur aðstaða til mótvægis. Sjóðurinn hefur vaxið af orsökum, sem eru allt annað en æskilegar, og stefnan hlýtur að vera sú, að þær orsakir hverfi úr sögunni. En jafnframt hlýtur það að vera stefna kirkjuráðs, sem að lögum hefur umráð yfir þessum sjóði, að hann geti haldizt í horfi sem starfssjóður til nauðsynlegra ígripa. Meðferð kirkjuráðs á þessu fé á undanförnum árum hefur verið varkár, og tel ég, að til þess liggi fyrrgreindar orsakir. En allt um það hefur hann staðið undir ýmissi starfsemi, sem ekki hefði verið unnt að reka án hans. Er vert að hafa það í huga, að þetta eru bókstaflega einu fjármunirnir, sem þjóðkirkjan hefur til frjálsra afnota, þegar frá er talið samskotafé, sem aflað er til tiltekinna þarfa, almennra eða staðbundinna. Sem dæmi um starfsemi, sem kirkjuráð hefur styrkt af þessu fé, skal ég nefna útgáfu blaða og bóka, ferðastarf, heimsóknir í prestaköll og önnur afskekkt byggðarlög, svo og í skóla, kvikmynda- og skuggamyndavélar til safnaðarstarfs, slysavarnir, sumarskóla og sumarbúðir fyrir börn og unglinga."

Margt fleira segir biskup í þessu bréfi sínu til nefndarinnar frumvarpinu til framdráttar og meðmæla, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar.

Menntmn. varð hins vegar ekki sammála um þetta atriði. Meiri hl. n. litur svo á, að prestakallasjóði veiti ekki af því fé, sem hann hefur og aflar til sinna þarfa, til eflingar hins mikilvæga hlutverks, sem honum er ætlað. Enn fremur hlýtur þróunin að verða sú í framtíðinni, að grundvöllur sá, sem tekjuöflunin byggist á, hverfi úr sögunni að meira eða minna leyti, eftir því sem tímar líða. Enn fremur er það skoðun meiri hl. n., að það sé ekki nema sanngjarnt, að prestvígður æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar sé launaður á sama hátt og sóknarprestar, ekki síst með tilliti til þess, að ríkissjóður sparar árlega stórfé á því, að fjöldi prestakalla er vegna fólksfjölgunar í landinu, einkum þó í kaupstöðum, í engu samræmi við það, sem gert er ráð fyrir í lögum. Þannig ætti t. d. hér í Reykjavík að bæta við fimm nýjum prestum, ef farið væri eftir ákvæðum laga í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. En með skírskotun til þess, sem ég nú hef sagt, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, og legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í frv. því, er hér liggur fyrir um breyt. á l. um prestaköll, er gert ráð fyrir því, að biskupi sé heimilað að stofna innan þjóðkirkjunnar nýtt embætti, sem ríkið skuli greiða allan kostnað af, embætti prestvígðs æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, sem leiðbeini um æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

Um þörfina á aukinni almennri æskulýðsstarfsemi verður vart deilt. Æskufólkið er dýrmætasta eign þjóðarinnar, og á fáu ríður meir en vel takist um uppeldi og mótun ungmenna, að þau séu vernduð gegn spillingaráhrifum. Svo sem segir í grg. frv. þess, sem hér er til umr., krefjast breyttar þjóðfélagsaðstæður nýrrar árvekni um andlega aðbúð æskulýðsins í landinu. Ungt fólk kemst nú orðið í miklum mun nánari snertingu við dekkri hliðar hins borgaralega þjóðfélags en áður var. Og hvers vegna? Meðal annars vegna þess, að á meðan efnahagur almennings var lakari en nú, má segja, að unga fólkið hafi verið meir sjálfala í þjóðfélaginu. En þegar efnahagurinn er orðinn betri og æskan hefur sjálf orðið talsverð peningaráð, hefur hún vakið áhuga ýmissa þeirra afla í þjóðfélaginu, sem áður létu hana afskiptalausa. Og hvert beinist sá áhugi, sem nú er vaknaður vegna fjárráða æskufólksins? Í þjóðfélagi, þar sem gróðavonin er driffjöðrin, beinist áhugi ýmissa að æskunni, ekki vegna þess, að þeir ali með sér áhyggjur um andlega aðbúð hennar, það er ekki áhugi á því að auka manngildi og þroska æskumanna, áhuginn beinist alls ekki að því, sem býr í sál æskumannsins, heldur því, sem kynni að liggja í pyngju hans. Í þjóðfélagi gróðavonarinnar hefur hafizt nýr atvinnuvegur, eins konar útgerðarstarfsemi, og miðin, sem róið er á, eru vasar æskufólksins, sem er laust á fé og hugsar sig ekki alltaf tvisvar um, hvernig skotsilfrinu skuli varið. Til þess að ná því, sem í pyngjunni liggur, er ekki vænlegast að bjóða það, sem mest raunveru-

legt gildi hefur, það, sem menntandi væri, göfgandi eða þroskandi. Gróðinn er betur tryggður með framboði á öðru. Í þessum atvinnuvegi sem öðrum í þjóðfélaginu er það samkeppnin, sem ræður. Og í dag er rekin harðvítug samkeppni peningamanna, sem beina öllu sínu hugmyndaflugi og atorku til þess að ná til sín sem allra mestu af tekjum æskufólks, með tímaritaútgáfu, danshúsum, biljardstofum, knæpum og sjoppum.

Ég er þess vegna algerlega sammála því, sem í grg. þessa frv. segir, að breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast nýrrar árvekni um andlega aðbúð æskulýðsins í landinu. Og það kemur fleira til en áhrifin frá þeim, sem áhuga hafa á æskunni vegna fjármuna hennar. Í grg. segir, að skólar séu ekki einhlítir og heimilin standi frammi fyrir mörgum vandamálum. Það mun vera rétt, að skólar og heimili séu vanmegnug. En hver er þá sú andlega leiðsögn og fyrirmynd, sem æskan hlýtur hjá leiðtogum þjóðarinnar? Ungt fólk er næmt fyrir því, sem að því snýr, og verður fyrir áhrifum af því, sem fyrir því er haft. Það er því miður hætt við, að það láti sig þess vegna ekki án vitnisburðar, þegar unga fólkið kynnist hjá þeim, sem meira mega sín, þeirri fjármálaspillingu, sem sífellt verður lýðum ljós. Og á sama tíma og skólarnir, sem eru ekki einhlítir, og heimilin, sem standa frammi fyrir mörgum vandamálum á uppeldissviðinu, eins og segir í grg., reyna þó að kenna ungmennum að ástunda heiðarleika og orðheldni, þá upplifir æskufólk í bláköldum veruleikanum, að æðstu menn þjóðarinnar, sem sýna áhuga á atkvæðum þess, líkt og peningamennirnir á skotsilfrinu, þykjast fyrir kosningar láta sér sérstaklega annt um bætt kjör ungs fólks, heita stóraukinni aðstoð til heimilisstofnunar, svíkja það svo, um leið og kosningar eru afstaðnar, með því ekki aðeins að bæta í engu kjör þess, heldur snúast beinlínis gegn æskunni með eindæma árásum, sem valda því, að einungis útvöldum meðal æskufólks er fært að eignast eigið húsnæði og fátækt námsfólk er hrakið frá námi. Skyldi nú svona orðheldni vera til leiðbeiningar æskunni og til aðstoðar heimilum og skólum í viðleitni þeirra?

Sú kynslóð, sem nú er á æskuárum, hefur verið svipt ýmsu því, sem rótfesti fyrri kynslóðir. Þær, sem næstar standa æskunni í dag, hlutu traust þjóðernislegt uppeldi, sem efldi þær til hugsjónalegra átaka. En þeir, sem eru ungir í dag, hafa hlotið þá reynslu, að þegar þeir voru að koma til vits, þá hljómaði enn fögnuður þjóðarinnar eftir sigur í aldalangri sjálfstæðisbaráttu. En sú sama kynslóð, sem hlotnaðist að vera krýnd sigurkransi fyrir samanlagða frelsisbaráttu þjóðarinnar og bar vissulega að skila Íslandi óskertu og óflekkuðu í hendur hinnar nýju kynslóðar, bjó sjálf erlendu herliði aðsetur á Íslandi, svo að erlendir hermenn skyldu deila landinu með þeirri kynslóð, sem átti að erfa það ein og fyrst allra kynslóða um aldir hefði ella erft alfrjálst Ísland.

Síðan hefur sá æskulýður, sem nú þarfnast nýrrar árvekni um andlega aðbúð, eins og segir í grg. frv., mátt fylgjast með niðurlæginguni, mátt horfa á æðisgengið kapphlaup athafnamanna þjóðfélagsins við að ná í sinn vasa sem mestum fjárhagslegum gróða af hernáminu. Spillingaráhrif hernámsins eru margháttuð: Þau, sem stafa frá hernum sjálfum, þau, sem hljótast af hinni almennu þjóðfélagslegu smán, sem hernámið er, og þau, sem blygðunarlausum fordæmum hermangaranna fylgja.

Það steðja ýmis óheillavænleg áhrif að unga fólkinu í þessu þjóðfélagi, og því segi ég það enn, að það er sannarlega ekki vanþörf á því, að æskan sé vernduð gegn þeim áhrifum, og það er varla að undra, þótt góðviljuðum mönnum þyki vera orðin þörf á einum presti til viðbótar.

Ég er hins vegar sannfærður um, að þótt hvert einasta ungmenni í landinu fengi heils mánaðar einkameðferð hjá sálusorgara, hversu ágætur sem hann væri, þá orkaði það margfalt minna til góðs um hugsunarhátt og siðahugmyndir ungmennisins heldur en þau brigðmæli öll verka til ills, sem æskan nú verður fyrir hjá ráðamönnum þjóðarinnar, — sú spilling, sem hernáminu fylgir og þeim fjáröflunartækjum, sem beitt er við æskuna til þess að ná frá henni sem mestu af fjármunum hennar.

Fyrir mitt leyti hef ég ekki trú á því, að því fé, sem þjóðin ætlar að veita til menningar- og uppeldisstarfsemi meðal æskunnar, verði bezt varið með því að beina því til jafnþröngra samtaka og einangraðrar starfsemi sem þjóðkirkjan í rauninni er, þó að svo muni ekki eiga að vera á pappírnum, heldur eigi slík starfsemi, kostuð af almannafé, fyrst og fremst að vera í höndum almennra félagssamtaka og bæjar- og sveitarfélaga. Víða í bæjar- og sveitarfélögum er víðtæk æskulýðsstarfsemi rekin í samvinnu bæjarfélaganna við hvers konar félagssamtök, og ætti þjóðkirkjan að geta verið þar þátttakandi. Æskulýðsstarfsemi einstakra félaga og stofnana ber að styrkja og styðja, þegar sýnt er, að starfið er þess vert, en fráleitt að mínu viti, að ríkið bæti nú á sig nýju embætti innan þjóðkirkjunnar sérstaklega.

Æskulýðsstarfsemi þarf að vera almenn, og almenningur á hverjum stað á að eiga þess kost að hafa áhrif á það, hvernig farið er með almannafé, sem til hennar er varið. En hví skyldi það hvarfla að nokkrum manni að fé til æskulýðs- og menningarstarfsemi sé á annan hátt betur varið en fá það þjóðkirkjunni? Það hvarflar að mér m. a. vegna þess, að mér eru dæmin kunn, að þjóðkirkjan hefur jafnvel beitt sér gegn menningarviðleitni, ef henni hefur fundizt hún skyggja á þrönga starfsemi kirkjunnar, og á ég hér ekki við aldagömul dæmi, sem alkunn eru.

Í þeim bæ, þar sem ég þekki bezt til, tóku nokkrir ungir menn sig saman um það fyrir fáum árum að lífga upp á daufa menningar-

starfsemi í bænum með því að stofna til bókmenntakynninga fyrir æskulýðinn og allan almenning. Til þessarar starfsemi var ekki leitað fjár frá opinberum aðilum, og til þátttöku voru fengin mörg þekktustu skáld og rithöfundar þjóðarinnar. Það er rétt að taka það fram, að skáld þessi og rithöfundar voru ekki valin eftir pólitískum skoðunum, og minnist ég þess, að þar voru t. d. Gunnar Gunnarsson, Þórbergur Þórðarson, Kristmann Guðmundsson, Kristján frá Djúpalæk, Helgi Hjörvar og margir aðrir. En hvernig tók nú almenningur þessari viðleitni? Í þau tvö skipti, sem bókmenntakynningarnar voru haldnar, troðfyllti hann stærsta samkomustað bæjarins, en aðeins í tvö skipti. Bókmenntakynningarnar voru ekki haldnar nema í þessi tvö skipti. Þjóðkirkjan sá um það. Samkomuhúsið hafði fengizt kl. 1.30 á sunnudögum, og það var nóg til þess, að kirkjan lét til sín taka og bannaði starfsemina í krafti laga um almannafrið á helgidögum, og vissi þó enginn til þess, að þeir 20—30 menn, sem sótt höfðu messur að jafnaði, kæmu ekki til kirkju eftir sem áður, ótruflaðir af þeim 300, sem sóttu bókmenntakynningarnar hvoru sinni.

Mér þætti því líklegra, að meiri og almennari árangur fengist af menningarstarfsemi meðal æskunnar, ef fjármagn, sem ætlað væri í því skyni, væri fengið viðtækari samtökum en þjóðkirkjan í reyndinni er. Ég hef þó ekki lagt til, að frv. þetta verði fellt, þar sem það liti svo út sem Alþ. væri út af fyrir sig andvígt því, að stofnað væri starf æskulýðsfulltrúa innan kirkjunnar. Ég tel það ekki óeðlilegt í sjálfu sér, en er hins vegar á þeirri skoðun, að kirkjan geti auðveldlega séð sjálf fyrir þeim æskulýðsfulltrúa, sem hún óskar eftir. Svo sem hv. 1. þm. Vestf. benti á við 1. umr. um frv. þetta, á þjóðkirkjan ráð á prestakallasjóði, en sá sjóður nemur nú um 2 millj. kr. Sá sjóður er einmitt ætlaður til starfsemi viðlíka þeirri, sem æskulýðsfulltrúi mundi hafa með höndum, og væri því ekki óeðlilegt, að hluta af vöxtum sjóðsins yrði varið til að launa æskulýðsfulltrúann, ef þjóðkirkjan telur sig svo mjög þurfa á honum að halda. Það kom hér fram áðan, að biskupinn á Íslandi telur það fjarstæðu, að æskulýðsfulltrúinn taki laun úr prestakallasjóði. Það undrar mig ekki sérlega, og ég tel það léttvæg rök, að biskup landsins telji það fjarstæðu, að kirkja landsins kosti sjálf fjárhagslega af þeim tekjum, sem hún hefur fyrir, til eflingar æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins. Fyrir fáum árum þótti forustumönnum kirkjunnar líka fjarstæða annað en að ríkið kostaði sérstaklega fundi, sem prestar og leikmenn héldu með sér í Reykjavík, og þá voru sett lögin um kirkjuþing, en til þeirrar samkomu er nú varið 120 þús. kr. á fjárlögum 1960. Ég minnist þess frá umr. um kirkjuþing, að svo merkur þingmaður sem Páll Zóphóníasson dró þá mjög í efa, að það fé, sem þá var verið að ráðstafa úr ríkissjóði, kæmi að því gagni, sem af var látið, og ég er á þeirri skoðun, að því fé hefði mátt verja betur. Og ég er líka á þeirri skoðun, að það fé, sem nú er ætlunin að verja til æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, kæmi æskulýðnum í landinu að betri notum á annan hátt. Mér sýnist og sem þjóðkirkjan geri minna að því en flest önnur samtök að hafa uppi viðleitni til almennrar fjáröflunar. Það er einfalt og útlátalítið að fá afhent fé úr ríkissjóði. En nú á þessum þrengingatímum hjá alþýðu manna, sem greiðir af naumum launum sínum svo mikið til ríkisins í tolla og skatta, að margir heimilisfeður ugga um afkomu fjölskyldu sinnar, þá tel ég fara illa á því, að þjóðkirkjan geri kröfur til ríkissjóðs um nýtt embætti, hversu gagnlegt sem hún kann að telja það, þegar hún að mínu áliti er fær um að kosta það sjálf eða ætti að geta aflað fjár til þess á annan hátt en að sækja það í ríkiskassann.

ATKVGR.
Brtt. 269 felld með 16:8 atkv.
1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil leggja það til, að þessari umr. verði frestað, úr því að enginn hæstv. ráðh. er viðlátinn. Mér finnst bæði hv. d. og málefnið sjálft verðskulda það, að málinu sé fylgt úr hlaði hér í d. með framsöguræðu.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þessu um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla, fylgir grg., og kemur þar fram, að frv. er flutt skv. ósk biskups Íslands, og eru færð allglögg rök fyrir því, að æskilegt sé að skipa það embætti, sem hér er farið fram á. Hv. alþm. hafa frv. fyrir framan sig ásamt grg., og er því ljóst, hver tilgangur frv. er. En til frekari áréttingar vil ég gjarnan lesa hér upp kafla úr bréfi frá biskupi Íslands til rökstuðnings fyrir þessu máli, en bréf þetta sendi biskupinn yfir Ís-

landi hv. menntmn. Nd., þegar hún fjallaði um málið. Biskup Íslands segir:

„Sérstök æskulýðsstarfsemi hefur farið fram á vegum þjóðkirkjunnar mörg undanfarin ár, og er hún að verða margþætt. Í flestöllum söfnuðum er einhver vísir kirkjulegrar starfsemi fyrir börn og unglinga, fyrir utan það, sem beinlínis heyrir til embættisskyldu presta, og sums staðar er sú starfsemi atkvæðamikil og blómleg. Aðstaða til slíkrar starfsemi er auðvitað mjög mismunandi. Sums staðar bagar fámenni og strjálbýli, annars staðar eru söfnuðir svo fjölmennir og ört vaxandi, að hvergi sér út yfir verkefnin og allt skipulag og aðstaða til félagslegrar starfsemi innan safnaðanna á byrjunarstigi. Gildir þetta einkum um Reykjavík.

Það þarf ekki að rökstyðja, að þær miklu breytingar, sem orðið hafa á íslenzku mannfélagi á liðnum áratugum og eru að verða, krefjast nýrra viðbragða og vinnuhátta af hálfu kirkjunnar. Sú aðstaða, sem hún hafði áður til áhrifa á æskulýð landsins með samstarfi við heimili og skóla, er ekki lengur einhlít. Það má hiklaust fullyrða, að það sé mjög almenn ósk mikils þorra þjóðarinnar, að kirkjan geti á virkari hátt en verið hefur um sinn beitt uppeldis- og mótunaráhrifum kristindómsins meðal uppvaxandi fólks í landinu.

Á síðustu árum hefur æskulýðsstarf kirkjunnar mjög færzt í aukana. Æskulýðsfélög eru starfandi í ýmsum söfnuðum. Fjölmenn æskulýðsmót hafa verið í öllum fjórðungum landsins s. l. sumur. Sumarbúðir fyrir unglinga hefur kirkjan rekið á Löngumýri í Skagafirði, og sams konar sumarstarf er í undirbúningi víðar. En öll æskulýðsstarfsemi kirkjunnar má teljast á byrjunar- og tilraunastigi enn sem komið er hér á landi, miðað við gerbreyttar þjóðfélagsaðstæður. Það er mikið í húfi fyrir kirkjuna og þjóðina, að þessi starfsemi komist á traustan grundvöll og geti orðið eins markviss og verða má. Að öðrum kosti notast ekki sem skyldi að þeim áhuga og kröftum, sem fyrir eru í söfnuðum landsins til þess að styðja að hollum trúar- og siðgæðisþroska æskulýðsins með félagslegu sjálfboðaliðsstarfi.

Æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar er ætlað að vera ráðunautur og leiðbeinandi í þessum efnum.

Um mörg undanfarin ár hefur íþróttafulltrúi starfað á vegum fræðslumálaskrifstofunnar. Er engum blöðum um það að fletta, að sá starfsmaður hefur unnið fyrir launum sínum, ef miðað er við það, að íþróttaáhugi og líkamsrækt sé einhvers virði fyrir þjóðina. Og ef gengið er út frá því, að andlegir hagir og mótun íslenzks æskulýðs skipti verulegu máli og að þjóðkirkjan sé líkleg til þess að geta þar einhverju góðu til vegar komið, þá getur ekki orkað tvímælis, að sú umbót á starfsaðstöðu kirkjunnar, sem farið er fram á með frv. um æskulýðsfulltrúa, er eðlileg og sjálfsögð."

Ég tel, að þessi kafli úr bréfi biskups skýri það bezt, hver tilgangur þessa frv. er, en hann er sá að fá sérstakan æskulýðsfulltrúa, sem starfi á vegum kirkjunnar og hafi áhrif á mótun og uppeldi æskunnar í landinu.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. að sinni, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 316).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv. að veita biskupinum yfir Íslandi heimild til þess að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins. Ráðningartími þessa manns skal vera allt að þremur árum í senn. Að öðru leyti verða kjör hans samkv. frv. hliðstæð því, sem nú gildir um forfallaprest, sem heimilt er að ráða samkv. gildandi lögum. — Menntmn. þessarar deildar hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 325).

---

16. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 33. fundi í Sþ., 31. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á þeim lögum** [111. mál] (stjfrv., A. 272).

Á 53. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð 20. nóv. 1959, ákvað hún að beita sér fyrir því að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst

og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Þessi ákvörðun, þetta samningsatriði var í beinu framhaldi af yfirlýstri stefnu stjórnarflokkanna beggja.

Í kosningastefnuskrá Alþfl. fyrir alþingiskosningarnar 25. okt. s. l. segir svo um endurskoðun á skatta- og útsvarskerfinu:

„Alþýðuflokkurinn telur, að tafarlaust verði að endurskoða allt tekjuöflunarkerfi ríkis, bæjar- og sveitarfélaga. Hann telur álagningu beinna skatta, stighækkandi skatta og útsvara dýra og rangláta aðferð við öflun tekna til opinberra þarfa. Í þessu sambandi leggur hann áherzlu á, að hið fyrsta komi til framkvæmda þál. Alþýðuflokksins um afnám beinna skatta."

Í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir sömu kosningar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðun fari fram á lögum um skatta, tolla og útsvör, með það m. a. fyrir augum að tryggja jafnrétti skattþegna og að skattar á eyðslu komi í stað tekjuskatts og útsvara, eftir því sem fært er."

Skömmu eftir stjórnarmyndunina var því hafizt handa um gagngerða endurskoðun á skatta- og tollakerfi landsmanna.

Sérstökum mönnum var falin endurskoðun tollskrárinnar og allra aðflutningsgjalda í heild, með það fyrst og fremst fyrir augum að gera allt þetta kerfi aðflutningsgjalda einfaldara í vöfum en verið hefur. Sú endurskoðun mun vafalaust taka 1—2 ár.

Í annan stað var svo hafin endurskoðun á söluskattslögunum, og hefur Alþingi nýlega afgr. ný lög um söluskatt, þar sem annars vegar er tekinn upp 3% söluskattur á vöru og þjónustu, en um leið felldur úr gildi sá 9% söluskattur, sem verið hefur í gildi að undanförnu varðandi iðnað og þjónustu. Hins vegar er haldið áfram athugun á söluskattskerfinu öllu, og má vænta, að þessi endurskoðun á því kerfi öllu verði lögð fyrir Alþ. í haust.

Í þriðja lagi var svo hafizt handa um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna, og sú heildarendurskoðun tekur að sjálfsögðu alllangan tíma. En nú þegar liggja fyrir tvö frv., sem undirbúin hafa verið af þeirri nefnd, og liggja þau nú fyrir hv. Nd.

Í fjórða lagi var svo hafin endurskoðun á allri löggjöfinni um tekju- og eignarskatt, og að þeirri endurskoðun störfuðu eftirtaldir menn:

Björn Ólafsson fyrrverandi ráðherra, sem er formaður nefndarinnar, alþingismennirnir Gísli Jónsson, Jón Þorsteinsson, Ólafur Björnsson og Sigurður Ingimundarson og Svavar Pálsson endurskoðandi. Enn fremur var ákveðið, að Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. skyldi taka sæti í nefndinni, þegar fjallað væri um atriði, sem varða framkvæmd skattamála.

Nú er það ljóst, eins og kemur fram í grg. þessa frv., að vegna hins víðtæka verkefnis nefndarinnar var sýnt, að ekki yrði unnt að leggja fyrir Alþingi, er nú situr, nema nokkrar breytingar á skattalögunum, er helzt væru aðkallandi, og þær breytingar, sem talið er fært að leggja fram nú, eru í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Að öðru leyti mun nefndin halda áfram heildarendurskoðun sinni á skattalögunum, með það fyrir augum að geta afhent tillögur sínar nógu tímanlega fyrir næsta Alþ. Það, sem haldið verður áfram endurskoðun á, er því að sjálfsögðu löggjöfin öll um félagaskatt og enn fremur um það þýðingarmikla atriði, hvernig á að haga framkvæmd skattamála, þ. e. a. s. bæði álagningu, eftirliti og innheimtu. Ég hef minnzt á það áður við 1. umr. fjárl., að þar koma gagngerðar breytingar til athugunar. Nú er svo ástatt, að undirskattanefndir, sem eru 219 að tölu, vinna að álagningu tekjuskatts, hver í sínu héraði. Það eru 3 menn í hverri nefnd, eða samtals 657 manns, sem að þessu vinna í undirskattanefndum. Yfirskattanefndir eru 24 og þrír menn í hverri, samtals 72 menn. Kostnaður við þessar nefndir og ríkisskattanefnd nemur nær 3 millj. kr. á ári. Eitt af því, sem nú er til athugunar, er það, hvort rétt væri að leggja niður þetta skipulag, afnema þessar nefndir og hafa nokkrar, fáar skattstofur með löggiltum endurskoðendum og öðrum hinum færustu mönnum til þess að annast útreikning og álagningu skatta og eftirlit með framtölum.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins tekið til meðferðar það stefnuskráratriði ríkisstj. og stjórnarflokka að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum og önnur atriði, sem standa í sambandi við þá breytingu. Við athugun á því, hvernig skyldi breyta skattalögunum til að framkvæma þetta atriði, urðu menn skjótlega á einu máli um, að tillit yrði að taka til fjölskylduframfæris, það væri m. ö. o. ekki rétt að láta jafnháa upphæð tekna skattfrjálsa hjá öllum mönnum, hvort sem þeir væru einhleypir eða fjölskyldumenn.

Niðurstaðan varð svo sú, eins og hér greinir í frv., að leggja til að afnema með öllu tekjuskatt á einstaklinga, sem hafa undir 50 þús. kr. í tekjur, og samsvarandi skattfrjálsar tekjur hjá hjónum verði 70 þús. kr. og síðan til viðbótar 10 þús. kr. skattfrjálsar fyrir hvert barn á framfæri. Það þýðir, að hjón með tvö börn væru skattfrjáls, þó að þau hefðu 90 þús. kr. tekjur, hjón með þrjú börn, þótt þau hafi 100 þús. kr. tekjur. Þegar komið er upp fyrir þetta mark, tekur svo tekjuskatturinn við, og eins og greinir í 1. gr. frv., greiðast af fyrstu 10 þúsundum skattgjaldstekna, þ. e. a. s. fyrstu 10 þúsundum fyrir ofan þau mörk, sem ég nú hef greint, 5%, og síðan fer hundraðstalan hækkandi í 30%, sem er hámark, í stað þess að í núgildandi lögum er hámarkið 40%. Þessu hámarki er náð við 90 þús. kr. skattgjaldstekjur, þannig að af þeim tekjum, sem þar eru fram yfir, greiðast 30%.

Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að þau ákvæði í núgildandi lögum, sem ákveða sérstakan skattfrádrátt vegna sérstakra ástæðna eða sérstakra starfa, haldast óbreytt. T. d. ákvæði um viss skattfríðindi sjómanna,

sem í lögum hafa verið, í lögum eru nú og réttmætt hefur þótt og sanngjarnt að viðhafa, þau haldast, þannig að við þessa skattfrjálsu tekjuupphæð, sem hér er greind í frv., bætist svo hjá sjómönnum sú upphæð, sem fríðindin nema, sem munu vera um 24 þús. kr. á ári.

Í þessari 1. gr. frv. felst því meginbreytingin frá því, sem nú er. Þetta þýðir það, svo að maður taki dæmi, að hjón með tvö börn, sem hafa 90 þús. kr. í tekjur eða minna, eru skattfrjáls. Ef þau hafa 100 þús. kr. tekjur, greiða þau 500 kr. í tekjuskatt. Hafi þau 110 þús., eru það 1500. Af 120 þús. eru það 2500. Þetta þýðir, að skatturinn lækkar hjá hjónum með tvö börn með 90 þús. kr. tekjur um 4757 kr., hjá hjónum með tvö börn og 100 þús. kr. lækkar tekjuskatturinn um 6428 kr., og hjá hjónum með tvö börn og 110 þús. kr. tekjur lækkar skatturinn um 8004 kr. frá því, sem nú er í gildi.

Í 2. og 3. gr. eru svo ákvæði, sem standa hér í beinu sambandi við. Fyrst og fremst eru það breytingar samkv. 2. gr. á k-lið og l-lið 10. gr. núgildandi laga og enn fremur samkv. 3. gr. breytingar á 11. gr.

Þetta leiðir allt af því, að núverandi ákvæði um persónufrádrátt eru afnumin, og í stað þess, að viss ákvæði, bæði í sambandi við skattlagningu hjóna og um tekjur barna og fleira, miðist við þann persónufrádrátt, sem verið hefur í lögum, er nú tiltekin ákveðin krónutala í staðinn. Þetta er bein afleiðing af meginbreytingunni samkv. 1. gr.

Þá er samkvæmt upphafi 2. gr. lagt til, að a-liður 10. gr. skattalaganna, eins og hann er orðinn eftir breytingu, sem gerð var í fyrra, falli niður. Eins og hv. alþm. muna, var samþykkt á Alþ. 1959 að undanþiggja skatti atvinnutekjur, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar. En það hefur komið í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Um þetta segir undirbúningsnefndin svo í grg. um 2. gr.:

„Oft er mjög erfitt að greina milli venjulegrar dagvinnu og yfirvinnu, auk þess sem erfitt er að skilgreina, hvað séu bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa, eins og í lögunum segir. Mörg fyrirtæki framleiða jöfnum höndum fyrir innlendan og erlendan markað, þannig að ókleift virðist að aðgreina, að hve miklu leyti yfirvinna, sem unnin er hjá slíkum fyrirtækjum, sé í þágu útflutnings eða framleiðslu fyrir innlendan markað. Má þar til nefna sláturhúsin sem dæmi. Af þessum ástæðum er lagt til, að a-liður 10. gr. verði felldur niður."

Við undirbúning reglugerðar varðandi framkvæmd þessa ákvæðis leitaði skattstofan í Reykjavík, sem lent var í mjög miklum vanda um túlkun og framkvæmd á þessu atriði, umsagnar hjá þremur kunnum verkalýðsleiðtogum hér í Reykjavík, þeim Eðvarð Sigurðssyni, Óskari Hallgrímssyni og Snorra Jónssyni, og settu þeir fram ýmsar athugasemdir, bæði varðandi lögin sjálf og einkum varðandi reglugerðina, sem skattstjórinn í Reykjavík hafði í smíðum. Í upphafi þessarar álitsgerðar segja þeir, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er, að lagasetning eins og hér um ræðir skapar misræmi milli skattgreiðenda og er því til þess fallin að vekja óánægju og samanburð hjá öðrum starfshópum en þeim, sem hún tekur til."

Margs konar önnur gagnrýni kemur fram í þessu áliti, en yfirleitt hefur það verið álit flestra þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, að sumpart sé þetta ákvæði lítt framkvæmanlegt, og um leið, að því leyti sem ætti að framkvæma það, mundi það leiða af sér hið mesta misrétti og ranglæti.

Af þeim ástæðum, sem hér hefur verið greint frá, leggur undirbúningsnefndin, tekjuskattsnefndin, einróma til, að þetta ákvæði sé úr lögum numið.

Ég skal ekki á þessu stigi fara mjög út í almennar umr. um skattamál eða tekjuöflunarmál ríkissjóðs. Þau mál hafa verið rædd svo ýtarlega hér að undanförnu, að þess gerist tæplega þörf að skýra þetta frv. frekar en þegar hefur verið gert. Þó má enn minna á helztu rökin, sem til þess liggja, að ríkisstj. og þeir flokkar, sem hún styðst við, leggja til að draga úr hinum beinu sköttum í samræmi við stefnuskráryfirlýsingar sínar fyrir kosningar.

Það má nefna í fyrsta lagi, að háir beinir skattar draga jafnan úr framtaki og vinnusemi, og eru þess ákaflega mörg dæmi, sem flestir landsmenn þekkja. Þegar svo er komið, að 70% af tekjum manna ganga til hins opinbera, að 7 af hverjum 10 krónum, sem maður aflar, eru teknar í tekjuskatt og útsvar, mun mjög mörgum, ef ekki flestum, svo farið, að þeir missa þann áhuga, sem þeir annars hafa á því að vinna sér til launa og afla sér fjár fyrir fjölskyldu sína og sjálfa sig. Við höfum oft heyrt þess dæmi m. a., að þegar starfsmenn á fiskiskipum hafa vegna mikils afla og dugnaðar verið komnir upp í háar tekjur, kannske seinni hluta árs, þá hafa þeir gengið í land, a. m. k. um stund, vegna þess að tekjur þeirra voru komnar upp í það mark, að mikill meiri hluti af því, sem þeir ynnu sér inn til viðbótar, yrði tekinn í skatta. Í einu blómlegasta útgerðarplássi landsins var mér sagt það nýlega, að þar væri mikil þörf á því á vissum árstímum, að giftar konur ynnu þar í frystihúsum vegna skorts á vinnuafli, en það væri svo komið, að mjög mikil tregða væri á því, ekki aðeins hjá þeim, heldur hjá bændum þeirra, sem væru sæmilega tekjuháir fyrir, að þær færu í slíka vinnu og tekjurnar síðan bættust ofan á með þeim skattþunga, sem af því leiddi.

Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum. Öllum landsmönnum er ljóst, að óhóflega háir beinir skattar draga óhjákvæmilega úr framtaki manna og vinnusemi, og er það að sjálfsögðu ekki aðeins til tjóns þeim sjálfum og

þeirra nánustu, heldur þjóðfélaginu í heild, með því að það dregur úr þjóðartekjunum.

Í öðru lagi er þess að geta, að skattalög eru orðin varhugaverð og háskaleg, þegar skattarnir eru orðnir það háir, að öllum almenningi finnst þeir vera ranglátir. Og þannig hefur verið hér um margra ára skeið, að öllum almenningi finnast skattalögin vera ranglát, og hefur það m. a. leitt af sér það almenningsálit, að flestum mun þykja eðlilegt að draga undan á skattaframtölum meira og minna af því, sem þeir afla. Niðurstaðan af þessu skattafargani hér hefur að sjálfsögðu orðið sú, að miklar fjárhæðir eru ekki taldar fram til skatts, og það, sem verra er, að sú skoðun er orðin mjög útbreidd meðal landsmanna, að það sé eðlilegur og jafnvel sjálfsagður hlutur að draga undan framtali það, sem menn geta.

Niðurstaðan hefur svo orðið sú, að skattarnir, hinir beinu skattar, hafa bitnað þyngst á launamönnum hjá hinu opinbera, þar sem hver eyrir er fram talinn, og þess vegna skapazt það ranglæti í þjóðfélaginu, að sá maður, sem tíundar allt og fær tekjuskatt og útsvar í samræmi við hið rétta framtal, verður að horfa upp á það, að nágranni hans, sem hann veit að hefur hærri tekjur og betri afkomu, borgar lægri skatta. Tilraunir skattayfirvalda til að ráða bót á þessu virðast ekki ná verulegum árangri. Það skattakerfi, sem felur í sér og leiðir af sér og þolir slíkt ranglæti, fær að sjálfsögðu ekki staðizt.

Enn má benda á það, að reynslan mun vera sú, bæði hér og víða annars staðar, að beinir skattar eru dýrari í álagningu, eftirliti og innheimtu en óbeinir skattar. Út í það atriði skal ég ekki fara lengra hér. Það mál var fyrir nokkrum árum rannsakað mjög gaumgæfilega af hagstofu Norðmanna, þar sem kom í ljós, að hér var gífurlegur munur á. En enn þá liggja ekki fyrir nægilega glöggar upplýsingar eða tölur um samanburð á kostnaði við innheimtu og álagningu annars vegar beinna og hins vegar óbeinna skatta.

Ég skal láta þessi orð nægja sem framsögu með þessu frv. og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er fram komin till. um það að vísa þessu máli til fjhn., eins og eðlilegt er. Af því að ég á sæti í þeirri n., mun ég ekki nú að þessu sinni flytja langa ræðu eða fara ýtarlega út í frv., þó að full ástæða sé til þess, áður en lýkur.

Skattamál eru vandasöm mál, það skal viðurkennt, og engir skattar hygg ég að finnist, sem séu gallalausir. Ég man þá tíð, að ég las í Alþýðublaðinu á ritstjórnardögum Ólafs Friðrikssonar og Haralds Guðmundssonar hugvekjur um skattamál, þar sem gert var upp milli beinna og óbeinna skatta. Þar var lögð áherzla á, að beinu skattarnir væru réttlátir, af því að þeir væru lagðir mönnum á herðar eftir burðarþolinu, óbeinu skattarnir óréttlátir, af því að þeir legðust á neyzlu manna án tillits til þess, hvort menn væru efnahagslega sterkir eða veikburða. Þá stóð í Alþýðublaðinu, að auðvaldið vildi hafa óbeina skatta til þess að komast hjá því að bera byrðar þjóðfélagsins í samræmi við getu sína. Þó að það makaði krók sinn á kostnað almennings í þjóðfélaginu, vildi það ekki gjalda til þjóðfélagsins í samræmi við gróða sinn, heldur vildi það, að goldið væri í óbeinum sköttum af neyzlunni, svo að gjöldin yrðu því næst nefskattar.

Nú er annað hljóð komið í strokkinn hjá Alþfl. Hann flutti á þinginu 1958, síðari hluta þings veturinn 1957—58, till. um afnám tekjuskatts, og frsm. þeirrar till. lagði á það höfuðáherzlu, ef ég man rétt, að ekki væri hægt að framkvæma álagningu tekjuskatts, svo að að gagni yrði, til þess að hann gæti talizt réttlátur skattur. Þetta væri ekki hægt nú orðið hérlendis vegna þeirra undanbragða í skattframtölum, sem ættu sér stað og ekki væri auðvelt að útrýma. Og enn fremur, að tekjuskatturinn væri svo dýr í framkvæmd, að ekki tæki nokkru tali, eins og nú væri komið með hann, að kosta til að viðhalda honum.

Nú er fram komið frv. það, sem hér liggur fyrir. Það má telja, að það sé fram komið vegna sinnaskipta Alþfl. En það er ekki um afnám tekjuskattsins í heild, heldur, eins og sagt hefur verið, afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Var það hjá því fólki, fólki hinna almennu launatekna, sem Alþfl. taldi að mest væri svikið undan skatti? Maður gæti haldið það af þessu frv., þegar miðað er við það, sem hann áður sagði.

Þá sést ekki heldur í þessu frv., að nokkuð sé dregið úr kostnaði við framkvæmd skattamálanna. Að vísu talaði hæstv. fjmrh. um, að það væri í athugun. En ef maður lítur til frv., sem liggur nú fyrir Nd. og útbýtt var í gærkvöld, um útsvör, verður ekki betur séð en að það sé enn meiri nauðsyn en nokkru sinni áður á því að leggja vinnu í að knýja fram rétt skattframtöl, því að nú skal byggt, að því er snertir útsvarsálagningar, meira en nokkru sinni áður var skylt, á framtölum, — upphafin að miklu leyti reglan um niðurjöfnun „eftir efnum og ástæðum", sem gaf þó rýmindi til þess að binda sig ekki við skattframtöl, þegar útsvör voru á lögð.

En við skulum sleppa þessu. Við skulum heldur athuga hitt, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa í sambandi við gengisfellinguna miklu og skattahækkanir sínar boðað, að með breytingu á tekjuskattslögunum yrði stórkostlega hlynnt að almenningi. Þeir, sem harðast yrðu úti vegna gengisfellingar og skattahækkana á öðrum sviðum, fengju þar stórkostlega leiðréttingu mála sinna. Þar yrði ívilnað þeim, sem mest þyrftu þess með.

Í Morgunblaðinu í dag má lesa stórar fyrirsagnir eins og þessa: „Auknir skattar hafa

ekki verið lagðir á þjóðina.“ Auðvitað á blaðið við: þegar allt kemur til alls. „Hækkun söluskattsins aðeins til að mæta skattalækkunum.“ Og svo loksins, með allra stærsta letrinu: „Tekjuskattur af almennum launatekjum felldur niður.“ Það hljómar ákaflega vel, að felldur sé niður tekjuskattur af almennum launatekjum, og vissulega er það gott fyrir þjóð að geta komizt af án þess, að goldnir séu skattar af almennum launatekjum. En hvað er svo hér á ferðinni, þegar til kemur? Er það eitthvað stórkostlegt, sem gert er fyrir almenning? Vegur það á móti því, sem lagt hefur verið á almenning að undanförnu og samtímis? Við framsóknarmenn höfum spáð því, að fyrst og fremst mundi verða, svo að um munaði, með breyt. á tekjuskattslögunum tekið tillit til hinna tekjuhærri. Og þegar maður rennir svo augum yfir frv., — það hefur vitanlega enn þá ekki unnizt tími til að fullprófa það, — þá virðist mér greinilega koma í ljós, að þessar spár hafi rætzt og það sé ekki aðeins svo, að Alþfl. hafi horfið frá fyrri skoðunum sínum á eðli tekjuskatts, heldur að hann hafi látið þann flokk, sem hann kallaði fyrrum auðvaldsflokk — og ætti Alþfl. í raun og veru að eiga endurminningar um það heiti — koma því svo fyrir, að þegar breytt er tekjuskattslögunum að þessu sinni með samstarfi þessara flokka, séu það fyrst og fremst þeir, sem hafa breiðu bökin, sem létt er þunga byrðanna af.

Ef við nú tökum t. d. nettótekjur manns, 50 þús., en það er það hámark, sem fellt er niður hjá einhleypum manni, sést, að einhleypur maður, sem hefur haft 50 þús. í launatekjur, hefur borið í tekjuskatt 2131 kr. og ber nú ekkert. Af honum er létt 2131 kr. Víst er þetta léttir. En hins vegar munu flestir einhleypir menn fljótlega geta reiknað það, að þessi upphæð hrekkur ekki á móti því, sem þeir þurfa að greiða í söluskatt og verða að greiða vegna gengisfellingarinnar í lífskostnað.

Þá er það maður, sem giftur er, maður með konu og tvö börn, sem hefur 50 þús. kr. nettótekjur. Þessi hjón greiddu, eins og lögin hljóða nú, 343 kr. í tekjuskatt. Það er létt af þeim 343 kr. Mikið munar þau um það! Það má segja, að tekið sé mikið tillit til þeirrar lífskostnaðaraukningar, sem á þau hefur verið lögð!

Og svo er maður og kona, sem hafa á framfæri sínu 4 börn, en 50 þús. í tekjur. Þau greiddu samkv. gildandi lögum 137 kr. Ætli þau telji, að það sé miklu af sér létt? Skyldi þeim draga þetta stórlega?

Þá skulum við taka næst til athugunar nettótekjur 60 þús. kr., en það munu vera venjulegar tekjur Dagsbrúnarmanns, sem hefur þó nokkra yfirvinnu, líklega meira en einnar stundar yfirvinnu á dag. Ef hann er einhleypur, greiddi hann í fyrra 3358 kr., en á nú að greiða 500 kr. Honum dregur þetta vitanlega mikið, 2800 krónurnar, á móti hækkun þeirri, sem hann verður fyrir!

Og þá eru það hjón með tvö börn. Þau greiddu í fyrra 1232 kr., en greiða nú ekkert.

Og loks eru það hjón með 4 börn. Þau greiddu í fyrra 331 kr., greiða nú ekkert. Mikið er gert fyrir þetta fólk með almennu launatekjurnar, þegar skattalögunum er breytt!

En svo skulum við taka hærri tekjur, nettótekjur, t. d. 110 þús.

Einhleypur maður greiddi samkv. gildandi lögum 15675 kr. í skatta af þessum 110 þús. Víst mundu flestir menn, meiri hluti manna í landinu, telja þann mann vel settan. Nú á hann að greiða samkv. þessu nýja frv. 7500 kr. Lækkunin á honum verður 8175 kr. Jú, það er nokkurt tillit tekið til hans. Skyldi það vera Sjálfstfl. eða Alþfl., sem ber hann fyrir brjósti meira en hina?

Þá eru það hjón, eins og ég nefndi áðan, með 2 börn, sem hafa 110 þús. kr. nettótekjur. Þau greiddu 9504 kr. í fyrra. Nú eiga þau að greiða 1500 kr. Lækkunin er 8004 kr. Vitanlega dregur þeim það. Þau tilheyra þeim, sem hafa breiðari bökin.

Og svo eru það hjón með sömu tekjur, sem þurfa að sjá fyrir 4 börnum. Þau greiddu í fyrra 6777 kr., eiga nú að greiða 500 kr. Lækkunin verður hjá þeim 6277 kr.

En svo skulum við taka líka 150 þús. kr. nettótekjur. Einhleypur maður, sem hefur þær tekjur, greiddi í fyrra 28971 kr., en á nú að greiða 17500 kr. Hann fær 11471 kr. til dýrtíðaruppbóta hjá sér. Mundi hann þurfa þess frekar með en hinn láglaunaði? Er ástæða til þess að létta svo miklu af honum, þegar ekki er létt af þeim, sem hafði 60 þús., nema 2800 kr.?

Þá eru það hjón með 2 börn, sem hafa 150 þús. kr. í tekjur. Þau áttu að greiða samkv. gildandi lögum 21876 kr., eru nú færð niður í 7500 kr. Þeim eru þarna réttar 14376 kr. Ekki er nú gerður munurinn á!

Og loks eru það hjón með 4 börn, sem hafa 150 þús. kr. nettótekjur. Þau greiddu samkv. gildandi lögum í fyrra 18412 kr., eiga nú að greiða 4 þús. kr. Það, sem er létt af þeim, eru 14412 kr.

Segi svo þessir flokkar, sem bera frv. fram, að í frv. sé fyrst og fremst tekið tillit til þeirra, sem eru minni máttar. Nei, í þessu frv. er fyrst og fremst tekið tillit til þeirra, sem betur mega sín.

Eins og ég sagði í upphafi, tel ég mig hafa tækifæri til þess sérstaklega að athuga þetta frv. og gera við það athugasemdir í nefnd og ætla þess vegna ekki að tefja tímann nú með fleiri orðum. En ég þykist hafa sýnt fram á það, að frv. er alls ekki í samræmi við þá boðun, sem flokkarnir hafa haft, og þær stóru fyrirsagnir, sem a. m. k. eru í Mbl. í dag. — ég hef ekki séð Alþýðublaðið, mér þykir líklegt, að það séu þar vænar fyrirsagnir líka. Það er ekki í samræmi við þetta frv. Og ég held nú, að þessir flokkar ættu að athuga málið betur og a. m. k. breyta fyrirsögnum í blöðum sínum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það má segja, að það sé ekki vonum fyrr, að þetta frv. sér dagsins ljós hér á hv. Alþ., því að í raun og veru er þegar að nokkru leyti búið að afgreiða það, áður en það er lagt fram, svo kynlegt sem það kann nú að virðast. Fjárlög hafa verið afgreidd og lögfest, að hæð tekjuskatts í fjárl. verði ekki í samræmi við þau lög, sem enn gilda, heldur að því er sagt er í samræmi við það frv., sem hér liggur fyrir og enn á eftir að ganga í gegnum allar umr. hér á hv. Alþ. En þetta frv. var, eins og kunnugt er, sem vendilegast falið, þegar fjárlög voru undirbúin og afgreidd. Í annan stað hefur svo verið lögfestur nýr skattur, sem m. a. er ætlað að koma að nokkru leyti í stað þess tekjuskatts, sem hér er af tekinn að nokkru leyti eða öllu heldur lækkaður. Ef reiknað væri nú með því, að meiri hluti Alþ. notaði sér að einhverju leyti rétt sinn og vald til þess að breyta að meira eða minna leyti þeim frv., sem hæstv. ríkisstj. þóknast að bera fram, mættu allir sjá, hvert sú árátta hæstv. ríkisstj. leiðir að fara í flestu öfugt að hvað málatilbúnað snertir við það, sem rökrétt er og í samræmi við þingræðisvenjur. Vel má vera, að hæstv. ríkisstj. þyki nauðsyn mikil að sýna stjórnarandstöðunni, að hún sé ráðin í því fyrir fram að hafa að engu hennar orð, ábendingar eða till., hversu sjálfsagðar sem þær kunna að vera. En hitt skyldi hún þá jafnframt hafa í huga, að engum er með slíkum vinnubrögðum sýnd minni virðing en hv. þm. stjórnarflokkanna, sem á þennan hátt er ætlað það eitt hlutverk að samþykkja orðna hluti án tillits til málefna.

Aðalástæðan fyrir því, hvað þetta frv. er síðborið, miðað við allar aðstæður, kann að vera sú, að ríkisstj. telji sér hagstætt, að það sé metið eitt og einangrað frá öðrum aðgerðum hennar í efnahagsmálum og að á þann veg hljóti hún þá fyrir eitt mál nokkra samúð. Þetta verður þó trúlega nokkuð erfitt, þegar þess er gætt, að strax og gengisfellingin, vaxtaokrið og söluskatturinn voru boðuð, var afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum jafnframt lýst sem því bætandi smyrsli, sem við hlið fjölskyldubótanna ætti að bæta allt hið illa, sem af þessum ráðstöfunum leiddi. Með þessu frv. fær nú verkamaður eftirgefinn tekjuskatt, sem mundi nema frá 150 kr. eða jafnvel enn þá minna og upp í 1400—1600 kr. á ári eftir því, hverjar tekjur hann hefur, og eftir fjölskyldustærð. Meira getur það tæplega orðið miðað við vinnu, sem nokkurn veginn getur boðlegt talizt að leggja á einn mann. Slíkur maður hlýtur því að gleðjast rétt hóflega, þegar hann hugleiðir, að í stað þessarar eftirgjafar er honum gert að greiða þúsundir króna í söluskatt og meira en tug þúsunda í hækkuðu verðlagi vegna gengisfellingarinnar einnar.

En það má segja, að þessar staðreyndir hafi í raun og veru verið ljósar um langt skeið eða allt frá því að lögin um efnahagsmál sáu dagsljósið og þó enn þá skýrari eftir að söluskatturinn kom fyrir augu þings og þjóðar. Það er því ekkert nýtt, að skiptin á tekjuskatti og öllum þeim gífurlegu verðlagshækkunum af völdum gengisfellingarinnar og söluskattsins hljóti að verða almenningi þung í skauti. Það hefur verið augljóst áður. Hitt er nýtt og skýrist a. m. k. betur en áður með þessu frv., að ein af ástæðunum fyrir því, hve þessi skipti eru óhagstæð og raunar óbærileg, er sú, að jafnframt því, sem tekjuskattur af svokölluðum almennum launatekjum er afnuminn, er tekjuskattur hátekjumanna lækkaður svo stórkostlega, að þeir fá allar hækkanir, sem á þeim lenda vegna efnahagsaðgerðanna, að fullu bættar og jafnvel miklu meira, á sama tíma sem þeir, sem minnst mega sín, fá smánarbætur einar. Af þessu frv. verður auðsætt, að hinum almenna launamanni er í bókstaflegum skilningi gert að greiða að miklum hluta þá skatta, sem hátekjumenn og auðmenn hafa áður verið látnir bera. Þannig tryggja þeir sér raunverulega stórkostlegar launahækkanir, sem í fjölmörgum tilfellum nema tugum þúsunda á einstakling, á sama tíma sem láglaunamönnum og þeim, sem hafa meðaltekjur, er lögbannað að fá dýrtíðarholskefluna að nokkru bætta með verðlagsuppbótum. Með þessu frv. tryggja hálaunastéttirnar og þar í t. d. þeir menn, sem nú í krafti ráðherradóms síns ráðast svo heiftarlega að lífskjörum almennings sem raun er á, sér persónulega mjög ríflegar verðlagsuppbætur og kauphækkanir, á sama tíma og þeir leiða vofu neyðarinnar að dyrum almennings. Þetta eru ekki aðeins fullyrðingar, heldur blákaldar staðreyndir, svo óhugnanlegar sem þær eru.

Verkamaður, sem vinnur allan ársins hring eðlilegan vinnudag og eina klst. að auki í yfirvinnu, ber úr býtum tekjur, sem nema 58909 kr. Ef hann á konu og þrjú börn, verða skattskyldar tekjur þessa manns í hæsta lagi kringum 27 þús. kr. og tekjuskattur samkv. því 1500—1600 kr., eða e. t. v. minni, ef annar frádráttur en persónufrádráttur kemur til. En ráðh., t. d. hæstv. fjmrh., sem bar 50 þús. kr. í tekjuskatt á s. l. ári og virðist því hafa haft á því ári 210—220 þús. kr. árstekjur það ár, mundi eftir hinum nýju lögum bera 20500 kr. eða nálægt því. Hreinn gróði hans af skattalækkuninni næmi því kringum 30 þús. kr., 30 þús. kr. raunverulegri og skattfrjálsri kauphækkun. Slíkur maður þarf vissulega ekki að kvarta yfir söluskatti, yfir gengisfellingu eða afnámi verðlagsuppbóta. Hann virðist hafa tryggt sig prýðilega fyrir öllum afleiðingum slíkra ráðstafana. Og það er vissulega ekki að undra, þó að slíkir herrar geti belgt sig út og hrópað um glæpi gagnvart þjóðfélaginu, þegar láglaunamönnum dettur í hug að snúast til varnar sinni lífsafkomu með því að krefjast hærri launa.

En þá vaknar spurningin: Hverjir eiga að greiða þessar kauphækkanir hátekjumanna, því að vissulega er málinu ekki þannig varið,

að ríkið taki minna í sinn hlut en áður, þegar á heildina er litið, heldur mörgum hundruðum milljóna meira en áður, eins og allir vita? Ég held, að þessari spurningu sé auðsvarað. Það eru láglaunamennirnir, sem á næstu tímum hljóta að stynja undir verðhækkununum af völdum gengisfellingarinnar og annarra ráðstafana hæstv. ríkisstj., sem er ætlað að greiða m. a. hæstv. fjmrh. og öðrum hátekjumönnum í þjóðfélaginu eina stórfelldustu launahækkun, sem sögur fara af í þessu landi, mönnunum, sem hrópa um það sem þjóðarnauðsyn, að allir axli sínar byrðar að jöfnu. Hitt kann hins vegar að reynast annað mál, hversu fúsir menn reynast að þola álögurnar bótalaust, þegar þeir, sem völdin hafa, sýna fórnarlund sína með þeim hætti, sem þeir nú gera.

Að því leyti, sem tekjuskatturinn er afnuminn með þessu frv., verður eftir atvikum að telja, að um eðlilega ráðstöfun sé að ræða. Að vísu er það svo, að lágmark skattsins, t. d. á 100 þús. kr. tekjur hjóna með þrjú börn, væri óeðlilega hátt miðað við þau launakjör og verðlag, sem gilt hafa fram undir síðustu tíma, því að þeim, sem hafa slíkar tekjur, væri vissulega fært, miðað við það ástand, sem hefur verið, að greiða nokkurn beinan skatt til ríkisþarfa. En hitt virðist augljóst, að þess verði a. m. k. ekki langt að bíða, að slíkar tekjur verði ekki meira en til nauðþurftar og því ekki réttmætt að skattleggja þær, og næsta líklegt, að á næstu tímum muni t. d. verkamannalaun fara upp í álíka upphæð sem bein afleiðing af þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið.

En sú stórfellda lækkun tekjuskattsins á hátekjumönnum, sem nú er hugmyndin að framkvæma, er aftur á móti, eins og allt er í pottinn búið, ein ósvífnasta tilfærsla á tekjum í þjóðfélaginu frá hinum tekjulægstu til þeirra, sem mest bera frá borði, þó að segja megi, að aðrar aðferðir, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur beitt, séu þar kannske öllu stórvirkari. Þessa tekjutilfærslu hygg ég vera eina berlegustu afhjúpunina á þeim loddaraleik, sem nú fer fram fyrir alþjóðaraugum, þar sem hæstv. ríkisstj. leikur aðalhlutverkið þyljandi textann um, að launamenn lifi um efni fram og allir verði að fórna. Í mínum augum er það aðalatriði þessa máls, að um leið og launamönnum er réttur til baka örlítill hluti, jafnvel í bezta falli eða í mjög mörgum tilfellum aðeins um tíundi hluti af því, sem af hefur verið tekið, og þeim mun minna, sem af minna hefur verið að taka, þá er tækifærið notað til þess að hækka raunverulega laun hátekjumanna, jafnvel um tugi þúsunda á einstakling.

Um önnur atriði, sem veigaminni eru í sambandi við þetta mál, mun ég að mestu geyma mér að ræða þar til síðar, en sýnilegt þykir mér þó, að sitthvað horfi þar einnig til verri vegar. Þannig eru t. d. með þessu frv. raunverulega afnumdar allar skattaívilnanir til sjómannastéttarinnar, sem hún hafði umfram aðra. Þessar ívilnanir voru settar í þeim ákveðna tilgangi að ýta undir það, að menn veldu sér fremur störf við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar en þeir ella hefðu gert. Nú eru hinir nýju skattar að sjálfsögðu lagðir algerlega jafnt á sjómannastéttina sem aðra og sjómenn í engu látnir fara varhluta af þeirri álagaáþján, sem verið er að hneppa allan almenning í. Og vissulega mun þetta hafa sín áhrif og þau ekki í neina heillaátt. Svipaða sögu er að segja af þeirri réttarbót, sem fram fékkst s. l. vetur um nokkurt skattfrelsi á yfirvinnutekjum við útflutningsframleiðsluna, nema hvað þar er enn lengra gengið og þau ákvæði nú formlega úr gildi numin, áður en þau koma til framkvæmda í fyrsta skipti, sem átti að verða við skattlagningu á þessu ári, en ekki á næsta ári, eins og skrökvað er í grg. frv.

Hæstv. fjmrh. vildi gera mikið úr því áðan, að þessar ívilnanir hefðu verið óframkvæmanlegar. Og það er nú svo, að þeir, sem kynntu sér t. d. söluskattsfrv., þar sem voru raunverulega lög um það, að ráðh. gæti haft vald á allri framkvæmd algerlega að vild sinni, kunna að hafa brosað að því, að ókleift væri að setja reglugerðarákvæði, sem gerði þessar ívilnanir framkvæmanlegar. Og ég held líka, að það hafi alls ekki verið rétt, sem hann fullyrti hér, að það hafi verið einróma samstaða um þetta jafnvel í þeirri n., sem um þetta fjallaði af hálfu stjórnarflokkanna. A. m. k. rekur mig minni til þess, að hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) lýsti því yfir hér í ræðu í Nd., að hann væri því algerlega samþykkur, að þessi ákvæði væru áfram í gildi, og á s. l. ári, þegar þetta mál var rætt við skattstjórann hér í Reykjavík, kom ekkert fram um það hjá honum, að hann teldi, að þessi lagaákvæði væru óframkvæmanleg, enda var það svo, að hæstv. fjmrh. sleppti því alveg að lesa nema aðeins fyrstu setningu úr álitsgerð, sem fram kom frá nokkrum foringjum verkalýðsfélaga varðandi þetta mál. En ef hann hefði látið svo lítið að lesa þá grg. alla, hefði greinilega komið í ljós, að þeir voru síður en svo mótfallnir þessum ákvæðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 272, n. 287, 298 og 299).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 287 ber með sér, hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins, þannig að við þrír, sem að meirihlutanál. stöndum, mælum með því með einni lítilfjörlegri breyt., sem er aðeins formsatriði. Við leggjum til, að smábreyting verði gerð á fyrirsögn frv. En tveir hv. nm., þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e., hafa haft sitthvað við þetta frv. að athuga og munu skila sérálitum.

Að því er snertir aðdraganda og undirbúning þess frv., sem hér liggur fyrir, hefur hæstv. fjmrh. gert því máli svo glögg skil við 1. umr. málsins, að ég sé enga ástæðu til þess að bæta neinu þar við. Hins vegar er með þessu frv. og öðrum þeim frumvörpum um skattamál, sem hæstv. ríkistj. hefur lagt fyrir Alþ. það, sem nú situr, gerð svo róttæk breyting á skattakerfinu í heild, að ég tel ástæðu til þess að fara um það nokkrum orðum, um leið og nál. þessu er fylgt úr hlaði.

Meginbreyt. er í því fólgin, að beinir skattar einstaklinga til ríkisins eru stórlækkaðir, en í stað þeirra eru söluskattar hækkaðir, eins og kunnugt er. Er þetta í fullu samræmi við þær yfirlýsingar, sem gefnar voru af báðum stuðningsflokkum núv. hæstv. ríkisstj. fyrir síðustu kosningar.

Hér á landi, eins og raunar einnig líka í nágrannalöndum okkar, hefur lengi verið deilt um það, eins og kunnugt er, hvort leggja skuli áherzlu á beina eða óbeina skatta. Hér skal ekki reynt að kryfja þetta mikilvæga mál, sem hefur svo margar hliðar, til mergjar. En þó vil ég leyfa mér að draga hér fram nokkur meginatriði, sem liggja til grundvallar þeim ákvörðunum í þessum efnum, sem teknar hafa verið. Áður en lengra er haldið, er rétt að taka það fram, að beinu skattarnir hafa marga kosti, sem engan veginn má loka augunum fyrir, ef ræða skal skattamálin sem heild. Er sá kosturinn mestur, að séu tekjuframtöl rétt, fullnægja engir skattar betur því sjónarmiði, að hver skuli greiða skatta í samræmi við efnahagslega getu sína, en einmitt beinu skattarnir, sem lagðir eru á nettótekjur eða nettóeignir. Á sínum tíma voru það því mjög mikilvægar félagslegar umbætur, þegar teknir voru upp skattar á nettótekjur og nettóeignir í stað hinna gömlu bruttóskatta og nefskatta, sem oft hvíldu á borgurunum í öfugu hlutfalli við efnahagslega getu þeirra. Hins vegar hafa beinu skattarnir einnig marga og stóra ágalla, sem hafa komið því betur í ljós sem þessir skattar hafa orðið stærri liður í skattakerfinu. Má þá í fyrsta lagi nefna það, að þegar skattstigarnir eru komnir yfir ákveðið mark, dregur slíkt mjög úr hvöt manna til þess að afla sér þeirra tekna, sem svo miklu þarf að skila af til hins opinbera. Skattaálögurnar draga þannig úr starfsvilja og framleiðsluafköstum. Þess má geta, að samkv. þeim skattstigum, sem til þessa hafa verið í gildi, ber einhleypum mönnum að greiða hér í Reykjavík samanlagt 65% í skatt til ríkis og bæjarfélags af tekjum, sem eru yfir 100 þús. kr. Og þetta fer upp í 70% samkv. núgildandi skattstigum, ef tekjurnar eru yfir 130 þús. kr. Nú er það, eins og kunnugt er, þannig, að útsvarsstigar eru yfirleitt lægri hér í Reykjavík en úti á landi, þannig að gera má ráð fyrir, að þessi skattaprósenta sé hærri þar og verði náð við lægri tekjur. En það er sýnt, að ef um fólk er að ræða, sem sæmilega er efnað, hefur það litla ástæðu til þess að afla tekna, sem um 70% af fara í skatt. Auðvitað verður ekkert almennt sagt um það, hve háir skattstigarnir megi vera til þess, að slíkra óhagstæðra áhrifa á starfslöngun og starfsvilja gæti. Slíkt er auðvitað mismunandi, hvað snertir mismunandi einstaklinga. En vekja má athygli á því, að sérstök hætta er einmitt á því, að hinir háu skattstigar muni valda því, að það verði einkum beztu starfskraftar þjóðfélagsins, sem vegna þeirra nýtast verr en ella mundi. Þetta er þó út af fyrir sig aðeins röksemd fyrir því, að skattstigarnir ættu að vera hóflegir, ekki fyrir niðurfellingu beinna skatta.

En beinu skattarnir hafa fleiri ókosti. Eins og ég hef þegar tekið fram, er það skilyrði fyrir því, að beinu skattarnir þjóni þeim tilgangi sínum, sem til er ætlazt, að tekjurnar séu rétt fram taldar. Á því er hins vegar mikill misbrestur, svo sem kunnugt er. Það hefur stundum verið sagt sem svo, að úr þessu sé auðvelt að bæta með því að efla eftirlit með skattaframtölum, og m. a. kemur þetta sjónarmið fram í nál. hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), sem rétt núna var verið að útbýta hér í hv. d. En vandamálið er að mínu áliti djúptækara en svo, að það liggi í því, að þeir embættismenn, sem þetta eftirlit hafa með höndum, vanræki skyldu sína. Ég held, að það hafi yfirleitt ekki við rök að styðjast, að þessir embættismenn geri ekki það, sem með sanngirni verður af þeim heimtað. Það, sem er mergur málsins í þessu sambandi, er, að fjölmennar starfsstéttir í þessu þjóðfélagi hafa þá aðstöðu, að óframkvæmanlegt má telja að hafa með því virkt eftirlit, hverjar tekjur þær hafa. Má þar nefna sem dæmi öll smáfyrirtæki við iðnað, verzlun og þjónustustörf, sem eru ekki bókhaldsskyld, enn fremur bílstjóra, lækna, málflutningsmenn og ýmsa fleiri, sem svipaða atvinnu stunda. Þessum aðilum er í rauninni falið sjálfdæmi um það, hvað þeir telja fram, og þá um leið, hvað þeir greiða í beina skatta. Það er rétt að taka það fram, að bókhaldsskylda er út af fyrir sig ekki heldur nein trygging fyrir því, að allar tekjur fyrirtækisins séu taldar fram, því að auðvitað er hægt að færa rangar tölur í bækurnar. Þeir einu, sem að jafnaði geta ekki komið því við að koma tekjum sínum undan skatti, eru launþegar, því að þar telur atvinnurekandinn tekjur þeirra fram. Þetta leiðir til þess, að það réttlæti í skiptingu skattabyrðarinnar milli þegnanna, sem gæti verið fyrir hendi, ef allar tekjur teldust rétt fram, verður það ekki lengur vegna þess, hve þessu hlýtur að verða ábótavant. Að vísu væri hægt að hugsa sér að koma upp mjög dýru og viðamiklu eftirliti til þess að komast eftir því á óbeinan hátt, hvaða tekjur þeir aðilar hafi, sem hægast eiga með að koma tekjum sínum undan skatti. Hjá milljónaþjóðum, eins og t. d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku, er þetta framkvæmt á þann hátt, að komið er á fót á vegum skattayfirvaldanna sérstöku njósnakerfi til þess að komast á snoðir um heimilisútgjöld manna. Það eru teknir fyrir árlega t. d. allir læknar eða málflutningsmenn, sem eru fæddir í tiltekn-

um mánuði eða viku ársins, og starfsmönnum skattaeftirlitsins falið að fylgjast með því, á hvaða veitingahús þeir fari, hvers konar bíl þeir keyra í, enn fremur gera sér erindi á heimili þeirra og komast þannig að því, hvað mikið sé borið í innbú þeirra o. s. frv. Þær skýrslur, sem þessir eftirlitsmenn svo gefa, eru síðan bornar saman við skattaframtöl hinna umsetnu og þeir kallaðir fyrir, ef misræmi kemur í ljós. Slíkar aðferðir er hægt að hugsa hér hjá stórþjóðum. En mundi nokkur í alvöru vilja leggja til, að slíkir starfshættir yrðu teknir upp hér í landi kunningsskaparins? Víst er um það, að yrði inn á slíka braut farið, mundi það ekki til þess fallið að bæta sambúð borgaranna innbyrðis né almennings og stjórnarvaldanna.

Ég býst við, að það sé óþarfi að taka það fram, að þegar ég hef nefnt hér sérstakar starfsstéttir, sem hafa þannig aðstöðu, að þær geta sjálfar ráðið því, hvað talið er fram til skatts og hvað ekki, þá liggur vitanlega ekki í því nein aðdróttun til þeirra, sem í þessum stéttum starfa, um það, að þeir séu í sjálfu sér óheiðarlegri í þessu efni en aðrir þjóðfélagsþegnar. Því fer auðvitað mjög fjarri, og auðvitað eru í þessum stéttum einstaklingar, sem þrátt fyrir það, þó að ekkert eftirlit sé hægt að hafa með tekjum þeirra, telja rétt fram. En hitt stendur óhaggað, og það er aðalatriðið, að þessir aðilar geta sjálfir í rauninni ráðið því, hvað þeir koma til að greiða í skatt, og eins og menn nú einu sinni eru, má auðvitað búast við, að slíkt verði misnotað, sér í lagi ef skattstigar eru orðnir svo háir sem raun hefur verið hér á landi að undanförnu, þannig að það verður fjárhagslega þýðingarmikið atriði fyrir hvern einstakan, að hann geti komið einhverju af tekjum sínum undan skatti.

En annað atriði má líka nefna í þessu sambandi, sem torveldar það, að tekjur séu rétt fram taldar. Það er sú staðreynd, að oft er ógerningur að draga markalínur á milli tilkostnaðar og persónulegrar neyzlu. Á þetta einkum við í smærri atvinnurekstri, sem einmitt setur svip sinn á lítið þjóðfélag eins og okkar. Maður notar t. d. sama húsnæðið til atvinnurekstrar og eigin íbúðar, bíl sinn bæði í þágu fyrirtækisins og heimilisins o. s. frv. Koma í því sambandi fram margs konar vafaatriði, sem eðli málsins samkvæmt verða að jafnaði úrskurðuð skattgreiðandanum í vil. Þessir erfiðleikar á því að aðgreina tilkostnað og persónulega neyzlu hafa ekki eingöngu áhrif á skattgreiðslu atvinnurekendanna sjálfra, heldur einnig launþega í mismunandi starfsgreinum. Í sumum starfsgreinum, svo sem við iðnað, verzlun, þjónustustörf o. fl., er aðstaða til þess að greiða starfsfólki kaup sitt að meira eða minna leyti í ýmiss konar fríðindum, sem talin verða fyrirtækjunum til frádráttarbærs kostnaðar, svo sem bílastyrkjum, ferðakostnaði og ýmsu fleira. Í öðrum starfsgreinum er slík aðstaða ekki fyrir hendi, svo sem við sjómennsku, svo að dæmi sé nefnt, og t. d. hvað snertir flest störf, sem unnin eru hjá hinu opinbera. Nú er það auðvitað fjarri mér að halda því fram, að tilgreindu störfin séu ekki þjóðinni nauðsynleg eins og hin síðarnefndu. En hitt verður að teljast óeðlilegt, að skattaástæður einar verði til þess að skapa ákveðnum starfsgreinum miklu betri aðstöðu til samkeppni um vinnuaflið en öðrum.

Niðurstaðan af því, sem nú hefur verið sagt, verður óhjákvæmilega sú, að hinir háu, beinu skattar, sem við nú búum við, draga óhjákvæmilega úr starfsvilja fólks og um leið úr framleiðsluafköstunum, auk þess sem óhjákvæmilega leiðir af þeim ranglæti í skattaálagningunni. Þá má einnig á það benda, að Ísland hefur og til þessa haft þá sérstöðu samanborið við nágrannaþjóðirnar, að beinir skattar hafa til þessa verið nær eini skattstofn bæjar- og sveitarfélaganna, sem gert hafa beinu skattana í heild þyngri en víðast hvar annars staðar. Á hinum Norðurlöndunum munu t. d. varla þekkjast hærri útsvarsstigar en 15—20%. Því fer auðvitað fjarri, að með þeirri skattalöggjöf, sem ætlunin er að samþykkt verði á þessu þingi, séu beinir skattar beinlínis afnumdir. Það eru aðeins sniðnir verstu agnúar af framkvæmd þeirra. Þrátt fyrir þá breyt., sem gerð er á skatt- og útsvarsstigum með frumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir, getur hámark skattgreiðslu, þegar lagt er saman útsvar og tekjuskattur, orðið allt að 70% af tekjum. Munurinn frá því, sem nú er, er aðeins í því fólginn, að það yrði við miklu hærra tekjumark en áður var, þannig að á þetta má benda þeim til huggunar, sem eru forsvarsmenn beinu skattanna, og eins og ég hef enga fjöður dregið yfir í því, sem ég hef sagt, þá er margt, sem færa má fram til stuðnings því sjónarmiði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hér í einstökum atriðum þá gagnrýni á þessu frv., sem fram hefur komið af hálfu hv. stjórnarandstæðinga við 1. umr. málsins. En tvö atriði í málflutningi þeirra þar og á öðrum vettvangi vil ég þó leyfa mér að drepa lítils háttar á. Annað þessara atriða er það, og á það virðist mér einmitt lögð rík áherzla í nál. 1. minni hl. fjhn., hv. 5. þm. Norðurl. e., að sú lækkun tekjuskatts, sem hér er um að ræða, sé meiri að krónutali, þegar um háar tekjur er að ræða en lágar. Hvað þetta snertir má í fyrsta lagi benda á það, að ef tekjuskattar eru stighækkandi, svo sem hér er, á það auðvitað við um allar ívilnanir í skattgreiðslu, einnig þær, sem ekki er ágreiningur um að sjálfsagt og sanngjarnt sé að veita, að þær lækka meira að krónutali og jafnvel einnig hlutfallslega skatt af háum tekjum en af lágum tekjum. Það t. d., að leyfður er persónufrádráttur og frádráttur vegna ómagaframfæris, lækkar meira skatt hátekjumanna en lágtekjumanna, og er þó enginn ágreiningur um það, að þetta beri að gera. Og það sjónarmið hefur ekki komið fram í sambandi við persónu- og ómagafrádráttinn, að með því að leyfa slíkan frádrátt sé verið að færa tekjur frá þeim fátæku til

hinna ríku. Fyrir slíku er auðvitað hægt að færa fram alveg jafngild rök og hv. stjórnarandstæðingar nú bera fram því til stuðnings, að slíkar tilfærslur sé verið að framkvæma með frv. því, er hér liggur fyrir.

Annað dæmi má einnig nefna, sem ætti að bregða nokkru ljósi yfir þetta, en það er það, að ýmsir hv. stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt það, að hér er lagt til, að skattaundanþága sú vegna yfirvinnu í þágu útflutningsframleiðslunnar, sem samþ. var á síðasta þingi, verði afnumin. Ég ætla nú út af fyrir sig ekki að gera þessa ráðstöfun að umtalsefni, en vísa hvað það snertir til greinargerðar frv. og grg. hæstv. fjmrh. fyrir þessu atriði við 1. umr. En hitt vildi ég aðeins benda á, að auðvelt er að reikna það út, að slík ráðstöfun, ef framkvæmd yrði, mundi létta í miklu ríkara mæli skatti af þeim, sem slíka yfirvinnu vinnur og hefur háar tekjur fyrir, heldur en hinum, sem hefur lágar tekjur.

Enn mætti nefna eitt dæmi, en það er það ákvæði skattalaganna, að vinna, sem menn vinna til að koma upp eigin íbúðum, er undanþegin skatti. Það hefur enginn ágreiningur verið um það á sínum tíma hér á hv. Alþ., að sanngjarnt væri að veita slíka undanþágu, og ég tel víst, að þeir hv. þm. Alþb., sem þá áttu sæti á Alþingi, hafi einnig stutt þessa tillögu. Hitt er auðvelt að reikna út, að ef hátekjumaður vinnur að byggingu eigin íbúðar, — og slíks munu mörg dæmi, — þá muni hann miklu meira um þennan skattfrádrátt í krónutali en þann, sem hefur lágar tekjur, svo að það mætti alveg eins segja um þessa ráðstöfun, að með henni væri verið að færa peningana úr vösum hinna fátæku yfir í vasa hinna ríku, því að það er nú einu sinni svo, að með skattalækkunum er ekki hægt að bæta hag þeirra, sem hafa svo lágar tekjur, að þeir hafa engan skatt greitt fyrir. Það ætti að liggja í augum uppi. Því fólki verður auðvitað að hjálpa með einhverju öðru móti, og sú leið, sem farin hefur verið í því efni af hálfu hæstv. ríkisstj., er sú breyting á tryggingalöggjöfinni, sem nýverið hefur verið afgreidd frá hæstv. Alþingi.

Hitt atriðið í málflutningi hæstv. stjórnarandstæðinga, sem ég sé ástæðu til að gera að umtalsefni, eru útreikningar þeir, sem þeir í sífellu hafa verið að gera, síðan skattafrumvörpin voru lögð fram, og ekki síður, þegar tryggingamálin voru hér til meðferðar, en þessir útreikningar hafa átt að sanna, að með þessum aðgerðum sé engan veginn bætt upp sú kjaraskerðing, sem leitt hafi af efnahagsmálalöggjöfinni og söluskattinum. Þessu liggja aftur til grundvallar beinar og óbeinar staðhæfingar um það, að því hafi verið lofað af hálfu þeirra flokka, er styðja hæstv. ríkisstj., að engar ráðstafanir skyldu gerðar, er skertu hár á höfði nokkurs manns. Þessu hafi fyrst og fremst verið lofað fyrir kosningarnar á s. l. hausti, en þegar efnahagsráðstafanirnar svo voru lagðar fram, hafi jafnhliða verið lofað að bæta upp þær verðhækkanir, sem af þeim leiddi, með einhverju öðru móti og þá fyrst og fremst auknum tryggingum og lækkun beinna skatta. Það hefur verið talað um það, sem einhver alveg ný viðhorf, sem enginn hafi boðað eða jafnvel látið sér detta í hug fyrir síðustu kosningar, að þjóðin þyrfti að taka á sig einhverjar byrðar vegna ástands efnahagsmálanna. Þetta hafi verið óvænt uppgötvun þeirra hagspekinga, sem ríkisstj. hafi kvatt sér til ráðuneytis, þegar hún tók við völdum, og síðan hafi ríkisstj. gert það glappaskot að gleypa við flugunni og framkvæma að óþörfu óþægilegar ráðstafanir í efnahagsmálum í samræmi við það. Það er vitanlega alveg úr lausu lofti gripið, að kenningin um nauðsyn kjaraskerðingar um stundarsakir sé eitthvað, sem hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir þjóðina að afloknum kosningum. Það eru ekki eingöngu núverandi stjórnarflokkar, heldur jafnvel ekki síður núverandi hv. stjórnarandstæðingar, sem búið höfðu þjóðina undir slíkt, jafnvel alllöngu fyrir síðustu kosningar.

Ég ætla í þessu sambandi að leyfa mér að rifja upp, hvað sagt var um ástand efnahagsmálanna af hv. núv. stjórnarandstæðingum haustið 1958, skömmu áður en vinstri stjórnin lét af völdum. Á þingi Alþýðusambands Íslands í nóvember 1958 var útbýtt skýrslu um ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar, og var sú skýrsla samin af Torfa Ásgeirssyni, sem um langt skeið hefur starfað sem efnahagsmálaráðunautur Alþýðusambands Íslands, en var auk þess einn helzti efnahagsmálaráðunautur þáverandi ríkisstj. auk Jónasar Haralz. Engum manni dettur í hug, að slíkri skýrslu hefði verið útbýtt þar öðruvísi en beinlínis að undirlagi stjórnar Alþýðusambandsins og ríkisstj., þannig að þar var ekki sagt annað en það, sem báðar þessar stjórnir voru sammála um. Ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp örfáar línur úr þessari skýrslu, þar sem að mínu áliti er brugðið upp einkar skýrri mynd af efnahagsmálaástandinu eins og það var þá að dómi stjórnar Alþýðusambandsins, ríkisstj. og efnahagsmálaráðunauta þessara aðila. Eftir að gerð hefur verið grein fyrir hinni miklu erlendu lánsfjárnotkun Íslendinga, frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé horft fram á við, þá er það augljóst mál, að þetta lántökuskeið er senn runnið á enda og við blasir tímabil, þar sem þjóðin, í stað þess að hafa til ráðstöfunar allt verðmæti sinnar eigin framleiðslu og að auki 5—10% af erlendu fé, aðeins hefur til umráða eigin framleiðslu að frádregnum vöxtum og afborgunum hinna erlendu lána.“

Enn fremur segir svo:

„Samkvæmt áætlun, sem gerð var í árslok 1957, nema vextir og afborganir erlendra lána, ef miðað er aðeins við þau lán, sem þá var að fullu gengið frá, um og yfir 160 millj. kr. á ári hverju næstu árin. Hér er miðað við núverandi gengi og yfirfærslugjöld. Séu meðtalin þau lán, sem síðar hafa verið tekin og eru í

undirbúningi, eykst skuldagreiðslubyrðin að sjálfsögðu enn meir. Í stað þess“ — það er niðurstaðan af þessu — „að hafa til ráðstöfunar þjóðarframleiðsluna alla, hver sem hún verður, og að auki 5—10%, verðum við að leggja til hliðar vegna greiðslu á vöxtum og afborgunum erlendra lána 3—4% framleiðslunnar.“

Hér er það alveg umbúðalaust brýnt fyrir þjóðinni á grundvelli staðreynda, sem hingað til hafa ekki verið vefengdar af neinum, að þjóðin verði að draga úr fjármunanotkun sinni alveg á næstunni um 8—14%. Þetta þarf auðvitað ekki að þýða kjaraskerðingu sem þessu nemur, því að að einhverju leyti má mæta þessu með því að draga úr fjárfestingu og notkun erlendrar rekstrarvöru. En engin leið er að draga af þessu aðra ályktun en þá, að talsverð kjaraskerðing fyrir þjóðarheildina sé óhjákvæmileg í bili. Það er einnig tekið fram í sömu skýrslu, að þetta þýði ekki, að nauðsyn sé á því að skerða kjörin, sé litið yfir árabil, því að aukin framleiðsla geti þá vegið á móti, en það er önnur hlið á því máli.

Nokkrum dögum síðar, eða rétt um það bil sem stjórnin var að fara frá völdum, var svo útbýtt hér á borð hv. þm. skýrslu Framkvæmdabanka Íslands um hina vaxandi skuldasöfnun síðustu ára og þar af leiðandi fyrirsjáanlega vaxandi greiðslubyrði. Voru niðurstöður þeirrar skýrslu í meginatriðum þær sömu og lýst hefur verið.

Af þeim staðreyndum um ástand efnahagsmálanna, sem vinstri stjórnin lagði fyrir bæði Alþýðusambandsþing og Alþ. um það bil, sem hún fór frá völdum, varð því dregin ein og aðeins ein ályktun: sú, að óhjákvæmilegt væri fyrir þjóðina að sætta sig við nokkra kjaraskerðingu, a. m. k. um stundarsakir. Það er fullkomin blekking, ef því er haldið fram, að núverandi stjórnarflokkur hafi á nokkurn hátt á þeim tíma, sem síðan er liðinn, reynt að dylja þessar staðreyndir fyrir þjóðinni og lofa henni því, sem hlyti þá að vera gegn betri vitund, að ekki þyrfti til neinnar kjaraskerðingar að koma í bráð eða lengd. Og hvað okkur sjálfstæðismenn snertir, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér upp nokkur orð úr flokksráðssamþykkt Sjálfstfl. um þetta efni eða efnahagsmálin, sem gerð var fyrir jólin 1958. Þar segir svo:

„Það er ótvírætt, að þjóðin notar meiri fjármuni en hún aflar og verður að taka afleiðingunum af því til þess að tryggja efnahagslegt öryggi sitt í framtíðinni og koma í veg fyrir kjararýrnun, sem ella þyrfti að verða.“

Enn fremur segir svo í sömu ályktun:

„Stefnt verði að því að afnema uppbótakerfið með því að skrá eitt gengi á erlendum gjaldeyri og gera útflutningsatvinnuvegunum kleift að standa á eigin fótum án styrkja. Verði þannig lagður grundvöllur að frelsi í atvinnurekstri og viðskiptum.“

Skýrar er að mínu áliti ekki hægt að segja það, að óhjákvæmilegt sé, að þjóðin verði að taka nokkrar fórnir á sig í bili, og það er enn fremur skýrt tekið fram í meginatriðum, hvaða leið eigi að fara í þessu efni. Og því fer fjarri, að frá þessari samþykkt, sem ég nú gerði grein fyrir, hafi á nokkurn hátt verið vikið fyrir þær tvennar kosningar, sem síðan fóru í hönd. Þvert á móti, þá var þetta einmitt kjarni þess, sem við þá boðuðum þjóðinni, og var þessi samþykkt í meginatriðum endurnýjuð bæði á landsfundi sjálfstæðismanna, sem haldinn var í marzmánuði 1959, og aftur í kosningastefnuskrá, sem gefin var út fyrir þær kosningar. Að efni til voru þessi atriði undir öllum kringumstæðum óbreytt, þó að einhver breyting kunni að hafa verið gerð á orðalagi. Því fer þannig fjarri, að það sé nokkuð, sem hafi komið þjóðinni alveg á óvart eftir kosningarnar, að hún þyrfti eitthvað að herða að sér ólina. Grundvöllur kjaraskerðingarinnar er sá, eins og fram hefur líka komið í umr. um efnahagsmálin, að gert er ráð fyrir því, að innflutningur minnki um 150—200 millj., eða 3—4% af ráðstöfunarfé þjóðarinnar, ef reiknað er á gamla genginu, en allt að 5—6%, ef reiknað er á því nýja.

Það ber auðvitað engan veginn að dylja eða vanmeta þau óþægindi, sem af því leiðir fyrir þjóðina að verða að draga úr fjármunanotkun sinni sem þessu nemur. Á hitt má þó minna, að það er engan veginn óþekkt eða nýtt fyrirbrigði, að þjóðin hafi þurft að sætta sig við svipaða kjaraskerðingu. Það þarf meira að segja ekki að fara mjög langt aftur í tímann til þess að finna þess dæmi. Í fyrrnefndri skýrslu til þings Alþýðusambands Íslands er það upplýst, að neyzlan á einstakling hafi minnkað úr 16780 kr. árið 1956 í 15590 kr. árið 1957. Nú er verðmæti neyzlunnar á einstakling talið bezti mælikvarðinn á lífskjörin og þá breytingu þeirra, sem verður. Á fyrsta valdaári vinstri stjórnarinnar rýrnuðu þannig lífskjör þjóðarinnar um rúmlega 7% samkvæmt þessari skýrslu, eða um meira en nokkrar líkur eru til að kjaraskerðingin nemi fyrir þjóðina í heild vegna þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar. Skal það fúslega viðurkennt, að umrædd 7% kjararýrnun orsakaðist ekki eingöngu af óskynsamlegum efnahagsmálaráðstöfunum þeirrar ríkisstj., þó að það muni að vísu hafa vegið þar þungt. En annað kom hér líka til, nefnilega aflabrestur á vetrarvertíðinni 1957, sem dró bæði úr innflutningi og neyzlu og átti þannig sinn þátt í kjaraskerðingunni. En það breytir engu um það, að ekki þarf að fara langt aftur í tímann til þess að finna dæmi kjaraskerðingar, sem sambærileg er við það, sem nú hefur átt sér stað. Og það er von okkar, sem að þessum ráðstöfunum höfum staðið, að komi ekki ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir, muni það taka þjóðina skamman tíma að vinna þessa kjaraskerðingu upp vegna aukinnar framleiðslu. En hvað sem því líður, hefur engu verið lofað um það, að öllum yrði bætt upp kjaraskerðingin, sem leiða hlýtur af minni gjaldeyrisnotkun, enda auðvitað óhugsandi, að þær tekjutilfærslur, sem framkvæmdar eru með auknum bótagreiðslum á vegum tryggingana og breytingum á skatta-

kerfinu, geti bætt heildinni það upp, að minni verðmæti eru til ráðstöfunar. Því hefur aðeins verið lofað, að tilteknum aðilum, svo sem elli- og örorkustyrkþegum og ómagafólki, skuli að mestu eða öllu bætt upp kjaraskerðing af völdum efnahagsaðgerðanna, og það loforð álít ég að hafi verið efnt með tryggingalögunum, sem afgreidd voru hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum. Jafnframt er það fyrirætlun hæstv. ríkisstj. að greiða sem unnt er fyrir því, að aukin framleiðsluafköst megi á sem skemmstum tíma létta af þjóðinni þeirri byrði, sem hún hefur tekið á sig í bili, og vinna að auknu félagslegu réttlæti. Skattafrv. það, sem hér liggur fyrir, ber að mínu áliti að skoða sem lið í þeirri viðleitni.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fyrir síðustu kosningar lýstu báðir núverandi stjórnarflokkar því yfir, að það væri eindregin stefna þeirra að afnema að mestu eða jafnvel öllu leyti beina skatta til ríkisþarfa, og létu jafnvel liggja að því, að stefna bæri að hinu sama varðandi gjöld til sveitarfélaganna. M. a. lýsti núverandi hæstv. viðskmrh. því yfir sem sinni skoðun, að afnema bæri útsvör með öllu. Í öllum þeim áróðri, sem þessir flokkar hafa haft uppi um þetta, hefur öll áherzlan verið lögð á þá hlið málsins, sem að því snýr, hvað burt skuli numið, en minna verið á það minnzt, hvað við verði látið taka í staðinn, nema þá helzt, að það hafi verið talað um á lágum nótum, óljóst og loðið, að álögur yrðu settar á eyðslu, skattlagning yrði framkvæmd meiri en áður á lúxusvörur og hvers konar óhóf þeirra, sem hefðu fjárráð meiri en allur almenningur. Helzt hefur mátt skilja, að fyrir allan almenning væri hér um að ræða einhliða afnám óréttlátrar skattpíningar og hina mestu hagsbót, sérstaklega til handa láglaunamönnum, enda hefur sá hluti stjórnarliðsins, sem kennir sig við alþýðuna, gengið öllu harðar fram í áróðrinum en hinn hlutinn.

Á þeim tíma, sem liðinn er af valdaferli núverandi stjórnarflokka, hefur það verið að smáskýrast, hvað við á að taka í skattamálunum og í efnahagsmálunum yfirleitt, og með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er myndin af því, sem koma skal, orðin svo skýr, að hverjum manni ættu meginþættirnir að geta verið ljósir. Á örskömmum tíma hafa stjórnarflokkarnir hækkað tolla og skatta til ríkissjóðs um meira en hálfan milljarð króna. Gengið hefur verið fellt og með því hrundið af stað óstöðvandi skriðu almennra verðhækkana. Vextir hafa verið hækkaðir meira en nokkur fordæmi eru til um. Og jafnhliða þessum aðgerðum hefur svo verið lögbannað að greiða launamönnum verðlagsuppbætur á laun. Allur meginþungi þeirrar gífurlegu álagaaukningar, sem þessar aðgerðir fela í sér, leggst á almenna neyzlu landsmanna og kemur því að sjálfsögðu af mestu afli niður á hinum almennu launamönnum, sem áður börðust í bökkum með launatekjur frá 50 þús. til 70 þús. kr. á ári almennt. Meginhluta af hinum auknu sköttum í ríkissjóð er aflað með almennum söluskatti á því nær allar nauðþurftavörur almennings jafnt sem lúxusvarning og enginn munur þar á gerður og með hækkun söluskatts í tolli, sem kemur jafnt á erlendar nauðsynjar sem óþarfari varning. Gengisfellingin hækkar ýmsar brýnustu nauðsynjar vinnandi manna meira en flestar eða allar aðrar innfluttar vörur. Má þar t. d. tilgreina hlífðarföt verkafólks, skófatnað verkamanna og sjómanna o. fl. o. fl., sem nær tvöfaldast í verði, meðan lúxusvarningur hækkar jafnvel allt að því þrisvar sinnum minna. Vaxtahækkunin kemur að verulegu leyti beint niður á almenning, en verður að hinu leytinu velt yfir á hann smám saman með hækkuðu verðlagi. Hvergi örlar á því, að þeir, sem breiðust hafa bökin, séu látnir axla byrðar umfram aðra. Sérstök skattlagning lúxusvara og óhófseyðslu, sem koma átti í stað hinna beinu skatta, hefur gleymzt með öllu.

Þegar hér er komið sögunni um baráttu núverandi ríkisstj. gegn skattafarganinu, sem hæstv. fjmrh. talaði um við 1. umr. málsins að hefði ríkt hér fyrir valdatöku stjórnarinnar, að lögfestir hafa verið nýir skattar og tollar, sem nema tvöföldum til þreföldum öllum áður gildandi beinum sköttum til ríkissjóðs, og að auki hefur verið efnt til verðhækkana, sem jafngilda enn stórfelldari óbeinum álögum, þá þykir hæstv. ríkisstj. loks kominn tími til að sýna lit á efndum þeirra fyrirheita sinna að draga úr skattafarganinu og afnema að nokkru tekjuskatt á einstaklinga, sýna þjóðinni þær miklu hagsbætur, sem almenningi hlotnast af hinni nýju stefnu í skattamálum, sem henni hafi verið heitið, og nú er það frv. fullbúið hér til samþykktar, sem boðað hefur verið sem róttæk ráðstöfun til þess að jafna kjaraskerðingar þær, sem hafa verið lögfestar, og dreifa byrðunum sem réttlátast á þegna þjóðfélagsins, eins og það hefur verið orðað af stjórnarliðinu.

Eins og þetta frv. er úr garði gert, felur það í sér nýjar skattbyrðar tekjuskatts og nýjar reglur um persónufrádrátt. Það tryggir afnám tekjuskatts á 50 þús. kr. tekjur einstaklings, hjóna með 70 þús. kr. tekjur og síðan hækkandi um 10 þús. kr. fyrir hvert barn. Síðan er skattstiginn fyrir þá, sem eru það tekjuháir, að þeir verða ekki skattfrjálsir samkv. þessum frádráttarreglum, lækkaður stórlega og skattgreiðendum tryggð þeim mun meiri lækkun sem þeir hafa hærri tekjur. Þetta er sú meginregla, sem lögleiða á með þessu frv. Hinir tekjulægstu í þjóðfélaginu fá enga eftirgjöf beinna skatta, þar sem þeir hafa ekki borið tekjuskatt, en verða hins vegar að greiða alla nefskatta eins og áður eða jafnvel hærri en áður, svo sem iðgjöld til trygginga, og svo að sjálfsögðu óbeinu álögurnar allar að sínum hluta. Þeir, sem hafa borið tekjuskatt af lágum tekjum, t. d. verkamannalaunum, fá eftirgjöf, sem nemur þá örfáum krónum og upp í nokkur hundruð króna. Skattgreiðendur með

lífvænlegar miðlungstekjur fá almennt eftirgjöf, sem numið getur 1—2 og jafnvel 3 þús. kr., og síðan hækkandi upp í 20—30 þús. kr. og jafnvel 40 þús. kr. fyrir tekjuhæstu skattþegna.

Flokkun skattgreiðenda eftir tekjuhæð hreinna tekna, sem birt er sem fskj. með nál. mínu, varpar skýru ljósi á það, hvernig skatteftirgjöfin skiptist á skattgreiðendur. Í þessa flokkun vantar þó alveg fjölda þeirra, sem skipta mörgum þúsundum, sem engan skatt hafa borið og fá því enga eftirgjöf í neinu formi. Samkv. þessari flokkun hljóta 2596 skattgreiðendur í lægstu tekjuflokkum, en það er um tíundi hluti þeirra, sem skatt greiða í Reykjavík, eftirgjöf, sem nemur 76 kr. á mann að meðaltali. 15890 gjaldendur, eða um það bil 60% allra gjaldenda, hljóta meðaltalseftirgjöf, sem nemur 1280 kr. á mann. Á hinn bóginn fá 1924 hæstu gjaldendur eftirgjöf upp á 18.5 millj. kr., eða að meðaltali tæpar 10 þús. kr. á mann. En 229 hæstu gjaldendur fá eftir gefnar 3.7 millj. kr., eða rúmlega 16 þús. kr. á mann að meðaltali.

Þessar tölur tala skýrara máli um hina nýju stefnu í skattamálum en miklar orðræður. Þær sanna óvefengjanlega, að höfuðtilgangur hinnar nýju stefnu er sá einn að bæta hag þeirra, sem mest bera úr býtum, bæta þeim að fullu þær álögur, sem lagðar hafa verið á almenna neyzlu, og í ýmsum tilfellum stórhækka raunverulegar launatekjur þeirra frá því, sem þær hafa verið. Með hinum nýju útsvarslögum, sem lögð hafa verið hér fram á hv. Alþ., eru svo þessar hagsbætur til handa hinum ríku um það bil tvöfaldaðar eða jafnvel meira. Samhliða þessum stórfelldu hagsbótum til hátekjumanna eru svo hinum tekjulægri, sem aðeins höfðu til hnífs og skeiðar, áður en ósköpum hinna nýju óbeinu skatta og tolla var dembt yfir almenning, réttar nokkrar krónur til baka, hent í þá hundsbótum, mætti segja, — örlitlum hluta þess, sem þeir hafa áður verið rændir, skila þeir til baka. Þetta er megininntak hinnar nýju stefnu. Hún er vissulega ekki róttæk breyting til þess að jafna byrðar þjóðfélagsþegnanna, eins og boðað hefur verið, heldur felur hún í sér markvissar aðgerðir til þess að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu þannig, að hinir ríku verði ríkari, en hinir fátæku fátækari.

Með þessu frv. er komið langleiðina að því yfirlýsta marki stjórnarflokkanna að afnema stighækkandi tekjuskatta á einstaklinga, þar sem allur tekjuskattur þeirra, sem enn er eftir skilinn, nemur aðeins 22.4 millj. kr., sem jafnast á 15 þúsund gjaldendur og nemur því 1500 kr. á einstakling til jafnaðar. Það verður vissulega ekki undan því kvartað, að þar sé um þungar álögur að ræða, þar sem þessi gjaldheimta lendir nú á þeim einum, sem hafa mjög lífvænlegar tekjur eða meira. Það, sem eftir er skilið, er því hrein óvera, og þykir mér næsta líklegt, að næsta skrefið verði það að afnema tekjuskatt einstaklinga með öllu, með þeim rökstuðningi, að ekki svari kostnaði að leggja hann á og innheimta. Jafnvel kynni tækifærið þá að verða notað til þess að afnema einnig tekjuskatt félaga, og væri þá það verk fullkomnað, sem nú er hafið, að ríkisvaldið hætti með beinni gjaldheimtu að hafa nokkurn hemil á auðsöfnun í þjóðfélaginu.

Í landinu eru nú starfandi samkv. Hagtíðindum 1287 félög, sem tekjuskatt greiða, og greiddu þau á s. l. ári 29.3 millj. kr. af uppgefnum tekjum, sem námu 115 millj. Nú er það öllum ljóst, að mjög mikill hluti, ef ekki meginhluti allrar auðsöfnunar í landinu, fer fram á vegum hlutafélaganna, og hefur því verið ljóst mjög lengi, að framtöl, sem gefa upp gróða upp á aðeins 115 millj. kr., eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Skattsvikin, sem þar eru framin, eru svo augljós, þegar litið er á hinar hlægilega lágu heildartölur framtala, að engum blandast hugur um, að þar er meginhlutanum skotið undan. Ætla ég, að þetta sé naumast umdeilt meðal þeirra, sem skyn bera á. Skattsvikin hafa dafnað og þrifizt í skjóli þess ástands, að ekkert virkt skattaeftirlit hefur verið til í landinu og þeir aðilar þannig sloppið undan lögmætum greiðslum til ríkisþarfa, sem að réttu lagi ættu að bera þyngstar byrðar vegna ríkisútgjalda.

Nú hefði mátt ætla, að ríkisstj., sem hefur talið óhjákvæmilegt að leggja þyngri byrðar á allan almenning en áður fara nokkrar sögur af, hefði litið í þessa áttina, er hún skyggndist um til úrræða vegna þarfa ríkissjóðs, t. d. á þann hátt að stemma að einhverju leyti stigu við augljósum og stórfelldum svikum, sem hafa af hinu opinbera ótalda milljónatugi. En ekkert slíkt hefur gerzt. Stefnan er sú að létta skatta hátekjumannanna sjálfra, en láta félög þeirra halda allri aðstöðu sinni til áframhaldandi undanbragða um lögmætar greiðslur. Og ekki nóg með það, heldur eru skattsvikin notuð sem höfuðröksemd stjórnarflokkanna fyrir því að stefna markvisst að afnámi beinna skatta. Önnur höfuðröksemdin er og hefur verið sú, að álagning og innheimta beinna skatta væri óhæfilega kostnaðarsöm fyrir hið opinbera.

Það er vissulega nokkuð fróðlegt að skoða þessar röksemdir fyrir stefnu stjórnarflokkanna í skattamálum í ljósi framkvæmdarinnar, eins og hún birtist í þessu frv. og í söluskattslögunum, og spyrja í því sambandi tveggja rökréttra spurninga: Í fyrsta lagi: Hver verður sparnaður hins opinbera af þeirri breytingu, sem nú er gerð? — Og í öðru lagi: Eru skattsvik hindruð eða úr þeim dregið með hinni nýju skipan?

Ég ætla, að svörin liggi nokkuð ljós fyrir. Sparnaður við hina breyttu skipan verður enginn, en kostnaður hins vegar mjög vaxandi. Þrátt fyrir það að tekjuskattur einstaklinga lækkar í 22.4 millj. kr., helzt allt álagningar- og innheimtukerfið óbreytt með öllu. Skattstofur, undirskattanefndir, yfirskattanefndir og ríkiskattanefnd starfa áfram, eins og verið

hefur, og störf þeirra við álagningu hins nú lítilfjörlega skatts verða nákvæmlega jafnumfangsmikil og áður. Hvert einasta framtal, jafnt þeirra sem skattfrjálsir verða sem hinna, sem skatt eiga að greiða, verður að endurskoðast og yfirfarast eins og áður, fyrst af þeirri ástæðu, að útsvarsálagning er byggð á skattaframtölum, og sömuleiðis vegna ýmissa ákvæða bæði í skattalögunum, sem óbreytt standa, mörg í algeru tilgangsleysi, og svo einnig vegna ákvæða tryggingalaga, t. d. vegna ákvæðanna um skerðingu lífeyris vegna tekna, sem stjórnarliðið hefur reynzt ófáanlegt til að breyta, vegna greiðslu sveitarfélaga á tryggingagjöldum o. s. frv. Áfram verður fjölmennu starfsliði, svo að hundruðum skiptir, haldið að tilgangslausri iðju við innfærslu smávægilegra frádráttarliða samkv. skattalögum, sem eftir heildarbreytinguna hafa þó nánast enga hagnýta þýðingu nema til örlitillar frekari lækkunar á tekjuskatti þeirra, sem bezt mega sín. Við hin venjulegu störf skattayfirvalda bætast svo hin viðtækustu umsvif vegna söluskattsins nýja, sem vafalaust eykur allan kostnað um milljónir króna.

Og þá eru það skattsvikin. Orðum þarf ekki að því að eyða, að skattsvik í tekjuskattskerfinu verða ekki minni en áður, þar sem engin minnsta tilraun er gerð til þess að stemma stigu við þeim. Hins vegar er þeim, sem liggja undir þyngstum grun um undanbrögð þar, nú trúað fyrir innheimtu almenna söluskattsins að verulegu leyti og þeim opnað nýtt athafnasvið til iðju sinnar í þeim efnum. Misréttið og ranglætið, sem af þessu leiðir, heldur áfram að vaxa og dafna við meiri skilyrði en áður.

Ég ætla því, að ljóst sé, að með þessu frv. sé á engan hátt ráðizt að þeim tvíbætta vanda, sem vissulega hefur verið við að glíma í skattamálunum, annars vegar skattsvikin, hins vegar skriffinnskuna og kostnaðinn, sem af henni leiðir, heldur er vandinn í báðum tilfellum aukinn frá því, sem nú er. Hið eina, sem kann að vinnast að þessu leyti, eru nýjar átyllur til handa stjórnarflokkunum til þess að afnema slitrurnar af þeim eina skatti til ríkisþarfa, sem algerlega er á lagður eftir tekjum og efnahag.

Fullvíst er, að auðveldlega mætti gera hvort tveggja í senn, að gera allt skattakerfið einfaldara í sniðum en það nú er, tryggja samræmda framkvæmd skattalaga um allt land, en á því hefur verið mikill misbrestur, og stemma jafnframt að miklu leyti stigu fyrir skattsvikum og tryggja þannig stórfellt fjármagn til ríkisþarfa, án þess að skattstigar væru hækkaðir. Það er einnig vel rökstudd skoðun margra, sem skyn bera á skattamál, að lækka mætti nokkuð skattstiga, jafnvel alla leið að efstu þrepum, en ná samt í ríkissjóð meiri tekjum en áður. En slíkt getur aðeins gerzt með því að koma upp virku eftirliti, sem aldrei hefur verið til hér á landi, þrátt fyrir óhemju skriffinnsku. Slíkt kerfi þyrfti ekki að hafa neinn aukinn kostnað í för með sér, þar sem jafnframt mætti draga stórlega úr skriffinnskunni, sem að miklu leyti verður nú látin fara fram án alls skynsamlegs tilgangs. Í þessum efnum er einnig unnt að byggja á langri reynslu annarra þjóða, sem að verulegu leyti hefur tekizt að leysa þessi vandamál, t. d. Bandaríkjanna, sem hv. frsm. meiri hl. minntist hér á, ekki kannske að því leyti að koma hér upp því, sem hann áleit verst við eftirlitskerfi þeirra, njósnakerfi með einstaklingum, heldur með því að koma upp skipulögðu kerfi til endurskoðunar á bókhaldi fyrirtækja, sem er aðalatriði í eftirlitskerfi þeirra og er alls ekki tiltölulega umsvifamikið, þar sem fylgt er þeirri höfuðreglu að endurskoða, að ég held, 5% af öllum framtölum, en gera það svo rækilega, að enginn, sem gengur í gegnum þann hreinsunareld, sleppi undan réttmætri fjárhagslegri refsingu, ef hann verður staðinn að svikum. Og þetta kerfi hefur í Bandaríkjunum reynzt þannig, að mönnum dettur ekki frekar í hug að svíkja undan skatti við framtal en þeim dytti í hug að brjótast inn til náungans og stela. En ekkert slíkt vill hæstv. núv. ríkisstj. gera, heldur er það stefna hennar að gefast upp fyrir þessum tveimur vandamálum, enda þótt önnur verri skapist í staðinn. Hið eina, sem hún hefur í huga, er að þjóna hagsmunum þeirra, sem aðstöðuna hafa til mestrar auðsöfnunar í þjóðfélaginu, og tryggja hömlulausan vöxt hennar. Það er sá eini vandi, sem hún hefur áhuga á að leysa í skattamálum og stefnir að með heildaraðgerðum sínum. Ef svo hefði verið, að ríkisstj. hefði verið efst í huga að létta álagabyrðar sínar á almenningi sem jafnast með afnámi beinna skatta, hefði vitanlega verið hendi næst að hefjast handa með því að afnema þá nefskatta, sem enn eru við lýði, og þá sérstaklega gjöldin bæði til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaganna. Þar var vissulega hægt að afnema beina skatta þannig, að allir, jafnt ríkir sem fátækir, fengju sömu upphæðir eftir gefnar. Látum það vera, þó að hinir efnameiri hefðu fengið sömu eftirgjöf og hinir tekjulágu. En þetta mátti auðvitað ekki gera, vegna þess að það þjónaði ekki höfuðmarkmiðinu, að bæta hag hinna efnameiri sérstaklega. Og nefskattarnir eiga ekki að lækka, heldur að hækka stórlega.

Ekki verður fyrir það synjað, að ein ljósglæta er í þessu frv. Um leið og hinum tekjuhæstu eru samkv. frv. tryggðar ríflegar bætur, hefur ekki verið hjá því komizt að afnema tekjuskatt af þurftarlaunum og, eins og ég hef áður lýst, skila þannig til baka örlitlum hluta hinna óbeinu álaga, sem á slík laun hafa nú verið lögð. Að þessu leyti og þessu eina leyti erum við Alþýðubandalagsmenn samþykkir þessu frv., eins og það er að heiman búið, enda hefur algert skattfrelsi þurftarlauna ætíð verið eindregin stefna Alþb. í skattamálum. Að sjálfsögðu hefði átt að framkvæma þessa sjálfsögðu breytingu án þess að hrifsa aftur það, sem af hendi er látið, margfalt í formi annarra álaga, verðhækkana og

skatta. En hér hefur málatilbúnaður af hendi stjórnarflokkanna verið slíkur, að sú afgerandi hlið málsins hefur verið ráðin, áður en þetta frv. er sýnt hér á hv. Alþingi. Alþingi er að þessu leyti stillt upp gagnvart ráðnum og orðnum hlut, og ber að sjálfsögðu að víta slíka málsmeðferð alla. Þetta frv. hefði auðvitað að réttu lagi átt að afgreiðast jafnhliða söluskattsfrv. og bæði frv. að sjálfsögðu áður en afgreiðsla fjárlaga fór fram, þar sem upphæðir þeirra eru við þau miðuð. Að sjálfsögðu eru nú enn ríkari ástæður en nokkru sinni áður fyrir því, að þurftarlaun verði undanþegin tekjuskatti. En ég mótmæli því, að nokkur rök hnígi til þess eða nokkur nauðsyn krefji, að sú sjálfsagða leiðrétting sé fastbundin tugmilljóna króna eftirgjöfum til hátekjumanna, eins og ætlazt er til og ráðgert er í 1. gr. þessa frv.

Svo sem ég hef vikið að, tel ég viðtækar breyt. á framkvæmdarköflum skattalaganna brýna nauðsyn, og hefði það sannarlega ekki verið ofætlun þeirrar n., sem stjórnarflokkarnir hafa nú haft á rökstólum, svo að mánuðum skiptir, og kostað af ríkisfé til þess að semja þetta frv., að sýna einhvern lit á að bæta þar um. Eina ástæðan, sem hún getur haft til þess að láta slíkt með öllu hjá líða, er sú, að stjórnarflokkarnir vilja geta notað áframhaldandi skattsvik og skriffinnsku í hinu allt of flókna skattakerfi sem tylliástæðu fyrir enn frekari breytingum í hag auðfélögum og hátekjumönnum eða jafnvel fyrir algeru afnámi hinna beinu skatta.

Við þm. Alþb. hér í hv. d. höfum þá daga, sem þetta frv. hefur legið hér fyrir, unnið að því að búa til flutnings viðtækar brtt. í samræmi við þær almennu skoðanir, sem ég hef hér lýst nokkuð, á skattakerfinu og framkvæmd skattalaganna. Okkur hefur ekki unnizt tími til að ljúka þessu starfi á þeim stutta tíma, sem til stefnu hefur verið, og flytjum því ekki brtt. í þessa átt nú, en munum hins vegar hafa til athugunar að gera það síðar.

Forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá meiri hl. fjhn. Brtt. er við 1. gr. frv., að fyrir orðin „90 þús. til 110 þús." komi: 90 þús. og þar yfir. — Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvennra afbrigða, sem ég mun nú leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 302) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Því miður liggur ekki nál. frá mér fyrir. Ég skilaði því fyrir um það bil 5 tímum, og þess vegna þykir mér undarlegt, að það skuli ekki vera komið, af því að það var ekki sérstaklega langt, þó að það að vísu væri dálítið lengra en nál. hv. meiri hl., sem mér virðist að meginmáli vera hálf þriðja lína. En þegar um svona stórt mál er að ræða eins og hér liggur fyrir, þá má nú segja, að slíkt nál., hálf þriðja lína, sé lúxus valdsins.

Að vísu bætti hv. frsm. meiri hl. allmikið úr með ræðu sinni, en það undarlega skeði þó, að í ræðunni kom það í ljós, að hann telur beina skatta sanngjarnasta skatta í sjálfu sér. En frv. ræðst að þeirri stefnu og skerðir hana, enda mun svo vera, að í þeim flokkum, sem að því standa, sé það sívaxandi skoðun, að afnám beinna skatta sé sjálfsagt markmið. Og þess vegna má segja, að skoðun hv. frsm. meiri hl. sé álíka sett og fluglaus önd í vök, sem alltaf er að þrengjast.

Frv. er lagt fram sem þáttur í efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj. Það á að reiknast á móti kjaraskerðingaraðgerðunum. Stundum er það, sem frv. þessara aðgerða felur í sér til útgjaldalækkunar fyrir fólk, reiknað upp í afleiðingar gengisfellingarinnar og stundum upp í söluskattana nýju. Þetta fer eftir því, hvað er til umræðu á Alþingi. Hv. stjórnarflokkar haga sér nefnilega eins og spilamaður, ef hann þrátt fyrir allar reglur, sem banna, tæki spil, sem hann væri búinn að slá út og komið væri í samantekna slagi, — tæki það aftur og aftur úr slögunum til þess að slá því út á ný. Þetta gera stjórnarflokkarnir vegna þess, hve slæm spil þeir hafa á hendinni, en ekki af því, að þetta séu góð tromp.

Frv., sem hér liggur nú fyrir, þjónar tvennum tilgangi. Aðaltilgangurinn er sá, sem líka hefur sérstaklega verið básúnaður af þeim, sem að frv. standa, létting tekjuskatta, og eiga það að vera nokkrar sárabætur vegna lífskjaraskerðingar þeirrar, er aðrar aðgerðir hæstv. ríkisstj. valda fólkinu. Það má líka orða þetta þannig, að skattalækkunin eigi að vera eins konar móteitur gegn því, sem hæstv. ríkisstj. hefur með hjálparkokkum sínum bruggað efnahagslífinu í landi okkar. Hinn tilgangurinn með frv. er að stíga spor í þá átt, eins og ég sagði áðan, að afnema algerlega beina skatta til ríkisins. Ég lít svo á, eins og hv. frsm. meiri hl., að beinir skattar, tekjuskattur, sem lagður er á eðlilega eftir efnum og ástæðum og forsvaranleg framkvæmd fylgir eftir, sé sanngjarnastur skatta, og sú stefna að afnema hann er mér ákaflega ógeðfelld. Ég viðurkenni hins vegar, að tollar þurfa ekki að vera eins óréttlátir og í fljótu bragði getur virzt, ef þeir eru lagðir á með tilliti til þess, hversu nauðsynlegur varningurinn er fyrir almenning, sem skattlagður er, og þeir, sem veita sér dýrara líf, eru látnir greiða hærri tolla af þeim vörum, sem til þess þarf. Og á því er heldur enginn vafi, að ríkið kemst ekki af án slíkrar tekjuöflunar. Enn fremur getur söluskattur við hæfi komið til greina. En að afnema hinn beina skatt, tekjuskattinn, og hækka þá skatta, sem eru með eðli nefskatta, það tel ég vera að hverfa frá bræðralagshugsjón og í raun og veru ekki hæfa öðrum en þeim, sem eru hreinir og beinir auðvaldssinnar. Ég er þess vegna á móti stefnu þessa frv. að því er snertir þennan þátt.

En hinn þátturinn, að veita sárabætur fyrir

þær efnahagsaðgerðir, sem skert hafa lífskjör manna í landinu og ríkisstj. hefur komið á, hann hefur verið látinn hljóma sem aðalatriði í sambandi við þetta mál. Það hefur verið túlkað svo, að það væri ákaflega mikil tillitssemi í því fólgin að fella niður skatt af lágum tekjum og almennum launatekjum. Og það hefur verið talað um í því sambandi, að með því ætti að jafna byrðar þjóðfélagsins, sem auknar hafa verið nú á þegnana, jafna álögurnar milli þegnanna og láta þá, — menn hafa skilið það svo og það hefur verið látið hljóma þannig, — sem sterkari eru, taka á sig meiri þunga en hinn veikburða af efnahagsaðgerðunum. En hvernig kemur svo þessi góðgerðastarfsemi hæstv. ríkisstj. niður, þegar frumvarpið sýnir sig? Jú, tekjuskattur hefur verið numinn af almennum launatekjum og lægri tekjum. Hæstv. ríkisstj. hefur staðið við það fyrirheit, eftir orðanna hljóðan. Hún hefur gert það með því að hækka persónufrádrátt einhleypra manna upp í 50 þús. kr., hjóna upp í 70 þús. kr. og barnafrádrátt í 10 þús. kr. Niður falla þess vegna skattar af tekjum, sem stiga ekki hærra en þetta. En með því er ekki eins mikið gert fyrir hvern og einn, sem í hlut á, og látið er í veðri vaka. Með því er ekki tekið tillit til burðarþolsins, kraftanna til þess að bera.

Tekjuskattur hefur yfirleitt verið á s. l. árum lágur á þessum stigum. Það er því ekki hægt að veita miklar sárabætur með afnámi skattsins af almennum launatekjum og þaðan af minni tekjum. Sumir fá alls engar sárabætur með þeim hætti og sumir ekki teljandi. En annað kemur í ljós: hátekjumennirnir fá aftur á móti háar upphæðir niður felldar samkv. frv. Hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar, sem talað hafa um sárabætur og gert hafa ráð fyrir því í háværum tilkynningum sínum, hafa hins vegar haft hljótt um það, að með frv. er gaukað að hátekjumönnum miklum bótum, margföldum við það, sem þeir fá, sem látið er klingja, að frv. sé í raun og veru gert fyrir. Dæmi þessu til sönnunar hef ég birt í nál. mínu, og af því að nál. liggur ekki fyrir, ætla ég að leyfa mér að lesa þessi dæmi upp. Þau eru samanburður á sköttum samkv. skattstigum 1959 og skattstiga þeim, sem frv. flytur.

Fyrst er þá einhleypur maður, sem hefur 50 þús. kr. nettótekjur. Hann greiddi 2131 kr., en verður skattfrjáls, vegna þess að persónufrádrátturinn mætir þessum tekjum. Lækkunin á honum verður því 2131 kr., eða allt, sem hann bar áður. Einhleypur maður, sem hefur 75 þús. kr. nettótekjur, greiddi í skatt 6049 kr. Skattur á honum verður 2000 kr. og lækkun því 4049 kr. Einhleypur maður með 100 þús. kr. nettótekjur greiddi 12645 kr., nú á hann að greiða 5500 kr., og lækkunin verður þar 7145 kr. Einhleypur maður með 150 þús. kr. nettótekjur greiddi 28971 kr., á nú að greiða 17500 kr., hjá honum á að lækka um 11471 kr. Einhleypur maður, sem hafði 200 þús. kr. nettótekjur, greiddi 48530 kr., en á nú að greiða 32500, hjá honum lækkar um 16030 kr.

Þá eru það hjón með 2 börn. Hafi þau 50 þús. kr. í nettótekjur, var skatturinn af þeim tekjum 343 kr., en verður enginn, og þeirra sárabót verður því 343 kr. Hafi þau 75 þús. kr. nettótekjur, greiddu þau skatt, sem var 2484 kr., en verður nú enginn, og þess vegna fá þau lækkun, sem nemur 2484 kr. Hafi þessi hjón 100 þús. kr. nettótekjur, greiddu þau 6928 kr. í tekjuskatt, en eiga nú að greiða 500 kr., og lækkunin verður því 6428 kr. Hafi þau 150 þús. kr. nettótekjur, greiddu þau 21876 kr. í skatt af þeim, eiga nú að greiða 7500, lækkun hjá þeim verður 14376. kr. Og ef þau hafa haft 200 þús. kr. nettótekjur, hafa þau greitt af þeim 40511 kr., en eiga nú að greiða bara 20500, og þess vegna verður lækkunin hjá þeim nær helmingslækkun, eða 20011 kr.

Og taki maður nú hjón með þrjú börn líka til samanburðar og hafi þau 50 þús. kr. nettótekjur, áttu þau að greiða í skatt 236 kr., en nú engan skatt, og lækkunin verður 236 kr. Hafi þau haft 75 þús. í nettótekjur, hafa þau greitt 1949 kr., greiða nú eftirleiðis samkv. frv. ekkert, og lækkunin verður því allur skatturinn, sem þau höfðu, 1949 kr. Hafi þau haft 100 þús. kr. í nettótekjur, hafa þau greitt áður 5706 kr., greiða nú ekkert, og lækkunin hjá þeim verður því 5706 kr. En hafi þau haft 150 þús., hafa þau greitt 20018 kr. í tekjuskatt, eiga nú að greiða 5500. Ávinningur þeirra við breytta löggjöf verður því 14518 kr. Og ef þau hafa haft 200 þús. kr. í nettótekjur, hafa þau greitt 38369 kr., en eiga samkv. frv. að greiða 17600 kr. og lækkunin verður 20769 kr.

Beri menn nú saman t. d. hjónin með 3 börnin, sem hafa 50 þús. kr. í nettótekjur og fá 236 kr. skattalækkun í sárabætur, og hjónin með sömu ómegð, sem hafa 150 þús. kr. nettótekjur og fá 14518 kr. bætur, eða meira en 60 sinnum hærri bætur. Þetta er, eins og hver maður getur skilið, í öfugu hlutfalli við þörfina fyrir sárabætur. Ef maður tæki þessi hjón, sem hafa 3 börn, hafa lægstar tekjur eða greiða 236 kr., og bæri það saman við skattalækkunina hjá þeim hjónum í þessu dæmi, sem hafa hæstar tekjur, fá afslátt, sem nemur 20769 kr., þá verða bæturnar til tekjuhærri hjónanna rúmlega 90 sinnum meiri en til hinna hjónanna.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að það væri örðugt að koma því við að láta eftir þessum leiðum alla njóta hins sama. En fyrr má nú rota en dauðrota. Og úr því að frv. er flutt til þess að mæta sérstaklega þeim erfiðleikum dýrtíðar, sem leiddir eru yfir þessi hjón, bæði þau, sem fá 236 kr. bætur, og hin, sem fá 90 sinnum meiri bætur, þá sér hver maður, að þarna er fjarstæða á ferðinni. Þessar aðgerðir eru ekki aðgerðir jafnaðarmennskunnar eða tillitsseminnar eða þess hugsunarháttar, sem vill, að allir beri sem líkastar byrðar af efnahagsaðgerðunum.

En þó nú að frv. sé með þessum göllum,

er ég fyrir mitt leyti þannig settur gagnvart því, af því að það felur í sér nokkra leiðréttingu til sumra og af því að ranglætinu og réttlætinu er grautað saman þarna, að ég get ekki greitt atkvæði á móti frv. En þá er spurningin þessi: Ætti ekki að breyta frv.? Nú er það staðreynd, að hv. stjórnarflokkar vilja enga samvinnu hafa við stjórnarandstöðuna um efnahagsaðgerðir sínar og fella allar brtt., þó að þær séu ekki nema innskot í mál. En ef ætti að breyta þessu frv., svo að gagni kæmi, þyrfti að umsteypa það, og því sýnist mér vera vonlaust mál að gera við það nokkrar brtt., enda varð reynslan sú í hv. fjhn., að meiri hl. n. taldi sig alls ekki vilja taka brtt. til greina.

Samt er í frv. á einum stað gengið svo langt í fjarstæðum, að ég í nál. mínu legg til, að þar verði breyting á gerð. Það er nefnilega, að samkv. 1. gr. í frv. er skattstiginn lokaður að ofan, svo að segja má, að frádráttur sé einnig að ofan. Síðasta lína hans lokar honum, eins og hver lína lokar fyrir sig að því er þær upphæðir snertir, sem samkv. henni eru greindar. Eftir skattstiganum í frv. eru tekjur umfram skattgjaldsteknaupphæðina 110 þús. kr. skattfrjálsar. Sá gróðapeningur er hafinn yfir skattlagningar eftir þessu að dæma. Þetta virðist eiga að vera aukafrádráttur vegna persónu hátekjumannsins og því meiri sem hann er tekjuhærri. Ég sá ekki betur en að þarna kæmust stjórnarflokkarnir á strikið. Og af því að þetta er svo fjarstæðukennt, fannst mér rétt að gera tilraun til þess að fá þessu breytt og flyt þess vegna í nál., sem ég skilaði fyrir 5 klst., till. um breytingu.

Nú sé ég, að hv. stjórnarflokkar hafa vaknað við vondan draum. Sennilegast finnst mér, að þeir hafi frétt um þessa till. mína og ekki viljað eða þorað að standa við það, sem lagt hefur verið til í þessu frv., og því hafa þeir flutt núna, rétt áður en ég tók til máls, skriflega brtt., sem er efnislega sú sama og mín till., er ég afhenti skrifstofunni fyrir 5 klst. Jæja, mér þykir gott, að hv. stjórnarflokkar hafa flutt þessa brtt., hverjar sem ástæðurnar eru. Tilganginum er náð. En af því að till. mín er sennilega prentuð, virðist mér vera sjálfsagt fyrir stjórnarflokkana að taka sína skriflegu brtt. aftur og samþykkja mína.

Mér virðist þetta, að nú er komin fram hin skriflega brtt., vera sönnun fyrir því, að þó geti þannig farið, að stjórnarflokkarnir finni, að þeir gangi of langt. Og mér finnst það vera góðs viti og vænti þess, að líka megi sýna sig eitthvað slíkt í sambandi við útsvarsmál, sem nú eru á ferðinni, að vísu ekki hér til umr., en snerta þó töluvert skattaálagningu, þannig að rétt er að hafa hvort tveggja fyrir augum saman. — Já, skriflega till. er óþörf.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um fjarstæður af hálfu stjórnarliðsins, sem hann ætlar sér að leiðrétta með brtt., þá er þar, eins og öllum er ljóst, ekki um neitt slíkt að ræða. Það hefur aðeins af vangá við prentun frv. fallið niður lína og skattstiganum óvart verið lokað. Það var vitanlega aldrei meiningin og vitanlega sjálfsagt að leiðrétta þetta, svo að öll orð hans um fjarstæður falla raunverulega dauð og ómerk, enda leit nú hv. þm. yfir þetta frv. í n., og ég held við höfum farið tvisvar á nefndarfund, og hann tók ekki eftir þessu þá frekar en við hinir. Þarna var aðeins um misgáning að ræða, en ekkert annað, enda held ég, að öllum hljóti að vera það ljóst.

Þetta frv. um niðurfellingu tekjuskatts á almennar launatekjur og verulega lækkun tekjuskatts á hærri tekjum er áfangi að því marki að draga úr beinum sköttum eða fella þá niður og taka upp óbeina skatta í staðinn. Álagning söluskattsins og ákvörðun um að greiða hluta af honum til bæjar- og sveitarfélaga og létta þannig útsvarsbyrðina, eru einnig áfangar á þessari sömu braut.

Afstaða manna og flokka til þessa frv. á að mínum dómi fyrst og fremst að fara eftir því, hvaða stefnu menn aðhyllast í skattamálum yfirleitt, en ekki eftir því, hvaða skoðanir menn hafa á gengisbreytingunni og afleiðingum hennar út af fyrir sig. Að vísu er afnám og lækkun tekjuskattsins liður í heildaraðgerðum núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum, en samt virðast mér hv. stjórnarandstæðingar tengja þetta of mikið saman. Þeir vilja sífellt vega hvert atriði efnahagsaðgerðanna á einhverja kjaravog til þess að komast að raun um, hvort þar sé um kjaraskerðingu eða kjarabætur að ræða. Er aflestur þeirra af voginni alltaf á einn veg: kjaraskerðingarnar eru þungbærar, en kjarabæturnar eru léttvægar. Þannig vilja þeir einnig meðhöndla þetta tekjuskattsfrv., sem hér er til umræðu.

Við Alþýðuflokksmenn lítum svo á, að þetta frv. hefði átt að koma fram, þótt hér hefði ekki verið ríkjandi alvarlegur gjaldeyrishalli og við ekki átt við að búa rotið styrkja- og uppbótakerfi, sem nauðsynlegt væri að afnema, m. ö. o.: tekjuskattslækkunin á fyllsta rétt á sér, þó að ekki hefði þurft að gera hér neinar sérstakar efnahagsráðstafanir. Tekjuskattslækkunin rýrir tekjur ríkissjóðs um hér um bil 120 millj. kr. Þann tekjumissi þarf ríkið vitanlega að bæta sér upp með nýjum óbeinum sköttum eða á annan hátt. Það er fremur á þessa hlið málsins, sem efnahagsráðstafanirnar hafa áhrif að minni hyggju. Án þeirra ráðstafana kynni að hafa verið réttmætt að bæta tekjumissinn upp á annan hátt en gert hefur verið, t. d. með stighækkandi söluskatti eftir því, hvort um nauðsynjavörur eða óhófsvörur væri að ræða.

Ástæðurnar fyrir því, að Alþfl. hefur á síðari árum barizt fyrir niðurfellingu tekjuskattsins, eru margvíslegar:

1) Tekjuskatturinn var upphaflega auðjöfnunarskattur, til þess gerður að leggja þyngstu byrðarnar á hina efnameiri þegna þjóðfélagsins og stuðla að jafnari tekjuskiptingu. Þessi þýðing tekjuskattsins hefur gerbreytzt frá því, sem var fyrir 30—40 árum. Þjóðfélagið hefur nú

yfir að ráða öðrum tækjum, sem betur duga í þessu skyni. Þar má til nefna umfangsmiklar almannatryggingar, tryggingar gegn atvinnuleysi, lífeyrissjóði, öfluga verkalýðshreyfingu og volduga samvinnuhreyfingu.

2) Tekjuskatturinn er orðinn tiltölulega lítill hluti af heildartekjum ríkisins. Afnám hans sem tekjustofns og álagning óbeinna skatta til að bæta upp þennan missi veldur því ekki mikilli röskun.

3) Tekjuskatturinn hefur í reynd hvílt með mestum þunga á launþegum, hvort sem það hafa verið hátekjumenn eða lágtekjumenn. Þeir, sem hafa einhvers konar rekstur undir höndum, — en þeir eru fjöldamargir í okkar þjóðfélagi og yfirleitt tekjuhærri en launþegarnir, — hafa hins vegar komizt létt út úr skattinum, af því að þeir hafa haft aðstöðu til að draga meira og minna af tekjum sínum undan. Launþegar hafa því í skattamálum búið við óþolandi ranglæti um langan tíma. Þeir hafa í raun og veru gert meira en greiða eigin skatta og útsvör, þeir hafa einnig greitt að nokkru leyti fyrir alla hina, þ. e. a. s. atvinnurekendurna, sem að jafnaði hafa breiðust bökin. Stórfelld lækkun tekjuskattsins eða afnám hans er því knýjandi réttlætismál.

4) Það hefur aldrei tekizt hér á landi að hafa strangt og áhrifaríkt eftirlit með því, að skattaframtöl væru rétt. Með eignakönnunarlögunum 1947 átti að gefa mönnum, sem höfðu dregið undan skatti, upp sakir og fá þá til þess að taka upp nýtt og betra líf á þessu sviði. Þetta mistókst. Skattsvikin hafa haldið áfram og fremur vaxið en minnkað. Hin langa og bitra reynsla sýnir, hve erfitt er að bæta hér úr, og þótt eftirlit með skattframtölum verði hert um stundarsakir, er líklegt, að fljótlega mundi sækja í fyrra horf. Það er á almannavitorði, að næstum því hver maður, sem getur því við komið, dregur tekjur undan skatti. Þessi almenni undandráttur sýnir, að allur almenningur telur beina skatta of háa, auk þess sem undandrátturinn er hverjum einstaklingi nauðvörn til þess að þurfa ekki að borga skatta fyrir nágranna sína. Eina áhrifaríka ráðið til að draga úr þessari spillingu og fá menn til þess að telja heiðarlega fram er að lækka beina skatta að verulegu marki. Aðgerðir, sem miða að því að uppræta spillingu í þjóðfélaginu, verða aldrei ofmetnar.

5) Þá tekjustofna, sem ríkið verður að skapa sér í stað þess, sem það missir í vegna lækkunar beinna skatta, svo sem nýja tolla, aðflutningsgjöld, söluskatt eða því um líkt, er vandalaust að hafa með þeim hætti, að þeir bitni með mun meiri þunga á hátekjumönnum en lágtekjumönnum. Niðurfall tekjuskattsins þarf því síður en svo að vera meiri hagsbót fyrir menn með háar tekjur en lágar tekjur.

6) Álagning og innheimta óbeinna skatta er miklu einfaldari og kostnaðarminni en álagning og innheimta beinna skatta. Óbeini skatturinn er lagður á og greiddur um leið og menn kaupa vöruna. Álagning beinna skatta útheimtir hins vegar heilt kerfi skattstjóra og skattanefnda, og innheimtan krefst fjölda innheimtumanna og lögtaksfulltrúa og leggur þær kvaðir á atvinnurekendur að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í skatta. Beinir skattar koma því oft mjög illa við launþega, þar sem þeir geta oft átt það á hættu, að aðeins lítill hluti af launum þeirra komi upp úr umslaginu á útborgunardegi. Álagning beinna skatta kemur líka mjög illa niður á mönnum, sem hafa misjafnar tekjur frá ári til árs. Á tekjurýrum árum þurfa þeir oft að borga háa skatta vegna þess, að árið á undan höfðu þeir góðar tekjur.

Höfuðröksemdir stjórnarandstæðinga gegn þessu frv. eru þær, að í því felist miklu meiri hagsbætur til handa hátekjumönnum en láglaunafólki. Þótt lágtekjumaðurinn með t. d. 2000 kr. tekjuskatt fái skattinn alveg felldan niður, lækki skatturinn hjá hátekjumanni t. d. úr 20 þús. niður í 10 þús., og það sé því hálaunamaðurinn, sem græði miklu meira á skattbreytingunni. Þessi rök eru þó ekki sterk, þegar málið er athugað betur. Í fyrsta lagi verðum við að athuga, að hugtakið hátekjumaður í munni stjórnarandstæðinga nær hér aðeins yfir þá menn, sem telja fram háar tekjur. Fyrir hvern einn slíkan eru áreiðanlega tveir aðrir, sem eru raunverulegir hátekjumenn, en hafa aðeins miðlungstekjur samkvæmt skattframtölum sínum. Kemur hér enn fram, að mismunandi aðstaða manna til að draga undan skatti skapar óhæfilegt ranglæti. Að mínum dómi eru margir þeirra manna, sem telja fram háar tekjur, skipstjórar á bátum og togurum, ellegar það eru kvæntir menn, þar sem eiginkonurnar vinna utan heimilis fyrir verulegum tekjum. Sé ég ekkert ranglæti fólgið í því að lækka tekjuskatt þessa fólks að miklum mun. Við þekkjum þess mörg dæmi með okkar aflasælustu skipstjóra, að þeir taka sér frí margar veiðiferðir eða jafnvel heilar vertíðir, vegna þess að þeir eru orðnir svo tekjuháir, að yfirgnæfandi meiri hluti tekna þeirra, sem þeir gætu unnið sér inn til viðbótar, fer í skatta og útsvör. Þetta er öfugþróun, og í þessu er fólgið mikið tjón fyrir þjóðfélagið. Þó að t. d. aðeins einn góður síldveiðiskipstjóri sitji heima eina vertíð, getur það eitt þýtt milljónatap í erlendum gjaldeyri fyrir þjóðina. Fyrir skipshöfnina og fyrir verkafólk í landi getur það einnig þýtt tekjumissi, sem nemur hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum.

Það eru fjölmargir hátekjumenn, sem hagnast lítið á verulegri lækkun tekjuskattsins vegna þess, hvernig þeir geta hagrætt sínum framtölum. Flestir þessara manna eru úr hópi atvinnurekenda, en þekkjast einnig nokkur dæmi meðal launþega. Það er t. d. alkunnugt, að einn allra tekjuhæsti launþegi landsins, sem er aðalbankastjóri Seðlabankans og miðstjórnarmaður í Framsfl., borgar engan tekjuskatt. Hann og aðrir slíkir hagnast því ekkert

á lækkun tekjuskatts af háum tekjum. Það er því aðeins mjög takmarkaður hópur hátekjumanna, sem hlunnindanna verður aðnjótandi, en hins vegar eru það allir láglaunamenn.

Þegar stjórnarandstæðingar eru að gagnrýna lækkun tekjuskatts hjá hátekjumönnum, líta þeir aðeins á aðra hlið málsins. Á hinn bóginn ganga þeir alveg fram hjá því, hvað þessir menn þurfa að borga í staðinn. Þær verðbreytingar, sem leiðir af efnahagsráðstöfununum, bitna með mun meiri þunga á hátekjumönnum en láglaunamönnum, eins og líka réttmætt er. Þær vörur, sem mest hafa að segja í vísitölunni, hækka minnst, en það eru þær vörur, sem lágtekjumenn nota mest. Hækkanir á vörum og þjónustu, sem lítil eða engin áhrif hafa á visitöluna, eru hins vegar mun meiri, en það eru einmitt þessar vörur og þessi þjónusta, sem hátekjumaðurinn notar í miklu ríkara mæli en lágtekjumaðurinn. Það er aðeins í því tilfelli, að tekjuhái maðurinn eyði ekki meira sér til lífsframfæris en láglaunamaðurinn, sem hann gæti hagnazt. En slíku er að jafnaði ekki til að dreifa í raunveruleikanum, og væri þá ekki heldur úr vegi að verðlauna slíkan sparnað, ef hann ætti sér stað. Ég tel því í raun og veru æskilegt, að efnahagssérfræðingar ríkisstj. létu ekki við það sitja að reikna út kjaraskerðingu vísitölufjölskyldunnar, heldur reiknuðu einnig út kjaraskerðingu hátekjumannafjölskyldu, og er ég þess fullviss, að þá kæmi í ljós, að kjaraskerðing hinnar síðarnefndu væri til muna meiri. Markmiðið með því að draga úr beinum sköttum, en auka hina óbeinu, er einmitt að skapa jafnrétti milli gjaldþegnanna. Menn geta ekki svikizt undan því að greiða óbeina skatta, og með því er hægt að ná til allra hátekjumanna, hvort sem þeir eru launþegar eða ekki og hvort sem þeir geta falið tekjur sínar eða ekki. Þegar litið er á hátekjumannastéttina sem heild, hefur hún því ekki hag af skattbreytingunni, heldur alveg þvert á móti.

Með þessu frv. er verið að hrinda í framkvæmd einu af helztu baráttumálum Alþfl. og efna eitt af kosningaloforðum hans. Með frv. er stigið stórt skref í áttina að nýju, heilbrigðu og réttlátu skattakerfi. Alþfl. veitir því frv. þessu allt það brautargengi, sem í hans valdi stendur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. lýsti því mjög nákvæmlega, hversu þetta frv. um nýjan tekjuskatt er í samræmi við kosningaloforð beggja stjórnarflokkanna fyrir síðustu alþingiskosningar, og síðasti ræðumaður, hv. 9 landsk. þm. (JÞ), gerði hér virðingarverða tilraun til þess að láta ekki Sjálfstfl. hnupla frá Alþfl. heiðrinum af þessu máli. Hann sýndi rækilega fram á, að það var Alþfl., sem bar þetta mál fram í byrjun og mun berjast fyrir því til síðustu stundar. Sjálfstfl. aftur á móti hefur gengið í lið við Alþfl. í þessu máli, en Alþfl. á upphafið og þar með aðalheiðurinn af málinu. Ég er ekkert að lá hv. 9. landsk., þó að hann reyni að passa upp á þennan sóma flokksins, eins og nú er komið.

Eitt af því merkilegasta, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði í ræðu sinni, var það, að engir skattar á þjóðina séu réttlátari en beinir skattar. Þetta kalla ég vel mælt af honum, um leið og hann er að mæla fyrir því að leggja niður beina skatta. Hann hafði aðeins þann varnagla, að rétt sé talið fram til skatts. M. ö. o.: ef skattgreiðendur telja samvizkusamlega fram, eru að dómi þessa hv. þm. ekki til réttlátari skattar á Íslandi en beinu skattarnir. Ég vil taka undir þessi ummæli hans.

Þá er komið að höfuðröksemdafærslu stjórnarflokkanna fyrir því, að þetta mál er flutt, þ. e., að ekki sé talið rétt fram. Það eru skattsvik, sem eru höfuðástæðan fyrir því, að flokkarnir bera málið fram. Ef þau væru ekki, flyttu þeir ekki þetta mál. Ef ekki væru skattsvikin í landinu, flyttu þeir ekki þetta frv.

Nú er á hitt að líta, að það er ekki svo, að skattgreiðendur í landinu eigi ekkert að greiða í staðinn fyrir þá lækkun, sem nú verður á tekjuskatti. Jú, ríkisstj. hefur séð fyrir því. Það á annar skattur að koma í staðinn, og hv. 9. landsk. hefur lagt á það mikla áherzlu, hversu sá skattur er réttlátari í alla staði en beini skatturinn, sem hv. frsm. meiri hl. n. taldi réttlátastan allra skatta. Söluskattur kemur í staðinn fyrir tekjuskatt. Þetta er eitt meginatriðið í málinu. Og þá kemur maður að því atriði, sem er ástæða stjórnarflokkanna, a. m. k. Sjálfstfl., fyrir þessu máli, það eru skattsvikin. Ef nokkur heil brú er í þessum málflutningi stjórnarsinna, hlýtur hún að liggja í því, að stórkostleg skattsvik eigi sér stað um tekjuskatt, en engin skattsvik um söluskatt. Ef þeir geta mótmælt þessu með rökum, þessari staðhæfingu minni, þá er mér óskiljanlegur þeirra málflutningur.

Ef sama meinsemdin kynni að vera við lýði hvað snertir söluskattinn og þeir segja að sé um tekjuskattinn, til hvers er þá verið að skipta um skatta? Það fékkst á þessu nokkur skýring hjá hv. 9. landsk. Hann sagði, að óbeina skatta væri ekki hægt að svíkja, m. ö. o.: söluskatt er ekki hægt að svíkja. Það er nokkuð rétt í þessu hjá honum. Þeir, sem kaupa vörur, geta ekki svikizt um að borga þennan skatt, það er alveg rétt, því að hann er innifalinn í verðinu. Getur þá enginn svikizt um að borga skattinn? Þarna kemur höfuðmeinsemdin í þessu máli. Það er lagður á söluskattur í staðinn fyrir tekjuskatt. Söluskattinn er ekki hægt að svíkja, þ. e. þeir, sem eiga að greiða hann, verða að greiða hann. En þeir, sem innheimta hann og eiga að skila honum í ríkissjóð, geta svikið og þeir geta svikið alveg eins mikið og hinir, sem telja fram til tekjuskatts.

Þetta er það viðfangsefni, sem Alþfl. hefur nú tekið sér sem hugsjónamál. Ég held, að það sé eina hugsjónamálið, sem sá flokkur á núna

til, þ. e. að lögfesta söluskatt í staðinn fyrir tekjuskatt, — söluskatt, sem gjaldendur geta ekki svikið, en innheimtumennirnir geta svikið. Þetta er hugsjónamál Alþfl.

Nú er það ekki einu sinni svo, að skattsvikin, sem Sjálfstfl. heldur svo drjúgt fram, réttlæti þetta mál að öllu leyti, því að tekjuskattur er ekki úr sögunni, og ef hægt er að svíkja tekjuskatt á annað borð, er alveg eins hægt að svíkja þann skatt, sem eftir er, eins og hægt var að svíkja hinn, sem nú á að afnema. Þá hlýtur ástæðan að liggja í því, að þeir, sem nú eiga að greiða tekjuskatt hér eftir, hafi aldrei verið grunaðir um skattsvik, en þeir, sem eiga nú ekki að greiða hann lengur, hafi framið þessi skattsvik, m. ö. o.: hátekjumennirnir hafa aldrei svikið tekjuskattinn, þess vegna má vera tekjuskattur á þeim áfram, en lágtekjumennirnir hafa svikið hann, svo að það verður að afnema skattinn. Það eru dáfalleg rök þetta.

Svo sagði hv. frsm. n., að þetta væri engin aðdróttun um óheiðarleika manna umfram aðra menn yfirleitt. Nú, hvað er það þá? Hvað er það þá, fyrst á að afnema tekjuskatt vegna skattsvika? Er það þá ekki aðdróttun um óheiðarleik? Jú, hann sagði „umfram aðra menn". M. ö. o.: það eru þá allir landsmenn svona, eftir því sem orð hans sjálfs féllu.

Þá lagði hv. frsm. meiri hl. mikla áherzlu á það, að annað höfuðmarkmið þessa máls væri að bæta upp gengislækkunina og álögur ríkisstj. með því að fella niður tekjuskattinn. Það fer víst ekki milli mála, að til þess átti leikurinn að vera gerður, að sögn hæstv. ríkisstj. Þannig hafa stjórnarflokkarnir auglýst þetta mál í allan vetur og reiknað með í öllum dæmunum sínum um það, hvernig fólk fengi upp bættar álögurnar. Auglýst hefur verið, hvað menn mundu græða mikið á því að sleppa við tekjuskattinn. En það verður lítið úr þessum útreikningi stjórnarsinnanna, þegar nú eru fluttar skýrslur hver af annarri um það, að allur gróðinn nemur ekki nema nokkrum hundruðum króna hjá lágtekjumönnum eða kannske 1—2 þús. á fjölskyldu við að sleppa við skattinn, en lágtekjumenn fá á sig þúsundir og aftur þúsundir af álögum í gengislækkun og söluskatti.

Það er ómögulegt, að það fari fram hjá almenningi, hvert hlýtur að vera aðalmarkmið stjórnarflokkanna og þá fyrst og fremst aðalflokksins í þessu máli, Alþfl., sem á þetta hugsjónamál. Með því að bera málið fram, á að lækka beina skatta á hátekjumönnum, þó að hinir fljóti með, sem eru lágtekjumenn. Það er aðaltilgangurinn, því að aðalhagnaðurinn er hjá hátekjumönnunum, en ekki hinum. Þetta hlýtur að vera aðalmarkmiðið með málinu. Það er ekki vegna neinna skattsvika, því að tekjuskattur á að vera áfram. En söluskattur er tekinn upp í staðinn, þó að hægt sé að svíkja hann, alveg eins og tekjuskattinn. Höfuðmarkmiðið er því tvímælalaust fyrst og fremst það að lækka skatta á hátekjumönnum og lækka þá svo, að nemur þúsundum og tugum þúsunda á mann. Með þessum hætti fá hátekjumennirnir bætta að fullu og kannske mun meira en að fullu þá kjaraskerðingu, sem ríkisstj. er nú að leiða yfir þjóðina, þegar hinir fá ekki bætta þá kjaraskerðingu sem neinu nemur.

Eitt af því, sem hv. 9. landsk. sagði, var það, að fallið hefði niður lína í prentun í þessu frv. En það vantar enga línu í þetta frv. Þar stendur skýrum stöfum, hvað tekjuskattur skuli vera af 90—110 þús., svo að það er enginn vafi á því, að hæstv. stjórnarflokkar hafa ætlað að hafa skattfrjálst allt, sem væri yfir 110 þús. Ég vil ekki fara að bera þeim á brýn, að þeir viti ekki, hvað þeir settu í frv., sem tveir flokkar með öllum sínum sérfræðingum eru búnir að vera að undirbúa nú lengi og það jafnvel allan veturinn. (**Fjmrh.:** Eru rökin svona fátækleg, að það þurfi að nota prentvillur?) Það er engin prentvilla í frv., ekki nokkur. Það stendur skýrum stöfum þarna það, sem þeir hafa viljað láta standa þarna. En hitt er lofsvert, og hæstv. ráðherra ætti að taka því með ánægju, að stjórnarflokkarnir hafa fallið frá ívilnun á hátekjumönnum, svo að nemur tugum þúsunda á þeim, sem hefðu nú komizt í skatt yfir þetta mark, sem fræga línan greinir frá. En það verður sannarlega að segja það, að það var á síðustu stundu, sem þeir gerðu það, en betra seint en aldrei.

Þá drap hv. 9. landsk. á nauðsyn þess að fella niður með öllu beina skatta, og þar með hefur maður staðfestingu á því, hver næsti áfangi muni verða. Skattarnir eiga að falla niður alveg. Það er hugsjón Alþfl. En hann bætti því við, að lækkun útsvara kæmi í staðinn fyrir álögurnar, sem fylgja „bjargráðunum" svokölluðu. Það er nú komið fram stjórnarfrv. um lækkun útsvara, og það er svo dásamlega úr garði gert, að ég tel rétt að drepa á það líka. Skattstiginn fyrir útsvörin er óbreyttur, t. d. hér í Reykjavík, alveg óbreyttur, en hver er breytingin? Breytingin er sú, að það á að draga frá skattskyldum tekjum útsvar fyrra árs, og af því leiðir, að þeir, sem höfðu nokkurt verulegt útsvar, lækka í útsvari, en hinir, sem höfðu ekkert útsvar eða sama sem ekkert útsvar, lækka ekki neitt. Allt er þetta í sömu áttina, alveg bein lína, hrein stefna hjá Alþfl. í þessu hugsjónamáli hans. Enn eiga að bætast við kjarabætur hjá hátekjumönnum í landinu, þegar útsvarslagafrv. er orðið að lögum. (Gripið fram í.) Ég kannast ekki við það, að neinn flokksbróðir minn hafi undirbúið útsvarslagafrv., að öðru leyti en því, að kallað var í tvo oddvita til að líta yfir skattstiga í sveitum. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, ég á ekki mikið eftir, enda vil ég gjarnan styðja hæstv. ríkisstj. í því, að hún geti komið þessu máli gegnum hv. Ed. í dag, svo að ég skal vera stuttorður. (**Forseti:** Það var hugmyndin að fresta fundi núna laust fyrir kl. 4.) Já, herra forseti. Ég skal leitast við að vera stuttorður.

Hv. 9. landsk. hefur gefið tilefni til að minna

á það, að með útsvarslagafrv. á enn að hraða ferðinni í þá sömu átt, sem gert er með þessu tekjuskattsfrv., þ. e. með skattalækkun hvað snertir hátekjumennina, en einskisverðum lækkunum fyrir lágtekjumennina.

Hann sagði, að upphaflega hefði verið sú hugmyndin með beinum sköttum að koma á meiri auðjöfnun í landinu. Nú þyrfti þess ekki með, því að nú væru til miklu betri tæki til að koma auðjöfnuninni á, miklu meiri tækni, miklu betri tækni. Hann nefndi eitt af þessum tækjum, það er svokölluð gildra, sem Alþýðublaðið var að skrifa um fyrir nokkrum dögum. Þeir eru nefnilega komnir í gildru, hátekjumennirnir núna, og hún er óþokkaleg. Hún er nefnilega þannig, að þótt þeir græði 10—20 þús. á tekjuskattsfrv. þessu, þá freistast þeir til þess að kaupa fyrir þær þúsundir einhverja lúxusvöru, sem er hátolluð. Þetta er auma gildran! Þetta er gildra, sem Alþfl. sér um að verkalýðurinn almennt lendi ekki í. Hann á ekki að lenda í þeirri gildru að freistast til að fara að kaupa lúxusvöru, eftir að bjargráð Alþfl. eru komin til framkvæmda.

Mikil hamingja er það að vera fátækur, eins og Davíð sagði einu sinni. Það er svo mikil hamingja, að menn lenda alls ekki í neinni gildru. Þjóðin má vera þakklát Alþfl. fyrir það að bjarga öllum almenningi frá þeirri gildru að kaupa dýrar vörur fyrir það, sem þeir græða á tekjuskattslækkun Alþfl.!

Ég vil verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að ljúka máli mínu, en ég vil að lokum segja það, að s. l. föstudag, — ég held, að það hafi verið 1. apríl, — voru þessi frv. tekin á dagskrá, tekjuskattsfrv. í þessari hv. d. og útsvarslagafrv. í hv. Nd. Þennan sama dag sögðu dagblöðin frá ferlegum atburðum, sem gerzt höfðu hér í bæ. Mig minnir, að Alþýðublaðið segði frá einhverjum manni, sem kastaði sér niður úr kolakrananum, niður í poll, og birti blaðið mynd af öllu saman. En þessar frásagnir dagblaðanna voru allar leiðréttar daginn eftir og eru í daglegu tali kallaðar 1. apríl-fréttir, og hafa menn gaman af. — Mér sýnist, að hér á hæstv. Alþingi hafi líka gerzt 1. apríl-atburður, þ. e. þegar Alþfl. leggur fram hugsjónamálið sitt um tekjuskattslækkun handa þeim ríku og útsvarslækkun handa þeim sömu. Ég er hræddur um, að það geti farið svo fyrir þessum flokki, að afleiðingarnar verði litlu betri fyrir hann en fyrir mann, sem kastar sér niður úr kolakrananum niður í poll. — [Fundarhlé.]

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst satt að segja þau rök, sem færð eru fram fyrir því frv., sem hér er til umræðu, vera harla einkennileg. Hér hafa tveir hv. þm. talað af liði ríkisstj. Hv. 9. landsk. (JÞ) sagði, að styrkja- og uppbótakerfið væri orðið það rotið, að þörf væri á því að endurskoða það og afnema með öllu, að mér skildist, og ég held helzt, að honum finnist, að það sé þegar búið að komast fyrir rotnunina í styrkja- og uppbótakerfinu. En ég held, ef hv. 9. landsk. blaðar í fjárl., þá sjái hann, að hæstv. ríkisstj. er ekki búin að afnema styrkja- og uppbótakerfið, því að enn þá er lagður 5% skattur á allan útflutning landsmanna til þess að rísa undir þeim gjöldum, sem á hefur vantað, að útflutningssjóður, sem stóð sig með ágætum að hans dómi og annarra Alþýðuflokksmanna á s. l. hausti, geti staðið við sínar skuldbindingar. Og tæplega trúi ég því, að hæstv. ríkisstj. afnemi þennan skatt, heldur hygg ég, að hún muni halda honum áfram til þess að taka á sig þann halla, sem kann að steðja að atvinnulífinu vegna þeirra aðgerða, sem hæstv. ríkisstj. er nú og hefur verið að beita sér fyrir, frá því að hún tók völdin í landinu. Þessi sami hv. þm., 9. landsk., sagði, að beinu skattarnir, sem hefðu áður fyrr verið notaðir til þess að koma á nokkurs konar auðjöfnun í landinu, væru í raun og veru óþarfir nú, því að það væri á allt annan hátt séð fyrir þörfum þeirra, sem minna mega sín í landinu, en áður var, og benti á tryggingalöggjöfina og atvinnuleysistryggingasjóðinn í því sambandi. En ég vil spyrja hv. 9. landsk. að því, hver er munur á gerður hjá láglaunamanni með þrjú börn og hálaunamanni með þrjú börn að því er varðar fjölskyldubætur og að því er varðar það, sem að Tryggingastofnun ríkisins snýr. Ég hygg, að hann geti tæplega sagt með sanni, að þar sé nokkur munur á gerður. Það er nokkurn veginn sama, hvar maður blaðar í þeim frv. og þeim lögum, sem samþykkt hafa verið á þessu þingi, að þau miða í raun og veru öll í hina einu og sömu átt, þ. e. að auðga þá, sem auðugir eru.

Ein rökin fyrir því, að afnema beri beina skatta eða lækka þá verulega, eru þau, að framtöl séu svo misjöfn og óábyggileg. Ég hef verið að leita í þessu frv., af því að nú eru skattar ekki afnumdir algerlega, þar sem enn þá er látinn halda sér tekjuskattur og eignarskattur, hvort hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því, að hjá þeim, sem eiga eftirleiðis að greiða þessa skatta, væri hægt að tryggja þann grundvöll, sem þessi framtöl byggjast á. En það er öðru nær, þar fyrirfinnst ekkert, þannig að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar eru ekki neitt að gera til þess að tryggja hann, nema síður sé, og telja það þó eina af ástæðunum fyrir því, að þeir eru nú að beita sér fyrir breytingu á skattalögunum.

Og þá minntist hv. 9. landsk. á það, að fólkið greiddi söluskattinn. Það er alveg rétt. Fólkið greiðir söluskattinn. En er þá jafnmikil trygging fyrir því, að sá skattur, sem fólkið greiðir í gegnum söluskattinn, komi ríkinu til góða eins og áður var með tekju- og eignarskatt? Ég spyr hv. 9. landsk., því að mér finnst, að það sé glapræði næst af ríkisstj. að vera að beita sér fyrir því skattakerfi, sem á að þjóna almenningi í landinu, ef engar líkur eru fyrir því, að það kerfi, sem upp er tekið, sé á nokkurn hátt betra en það skattakerfi, sem ríkt hefur til þessa. Og ég er sannfærð-

ur um það, að um leið og verið er að stórlækka skatta á hátekjumönnum, hina beinu skatta, fá hinir sömu í enn þá ríkara mæli margir hverjir möguleika á því að stela undan söluskatti í stórum stíl. Þetta er hugsjón Alþfl. Ég lái sjálfstæðismönnum ekki þetta, vegna þess að þeir hafa aldrei viljað hafa neina heilbrigða brú í skattamálum landsins, þeir hafa ávallt viljað hafa skattana þannig, að flokksmenn þeirra gætu stungið þeim sem mest í eigin vasa og notað í eigin þjónustu í kosningabaráttu.

Þá minntist hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), frsm. meiri hl. fjhn., á ýmislegt, sem hann taldi að gæfi þessu frv. ríkisstj. gildi, og talaði um ástæðurnar fyrir því, hvers vegna stjórnin hefði beitt sér fyrir þessari breytingu á tekjuskattslögunum, og hann taldi, að ein aðalástæðan væri sú, að launþegar yrðu jafnan að gera nauðugir, viljugir fulla grein fyrir þeim tekjum, sem þeir hefðu, á meðan ýmsir aðrir slyppu við það, eins og t. d. þeir, sem hafa á hendi ýmiss konar rekstur, sem væri ekki ávallt svo létt verk að fylgjast með, hvern hagnað gæfi, — að þessir menn hefðu möguleika á að taka út af framtali nokkurn hluta af þeim tekjum, sem í raun og veru væru skattskyldar, svo að hann komst að þeirri sömu niðurstöðu og hv. 9. landsk., að af þeim sökum væri nauðsynlegt að breyta þessu skattalagakerfi. En ég vil vekja athygli á því nú við þetta tækifæri, að sjálfstæðismenn hafa á undanförnum árum barizt fyrir því að koma inn ákvæðum í skattalögin, sem hafa gert það að verkum, að starf skattanefnda hefur verið miklu erfiðara en það var áður fyrr, og þessir erfiðleikar eru í því fólgnir og hafa verið nú síðustu árin, síðan sparifé var gefið skattfrjálst, að þá er útilokað að fylgjast með eignahreyfingum hjá mönnum, og jafnvel þó að aðili teldi sig hafa lifað á ekki neinu eða ekki haft neinar tekjur eitt árið, gæti hann sagt sem svo, að hann hefði lifað á sínum innstæðum. Á þennan hátt hefur verið kippt því þýðingarmikla atriði út úr skattalögunum, að starfssvið skattanefnda hefur verið miklu minna virði en það var áður fyrr, og mér finnst því, að þegar sjálfstæðismenn eru að tala um, að framtölin séu svo misjöfn og óábyggileg, þá geti þeir fyrst og fremst nagað sjálfa sig í handarbökin fyrir það að hafa beitt sér fyrir ákvæðum sem þessum, að sparifé skuli ekki vera framtalsskylt. Látum vera, þó að það sé skattfrjálst, en það gat eigi að síður verið framtalsskylt fyrir því.

En þetta frv. gerir ráð fyrir því, að það verði safnað skattaskýrslum eftirleiðis eins og verið hefur. Og ég sé ekki betur en þau framtöl, sem verða í framtíðinni, verði jafnóréttlát og þau hafa verið og frsm. þessa máls virðast vilja vera láta að hafi átt sér stað á undanförnum árum. En hingað til hefur á skattaskýrslunum ekki einungis verið byggður tekju- og eignarskattur til ríkisins, heldur einnig í ríkum mæli viða á landinu útsvarsálagning til bæjar- og sveitarfélaga, og þess vegna eru framtölin náttúrlega ekki eða hafa ekki verið þýðingarlaus. Og ég vil benda á það, og ég held, að það sé enn þá prentað á skattaskýrslur, að framteljandi skrifi undir framtal sitt að viðlögðum drengskap, og hæstv. ríkisstj. og hennar frsm. hér leggja sannarlega ekki mikið upp úr þeim drengskap, og vera má, að þeir þekki sjálfa sig það vel, að ekki sé mikið upp úr honum leggjandi.

Í öðru lagi hafa fjallað um framtölin þrjár nefndir, öll framtöl á landinu. Það eru í fyrsta lagi undirskattanefndir í hreppunum og yfirskattanefndir og í síðasta lagi ríkisskattanefndin. Og ég verð að segja það, að mér finnst, með þeim málflutningi, sem hér hefur verið, hafa verið kastað nokkuð þungum steini að öllum þeim mönnum, sem innt hafa hlutverk sitt þar af hendi. En þó verð ég að segja það, að hæstv. ríkisstj. kórónar í raun og veru alla þessa hluti með því, sem hún lætur í ljós koma í því frv., sem þegar hefur verið lagt fram á Alþ. um breytingar á útsvarslögunum, þar sem eitt ákvæði í þeim lögum er á þann veg, að niðurjöfnunarnefndir bæjar- og sveitarfélaga séu alls ekki skuldbundnar til að taka tillit til framtalanna. Sem sagt, að að því leyti til er því lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að framtölin séu algerlega óþörf og að niðurjöfnunarnefndir geti skapað hverjum og einum þegn í þjóðfélaginu þann grundvöll að útsvarsútreikningi, sem þeim sjálfum sýnist, sem með völdin fara. Og það er sama, þó að hvorki undirskattanefnd, yfirskattanefnd né ríkisskattanefnd hafi haft neitt við hin sömu framtöl að athuga, að þá getur niðurjöfnunarnefnd samt sem áður breytt því öllu saman. Hún getur kollvarpað sem sagt öllum grundvellinum, sem í raun og veru einstaklingarnir sjálfir leggja og skattanefndirnar og útsvörin hafa byggzt á til þessa. Og ég verð að segja það, að ákvæði sem þetta í lögum er nokkuð hættulegt, ef þannig menn fara með þessi völd, að þeir hafi hug á að misbeita valdi sínu. Þetta er kórónan á öllu því, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara í þessum málum. Og vafalaust á margt eftir að koma upp í meðferð þessara mála hér á hv. Alþ., sem ég ætla ekki að ræða nú, fyrr en frv. um útsvör kemur til umræðu hér í hv. deild.

Það er ákaflega einkennandi fyrir það frv., sem hér liggur fyrir, hvert atgeirnum er beint, að honum er fyrst og fremst beint til þeirra, sem minna mega sín í landinu. Ég vil nefna hér þrjú dæmi, og í öllum tilfellunum eru hjón með 3 börn, sem í hlut eiga. Í fyrsta tilfellinu eru hjón, sem höfðu í skattgjaldstekjur árið 1959 30 þús. og greiddu í skatt 989 kr. Í öðru lagi eru hjón, sem höfðu í skattgjaldstekjur 60 þús. kr. og greiddu í skatt 3949 kr. Og í þriðja lagi eru hjón, sem höfðu í skattgjaldstekjur 90 þús. kr. og greiddu í skatt 11322 kr., en nú greiða hin sömu hjón í skatt samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, 1670 kr. Þau græða því á þessari skattalagabreytingu 9652 kr., á meðan hvor tveggja hin hjónin, sem

höfðu 30 þús. eða 60 þús. í skattgjaldstekjur, þurfa nú ekki að greiða skatt, en spara aðeins 989 kr. í öðru tilfellinu og 3949 kr. í hinu. Þetta talar sínu máli og sýnir, hversu misjafnlega hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu spara við þá skattalagabreytingu, sem hér er lögð til.

Í þessum dæmum, sem ég nefndi, hafa þessar fjölskyldur allar jafnt í fjölskyldubætur, þær hafa 3 börn og fá jafnt, hver fjölskylda fær 7800 kr. í fjölskyldubætur. Það er ekki nokkur greinarmunur á því gerður, hvort fjölskyldan hefur 30 þús. í skattgjaldstekjur, 60 þús. eða 90 þús. Og ég ætla, að til allra nauðsynja greiði þessar fjölskyldur álíka mikið í söluskatt til allra brýnustu nauðsynja. Það eru líka mjög sterkar líkur til þess, að fjölskylda, sem hafði 90 þús. kr. í skattgjaldstekjur, hafi á undanförnum árum haft miklu meiri möguleika á að útvega sér sæmilegt húsnæði og þægindi og búa í haginn fyrir framtíðina en hinar fjölskyldurnar höfðu, sem höfðu miklu lægri tekjur. En þessar láglaunafjölskyldur eru nú miklu verr settar eftir þessa breytingu og þær breytingar, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum í vetur, — miklu verr á vegi staddar með að bjarga sér en áður var þrátt fyrir tekjuskattslækkunina, og það stafar af því, að verðhækkanir hafa orðið svo geysimiklar, að þessar fjölskyldur, láglaunafjölskyldurnar, geta bókstaflega ekkert veitt sér nema allra brýnustu lífsnauðsynjar, því að gengisbreytingin upp á 132.5%, söluskatturinn 8.8% plús 3% söluskattur og vaxtahækkunin allt upp í 12% og stórhækkun á öllum verðtollum, þetta gleypir allt svo mikið af tekjum fólks, að það er sannarlega hvergi, þar sem þörf er á, komið á móti til stuðnings, og sama þó að maður taki með í reikninginn fjölskyldubætur, skattalækkun og annað, vegna þess að láglaunafólkið hafði ekki skatta og sparar því ekkert í sköttum, og það fær jafnt í fjölskyldubætur og aðrir aðilar í landinu. Það verður því, hvernig sem þessu máli er velt fyrir sér, miklu verr á vegi statt en allir, sem hafa haft meiri tekjur í landinu. Þarna er því verulega gert upp á milli, þó að ekki séu teknar nema allra brýnustu lífsnauðsynjar í landinu.

Alls staðar blasir við sama sagan, að lamb fátæka mannsins er lagt á borð ríka mannsins, og hann virðist gleypa það af mikilli áfergju og af samvizkuleysi.

Það er líka eftirtektarvert í sambandi við þetta mál og raunar fleiri, sem hér hafa verið lögð fram á þingi af hæstv. ríkisstj., að bændastétt landsins, sem hefur ekki haft á undanförnum árum betri kjör en það, að hún hefur ekki getað greitt nema sáralítið í beinum sköttum, fær nú í staðinn stóraukna skatta, þar sem er söluskatturinn og aðrir óbeinir skattar, sem á hafa verið lagðir eða auknir. Meira að segja verða bændur að borga söluskatt af eigin framleiðslu, eins og kjöti og alls konar kjötvörum, sem þeir kaupa í verzlunum, og hafa gert upp á síðkastið, síðan niðurgreiðslur urðu það miklar, að þær námu meira en dreifingarkostnaði á sömu vöru. Það er því ekki hægt að segja, að því er varðar bændastétt landsins, að þessi skipti á skattafyrirkomulagi séu henni hagstæð.

Þessi skipti á skattafyrirkomulagi eða tilfærsla á gjöldum, eins og hæstv. fjmrh. hefur oft talað hér um í vetur, eru mjög óhagstæð fyrir alla framleiðsluaukningu í landinu og þá ekki sízt á sviði landbúnaðarframleiðslu, sem hlýtur nú að dragast mjög saman sakir þess, hversu stjórnarsinnar hækka allt mikið í verði, sem til þarf til framleiðslunnar, ef hún ætti fyrir sér að vaxa, því að öll tæki varðandi landbúnaðinn nú hækka svo mikið í verði, að það er útilokað fyrir bændur að veita sér neitt að ráði af þeim tæknilegu áhöldum, sem landbúnaðurinn nauðsynlega þarf, svo að séð frá því sjónarmiði getur tæplega nokkur framleiðsluaukning átt sér stað, en miklar líkur fyrir samdrætti, þegar þessi mál eru athuguð niður í kjölinn, enda að því stefnt að stórhækka vexti og skapa verulega lánsfjárkreppu í landinu, sem fyrst og fremst kemur niður á þeim, sem sinna einhverjum framleiðslustörfum. Og það er synd að segja, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, auki eða bæti aðstöðu þessara aðila frekar en annarra. Það eru fyrst og fremst þeir, sem betur mega sín, sem á þessu græða á kostnað hinna, og það er hér sem víðar, það er ráðizt á garðinn þar, sem hann er lægstur. Það er ráðizt á þá aðila í landinu, sem til þessa hafa átt afkomu sína undir sól og regni og getað bjargazt án þess, að til kæmi stór styrkur þess opinbera. En nú er fótum brugðið fyrir þessa aðila í landinu, þannig að þeir eiga sannarlega ekki bjarta daga fram undan.

En ég vildi að lokum leyfa mér að varpa einni spurningu fram fyrir hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. fjmrh., sem virðir þó þessa deild það, að hann er hér viðstaddur nú, og spurningin er þessi: Á ekki eftir að koma neitt frv. frá hæstv. ríkisstj. fyrir Alþ., sem bætir um fyrir þeim aðilum í landinu, sem verst eru á vegi staddir eftir allar þær löggjafir, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið og beitt sér fyrir til þessa á því þingi, sem starfað hefur? Er ekki neitt í uppsiglingu, sem hugsanlegt er að geti bætt um fyrir þessum aðilum í landinu? Ef svo er ekki, þá sé ég ekki fram á annað en voðinn sé vís hjá fjölda af hinu lægst launaða fólki í landinu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum, reynist hafa valið sér það einkennilega hlutverk að færa sem flest í þjóðfélaginu aftur á bak í tímann. Hún keppist við að rífa niður það, sem byggt hefur verið upp síðustu áratugina, og hún er furðu afkastamikil, þegar þess er gætt, hve skamman tíma hún hefur setið. Öll verk hennar til þessa tíma bera ótvíræð merki afturhvarfsins til þessara löngu liðnu tíma. Nærtækt dæmi þessarar tilhneigingar hæstv. ríkisstj. er stefna hennar og aðgerðir í skattamálunum. Fyrir 40 árum stundi almenningur í

þessu landi undir óbeinu sköttunum, sem lagðir voru jafnt á allar nauðsynjar og gerðu engan greinarmun á fátækum og ríkum. Þá komu fram ákveðnar óskir um allt land og urðu æ háværari um, að skattakerfinu yrði breytt, dregið yrði úr óbeinu sköttunum og upp tekinn beinn skattur, tekjuskatturinn, sem lagður yrði á eftir gjaldþoli hvers eins. Við þessum kröfum varð Alþ. fyrir tæpum 40 árum. Nú sýnist hæstv. ríkisstj. ætla að breyta um aftur og hverfa til gamla tímans. Hefur hún nýlega fengið lögfestingu á söluskatti, sem leggst jafnt á allt, varning og þjónustu og þarft sem óþarft, og gerir engan mun ríkra og fátækra. Þetta er þegar orðið að lögum, og er þá röðin komin að skerðingu eða afnámi tekjuskattsins, sem lagður er á eftir efnum og ástæðum skattþegnanna. Um það efni fjallar stjórnarfrv., sem hér liggur nú fyrir til umr. Það er í rauninni ekki nema framhald eða rökrétt afleiðing söluskattsfrv., sem var hér nýlega á ferðinni og þá samþykkt illu heilli, vildi ég segja.

Að efni til er þetta frv. um tekjuskatt ekki margbrotið og aðallega felur það í sér tvö athyglisverð atriði. Hið fyrra er það, að þessi tekjustofn ríkissjóðs skuli nú skertur svo mjög, að hann verði lítið meira en nafnið tómt. En hitt atriðið er, að hátekjumenn þjóðfélagsins eru látnir hagnast mest allra á skerðingu skattsins. Þessi stefna, að draga úr beinum sköttum til hagsbóta efnamönnum, kemur engum á óvart, sem þekkir til Sjálfstfl. Sá flokkur vinnur fyrir sína menn, og er það ekki nema eðlilegt. Stighækkandi tekjuskattur hefur alltaf verið eitur í beinum þeirra, sem háar hafa tekjurnar, þótt þeir hafi ekki fengið rönd við reist fyrr en nú, er þeim hefur borizt hjálp úr óvæntri átt. Það er einkenni tekjuskatts, að hann er lagður á þegnana í samræmi við gjaldþol þeirra, þannig að skattbyrðarnar eru lagaðar eftir bökunum, sem bera þær. Með honum er þeim snauðu hlíft á kostnað hinna efnuðu, og það er þess vegna, sem tekjuskatturinn er í eðli sínu einhver réttlátasta skatttegund, sem til er. Hitt er annað mál, að í framkvæmdinni má spilla honum á ýmsa vegu og jafnvel gera hann með því almennt óvinsælan.

Árið 1921 voru skattamál til meðferðar á Alþingi. Þáv. fjmrh., Magnús Guðmundsson, taldi við það tækifæri það viðurkennt af flestum, að tekju- og eignarskattur væri einhver sanngjarnasti skatturinn að öllu samanlögðu, sem unnt væri að finna. Mönnum var ljóst þegar á þeim tímum, að miklu varðaði, hvernig til tækist um alla framkvæmd í sambandi við skattheimtuna. Stighækkandi tekjuskattur er óneitanlega mikilsvert spor í þá átt að jafna lífskjör þjóðfélagsþegnanna, og að því leyti er hann mótsetning neyzluskattanna, sem engan mun gera á aðstöðu eftir efnum og ástæðum. Þessi er og verður alltaf eðlismunurinn á beinum sköttum og óbeinum.

Ég sagði áðan, að ekki væri nema eðlilegt, að Sjálfstfl. hefði horn í síðu tekjuskattsins og teldi hann höggva of nærri efnamönnunum, enda hans að gæta þeirra hagsmuna. Öðru máli gegnir um þá stjórnmálaflokka, sem bera hag alls almennings fyrir brjósti. Þeir vilja ekki afnám þess skattforms, sem bezt tryggir jöfnun lífskjaranna í landinu, og þeir telja allsherjar söluskatt hæstv. ríkisstj. í eðli sínu ranglátari en tekjuskattinn. Alþfl. var stofnaður af jafnaðarmönnum, og árum saman vann hann ósleitilega að hagsmunamálum láglaunafólksins í landinu. Þá beitti hann sér gegn álagningu þungra skatta á lífsnauðsynjar hins fátæka manns, og þá taldi hann stighækkandi tekjuskatt til sanngirnismála. En flokkurinn breyttist, eins og kunnugt er. Í skattamálum hefur Alþfl. tekið heljarstökk. Það gerðist á einum flokksstjórnarfundi fyrir þrem árum. Sú skattstefna, sem flokkurinn hafði beitt sér fyrir um áratugi og talið alþýðu þessa lands horfa til heilla og hagsbóta, varð á einni kvöldstund alröng og með öllu óhæf í augum forkólfanna. Minna þessi snöggu sinnaskipti einna helzt á forkláraða opinberun heilagra manna og eru ámóta yfirskilvitleg. Síðan hafa leiðtogar flokksins ekki linnt látum í flutningi hins nýja boðskapar, þar sem hvítt er orðið svart og öfugt. Ákafastur allra í þessu nýja hlutverki hefur hæstv. viðskmrh. verið, og er enn í minnum höfð ákefð hans, er hann fyrir kosningar í haust þeysti fram á völlinn í ríkisútvarpinu með boðskap sinn: Engin skattsvik framar, tekjuskattar verða afnumdir með öllu og hundruðum manna í skattþjónustunni fengin önnur og þarfari verkefni. Var helzt svo á þessum hæstv. ráðh. þá að skilja, sem bæði skyldi afnuminn tekjuskattur og útsvar og allt skattstofufólk helzt sent til sjós. Þetta nýja fagnaðarerindi Alþfl. vakti víðast hvar furðu og jafnvel í Sjálfstfl. Andstæðingar stighækkandi tekjuskatts vissu tæpast, hvaðan á sig stóð veðrið, enda var þetta eins og að rétta hundi heila köku. En smám saman sjatnaði undrunin, og í hennar stað kom ánægjan með nýjan samherja.

Í ársbyrjun 1958 var rædd á Alþ. ályktunartill. Alþýðuflokksmanna um afnám tekjuskatts. Þá lögðu Sjálfstfl.-menn fátt til mála, þótt auðheyrð væri vinsamleg viðurkenning á stefnubreytingunni. Þó gat einn þeirra, hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), ekki látið hjá líða að veita Alþýðuflokksmönnum væga áminningu og benda þeim á veilur í hinum nýja boðskap. Þetta gerði hann m. a. með þessum orðum:

„Það mun varla vera ágreiningur um það, að á tekjuskattinum eru margir og stórir ágallar. Þó er það þannig að mínu áliti, að þessir ágallar eru í ríkara mæli framkvæmdalegs eðlis en það, að slíkir skattar séu í sjálfu sér óréttlátir. Tilfellið er, að séu menn sammála um það, að skattana beri að verulegu leyti að leggja á eftir efnum og ástæðum, þá er erfitt að finna annan betri mælikvarða á efnahag manna en tekjurnar."

Þessa ádrepu fengu Alþfl.-menn hjá hv. 11. þm. Reykv. En auðvitað var það eins og að stökkva vatni á gæs. Áminningarnar hljóðnuðu líka skjótt, enda sú skoðun ríkjandi í Sjálfstfl., að ekki beri að miða skattana að verulegu leyti við efnahag manna.

Það hefur alltaf verið stefna Alþb., að ekki ætti að leggja tekjuskatt á þurftartekjur. Í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir afnámi skattsins á þær tekjur, og eru Alþb.-menn fyllilega samþykkir þeirri ráðstöfun út af fyrir sig. Hinu hafa þeir eindregið mótmælt, að í stað þessarar ívilnunar skuli hafa komið stórauknar álögur á láglaunafólk í formi neyzluskatta eins og söluskattsins. Það er ekki annað í raun inni en ósvífin blekking að gylla fyrir lágtekjumönnum afnám tekjuskatts, þegar jafnstór upphæð og raunar miklu stærri er tekin af þeim í formi nýrra skatta.

„Tekjuskattur afnuminn á almennum launatekjum." Þessi orð eru prentuð með feitu letri í áróðursriti því, sem hæstv. ríkisstj. gaf út sér til varnar og sendi öllum landsmönnum á þeirra kostnað. En í þeirri bók er öðru sleppt, sem þó hefði verið ástæða til að prenta með enn stærra letri, og það er, hverjir mest hagnast á tekjuskattsbreytingunni. Því er sem sagt algerlega stungið undir stól þar.

Á s. l. ári nam tekjuskattur á einstaklinga 139.7 millj. kr., en nú er hann áætlaður 22.5 millj. kr. Hér er því um mikla lækkun að ræða. En það fé, sem henni nemur, skiptist mjög misjafnt á einstaklingana, og gildir þar sú regla, að því tekjuhærri, sem maðurinn er, því meiri skattlækkun fær hann. Þannig fær meðalstór fjölskylda með lágar tekjur 500—1500 kr. eftir gefnar, en hátekjumaður með jafnstóra fjölskyldu fær tekjuskattslækkun, sem nemur 20—40 þús. kr. Í þessum mismun kemur fram það, sem athyglisverðast er í þessu frv., enda alveg einkennandi fyrir alla stefnu hæstv. ríkisstj. í skattamálunum. Með tekjuskattsbreytingunni eru láglaunamönnum fengnar nokkur hundruð krónur til að mæta nýjum álögum og ört vaxandi dýrtíð, en um leið og svo sem af tilviljun eru hátekjufólki réttir tugir þúsunda í sama skyni. Í þessu meginmáli frv. birtist stefna hæstv. ríkisstj., og á því sést, hverra hagur borinn er fyrir brjósti af Sjálfstfl. og af Alþfl., síðan hann tók sinnaskiptunum.

Ég skal ekki fjölyrða um hinn almenna söluskatt hæstv. ríkisstj., enda var hann mikið ræddur hér nýlega. Aðeins vil ég minna á, að hann er af flestum talinn í eðli sínu ósanngjarnastur allra skatta og í framkvæmd fyrir margra hluta sakir varhugaverður. En þetta er uppáhaldsskattur hæstv. stjórnar, og á honum hefur hún jafnmikið dálæti sem hún hefur andúð á hinum, er við efnahag manna miðar. Lýsir þetta hæstv. ríkisstj. vel, stefnu hennar og markmiði. Það er verið að hverfa frá tekjuskattinum, sem kröfur gerir til hins ríka, og taka upp þann neyzluskattinn, sem ranglátastur er og harðast bitnar á efnalitlu fólki. Þessarar staðreyndar er hvergi getið í áróðursritlingi hæstv. stjórnar, hvorki með smáu né stóru letri.

Meginröksemdin, sú raunverulega röksemd fyrir þeirri stefnu að afnema tekjuskatt er einfaldlega sú í hugum hv. stjórnarliða, að slíkt afnám er tekjuháu fólki hagstætt. En slík rök eru ekki frambærileg á opinberum vettvangi, og það vita þeir vel, málsvarar efnamanna í Sjálfstfl. og Alþfl. Þess vegna verða þeir að bera tylliástæður á borð fyrir almenning, og þeim hefur ekki orðið skotaskuld úr því. Stjórnarliðið hefur ekki reynt að færa sönnur á, að tekjuskattur sé í eðli sínu ranglátur, til þess hefur það ekki treyst sér. Hins vegar gat það bent á ágalla á lögum um tekjuskatt og sérstaklega þó á veilur í framkvæmd þeirra. Eftirlit með skattframtölum er svo að segja ekkert í þessu landi, og hefur sá ágalli leitt til hins mesta misréttis. Í sumum starfsstéttum, svo sem launastéttunum, eru litlir sem engir möguleikar til skattsvika þrátt fyrir þetta slælega eftirlit, en í öðrum starfsgreinum og þá ekki síst þar, sem miklu fé er velt, eru þessir möguleikar nær ótæmandi. Þetta hefur leitt til þess, að tekjuskatturinn hefur lagzt mjög misþungt á borgarana og jafnvel að þeir hafi sloppið ódýrast, sem mesta fjárhagsgetuna hafa. Þetta hefur öðru fremur gert tekjuskattinn almennt óvinsælan, og þær óvinsældir notfærir hæstv. ríkisstj. sér nú, er hún stefnir að afnámi hans. Virðist kenning hennar vera sú, að séu lög brotin, skuli þau afnumin. Það sýnist ekki flókra að hæstv. ríkisstj., að taka megi upp eftirlit með skattframtölum og gera það t. d. viðlíka öflugt og það er nú í Danmörku og í Bandaríkjunum. Á því sýnist hún engan áhuga hafa. Hún vill umfram allt og aðeins stýfa og síðan afnema tekjuskattinn. Eftirlitsleysið kærir hún sig kollótta um, en skattinn vill hún feigan.

Þá hampa stjórnarliðar því, að stighækkandi tekjuskattur, svo hár sem hann er hér, dragi úr framtaki og vinnusemi hinna tekjuháu. Í þessu kann að vera sannleikskorn, og skal ég ekki bera á móti því. En er þá ekki ráðið að lagfæra þetta í lögum, draga ögn úr stighækkuninni? Það eitt er víst, að ef virkt eftirlit með framtölum yrði upp tekið, mundi ríkissjóður einskis missa í af tekjum, þótt skattstigi yrði eitthvað lækkaður. En slíku ráði til úrbóta lítur hæstv. ríkisstj. ekki við. Hún hefur ekki hug á öðru en skerðingu og afnámi þessa skatts.

Því er einnig flíkað sem tylliástæðu af hæstv. ráðherrum, að innheimta tekjuskatts sé kostnaðarsamari en innheimta annarra skatta. En engar tölur munu þó til, er sanna þetta, og er því hér aðeins um órökstudda fullyrðingu að ræða.

Hvað sem annars má segja um þessa gagnrýni alla, snertir hún ekki tekjuskattinn sem slíkan, heldur aðeins einstök lagaákvæði og þá sérstaklega viss framkvæmdaratriði í sambandi við hann. Að þeim átti lagfæringin því að beinast að réttu lagi, en ekki sjálfum skattinum. Um lagfæringu í þá átt er ekki hirt,

og sannar það bezt, að gagnrýnin, eins og hún leggur sig, þjónar annarlegum sjónarmiðum.

Ég minnist þess ekki að hafa heyrt nema aðeins einn hv. alþm. tala fyrir afnámi tekjuskatts með þeirri röksemd, að hann væri nú orðinn úreltur. Þessi hv. alþm. talaði að vísu óljóst um breytta tíma, meiri fjárráð almennings nú en áður, aukna vörufjölbreytni o. s. frv., og virtist hann af þessu öllu draga þá ályktun, að nú væri tímabært að afnema alla beina skatta og styðjast eingöngu við neyzluskatta. Ekki verkaði þessi ræða sannfærandi á mig, og mundi ég frekar ætla, að í nútíma þjóðfélagi færi einmitt bezt á tilvist beggja tegunda, beinna skatta og óbeinna, að það hæfði fjölbreytninni betur.

Að þessu sinni hyggst hæstv. ríkisstj. stýfa tekjuskattinn. Síðar mun hún hugsa sér að afnema hann með öllu, enda er það margyfirlýst stefna annars stjórnarflokksins. Þetta árið a. m. k. verður farið yfir öll skattframtöl og skattur ákveðinn í samræmi við þau. Eftirlitsleysið verður hið sama og áður. Menn telja fram sem fyrr, sumir rétt og aðrir rangt, eftir innræti og aðstöðu. Það láta hv. stjórnarliðar sig engu skipta. Fastlaunamaður í þjónustu hins opinbera verður að telja hvern eyri fram, og sé hann sæmilega launaður, kemst hann ekki undan tekjuskatti nú. Nágranni hans, sem rekur atvinnu sjálfstætt og hefur hærri árstekjur, felur hluta af tekjum sínum og sleppur þess vegna með öllu við tekjuskattinn að þessu sinni. Misréttið ríkir þannig áfram, vegna þess að hæstv. ríkisstj. kærir sig ekki um að leiðrétta þá ágalla, sem hún þó sjálf gagnrýnir. Slík eru öll heilindin í þessum málum.

Það er líka hláleg staðreynd, að einmitt þeim aðilum, sem bezta aðstöðu hafa haft til að draga undan tekjuskatti, er nú trúað fyrir hinum nýja 300 millj. kr. skatti hæstv. ríkisstj. Hinn almenni söluskattur verður innheimtur 100% hjá neytendum vöru og þjónustu, en þeir eru greiðendur þessa skatts. Innheimtumennirnir skipta hundruðum, ef ekki þúsundum, og þeir eiga að gera ríkissjóði skil samkvæmt sama bókhaldi og þeir nota við framtal til tekjuskatts. Þessir innheimtumenn söluskattsins eru sjálfstæðir atvinnurekendur og hafa flestir öðrum betri aðstöðu til skattsvika, hvort sem þeir nota sér hana eða ekki. Hafi vanhöld orðið við framtöl tekjuskatts, má búast við sömu vanhöldum hvað söluskattinn snertir. En hvað varðar hæstv. ríkisstj. um það? Þannig virðist mér allt á sömu bókina lært hjá henni.

Ég skal nú láta máli mínu lokið. Um einstök atriði þessa frv. er fátt að segja. Hér er ekki um neina heildarendurskoðun skattalaganna að ræða, heldur fáeinar breytingar, sem hæstv. ríkistj. þótti henta að tína til nú til samræmis og fullkomnunar öðrum efnahagsráðstöfunum sínum. Aðalbreytingarnar eru tvær og báðar í 1. gr. frv. Er hin fyrri um, að enginn skattur skuli greiddur af lægstu tekjum. Hefur sú breyting lengi verið æskileg, en er nú orðin óhjákvæmileg nauðsyn vegna margháttaðra ráðstafana hæstv. ríkisstj. til dýrtíðarauknings. Þessi breyting er því sjálfsögð. En jafnfráleit er síðari breytingin í sömu grein. Í henni er fólgin stórfelld lækkun á skatti hátekjumanna, og nemur hún svo miklu, að þeir einir munu skaðlítið komast gegnum allt dýrtíðarflóðið. Virðist mjög langt gengið í þessari ívilnun hinum tekjuhæstu til handa, eins og ég fyrr gat um, og einmitt vegna þess, hve langt er gengið í þessu efni á kostnað láglaunamannanna, er ógerlegt að samþykkja þessa grein í heild. Samþykkt síðari breytingarinnar í þessari gr. er jafnfráleit og samþykkt þeirrar fyrri er sjálfsögð.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Um þetta mál hafa nú þegar orðið alllangar umr. hér í d., og í þeim ræðum og nál., sem fyrir liggja, hafa komið fram mjög skýr rök í þessu máli, sem sýna, hvers eðlis þetta frv. er, og í nál. og ræðu 2. minni hl. fjhn. eru nefnd dæmi um áhrif þessa frv., miðað við tekjuhæð á ýmsum bilum, dæmi, sem eru óvefengjanleg. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því að fara að endurtaka þessi rök eða ræða meginefni þessa frv. að verulegu leyti. En ástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs, eru ummæli, sem fram hafa komið af hálfu þeirra, sem eru forsvarsmenn þessa frv., og eru þess eðlis, að ég tel rétt að láta koma í Alþingistíðindin nokkra leiðréttingu á þeim.

Hv. 9. landsk. þm. (JÞ) komst þannig að orði, að vandalaust væri að hafa óbeina skatta þannig, að þeir kæmu þyngst niður á þeim, sem hafa miklar tekjur. Það má segja, að fræðilega skoðað megi þetta til sanns vegar færa. En hitt er jafnaugljóst, að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. og núv. þingmeirihluta í efnahagsmálum fylgja ekki þessari stefnu. Áhrifaríkustu ráðstafanirnar, sem gerðar eru að tilhlutun núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum, eru gengisbreyting, en hún er þess eðlis, að við gengisbreytingu hækkar jafnt eða breytist jafnt erlendur gjaldeyrir, til hvers sem hann er notaður, hvort sem það er til kaupa á nauðsynjavörum eða annars, sem er miður þarfur varningur. Og hin ráðstöfunin, sem er mjög áhrifarík, er söluskattur, en hann er einnig þess eðlis, að hann leggst með jöfnum þunga á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar. Svipað má segja um vaxtahækkunina. Þannig eru þær ráðstafanir, sem gerðar eru af núv. ríkisstj., ekki í samræmi við þessi orð eða þessa kenningu hv. 9. landsk. þm.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði í ræðu sinni nokkurn samanburð á beinum sköttum og óbeinum, eðli þeirra og áhrifum. Mér virtist sumt af því, sem fram kom í ræðu hans, ekki vera rök fyrir því frv., sem hér er til meðferðar. Skal ég ekki rekja það nánar.

Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að af ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. leiddi kjaraskerðingu. Þetta voru drengileg ummæli og réttilega sögð af hans hálfu. En hann tók jafnframt fram,

að þjóðinni og þm. ætti ekki að koma þetta á óvart, að nú kæmi til framkvæmda kjaraskerðing, vegna þess að það hefði ekki verið dregin dul á það í sambandi við kosningabaráttu á s. l. ári, að svo hlyti að verða. Það er sérstaklega þetta, sem ég vil gera aths. við og láta koma fram leiðréttingu á.

Meðan Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á árunum 1956—58, taldi flokkurinn fært að hækka kaup í landinu. Það kom greinilega fram í aðalmálgagni flokksins á þessu tímabili. Og þær kauphækkanir, sem þá urðu, munu ekki hafa verið Sjálfstfl. ógeðþekkar. En þegar vinstri stjórnin sagði af sér haustið 1958 og Sjálfstfl. fékk tækifæri til þess að mynda stjórn eða beita sér fyrir stjórnarmyndun, komst hann að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa athugað efnahagsmálin, að það þyrfti að koma á grunnkaupslækkun, sem næmi um 6%, að mig minnir, til þess að auðið væri að halda í horfinu. Þessi niðurstaða flokksins jafngilti í raun og veru yfirlýsingu um það, að hann segði við fólkið: Ef ekki hefði verið viðhöfð kaupgjaldsbarátta á tímabilinu 1956—58 og farið eftir því, sem málgagn flokks okkar taldi fært, væri nú auðvelt að ráða fram úr efnahagsmálum þjóðarinnar. Það, sem er þá fyrsta verkefnið, er, að þið — almenningur — skilið aftur því, sem þið fenguð í ykkar hendur m. a. fyrir áhrif frá okkur.

Það mun hafa verið um svipað leyti og þessi skoðun flokksins kom opinberlega fram, að flokksráðssamþykktin, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. vitnaði til, var gerð. Og kosningastefnuskrá Sjálfstfl., myndskreyttur bæklingur, sem dreift var út fyrir kosningarnar í haust, ber fyrirsögnina: Leiðin til bættra lífskjara. Það mun nú hver maður sjá, að sá kjósandi, sem fékk þann bækling í hendur, þar sem lofað var leið til bættra lífskjara, hafi ekki getað skilið afstöðu flokksins þannig, að í þessu loforði fælist raunverulega yfirlýsing um kjaraskerðingu, svo sem nú er fram komið.

Allt þetta jafnast þó engan veginn á við það, sem fram kom af hálfu Alþfl., og hefur margt af því verið rakið hér áður í d., og ætla ég ekki nú að þessu sinni að tefja tímann með því að endurtaka það. Við þekkjum yfirlýsingarnar um að heimta óbreytt ástand, að ef kæmi til verðhækkana í landinu, þá skyldu aðrir flokkar standa fyrir því en Alþfl. Við þekkjum þetta allt saman. Við þekkjum það líka, að meira að segja einn af þm. Alþfl. leyfði sér fyrir kosningarnar í haust að kalla alla þrjá keppinautana verðbólguflokka, en Alþfl. væri sá eini, sem stæði trúlega vörð gegn vexti verðbólgunnar og ætlaði sér að fylgja stöðvunarstefnunni. En einna skýrast kom þetta þó fram í ummælum fyrrv. forsrh., sem fór með valdið í umboði Alþfl. og með stuðningi Sjálfstfl. Það var sama valdasamsteypan, sem fór með stjórn landsins raunverulega á árinu 1959 eins og nú, og forsrh., sem talar til þjóðarinnar, það er ekki hægt að komast hjá því að taka ummæli hans alvarlega. En 21. sept. hafði Alþýðublaðið þessi ummæli eftir þáv. forsrh., þegar það endursagði að nokkru leyti ræðu, sem hann hafði flutt:

„Emil sagði, að Alþfl. vildi halda niðri verðlagi og kaupgjaldi til að hindra dýrtíðarskrúfu, halda atvinnuvegunum gangandi, afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. án nýrra skatta og afla útflutningssjóði nægra tekna án nýrra byrða á almenning.“

Frá þessum ummælum verður ekki hlaupið, þau eru opinberlega sögð, og þau eru skjalfest. Og í útvarpsumræðu 20. okt., rétt þegar kosningabaráttan var að ná hámarki, segir fyrrv. forsrh. þetta til allrar þjóðarinnar:

„Kosningarnar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári eða hvort látið verður undan hverjum goluþyt sérhagsmunahópanna og hann látinn feykja okkur fram af hengiflugsbrúninni.“

Þetta eru skýr ummæli, sem ekki er auðið að vefengja eða hlaupa frá, þau eru sögð í útvarp til allrar þjóðarinnar rétt fyrir síðustu kosningar af þáv. forsrh. landsins, að stefnan væri þessi: að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið.

En það er jafnvel í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., að efndirnar reynast ekki í samræmi við loforð og yfirlýsingar Alþýðuflokksmanna, og get ég ekki látið hjá líða að benda á dæmi þess, fyrst forsvarsmenn þessa máls töldu ástæðu til að fara að beina umræðum inn á þessa braut. Í útvarpsumræðum fyrir kosningar, þ. e. a. s. 21. okt., gefur hæstv. viðskmrh. þjóðinni þetta fyrirheit:

„Og nú spyr ég ykkur, hlustendur góðir: Finnst ykkur ekki skynsamlegra að losna við tekjuskattsfarganið, framtölin, álagninguna, sem kostar vinnu 200 manna, innheimtuna, óþægindin, sem fylgja því að verða að greiða skattinn af tekjum, sem ef til vill er búið að eyða, og þá síðast, en ekki sízt, óánægjuna út af misréttinu og ranglætinu, sem hlýtur að fylgja þessari skattheimtuaðferð, þegar í staðinn þyrfti ekki að koma annað en 9% hækkun á óbeinum sköttum, sem við greiðum hvort eð er af öðrum vörum en brýnustu nauðsynjavörum?“

Nú virðist mér, að jafnvel þetta frv., sem hér er til umr., sé enn einn vottur þess, að efndir séu ekki í samræmi við loforð. Er horfið frá tekjuskattsfarganinu? Ég held ekki. Á að hætta að gera framtöl? Ég held ekki. Þvert á móti bendir ýmislegt til þess í frumvörpum hæstv. ríkisstj., að það þurfi jafnvel að leggja meiri alúð við það hér eftir en hingað til að gera framtölin vel úr garði, þar sem nú á að lögleiða útsvarsstiga og binda útsvarsálagninguna við framtölin, jafnvel meira en gert hefur verið. Og það er einnig í sambandi við tryggingalöggjöfina, sem óhjákvæmilegt er að gera framtöl úr garði í sambandi við skerðingarmarkið o. fl., eins og bent

hefur verið á í nál., sem liggur fyrir í þessu máli.

Ég held, að farganinu, óánægjunni, jafnvel misréttinu, sem talað er um, og ranglætinu, því verði ekki útrýmt með þessu frv.

En að síðustu tók frsm. meiri hl. fjhn. það fram, að ætla mætti, að í kjölfar ráðstafana ríkisstj. mundu koma aukin framleiðsluafköst, sem bættu þjóðinni upp tekjurýrnunina og kjaraskerðinguna, sem ég og aðrir hafa gert hér að umræðuefni. Ég held, að þetta sé því miður of mikil bjartsýni. Lánasamdrátturinn, vaxtahækkunin, væntanlega minnkandi innflutningur samkv. áætlunum um þau efni, það verður ekki til þess að auka framleiðslustarfsemina í landinu. Og þær gífurlegu verðhækkanir, sem þegar hafa komið fram og fyrirsjáanlegar eru, m. a. á tækjum til atvinnurekstrarins, þær örva ekki til aukinnar framleiðslu, heldur þvert á móti vinna að því markvisst og á áhrifaríkan hátt að draga úr tækniþróun atvinnuveganna og draga úr einstaklingum kjark við það að bæta aðstöðu sína í því efni.

Þeir, sem þekkja til, m. a. úti á landsbyggðinni og hafa sambönd við fólkið þar, sem stendur í atvinnurekstri bæði til lands og sjávar, hafa þegar orðið þess varir, hver áhrif þessar ráðstafanir hafa í þessa stefnu.

Forseti (SÓÓ): Á þskj. 299, sem er nál. frá 2. minni hl. fjhn. og útbýtt hefur verið hér í d., er brtt., sem er of seint fram komin og þarf því að leita afbrigða fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 299 leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir lesturinn upp úr Alþýðublaðinu. Þessi hv. þm. hefur valið Alþýðublaðið sér að nokkurs konar stafrófskveri, og ég álít, að það sé mjög vel valið. Hitt þykir mér öllu leiðinlegra, að hann skuli alltaf lesa það sama. Þegar hann les upp úr Alþýðublaðinu næst, vildi ég mælast til, að hann læsi eitthvað nýtt. Þetta er sennilega í fjórða eða fimmta skiptið, sem hann les þessar sömu greinar, t. d. eins og hann gerði nú í sinni ræðu.

Það er alveg rétt, að forustumenn Alþfl. töluðu um að halda óbreyttu ástandi. En það kemur nú úr hörðustu átt frá framsóknarmönnum að vera að gagnrýna þetta, því að þeim fannst ástandið mjög slæmt, þegar stjórn Emils Jónssonar sat að völdum, og vildu breytt ástand. En nú virðast framsóknarmenn komnir á aðra skoðun, þeir virðast vilja halda því ástandi, sem þá var.

Það, sem er mergurinn málsins, er vitanlega það, ef við berum saman, hvað var gert í fyrra og hvað verið er að gera núna, að það er verið að leysa tvö mismunandi vandamál. Í fyrra var brýnasta vandamálið verðbólgan, og þá varð að halda uppi stöðvunarstefnunni. Það, sem er brýnasta vandamálið núna, er að fást við gjaldeyrishallann, og til þess eru ekki önnur ráð heppilegri en gengisbreyting. Hún hefur náttúrlega óhjákvæmilega í för með sér verðhækkanir. En þegar þessar verðhækkanir eru komnar fram, verður auðvitað að taka upp stöðvunarstefnuna á ný, það er ósköp augljós hlutur.

Svo að dæmi sé tekið, ætti hv. þm. að skilja það, að ef sjúklingur kemur til læknis og er með tvo sjúkdóma og svo er reynt að lækna fyrri sjúkdóminn, þá þarf sama meðal alls ekki að eiga við seinni sjúkdóminn. Ég get alveg fullvissað hv. þm. um, að Alþfl. gengur nú til verka með svipuðu hugarfari og í fyrra, þ. e. a. s. að leysa þau vandamál, sem fyrir liggja, og hvika þar hvergi.

Þessi hv. þm. sagði, að það hækkaði allt jafnt við gengisbreytinguna. Ég er alveg hissa á því, að jafngreindur maður skuli láta sér aðra eins fjarstæðu um munn fara. Þetta hefði verið rétt, ef það hefði verið hér sama gengi fyrir. Það var breytilegt gengi, það voru mismunandi yfirfærslugjöld, eins og öllum er kunnugt, enda vita það allir menn, að vörur hafa hækkað misjafnt í verði. Þá sleppti líka hv. þm. alveg því, að nokkrar brýnustu lífsnauðsynjar, sem fluttar eru inn erlendis frá, eru greiddar niður. Þá hækka þær auðvitað ekki eins mikið og annað. (**Gripið fram í:** Þær hækka samt sem áður.) Þær hækka, en ekki eins mikið. Hann sagði, að allt hækkaði jafnt. Það voru hans óbreyttu orð. — Svo hefur líka leitt af þessum ráðstöfunum breytingar á aðflutningsgjöldum. Þá vita það líka allir menn, að við þessar efnahagsráðstafanir hefur innlenda varan hækkað minna en sú erlenda, og innlendu vörurnar eru yfirleitt, þegar á heildina er litið, brýnni nauðsynjavörur en þær erlendu.

Þá vildi þessi hv. þm. halda því fram, að það væru svik hjá Alþfl. að afnema ekki tekjuskattinn alveg. Aftur á móti vildi flokksbróðir hans, sem á sæti í fjhn. og talaði við 1. umr. þessa máls, eiginlega halda því alveg gagnstæða fram. Orð hans lágu þannig, að þau var ekki hægt að skilja á neinn annan veg en það væri Sjálfstfl. að kenna, að það hefði verið lækkað svona mikið á hátekjumönnum, og Alþfl. hefði þar látið undan. Þannig prédika þeir sitt hvað, þessir flokksbræður, eftir því, hvaða umr. er um málið.

Þessi hv. þm. á að vita það, eins og svo margsinnis hefur verið sagt, að það verður haldið áfram að endurskoða þessa löggjöf, þetta er engin endanleg lausn á því máli, sem hér á að afgreiða. En það hlýtur þó öllum mönnum að vera ljóst, að þegar skattgreiðendunum fækkar úr 63 þús. niður í 15 þús., hlýtur eitthvað að sparast viðvíkjandi álagningu skattsins, það er óhjákvæmilegt.

Þá ætla ég að koma nokkuð að nál. hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), það er í niðurlagi nál., það hefur reyndar borið hér á góma áður í umr., en ég vil lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta, þar stendur svo:

„Enn er eitt, sem tekur þó fram úr öllu

öðru í frv. þessu. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að skattgjaldstekjur, sem eru fram yfir 110 þús. kr., séu algerlega skattfrjálsar. Skattlagningin á ekki að ná hærra en í 110 þús. kr. skattgjaldstekjur, þ. e. a. s. 110 þús. kr., þegar búið er að draga frá persónufrádráttinn. Sá gróðapeningur, sem er þar fyrir ofan, á að vera yfir skattlagningu hafinn. Hér má segja, að stjórnarflokkarnir nái sér fullkomlega á strik. Þarna er svo langt gengið, að ég á þrátt fyrir allt bágt með að trúa, að leiðrétting fáist ekki á því, og geri þess vegna tilraun til að flytja svofellda brtt." — sem er sem sagt á þá leið, að þar komi: 90 þús. og þar yfir.

Ég get varla ímyndað mér, að þetta nál. og sérstaklega þó þessi þáttur þess sé fluttur hér fram fyrir hv. d. til þess að vera tekinn alvarlega af alþm. Ég hugsa, að þetta sé fremur sniðið við það, að hv. þm. vænti þess, að þetta nál. hans verði lesið í þingfréttum útvarpsins, og þetta á þess vegna að koma fyrir landslýðinn. En ég hefði nú varla trúað því að óreyndu um hv. þm., að hann leyfði sér svona loddarabrögð. Hann veit það ósköp vel og hefur auðvitað vitað það frá því fyrsta, að hann rak augun í þessa vangá, að það hefur aldrei komið til orða, að hæstu tekjurnar væru skattfrjálsar, fjarri því. Fjhn. lét skattstofuna í Reykjavík reikna út fyrir sig, hverju skatthæðir næmu á ýmsum tekjubilum, og það var gert nú eftir að frv. kom fram með þessum agnúa, og skattstofan hefur hér reiknað langt yfir það tekjumark, langt yfir 90 þús. kr. Þetta plagg hafði þessi hv. þm. undir höndum. Í ýmsum útreikningum, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), er með, hefur hann ekki gert ráð fyrir því, að hætt væri að leggja á við 90 þús. kr. Hann hefur vitað alveg, hvað hér var verið að fara, þetta var augljóslega villa í frv., sem sjálfsagt var að leiðrétta. En þá kemur þessi hv. þm., 1. þm. Norðurl. e., og segir, að hér megi segja, að stjórnarflokkarnir nái sér fullkomlega á strikið. Ég vil þó samt sem áður óska þessum hv. þm. til hamingju með það, að hann skyldi sleppa niður úr þessu nál. því dæmi, sem hann tók hér í ræðu sinni um spilamennsku, því að hann sagði í sinni ræðu, að þeir, sem spiluðu með léleg spil eða hefðu hrök á hendinni, — þar átti hann við hæstv. ríkisstj., — væru alltaf að reyna að ná hrökunum aftur úr stokknum. Hvaða spilamaður hagar sér svona? Það var svei mér heppilegt, að hann upplýsti ekki fyrir útvarpshlustendum þessa fávizku sína í spilamennsku. Það væri kannske í eina tilfellinu, sem hægt væri að hafa eitthvert gagn af því, ef maður væri að spila framsóknar-nóló.

Hv. 4. þm. Vestf. (SE) og reyndar fleiri af þm. Framsfl. hafa gert hér allmikið að umræðuefni þau ummæli mín, að ekki væri hægt að svíkja undan óbeina skatta. Þeir hafa þar helzt vitnað í söluskattinn. Nú geta óbeinir skattar verið margt annað en söluskattur. Ég vil í fyrsta lagi spyrja: Hvernig er hægt að svíkja undan söluskatti í tolli? Ég sé ekki, að það sé hægt. Í öðru lagi: toll- og aðflutningsgjöld yfirleitt, sem eru að vissu leyti ekkert annað en óbeinir skattar, ég sé ekki nein sérstök ráð, — það getur vel verið, að þeir hv. Framsóknarþm. þekki þau, — mér er það alveg ókunnugt, að það séu yfirleitt nokkur tök á að svíkja þau undan. Einn framsóknarmaður hélt því fram hér í d. fyrir nokkru, að hækkun á tóbaki og svo brennivíni líka væri skattar eða óbeinir skattar. Hvernig er hægt að svíkja það undan? Hvernig kemst maður hjá því, sem ætlar að kaupa sér eina flösku af brennivíni, að borga þessa hækkun, eða pakka af sígarettum? Hann kemst ekki hjá því. Það, sem þeir hafa helzt verið að tala um, er, að þeir, sem ættu að standa skil á söluskattinum, — það eru þá helzt kaupmenn og atvinnurekendur, — gætu svikizt um að skila. Nú hlýtur það að vera augljóst mál, að þessir aðilar í landinu eru svo fáir, — þeir eru mjög fáir samanborið við alla tekjuskattsgreiðendurna, sem voru yfir 60 þúsund, — það væru kannske til einhver örfá tilfelli, þar sem hægt væri að svíkja undan skatti, en það er svo lítilfjörlegt samanborið við heildina, og ég álít, að það sé vandalaust að koma því svo fyrir, að ekki sé svikið undan og að staðin séu skil á söluskatti. Það er a. m. k. ekki á nokkurn hátt sambærilegt við þau skattsvik, sem eiga sér stað með beina skatta.

Þá var þessi hv. þm. að skamma Alþfl. fyrir það, að nú yrðu útsvör frádráttarbær og þetta væri fyrst og fremst hátekjumönnum í hag. Ég get skýrt frá því hér, að einu sinni í vetur kom ég á fund þessarar n., sem útbjó útsvarslöggjöfina. Formaður þeirrar n. var framsóknarmaður, og á þessum nefndarfundi hélt hann langa ræðu um það, hvað þetta væri sanngjörn og eðlileg regla. Við Alþfl.-menn höfðum satt að segja engan sérstakan áhuga á þessu, en gátum fallizt á það. Svo kemur þessi hv. þm. hér upp og er að skamma Alþfl. fyrir að standa að þessu.

Þá var þessi sami hv. þm. enn fremur að tala um það, að Alþfl. hefði lagt einhverja gildru fyrir fólkið með því að hækka hátollavarninginn, því að það kæmi þannig út, að fólk hefði engin ráð á því að kaupa hátollavarning. Ef það er einhver gildra fyrir láglaunafólk að hækka hátollavarning, verð ég að segja, að það er ekki Alþfl., sem hefur lagt þá gildru fyrstur. Ég vildi álíta, að það væri Eysteinn Jónsson. Var það ekki einmitt eitt af helztu úrræðum vinstri stjórnarinnar að hækka hátollavarning? En svo miklu áherzlu leggur þessi hv. þm. á það að skamma Alþfl., að hann afneitar sínum flokksmönnum miskunnarlaust bara til þess eins. Ég skil þetta reyndar ekki almennilega. Ég veit ekki, hvort það á að vera þakklæti til Alþfl. fyrir það, að í eina skiptið, sem þessi hv. þm. náði kosningu í Barðastrandarsýslu, þá var það með aðstoð Alþfl., og að þetta þakklæti komi bara fram á svona einkennilegan hátt.

Einn þm. framsóknarmanna, það var hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), var að tala um, að há-

tekjumenn hefðu sömu fjölskyldubætur og láglaunamenn. Það er rétt. Þetta kemur líka fram, að mig minnir, í nál. hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég get vel fallizt á, að það er álitamál, hvort hátekjumenn ættu að hafa fjölskyldubætur. En ég minnist þess ekki, að framsóknarmaður né Alþýðubandalagsmaður bæri fram till. um það, þegar tryggingafrv. var hér til afgreiðslu í þinginu, að afnema fjölskyldubætur hjá hálaunafólki, og þó var sannarlega ekki sparað tillöguflóðið í því máli.

Þessir flokkar hafa líka barizt fyrir því, að skerðingarákvæði almannatryggingalaganna varðandi ellilífeyri væru felld niður. Hvað mundi það þýða, *ef þau væru felld niður*, sem í sjálfu sér getur verið sanngirnismál? Það þýddi náttúrlega, að hátekjumenn fengju eftirlaun eins og aðrir. Þessir flokkar hafa barizt fyrir því. Það er ekki samræmi í þeirra málflutningi.

Framsóknarmenn hafa ekki treyst sér til að neita því, að það sé ábótavant eftirliti með framtölum og öðru slíku. En hvorki þeir né Alþýðubandalagsmenn koma fram með till. um það, hvernig eigi að bæta úr þessu. Í sjálfu sér hef ég sáralitla trú á því, að það sé hægt á raunhæfan hátt. En mér fyndist þetta einmitt ætti að standa framsóknarmönnum næst, því að það mun nú vera svo, að næstum því hver einasti skattstjóri á landinu er framsóknarmaður. Það ættu því að vera hæg heimatökin að fá tillögur, að þessi flokkur gæti komið með till. um það, hvernig ætti að bæta úr þessu. Nei, það er eins og vant er, það er rifizt og skammazt og snúið út úr, en það er ekki komið með neinar till., hvorki í þessu máli né öðru. Það er stefnan að vera alltaf á móti stjórninni, en geta ekki bent á neinar aðrar leiðir sjálfir.

Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) talaði um það, að tekjurnar væru grundvöllur við álagningu tekjuskatts. Þetta er að mínum dómi ekki alveg rétt. Það eru ekki hinar raunverulegu tekjur, heldur eru það tekjurnar, sem taldar eru fram, og á þessu er allmikill munur, þannig að þessi grundvöllur er mjög vafasamur, eins og margoft hefur komið fram í þessum umr. *Hitt kemur manni svo reyndar spánskt* fyrir sjónir, þegar Alþýðubandalagsmenn eru að fordæma, að það eigi að fara að fella niður beina skatta, og óttast, að tekjuskatturinn allur verði felldur niður og jafnvel útsvör. Ég verð að játa, að ég tek þetta ekki mjög hátíðlega. Það, sem við erum að stefna að, er í raun og veru sovétskipulag í skattamálum. Þar eru yfirleitt engir tekjuskattar og ekki stighækkandi. Þar eru hins vegar háir söluskattar. Og þó er það svo, að þarna fyrir austan í sælunni er margfalt meiri tekjumunur hjá mönnum en hér á Íslandi, margfalt meiri. Manni kemur það þess vegna dálítið spánskt fyrir sjónir, þegar þessir menn eru alltaf að tala um hátekjumenn. Hvað mættu þeir þá segja þarna fyrir austan? Ég verð því að játa, að ég tek þetta skraf þeirra ekki mjög alvarlega.

Þessi hv. þm., 9. þm. Reykv., talaði um, að *almenningur fengi felldan niður skatt*, sem næmi yfirleitt nokkrum hundruðum, en hátekjumennirnir skatt, sem næmi tugum þúsunda. Hér er auðvitað farið með hinar mestu ýkjur. T. d. vísitölufjölskyldan hefur 68 þús. kr. í tekjur, og breytingin hjá henni yrði niðurfall á tekjuskatti um tæplega 2000 kr. Ég vil líka nefna sem dæmi, af því að þessir menn gera raunverulega alltaf of lítið úr tekjum verkamanna og almennra launþega, að á árinu 1958 voru meðaltekjur gjaldenda á Akranesi 88 þús. kr. Engum manni dettur í hug að halda, að þetta sé einhver sérstakur hátekjumannabær. Nei, fólkið, sem byggir Akranes, er fyrst og fremst verkamenn og sjómenn. Þar voru meðaltekjurnar 88 þús. kr. Og það er í raun og veru bara til útvarpslestrar eins og annað, þegar hv. 5 þm. Norðurl. e. segir í sínu nál., — hann er þar eitthvað að fara með tölur, — að það séu 2596 menn á skattskrá, sem fái samtals gefnar eftir 76 kr. á mann. Þetta er sjálfsagt tölulega rétt. En um hvers konar fólk ætli sé þarna að ræða? Það er um að ræða unglinga, nemendur, t. d. iðnnema, og fólk, sem einhverra hluta vegna, veikinda eða annarra hluta, hefur ekki unnið nema einhvern hluta úr árinu. Svo er þetta tekið sem dæmi um það, hvaða hagur mönnum yfirleitt sé að fá felldan niður tekjuskatt. Þetta er auðvitað algerlega fjarstætt dæmi, því að hér er um fólk að ræða, sem hefur ekki haft nema lítinn hluta að eðlilegum tekjum af einhverjum ástæðum.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hér hefur nokkuð borið á góma misritun eða prentvillu, — ég skal ekki skera úr því, hvort heldur er um að ræða, — sem slæðzt hefur inn í frv. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) vakti athygli mína á þessu, eftir að ég hafði lokið framsöguræðu minni, og kom okkur saman um það í samráði við hv. 9. landsk. (JÞ), til þess að tryggja, að breyting á þessu kæmist inn við 2. umr. málsins, að meiri hl. birti um þetta brtt. Hefði ég verið búinn að taka eftir þessu, áður en umr. var *hafin, hefði ég kallað* saman fund í fjhn. og óskað eftir því, að hún flytti um það sameiginlega brtt. Það er auðvitað alltaf leitt, þegar svona kemur fyrir, og þegar fjhn. hélt fund sinn um þetta ásamt einum færasta skattamálasérfræðingi landsins, sást okkur yfir þetta atriði, enda vill það gjarnan ganga svo, þegar mál eru til meðferðar í þingnefndum, að því er treyst, að hinn tæknilegi grundvöllur lagafrv. sé eins og vera á, en þn. skoða það gjarnan sem fyrst og fremst hlutverk sitt að taka afstöðu til málanna efnislega, svo að það verður alltaf tilviljun, að slíkir tæknilegir agnúar uppgötvist þar. En auðvitað er engum sérfræðingum fyllilega að treysta, það leiðir af hinum mannlega ófullkomleika, og þess vegna hefur þetta komið fyrir. Hitt er svo vitanlega algerlega úr lausu lofti gripið, þegar sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa gefið það í skyn,

að það hafi verið af ásettu ráði gert af hæstv. ríkisstj. að lauma þannig orðalagi inn í frv., að af því gæti leitt, að tekjur yfir 110 þús. kr. yrðu skattfrjálsar. Sönnun þess, að svo er, er sú, að vitanlega hafa allar fjárhagsáætlanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við þetta frv., verið á því byggðar, að það yrði 30% skattur af tekjum yfir 110 þús. kr. Sú firra hefur auðvitað ekki komið upp í höfði neins manns, að það kæmi til mála að gera skattinn stiglækkandi aftur, svo að hér er annaðhvort um ritvillu að ræða hjá þeim, sem hafa undirbúið frv., eða prentvillu.

Hitt er annað mál, að ýmis dæmi munu vera þess, að slíkt hafi komið fyrir. Ég man t. d. eftir því á s. l. vori, að það féll af vangá niður, þegar hv. Alþ. samþykkti skattafrv. þar, að setja þar nokkur ákvæði um skattskyldu samlaga og sameignarfélaga. Auðvitað hefur engum manni dottið í hug að túlka það þannig, að þetta þýddi það, að þessi fyrirtæki væru skattfrjáls, enda hafa þau verið skattlögð eftir sem áður samkvæmt gildandi reglum. Og ég býst nú við, að jafnvel þó að það hefði skeð, að þessi villa hefði verið áfram í frv., hefði það í framkvæmdinni auðvitað eftir sem áður orðið þannig, að tekjur yfir 110 þús. kr. hefðu borið 30% skatt. Hins vegar er auðvitað sjálfsagt að leiðrétta þetta, úr því að sú uppgötvun hefur verið gerð. Sú till., sem meiri hl. hefur lagt fram, og till. hv. 1. þm. Norðurl. e. eru samhljóða, þar eð við höfum uppgötvað þetta hvor í sínu lagi. Ég mundi nú vilja stinga upp á því, svo að við förum ekki sem stór börn að hnotabítast um það, hvora till. eigi að bera upp fyrr, — en ef út í það færi, þá býst ég við, að við værum í réttinum, þar sem okkar till. kom fyrr fram hér í d., — en til þess að við förum ekki að hnotabítast um það, þá mundi ég vilja stinga upp á því, að báðir brytu odd af oflæti sínu og drægju till. til baka, en flutt yrði sama efnis till. frá fjhn. í heild, ef hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. e. mundu vilja á það fallast. En verði slíkt samkomulag ekki, kemur slíkt auðvitað til úrskurðar hæstv. forseta, þótt efnislega sé þetta auðvitað hégómamál.

Ég vil að gefnu tilefni leiðrétta þann misskilning, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að meiri hl. í fjhn. hefði tekið þá afstöðu eða jafnvel lýst því yfir, að engar brtt. frá minni hl. yrðu teknar til greina. Ég mun að vísu hafa sagt, að ég byggist við því, að erfitt yrði fyrir okkur stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. að ganga inn á brtt., sem hefðu í för með sér verulega röskun á þeim fjárhagsáætlunum, sem gerðar hefðu verið. En hefði t. d. ábending komið fram um þetta atriði í n., hefði að sjálfsögðu ekkert verið því til fyrirstöðu, að öll n. stæði að brtt. um þetta. Ég fjölyrði svo ekki meira um það.

En ýmsir hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, hafa vitnað mjög í þau ummæli mín, að beinir skattar gætu frá réttlætissjónarmiði jafnvel verið beztu skattarnir. Ég mun hafa sagt nokkuð í þá átt, og við það stend ég. En fyrir þessu voru tveir mikilvægir fyrirvarar, eða í fyrsta lagi sá, að skattstigarnir væru hóflegir, og í öðru lagi sá, að tekjurnar teldust rétt fram til skatts. En ég tók það einmitt fram, að hvorugu þessu skilyrði væri fullnægt, eins og skattalöggjöfin væri nú. Hvað fyrra atriðið snertir, hina óhóflega háu skattstiga, þá er það einmitt tilgangur þess frv., sem hér liggur fyrir, að bæta úr því. Hvað seinna atriðið snertir eru framkvæmdarörðugleikarnir á slíku öllu meiri og þess eðlis að mínu áliti, svo sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni, að úr því verður ekki bætt hvað einstaklingana snertir, af því að það leiðir af eðli málsins, að fjölmargir einstaklingar í þjóðfélaginu eru í þeirri aðstöðu, að það er ekki hægt, nema þá með aðferðum, sem enginn af þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, hefur viljað mæla með að teknar yrðu upp, að fyrirbyggja það, að verulegur hluti af slíkum tekjum komi ekki fram til skatts. Og einn þeirra hv. þm., sem hér töluðu, virtist nánast á þeirri skoðun, að það væri goðgá að halda því fram, að menn misnotuðu þá aðstöðu, sem þeir hafa til þess að koma tekjum sínum undan skatti. Það er nú bara það leiðinlega við þetta, að staðreyndirnar skera úr því, að þetta er svona.

Fyrir um það bil tíu árum var gerð á því athugun á vegum fjárhagsráðs, sem þá starfaði, hve miklu þjóðartekjurnar mundu nema, þegar þær væru gerðar upp eftir mismunandi aðferðum. Það kom þá í ljós, að ef sú aðferð var höfð til þess að gera upp þjóðartekjurnar að gera þær upp samkv. skýrslum um verðmæti framleiðslunnar, varð sú niðurstaða, sem þannig fékkst, 20% hærri en þegar skattaframtöl voru lögð til grundvallar. En hitt leiðir af sjálfu sér, að ef öll kurl kæmu til grafar, ættu þjóðartekjurnar auðvitað alltaf að vera þær sömu, hvernig sem þær eru gerðar upp. Þetta finnst mér ótvíræð sönnun þess, að verulegur hluti af tekjunum komi ekki fram til skatts. Þetta er ekki annað en staðreynd, sem verður að játa. Það er svo hægt að koma með siðferðisprédikanir um það, að menn skuli virða þann eiðstaf, sem er í skattaframtölunum, en svona er þetta nú einu sinni. Tölulegar upplýsingar sýna, að svo er.

Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðunni, hvers eðlis örðugleikarnir væru á því að hafa eftirlit með tekjum þeirra aðila, sem þannig eru settir, og ég held, að það sé á misskilningi byggt, þegar hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) hélt því fram, að ákvæði það, sem sett var inn í skattalögin fyrir nokkrum árum um það, að sparifé væri undanþegið framtalsskyldu, hafi orðið til þess að kippa grundvellinum undan réttum skattaframtölum. Í því sambandi má í fyrsta lagi benda á það, að sú áætlun, sem ég nefndi og sannaði það, að þá var verulegur hluti teknanna dreginn undan skatti, var gerð löngu áður en þetta ákvæði kom til framkvæmda. Þegar það var ákveðið með gengislækkunarlögunum frá 1950, að sparifjáreigendur skyldu fá ákveðna uppbót á spari-

fé, var gerð sú áætlun á grundvelli upplýsinga um sparifjárinnstæður, að það fé, sem til ráðstöfunar var, mundi þýða það, að sparifjáruppbæturnar yrðu um 10%. En það var gert að skilyrði fyrir því að njóta þessara uppbóta, að sparifé hefði verið talið fram til skatts. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að uppbæturnar urðu ekki 10%, heldur 70%, þannig að þetta bendir til þess, að það hafi aðeins verið 1/7 hluti af sparifénu, sem fullnægði því skilyrði, að það hefði verið talið fram á sínum tíma.

Að öðru leyti vil ég gera mjög lítið úr því, að framtalsskylda sparifjár auðveldi eftirlitið með skattframtölum. Það er að vísu lokað þeirri leið fyrir mönnum til þess að fela eignaaukningu að leggja sparifé inn á sitt eigið nafn í banka. En sá möguleiki er fyrir hendi að leggja sparifé inn á dulnefni eða á nöfn barna, kaupa handhafaskuldabréf o. s. frv., fyrir utan þá ótakmörkuðu möguleika, sem eru á því að ráðstafa eignum, sem faldar eru, í eitthvað annað, svo sem í innbú, skartgripi og annað slíkt. Ég hef enga trú á því, hvað sem um það má segja að öðru leyti, hvort sparifé eigi að vera framtalsskylt, að með því væri komið á betra eftirliti með skattframtölum en áður. Ég held, að það sé lítilvægt atriði í því sambandi.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara hér út í almennar umr. um efnahagsmálin, en vil þó aðeins í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Austf. (PÞ) sagði um þessi mál, þegar hann hélt því fram, að það, sem gert hefði verið af hálfu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum, bryti mjög í bága við loforð og yfirlýsingar Sjálfstfl. fyrir kosningar, — þá vil ég leyfa mér aftur að vikja til flokksráðssamþykktarinnar, sem ég nefndi í framsöguræðu minni, þar sem einmitt segir, með leyfi hæstv. forseta: „Það er ótvírætt, að þjóðin notar meiri fjármuni en hún aflar og verður að taka afleiðingunum af því.“ Hér er fyllilega gefið í skyn, svo ótvírætt sem verða má, að þjóðin verði að vera búin við óþægilegum ráðstöfunum, sem óhjákvæmilegar séu vegna þess, hvernig fjárhag hennar sé komið. Síðan segir svo: „Til þess að tryggja efnahagsöryggi sitt í framtíðinni og koma í veg fyrir kjararýrnun, sem ella hlyti að verða“ o. s. frv. Með öðrum orðum, hér er það sagt, að þjóðin verði að taka á sig nokkra kjaraskerðingu í bili til þess að tryggja hag sinn í framtíðinni og geta horft fram á veginn til bættra lífskjara, svo að þetta er ekki í neinu ósamræmi við það, þó að talað hafi verið um leiðina til bættra lífskjara í kosningastefnuskránni.

Hv. 5. þm. Austf. kom líka með það, sem hv. framsóknarmenn hafa raunar mikið haldið fram, að Sjálfstfl. og ábyrgðarleysi hans í kaupgjaldsmálum hefði valdið því, að verðbólgan fékk lausan tauminn haustið 1958. Í þessu sambandi má í fyrsta lagi minna á það, að nokkurt ósamræmi var milli þess á sínum tíma, þegar hv. framsóknarmenn héldu því fram, að Sjálfstfl. væri ósamstarfshæfur vegna þess, hve veikur hann væri innan verkalýðssamtakanna, en síðar var blaðinu snúið við, þannig að sjálfstæðismenn áttu að vera orðnir svo sterkir í launþegasamtökunum, að allar kröfur þeirra um kauphækkanir hlytu að vera runnar undan rifjum sjálfstæðismanna. En þar að auki er það nú alveg úr lausu lofti gripið, að Sjálfstfl. hafi boðað allt aðra stefnu í launamálum, meðan hann var í stjórnarandstöðu, en síðar var. Til sönnunar þessu vil ég leyfa mér að lesa hér upp nokkur orð úr leiðara Morgunblaðsins frá 18. september 1958, en þá stóð þannig á, að Dagsbrúnarverkfall var yfirvofandi, þar sem farið var fram á miklar kauphækkanir, sem síðan náðu að vísu að verulegu leyti fram að ganga. En í leiðaranum segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, eftir að aðdragandi þess ástands á vinnumarkaðinum, sem skapazt hafði, hefur verið rakinn með nokkrum orðum, undir undirfyrirsögn, sem ber nafnið „Tekst að bæta lífskjörin?“ Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En er líklegt, að kauphækkanir, sem að vörmu spori leiða af sér nýjar verðhækkanir nauðsynja, feli í sér raunverulega kjarabót? Það er vægast sagt mjög hæpið. Þjóðin man reynslu sína af hinum pólitísku verkföllum, sem kommúnistar efndu til á árinu 1955 til þess að troða sér í ríkisstj. Á árinu 1955 hækkaði kaupgjaldið á Íslandi að meðaltali um 22%. En með þeirri kauphækkun var jafnvægisstefnan brotin niður og verðbólgunni hleypt af stað. Allt þetta verður hugsandi fólk að athuga.“

Þetta stóð í leiðara Morgunblaðsins 18. sept. 1958. Er hér verið að hvetja til verkfalla? Nei, þvert á móti er varað við þeim og afleiðingum þeirra alveg á sama hátt og flokkurinn hafði gert einnig á meðan hann var í ríkisstj. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið og hefur ávallt verið, að Sjálfstfl. sem slíkur hafi hvatt til kaupkrafna og verkfalla. Hitt er svo annað mál, að einstakir sjálfstæðismenn í einstökum stéttarfélögum kunna að hafa staðið að slíkum kröfum, en á því ber Sjálfstfl. auðvitað sem slíkur enga ábyrgð frekar en aðrir flokkar mundu vilja bera ábyrgð á einstaklingum innan sinna vébanda í þeim efnum.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Tíminn er naumur, og skal ég taka tillit til þess. — Ég hef oftast gaman af því, þegar hv. 9. landsk. (JÞ) tekur til máls. Það fljóta nefnilega úr munni hans oft og einatt ýmsar skrýtnar skoðanir, sem eru ekki alltaf innbyrðis samhljóða, og svo hefur orðið í þessu máli. En þetta gerir það að verkum, að maður fyrirgefur honum frekar en öðrum mönnum, þó að hann fari með ýmislegt, sem stenzt ekki. Maður gerir ráð fyrir því, að hann sé að nokkru leyti stikkfrí í þeim efnum.

Hann gerði þá aths. við það, sem hv. 5. þm. Austf. (PÞ) sagði, að Framsfl. hefði verið óánægður og talið ástandið slæmt á tíma stjórnar Emils Jónssonar, en nú teldi hann það verra, og í þessu væri ekki samræmi. Í þessu

er auðvitað fullt samræmi, því að lengi getur vont versnað. Það veit hv. þm.

Þá sagði hann, að við hv. 5. þm. Austf. hefðum ekki verið sammála um það, hvor stjórnarflokkurinn bæri meiri ábyrgð á þeim göllum, sem eru á stefnu þeirri, sem kemur fram í því frv., sem hér er til umr. Hann taldi, að ég hefði kennt Sjálfstfl. um höfuðgallana, en hv. 5. þm. Austf. hefði kennt Alþfl. Það er alveg rétt, að það mátti lesa þetta út úr orðum mínum, að ég kenndi Sjálfstfl. meira um, vegna þess að ég tel, að sú stefna, sem gerir sig gildandi í frv., sé miklu samboðnari flokki, sem hefur fengið orð fyrir það að vera auðvaldsflokkur. En eftir ræðu hv. 9. landsk., sem hann hélt hér áðan, skal ég lofa honum því að gera þetta ekki oftar. Ég skal kenna Alþfl. um þetta.

Þá furðaði hv. 9. landsk. sig á því, að ég skyldi hafa þau orð í niðurlagi nál. míns, sem hann las upp í sambandi við þá brtt., sem ég flutti, að ég skyldi gera ráð fyrir því, að það væri af ásetningi gert að loka skattstiganum að ofan. Það er rétt, að þetta kom ekki til athugunar í fjhn. N. hélt tvo fundi og sleit svo fundarstörfum sínum. Satt að segja hafði mig ekki grunað, að þessi galli gæti verið á frv., fyrr en eftir að n. hafði lokið fundum og ég fór í einrúmi að athuga frv. Hvernig átti mér svo að detta í hug, að meiri hl., sem stóð að þessu frv., vissi þetta ekki? Eru það ekki tveir lögfræðingar og einn prófessor í hagfræði? Var sennilegt, að þeir hefðu gert þá skyssu að gera stigann þannig úr garði, að hann væri öðruvísi en þeir hefðu ætlazt til og öðruvísi en allar fyrirmyndir að slíkum stigum eru, sem í Stjórnartíðindum eru, en nákvæmlega eins og skattstigi t. d. um stórgróðaskatt var byggður, nákvæmlega eins? Ég hélt, að þarna væri á ferðinni sú stefna að hlífa hátekjumönnunum sérstaklega, eins og gert var í raun og veru af sérstökum ástæðum, þegar stríðsgróðaskatturinn var lagður á og sá stigi saminn. Ég taldi þetta sjálfsagt og í fyllsta samræmi við frv. að öðru leyti, þar sem fjölskyldur með sömu ómegð, sömu fjölskyldubætur þar af leiðandi, eru þannig leiknar, að önnur þeirra fær 90 sinnum meiri bætur með frv. en hin. Er það í ósamræmi, þó að skattstiginn væri svona af ásetningi eins og ég áleit að hann væri? Ég spyr.

Þá benti hv. þm. á það, að skattstofan hefði reiknað út eftir honum þannig, að hann væri ekki lokaður, þrátt fyrir það, þó að hann væri það, lokaður að ofan, og hv. frsm. n. sagði, að fjárhagsreikningar í sambandi við þetta frv. hefðu verið miðaðir við það. Nú hefur það komið fyrir, að skakkt hefur verið reiknað, það kom fyrir að sögn í söluskattsmálinu. Gat maður ekki hugsað sér, að slíkt hefði komið fyrir hér, að misreikningar hjá þeim, sem stóðu ekki að sjálfum stiganum beinlínis, hefðu átt sér stað, að skattstofunni hefði sézt yfir það, að þessi skattstefna var svona sterk í formi eins og stiginn hljóðaði um? Ég held að öllu athuguðu, að það hafi verið full ástæða til þess að taka frv. að þessu leyti eins og það var orðað.

Og að því er snertir fram komnar till., þá vil ég segja það, að það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að þær væru efnislega alveg samhljóða. Ég lagði brtt. mína inn til skjalavarðar um það bil 5 tímum áður en skriflega brtt. var afhent forsetanum hér í þessari hv. d., og mín till. hafði verið skráð hjá skjalaverði Alþingis 5 tímum áður. Satt að segja finnst mér það nú hégómamál, hvor till. út af fyrir sig verður samþ. Ég veit ekki, hvernig hæstv. forseti úrskurðar um það, hvor þeirra komi fyrr til atkvæða. Ég tel sjálfsagt, að hvor þeirra sem kemur fyrr til atkvæða verði samþ. Ég veit og hef kynnzt því, að hv. meiri hl. og stjórnarstuðningsmenn eru mjög viðkvæmir fyrir því, að brtt. frá stjórnarandstöðunni nái fram að ganga. Og það var alveg rétt, sem ég sagði, og hv. frsm. var þó að gera athugasemdir við lítils háttar og ekki frekar en hans er venja, að í n. var vikizt undan að ræða brtt. nokkuð verulega eða taka þær til afgreiðslu, með skírskotun til þess, að hér væri um bráðabirgðalöggjöf að ræða og skattamálanefnd væri starfandi, sem ætti að skila áliti fyrir næsta Alþ., heildartill. um skattamálalöggjöfina. Ég ofmælti ekkert í þeim efnum. En till., sem liggja fyrir, eru svo líkar, í raun og veru samhljóða, að hvor þeirra, sem verður borin fram á undan, hlýtur að verða samþ., því að stjórnarandstæðingar munu a. m. k. ekki vilja láta loka skattstiganum að ofan, og stjórnarstuðningsmennirnir hafa sýnt það, að það fer fyrir hjartað á þeim, eins og nú er komið, að ætla þeim að hafa vitandi vits gert það, þó að þeir kenni ritvillu eða prentvillu um frekar en hugsunarvillu. Ég tel, að till. mín, sem lögð var fram eins snemma og ég lýsti, sé, hvor till. sem verður samþ., faðir og móðir brtt. frá meiri hl. fjhn., og sé enga ástæðu til þess að taka mína till. aftur og stofna til þeirrar hégómlegu breytingar, að við förum að halda fund í fjhn. nú og taka upp sömu till. saman, því að það skiptir mig engu máli, hvort mín till. er samþ. eða till. meiri hl., úr því að hann hefur séð sig um hönd.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi, en ég ætla mér að svara hv. 9. landsk. (JÞ) því, sem hann vék að mér persónulega, því að hann sá sér einhverja nauðsyn á því að fara út í persónulegar ádeilur, þegar annað dugði honum ekki.

Í fyrsta lagi nefndi hann kosningar í Barðastrandarsýslu, og það er það eina, sem ég ætla að svara honum. Hann taldi, að ég væri svo harður í garð Alþfl. vegna þess, að Alþfl. hefði ekki stutt mig í framboði í Barðastrandarsýslu í fyrra, eins og hann hefði gert 1956. Ef framámenn Alþfl. þurfa að fara að rökstyðja stefnu sína í skattamálum með þessum rökum, er nú orðið illa ástatt hjá flokknum. En þó vil ég gleðja hv. þm. með því, að í fyrra í kosningunum í Barðastrandarsýslu fékk ég meira fylgi en þegar allur Alþfl. studdi mig

1956, en Alþfl. lækkaði þar úr 190 atkv. niður í 66 við það að bjóða fram eigin mann, eftir að hann var kominn í bandalag við Sjálfstfl., m. a. um hugsjónamál Alþfl. að leggja niður beina skatta.

ATKVGR.
Brtt. 302 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 299 kom ekki til atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PP, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.
BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Í þessari frumvarpsgrein felst, að tryggður verður það hár persónufrádráttur, að þurftarlaun verða undanþegin tekjuskatti. Þessu ákvæði er ég eindregið fylgjandi. Að öðru leyti felur greinin í sér óhæfilegar eftirgjafir á tekjuskatti hátekjumanna, og er ég með öllu andvígur því. Þar sem þessi tvö óskyldu ákvæði eru fastbundin hvort öðru í gr. og borin undir atkv. í einu lagi, er mér fyrirmunað að fylgja fram skoðun minni á ákvæðum gr. með atkvgr. með eða móti, og því greiði ég ekki atkv.

Björn Jónsson: Ég leyfi mér að vísu til grg. hv. 9. þm. Reykv. (AGl) og greiði ekki atkv.

2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 287 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 36 1958 og l. nr. 40 1959, um breyt. á þeim lögum.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 303).
Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. og 64. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var svo um samið að hefja endurskoðun á skattakerfinu í heild með það fyrst og fremst fyrir augum að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Endurskoðun skattalöggjafarinnar er þegar hafin, en ekki möguleiki nú á þessu þingi að taka til meðferðar heildarendurskoðun skattalaganna, til þess þarf miklu lengri tíma, en vonir standa til, að þeirri endurskoðun verði lokið það tímanlega, að frv. til nýrrar löggjafar um þau mál geti orðið lögð fyrir Alþingi í haust.

Það frv., sem hér er lagt fyrir, felur í sér þá meginbreytingu fyrst og fremst á skattalögunum að fella burt tekjuskatt á almennum launatekjum og gera aðrar þær breyt., sem standa í beinu sambandi við þetta. Við undirbúning málsins þótti sjálfsagt að miða skattfrelsi tekna að verulegu leyti við fjölskylduástæður, og var því ákveðið, að hjá einstaklingum skyldu skattfrjálsar tekjur vera 50 þús., hjá hjónum 70 þús. og síðan 10 þús. kr. til viðbótar fyrir hvert barn á framfæri. Af þeim tekjum, sem fram yfir þetta mark eru, greiðast svo fyrst 5% og síðan stighækkandi allt upp í 30%, þannig að hámarkið er nú 30% í staðinn fyrir 40%, eins og það er í gildandi lögum.

Aðrar breytingar, sem greinir í 2., 3. og 4. gr. þessa frv., leiðir beinlínis af þessari höfuðbreytingu. Það er aðallega þannig, að ýmis ákvæði, sem miðuð eru við persónufrádrátt í núgildandi lögum, breytast í samræmi við 1. gr. En auk þess er svo ákveðið, að niður falli það ákvæði, sem sett var á Alþ. í fyrra, að aukavinna, eftirvinna og næturvinna við útflutningsframleiðsluna skuli skattfrjáls. Um þetta segir í áliti undirbúningsnefndarinnar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessa lagaákvæðis mun hafa verið sá að koma í veg fyrir, að menn af skattaástæðum yrðu ófúsir til þess að vinna slíka yfirvinnu. Þar sem nú er ákveðin stórfelld lækkun á tekjuskatti almennt, er eigi jafnmikil ástæða til þess og áður að veita nefnda undanþágu frá skattskyldu. Það hefur enn fremur komið í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Oft er mjög erfitt að greina á milli venjulegrar dagvinnu og yfirvinnu, auk þess sem erfitt er að skilgreina, hvað séu bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa, eins og í l. segir. Mörg fyrirtæki framleiða jöfnum höndum fyrir innlendan og erlendan markað, þannig að ókleift virðist að aðgreina, að hve miklu leyti yfirvinna, sem unnin er hjá slíkum fyrirtækjum, sé í þágu útflutnings eða framleiðslu fyrir innlendan markað. Má þar til nefna sláturhúsin sem dæmi. Af þessum ástæðum er lagt til, að a-liður 10. gr. verði felldur niður“ — en sá liður fjallaði um þetta efni.

Þetta mál hefur verið rætt svo ýtarlega hér á Alþ. í báðum d. í sambandi við ýmis önnur mál, að ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, en legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á því strax í upphafi, bæði hvað snertir það frv., sem hér ligg-

ur fyrir, um breyt. á tekjuskattslögunum, og eins um frv. það, sem ríkisstj. hefur lagt fram um breyt. á útsvarslögunum, að af hálfu ríkisstj. er lögð áherzla á það í sambandi við bæði þessi mál, að hér sé um bráðabirgðabreytingu að ræða, en fyrir dyrum standi allsherjarbreyt. og endurskoðun á þessum lögum, og er gefið fyrirheit um, að niðurstaða þeirrar athugunar og endurskoðunar skuli verða lögð fram á næsta þingi. Þessi bráðabirgðabreyting á útsvarsl. og tekjuskattsl. er fyrst og fremst röddstudd með því af hálfu hæstv. ríkisstj., að þessar breyt. séu gerðar til þess að veita mönnum bætur vegna hinnar auknu dýrtíðar og verðbólgu, sem hefur leitt af öðrum ráðstöfunum ríkisstj., m. ö. o., að þessi frumvörp tvö, þetta, sem hér liggur fyrir, og frv. um breyt. á útsvarsl., séu fyrst og fremst frv. um dýrtíðarbætur vegna annarra ráðstafana ríkisstj. Og ég tel rétt í því, sem ég segi hér, að ræða þetta mál út frá því sjónarmiði, en ekki sem almennt skattamál eða skattalagabreyt., vegna þess að fyrir dyrum stendur að taka þau mál alveg sérstaklega til athugunar, og það er líka rökstutt af ríkisstj., að þessi bráðabirgðabreyting á umræddum lögum sé fyrst og fremst við það miðuð að veita mönnum dýrtíðarbætur.

Það er ekki ófróðlegt í þessu sambandi að rifja það upp í stuttu máli, hvaða ráðstafanir það eru, sem hafa haft aukna dýrtíð og verðbólgu í för með sér og hæstv. ríkisstj. telur rétt að bæta upp með þessum hætti. Það er þá í fyrsta lagi að nefna gengislækkunina, en samkv. því, sem segir í bókinni Viðreisn, sem ríkisstj. hefur gefið út, hefur gengislækkunin í för með sér 25% verðhækkun á öllum erlendum vörum, sem ganga inn í framfærsluvísitöluna, þ. e. a. s. þetta er mismunurinn á gengislækkuninni og þeim yfirfærslugjöldum, sem áður voru og runnu í útflutningssjóð og nú munu verða felld niður. Og enn fremur segir þar, að af sömu ástæðum muni verðlag á landbúnaðarvörum hækka um 12%. Nú er það hins vegar að koma á daginn, að sú verðhækkun, sem hlýzt af gengislækkuninni, ætlar að verða talsvert meira en þetta, sem segir í bókinni Viðreisn og mun vera byggt á útreikningum sérfræðinga hæstv. ríkisstj., þannig að verðhækkun af völdum gengislækkunar einnar verður meiri en 25% á þeim erlendu vörum, sem ganga inn í framfærsluvísitöluna. Og á sama hátt má líka búast við því, að verðhækkunin verði meiri á landbúnaðarvörum af völdum gengislækkunarinnar en þar var gert ráð fyrir eða um 12%. Þetta er einn liður þeirra dýrtíðaraðgerða eða dýrtíðarauknингar, sem ríkisstj. hyggst bæta með umræddu frv. og breyt. á útsvarslögunum.

Annað, sem ríkisstj. hefur gert til þess að auka dýrtíðina og verðbólguna, eru hinir stórauknu söluskattar. Söluskattur, sem leggst á innfluttar vörur, hefur verið aukinn úr 7% í 15%, og gefur þá auga leið, að sú hækkun á þessum skatti hlýtur að hafa verulega eða mjög aukna dýrtíð í för með sér. Þá hefur ríkisstj. enn fremur lagt á nýjan almennan söluskatt, sem nemur 3% og mun leggjast á svo að segja allar vörur og þjónustu og hlýtur þar af leiðandi að hafa mjög verulega aukna dýrtíð í för með sér. Þá hefur vegna þessara og annarra ráðstafana, sem ríkisstj. hefur gert, orðið mjög mikil hækkun á flestum eða öllum þjónustugjöldum í þjóðfélaginu. Póstgjöld hafa hækkað, símagjöld hafa hækkað, útvarpsgjöld hafa hækkað, sjúkrasamlagsgjöld hafa hækkað, hvers konar tryggingaiðgjöld hafa hækkað, fargjöld hafa hækkað o. s. frv. Og þetta hlýtur vitanlega að hafa mjög aukna dýrtíð í för með sér. Síðast, en ekki sízt, er svo að nefna vaxtahækkunina, sem er mjög stórkostleg og hlýtur að auka dýrtíðina mjög verulega og framfærslukostnað fjölmargra manna. Allar þessar ráðstafanir ríkisstj. hafa orkað því, að dýrtíð eykst nú meira og hraðar í landinu en nokkru sinni fyrr hefur átt sér stað á jafnskömmum tíma, og þjóðin hefur aldrei horft framan í aðra eins óðaverðbólgu og þá, sem á sér nú stað hér á landi þessa dagana. Og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að gerðar séu einhverjar ráðstafanir til að bæta fólki upp þá miklu kjaraskerðingu, sem af öllum þessum ráðstöfunum hefur hlotizt, og það segist líka hæstv. ríkisstj. m. a. vera að gera með því frv., sem hér liggur fyrir, og með því frv., sem fyrir liggur um breyt. á útsvarsl., og svo með þeirri löggjöf, sem hefur nýlega verið afgreidd frá Alþ. um almannatryggingar. Og þá er að athuga það í stuttu máli, hvernig þessar dýrtíðarbætur hæstv. ríkisstj. verka, að hvað miklu leyti þær verða til þess að bæta fólki upp hina stórauknu dýrtíð, sem ég hef rakið hér á undan að skapast af öðrum ráðstöfunum ríkisstj.

Til þess að fara fljótt yfir sögu í þessu sambandi, vegna þess að það er nú samkomulag um, að þetta mál gangi í gegnum þingið á tiltölulega stuttum tíma, eða áður en páskafríið verður veitt, þá skal ég láta mér nægja að draga upp mynd af þessu með því að nefna aðeins tvö dæmi. Og ég ætla þá að nefna það dæmi, sem ég hef áður vikið að hér á þinginu, og það er annars vegar verkamaður, sem hefur um 60 þús. kr. árstekjur, en til þess þarf hann að vinna a. m. k. eina klst. í eftirvinnu, hvern virkan dag, og þessi maður hefur 4 manna fjölskyldu, hann hefur konu og tvö börn á framfæri, sem eru á aldrinum frá 16—19 ára. Og það lítur þannig út, að samkv. þessum dýrtíðaruppbótum, sem ríkisstj. telur sig vera að gera, fær þessi maður engar fjölskyldubætur, engar auknar tryggingar, hann fær um 2000 kr. skattalækkun samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, og 1000 kr. lækkun á útsvari samkv. því frv. um bráðabirgðabreytingu útsvarslaganna, sem liggur fyrir þessari d., eða m. ö. o., hann fær samtals 3000 kr. í dýrtíðarbætur.

Svo skulum við taka annað dæmi, en það er maður, sem hefur 160 þús. kr. tekjur og hefur á framfærslu sinni konu og tvö börn, sem bæði eru innan við 16 ára aldur. Það, sem hann fær

samkv. þessum dýrtíðarbótum ríkisstj., er í fyrsta lagi 16 þús. kr. skattalækkun samkv. þessu frv., hann fær 10 þús. kr. útsvarslækkun samkv. frv., sem fyrir liggur um bráðabirgðabreytingu útsvarslaganna, og hann fær rúmar 5 þús. kr. í fjölskyldubætur. M. ö. o.: þessi maður, sem hefur 160 þús. kr. árslaun, fær um 32 þús. kr. í dýrtíðarbætur. Dæmið lítur þá þannig út, að verkamaðurinn með 60 þús. kr. árslaunin, sem þýðir það, að hann þarf að vinna a. m. k. eina klst. á dag í eftirvinnu og hefur 4 manna fjölskyldu, fær samkv. þessu 3 þús. kr. í dýrtíðarbætur, en hinn, sem hefur 160 þús. kr. árslaun og hefur jafnstóra fjölskyldu, fær 32 þús. kr. í dýrtíðarbætur, eða nál. ellefu sinnum hærri upphæð. Ég held, að frekari dæmi þurfi ekki að nefna til að sýna, hve mjög misjafnlega þessar dýrtíðarbætur ríkisstj. koma niður og hvernig þær verka þannig, að þeir, sem hafa beztu aðstöðuna og hæstu tekjurnar, fá hlutfallslega miklu meiri bætur en hinir, sem eru lakar staddir.

Í tilefni af þessu vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. og vænti þess, að hann svari því, hvort hæstv. ríkisstj. geri sér það ekki ljóst, að dýrtíðarbætur þær, sem hún er að veita, bæði samkv. breyt. á tryggingalöggjöfinni og skattalögunum, koma mjög misjafnlega niður og gera það að verkum, að þeir, sem hafa hæstar tekjur, fá mestar bætur, en hinir, sem hafa lágar tekjur, fá mjög lágar eða sama og engar bætur. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort ríkisstj. álíti þetta réttlátt og hvort hún ætli að láta við svo búið standa, hvort hún telji ekki eðlilegt, að gerðar verði einhverjar aðrar ráðstafanir en þessar til þess að bæta hlut þeirra mjög mörgu manna, sem fá sáralitlar eða engar bætur samkv. þeim dýrtíðaruppbótum, sem ríkisstj. hefur þegar veitt og felast í frv. um almannatryggingar og þessum skattafrv., sem hér hafa verið til umræðu. Ég vildi fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hefur ekki einhverjar sérstakar ráðstafanir á prjónunum til þess að bæta hlut þessa fólks, — ef það eru réttir útreikningar hjá ríkisstj., og ég skal ekkert vera að rengja þá á þessu stigi, að það sé nauðsynlegt fyrir mann, sem hefur 160 þús. kr. árslaun, að fá 32 þús. í dýrtíðarbætur, hvort ríkisstj. álíti þá ekki nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að maður, sem hefur jafnstóra fjölskyldu og hefur ekki nema 60 þús. kr. í árslaun, fái meira en 3 þús. kr. í dýrtíðarbætur. Ég held, að ef ríkisstj. reiknar þetta dæmi betur upp og athugar þessar staðreyndir, hljóti hún að komast að raun um, að ef hún ætlar að gæta einhvers jafnræðis og réttlætis í þessum efnum, þurfi hún að gera einhverja bragarbót á þessum dýrtíðarráðstöfunum sínum. Þess vegna vænti ég þess, að hæstv. fjmrh. svari því, hvort hann og ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir því, að þessar dýrtíðarbætur hennar komi mjög misjafnlega og ranglátlega niður og þess vegna sé þörf á endurbótum frá því, sem nú er, til þess að bæta hlut þeirra manna, sem fá sama og ekkert bættan hlut sinn, en þar í eru allir lágtekjumenn landsins, svo að segja allir þeir, sem stunda verkamannavinnu, og margir þeirra, sem tilheyra millistéttunum. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar hins vegar að láta við það sitja, sem hér liggur fyrir, og framkvæma þessar dýrtíðarbætur sínar með þessum hætti, þá liggur þar með ljóst fyrir, að hún stofnar til mikils ranglætis og óréttlætis í þjóðfélaginu, og hún má gera sér ljóst, að það verður ekki hægt fyrir alþýðustéttirnar eða láglaunastéttirnar að taka þessu þegjandi. Þegar ríkisstj. sjálf reiknar það út, að maður með 160 þús. kr. árslaun þurfi 32 þús. kr. í dýrtíðaruppbætur, þá gefur það auga leið, að verkamenn og aðrir, sem hafa svipaðar tekjur og þeir, geta ekki unað við það að fá ekki nema 3 þús. kr. uppbætur og jafnvel minna en það. Og ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi þess vegna gott af því að gera sér ljóst, að ef hún gerir ekki neitt til þess að bæta úr þessu misrétti og þessu óréttlæti, er hún að stofna til mjög háskasamlegra hluta í þjóðfélaginu og baráttu, sem mundi vera hægt að komast hjá, ef hún veitti þeim, sem lakari hafa aðstöðuna, meiri réttindi og meiri aðstoð en felst í þeim dýrtíðaruppbótum, sem hún hefur þegar gert tillögur um að verði gerðar.

Ég held, að það megi fullyrða, að allar ríkisstjórnir hér í nágrannalöndum okkar, jafnvel þó að íhaldsstjórnir séu, reyni að haga þannig sínum stjórnaraðgerðum, að þeim, sem hafa miðlungstekjur eða lágar tekjur, sé reynt að sýna hæfilegt réttlæti og gera ekki hlut þeirra verri, miðað við aðrar stéttir, en hann hefur áður verið, heldur vinna frekar að því að bæta hann. En með öllum þessum efnahagsaðgerðum ríkisstj., ef litið er á þær í heild, er stefnt í alveg þveröfuga átt. Og ríkisstj. stofnar áreiðanlega til mjög áhættusamra og vafasamra hluta í þjóðfélaginu og baráttu, ef hún heldur þessari stefnu sinni til streitu.

Ég skal svo ekki á þessu stigi hafa það öllu lengra, sem ég segi um þetta frv. En ég vil aðeins að endingu endurtaka þessa fsp. til hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hafi ekki á prjónunum aðrar dýrtíðaruppbætur en þær, sem hún hefur þegar gert grein fyrir, til að bæta hlut þeirra manna, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu og fara mjög illa út úr þessum málum, ef ekki eru neinar sérstakar ráðstafanir gerðar aðrar en þessar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. eitt af þeim málum, sem hún segist bera fram til þess að lina nokkuð afleiðingarnar af þeim aðgerðum, sem hún hefur þegar haft í frammi á öðrum sviðum, og er rétt að taka þetta nokkuð í gegn út frá því sjónarmiði. Við hliðina á almannatryggingunum á þetta frv. um tekjuskattsbreytingarnar að verða það, sem á að bæta alþýðu manna að nokkru leyti upp kjaraskerðinguna. Meira að segja í þeim fallegu útreikningum, sem fyrir lágu, þegar gengislækkunarlögin voru sett fram, átti að sýna, að vísitölufjölskyldan fengi nú ekki raunverulega nema 3% dýr-

tíðaraukningu og það, sem bjargaði henni svona vel með þetta allt saman, væru almannatryggingarnar og tekjuskattslækkunin. Það er þess vegna rétt að byrja með því að athuga nú, hvað stiginn, sem hér er lagt til að verði lögfestur, segir og þýðir í þessum efnum.

Fyrir einstaklingana þýðir sú breyting, sem hér er lögð til á tekjuskattsstiganum, að t. d. launþegi með 60 þús. kr. tekjur, og svo að maður haldi sér alveg við vísitölufjölskylduna svokölluðu, þ. e. 2 börn á framfæri, þá hefur hann greitt í tekjuskatt fram að þessu 1390 kr., launþegi með 60 þús. kr. tekjur og tvö börn á framfæri. Þá sleppur hann sem sé nú við þessar 1390 kr., það er hans mikla eftirgjöf. Taki maður svo manninn með t. d. 130 þús. kr. tekjur og líka tvö börn á framfæri, þá þýðir það, að hann hefur áður greitt 18010 kr. og greiðir nú 4 þús., eða 14 þús. kr. sparar hann. Það þýðir, að maðurinn með 150 þús. kr. tekjur, samsvarandi vísitölufjölskylda, hefur greitt áður 24750 kr. og greiðir nú 7500 kr., eða 17 þús. kr., sem hans tekjuskattur minnkar. Og maðurinn með 200 þús. kr., líka vísitölufjölskylda, sem greitt hefur fram að þessu 44810 kr., greiðir nú 20500, eða sparar um 24 þús. kr. M. ö. o.: á sama tíma sem launþeginn með vísitölufjölskylduna með 60 þús. kr. tekjur fær eftir gefnar sínar 1390 kr., þá fær hátekjumaðurinn með 200 þús. kr. tekjur 24 þús. kr. eftir gefnar. Þetta eru sárabæturnar, eins og hæstv. ríkisstj. hyggst úthluta þeim til alþýðu manna til þess að draga úr afleiðingum dýrtíðarflóðsins, sem hún hefur velt yfir. Og ég held, að það hljóti að vera nokkuð greinilegt með þessu móti, hvað þetta þýðir fyrir einstaklingana, hvílíkt himinhrópandi ranglæti þetta er gagnvart láglaunamönnunum, gagnvart þeim, sem hafa þurftartekjurnar, eins og hagstofan reiknar þær núna, og hvílík gífurleg eftirgjöf þetta er hins vegar gagnvart hálaunamönnunum, gagnvart verulegum hátekjumönnum.

Hvað þýðir þetta svo fyrir fólkið í heild, við skulum taka Reykjavík, við skulum taka gjaldendurna í Reykjavík sem heild, eins og þeir voru á skattskrá 1959? Samkv. þeim útreikningum, sem skattstofan hefur gert, kemur það í ljós, að 18 þúsund gjaldendur, — nákvæmlega 18390 gjaldendur, — 18 þús. gjaldendur í Reykjavík af alls um 26 þúsund gjaldendum fá eftirgjöf, sem er 20 millj. Það eru hér teknir allir þeir, sem hafa undir 70 þús. kr. tekjur. Eftirgjöfin til allra þessara 18 þús. er 20 millj. En ef maður tekur aftur á móti þá 1900 hæstu, hvað fá þeir þá í eftirgjöf, sem eru að tölu til aðeins 1/10 af þessum? Hvað fá þeir 1924 hæstu gjaldendur í Reykjavík eftir gefið í skatti með þessu móti? Þeir fá 18 millj. M. ö. o.: það eru teknar þarna tvennar upphæðir. Annarri er úthlutað til 18 þús. gjaldenda, það þýðir rúmar 1000 kr. á mann að meðaltali. Svo eru teknar hinar 18 millj. Þeim er úthlutað til 1900 hæstu gjaldendanna, eða tæpar 10 þús. kr. á hvern af þeim að meðaltali. M. ö. o.: ef maðurinn hefur undir 70 þús. kr., tekur ríkisstj. til úthlutunar til hvers af slíkum mönnum að meðaltali 1000 kr. Ef það eru aftur á móti menn, sem hafa yfir 100 þús. kr. tekjur, tekur ríkisstjórnin 18 millj. kr. til að úthluta, til hvers af þeim að meðaltali 10 þús. kr.

Þetta eru hugmyndir hæstv. ríkisstj. um réttlætið. Þetta eiga þó að vera sárabæturnar til alþýðu manna. Sá venjulegi launþegi með 60 þús. kr. laun og þar undir fær í sinn hlut 1100 kr. að meðaltali, og þetta gildir um 2/3 af öllum gjaldendum í Reykjavík, 18 þús. af 26 þús. Þetta er það, sem þeim er skammtað. Og á sama tíma eru öllum hátekjumönnum í Reykjavík, öllum, sem hafa yfir 100 þús. kr., gefnar aðrar 18 millj., tífalt meira á hvern þeirra að meðaltali. Af þessu má sjá, hverra hagur það er, sem hæstv. ríkisstj. ber fyrir brjósti. Það er ekki aldeilis vísitölufjölskyldan, fjölskyldan með 60 þús. kr. þurftartekjurnar, það er lítið, sem hún fær í dýrtíðaruppbót, meira að segja þó að hún hefði tvö börn á framfæri, meira að segja sú fjölskylda. En þeir, sem hafa yfir 100 þús. kr. tekjur, fá aldeilis úthlutað til sín, að meðaltali 10 þús. kr. á mann, — fari þeir upp í 200 þús., þá um 24 þús. Þar er ekki verið að skera við nögl sér. Ríkisstj. þekkir sína, eins og fjandinn er vanur að gera. Það er þess vegna ekki að tala um það, að réttlætið í þessu er eftir þeirri kokkabók, að því ríkari sem þú ert, því meira skalt þú fá; því fátækari sem þú ert, því meira skal af þér tekið. Það var líka greinilegt, að sú sama ríkisstj. sem er að afnema vísitöluna er að veita uppbætur. Svo að ég taki dæmi, sem hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) var með hér áðan, vísitöluuppbótin samkvæmt því dæmi er m. ö. o. það, sem samsvaraði, meðan engin hækkun væri komin fram, 5% hjá þeim, sem 60 þús. kr. tekjurnar hafa, og 20% hjá þeim, sem 160 þús. kr. tekjurnar hafa.

Ég sá það einhvern tíma í málgagni Alþfl. nýlega, að það væri mikil jafnaðarstefna í því að vera að afnema tekjuskattinn, og það var eitt af þeim málum, sem Alþfl. alveg sérstaklega flutti þáltill. um, að stefna bæri að, að afnema tekjuskattinn með öllu. Ég er hissa á, að hann skuli ekki hafa lagt það fram að afnema hann með öllu, fyrst þetta er orðið hans aðalhugsjónamál, þveröfugt við það, sem var, þegar hann var stofnaður, þegar hann lýsti því yfir í stefnuskrá sinni, og mikið má vera, ef það stendur þar ekki enn þá, að hann sé á móti öllum óbeinum sköttum og tollum og með beinum stighækkandi sköttum á tekjur og eignir. Já, ég var eiginlega að spyrja að því, hvernig stæði á því, að Alþfl. hefði ekki getað fengið þetta fram. Var það virkilega svo, að það væri þá Sjálfstfl., sem stæði á móti því að afnema tekjuskattinn líka á tekjum hjá hátekjumönnunum? Það væri gaman að fá það upplýst á eftir, af hverju er verið að skilja þennan tekjuskatt eftir, fyrst Alþfl. stóð með því sem höfuðreglu að afnema tekjuskattinn með öllu. Var

það þá Sjálfstfl., sem sá um, að þessir hátekjumenn skyldu þó bera einhvern tekjuskatt? Það væri fróðlegt að fá það upplýst, svo að maður vissi um samningana, sem hefðu farið fram um þetta, m. ö. o., hvort Alþfl. hefði barizt mjög harðlega fyrir því að afnema líka tekjuskattinn á þeim ríku, sem eftir er enn þá í þessu frv., eða hvort það eigi kannske að koma við endurskoðunina næstu. Ég verð að segja það, að þegar farið er að kenna svona hluti eins og hér er verið að framkvæma við jöfnuð eða jafnaðarstefnu, m. ö. o., að losa yrði jafnt ríka sem fátæka við tekjuskatt, þá liggur við, að manni detti í hug nokkuð bitur setning, sem ég held að Anatole France hafi einhvern tíma mótað í gamla daga, að lögin, sem væru jöfn fyrir öllum, bönnuðu í sinni hátign jafnt ríkum sem fátækum að sofa undir brúm eða betla á gatnamótum. Það fer að verða nokkuð einkennilegur jöfnuður, ef það er orðið hugsjónin, að það eigi að losa jafnt ríka sem fátæka við tekjuskatt. Og maður sér smámynd af því, hvert þetta er að leiða, þegar 60 þús. tekjumaðurinn, láglaunamaðurinn, er losaður við tekjuskattinn á 1390 kr., til þess að það sé hægt um leið að losa hátekjumanninn með 200 þús. kr. við 24 þús. kr. af sínum tekjuskatti. Ég vil bara benda á, hvert verið er að stefna með þessum aðferðum.

Það, sem notað hefur verið alveg sérstaklega sem röksemd fyrir því m. a. af hálfu Alþfl., að það ætti að fara að afnema tekjuskattinn, er, að tekjuskatturinn komi orðið þyngst niður á launþegum, vegna þess að þeir hafi yfirleitt slæma eða jafnvel oft og tíðum enga aðstöðu til þess að svíkja undan skatti. Hins vegar hafi hlutafélög og stóratvinnufyrirtæki allgóða aðstöðu til þess að svíkja undan skatti. Það er opinbert leyndarmál, að skattsvik hafa verið alltíð og hafa viðgengizt í mjög ríkum mæli á Íslandi á síðastliðnum áratugum. Og það má vissulega segja, að tekjuskattsstiginn, ekki sízt þegar útsvarsstiginn hefur verið tekinn til samlagningar við hann, hafi verið það þröngur, að hann hafi verið of þröngur og þannig beinlínis leitt menn til skattsvika. Þessa ókosti í sambandi við tekjuskatt, stighækkandi tekjuskatt, var auðvitað hægt að laga með tvennu móti. Það var annars vegar hægt að laga þetta með því að rýmka nokkuð um tekjuskatt, sem sé að láta tekjuskattinn byrja hærra en hann hefur byrjað og láta hann ekki vera, sérstaklega til að byrja með, eins hratt stighækkandi og hann hefur verið. Það út af fyrir sig hefði verið mjög réttlátt og mjög nauðsynlegt að gera þá endurbót. Í öðru lagi var hægt að bæta úr þessu með því að gera skatteftirlitið miklu betra og á vissan hátt harðvítugra en það er.

Ég held næstum því, að sú skoðun hafi skapazt hér á Íslandi, að kapítalisminn sé óhugsandi án skattsvika. Sannleikurinn er sá, að kapítalisminn hér á Íslandi, — ég held, að ég hafi talað um það einhvern tíma áður hér, fyrir einum eða tveimur áratugum, — hefur raunverulega alltaf verið bannaður, hann hefur alltaf þróazt hér í banni laganna, sem sé með skattsvikum og gjaldeyrissvikum, með brotum á löggjöfinni um skattheimtu og gjaldeyrisheimtu, og ég held, að það sé ekki fjarri lagi, enda hafa ýmsir forustumenn kapítalistanna orðið til að taka undir þetta. Þó að kapítalisminn hafi þróazt á Íslandi á þennan máta, þýðir það ekki, að hann geti ekki þróazt í einu landi án skattsvika, og ég hef fullyrt það hér áður, þegar við höfum verið að ræða þessi mál, að t. d. í því höfuðlandi kapítalismans, sem Bandaríkin eru, þá er það vitanlegt, að þrátt fyrir það, þó að skattsvik komi fyrir, eru þau ekki reglan, vegna þess að ríkið sjálft framkvæmir svo harðvítugt skatteftirlit, að jafnvel hin stóru og voldugu fyrirtæki þar hafa allmikið aðhald í þessum efnum, og ég veit, að þeirra eigin skattskýrslur eru lagðar til grundvallar um alla tekna- og eignaskiptingu í Bandaríkjunum, og jafnt kommúnistar sem kapítalistar notast við þessar skattskýrslur þeirra, sem þannig liggja til grundvallar, sem nokkurn veginn örugga heimild um, hvernig þjóðartekjur Bandaríkjanna skiptast á milli auðmannastéttar og launþega, vegna þess að það má í heild nokkurn veginn treysta þessum skattaframtölum. Hins vegar eru gífurlegar refsingar, sem ná langt aftur í tímann, svo framarlega sem það kemst upp um einhverja, að þeir séu skattsvikarar, og það er sagt t. d. í London, — ég sel það ekki dýrara en ég keypti, — að það að fara þar til lögfræðinga til þess að biðja þá um að skattsvíkja skýrslur, það mundi alls ekki þýða. Lögfræðingur mundi ekki taka slíkt að sér, en ég efast um, að íslenzkir lögfræðingar mundu nú álíta slíkt óverjandi, með allri virðingu annars fyrir þeim.

Ég held, að það væri þess vegna alveg hægt þrátt fyrir kapítalismann í okkar landi að framkvæma tekjuskattslöggjöf án skattsvika, en með því að taka upp annað kerfi í þessum efnum. Jafnvel ég hef ekkert í því sambandi á móti því t. d., að það ameríska kerfi væri upp tekið, þó að ég sé ekki hrifinn af öllu, sem þar er. Það er rétt að nota hverja þá hluti, sem við getum lært gott af, hvaðan sem þeir koma. Ég gerði þetta hér að umtalsefni áður. Það var fyrir rúmu ári verið að breyta hér tekjuskattslögunum viðvíkjandi hlutafélögunum. Ég var á móti þeim hluta þeirra breyt., sem snerti hlutafélögin, að það var ákveðið þar að gefa þeim eftir og veita þeim allmiklu vægari tekjuskatt en áður, en án þess að samtímis væri breytt þannig l., að skattheimtan væri gerð örugg og skatteftirlitið gott. Ég áleit og sagði þá, að það hefði átt að segja við hlutafélögin, um leið og þessu var breytt, nokkurn veginn á þessa leið: Við vitum nú, að þið hafið skattsvikið hingað til, og það er opinbert leyndarmál. Héðan í frá verðið þið að gera svo vel að vera heiðarleg, og ef þið ekki verðið það, verður ekki tekið af neinni

miskunn á ykkur. — Ég álít, að það hafi verið rangt að breyta þeim lögum, án þess að gera um leið þær breytingar á skattkerfinu, sem þurfti, og meira að segja þær breytingar hefðu verið of miklar, þó að það hefði verið gert. Og ég álít það aftur rangt núna viðvíkjandi hátekjumönnum, sem hér er verið að lina hjá, að gera svona miklar breytingar, án þess að breyta skattinnheimtunni og skatteftirlitinu um leið. Ég álít það rangt. Þegar ríkið gerir svona breytingar og ætlast til þess, að sá almenni borgari í þjóðfélaginu, hvort sem það er hlutafélag eða einstaklingur, sem á í hlut, fari nú að breyta þarna um, þá á þetta að gerast þannig, að menn fái að vita af því. Það á að segja við menn um leið: Sú vatnsgrautarmiskunnsemi, eða hvað sem það hefur nú verið fram að þessu, verður ekki látin viðgangast. Ef ykkur er gefinn eftir skattur og breytt um, þá er héðan af ætlazt til þess, að þetta sé líka raunveruleiki. — Ég er hræddur um, að rétt eins og hefur orðið um hlutafélögin, eins verði með þessa breyt., sem nú er gerð við þá, sem hæstu tekjurnar hafa í þjóðfélaginu. Hvort það eru einstaklingar sem hátekjumenn eða hlutafélög, þá er þeim þarna gefið eftir, en gamla skattsvikakerfið allt saman látið haldast, og það er rangt. Það er vitanlegt, að lágtekjumennirnir svíkja yfirleitt ekki skatt, ekki kannske endilega út af því, að þeir séu betri en hinir, en vegna þess að þeir komast ekki upp með það, vegna þess að atvinnurekendurnir, sem greiða þeim kaupið, gefa þeirra laun upp, þannig að þeir fátæku eru í þessu heiðarlegir. Reglan er yfirleitt, að þeir séu heiðarlegir í þjóðfélaginu. En þeim ríku er með þessu ívilnað, og það er rangt. Þess vegna álít ég, að sú ríkisstj., sem undirbjó þessa löggjöf, hefði ekki átt að koma með þetta fram núna án þess að koma um leið fram með ýtarlegar tillögur, sem breyttu öllu skattakerfinu, afnema þessar skattanefndir og allt þetta gamla dót, sem við höfum haft, þar sem voru meira eða minna leifar frá því, að menn voru í gamla daga að vinna þetta í frístundum sínum, að leggja á og reikna út, og færa þetta yfir í nýtízkuhorf með skörpu eftirliti. Og ég álít slæmt, að þetta skuli ekki hafa verið gert, og þess vegna er ég alveg andvígur þessum miklu tilslökunum, sem gerðar eru á hátekjunum í þessu sambandi, um leið og ég hins vegar undirstrika, að ég er algerlega fylgjandi því að afnema alla skatta á þurftarlaunum, og er það satt að segja ekki of skarplega í farið hvað þurftarlaunin snertir.

Ég vil þess vegna segja það, þegar maður lítur yfir þessar till. um tekjuskatt, þegar maður sér, hvað það er lítið, sem hinir fátæku og hinir tekjulágu fá, og hvað lífskjaraskerðingin, sem þeir verða fyrir, er ægileg, hvað það er hins vegar mikið, sem hátekjumennirnir og þeir auðugu fá í sinn hlut, og þegar maður svo íhugar, að hæstv. ríkisstj. segir, að þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir, sé sárabætur fyrir þá fátæku, þá verð ég að segja, að það er orðið hart ástand í þjóðfélaginu, þegar það er komið svo, að meira að segja á sárabótum þeirra fátæku eiga þeir ríku að græða. Það eru þá flest útispjót höfð, þegar verið er að losa þá fátæku, þá tekjulágu við sínar 1—2 þús. kr., sem þeir borga í tekjuskatt, að þeir ríku og þeir tekjuháu skuli nota tækifærið um leið til þess að taka til sjálfs sín 10—20 þús. Það er auðséð, hverjir það eru, sem hæstv. ríkisstj. ber fyrir brjósti. Hún gat hins vegar ekki gefið hátekjumönnunum eftir, nema hinir yrðu að fá þetta um leið, svo að það er nokkurn veginn auðséð, hverjar hvatirnar eru, sem þarna liggja til grundvallar, og ég býst við satt að segja, að það séu höfuðhvatirnar í þessu efni. M. ö. o.: Þetta er ein aðferð til til þess að taka af þeim tekjulágu í þjóðfélaginu og til þess að gefa þeim tekjuháu og þeim ríku meira. Þessi tekjuskattslöggjöf, sem hér liggur fyrir, verður þess vegna að miklu leyti þáttur í þeirri heildarárás, sem ríkisstj. er að framkvæma á lífskjör þeirra tekjulágu í þjóðfélaginu, en að hygla þeim tekjuháu og þeim auðugu því meir.

Það virðast vera tvenns konar rök, sem færð eru fram fyrir því, að engu að síður sé þetta réttlátt. Önnur rökin hafa mér virzt koma fram frá Alþfl. Þeir segja, — það hefur að vísu enginn Alþfl.-maður komið fram með það hér á þingi, en í Alþýðublaðinu held ég að þeir hafi verið að minnast á það, að hátekjumennirnir sleppi nú ekki aldeilis. Þó að þeir fái nú eftir gefin 10—20 þús. kr. hver í tekjuskatt, eigi þeir nú aldeilis að fá að kenna á söluskattinum í staðinn. Mennirnir, sem tekjuskatturinn minnki um 30 þús. kr. hjá, muni bara því þyngra verða fyrir söluskattinum, sem hæstv. ríkisstj. leggur á. Já, það er auðséð, að þeir menn í Alþýðublaðinu, sem þetta reikna út, virðast ganga út frá því, að þeir eyði alldrjúgt, þessir hátekjumenn, bæði í brennivín og tóbak og sitt hvað annað. Klókur maður hefur reiknað það út, að ef einn maður ætti að borga þær 30 þús. kr., sem hann sparaði í tekjuskatti, ef hann væri með tekjur hátt á þriðja hundrað þúsundinu, og 20 þús. kr., sem hann kynni að spara í útsvari, — ef hann ætti að eyða því öllu saman í söluskatt, yrði hann líklega, jafnvel þó að maður reiknaði með söluskattinum tvöföldum, eins og hann kæmi út, þegar búið væri að leggja á hann, og allt slíkt, að eyða yfir 800 þús. kr. á ári, til þess að ríkið næði af honum aftur slíkum sköttum í söluskatti og álagningunni á hann.

Ég er hræddur um, að það sé nokkuð slæmur útreikningur, sem þeir menn eru með, sem halda, að með því að gefa hálaunamönnunum eftir tekjuskatt og útsvar muni ríkið ná því meira af þeim í söluskatti og öðru slíku. Slíkt er ekkert nema blekking. Ég sá hins vegar í grg. ríkisstj. fyrir þessu frv., að hún virtist ganga út frá því, að við það, að óhófleg skattlagning væri afnumin eða minnkuð, mundi vilji manna til framtaks og vinnusemi aukast. Og ég hef orðið var við það, að í öllum þeim rökum, sem ríkisstj. hefur komið fram með í sambandi við allar þær efnahagsráðstafanir,

sem nú eru gerðar, hefur það verið allríkur þáttur í rökunum, að með því að einstaklingarnir og ekki síst þeir fjáðu einstaklingar slyppu betur, þá mundi því meira verða lagt fram í þjóðfélaginu til aukningar á framleiðslunni, m. ö. o.: þegar atvinnurekendurnir og aðrir, sem háar tekjur hafa eða gróða, slyppu betur í skatti, mundi það koma þjóðfélaginu til góðs í því, að þá yrði því meira fest í því, sem praktískt er, í því, sem hagnýtt er fyrir þjóðfélagið, í framleiðslutækjum og öðru, sem eykur þjóðarauðinn, og raunverulega eru það þær röksemdir einar, sem eitthvert tillit væri hægt að taka til, ef þær reyndust sannar. Ég býst við, að slíkar röksemdir mundu t. d. að ýmsu leyti eiga við í sumum gömlum kapítalistískum löndum, þar sem ákaflega mikið af þeim gróða, sem skapast hjá örfáum hlutafélögum þar, fer til aukningar á framleiðslutækjum, vegna þess að þessir stóru auðhringar setja hlutfallslega mjög mikið af sínum gróða í ný framleiðslutæki. Það er nefnilega skiljanlegt, að þar sem öll gróðamyndun í þjóðfélaginu verður á höndum manna í þessum auðfélögum, sem eru jafnvel ekki einu sinni 1% af þjóðfélaginu, komast slíkir menn, þegar auðmannastéttin er svona fámenn, ekki yfir að geta eytt þessu með neinni venjulegri mannlegri eyðslu, þannig að það verður alltaf hlutfallslega miklu meira af gróðanum, sem fer í einhverja aukningu á framleiðslutækjum, þegar kapítalistísk þjóðfélög eru komin á slíkt stig. En á þetta sér stað á Íslandi, og er hægt að færa fram þau rök, miðað við íslenzkt þjóðlíf, að ef við linum á skattheimtu hjá hvort heldur er hlutafélögum eða hátekjumönnum, mundi það að einhverju leyti koma okkar þjóðlífi til góðs, vegna þess að viðkomandi menn mundu setja meira í fjárfestingu til að fá framleiðslu? Ég segi nei. Og ef einhverjir úr stjórnarliðinu hafa álitið, að þetta væru sæmileg rök frá þeirra hálfu, þá vil ég reyna að sanna, að svo er ekki.

Yfirstéttin á Íslandi er allfjölmenn. Samdráttur fjármagnsins á einstakar hendur hefur ekki þróazt hér í eins ríkum mæli og erlendis. Ég hef undanfarið getið mér þess til og haldið því hér fram, að það mundi hlutfallslega meira af gróðamyndun á Íslandi fara í neyzlu, — allt, sem kallað er neyzla, hjá þeim, sem gróðann fá, — heldur en í öðrum löndum í kringum okkur. Og ég hef fengið sannanir fyrir því nú, að svo er. Í töflum, sem Haraldur Jóhannsson hagfræðingur birtir í bók sinni um efnahagsmál, tekur hann nokkurn samanburð á Íslandi og löndunum í Vestur-Evrópu og Norðurlöndum um það, hve mikill hluti af okkar þjóðartekjum, þeim sem til fjárfestingar fara, fer í neyzlufjárfestingu og í framleiðslufjárfestingu. Eins og hér hefur verið oft rætt og ég þarf ekki að endurtaka, erum við Íslendingar svo að segja hæstir allra þjóða um fjárfestingu í heild, m. ö. o. um þá fjárfestingu, sem almennt fer bæði til þess, sem kallað er neyzlufjárfesting, og þar eru talin hús og allt annað slíkt, og í þá fjárfestingu, sem fer til framleiðsluaukningar. En það sem ræður úrslitum fyrir þjóðarbúið um, hve gagnleg þessi fjárfesting sé fyrir þjóðarheildina, er, hve mikill hluti það er af þessari fjárfestingu, sem fer í framleiðslufjárfestingu, og hve lítill hluti það er, sem fer í neyzlufjárfestinguna. Hlutfall okkar Íslendinga í þessum efnum er það versta af öllum Vestur-Evrópu- og Norðurlandaþjóðunum. Þar sem Norðmenn t. d. verja 75% af sinni fjárfestingu í framleiðslufjárfestingu, en 25% í neyzlufjárfestingu og Danir raunar því sama, t. d. 66% í framleiðslufjárfestingu og 34% í neyzlufjárfestingu, þá erum við Íslendingar einir allra þjóða í allri Vestur-Evrópu og Norðurlöndum með þau hlutföll, að neyzlufjárfestingin er meiri hjá okkur en framleiðslufjárfestingin. T. d. á árinu 1955 er neyzlufjárfestingin 54% af heildarfjárfestingunni og 1956 56%, en framleiðslufjárfestingin 46% fyrra árið og 44% seinna árið. Það þekkir maður líka af eigin reynslu hér. Ef eitt heildsölufyrirtæki hér í Reykjavík græðir, þá hefur forstjórinn í því fyrirtæki meiri tilhneigingu til þess að taka eina millj. út úr því og byggja villu í „Snobbhill" en taka eina millj. út úr því og auka með því framleiðslu þjóðarinnar. Og þetta eru hlutir, sem hafa alltaf gerzt hér undanfarinn áratug og koma til með að gerast næsta áratug, svo framarlega sem þjóðfélagið tekur ekki stjórnina á fjárfestingunni.

Þess vegna vil ég, ef það eru rök hjá stjórnarliðinu fyrir því að gefa hátekjumönnum eftir eins mikið og þarna er gert, leyfa mér að halda því fram, að þessi rök fái ekki staðizt. Þetta verður ekki til þess að auka framleiðsluna á Íslandi, vegna þess að reglan er, að þessir menn leggja ekki í þá fjárfestingu, sem þjóðinni er nauðsynlegust, heldur út frá sínum persónulegu hagsmunum fyrst og fremst í sína neyzlufjárfestingu. Við höfum reynslu af þessu á tímabilinu, sem prófað var að gefa þetta frjálst hjá þeim, t. d. á tímabilinu 1950—56. Og það sýndi sig, hvernig þetta fór. Í þá fjárfestingu, sem þjóðinni var lífsnauðsyn, lögðu þeir ekki einn einasta eyri. Það var ekki keyptur einn einasti togari á því tímabili, sem kunnugt er, og stærsta fjárfestingin, sem framkvæmd var til framleiðslu, eins og sementsverksmiðjan og áburðarverksmiðjan, það varð ríkið allt að gera.

Það er þess vegna alger bábilja sem rök að láta sér detta í hug að gefa hátekjumönnunum eftir skatt með það fyrir augum að auka með því þjóðarbúið og gera framleiðslu þjóðfélagsins meiri. Þau rök fá ekki staðizt hér á landi. Ég skal ekki neita því, að það væri hægt að halda þessum rökum fram í þeim kapítalistísku þjóðfélögum, þar sem samdráttur fjármagnsins er orðinn allra mestur, þar sem hann er orðinn svo gífurlegur, að hvaða lúxus, hvaða óhófseyðslu sem þeir auðmenn, sem eiga Standard Oil eða þessi stóru auðfyrirtæki Ameríku, veita sér, þá er það svo hverfandi lítill hluti af þeim gróða, sem

þeir fá, að þeir komast aldrei hjá því að setja yfirgnæfandi meiri hluta gróðans í framleiðslufjárfestingu, vegna þess að þeir torga honum ekki, hvað vitlaust sem þeir reyna að eyða. Hér á það ekki við okkar yfirstétt. Hún kemst yfir að torga mjög miklum gróða og hefur verið alveg frámunalega skammsýn í þessum efnum. Í 20 ár er það ríkið, sem hefur alltaf orðið að grípa í taumana til þess að auka sjávarútveginn á Íslandi með ráðstöfunum, sem stundum hafa verið gerðar jafnvel á móti vilja stórs hluta af yfirstéttinni. Ríkið hefur svo að segja orðið að þvinga það í gegn að auka sjálfan grundvöllinn, sem yfirstéttin byggir allt sitt líf á. Ég á við aðgerðir annars vegar nýsköpunarstjórnarinnar og hins vegar vinstri stjórnarinnar, aukninguna í tíð nýsköpunarstjórnarinnar á togaraflotanum, í tíð vinstri stjórnarinnar á bátaflotanum, svo að aðeins nokkuð sé tekið. Það er þess vegna alþýðan með sínum áhrifum á ríkisvaldið á þessum tveimur tímabilum, sem verður að grípa í taumana, vegna þess að okkar yfirstétt hugsar ekki um að efla sjálfan atvinnugrundvöllinn undir þjóðfélaginu. Þess vegna segi ég það, að skyldi einhverjum hafa dottið í hug, að með því að fara að gefa yfirstétt okkar eftir tekjuskatt að einhverju leyti, mundi hún fara að verða ráðdeildarsamari, þá er það alveg út í hött. Hún hefur ekki verið það, þegar hún hefur haft slíka möguleika, og hún verður það ekki heldur hér eftir. Það eru engin önnur ráð, ef íslenzkt þjóðfélag ætlar að sjá um að nota rétt þann hluta af þjóðartekjum, sem nauðsynlegt er að fari til aukningar á okkar framleiðslu, það eru engin önnur ráð til en þjóðfélagið sjálft stjórni þeirri fjárfestingu með sínum eigin afskiptum, svo að segja með harðri hendi, svo að segja með því sjálft að taka það miklar tekjur til sín, að þjóðfélagið ráðstafi þessu á skynsamlegan hátt. Okkar auðmannastétt kemur ekki til með að gera þetta af eigin hvötum, og hafi ríkisstj. einhverja sérfræðinga, sem hafa ráðlagt henni þetta, þá eru það menn, sem að vísu máske þekkja vel, hvað gerzt hefur í Bandaríkjunum og hvers konar lögmál geta gilt þar, en þekkja ekki reynsluna hér heima.

Ég hef nú gert grein fyrir því, að að svo miklu leyti sem þessi tekjuskattslöggjöf átti að vera sárabætur til þeirra fátæku og tekjulágu, þá er hún aðeins sárabætur, sem þeir ríku um leið græða á margfalt það, sem þeim fátæku er eftir gefið. Að svo miklu leyti sem þetta á hins vegar frá hálfu hæstv. ríkisstj. að vera þjóðhagsleg ráðstöfun til þess að ýta undir sparsemi og ráðdeild hátekjumanna á Íslandi, til þess að búa þannig í haginn fyrir betri þjóðarbúskap, þá er ríkisstj. að fara vill síns vegar. Þetta verður ekki til þess, enda sýnist mér satt að segja Alþýðublaðið í þeim útreikningi, sem það er með að fara, í raun og veru komast þarna nær, að það búist sem sé við því, að hátekjumennirnir hafi fyrst og fremst tilhneigingu til þess að eyða þessu, og geri sér þess vegna þá hugmynd, að ríkisstj. geti klófest þessa eyðslu hjá þeim, og a. m. k. væri skemmtilegra að fá frá stjórnarflokkunum eða stjórnarblöðunum aðra hvora röksemdina fyrir þessu, en ekki tvær röksemdir, sem stangast hvor við aðra og eru algerlega andstæðar hvor annarri. Hins vegar vil ég segja það, að hvað snertir þetta litla, sem láglaunamönnunum er eftir gefið með þessu, sem þýðir, að allur þorri verkamanna verður skattfrjáls, þeirra manna, sem eru með sín 60—70 þús. kr. laun, þá er það kostur — þá er það hlutur, sem við höfum gjarnan viljað fá fram, og að því leyti er ég alveg fylgjandi og minn flokkur parti af þessum lögum. Við álítum hins vegar, að ríkisstj. hefði ekki átt að gefa hátekjumönnunum svona mikið eftir, það sé farið allt of langt í því. Skalinn hefði átt að vera miklu meira stighækkandi, þegar komið var upp undir 100 þús. Jafnframt álítum við, að það hefði átt að fylgja þessu frv. um leið harðvítugt kerfi um innheimtu tekjuskattsins og eftirlit með álagningu hans, og þess vegna er þessi löggjöf stórgölluð, þó að í henni séu partar, sem við erum algerlega fylgjandi.

Ég hef sagt frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna okkar álit á aðalatriðum þessa frv. M. ö. o.: þegar nauðsynlegur hlutur er gerður fyrir þá fátæku og fyrir láglaunamennina, þá taka hálaunamennirnir til sín um leið miklu, miklu stærri hlut, og þetta tvennt er keðjað saman í þessu frv.

Þetta frv. mun nú fara til þeirrar n., sem ég á sæti í, og það gefst þess vegna tækifæri aftur til að ræða það frekar, en viðvíkjandi þeirri almennu afstöðu til þess vil ég láta þetta nægja.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð, sem ég vildi segja í sambandi við þetta mál, áður en það gengur til nefndar. Hér er á ferðinni frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt, sem er veruleg breyt. á þeirri löggjöf. Tekjuskattur mun hafa verið fyrst í lög tekinn hér, svo að hægt sé að telja það, árið 1921 og hefur á því tímabili síðan tekið verulegum breytingum. En að stofni til mun sú löggjöf, sem nú er í gildi, vera frá 1935, en á henni hafa einnig verið gerðar miklar breytingar.

Það er eftirtektarvert, að á árunum 1942—50 ganga flestar þær breytingar, sem á skattalögunum eru gerðar, í þá átt að hækka beinu skattana. Má í því sambandi nefna stríðsgróðaskattinn, sem settur var 1942, tekjuskattsviðaukann frá 1945. Þessir skattar eða viðaukar við tekjuskattslögin gengu mjög í þá átt að hækka beinu skattana í landinu, og hafa þeir aldrei verið hærri en á þessu tímabili. Hins vegar upp úr 1950 fer að sækja í þá áttina aftur að lækka skattana, og er á því ári lækkaður skattur á lágtekjum. 1954 voru gerðar verulegar breytingar á skattalögunum, og er þá í lög tekið að gera sparifé skattfrjálst, sérstakur frádráttur fyrir fiskimenn, og fleiri breytingar voru þá gerðar. Skattalækkun sú, sem þá var gerð, mun hafa

verið um 29% á einstaklingum og 20% á félögum. 1956 var tekjuskattsviðaukinn hjá félögunum felldur niður, og 1957 eru skattar lækkaðir á lágum tekjum og aukin hlunnindi fiskimanna. 1958 eru ný lög sett um skattgreiðslu félaga, og á því ári eru einnig sett ný lög um lækkun skatts af lágum tekjum og skattamál hjóna, sérstaklega þeirra, sem bæði vinna utan heimilis að öflun skattskyldra tekna, og síðan lækkaður skattur á fiskimönnum. Allar þessar breytingar, sem gerðar eru á tímabilinu frá 1950—1958, ganga í þá átt að lækka beinu skattana í landinu, eins og ég hef þegar vikið að. En það er eftirtektarvert við þessar breytingar, að þær ganga yfirleitt í þá átt að lækka skattinn á þeim, sem lægst eru launaðir, og að veita sérstök hlunnindi þeim mönnum, sem stunda framleiðsluna í landinu. M. a. var skattlækkun á fiskimönnum við það miðuð að auka ásókn manna til að stunda sjóinn og framleiðslustörfin yfirleitt.

1958 gerðist það, að flutt var hér á Alþ. þáltill. um athugun á því að afnema tekjuskattinn með öllu. Þeir Alþfl.-þm., sem þá sátu hér á Alþ., voru allir flm. þessarar till. Tvö meginatriði voru talin fyrir því, að réttlætanlegt væri að afnema tekjuskattinn. Í fyrsta lagi var það, að kostnaður við að innheimta og leggja tekjuskattinn á væri svo mikill, og í öðru lagi, að skattsvikin í landinu væru svo mikil, að það væri óviðunandi, og var þá helzt til ráða að leggja skattinn alveg niður. Þessi till. er fyrsta sporið, sem sjáanlegt var hér á Alþ. um sameiningu þeirra hv. stjórnarliða, sem nú eru orðnir. Þeir sameinuðust um að samþykkja þessa þáltill. og munu þá hafa farið að sjá, að með þeim var nokkur skyldleiki. Þetta frv., sem hér er á ferðinni, er svo í framhaldi af því samstarfi, sem hófst hjá þeim þá.

Það ber að vekja athygli á því í upphafi, að það, sem talið var að væri ein undirstaðan undir því, að tekjuskattinn ætti að leggja niður, það væri, að innheimtan væri svo dýr. En það er ekki sjáanlegt, að úr kostnaði við skattálagningu í landinu dragi, þó að þessi breyting verði gerð. Að vísu má á það benda, að að því ráði hefur ekki verið horfið að afnema tekjuskattinn, en það er á engan hátt dregið úr kostnaði við innheimtu skatta, þó að þessi breyt. nái fram að ganga. Enn fremur er heldur ekkert gert til þess að fyrirbyggja það, að skattsvikum verði við komið eftir sem áður, og hefur verið bent á það fyrr á þessu þingi, að nýi söluskatturinn muni varla verða til þess, og hann mun ekki heldur verða til þess að draga úr kostnaði við álagningu skatta og innheimtu.

Þegar þessi þáltill. var til meðferðar hér á hv. Alþ. á vordögum 1958, lýstum við framsóknarmenn yfir því í nál., að við vildum sjá, hvað við ætti að taka, ef beinu skattana í landinu ætti verulega að lækka. Hins vegar lýstum við þá einnig þeirri skoðun okkar, að við teldum eðlilegt að létta sköttum af þurftarlaunum, en vildum hins vegar athuga málið frekar, áður en lengra væri gengið.

Það hefur sýnt sig á hv. yfirstandandi Alþ., að sú stefna, sem ríkisstj. fylgir í efnahagsmálum nú, er öll á annan veg en verið hefur til þessa. Þegar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar í efnahagsmálum á undanförnum árum, hefur alltaf jafnhliða þeim, eins og við gengisfallið 1950 og við yfirfærslugjaldið 1958, verið sérstaklega lagt á þá, sem höfðu breiðu bökin og gátu borið meiri byrðar en almenningur í þessu landi. Í því sambandi má nefna eignaraukaskattinn frá 1950 og stóreignaskattinn frá 1958. Og á það skal minnt, að Sjálfstfl. stóð einnig að því með okkur framsóknarmönnum að leggja á eignaraukaskattinn 1950. Nú hefur hins vegar verið farið allt aðra leið í ráðstöfunum í efnahagsmálum heldur en áður var farið og nú sérstaklega að því stefnt að leggja byrðarnar á almenning í landinu. Fyrsti þáttur í aðgerðum hæstv. ríkisstj. á yfirstandandi þingi var gengisfallið. Það miðar að því, svo sem ekki þarf að skýra hér, að almennt vöruverð í landinu hækkar stórkostlega. Og sérstaklega verður þessi hækkun tilfinnanleg á þeim vörum, sem báru lægra yfirfærslugjald og minni tolla áður. Hlutfallsleg hækkun á þeim verður meiri en á hágjaldavörunum. Þess vegna kemur gengisfallið til með að verka meira á hinn almenna borgara í landinu en á þá, sem breiðari hafa bökin.

Vaxtahækkunin nær einnig til allra þegna þjóðfélagsins, og er hinn almenni borgari ekkert undanskilinn, nema það, að hann hefur minni möguleika til þess að velta vöxtunum af sér aftur, þar sem það er yfirleitt um beina vexti að ræða vegna eigin skulda, sem hann greiðir. Söluskatturinn er svo áframhald á þessari stefnu. Hann er lagður á brýnustu neyzluvörur, eins og kjöt og fisk, og verða því allir þegnar þjóðfélagsins að bera hann, og því stærri sem fjölskyldan er, því meiri þungi leggst á hana. Því mun hins vegar hafa verið haldið fram, að þeir, sem meira mættu sín, keyptu meira af hágjaldavörum, en þeir njóta þá einnig þess, sem þær hafa upp á að bjóða, og er þá miðað við það, að hinir geti ekki veitt sér þetta.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið því mjög á lofti, að hún mundi bæta almenningi í landinu þá kjaraskerðingu, sem hér hefði átt sér stað, og hefur hún mjög haldið þeim dæmum á lofti, að þetta yrði gert með fjölskyldubótunum og með því að afnema tekjuskattinn, og í öllum þeim útreikningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara í sambandi við þessar bætur, meðan efnahagsmálin og fjárlögin voru hér til meðferðar á hv. Alþingi, þá miðar hún við tveggja barna fjölskyldu, sem hafði 90 þús. kr. hreinar tekjur, og það var alltaf verið að sýna fram á það, að þessi fjölskylda yrði nú tekjuskattslaus, og það sýndi sig, að hún nyti verulega bótanna. Hins vegar ræddi ríkisstj. ekki um það á því stigi málsins, hvers hinir nytu, sem hærri hefðu tekj-

urnar. Nú er það hins vegar ljóst, hvernig hæstv. ríkisstj. býr að þegnum þessa þjóðfélags.

Nýlega hafa verið afgreiddar hér breyt. á lögum um almannatryggingar, þar sem fjölskyldubæturnar eru ákveðnar. Þessar fjölskyldubætur ná jafnt til allra, hvort sem það eru hátekjumenn eða lágtekjumenn, svo að það er ekki hægt að halda því fram með neinum rökum, að tryggingarnar eða fjölskyldubæturnar verði til þess að bæta þeim efnaminni neitt frekar en þeim efnameiri. Allir fá þar jafnt, hvort sem þeir eru efnaðir, tekjuháir eða tekjulágir, þar er allt á einn veg og þeir tekjulágu fá þar ekkert fram yfir.

Þegar hins vegar frv. um tekju- og eignarskatt liggur hér fyrir og jafnhliða liggur fyrir annað frv. um útsvarsreglur, þá verður það nokkurn veginn ljóst, hverjir það eru, sem njóta bótanna, sem hæstv. ríkisstj. ætlar þegnunum til þess að mæta að nokkru álögunum, sem hún leggur á þjóðina. Það hefur nokkuð verið drepið á það, hvernig þetta skiptist. En ég vil þó því til viðbótar nefna hér nokkur dæmi um það, hvernig bæturnar koma til með að verka fyrir þá tekjulágu og þá tekjuháu, og þá vil ég taka hér nokkur dæmi.

Er það fyrst einhleypur maður, sem hefur 50 þús. kr. nettótekjur. Hann fær samtals lækkun á tekjuskatti og útsvari, miðað við Reykjavíkurútsvarsstigann, 3516 kr. Hins vegar ef hann hefur 75 þús. kr. tekjur, þá fær hann 7009 kr. Ef hann hefur 100 þús. kr. tekjur, fær hann 12345 kr. Ef hann hefur 150 þús., þá fær hann 21671 kr. Og ef hann hefur 200 þús., fær hann 30730 kr. Einhleypur maður með 200 þús. kr. tekjur fær 30730 kr., þegar maðurinn með 50 þús. kr. tekjurnar fær 3516 kr. Þetta er réttlætið, sem hæstv. ríkisstj. sýnir þegnunum í þessu þjóðfélagi: því hærri tekjur, því meira burðarþol, því minni álögur. Þannig er stefna ríkisstj. Þeim skal meira bætt, sem meira hafa burðarþolið.

Ef við svo lítum aftur á fjölskyldurnar, þá er sama sagan þar. Hjón með 2 börn og 50 þús. kr. tekjur fá lækkað útsvar og tekjuskatt um 1083 kr. Hjón með sömu fjölskyldustærð og 100 þús. kr. tekjur fá lækkað um 10703 kr. Með 150 þús. kr. tekjum er þetta 23766 kr., og með 200 þús. kr. tekjum er þetta 33111 kr. — Fjölskylda með 200 þús. kr. tekjur fær 33100 kr. til þess að mæta álögum hæstv. ríkisstj., þegar fjölskyldan með 50 þús. kr. tekjurnar fær 1000 kr. Og svo er því haldið fram, að það sé verið að bæta almenningi í landinu upp álögurnar. Miklar bætur eru það nú fyrir fjölskyldu með 50 þús. kr. tekjur. Það er von, að menn brosi að slíku. En það er ekkert broslegt við það, þegar þeir, sem hafa 50 þús. kr. tekjur, fá 1000 kr., þegar hinir, sem hafa 200 þús. kr., fá 33 þús. Það er kaldhæðni, þegar menn geta leyft sér, á sama tíma sem er verið að leggja takmarkalausar álögur á þjóðina, að brosa að slíku óréttlæti.

Og ef við höldum þessu áfram og tökum hjón með 3 börn, þá fá þau 696 kr., ef þau hafa 50 þús. kr. tekjur. Ef þau hafa 100 þús. kr. tekjur, fá þau 9281 kr. En ef þau hafa 200 þús. kr., fá þau 32496 kr. Í staðinn fyrir 696 kr. koma 32496 kr. Og svo leyfir hæstv. ríkisstj. sér að halda því fram, að hún sé að bæta almennum borgara í landinu upp álögurnar — með 696 kr.!

Ég verð að segja það, að þetta er æðimikil breyting frá þeirri stefnu, sem hefur verið fylgt hér undanfarin ár, þegar fyrst og fremst hefur verið lækkaður tekjuskatturinn á láglaunafólkinu, þegar hefur verið um það hugsað að leggja ekki eins há yfirfærslugjöld á nauðsynjavörurnar og hinar. Nú er horfið frá þessu öllu saman. Við gengisfall er bætt söluskatti, vaxtahækkun, og ofan á þetta á svo að bæta þeim upp, sem mestar hafa tekjurnar, þegar hinir fá sama og ekki neitt. Hér er lengra gengið en góðu hófi gegnir, og hér er lengra gengið en er sæmandi hæstv. ríkisstj. og þeim flokkum, sem hana styðja.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefur á þessum fáu mánuðum, sem hún hefur stjórnað, gengið lengra í álögum á þjóðina en nokkru sinni hefur verið gert fyrr, og hún hefur lofað þjóðinni því, að hún skyldi fá þetta bætt að nokkru leyti aftur, með lækkuðum tekjuskatti og útsvörum, og útkoman er svo þessi. Ég held, að það hefði verið betra að tala ekki um bæturnar, fyrst framkvæmdin er á þessa lund.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að vísu áður en söluskatturinn kom til, að kjararýrnunin væri aðeins 3%. En menn geta nú kannske farið að átta sig á því, að 3%, sem hæstv. ríkisstj. talaði um, þegar hún var að tala um kjararýrnunina, er miðað við það að taka meðaltöluna, þegar hálaunamennirnir eru búnir að fá verulegar bætur. Almenningur í landinu mun áreiðanlega betur mega átta sig á því, hvernig ríkisstj. hugsar kjararýrnunina, þegar hann sér, að það er búið að bæta breiðu bökunum upp, en lagt á þá, sem miður mega sín. Þetta frv. er kannske kórónan á þessa nýju stefnu, ofan á allt það, sem á undan er gengið.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál, eins og ég gat um í upphafi, en vildi aðeins benda á þetta. Það var nauðsynlegt að létta skatti af venjulegum þurftartekjum, og aldrei meiri nauðsyn en nú eftir þær álögur, sem á almenning hafa verið lagðar, en það er langt á milli heilans og hjartans hjá ráðamönnunum, þegar í leiðinni eru teknar stórkostlegar bætur fyrir þá, sem mest mega sín.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 303, n. 317 og 319).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 36 1958 og l. nr. 40 1959, um breyt. á þeim l., á þskj. 303.

N. hefur athugað frv. þetta og rætt efni þess á einum fundi. Á þeim fundi mættu auk nm. Björn Ólafsson fyrrv. ráðh., formaður n. þeirrar, er frv. samdi, og Halldór Sigfússon skattstjóri, og gáfu þeir upplýsingar varðandi einstakar greinar frv.

N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Mælir meiri hl. með, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl., sem fallizt gat á einstök atriði frv., en ekki afgreiðslu þess í heild, mun skýra skoðanir sínar.

Ég flyt hér grg. fyrir stuðningi meiri hl. n. við frv. þetta.

Frv. er eitt fjögurra höfuðfrumvarpa um skattamál, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á þessu þingi og telja verður hluta þeirrar heildarendurskoðunar skatta- og tollalöggjafar, sem hæstv. ríkisstj. boðaði, er hún tók við, og mun síðan hafa haft í smíðum. Þessi frv. eru: frv. um söluskatt, sem nú er orðið að lögum, frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, breytingar á útsvarslögum og svo breytingar þær á tekju- og eignarskattslögum, sem nú eru hér til umr.

Sumpart fela þessi frv. í sér breyt. á eldri lögum til bráðabirgða, og sumpart hafa þau að geyma nýmæli og eru ætluð til frambúðar. En öll eru þau þó beint eða óbeint til skemmri eða lengri tíma hugsuð sem þættir nýskipunar skattalöggjafarinnar.

Vissulega hefði verið æskilegt, að hægt hefði verið þegar á þessu þingi að leggja hið nýja skattakerfi fyrir fullskapað í heild, og hefði þá ekki þurft að notast við ýmsar bráðabirgðaráðstafanir, eins og nú er raun á, en á því var því miður ekki kostur. Hins vegar er það boðað í grg. þessa frv., að að því sé stefnt og vonir standi til, að slíkri heildarendurskoðun verði lokið fyrir næsta Alþingi.

Öll saga íslenzkra skattamála ber því augljóst vitni, hversu varanlegt viðfangsefni skattamálin eru í þjóðfélaginu og ekki sízt í vaxandi þjóðfélagi. Þetta er ekkert sérlegt fyrirbæri í íslenzku þjóðfélagi, heldur almenn sannindi. Gömul skattakerfi ganga sér til húðar og ný eru reynd, sem betur svara kröfum tímans hverju sinni. Reynt er þá að sníða þau eftir nýjum kröfum þegnanna og greiðslugetu þeirra og að samræma þau nýjum viðfangsefnum og fjárþörf hins opinbera hverju sinni. Inn í þessa þróun málanna og löggjafarstarfsemi blandast svo oft nokkur ágreiningur um, hvernig takmörkuðum fjármunum þjóðfélagsins skuli bezt varið. Ungt þjóðfélag í uppbyggingu skortir fé til margs konar framkvæmda, og þannig er því einnig varið um einstaklingana og þeirra atvinnurekstur. Ég er einn í þeirra hópi, sem treysta einstaklingunum að jafnaði betur til þeirra framkvæmda, sem lúta ekki beint að því að leysa ákveðnar samþarfir þegnanna, heldur en því opinbera, og vil því forðast, að ríkið skerði fjárhagsgetu þeirra og framleiðni fyrirtækjanna um of með skattakerfi sínu. En það er nú önnur saga, sem ekki fellur innan ramma þessarar ræðu að rekja að sinni.

Ég held, að það sé ekki úr vegi, án þess að lengja þó mál mitt úr hófi, að rekja hér í örfáum dráttum höfuðlínurnar í þróun íslenzkra skattamála, af því að sá ferill varpar glöggu ljósi yfir sögulegt samhengi málsins, og með þeim hætti verða þær breyt., sem nú eru fyrirhugaðar, ofur eðlilegar og hverjum velviljuðum auðskiljanlegar.

Almenni tekjuskatturinn er erlendis og raunar hérlendis einnig afsprengi síðustu 100 áranna. Hann var skattkerfi þess tímabils. Nú stöndum við hins vegar á tímamótum. Tímabil vaxandi óbeinna skatta sýnist fyrir höndum. Þetta stafar vafalítið fyrst og fremst af vaxandi velmegun þegnanna og auknum tekjujöfnuði þeirra og svo þeirri staðreynd, að kerfi tekjuskattsins er miðað við tíma stöðugs verðlags, en því hefur yfirleitt því miður hvergi verið að fagna á undanförnum áratugum.

Það voru Bretar, sem fyrstir urðu til þess þjóða að taka upp almennan tekjuskatt, og það mun hafa verið 1842, sem það skeði. Aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu fylgdu á eftir, sumar þó ekki fyrr en um aldamótin, að þær innleiddu tekjuskattinn sem þá almennu skattareglu.

Þróun í skattamálum var nokkurn veginn samstiga efnahagsmálaþróuninni hér á landi og því framan af hæggengari en sums staðar annars staðar. Það var og þannig til ríkisins stofnað á Íslandi, að engin ástæða var til, að menn hér væru mjög áhugasamir um ríkisskatta eða þeir nytu neinna sérstakra vinsælda almennt. Því var ekki heldur þannig farið um okkar elztu skatta, tíund Gizurar biskups, konungsskatt Hákonar Noregskonungs, gjafatollinn, lögmannstollinn og manntalsfiskinn. Allt var þetta aðeins skoðað sem ill nauðsyn.

Með endurreisn Alþingis og hraðgengari atvinnuþróun urðu skattamálin þó ríkari þáttur í störfum löggjafans. Þegar á hinu nýendurreista Alþingi árið 1845 var skipuð fimm manna nefnd til þess að rannsaka skattamál landsins í heild. Og síðan árið 1875, eftir að landsmenn höfðu tekið fjármálin í eigin hendur, var skipuð þriggja manna mþn. í skattamálum. Skilaði hún þremur frv. til Alþingis, sem öll urðu að lögum árið 1877, og var eitt þeirra einmitt um tekjuskattinn, lög nr. 23 frá 14. des. 1877.

Þessi fyrstu tekjuskattslög, sem samþykkt voru hér á landi, náðu þó ekki til atvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs. Á þeim hvíldu aðrir skattar, á landbúnaði ábúðarskatturinn og lausafjárskattur og á sjávarútveginum útflutningsgjaldið og lausafjárskattur. Þessi tekjuskattur var því ekki almennur.

Þótt þessi fyrstu skattalög væru vel undirbúin og vel úr garði gerð og svöruðu á margan hátt vel kröfum síns tíma, urðu þau fljótlega

úrelt, eins og gjarnan vill henda með skattalögin.

Árið 1907 var á ný skipuð n. til þess að huga að skattamálum landsmanna, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að ráðlegt væri að lögfesta almennan tekju- og eignarskatt. En það dróst þó þangað til árið 1917, að sá skattur yrði lögleiddur og tekjuskattinum frá 1877 breytt. Með skattalögunum frá 1917 var tekjuskatturinn gerður almennur, látinn ná til allra tekna og allra atvinnuvega og þá jafnframt gerður stighækkandi.

Árið 1919 er landsstjórninni enn á ný falið að endurskoða skattalögin, og á þingi 1921 eru lögð fram nokkur frv. um það efni, þ. á m. eitt um tekju- og eignarskatt, sem varð að lögum og fól m. a. í sér þá nýbreytni, að persónufrádráttúrinn var upp tekinn og tekjum af eign og atvinnu var slegið saman í eitt til skatts.

Árið 1928 er á ný kosin mþn. í skattamálum, og skilaði hún áliti árið 1930. Sérlega athyglisverð er umsögn þessarar n. varðandi ágalla sjálfs tekjuskattskerfisins, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er allfyrirhafnarmikið og dýrt í innheimtu og það er talsvert erfitt að hafa eftirlit með því, að hann (tekjuskatturinn) komi í raun og veru niður á þann hátt, sem til er ætlazt, með því að hann verður að miklu leyti að byggjast á framtali gjaldþegnanna sjálfra."

M. ö. o.: menn eru þá þegar í vaxandi mæli farnir að reka sig á ýmsa ókosti tekjuskattsins, og með tilliti til þeirra sýnist löggjafinn, alveg frá því að persónufrádráttur er upp tekinn árið 1921, vitandi eða óafvitandi stefna að lækkun tekjuskatts eða jafnvel að afnámi hans, a. m. k. af nauðþurftartekjum. Þetta lýsir sér í hækkun á persónufrádrætti og öðrum breyt. á tekjuskatti frá árunum 1923, 1935 og 1941, og þá ekki hvað sízt í lögunum frá 1950 um sérlega lækkun á sköttum á lágtekjum og í breyt. á tekjuskattslögum frá 1954, sem lækkaði tekjuskatt á einstaklingum um víst ein 20%, sameinaði tekjuskattana þrjá í einn og heimilaði skattfrelsi fyrir sparifé.

Þessir eru nokkrir stóru áfangarnir í íslenzkri skattalöggjöf, með sérstakri hliðsjón þó af þróun tekjuskattsins. Það hefur að vísu sannarlega ekki skort á ágreining um tekjuskattinn á Alþingi Íslendinga á öllu þessu langa árabili. Skoðanir hafa verið greindar um það, hvort tekjuskattur almennt væri réttlátt eða heppilegt skattform, hvort hann næði tilgangi sínum, hvort kostir hans eða ókostir væru fleiri, hvort beita ætti honum jafnt við skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja og hvort hann ætti að ná til allra fyrirtækja eða ekki, hvort hann ætti að vera stighækkandi eða hversu mikið stighækkandi, frádráttarhæfur eða ekki frádráttarhæfur. Úr þessum deilum hefur ekki verið skorið endanlega og verður trúlega seint. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru ekki heldur tilraun til slíks almenns úrskurðar. Hins vegar felur það í sér staðfestingu þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað í skattamálum landsins allt frá 1921, að tekjuskatti yrði að mestu létt af nauðþurftartekjum og almennt dregið úr honum sem megintekjustofni ríkisins.

Þm. geta vissulega verið ósammála um hugsunina að baki þessarar löggjafar. Þá getur greint á um markmið hennar, hvort hún sé æskileg eða óheppileg og hvort með henni sé valin rétt leið að markmiðinu eða ekki. En þetta allt breytir alls engu um það, að þessi hefur um langt skeið verið þróun íslenzkra skattamála, sem allir þingflokkar hafa í meira og minna ríkum mæli átt hlut að, og situr því ekki á neinum þeirra að ýfast við umræddu frv. af þeim ástæðum, enda sanngjarnlega viðurkennt af formælendum annars stjórnarandstöðuflokksins, Alþb., „að tekjuskattur á þurftarlaun sé að vísu afnuminn með frv. þessu", eins og komizt var að orði. Og raunar telja báðir stjórnarandstöðuflokkarnir sig geta fallizt á ýmislegt í nefndu frv., er þeir viðurkenna, að sé til bóta.

Þessu frv. hefur hins vegar af stjórnarandstöðunni verið fundið til foráttu, að það létti þunga tekjuskatts meir af þeim, sem hærri hefðu tekjurnar, en af hinum með lágu nauðþurftartekjurnar, og svo hins vegar, að það felldi niður viss skattahlunnindi og fríðindi, undanþágur, sem stöku aðilar hefðu notið að undanförnu.

Það er alveg rétt, að núverandi tekjuskattslög má töluvert betrumbæta, þótt þetta frv. yrði að lögum, enda er hér aðeins um bráðabirgðaendurskoðun að ræða, sem eingöngu fjallar um skatt af tekjum einstaklinga. En jafnvel enn bráðnauðsynlegri er endurskoðun á tekjuskatti fyrirtækja atvinnurekstrarins sjálfs, því að ofsköttun atvinnufyrirtækjanna er ein höfuðfyrirstaða eðlilegrar, frjálsrar nýsköpunar atvinnulífsins, aukinnar framleiðni og vaxandi þjóðarframleiðslu yfirleitt. Hins vegar hnígur gagnrýni stjórnarandstöðunnar ekki að þeim kjarna málsins og er auk þess misvísandi.

Skýringin á því, að tekjuskattur af hærri tekjum lækkar meira en af lágtekjum, er ofur einföld og bakþankalaus og felst í þeirri staðreynd, að allt frá því 1921 hefur verið stefnt að því að lækka tekjuskatt af lágtekjum, svo að á sumum tekjuflokkum var hann ýmist horfinn eða orðinn næsta lítill, svo að um mikla lækkun gat aldrei verið þar að ræða. Að hinum þræði er svo þess að gæta, að tekjuskatturinn hefur verið hér stighækkandi, og við almenna lækkun skattstigans hlýtur því lækkunin að verða hærri í krónutölu af hærri tekjum.

Tekjuþróunin hér á landi hefur líka verið sú, að tekjur manna hafa síðustu áratugi vaxið jafnt og þétt og orðið jafnari, svo að léttir tekjuskatts af miðlungs- og hærri tekjum kemur nú stöðugt fleirum til góða og er raunar þjóðfélaginu sjálfu bein nauðsyn, því að það er á allra vitorði, að tekjuskattskerfi það, sem við höfum búið við, var orðið sjálfri þjóðarframleiðslunni beinn fjötur um fót. Þegar

skattþunginn er orðinn það mikill á hvaða tekjuflokki sem er, að hann dregur beint úr framleiðslunni, þegar menn eru farnir að segja við sjálfa sig: Þú skalt heldur hlífa starfsorku þinni en að auka þjóðarframleiðsluna, auka þjóðartekjurnar, — þegar menn telja það blátt áfram ekki lengur borga sig að erfiða fyrir auknum tekjum vegna ranglátra skatta, þá er það skattakerfi orðið þjóðinni böl, þá er það skattakerfi orðið skipulagning fátæktarinnar. Það skattakerfi gerir alla þjóðina fátækari og verður ekki réttlætt með neinum vígorðum eða tildurrökum. Þannig var þessum málum því miður komið hér á landi, og um þetta kunnum við allir mörg dæmi að nefna, sem ég hirði ekki að þreyta menn með að tíunda hér fram.

Varðandi svo hitt atriðið, brottnám skattaívilnananna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, vildi ég sagt hafa: Undanþágur frá almennri reglu varðandi skattlagningu hafa frá öndverðu verið taldar til hins verra, þótt ill nauðsyn kunni stundum að hafa rekið til þeirra. En þeim mun lakari eru þær, því erfiðara sem er að skilgreina þær og afmarka og að henda reiður á þeim í framkvæmdinni. Þannig mun það vera með flestar þær undanþágur, sem með þessu frv. er fyrirhugað að hverfi úr sögu, þótt þær kunni kannske einhvern tíma að hafa átt sér rök og málsbætur.

Ég gat þess fyrr, að frekari endurbætur væru fyrirhugaðar á skattalöggjöfinni í heild, og er þar vissulega margt, sem til athugunar kemur, svo sem hvort ekki væri varðandi tekjuskatt rétt að hverfa aftur að því fyrirkomulagi, að hann verði frádráttarhæfur eins og hann var á árunum 1923—42 og nú er tilætlunin að verði lögtekið varðandi útsvör. Hitt er þó vafalítið enn þá nauðsynlegra, að lögin um tekjuskatt á fyrirtækjum verði færð í réttlátara horf, þannig að létt verði undir með atvinnurekstrinum og aðstaða hans í hvívetna bætt og gerð sem jöfnust og atvinnulífið í heild eflt, en því ekki íþyngt fyrir atbeina ríkisvaldsins eða hins opinbera.

Við, sem myndum meiri hl. fjhn. í þessu máli, teljum, að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt og að það feli í sér verulegar lagfæringar á tekjuskattslögunum, og mælum því með, að það verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar d. hefur haft mjög skamman tíma til athugunar á því frv., sem hér liggur fyrir. Málinu var vísað til hennar seint í gær, og n. hefur haldið um það einn fund, klukkan 9 í morgun. Ég hef nú fyrir nokkru skilað nál. um frv., en það er ekki komið hér fyrir augu þm. enn þá, er í prentun nú, og ég býst við, að því verði útbýtt hér á fundi síðar í dag. Ég sé þó ekki ástæðu til að fara fram á við hæstv. forseta, að hann fresti meðferð málsins, þar til nál. hefur verið útbýtt, en vil með fáum orðum gera grein fyrir áliti mínu á þessu máli. Þar er ýmislegt öðruvísi en ég tel að átt hefði að vera, en mér er það ljóst, m. a. af umr. um málið, sem fram fóru í fjhn., að það er þýðingarlaust að flytja brtt. Það mun vera ætlun stuðningsmanna stjórnarinnar að afgreiða þetta mál óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Þetta stjórnarfrv. er eitt af mörgum, sem hæstv. ríkistj. hefur lagt fyrir þetta þing viðkomandi efnahags- og fjármálum, og hæstv. stjórn lét þess getið í grg., sem fylgdi frv. hennar um efnahagsmál fyrr í vetur, að á þessi frv. öll bæri að líta sem eina heild.

Stjórnin lagði fyrir þingið frv. sitt um efnahagsmál þegar eftir að þing kom saman til framhaldsfunda eftir þinghlé í vetur, síðar frv. um söluskatt og breytingar á tryggingalögum og hefur nú nýverið lagt fyrir þetta frv. og annað um breytingu á útsvarslögum.

Með lögunum um gengisbreytinguna og lögunum um söluskatt hafa verið lagðar þungar byrðar á allan þorra landsmanna. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð, þar eð um þetta hefur verið rætt áður, en framfærslukostnaður hefur vegna þessarar lagasetningar á þessu þingi aukizt stórkostlega, framkvæmdamöguleikar manna hafa verið mjög skertir og margs konar hindranir og þröskuldar lagðir í veg þeirra, sem fást við atvinnurekstur. Þegar hæstv. stjórn lagði sitt efnahagsmálafrv. fyrir, sagði hún m. a. í athugasemdum með því, að þjóðin yrði að taka á sig nokkrar byrðar og það ætti að dreifa þeim sem réttlátast á þjóðarheildina. Ég mun ef til vill víkja að því nokkru síðar, hvernig hæstv. stjórn hagar þessari dreifingu á byrðunum.

Ég ætla ekki að rekja sögu skattamála hér á landi langt aftur í tímann. Hv. frsm. meiri hl. fór nokkuð út í þá sálma og fór aftur á 19. öldina í því ferðalagi sínu. Ég ætla ekki að fara svo langt aftur í tímann. Ég tel þó rétt að benda á það, að á árunum frá 1940 til 1950, þegar Sjálfstfl. fór með yfirstjórn fjármálanna hér á landi, voru skattar, beinir skattar, miklu hærri en þeir hafa verið í annan tíma. Eftir 1950 hafa beinir skattar verið lækkaðir mjög verulega.

Nýju lögin um tekjuskatt og eignarskatt, sem sett voru árið 1954, fólu í sér mjög verulega lækkun á tekjuskattinum.

Þá voru líka fyrir nokkrum árum sett lög um sérstaka skattalækkun á lágtekjum, og m. a. vegna þeirra laga hefur tekjuskattur til ríkisins hjá láglaunafólki síðustu árin verið tiltölulega léttbær, samanborið við aðrar greiðslur, sem á fólki hvíla.

Hæstv. ríkisstj. túlkar þetta frv. þannig, að það sé aðaltilgangur þess að afnema skatt af almennum launatekjum. En það er mikil blekking í því fólgin, að láglaunafólki verði að verulegu leyti bættar upp þær verðhækkanir, sem nú leggjast á það, með breytingum á tekjuskattslöggjöfinni. Því er ekki að neita þó, að í þessu frv. felast dálitlar uppbætur handa fólki, sem helzt þarf á slíku að halda vegna

þeirra byrða, sem á það hafa verið lagðar að undanförnu, nú á þessu þingi, og þess vegna tel ég rétt að snúast gegn þessu máli. En þessi skattalækkun hjá þeim, sem hafa tiltölulega lágar tekjur, segir vitanlega ákaflega lítið upp í álögurnar.

Það, sem þetta frv. hefur að geyma, er fyrst og fremst skattalækkun hátekjumanna og hún mjög mikil. Til að sýna þetta nægir að vísa til þess, sem greint er frá í nál. frá 2. minni hl. fjhn. í hv. Ed., sem lagt var fram, þegar þetta frv. var þar til meðferðar. Það álit er á þskj. 299. Þar kemur það t. d. fram, að hjón með þrjú börn á framfæri, sem hafa 50 þús. kr. nettótekjur, sleppa samkvæmt frv. við tekjuskatt að upphæð 236 kr., hjón með jafnmörg börn á framfæri, sem hafa 150 þús. kr. nettótekjur, fá hins vegar skattlækkun, sem nemur 14518 kr., og ef hjón með þrjú börn hafa 200 þús. kr. nettótekjur, þá nemur skattaafsláttur inn til þeirra yfir 20 þús. kr.

Ég held því ekki fram, að það geti ekki verið rétt að lækka nokkuð skattgreiðslur allra. En þegar verið er að leggja þungar byrðar á allan fjöldann, eins og nú hefur verið gert með ráðstöfunum hæstv. stjórnar og stjórnarflokka á þessu þingi, þá tel ég óverjandi að ganga svo langt sem hér er gert í að lækka beina skatta á hátekjumönnum. Þeir eru vitanlega færastir um að bera byrðar ríkisstj. að sínum hluta. En þeir eru ekki látnir gera það. Þeir fá svo mikinn afslátt af sköttum, að afsláttur inn gerir í sumum tilfellum meira en að mæta álögunum af öðrum efnahagsmálaaðgerðum stjórnarinnar.

Þessir menn sleppa því raunverulega við að taka á sig nokkurn hluta af byrðunum og geta, þeir af þeim, sem mestar tekjur hafa, haft nokkurn afgang, meira að segja. Ég sé ekki, að það sé hægt að greiða atkvæði með frv., sem inniheldur slíkt.

Um leið og hæstv. stjórn lagði þetta frv. fyrir þingið, lét hún verða því samferða annað frv., sem er um breytingar á útsvarslögunum. Það er eins og þetta mál, sem hér liggur fyrir, einn þáttur í heildarráðstöfunum ríkisstj. En eins og ég sagði áður, telur stjórnin, að það eigi að líta á þetta allt í einni heild, og vitanlega er útsvarslagafrv. mjög nátengt þessu. Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um það, því að það kemur hér á dagskrá síðar, en í því kemur fram alveg sama stefnan hjá hæstv. stjórn og í þessu frv., og er það út af fyrir sig ekkert einkennilegt. Þar er t. d. lagt til, að greidd útsvör megi draga frá tekjum, áður en útsvar er á þær lagt. Hefði þá verið eðlilegt, finnst mér, að tilsvarandi ákvæði hefði verið í þessu frv., viðkomandi álagningu tekjuskattsins. En þetta ákvæði um, að menn megi draga greidd útsvör frá tekjum, áður en tekjuútsvar er reiknað af þeim, hefur vitanlega fyrst og fremst áhrif á útsvarsgreiðslur hátekjumanna. Þeir fá þar mjög mikla lækkun á sínum útsvörum, og það kemur í ofanálag á tekjuskattsafsláttinn samkvæmt þessu frv. Það er raunar að tölunni til ekki stór hluti þjóðarinnar, sem hefur svona háar tekjur. En þó eru þetta allmargir menn, sem segja má að hafi háar tekjur og fá hér ákaflega mikinn afslátt af tekjuskatti og útsvari samkvæmt frv. um það efni. Þetta verður mikið til samans, sem þeir þannig fá frá hæstv. stjórn. Þeim er skammtað af rausn. En það eru líka vafalaust einu mennirnir í þjóðfélaginu, sem geta sagt við hæstv. ríkistj.: Kæra þökk fyrir viðskiptin — þegar hún er búin að koma fram öllum sínum efnahagsmálafrv. hér á þingi.

Það er fleira nýstárlegt í frv. hæstv. stjórnar um útsvörin, og ég vona, að hæstv. forseti misvirði ekki, þótt ég nefni það aðeins, — ég hef ekki um það mörg orð, en eins og ég sagði, er þetta svo nátengt hvað öðru, því að það skiptir höfuðmáli fyrir gjaldendur, hvað þetta er til samans, tekjuskattur og útsvar, sem þeir þurfa að greiða.

Í útsvarslagafrv. er ákveðið, að í sveitarfélögum utan kaupstaða skuli skylt að leggja tekjuútsvör á ellilífeyri manna. Gömul hjón, sem hafa aðeins ellilífeyri, engar aðrar tekjur, sleppa samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, við að greiða af honum tekjuskatt. En þau eiga samkvæmt útsvarslagafrv. að borga yfir 1400 kr. í tekjuútsvar, ef þau eru búsett utan kaupstaðanna, á öðru verðlagssvæði. Lífeyririnn, sem þau fá samkvæmt lögum, sem nýlega voru um það sett, er 19440 kr., en af því eiga þau að borga yfir 1400 kr. í tekjuútsvar, og það er meira að segja ákveðið í þessu útsvarslagafrv., að það skuli leggja tekjuútsvar á enn lægri tekjur.

Fyrir nokkrum áratugum, þegar þjóðin var miklu fátækari en hún er nú og oft var hart í ári og þröngt í búi hjá mörgum, kom það oft fyrir, að vel vinnandi fólk hafði ekki annað fyrir sína vinnu en fæðið og kannske eitthvað af fötum. Þeir voru kallaðir matvinnungar. Aldrei heyrði ég þess getið, að á þá væri lagt útsvar eða önnur slík opinber gjöld, ef þeir voru eignalausir. Það kemur oft fyrir, einnig nú á tímum, að menn hafa fæði hjá þeim, sem þeir vinna hjá, fyrir utan kaupgreiðslu með öðru móti, og þá er það reiknað þeim til tekna við skattframtal. Ég held, að það sé nálægt því rétta, að skattanefndir meti fæði eins manns nú þannig, að það sé talið 10 þús. kr. virði, fæði yfir árið, en samkvæmt útsvarslagafrv. leggur hæstv. stjórn til, að af þessari upphæð greiði menn 830 kr. í tekjuútsvar.

Það er vissulega svo, að ýmis sveitarfélög hafa oft þurft að ganga nokkuð langt í því að leggja útsvör á menn. En aldrei hefur það verið í lögum hér á landi, að skylt væri að leggja tekjuútsvör á matvinnunga. Það verður algert nýmæli í lögum, ef stjórnarflokkarnir samþykkja frv. stjórnarinnar um útsvörin, það sem nú liggur fyrir þessari hv. deild, ásamt því frv., sem hér er á dagskrá. Þannig er skattamálastefna ríkisstj., sem nú er að birtast í frv. hennar. Ég tel, að þessum málum eigi að haga með allt öðrum hætti.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur verið skýrt frá, hélt fjhn. fund í morgun klukkan 9, og því miður hefur mér ekki tekizt á þeim tíma, sem síðan er liðinn, að skrifa mitt nál. og skila því, þannig að það verður að bíða þangað til seinna í dag eða kvöld, og verð ég því að mæla hér fyrir afstöðu minni til frv., án þess að nál. liggi fyrir. En ég fer hins vegar ekki fram á neinn frest á þessu máli, þó að svona standi á, því að það var búið að lofa því að reyna að afgreiða þetta mál í dag.

Það hefur þegar af minni hálfu og af hálfu Alþb. verið gerð nokkur grein við 1. umr. þessa máls fyrir okkar afstöðu til þessa frv., og ég skal reyna að endurtaka hér sem minnst af því, sem þá var sagt. Það, sem eru höfuðmótbárurnar gegn frv., er, hve misskipt er þeim eftirgjöfum, sem hér eru framkvæmdar, á milli þeirra, sem lítil efni hafa og lágar tekjur annars vegar, og þeirra, sem háar tekjur og mikil efni hafa.

Ég sýndi fram á það hér í gær samkvæmt þeim útreikningi, sem gerður hefur verið af hálfu skattstofunnar, að þá er það svo, að eftirgjöfin, sem 18 þús. gjaldendur í Reykjavík eða um 2/3 af öllum gjaldendum þar fá, er til samans um 20 millj. kr., — það, sem 18 þús. lægstu gjaldendurnir fá, er sem sé um 20 millj. kr., — en það, sem rúmlega 1900 hæstu gjaldendurnir í Reykjavík fá, er yfir 18 millj. kr., þannig að á hvern mann af hinum háu gjaldendum er það tífalt meira en á hvern mann af hinum lágu gjaldendum, sem veitt er þarna í eftirgjöf.

Þessar tölur marka ef til vill allra bezt stefnu ríkisstj. í þessum efnum. Ef það hefði verið meiningin hjá hæstv. ríkisstj. að létta af almenningi þeim álögum, sem leggjast á þurftartekjur, hefði hún átt að fara öðruvísi að. Það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera með þessu frv., er að létta af almenningi þeim tekjuskatti, sem leggst á þurftartekjur, það út af fyrir sig er rétt. En á sama tíma, sem hæstv. ríkisstj. er að létta þannig tekjuskattinum af þeim, sem hafa þurftartekjur, er hún að auka alla tolla og nefskatta á almenningi, þeim, sem hafa þurftartekjur. Söluskatturinn, gengislækkunin, öll dýrtíðin kemur nú miklu þyngra en áður niður á þeim, sem hafa þurftartekjur, þannig að það er verið að íþyngja þeim, sem þurftartekjurnar hafa, með stefnu ríkisstj. í heild.

Það er rétt í þessu sambandi að benda á það, af því að þegar um söluskattinn og aðra slíka tolla er að ræða, þá er um að ræða svokallaða óbeina skatta, að meira að segja beinir skattar, beinir nefskattar, sem á eru lagðir nú án tillits til tekna manna, eru látnir haldast.

Þegar menn greiða til almannatrygginganna, er greiddur ákveðinn nefskattur. Hann mun vera, ef ég man rétt, ég þori ekki alveg að fullyrða það, en líklega í kringum 800 kr. á einstakling eða eitthvað í kringum 1500 kr. eða upp undir það á hjón. Og í heild er þessi nefskattur, sem lagður er jafnt á þurftartekjur sem aðrar og er jafnhár hjá þeim, sem lægstu tekjurnar hafa, og hjá þeim, sem hæstu tekjurnar hafa, til samans áætlaður rúmar 70 millj. kr., sem skiptast jafnt niður á 93 þús. manns í landinu. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. er með þessum tekjuskattslögum að draga úr tekjuskattinum, þannig að þar sem hann var á síðasta ári 139 millj. kr., verður hann að líkindum eftir breytinguna, tekjuskattur einstaklinga, aðeins 22 millj. kr., tekjuskatturinn minnkar um 117 millj. Það var með þessum peningum, með þessum 117 millj. kr., sem tekjuskatturinn er minnkaður, hægt í fyrsta lagi að létta öllum þeim nefskatti, sem iðgjöldin til tryggínganna eru, af öllum almenningi í landinu. Það hefði kostað 71 millj. kr., og þá var þar með allur sá skattur á þurftartekjur og í raun og veru aðrar tekjur afnuminn. Samt sem áður hefðu verið eftir um 46 millj. kr., sem hefðu nægt, held ég mér sé alveg óhætt að fullyrða, til þess að gera alla menn með undir 70 þús. kr. tekjum skattfrjálsa. Ég held áreiðanlega, að það sé rétt útreiknað. Og jafnvel hefði samt kannske verið rúm fyrir að draga ofur lítið, — en náttúrlega ekki nærri eins mikið og hér er gert, — úr tekjuskatti þeirra, sem hafa yfir 70 þús. kr. tekjur. M. ö. o.: með þeim peningum, sem nú fara að mjög miklu leyti til hátekjumanna í eftirgjafir, var hægt að afnema þá nefskatta, sem iðgjöldin til tryggínganna eru, og létta samt sem áður öllum tekjuskatti af þurftartekjum, þannig að það er engum efa bundið, að hefði það verið vilji ríkisstj. að losa þá, sem hafa þurftartekjur, tekjur undir 60—70 þús. kr., við slíka beina nefskatta, eins og bæði tekjuskatturinn og tryggingaiðgjöldin eru, þá var það hægt með því fé, sem ríkisstj. nú ráðstafar til lækkunar á tekjuskattinum. Þá hefði hins vegar náttúrlega tekjuskatturinn á hátekjumönnunum orðið að vera allmiklu hærri en nú er gert ráð fyrir. En þetta ætti að nægja til þess að sýna alveg ótvírætt, að það, sem fyrst og fremst er hér um að ræða hjá hæstv. ríkisstj., er vilji hennar til að draga úr tekjuskatti hjá hálaunamönnum, á sama tíma sem hún sýnir það með gengislækkuninni, tolla- og söluskattsaukningunni, að það er vilji hennar að koma á meiri óbeinum sköttum og tollum en verið hafa áður, — og meira og segja þeim beinu sköttum á þurftartekjur, sem tryggingaiðgjöldin eru, dettur henni ekki í hug að reyna að létta af þeim, sem þurftartekjur hafa.

Engu að síður er það staðreynd, sem stendur eftir, að með þessum tekjuskattslögum er létt af tekjuskatti á þurftartekjum, og sú staðreynd er út af fyrir sig góð. Sú staðreynd gerir það að verkum, að það er ekki hægt að vera á móti þessu frv. Ætlaði maður hins vegar að reyna að fara að breyta því, hefði það þýtt í fyrsta lagi að gerbreyta öllum skattstiganum. Það hefði þýtt, ef maður hefði viljað fara inn á þá leið, sem ég nú minntist á viðvíkjandi iðgjöldum almannatrygginganna, að taka það upp, — það hefði þýtt, að maður

hefði þurft að breyta um leið öðrum lögum og tryggja samræmi á breytingum beggja þessara lagabálka í senn hér á Alþingi, og það hefði þýtt í þriðja lagi, að maður hefði þurft að breyta sjálfu skattkerfinu til að tryggja rétt framtal og gott skattheimtueftirlit. Þetta eru verk, sem varla eru á annarra færi en þeirra, sem stjórna á hverjum tíma. Svona samræmdar aðgerðir með breytingu á fleiri en einum lögum og að umbreyta eins gömlu bákni og skattanefndirnar og allt það er orðið, það útheimtir raunverulega undirbúningsstarf, sem hefði þá þurft að vinnast í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta, og ég álít, að þegar ríkisstj. undirbýr svona lagabálka og er að undirbúa endurskoðun á svona gömlum og grónum fyrirbrigðum, eins og tekjuskatti, skattheimtu og öðru slíku, þá eigi það að vera venja ríkisstj. að hafa í þeim nefndum, sem slíkt undirbúa, annaðhvort fulltrúa frá öllum þingflokkunum eða þá menn, sem séu skipaðir af ríkisstj. með tilliti til þess, að þingflokkarnir geti að einhverju leyti litið á þá sem sína fulltrúa, þannig að það gæfist kostur á því í slíkum undirbúningsnefndum að geta komið fram með allt aðra útreikninga, látið vinna þau störf, sem í því sambandi eru oft allumfangsmikil, þannig að þegar svona nefndir skila áliti, ef ekki næst samkomulag á milli þingflokka um það, þá klofni þær einfaldlega, þannig að það liggi fyrir meiri og minni hluti, þegar til Alþingis kemur. Þá er breyting á svona miklum lagabálkum miklu handhægari, þegar hver aðili um sig er þá búinn að láta framkvæma alla þá undirbúningsvinnu, sem nauðsynleg er í því sambandi, og færa í ýtarlegri grg. rök fyrir sínu máli. Oft hefur það verið, þegar tekjuskattur og eignarskattur hefur verið endurskoðaður, að settar hafa verið milliþinganefndir í það. Stundum hefur það gefizt vel og stundum illa. En sem heild er það rétt stefna, að þegar verið er að undirbúa svona breytingar, þá sé öllum þingflokkum gefin aðstaða til þess að marka sína sérstöðu. Svo framarlega sem slíkt hefði verið gert, hefði máske líka verið hægt að afgreiða þetta frv. á eins skömmum tíma og við nú gerum, því að þá hefðu allar slíkar brtt. legið fyrir útreiknaðar með góðum rökstuðningi og öllu slíku. En á svona skömmum tíma er það ekki vinnandi vegur fyrir mann, svo að nokkur mynd sé á, að ætla að gera slíkt. Þess vegna höfum við ekki lagt í það fyrir okkar leyti, þingflokkur Alþb., að útbúa nú brtt. við þetta frv. og verðum að láta nægja að lýsa á þennan máta okkar afstöðu. Ég gerði það að nokkru leyti við 1. umr. og hef nú bætt ofur litlu við það.

Viðvíkjandi þeirri stefnu almennt, sem kemur fram í þessu frv. og öðrum ráðstöfunum ríkisstj. og hv. frsm. meiri hl., hv. 6. landsk. (BK), líka kom hér inn á, þá er það rétt, að það er stefnubreyting á ferðinni í sambandi við þetta frv. og í sambandi við önnur þau frv., sem nú eru orðin að lögum og ríkisstj. hefur lagt fram. Hitt er svo annað mál, hvernig maður vill líta á þá stefnubreytingu og skilgreina hana, og hv. frsm. meiri hl. fjhn. fór alllangt aftur í tímann, einmitt í því að gera grein fyrir slíku.

Það voru einu sinni, eins og við allir vitum, lifandi menn, sem voru lausir við alla skatta, og okkar forfeður höfðu upphaflega byggt þetta land til þess að losna við það, sem þeir kölluðu þá skattheimtu, og þótti mikið frelsi í því að vera lausir við, að yfirvöld legðu á þá skatta, og vildu flýja sína gömlu heimabyggð til þess að njóta hér skattfrelsis. Það samfélag, sem þeir sköpuðu hér, hafði að vísu enga skatta í upphafi, en hafði hins vegar samhjálp. Þau sveitarfélög, sem þeir mynduðu, höfðu samhjálp einstaklinganna, um leið og þau héldu við gömlum venjum um sameiginlega tryggingu og sameiginlega ábyrgð út af þeim skaða, sem menn gætu orðið fyrir, og þessari samhjálp var jafnað niður á menn á hreppsfundum eftir efnum og ástæðum. Það elzta fyrirkomulag hjá alþýðu manna, meðan menn enn voru frjálsir af álögum ríkisvaldsins, er að hjálpa hver öðrum, þegar menn eru misjafnlega fátækir eða ríkir eða einstakir verða fyrir ýmsum skakkaföllum. Þá var sá siður að jafna niður eftir efnum og ástæðum, — siður, sem átti rót sína að rekja til þess gamla sameignarþjóðfélags fortíðarinnar, sem jafnvel enn þá fram á þessa öld hefur lifað hjá eskimóunum, að þegar menn öfluðu einhvers og skortur var, þá skiptu menn jafnt á milli sín, svo að allir gætu lifað af því litla, sem aflaðist. Það var samhjálp mannanna, sem kom fram í þeirri reglu upphaflega að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Það var aðferð frjálsrar alþýðu í þessu þjóðfélagi til þess að hjálpa hver öðrum. Þegar yfirvöld komu til, þegar farið var að mynda ríki og kúgunarvald þess, þegar útlendir konungar fóru að skipta sér af málum okkar Íslendinga, þá var þeirra fyrsta krafa að fá héðan frá Íslandi einn pening á hvert nef, og það hefur alltaf verið stefna yfirstéttar allt frá upphafi, nefskattur, að hver einstaklingur eigi að greiða jafnt, hvort sem hann er ríkur eða fátækur, hvort sem hann hefur vel efni á því eða ekki, þannig að það skuli taka af þeim fátæka það litla, sem hann hefur, og láta þann ríka einvörðungu leggja fram til jafns við hann. Þetta prinsip, þessi höfuðregla um pening á hvert nef, hefur verið regla yfirstéttar og afturhalds alla söguna, og afstaða yfirstéttanna hefur alltaf verið sú að reyna að leggja nefskatta á almenning eða tolla. Konungarnir héldu þessu við, meðan þeir máttu, og þegar Ísland fer smám saman að öðlast sitt fjárhagslega og síðan pólitíska sjálfstæði, þá byrja strax átökin um þetta hér á Íslandi.

Það er eins og hv. frsm. meiri hl. rakti réttilega, þá er snemma tekið hér upp að athuga um tekjuskatta, og það var á þeim tíma róttækt fyrirbrigði. Meira að segja í Kommúnistaávarpinu frá 1848, þegar það kemur fram, þá er ein af höfuðkröfum þeirra kommúnistasamtaka, sem þá voru mynduð, að tekjuskattur, stig-

hækkandi skattur, sé lagður á tekjur og eignir. Í Bretlandi er þetta tekið upp tiltölulega snemma, eins og hv. 6. landsk. þm. kom inn á. Hér er barizt fyrir þessu svo að segja strax og þjóðin fer að fá fjárhagslegt sjálfstæði, og það var vegna þess, að tollar voru hataðir af alþýðu manna sem afturhaldssamt fyrirbrigði og óréttlátt. Og meira að segja í Bretlandi, þar sem þó var ríkjandi voldug yfirstétt, þar leit sjálf burgeisastéttin svo á, að tolla skyldu menn varast og tollfrelsi skyldi hafa, og var það m. a. ein af þeim aðferðum, sem enska borgarastéttin hafði einmitt til þess að gera sína vöru ódýra og til þess að keppa úti um allan heim. Ég held, að ég fari rétt með það, sem einn fróður þm. sagði mér hér nýlega, að í fyrsta skipti, sem tollur var lagður hér á, og það ekki á nauðsynjavöru, heldur á brennivín, þá hafi séra Arnljótur Ólafsson einn manna greitt atkv. á móti því, á þeirri forsendu, að svo framarlega sem sá háttur væri upp tekinn að leggja slíkan toll á, þá mundi það brátt verða gert á allar nauðsynjavörur og þá væri illa farið, — og var þó Arnljótur Ólafsson allfjarri því að vera nokkuð nærri sósialisma. Hann er einmitt einn af þeim forustumönnum fyrir kapítalistískri hagfræði, sem uppi hafa verið á Íslandi, en var í fullu samræmi við tollfrelsisstefnu borgarastéttarinnar, Manchesterstefnuna á þeim tímum. Hann hefur þó líklega aldrei órað fyrir því, að nokkur ríkisstj. ætti eftir að ganga svo langt — og það allra sízt í nafni frelsisins — að leggja toll á soðningu, eins og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert. En svona lengi geta nú hlutirnir versnað.

Því er það, að baráttan á móti tollunum og sérstaklega tollum á nauðsynjavörum hefur verið baráttumál alþýðunnar á Íslandi frá upphafi vega, og var fyrst þegar alþýðan myndaði hér sín pólitísku samtök, Alþfl., 1916, eitt af aðalmálum á hans stefnuskrá. Þess vegna er það alveg tvímælalaust, að sú breyting, sem nú er að verða með þessu frv. og með þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. er að taka upp í skatta- og tollamálum á Íslandi, — sú breyting að leita aftur til þeirra tíma, sem verstir voru, þegar konungar hófu að skipta sér af álögum á Íslandi, að leggja pening á hvert nef, að gera nefskattana að aðalatriði, að gera neyzlutollana að höfuðtekjulind ríkissjóðs, sem leggjast hlutfallslega þyngst á þá, sem þyngstar hafa fjölskyldurnar og erfiðast eiga með að framfleyta þeim, en léttast á þá, sem mestar hafa tekjurnar, — þess vegna er það, að sú stefna, sem nú er verið að taka upp, er að hverfa aftur til þess, sem verst var í afturhaldi fyrri alda, en strika yfir þá róttækni, sem barizt hefur verið fyrir á síðustu 100 árum, að sköttunum til þarfa þjóðfélagsins sé jafnað niður á einstaklingana og félögin eftir efnum og ástæðum, eða m. ö. o.: því breiðari bök sem menn hafa til þess að bera slíkar álögur, því þyngri skuli þær vera. Og þessi afturhaldsstefna er tekin upp á sama tíma sem ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að svipta alþýðu manna þeirri vörn, sem vísitalan á kaupgjaldið var, þannig að nú lendir allur sá skattþungi, sem lagður er á almenning, á alþýðu varnarlausri, hvað það snertir, að dýrtíðarvísitalan verndar hana nú ekki að nokkru leyti af sjálfu sér, heldur verður hún að grípa til þeirra ráða, sem ýmsir annars hafa oft verið að harma að hún þyrfti að grípa til, sem sé kaupdeilnanna og verkfallanna, til þess að rétta sinn hlut vegna þeirra álaga, sem á hana verða nú lagðar.

Þetta vildi ég aðeins segja í sambandi við þær hugleiðingar, sem hv. 6. landsk. þm. var með viðvíkjandi því, hvers konar stefnu væri hér verið að taka upp. Hér er sem sé verið að stíga spor langt aftur á bak, feta í fótspor illra konunga fyrr á tímum um nefskattsprinsipið, en hverfa burt frá því, sem róttækast og bezt hefur verið gert á allri síðustu öld, á síðustu 100 árum.

Þá kom hv. frsm. meiri hl. fjhn. inn á það, að skattakerfið, eins og það væri núna, gerði þjóðina fátækari og það væri þess vegna nauðsynlegt að mestu leyti að afnema það eða minnka það eins stórlega og nú er gert. Er þetta rétt? Er það rétt, að skattakerfið, eins og það hafi verið, hafi orðið til þess að draga úr vinnu manna? Hann kom inn á það sem vörn fyrir því að gefa svona mikið eftir af hátekjunum, að þegar menn væru búnir að vinna svo og svo mikið, þá segðu menn: Nú borgar sig ekki fyrir mig að vinna lengur. Það fer svo mikið af því í skatta. — Ég vil gera athugasemd við þessi rök. Það, sem menn fá í tekjur, er tvenns konar í eðli sínu. Það er annars vegar það, sem menn fá sem vinnulaun. Það er hins vegar það, sem menn fá sem gróða. Að svo miklu leyti, sem um er að ræða tekjur, sem menn fá fyrir sína vinnu sem vinnulaun, þá er fyllilega hægt fyrir þjóðfélagið að tryggja það, ef þjóðfélagið álítur það skynsamlegt, að menn vinni lengur en 8 tíma, sem heilsufari manna er hollast að hægt væri að halda við, ef það álítur nauðsynlegt að uppörva menn til lengri vinnutíma, að menn slyppu við skatt af því, sem menn vinna sér inn með lengri tíma en 8 tíma vinnu, og jafnt hvað snertir vinnu sjómanna sem vinnu þeirra manna, sem hafa ákveðinn 8 stunda vinnudag, en vinna svo og svo mikið eftirvinnu og næturvinnu þar að auki, væri hægt að skapa algert skattfrelsi, ef þjóðfélagið vill og ef það vill uppörva menn til slíkrar mikillar vinnu með því að skapa algert skattfrelsi á þeim launum, sem þar væru fram yfir. Ef það er það, sem vakir fyrir mönnum, að gera mönnum mögulegt að vinna langan vinnutíma og fá mikil vinnulaun fyrir það, þá er það hægt með þessu móti. Og vinnulaunin, sem menn fá fyrir 8 tíma, eru ekki það mikil, svo að segja ekki hjá neinni stétt á Íslandi, að bara með því að hafa mörkin við t. d. 60—70 þús. mundu allir sleppa þannig. Þess vegna væri það fyllilega hægt. Sú mikla eftirgjöf, sem í þessu felst gagnvart hátekjumönnunum frá hálfu ríkisstj., er ekki nauðsynleg til þess að upp-

örva menn til meiri vinnu. Það var hægt með því að gera alla eftirvinnu, alla vinnu fram yfir 8 tíma, hvort það er hjá sjómönnum eða öðrum, skattfrjálsa, ef það var það, sem menn vildu ræða um. Hvað snertir hins vegar gróða, sem menn hafa, tekjur, sem menn hafa af verzlun og öllum mögulegum slíkum atvinnurekstri, fram yfir þetta, þá ber að skatta hann. Það er allt annars eðlis sem tekjur, og er eðlilegt, að þjóðfélagið taki til sín nokkuð af þeim tekjum, sem fengnar eru sem gróði, og milli þessa tvenns verður að gera skarpan greinarmun. Þess vegna var ekki nauðsynlegt að fara inn á þá braut, ef menn vildu uppörva menn til meiri vinnu eða halda við þeirri miklu vinnu, sem menn nú vinna, að gefa hátekjumönnum eftir eins og hér er gert. Þetta vildi ég taka fram út af þeirri athugasemd, sem hv. 6. landsk. kom með.

Ég vil í því sambandi benda á, að það kemur nokkuð greinilega í ljós af þeim skýrslum, sem við þegar höfum fengið um, hvernig tekjurnar skiptast. Ég held, að á því svæði, sem vélar skattstofunnar ná yfir, séu þeir menn í kaupstöðum og sýslum úti á landi, sem greiða tekjuskatt af yfir 150 þús., svo sem 32 menn alls. Hins vegar í Reykjavík eru um 219 manns, sem eru í þessum hátekjuflokki. Og þessar tekjur eru ekki af vinnu, þær eru fyrst og fremst af gróða. Ef þær eru af vinnu, þá er það að hverfandi litlu leyti. Þarna er þess vegna um það að ræða, að það er verið að hlífa gróðanum við skatti. Hitt var, ef menn vildu uppörva menn til meiri vinnu, þá var hægt að gera það með þessu móti, sem ég hef þegar rætt um.

Ég hef nú gert að umtalsefni bæði almennar og sérstakar athugasemdir, sem fram hafa komið við þessa umr., og bætt nokkru við þau rök, sem ég flutti fram gagnvart frv. við 1. umr. Og niðurstaðan í okkar afstöðu, þingflokks Alþb., gagnvart þessu frv. verður sú, að sökum þess að létt er með því tekjuskatti af þurftartekjum, er ekki hægt að vera á móti því, sökum þess hins vegar, að ríkisstj. um leið gefur gífurlega eftir hátekjumönnunum alveg að óbörfu, þá er ekki hægt að vera með þessu frv. Með því hins vegar, að ríkisstj. hefur ekki gefið okkur né stjórnarandstöðunni yfirleitt tækifæri til þess að taka þátt í undirbúningi þessa máls í þeirri n., sem bjó það undir þingið, hefur okkur ekki gefizt tækifæri til þess að láta vinna þá undirbúningsvinnu, sem þurfti að vinna, ef hér áttu að koma fram vel rökstuddar og skynsamlegar brtt. um svona frv., — brtt., sem annaðhvort hnigu að því að létta af öllum nefskattinum, sem felst í iðgjöldunum til tryggginganna, sem hefði verið hægt, eins og ég hef sýnt fram á, og gera samt sem áður þurftartekjur skattfrjálsar. Þetta hefði allt saman verið hægt að gera og hefði getað legið hér fyrir, svo framarlega sem við hefðum átt fulltrúa í þeirri n., sem undirbjó þetta. Og þá hefði verið hægur vandi líka á svo skömmum tíma, sem þetta frv. nú er sett í gegnum þingið, að koma fram með ýtarlegar brtt. og rökstyðja þær vel. En sökum þess að á þessu hefur ekki gefizt kostur og við hins vegar höfum ekki viljað tefja fyrir framgangi þessa máls, af því að skattanefndir bíða nú og hvers konar óþægindi mundu af því hljótast, þá verður okkar afstaða sú gagnvart 1. gr. þessa frv., sem er aðalgreinin í því, því að um hitt geta menn að mörgu leyti verið sammála, að greiða ekki atkv. um hana, og vona ég, að ég hafi rökstutt það þannig, að sú afstaða okkar sé skýr, miðað við þær aðstæður, sem skapazt hafa og við höfum ekki haft aðstöðu til að geta ráðið við.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki látið ómótmælt þeirri fullyrðingu hv. 3. þm. Reykv., að það skref, sem nú hefur verið stigið með þeirri breyt. á tekjuskattslöggjöfinni, sem hér er lagt til, sé skref aftur á bak, til afturhalds. Ég vil leggja áherzlu á, að það er ekki einhlítt að einblína á þá aura, sem hv. þm. telur að hátekjumaður losni við að greiða umfram lágtekjumanninn við þessar breyt., og það er ekki einhlítt að reikna út breytingar á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu aðeins eftir þessum einu lögum. Í þessu sambandi er aðalatriðið að taka með í það dæmi allar ráðstafanirnar, fjölskyldubætur, almannatryggingar og söluskatt, sem vissulega lendir alls ekki jafnt á þá tekjulægstu og þá tekjuhæstu, eins og hv. þm. lét að liggja.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði í gær og fullyrti, að hátekjumenn geti komizt undan skattbyrðinni með því að kaupa alls ekki hinar hátollaðu vörur, sem söluskatturinn lendir þyngst á. Þetta er réttilega athugað. En þá vaknar önnur mikilsverð spurning, og hún er sú: Hvað verður um þá peninga, sem landsmenn geta sparað sér með því að kaupa ekki hátollavöruna og komast þannig hjá greiðslu söluskattsins? Hv. 3. þm. Reykv. gerði sér þetta ljóst í ræðu sinni í gær, og hann svaraði því til, að þeir ríku settu fjármuni sína alls ekki til aukningar heildartekjum þjóðfélagsins, heldur í óhóflegar og gagnslausar húsabyggingar og í villur í ákveðnum hverfum hér í Reykjavík. „Þetta er reglan," sagði hv. þm. Þetta var reglan, leyfi ég mér að segja. Og nú erum við einmitt komnir að kjarna málsins. Það hefur verið reglan hér á landi undanfarin ár, að einstaklingar hafa dregið fjármagnið út úr framleiðslufyrirtækjunum, svo að milljónum skiptir, og lagt það í byggingar íbúðarhúsa, kaup á bílum og hvers kyns munaðarvörum. Þetta er ástæðan til þess, að óeðlilega mikill hluti af ráðstöfunarfé Íslendinga hefur farið til svokallaðrar neyzlufjárfestingar og allt of lítill hluti hefur farið til framleiðslufjárfestingar, sem leiðir til aukinna afkasta.

En hvernig stendur þá á því, að fjármagni landsmanna hefur raunverulega verið svona óskynsamlega varið? Hvers vegna hafa einstaklingar, sem komast í álnir, ekki lagt peninga sína í framleiðslufyrirtæki, sem gætu veitt

þeim og þjóðinni allri enn meiri tekjur, í stað þess að bruðla þeim í ónauðsynlegar framkvæmdir? Þeir hafa gert þetta að miklu leyti vegna þess, að hið opinbera hefur rekið ranga fjármálastefnu. Vegna skipulagsleysis í þessari fjármálastefnu hefur verðbólgan verið ótamin undanfarin ár. Skattalöggjöfin hefur líka verið óskynsamleg. Og af þessu leiðir, að almenningur í landinu hefur ekki haft trú á því fjármálakerfi, sem ríkt hefur. Álnamenn hafa af þessum sökum alls ekki lagt fjármagn sitt í framleiðslufyrirtæki, sem gætu gefið þeim enn meiri tekjur, af því að þeir hafa óttazt, að allar viðbótartekjur þeirra færu í skatta og útsvör. En þeir hafa lagt þær heldur í íbúðarhús og bíla, vegna þess að með þeim hætti gat verðbólgan tryggt þeim aukið verðgildi fasteignanna, eignaaukningu, sem var ekki af þeim tekin aftur í sköttum og útsvörum. Hérna er einmitt að finna orsökina til þess, að Íslendingar hafa nú haft það hlutfall milli framleiðslufjárfestingar og neyzlufjárfestingar, það versta í heiminum, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði réttilega í gær. Og hann benti á, hve Norðmenn t. d. hefðu hagað sér ólíkt skynsamlegar í þessum efnum og náð glæsilegum árangri.

Hafi hv. 3. þm. Reykv. ekki gert sér grein fyrir því enn, leyfi ég mér að vekja athygli hans á því, að efnahagsmálaráðstafanir núv. ríkisstj. beinast beint að þessu alvarlega vandamáli. Þeim er einmitt ætlað að gerbreyta þessari háskalegu þróun. Og mætti ég líka benda á, að það efnahagskerfi, sem nú er verið að taka upp, er einmitt að miklu meira leyti en það gamla sniðið eftir efnahagskerfi Norðmanna, sem hafa undir því kerfi náð þeim fyrirmyndarárangri, sem hv. 3. þm. Reykv. hrósaði réttilega hér í gær.

Stefnan, sem nú er tekin upp, miðar að því, að almenningur geti í fjármálastofnunum þjóðarinnar fengið fyrir peninga sína meiri arð en menn áður gátu fengið eða töldu sér öruggast að fá í íbúðarhúsum og öðrum slíkum fasteignum. Stefnan miðar að því, að álnamenn hafa ekki lengur hagnað af því að leggja fram peninga sína og taka lánsfé til þess að kaupa niðurgreitt byggingarefni eða bíla, til þess eins að tryggja verðgildi sinna peninga. Og það er fullkomin ástæða til þess að ætla, að þeir peningar, sem landsmenn geti sparað með þessu móti og með því að eyða þeim ekki í söluskattsvöruna og hátollavöruna, komi í bankana sem sparifé og geti farið þaðan aftur sem lán í framleiðslufyrirtækin. Við þetta vinnst tvennt: að gjaldeyriseyðslan minnkar og framleiðslan eykst. Og ég vil spyrja: Er það ekki einmitt þetta, sem er farsælasta leiðin til skjótra efnahagslegra framfara?

Hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi í gær, að aukin framleiðsla og þó öllu heldur, sem væri réttara að segja, aukin framleiðni við arðsömustu greinar atvinnulífsins séu bezta undirstaða aukinnar velmegunar og hagsældar. Og séum við sammála um þetta, hvernig getur þá Alþ. látið það líðast, að sjálft ríkisvaldið með ranglátri fjármálastefnu geti ár eftir ár staðið beinlínis gegn auknum afköstum þjóðarbúsins, en það hefur ranglát skattalöggjöf og verðbólga vissulega gert?

Einn meginágalli núgildandi tekjuskattslaga er sá, að skatturinn getur dregið úr framleiðsluafköstum og þar með úr heildartekjum þjóðarbúsins. Vafalaust eru mikil brögð að því, að stighækkun skattsins á einstaklingum leiði til þess, að menn í framleiðsluatvinnugreinum sjái sér hag í því að vinna ekki nema ákveðinn hluta úr árinu, vegna þess að ríkisvaldið hirðir mestan hluta viðbótarteknanna upp í skatta. Ef skipstjóri fer t. d. ekki á síldveiðar eftir vel heppnaða vetrarvertíð eða á reknetaveiðar að haustinu af þessum sökum einum, en kýs heldur að vinna að eigin húsbyggingu, sem er ekki skattskyld, þá er augljóst mál, að slík skattheimta er þjóðarheildinni skaðleg, þar sem hér er í öllum tilfellum um að ræða aflakónga og duglega formenn, sem draga drjúgan afla úr sjó og skapa með því auknar þjóðartekjur í gjaldeyri. Hver sá skattur, sem þannig dregur úr arðsömustu nýtingu vinnuaflsins og rýrir þar með þjóðartekjurnar, er óréttmætur — og ekki aðeins óréttmætur, heldur öllu fremur óskynsamlegur af hálfu ríkisvaldsins.

Annar ágalli núgildandi skattalaga er sá, sem kalla má lögvernduð undanbrögð frá greiðslu skattsins, og er þar átt við undankomuleiðir, sem fyrirtæki og atvinnurekendur njóta góðs af, en launþegar ekki. Á tekjuskattslögunum hafa verið gerðar liðlega 200 breytingar og miða flestar að því að opna slíkar undanbragðaleiðir með hvers konar undanþágum og ívilnunum, sem síðar eru misnotaðar, og má þar til geta um ákvörðun á frádráttarbærum tilkostnaði við öflun tekna. Af þessu leiðir, að skattur af fyrirtækjum er meira miðaður við bókhaldslega afkomu en raunverulega skattgetu eigandans.

Þriðji ágalli tekjuskattslaganna er sá, að undirstaða réttlátrar álagningar skuli vera áreiðanleiki skattgreiðendanna sjálfra. Almennt er talið, að skattskýrslur hér á landi séu alls ekki óbrigðull mælikvarði á raunverulega skattgetu borgaranna. Vegna sívaxandi verðbólgu á undanförnum árum komast venjulegar meðaltekjur í svo háan skattstiga, að það var orðin veruleg freisting fyrir fólk að tíunda ekki allar tekjur sínar. Þetta er auðveldara nú en áður var, þar sem svo mikill hluti gjaldenda eru sjálfstæðir atvinnurekendur, sem erfitt er að vita, hvað miklar tekjur hafa. Viðurlög við skattsvikum hafa alls ekki verið nógu ströng í framkvæmd til þess að veita nægilegt aðhald í þessum efnum. Af þessu hefur leitt, að samkv. útreikningum hagstofu hafa skattsvik numið óhugnanlega háum tölum undanfarin ár. Af þessu leiðir, að framkvæmd tekjuskattslaganna særir af framantöldum ástæðum réttlætiskennd manna. Hún dregur úr virðingu fólks fyrir lögum almennt, úr því að óprúttnir samborgarar geta hagnazt á því að skálda nógu fáránlega á skatteyðu-

blað sitt án þess að eiga nokkuð á hættu að þurfa að gjalda þess.

Beini skatturinn var hér á landi sem annars staðar þjóðfélagsleg umbót og mikill þáttur í þróun þjóðfélagsins í átt til lýðræðis og efnahagslegs jafnréttis. Og fræðilega séð er hugmynd tekjuskattsálagningarinnar enn í dag tvímælalaust réttlátasta tekjuöflunarviðmiðun ríkissjóðs, enda er talið réttmætt, að borgararnir taki þátt í sameiginlegum kostnaði af ríkisbúskapnum í hlutfalli við efni og ástæður, að skattar aukist við auknar tekjur og lækki við aukna framfærslubyrði. Tekjuhæðin sem skattstofn var þannig talin bezta trygging fyrir því, að skattþegnarnir fórnuðu nokkurn veginn jafnmiklu af efnum sínum til hins opinbera, en það er einmitt í nánasta samræmi við ríkjandi réttlætiskennd. Í þessum anda voru stighækkandi tekjuskattar teknir upp í öllum löndum með lýðræðishreyfingu fyrstu áratuga aldarinnar undir kjörorðinu: Byrðarnar á breiðu bökin. Og samanborið við óbeina skatta á þeim tíma var beini tekjuskatturinn ólíkt réttlátari en óbeinir skattar þá hefðu orðið. Óbeinir skattar þá í formi innflutningstolla og veltuskatts hefðu fyrst og fremst lent á nauðsynjavörum af þeirri einföldu ástæðu, að nær allur innflutningur landsmanna taldist til brýnustu nauðsynja, og í öðru lagi var afkoma alls meginþorra landsmanna svo bágborin, að neyzluvörutollur hefði komið hart niður á hinum fátækustu, sem gátu ekki neitað sér um að kaupa hina skattlögðu vöru. En nú er þetta gersamlega breytt. Innflutningsvörur eru að miklu leyti svokallaðar munaðarvöru, sem fólk getur án mikils baga neitað sér um eða frestað að kaupa.

Norðmenn hafa nokkra reynslu af nútíma skattálagningarkerfi. Þeir hafa lagt á 10% almennan veltuskatt, og samkvæmt upplýsingum hagstofunnar þar í landi kom í ljós við athugun á þjóðhagslegum áhrifum óbeinna skatta í stað beinna skatta, að þegar tekið er tillit til niðurgreiðslna ríkisins á mikilvægustu neyzluvörunum, — eins og er hér á landi, — þá hækkuðu samanlagðar upphæðir óbeinna skatta greinilega með auknum tekjum og minnkandi framfærslukostnaði, og þar með er náð einmitt því sama markmiði og ætlað var að ná með stighækkandi tekjuskatti fyrr á árum.

Óbeinir skattar hafa m. a. þann kost fram yfir beina skatta, að þeir geta orðið ríkisvaldinu miklu heppilegra tæki til að hafa heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Þá er hægt að auka og minnka með mjög stuttum fyrirvara til samdráttar eða þenslu í efnahagslífinu, allt eftir því, hvaða markmið þykja æskileg á hverjum tíma. Þeir eru að vísu vandmeðfarnir í höndum hins opinbera, vegna þess að það hlýtur að vera matsatriði, hvaða vörur á að leggja á hærri tolla og hærri óbeina skatta heldur en aðrar, hvaða vörur skuli telja til munaðar og hvað til brýnustu nauðsynja.

Þegar upphæð allra beinna skatta í landinu er deilt niður á allar fjölskyldur, eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa reynt að gera í skrifum sínum og fullyrt, að svona upphæð muni óbeinir skattar taka af hverri fjölskyldu, þá eru þær tölur rangar, vegna þess að alls ekki er tekið tillit til þess, hve misjafnlega óbeinir skattar í heild leggjast á varning og ýmiss konar þjónustu, eftir því, hvort um er að ræða nauðsynjavöru eða ekki. Hæstu yfirfærslugjöldin, sem nú eru greidd af innfluttum vörum, plús söluskattinn af þeim borga ekki aðrir en þeir, sem kaupa þessa hátollavöru, og á svipaðan hátt mundu auknir óbeinir skattar í formi innflutningstolla verka.

Mestu máli skiptir þó, þegar rætt er um heildaráhrif beinna og óbeinna skatta á þjóðarbúskapinn í heild og á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, að félagsmálalöggjöf okkar hefur nú verið endurskoðuð. Eftir að elli- og örorkulífeyrir hefur verið hækkaður verulega, svo og barnalífeyrir og fjölskyldubætur, þá má segja með nokkrum rétti, að hið opinbera ábyrgist sæmilega fjárhagsafkomu hvers einasta samborgara. Um leið og sú ýtarlega endurskoðun tryggingalöggjafarinnar hefur farið fram, sem nú er unnið að, mun óhætt að fullyrða, að enn meiri lækkun beinu skattanna væri æskileg og jafnvel mikilvæg fyrir alla alþýðu manna og alþjóð í þeirri viðleitni að skapa þjóðinni batnandi lífskjör, meiri framleiðslu og meiri heildarafköst. Og það hlýtur auðvitað að vera meginverkefni ríkisvaldsins.

Ég ætla að lokum að vekja athygli á einni hlið þessa máls, sem hér er til umræðu, sem hefur ekki borið hér á góma. Einn alvarlegasti ágalli skattalöggjafarinnar er sá, að hún dragi úr siðgæðisvitund þjóðarinnar í heild. Ein orsök til þess, að eftirlit með skattaframtölum hefur verið svo slælegt sem af er látið, er ábyggilega sú, að embættismenn hins opinbera hafa viðurkennt, að sjálf lagaákvæðin væru ekki fullkomlega réttmæt, og hafa af þeim sökum ekki talið sér fært að ganga ríkt eftir framkvæmd þeirra. Framkvæmdastjóri stórs framleiðslufyrirtækis og reyndar fleiri en einn hafa tjáð, að skattalöggjöfin hafi verið svo ranglát á undanförnum árum, að forstöðumenn fyrirtækja standi á hverju einasta ári frammi fyrir þeirri spurningu, hvort þeir ættu heldur að tíunda algerlega rétt og leggja með því fyrirtækið í rústir á 2—3 árum eða að lagfæra tölur á skattaeyðublaðinu sínu og halda starfsemi fyrirtækjanna gangandi. Getur hinu opinbera verið sæmandi að koma borgurunum í slíkan vanda, sé þetta almenn skoðun hlutaðeigandi manna?

Ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort það gæti hugsazt að virðingarleysi almennings fyrir skattalöggjöfinni hafi óbeint stuðlað að lítilsvirðingu landsmanna gagnvart öðrum lögum. Hvernig stendur t. d. á því, að undanfarnar vikur og missiri hafa dagblöð þessa lands verið full af fréttum um svo stórtæk lögbrot, að það hefur slegið óhug á alla þjóðina? Hvernig stendur á því, að ungir menn í vel launuðum stöðum taka ófrjálsri hendi mikla fjármuni almennings? Hvernig stendur á því,

að samtök einstaklinga á kaupskipaflotanum hafa hvað eftir annað verið uppvís að stórfelldum smyglmálum? Hvernig stendur á því, að stórir hópar, jafnvel embættismenn, hafa verið uppvísir að ámóta lögbrotum? Hvernig stendur á því, að jafnvel frímerkjabirgðir þjóðarinnar séu ekki taldar í nægilega óhultri vörzlu? Og hvernig stendur á því, að sú hugmynd hefur komið fram og rædd í alvöru, hvort hugsunarhætti landsmanna sé þann veg komið, að það sé fullkomin ástæða til þess að leita aðstoðar erlendis frá til þess að varðveita fyrir okkur frímerkjabirgðir og jafnvel gullforða þjóðarinnar? Gæti það hugsazt, að fordæmi ríkisins í sambandi við skattamál hafi átt einhvern hlut að þessu máli, að undirrót þessarar afsiðunar sé að nokkru leyti unnt að rekja til rangláts skattakerfis? Ef hér gæti verið um að ræða nokkurt samhengi, þá er það ein mikilsverðasta röksemdin fyrir lagfæringu tekjuskattslaganna.

Hv. 3. þm. Reykv. lagði til í gær, að nú yrði tekið upp miklu harðvítugra innheimtukerfi, í stað þess að lagfæra skattalögin sjálf. Ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um, að ríkisvaldið eigi að ganga ríkt eftir því, að borgarar komist ekki undan skyldum sínum með óeðlilegum brögðum eða refjum. En væri ekki rétt að færa fyrst alla skattalöggjöfina í það horf, að hún verði almennt af öllum hlutaðeigandi aðilum viðurkennd sem réttlát álagningaraðferð, og taka síðan upp strangt eftirlit með framkvæmd laganna?

Í þessu máli getum við lært mikið af nágrannalöndum okkar, og ég er þeirrar skoðunar, að þetta þurfi að gerast. Ég treysti núv. ríkisstj. til þess að stuðla að því, að þessu verði breytt og að með því verði stuðlað að hugarfarsbreytingu skattþegnanna í landinu.

Ég vil allra síðast leggja áherzlu á það, að þessi breyting á tekjuskattslöggjöfinni sé mikilsverður þáttur í heildarráðstöfunum núv. stjórnar í efnahagsmálum. Hún er mikilsverð að því leyti, að hún afnemur félagslegt ranglæti og stuðlar að aukinni réttlætiskennd landsmanna, og hún felur í sér hvatningu til þjóðarinnar í heild til meiri vinnusemi og stærri átaka til aukinnar framleiðslu.

Þjóðin er sannarlega löngu orðin þreytt á því að standa í stríði við ríkisvaldið. Hún er orðin langþreytt á því að láta þröngva sér á hverju ári til lögbrota. Hún vill, að ríkisvaldið hjálpi þegnunum til að gera gott, en torveldi þeim að gera rangt.

Íslenzka þjóðin hefur umfram allar aðrar þjóðir möguleika til þess að skapa með sér fyrirmyndarsamfélag, þjóðfélag samhjálpar og bræðralags og sameiginlegra átaka allra landsmanna til betri lífskjara.

Þessi breyting á skattalöggjöfinni, sem nú verður framkvæmd, er mikilsverður þáttur í þeirri viðleitni núv. ríkisstj. að hjálpa landsmönnum til að ná þessu markmiði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BK, GeirH, EI, EmJ, SB, GuðlG, US, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, SÁ, AGb, JóhH.

BFB, EðS, EOl, GeirG, GJóh, HS, KGuðj, ÁS, ÞÞ, ÁÞ greiddu ekki atkv.

11 þm. (BP, EystJ, IG, GíslG, HÁ, HV, JSk, ÓTh, RH, SI, SkG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í þessari grein felst, að tryggður verður persónufrádráttur, að þurftarlaun verða undanþegin tekjuskatti. Þessu ákvæði er ég eindregið fylgjandi. Að öðru leyti felur greinin í sér óhóflegar eftirgjafir á tekjuskatti hátekjumanna, sem ég er með öllu andvígur. Þar sem þessi tvö óskyldu ákvæði eru fastbundin hvort öðru í greininni og borin undir atkv. í einu lagi, er mér fyrirmunað að fylgja fram skoðun minni á ákvæðum greinarinnar með atkvgr. með eða móti, og því greiði ég ekki atkv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég er þeim þætti frvgr. samþykkur að fella niður tekjuskatt af lágtekjum. En þar sem saman fer í þessari frvgr., að of mikil lækkun er gerð á tekjuskatti á hátekjum, get ég ekki tekið afstöðu til greinarinnar og greiði því ekki atkv.

2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, EmJ, SB, GuðlG, US, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, SÁ, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, JóhH.

EðS, EOl, GeirG, GJóh, HS, KGuðj, ÁS, ÁÞ, BFB greiddu ekki atkv.

12 þm. (EystJ, IG, GíslG, HÁ, HV, JSk, ÓTh, RH, SI, SkG, ÞÞ, BP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, SB, US, JPálm, IngJ, JR, MÁM, PS, SÁ, AGb, BGr, BF, BK, GeirH, JóhH.

EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HS, HV, ÁS, SkG, ÁÞ, BFB, EðS greiddu ekki atkv.

13 þm. (EmJ, IG, GuðlG, GÞG, HÁ, JSk, EinS, KGuðj, ÓTh, RH, SI, ÞÞ, BP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

17. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Á 33. fundi í Sþ., 31. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga [113. mál] (stjfrv., A. 274).

Á 60. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, útgjöld þeirra og tekjustofnar, hafa löngum verið til umræðu undanfarin ár. Flestir þeir, sem fjallað hafa um sveitarstjórnarmálefni, hafa vitað, að gagnger breyting þyrfti að verða um fjárhagsmálefni bæjar- og sveitarfélaga, til þess að þau gætu innt af höndum það verkefni, sem þeim er ætlað hér í landi, bæði samkvæmt stjórnarskrá, lögum og sögulegri hefð.

Svo hefur verið nú um langan aldur, að í rauninni hafa sveitarfélögin ekki haft nema einn tekjustofn, sem máli skiptir, útsvör, sem jafnað skal samkvæmt lögum niður eftir efnum og ástæðum. Hins vegar eru margvíslegar skyldur, sem á sveitarfélögum hvíla, og margháttuð útgjöld, og hefur svo verið undanfarið, að löggjafarvaldið hefur ekki skirrzt við að bæta nýjum og nýjum klyfjum á sveitarfélögin án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjum í staðinn. Þessi mál hafa undanfarinn áratug verið mjög rædd á fundum Sambands íslenzkra sveitarfélaga og bæjarstjórafundum, sem haldnir hafa verið, og ár eftir ár gerðar þær kröfur til Alþingis og ríkisstjórna, að hér væri ráðin bót á.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var það eitt af samningsatriðum í málefnasamningi hennar að endurskoða skattakerfið allt og þá fyrst og fremst með það fyrir augum að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Skömmu eftir að ríkisstj. tók til starfa var skipuð til þess 5 manna nefnd að athuga og gera till. til nýrrar löggjafar um tekjustofna sveitarfélaganna. Í þessa nefnd voru skipaðir þeir alþm. Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, sem jafnframt var formaður, og auk þeirra formaður og varaformaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, þeir Jónas Guðmundsson og Tómas Jónsson. Allir þessir menn hafa mikinn kunnugleika og langa reynslu af fjárhagsmálefnum sveitarfélaganna.

Það kom skjótlega í ljós, að ekki mundi unnt að hafa tilbúið frv. að nýrri löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga almennt fyrir þetta þing. Var því horfið að því að gera nú till. um þær breyt., sem fært þætti á þessu stigi, en að öðru leyti mun þessi nefnd halda áfram störfum og stefna að því að hafa lokið undirbúningi þessara mála það tímanlega, að á næsta þingi í haust megi taka heildarlöggjöfina um tekjustofna sveitarfélaganna til meðferðar og afgreiðslu.

Í sambandi við athugun á tekjustofnum hins opinbera og við samningu fjárlaga varð það að samkomulagi innan ríkisstjórnar og milli stjórnarflokkanna að verða nú við þeirri gömlu og margítrekuðu ósk sveitarfélaganna að láta þeim í té nú þegar á þessu ári nýjan tekjustofn og þá fyrst og fremst þann tekjustofn, sem þau hafa lengst af óskað eftir að fá, sem er hluti af söluskatti. Var því svo ákveðið, eins og þegar hefur verið lögfest í lögunum um söluskatt, að fimmtungur af þeim söluskatti, sem á var lagður með þeim lögum, skyldi renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, m. ö. o. fimmtungur af 3% söluskattinum á smásölu og þjónustu og fimmtungur af hinum nýja 8% innflutningssöluskatti. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir, að heildartekjur af þessum tekjustofnum yrðu 280 millj. og fimmtungur þess því 56 millj., sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og einnig í því frv., sem hér liggur fyrir um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ég verð að taka það fram að vísu, að í sambandi við fjárhagsmálefni sveitarfélaganna er auðvitað tvennt, sem sjálfsagt er að athuga jafnsnemma: annað er auknar tekjur, nýir tekjustofnar fyrir bæjar- og sveitarfélögin, og hitt að létta útgjöldum af þeim, sem nú eru á þeim hvílandi. Náttúrlega kemur hvort tveggja í einn stað niður. Hins vegar er verkaskipting ríkis og sveitarfélaganna mjög viðkvæmt og flókið mál og krefst mikillar og langrar athugunar, ef á að gera breyt. þar á. Það má vel vera, að rétt þyki, áður en langt um líður, að gera þar á breyt. Ég vil nefna sem dæmi að létta lögreglukostnaði af sveitarfélögunum, þannig að ríkið taki þann kostnað með öllu á sínar herðar, í öðru lagi að létta af sveitarfélögunum að einhverju leyti kostnaði við almannatryggingarnar eða þann hluta, sem á þeim hvílir nú. Það er fjölmargt fleira, sem hér kemur til athugunar, sem ég skal ekkert fullyrða um nú, en á þessu stigi hefur þótt rétt að taka strax þetta spor, að láta sveitarfélögin fá þennan hluta af söluskattinum.

Í gildandi lögum frá 1945 um fasteignaskatt bæjar- og sveitarfélaga o. fl. er einn kaflinn, II. kaflinn, sem fjallar um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Tilgangur þess jöfnunarsjóðs er fyrst og fremst sá að jafna framfærslukostnað milli sveitarfélaganna og greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. lögum frá 1940 um eftirlit með sveitarfélögum. Þótti rétt að taka þessi lög um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna til athugunar og gera um hann sérstakt frv., og liggur það hér fyrir.

Það er gert ráð fyrir, að hlutverk jöfnunarsjóðsins breytist. Annars vegar er gert ráð fyrir, að þessi jöfnun framfærslukostnaðar, sem hefur verið eitt aðalhlutverk jöfnunarsjóðsins, falli nú niður. Það virðist svo sem þessi ákvæði, sem byggjast á framfærslulögunum frá 1947, séu orðin úrelt, auk þess er nú búið að ákveða mjög auknar bætur almannatrygginga og þegar af þeirri ástæðu minni ástæða til þessarar jöfnunar en áður var. Þessi ákvæði um jöfnun framfærslukostnaðar eru því felld niður með þessu frv. Hins vegar kemur svo annað megin-

verkefni, sem greinir í 3. gr. a-lið og 2. gr., og það er að úthluta úr jöfnunarsjóði þessum hluta af söluskatti, sem þangað á að renna. Varðandi úthlutun úr jöfnunarsjóði á þessum fimmtungi af söluskatti er lagt til nú, eins og raunar hefur lengst af verið afstaða sveitarstjórnarsambandsins, að þessari upphæð verði skipt milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu þeirra. Í fyrri frv. og till., sem legið hafa fyrir Alþ., flutt á ýmsum tímum og að ég ætla af þm. úr öllum flokkum stundum, hefur þessi verið till. jafnan, að hluta af söluskattinum skyldi skipt á milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu. Þó er sett hér hámark, að ekkert sveitarfélag skuli þó fá hærri fjárhæð en nemur 50% af heildarútsvarsupphæð þess sveitarfélags árið á undan. Þetta er gert af þeirri ástæðu, sem greinir í athugasemdum varðandi 2. gr., að slík takmörkun sé nauðsynleg vegna þess, að ella þyrftu sum sveitarfélög ekki að leggja á útsvör eða þá svo óveruleg útsvör, að óeðlilegt mætti kallast. — Við athugun á fjárhagsmálefnum sveitarfélaganna kemur það nefnilega í ljós, að framkvæmdir þeirra, þjónusta og fjárþörf er svo ákaflega ólík, að ógerningur er að láta sömu eða jafnvel svipaðar reglur gilda um öll sveitarfélög landsins varðandi tekjustofna. Í sumum sveitarfélögum eru þarfirnar svo litlar, að því er virðist, að hluti þeirra af söluskatti, miðað við íbúatölu, mundi nægja fyllilega eða allt að því fyrir öllum þörfum sveitarfélagsins og því ekki verða neinna útsvara þörf. Þetta mundi skapa misrétti gagnvart íbúum annarra sveitarfélaga og vera í rauninni á marga lund mjög óeðlilegt, og af þessum ástæðum er þetta 50% hámark sett. Hins vegar er svo í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir, að á þessu ári skuli hámarkið vera 35%, en ekki 50%, og segir svo í aths. um bráðabirgðaákvæðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð slíkt framlag sem gert er ráð fyrir í frv. þessu er nýmæli, svo að sveitarfélög fá nú verulegan tekjuauka, sem lækkar útsvörin í mörgum sveitarfélögum hlutfallslega mjög mikið, yrði lækkunin á útsvörum þeirra nú á fyrsta ári óeðlilega mikil, ef ekki væri í fyrstu skipti miðað við lægri hundraðshluta en gert er ráð fyrir, þegar framlagið hefur valdið lækkun útsvaranna.“

M. ö. o.: á þessu ári er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin fái hluta af söluskattinum eftir íbúatölu, en ekkert þeirra þó hærra en 35% af álögðum útsvörum árið 1959.

Varðandi greiðslur á söluskattinum er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði jöfnunarsjóði hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

Í 4. gr. eru svo hins vegar ákvæði um framlagið úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna, og þar er ákveðið, að það skuli greitt missirislega eftir á fyrir 15. júlí og 15. jan. ár hvert.

Nú getur það komið fyrir, að þeir útsvarsstigar, sem gert er ráð fyrir að lögfesta og ég mun koma hér að á eftir í sambandi við það frv., gefi ekki sveitarfélagi þá fjárupphæð, sem nægi fyrir þörfum þess samkvæmt fjárhagsáætlun, og þá er gert ráð fyrir, að sveitarfélagið geti snúið sér til jöfnunarsjóðsins, og segir svo í 3. gr. d-lið, að hlutverk jöfnunarsjóðs sé m. a. að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkvæmt bráðabirgðabreytingunni á útsvarslögunum. Hins vegar er svo ákveðið í 5. gr., að ef sveitarfélag telur sér nauðsyn að fá sitt aukaframlag, skuli félmrn. hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum þess, og að slíkt aukaframlag skuli ekki veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafi verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hafi gefið tilefni til.

Ég vil svo að lokum taka fram, að þetta frv., eins og það frv., sem hér er einnig á dagskrá, um bráðabirgðabreyting á útsvarslögum, er samið í nánu samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 274, n. 286).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til l. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur inni að halda þá merku nýjung fyrir sveitarfélögin, að þeim er nú í fyrsta skipti séð fyrir tekjustofni, sem um munar, öðrum en útsvörum og fasteignagjöldum, þ. e. a. s. 56 millj. kr. af söluskatti skv. 1. gr. frv.

Sú hefur lengi verið ósk sveitarstjórnarmanna, að ríkisvaldið léti ekki við það eitt sitja að lögbjóða sífellt aukin útgjöld sveitarfélaga, án þess að sjá þeim fyrir tekjum á móti, en þær óskir hafa jafnan hlotið daufar undirtektir þar til nú, að umrætt frv. er fram borið. Við hverja nýja fyrirskipun frá Alþ. um hækkuð útgjöld bæjar- og hreppsfélaga hafa þau ekki haft önnur ráð tiltæk en að hækka útsvör. Þetta hefur stundum leitt til alvarlegra vandræða fyrir sveitarfélögin og jafnvel til greiðsluþrota, því að takmarkað er, hversu langt er hægt að ganga á þeirri braut að hækka útsvör, t. d. þegar atvinna er stopul eða svipaðir örðugleikar steðja að, sem gera hvort tveggja að torvelda álagningu útsvara og innheimtu þeirra.

Þannig var ástand þessara mála víða um land um og eftir 1950. Þá höfðu aflabrestur og stopul atvinna valdið ýmsum sveitarfélögum svo miklum örðugleikum, að þau voru að sligast undan lögboðnum útgjöldum. Var þá boðað til fundar allra bæjarstjóra á landinu til þess að ræða erfiðleikana og finna ráð til úrbóta. Þessi fund-

ur var haldinn í október árið 1951, og bar hann m. a. fram kröfu um, að sveitarfélögin fengju helming þess söluskatts, sem þá var innheimtur, og sömdu bæjarstjórarnir frv. til l. um, hvernig þeim hluta söluskattsins skyldi úthlutað til sveitarfélaganna.

Þetta frv. fluttu síðan menn úr öllum flokkum á Alþ. árið 1951, en ekki náði það þó fram að ganga í það skiptið. Flm. frv. voru alþm. Karl Kristjánsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Hannibal Valdimarsson og Finnbogi R. Valdimarsson. Frv. hafði inni að halda mjög svipuð ákvæði og það frv. um jöfnunarsjóð, sem hér er til umræðu. Samkvæmt því átti helmingur söluskatts að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, tekjum sjóðsins af söluskatti skyldi skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, miðað við næstliðið ár, þó þannig, að ekkert sveitarfélag gat fengið meiri greiðslur en sem nam 50% af útsvörum næsta árs á undan. Ákvæði var í frv. á þá leið, að ef ábyrgðarskuldbindingar féllu á ríkissjóð vegna sveitarfélaga, skyldi félmrh. heimilt að ákveða, að hluti af söluskattinum gengi til greiðslu á slíkum kröfum. Loks var ákvæði um, að ríkissjóður skyldi greiða jöfnunarsjóði hans hluta eigi síðar en mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hefðu gert fjmrn. skil. Skipting til sveitarfélaganna átti að fara fram tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október.

Allt er þetta eins eða hliðstætt í frv. því um jöfnunarsjóð, sem nú er til umr., en auk þess er í 3. gr. frv. ákveðið, að sjóðurinn hafi jafnframt það hlutverk að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga skv. III. kafla laga nr. 90/1940, um eftirlit með sveitarfélögum, og að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, er fá ekki nægileg útsvör á lögð skv. lögum um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögum, er væntanlega verða afgreidd af þessu þingi.

Einhver kynni nú að spyrja, hvaða peninga jöfnunarsjóði væri ætlað að nota í þessu skyni. Því er til að svara, að reiknað er með, að skerðingarmarkið í bráðabirgðaákvæðinu muni þýða, að eftir verði í sjóðnum á þessu ári 1½—2 millj. kr. Komið hefur til álita að úthluta ekki úr sjóðnum nema 95% af árlegum tekjum, en horfið var frá því ráði að svo stöddu. Þykir rétt að fá nokkra reynslu af því, hver útkoman verður, bæði varðandi skerðingarákvæðið og einnig það, hvort til þess kemur, að veita þurfi aukaframlög eða ekki. Fyrirhugað er að fella síðar ákvæði þessa frv. inn í heildarlöggjöf um sveitarstjórnarmál, eins og fram er tekið í athugasemdum, og gefst þá tækifæri til að lagfæra þau ákvæði, sem reynslan sýnir að þurfi að breyta, eða bæta við nýjum ákvæðum, ef ástæða þykir til.

Þá er þess að geta, að með frv. þessu, ef að lögum verður, á að fella úr gildi II. kafla laga nr. 67 1945, um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafla framfærslulaga, nr. 80 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar. Þau lagaákvæði hafa hin síðustu ár alls ekki náð upphaflegum tilgangi, sem mun hafa verið sá að létta undir með fátækustu sveitarfélögunum. T. d. skiptust greiðslur úr sjóðnum til jöfnunar á framfærslukostnaði þannig árið 1958:

Reykjavík	1735698
Aðrir kaupstaðir	244014
Kauptún með yfir 500 íbúa	89118
Samtals kr.	2068830

Þannig hefur höfuðborgin undanfarið fengið bróðurpartinn af þessu fé, en aðrir staðir hafa sumir ekkert fengið á sama tíma, og fær það engan veginn staðizt, að slíkt sé réttlátt, þegar tillit er tekið til þess, að Reykjavík hefur algera sérstöðu umfram önnur sveitarfélög til tekjuöflunar. Einnig má ætla, að auknar almannatryggingar létti bæjunum framfærslukostnaðinn, og er af þessum ástæðum lagt til að fella niður þær reglur, sem gilt hafa um jöfnunina milli sveitarfélaga. Tekið var tillit til þessa við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir skemmstu og niður fellt framlag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga af 17. gr. fjárlaga, en það nam 3 millj. kr. í fjárlögum s. l. árs.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um einstök atriði frv. Ef sú áætlun stenzt, sem í því felst, ættu greiðslur út jöfnunarsjóði að miðast við hér um bil 330 kr. á hvern íbúa. Kaupstaðir og stærri hreppsfélög mundu fá 10—12% auknar tekjur, miðað við útsvör s. l. árs, en önnur sveitarfélög geta fengið á þessu ári allt að 35% tekjuauka, miðað við útsvör í fyrra, og eftir það allt að 50%, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Hv. alþm. hefur orðið tíðrætt um sjálfstæði sveitarfélaganna undanfarna daga, og er vissulega þakkarvert, að menn láti sér annt um þær gagnmerku stofnanir og sjálfstæði þeirra. En í þeim umr. hefur mér fundizt að hjá sumum hv. alþm. gætti harla lítils skilnings á því, hvað nauðsynlegast er til þess, að sveitarfélögin geti haldið áfram að gegna sínu þýðingarmikla hlutverki í þjóðfélaginu sem sjálfstæðar stofnanir. Að mínum dómi er það þýðingarmest, að horfið verði frá þeirri stefnu að rýra tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaganna með því að gera þeim að greiða síhækkandi framlög af óbreyttum tekjustofnum, en sú stefna hefur fram til þessa ráðið mestu í sölum Alþingis. Slík vinnubrögð leiða til þess, að sveitarfélögin komast í greiðsluþrot og vanskil og verða efnahagslega ósjálfbjarga og ósjálfstæð.

Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd í milliþingan. í skattamálum að láta sveitarfélögin fá 1/4 hluta af söluskatti, eins og hann var þá, en afnema jafnframt veltuútsvör. Þáverandi bæjarstjóri í Siglufirði, Jón Kjartansson, boðaði af þessu tilefni til fundar fulltrúa frá kaupstöðum á Vestur-, Norður- og Austurlandi til þess að athuga þessa hugmynd. Í ljós kom við þá athugun, að af 8 kaupstöðum á þessari ráðstefnu hefði aðeins einn fengið lítið eitt auknar tekjur við þessa breytingu. Hinir hefðu allir tapað verulega, og þannig átti í

þetta skipti að taka meira af sveitarfélögunum en boðið var fram. Þessi hugmynd komst ekki til framkvæmda vegna andstöðu sveitarfélaganna og samtaka þeirra, og ég geri hana að umtalsefni hér eingöngu sem dæmi um, hvernig á ekki að vinna að lausn þessara mála.

Annað tveggja eða hvort tveggja þarf að gerast: að sveitarfélögin fái nýja tekjustofna eða að af þeim verði létt lögboðnum útgjöldum, svo að um muni. Með stofnun 56 millj. kr. jöfnunarsjóðs er gert myndarlegt átak samkvæmt fyrri leiðinni, og þar er lagður grundvöllur, sem síðar verður hægt að byggja á. Ég er þess einnig fullviss, að síðari leiðin verður tekin til vandlegrar yfirvegunar af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar við áframhaldandi endurskoðun þessara mála. Ég tel, að betur þurfi að gera til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna, en ég fagna þessum áfanga og þeim aukna skilningi, sem málefni sveitarfélaganna eiga nú að mæta hjá handhöfum ríkisvaldsins. Þar hafa orðið mikil umskipti til hins betra frá því, sem verið hefur að undanförnu, eins og þetta mál ber gleggstan vott um.

Brtt. sú, sem heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 286, þarfnast ekki frekari skýringa en þar koma fram. Hv. 4. þm. Reykn. (JSk), sem sæti á í n., hafði fyrirvara við nál., eingöngu vegna ákvæðis 1. mgr. 4. gr. frv. um það, að framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna skuli greidd missirislega. Annar nm., hv. 4. landsk. þm. (HV), undirritaði nál. með fyrirvara, en að öðru leyti var enginn ágreiningur um það í n. að mæla með samþykkt frv. og brtt. n. — Fyrir hönd n. legg ég til, að málinu verði vísað til 3. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 274, um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, tel ég rétt, að rædd sé á breiðum grundvelli aðstaða sveitarfélaganna í þjóðfélaginu, bæði aðstaða þeirra til þess að afla sér tekna, þ. e. a. s. tekjustofnar þeirra, og einnig og ekki síður þær skyldur, sem þeim eru lagðar á hendur.

Um tekjustofna sveitarfélaganna er hægt að vera mjög stuttorður. Er þar vart um annað að ræða en útsvörin, sem niðurjöfnunarnefnd hvers bæjar- eða sveitarfélags jafnar niður á íbúa byggðarlagsins einu sinni á hverju ári. Mér er ekki kunnugt um, hvenær útsvörin voru fyrst lögleidd, en þau eru, að ég held, búin að vera aðal- eða nær einasti tekjustofn sveitarfélaganna frá ómunatíð. Þegar athugaðar eru þær miklu þjóðfélagsbreytingar, sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina, og þegar alveg sérstaklega eru athugaðar hinar mörgu krókaleiðir, sem ríkisvaldið hefur farið til þess að afla sér tekna með alls konar óbeinum sköttum og tollum, má það næsta undarlegt heita og sýna óvenjulegan þegnskap forráðamanna sveitarfélaganna, hversu rólegir og aðsópslitlir þeir hafa verið í að framfylgja kröfum sínum um nýja og öruggari tekjustofna sveitarfélögunum til handa en útsvörin eru. Þetta er sérstaklega athyglisvert, þegar það er haft í huga, að hv. Alþ. hefur vissulega ekki verið neitt smátækt í alls konar lagasetningu, sem hefur haft stórfelld útgjöld í för með sér fyrir sveitarfélögin, án þess nokkru sinni að sjá þeim fyrir öruggum tekjustofnum til þess að mæta þessum útgjöldum, fyrr en nú við afgreiðslu fjárlaga, þar sem sveitarfélögunum er ætlaður hluti af hinum almenna söluskatti. Um útgjöld sveitarfélaganna gegnir allt öðru máli. Þau hafa vaxið svo að segja með hverju ári, bæði vegna aukinna krafna íbúa byggðarlaganna og svo vegna marghátt-aðra lagaboða löggjafarvaldsins.

Í upphafi mun fátækraframfærslan hafa verið aðal- eða einustu útgjöld sveitarfélaganna. Henni var þá mætt með niðurjöfnun útsvara eftir efnum og ástæðum á þá aðila í sveitarfélaginu, sem aflögufærir voru. Útsvörin voru því í fyrstu aðeins tilfærsla á fjármunum milli þeirra aðila innan sveitarfélagsins, sem betur voru stæðir, til aðstoðar þeim, sem harðar höfðu orðið úti í lífsbaráttunni, annaðhvort vegna veikinda, missis fyrirvinnu eða af öðrum ástæðum. Meðan svo var, var þetta lítið vandamál og útsvörin einföld leið til þess að jafna þennan aðstöðumun íbúanna. En eftir að kauptún og kaupstaðir fóru að myndast, breyttist þetta viðhorf allverulega, bæði vegna þess, að það fólk, sem í kauptúnum og kaupstöðum býr, gerir vaxandi kröfur til forsvarsmanna staðanna til bættrar aðstöðu og meiri þjónustu, og einnig vegna þess, að löggjafarvaldið hefur á undanförnum árum lagt á herðar sveitarfélaganna ýmiss konar álögur með alls konar lagaboðum, eins og ég hef áður bent á. Ég veit satt að segja ekki, hvort menn almennt gera sér grein fyrir þeim fjárhagskröfum, sem á sveitarfélögunum hvíla og þau árlega verða að standa straum af og afla sér tekna fyrir. Ef tekinn er kaupstaður með 4500 íbúum, sem mun láta nærri að vera meðalstærð kaupstaðanna, ef höfuðborg landsins, Reykjavík, er undanskilin, kemur í ljós, að lögbundin og óhjákvæmileg útgjöld þessa bæjarfélags eru um 9 millj. kr. á ári, eða sem næst 2000 kr. á hvern íbúa. Nánar tiltekið eru þetta 10 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Fjárhagskvaðir þessar, sem eru hin föstu og beinu útgjöld sveitarfélaganna, munu nema um 2/3 hlutum af heildarútgjöldum þeirra, og eru þau þessi helzt, samkv. reikningi þess kaupstaðar, sem ég hef hér lagt til grundvallar:

Í fyrsta lagi kostnaður við stjórn kaupstaðarins. Í öðru lagi alþýðutryggingar, þ. e. a. s. framlag til almannatrygginga, sjúkrasamlags, atvinnuleysistrygginga og framlag til eftirlaunasjóðs. Í þriðja lagi útgjöld kaupstaðarins vegna framfærslumála, sem í flestum kaupstöðum mun nú orðið vera mest vegna sjúkrakostnaðar og dvalar fólks á elliheimilum. Þá er það lögboðinn kostnaður vegna fræðslumála, kostnaður vegna heilbrigðis- og lögreglumála, afborgun af rekstrarskuldum og loks ýmis kostnaður, svo sem vegna bruna-

mála, skipulagsmála o. fl. Allt eru þetta föst og óumflýjanleg útgjöld hjá hverju sveitarfélagi, eins og áður er sagt. Auk þess verða svo sveitarfélögin árlega að verja stórfé til uppbyggingar, bæði í sambandi við vegagerð, holræsalagnir, byggingu skólahúsa og annarra opinberra stofnana.

Þegar á allt þetta er litið og ef menn gera sér grein fyrir þeim fjárhagskvöðum, sem á sveitarfélögum hvíla, þarf engan að undra, þó að forráðamenn þeirra hafi undanfarið kvartað yfir því að hafa engan tekjustofn til þess að mæta þessum útgjöldum annan en útsvörin ein. Það er að sjálfsögðu enginn vandi fyrir sveitarstjórnir að ákveða heildarupphæð útsvara við samningu hverrar fjárhagsáætlunar, og það er heldur enginn vandi fyrir niðurjöfnunarnefndir að jafna útsvörum niður á íbúana. En þegar við blasir annars vegar tekjuþörf sveitarfélagsins og hins vegar gjaldgeta þegnanna, er oft vandi að gera þetta á þann veg, að útsvörin séu með góðu móti innheimtanleg. Það, sem gerir útsvörin allt of óörugg sem einasta tekjustofn sveitarfélaganna, er sú staðreynd, að hvað lítið sem út af ber í einu byggðarlagi atvinnulega séð, eru þau nær óinnheimtanleg. Þetta er staðreynd, sem hver einasti aðili, sem við sveitarstjórnarmál fæst, hefur því miður allt of oft rekið sig á. Samdráttur í atvinnu þýðir í öllum tilfellum minnkandi gjaldgetu, ekki einasta launamanna, heldur einnig vinnuveitenda. Það þarf því engan að undra, þó að út af geti brugðið með, að sveitarfélögin verði þess megnug að standa við skuldbindingar sínar eða mæta þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Ég held, að hv. alþm. geti bezt gert sér grein fyrir aðstöðu sveitarfélaganna með því að hugleiða, hversu tryggur fjárhagur ríkisins mundi vera, ef ríkissjóður hefði ekki annað upp á að hlaupa en einn beinan tekjustofn, sem algerlega væri háður afkomu atvinnuveganna og einnig því, hvernig áraði í það og það skiptið. Ég býst við, að aðstaða ríkissjóðs með að inna af hendi lögboðnar greiðslur samkv. fjárlögum yrði oft erfið, ef ekki væri um öruggari tekjustofn að ræða en sveitarfélögin nú verða að láta sér nægja og ætlazt er til að þau komist af með. Allt þetta ber að hafa í huga, þegar athuguð eru eða rædd málefni sveitarfélaganna, og vil ég sérstaklega vekja athygli hv. þm. á þessu.

Ég vil benda á, og ég fullyrði, að vanskil sveitarfélaganna eru í fæstum tilfellum orðin til vegna viljaleysis ráðamanna bæjanna og sveitanna með að standa í skilum um skuldbindingar sínar, heldur fyrst og fremst og ég vil segja fyrir það eitt, að tekjustofn sveitarfélaganna er of óöruggur, hvað lítið sem út af ber, og lánsmöguleikar þeirra mjög takmarkaðir. Þau eru þess vegna því miður sjaldnast þess umkomin að taka á móti nokkrum skakkaföllum, jafnvel þó að um smávægileg og tímabundin skakkaföll sé að ræða. Rekstur sveitarfélaganna er raunverulega ekkert annað en smækkuð mynd af rekstri ríkisins. Til þeirra eru af íbúum hvers staðar gerðar nákvæmlega sömu kröfur og gerðar eru til ríkisins, bæði í sambandi við verklegar framkvæmdir, menningarmál, heilbrigðismál og flest annað, sem nútímaþjóðfélag krefst. Hins vegar er sú leið, sem sveitarfélögunum er ætlað að fara í tekjuöflun, á allt annan veg en hjá ríkissjóði. Auk þess er ríkissjóður betur settur að því leyti, að það er Alþ. eitt, sem ákvarðar útgjöld ríkissjóðs og sér honum þá jafnhliða fyrir tekjum. Sveitarfélögin eru aftur á móti háð því, að löggjafarvaldið ákveði að verulegu leyti útgjöld þeirra og það venjulegast án þess, að nokkuð hafi verið rannsakað, hvort þau hafi nokkra möguleika á að afla sér tekna til þess að standa straum af þessum útgjöldum eða ekki. Ég tel alveg hiklaust, að jafna verði þennan aðstöðumun eftir leiðum, sem hv. Alþ. telur heppilegast.

Frv. það, sem hér er til umr., er án efa spor í rétta átt, en að mínu áliti engin endanleg lausn þessara mála, heldur aðeins góð og raunhæf byrjun á því, sem koma mun. Ég tel þetta nauðsynlegt, ekki eingöngu vegna sveitarfélaganna sjálfra, heldur einnig vegna þjóðarheildarinnar. Algert fjárhagslegt öryggisleysi sveitarfélaganna, eins og nú er, og sífelld samhangandi greiðsluvandræði þeirra er spilling í fjármálakerfi þjóðarinnar og kemur í veg fyrir eðlilega uppbyggingu sveitarfélaganna. Með rólegri yfirvegun og raunhæfum aðgerðum er hægt að koma þessum málum í viðunandi horf, og vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. alþm. á, að Alþ. eitt er þess umkomið að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til úrbóta. Ég er ekki að biðja um neinar fjárgreiðslur eða ölmusu til handa sveitarfélögunum, heldur það eitt, að fjárhagsgrundvöllur þessara stofnana, sem staðið hafa fastmótaðar í þjóðfélagsskipuninni frá fyrstu tíð, verði treystur svo með bættri aðstöðu til eðlilegrar tekjuöflunar, að þróun sveitarfélaganna geti átt sér stað með eðlilegum hætti, og að þeir menn, sem að þessum málum vinna, eigi það ekki sífellt yfir höfði sér að verða stimplaðir vanskilamenn — af óviðráðanlegum ástæðum oftast og oftast að ósekju.

Í umr. þeim, sem hér hafa orðið í þessari hv. d. í sambandi við frv. til l. á þskj. 273, um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum, finnst mér of lítils skilnings hafa gætt hjá hv. þm. Framsfl. og Alþb., sem um þetta mál hafa rætt. Því frv. hefur m. a. hvað þetta atriði snertir, þ. e. tekjustofna sveitarfélaganna, verið fundið það til foráttu, að útsvarsstigar þeir, sem þar eru til greindir og ætlaðir eru kaupstöðunum utan Reykjavíkur og sveitarfélögunum, væru of háir, og einnig það, að sveitarfélögunum væru gefnar of lausar hendur í sambandi við veltuútsvörin. Ég vil á það benda, að við samningu útsvarsstiganna var í öllum tilfellum haft samráð og samstarf við þá aðila, sem bezt þekkja til þessara mála, og er það álit þeirra, að það, sem þar kemur fram, útsvarsstigarnir, séu, eins og þeir eru lagðir fyrir, algert lágmark til þess að afla sveitarfélögunum þeirra tekna, sem

þeim er nauðsynlegt. Ef skerða ætti þessa aðstöðu sveitarfélaganna frekar en gert er í þessu frv., leiddi það ekki til annars en þess, að annaðhvort þau sjálf eða hv. Alþ. yrði að sjá þeim fyrir auknum tekjum með öðrum hætti.

Í sambandi við veltuútsvörin vil ég benda á, að afnám þeirra mundi óhjákvæmilega leiða til um það bil 20% hækkunar á útsvörum einstaklinga í flestum kaupstöðum landsins. Hversu slík ráðstöfun yrði vel þegin af launþegum, sem er langstærsti hópur gjaldenda, a. m. k. í kaupstöðunum, skal ég láta ósagt um. Hygg ég þó, að þeir mundu telja á rétt sinn gengið heldur en hitt og hagur sinn ekki batna.

Ég taldi rétt að láta þessar hugleiðingar um útsvörin koma hér fram, áður en þau verða á ný tekin til umr. í þessari hv. d., eftir að heilbr.- og félmn. hefur skilað áliti sínu.

Í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, vil ég að lokum segja það eitt, að ég fagna því, að það skuli vera fram komið, og vona, að það sé fyrirboði aukins skilnings á því að tryggja betur en nú er fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna. Ég veit, að þetta mun vera skoðun allra þeirra, sem að sveitarstjórnarmálum vinna, enda benda ályktanir bæjarstjórna víðs vegar um landið, sem gerðar hafa verið, eftir að frv. kom fram, til þess, að svo sé. Ég vænti þess, að frv. verði samþ. og afgr. sem lög frá hv. Alþ., án þess að frekari breyt. en orðnar eru á því frá hendi heilbr.- og félmn. verði gerðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram og nál. ber með sér, mælir n. öll með því, að þetta frv. verði samþ.

Það er engin ástæða til annars en að fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég vil þó segja það í því sambandi, að ef sveitarfélögin hefðu átt að taka á sig þá auknu útgjaldabyrði, sem þau hefðu óneitanlega fengið á sig og fá á sig vegna gengisbreyt., hefðu útsvör hjá þeim þurft að rjúka æðimikið upp á við og vafasamt, að gjaldgeta skattþegnanna í sveitarfélögunum hefði hrokkið til. Þess vegna er það af brýnni nauðsyn sprottið, að frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ætlar sveitarfélögunum 1/5 af álögðum söluskatti, er fram komið sem nauðsynleg aðstoð við sveitarfélögin, alveg sérstaklega vegna þeirra auknu erfiðleika, sem á þeim hefðu skollið vegna gengislækkunarinnar. Ég hygg því, að það komi sér vel að fá þetta framlag, sem rennur nú til sveitarfélaganna af söluskattinum, vegna hinna þungu búsifja, sem þau verða fyrir af gengisbreytingunni. Við þurfum ekkert að fara í grafgötur með það, að alveg eins og fjárlög ríkisins stórhækkuðu af gengisbreytingunni, eins hefði fjárhagsáætlun hvers einasta sveitarfélags hlotið að gera það. Ég býst við því, að það fari víðast hvar svo, að þrátt fyrir þetta framlag, sem þau fá samkv. þessu frv., þegar það er orðið að l., muni það gerast óvíða, að útsvörin geti lækkað í krónutölu, heldur muni þau víðast hvar heldur fara upp á við þrátt fyrir þennan nýja tekjustofn, og sér maður þá, að þau standa ekki ýkjamiklu betur að vígi, að fengnum þessum tekjustofni, heldur en þau stóðu, áður en gengisbreytingin átti sér stað, að honum ófengnum.

Eins og frv. er núna, er augljóst mál, að sveitarfélög þau, sem eru í vanskilum gagnvart ríkinu vegna veittra ríkisábyrgða, hefðu, ef ábyrgðarskuldbindingarnar eru litlar, getað kannske um allmörg ár fram í tímann orðið að láta allt sitt framlag, sem þau hefðu fengið úr jöfnunarsjóði, upp í gamlar ríkisábyrgðir. Þetta leizt mér ekki á, og þess vegna varð um það samkomulag í n. að breyta upphafi 4. gr. á þann veg, að þessi greiðsluskylda sveitarfélaganna félli aðeins á gagnvart ríkisábyrgðum, sem til féllu eftir gildistöku þessara laga, en í 2. málsgr. 4. gr. er orðalagið nú svona:

„Nú er sveitarfélag í vanskilum með greiðslu vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins eftir því sem til vinnst.“

Ég sé ekki betur, og á það féllust meðnm. mínir, en að þetta orðalag gæti heimilað félmrn. að taka framlög sveitarfélaga algerlega upp í greiðslur gamalla skuldbindinga, og hefði svo getað orðið, ef skuldbindingarnar eru miklar, nokkuð mörg ár fram í tímann, þannig að þetta hefði ekki orðið til þess að létta útsvarsbyrðina á næstu árum.

En sem sé, till. n. er um það, að ef sveitarfélag kemst í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða eftir gildistöku þessara l., þá sé rn. heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi, meðan framlagið til sveitarfélagsins hrekkur til. Það eitt getur orðið nógu þungbært, en það virðist vera nauðsynlegt að heimila rn. nokkra aðstöðu til þess að innheimta smátt og smátt þessar áföllnu ríkisábyrgðir.

Ég tel, að frv. að fenginni þessari breyt. sé í því formi, að ég geti greitt því atkv. Fyrirvari sá, sem ég geri, er þó aðallega við það bundinn, að ég mundi óska, — og það skildist mér, að hv. 4. þm. Reykn. (JSk) óskaði eftir líka, — að framlag jöfnunarsjóðsins til sveitarfélaganna yrði greitt ársfjórðungslega, en ekki missirislega, af því að í 1. gr. er ákveðið, að ríkissjóðurinn fær söluskattsuppgjör ársfjórðungslega eftir á, og virðist þá, að þetta fé þurfi ekki að hafa neina langa viðdvöl þar, og sveitarfélögunum væri það óneitanlega nokkurt hagræði að fá þetta fjórum sinnum á ári heldur en tvisvar, ef tekniskir möguleikar standa ekki í vegi fyrir því. Ég held, að strangleikinn á innheimtu söluskattsins tryggi það, að hann komi inn í þeim mánuði, sem hann á að innheimtast, og þá væri sem sé mjög æskilegt, að hann gæti komið viðstöðulaust út til sveitarfélaganna, þannig að þau fengju þessar greiðslur fjórum sinnum á ári. Skildist mér á meðnm. mínum, að þeir mundu gjarnan vilja athuga þetta atriði milli 2. og 3. umr., og vænti þess, að þeir geri það. En ég dvel aðallega við þetta af því, að hv. 3. þm. Sunnl.

(GuðlG) sagði áðan í ræðu sinni, að hann vænti þess, að þetta frv. yrði samþ. án frekari breytinga.

Þá er það viðvíkjandi skerðingarákvæðinu. Það er upplýst, að þetta skerðingarákvæði muni aðallega bitna á hinum smæstu, fámennustu sveitarfélögum. Til þess er vitnað, að ef skerðingarákvæðið væri ekki, gæti farið svo, að ýmis hin smærri sveitarfélög legðu engin útsvör á sína gjaldþegna, og það væri ástæðulaust að hafa lagasetninguna þannig. Ég játa, að það eru nokkur skynsamleg rök fyrir því að hafa skerðingarmark. Hins vegar tel ég þó vafasamt, að það sé réttmætt að hafa skerðingarákvæði, sem bitna á hinum fámennustu og getuminnstu sveitarfélögum, sem eiga raunverulega örðugast með að standa undir skyldum sveitarfélagsins sökum fámennis. Útsvarsupphæðirnar, sem lagðar hafa verið á að undanförnu, það má ekki eingöngu miða við þær, þær eru sprottnar af getuleysinu. Þær eru sprottnar af því, að sveitarfélögin hafa ekki treyst sér til að innheimta meiri útsvör. En ef þau hefðu haft möguleika á því, hefðu þau ráðizt í ýmsar framkvæmdir, sem þau hafa orðið að láta undir höfuð leggjast að ráðast í. Ég a. m. k. tel, að þetta orki tvímælis, að það skuli renna samkv. þessum lögum færri krónur — miðað við einstakling í smæstu sveitarfélögunum — til þeirra heldur en til hinna stærstu og getumestu sveitarfélaga, miðað við einstakling. Það verður eitthvað á fjórða hundrað króna, sem rennur til Reykjavíkur og annarra kaupstaða, en þetta skerðingarákvæði mun draga úr þeirri upphæð á einstakling í hinum fámennustu sveitarfélögum. Það tel ég vafasamt. Ég held, að það veitti ekki af að auka getu þeirra til þess að ráðast í meiri sameiginlegar framkvæmdir fyrir þegnana en þau hafa haft orku til að gera, einkanlega þegar ég hugsa til þess útsvarsstiga, sem nú er í útsvarslagafrv., sem gerir ráð fyrir því í hinum fámennustu sveitarfélögum, hreppunum, að byrja skuli að leggja útsvar á 3000 kr. árstekjur. Það finnst mér benda til þess, að það séu sveitarfélög í raun og veru í nauðum stödd, ef þetta er byggt á nokkru skynsamlegu viti, að það skuli eiga að leggja útsvör á 3000 kr. árstekjur, 200 kr. — 10800 kr. er sú upphæð, sem nemur þeim ellilífeyri, sem er á 2. verðlagssvæði, 10800 kr. fær fólkið í þessum sveitahreppum. Hvað haldið þið, að það fái í útsvar? 920 kr. eftir skalanum, sem er í útsvarslagafrv. Það á að taka 920 kr. í útsvar af fólkinu í sveitunum af ellilífeyrinum, sem er 25% lægri en í kaupstöðunum. Er það á að lítast? Eru ekki líkur til þess, að þessum sveitarfélögum veiti ekki af að fá jafnháa upphæð á mann og kaupstöðunum? Ég held það. Ég vil vænta þess, að við afgreiðslu útsvarslaganna verði þetta athugað, hvort það er á nokkurn hátt forsvaranlegt að lögleiða útsvarsstiga í sveitunum, sem byrji á því að leggja útsvör á 3000 kr. árstekjur. Og ef það verður niðurstaðan, að það sé nauðsynlegt að ganga svona að þeim mönnum þar, aukast efasemdir mínar mjög um, að það sé réttlætanlegt að hafa slíkt skerðingarmark um framlagið úr jöfnunarsjóði til þessara veiku sveitarfélaga.

Þá eru það aðeins tvö atriði önnur. Í d-lið 3. gr. eru ákvæði um aukaframlög til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkvæmt l. um bráðabirgðabreyt. á útsvarsl. Oft og tíðum getur það verið svo, að sveitarfélag komist í mikil fjárhagsleg vandræði, kannske þrot, tímabundið, vegna sérstakra ástæðna. Nú gæti svo farið, að eitt og sama sveitarfélag væri búið að fá aukaframlag, meðan þessi vandkvæði gerðu þessu sveitarfélagi erfitt fyrir, tvö skipti, þrjú skipti, kannske fjögur ár í röð, en hefði síðan fengið bætta aðstöðu og rétt við og stæði e. t. v. eftir nokkur ár með blóma. Þá finnst mér koma til álita um aukaframlögin, sem þá væru búin að raska raunverulega öllum hlutföllum milli þessa sveitarfélags og annarra sveitarfélaga að því er snertir styrk úr jöfnunarsjóðnum, hvort endurgreiðsluskylda ætti að koma til, ef sveitarfélag hefði margsinnis fengið aukaframlag og síðan orðið fyrir því happi að rétta vel og myndarlega við. Ekki legg ég neina áherzlu á þetta, en ég skýt þessu fram, að ég hefði ekki talið það utan við það að vera athugandi.

Þá vildi ég víkja að e-liðnum, þar sem stendur, að eitt af hlutverkum jöfnunarsjóðsins sé að styrkja eftir ákvörðun ráðh. tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi á framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga. Ég hef ekki getað fengið það upplýst í n., hvort miklu fjármagni sé ætlað að verja til þessarar starfsemi né í hverju hún eigi að vera fólgin. En eitthvað af fé jöfnunarsjóðs er ætlað til þessarar starfsemi, sem þarna er orðuð á þennan hátt, að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga. Sennilega er þarna ætlunin að láta eitthvert fé renna til Sambands íslenzkra sveitarfélaga, til starfsemi þess sambands. En ég vænti þess, að það verði ekki neinn verulegur hluti af tekjum jöfnunarsjóðsins, sem fari í þetta, því að ég býst við, að hin verkefni hans, sem talin eru í bókstafsliðunum á undan, muni verða ærin og hann hafi varla stórfúlgu aflögu til þessarar samræmingarstarfsemi sveitarfélaganna.

Þetta voru sem sé þau atriði, sem ollu því, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, en eins og áður er sagt, greiði ég frv. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við þann þakkaróð, sem tveir hv. þm., hv. 5. þm. Vestf. (BF) og hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG), hafa hér flutt ríkisstj. sinni í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, þykir mér ástæða til þess að segja nokkur orð.

Ég vil í upphafi taka það fram, að ég tel sjálfsagt, eins og málum er komið og raunar hefði mátt vera fyrr, að tekin sé sú stefna og farið í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að bæjarfélög og sveitarfélög landsins fái

nokkra tekjustofna aðra en útsvör. Á hinn bóginn þykir mér hlýða að rekja aðeins þá sögu, sem gerzt hefur á þessu þingi í sambandi við efnahagsmál, og þá einkum þann þátt þeirra, sem snýr að sveitarfélögunum sjálfum, því að það er vissulega hann, sem hér er á dagskrá.

Í febrúarmánuði s. l. voru hér í þessari stofnun gerðar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu svo stórkostlega, að ég hygg, að engum manni detti í hug, sem hefur nokkra reynslu fyrir sér eða framsýni, að sú dýrtíðaraukning verði minni en 25—30%. Ég veit, að í helgiriti ríkisstj., Viðreisn, eru þessar tölur ekki tilteknar, heldur aðrar og lægri, en reynslan hagar sér ekki eftir því, hvað stendur í þeirri bók, og dýrtíðaraukningin er miklum mun meiri. Sveitarfélögin í landinu munu því verða fyrir þungum búsifjum af þessari dýrtíðarhækkun, og þau munu verða það á tvennan hátt: Í fyrsta lagi munu allar þær framkvæmdir og allur tilkostnaður, sem sveitarfélögin þurfa að bera uppi, að sjálfsögðu hækka og þar af leiðandi tekjuþörf þeirra á móti því. En auk þess verður gjaldþol þegnanna í hverjum hreppi fyrir sig auðvitað miklum mun minna, ef sú stjórnarstefna, sem hér hefur verið mörkuð, kemur til með að ríkja, að dýrtíðin hækkar, en launagreiðslur til hins vinnandi fólks eiga að standa í stað. Nú hljóta bæirnir að verulegu leyti að byggja sína tekjuöflun á því, hver er gjaldgeta þegnanna, og hún er óumdeilanlega skert með þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið framkvæmdar.

Þegar hér er komið sögu, að dýrtíðin — og þá ekkert síður fyrir sveitarfélögin en aðra — er orðin mjög þungbær og hefur risið a. m. k., eins og ég nefndi, um fjórðung eða jafnvel meira, þá eru komnar á rökstóla nefndir, sem eiga að gera till. um útsvör og um hluta sveitarfélaganna af söluskatti. Þeir hv. alþm., sem ég tilnefndi, munu báðir hafa unnið að undirbúningi frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem hér er á dagskrá, og auk þess frv. um útsvör, sem hér er líka til afgreiðslu í þinginu. Þeir tóku ótrauðir þátt í því með sinni ríkisstj. að lögleiða hér þær ráðstafanir, sem leiða til þeirrar dýrtíðarhækkunar, sem ég hér hef lýst, og ég hef ástæðu til að ætla, að þeir hafi báðir gert það harla nauðugir. En þeir sáu enga ástæðu til þess að æmta eða skræmta í þeim málum, þeir bara gerðu það, sem ríkisstj. setti þeim fyrir.

Nú hafa hér komið fram frumvörp til laga, sem gera ráð fyrir því, að sveitarfélögin eigi að fá bætt upp örlítinn hluta af þeim skaða, sem Alþ. hefur áður með sinni löggjöf bakað þeim. Því hefur verið lýst, að sá hlutur, sem falla muni sveitarstjórnunum til sem tekjur af söluskatti, muni máske nema 10—12% af útsvarsupphæðum í bæjum, en það þýðir, að á tekjum bæjanna verður hækkunin yfirleitt ekki meiri en 10%, því að þrátt fyrir allt hafa bæirnir nokkrar tekjur af öðrum hlutum en útsvörum. Sem sagt, þegar að því er komið, að búið er að kippa frá bæjarfélögunum tekjum eða samsvörun tekna, sem nemur um 25%, svo að ekki sé of djúpt tekið í árinni, og aftur eiga að koma í staðinn tekjumöguleikar kannske upp á 10%, rísa þessir höfðingsmenn upp og sjá sérstaka ástæðu til þess að flytja ríkisstj. sinni lofgerð fyrir það, hvað hún taki miklu betur á málefnum sveitarfélaganna í landinu en aðrar stj. hafa gert. Það er vissulega mikils virði fyrir hverja ríkisstj., sem á svo lítilþægu stuðningsmenn, og henni eru náttúrlega leiðirnar mjög færar, á meðan það ástand er það almenna í hennar liði. En ég hygg, að jafnvel þessir tveir hv. þm. muni ekki vera eins þakklátir ríkisvaldinu fyrir það, sem gert hefur verið, eins og þær ræður, sem þeir hafa haldið hér í dag, annars gætu gefið tilefni til að ætla. Í sambandi við störf þeirra við útsvarsmálin sem slík, við undirbúning að útsvarsl., sem hér eru til meðferðar í þinginu, hafa þeir hins vegar ekki komið ár umbjóðenda sinna betur fyrir borð en svo, að í því frv. er gert ráð fyrir, að einmitt í þeim bæjarfélögum, sem þessir hv. þm. eru fulltrúar fyrir, verði útsvarsstiginn miklum mun hærri en í nokkrum öðrum sveitarfélögum á landinu, þ. e. a. s., ég á hér við útsvarsstigann í bæjum landsins utan Reykjavíkur, en fyrir slíka kaupstaði eru þessir hv. þm. sérstakir fulltrúar, þar sem annar mun vera forseti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, en hinn bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. En það er vitað, að öll þau bæjarfélög, sem eru með sams konar aðstöðu gagnvart útsvarslagafrv. og þessir tveir bæir, sæta þar hinum verstu kjörum.

Ég vil af þessu tilefni enn þá rifja það upp, sem ég hef minnzt á áður, að útsvarslagafrv. er byggt á því, að Reykjavík eigi að halda allri sinni sérstöðu til útsvarsöflunar. Þar hefur ekki verið hróflað við því augljósa ranglæti, að Reykjavík situr svo að segja ein að aukaútsvörum ríkisstofnana og tekur af þeim tveimur stofnunum, Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, álíka mikið í útsvör og t. d. öll útsvörin í Vestmannaeyjum eru áætluð. Á þessu hefur engin leiðrétting fengizt. Ég veit ekki, hvort þessir hv. þm. hafa prófað að fá leiðréttingu á þessu, en ég verð að lýsa því yfir, að hafi þeir ekki reynt það, lít ég svo á, að þeir hafi staðið heldur illa í stöðu sinni sem málsvarar bæjanna utan Reykjavíkur. En ef þeir skyldu nú samt hafa reynt þetta, þá er sýnilegt, að þeir hafa ekki komizt þar upp með moðreyk.

Samkv. útsvarslagafrv., sem samið er af sérstakri n., þar sem þessir hv. þm. eru fulltrúar, er gert ráð fyrir því, svo að ég nefni dæmi, alveg nákvæmlega, að af 40 þús. kr. skattskyldum tekjum skuli Reykvíkingur borga 3890 kr. í útsvar, en þeir, sem búa í öðrum kaupstöðum landsins, borgi af sömu upphæð ekki 3890 kr., heldur 5700 kr. Og ef gripið er annars staðar niður í útsvarsstigann, kemur í ljós, að af 70 þús. kr. útsvarsskyldum tekjum er Reykvíkingi ætlað að greiða 10890 kr., en þeim, sem

býr í bæ utan Reykjavíkur, 13500 kr. Af 100 þús. kr. útsvarsskyldum tekjum er Reykvíkingi ætlað að greiða 18390 kr., en öðrum kaupstaðarbúum landsins 22200 kr. í útsvar. Það þarf vissulega mikinn vilja til stuðnings við hæstv. ríkisstj. til þess á eftir þessu öllu saman að geta komið hér upp í ræðustól og flutt lofgerðaróð um, að það eigi þó ekki að láta þetta með öllu óbætt, því að nú hafi bæirnir von um að fá kannske eins og 10% tekjuauka upp á móti öllu því stórkostlega, sem hér hefur verið á þá ráðizt.

Við að rifja upp þessa harmsögu dettur mér í hug svolítill sögukafli, sem ég einhvern tíma fyrir mörgum árum las. Það var í þeirri frægu skáldsögu um Don Quijote. Þar segir frá því, að eitt sinn hafi ræningjar hitt heiðarfrúr á för þeirra. Þeir réðust þegar á þær, reyttu af þeim þá gildu sjóði, sem frúrnar reiddu, en þegar þeir stóru fjársjóðir voru fallnir í hendur ræningjanna, opnuðu þeir sjóðina og gáfu kerlingunum, sem þeir höfðu rænt, örfáa skildinga, til þess að þær skyldu þó ekki vera með öllu örsnauðar, þegar þær færu að fundi þessara ræningja, en þær luku miklu lofsemdarorði um það, að ræningjarnir væru hinir göfugustu menn og þær hefðu ekki hitt aðra slíka á för sinni. Mér finnst næstum því eins og þeir hv. alþm., sem hér hafa lofað sína ríkisstj. fyrir þær ráðstafanir í útsvarsmálum, sem hér eru gerðar, séu á eitthvað svipuðu stigi um mat á því, hvað sé göfgi, og þessar háttvirtu frúr, sem ég hef tilnefnt úr sögunni um Don Quijote.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér um útsvarsfrv., sem liggur fyrir þessari hv. d., en er enn til athugunar í n. Ég mun því ekki hefja hér umræður við hv. síðasta ræðumann varðandi þau mál, það kemur til umræðu síðar.

En í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, þykir mér rétt að leiðrétta einn grundvallarmisskilning, bæði hjá hv. 4. landsk. þm. (HV) og hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj). Þeir slá því báðir föstu, að eftir að lagðar séu gífurlegar nýjar álögur á sveitarfélögin, séu það nú einhverjar hundsbætur, sem eigi að veita með þessum söluskatti, því að hinar nýju álögur og aukin útgjöld sveitarfélaganna séu a. m. k. jafnmikil eða væntanlega meiri en hluti þeirra af söluskatti. Þetta er allt saman byggt á misskilningi, enda hafa þeir vafalaust hvorugur reynt að gera sér nokkra tölulega grein fyrir þessu. Sannleikurinn í þessu máli er sá og byggist á athugunum á nokkrum stöðum, að aukin útgjöld bæjar- og sveitarfélaganna vegna efnahagsráðstafananna eru ekki nema nokkur hluti af þeirri upphæð, sem fellur í hlut sveitarfélaganna af söluskattinum. Á nokkrum stöðum, þar sem þetta hefur verið reiknað út, er það í mesta lagi um helmingur af hluta hvers bæjarfélags af söluskatti, sem kemur á móti auknum útgjöldum vegna efnahagsaðgerðanna, — ég segi helmingur sums staðar, en annars staðar er það minna. Þetta er því hin mesta fjarstæða, að aukin útgjöld sveitarfélaganna vegna efnahagsaðgerðanna éti upp að fullu hluta þeirra af söluskatti eða jafnvel meira, enda þykist ég vita, að hvorugur þessara hv. þm. hafi gert tilraun til þess að gera sér nokkra grein fyrir þessu frá tölulegu sjónarmiði, heldur er þessu aðeins slegið fram sem fullyrðingu út í loftið. En í þessu sambandi er rétt að geta annars.

Fyrir tveimur árum átti hv. 4. landsk. þm., sem hér talaði áðan og sló þessu fram, sæti í ríkisstj., sem kölluð hefur verið vinstri stjórnin, og hv. 6. þm. Sunnl. var einn ötulasti stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. Hún lagði fram hér á Alþ. í maímánuði 1958 og fékk samþykktar efnahagsaðgerðir, sem stundum voru kallaðar bjargráðin, og þær efnahagsaðgerðir höfðu veruleg áhrif, ekki aðeins á hag alls almennings, heldur ekki síst á hag bæjar- og sveitarfélaganna í landinu, og jukust stórlega þeirra útgjöld. Ýmsar bæjar- og sveitarstjórnir urðu þá þegar að gera sérstakar ráðstafanir til að mæta þeim nýju álögum, sem bjargráð vinstri stjórnarinnar höfðu í för með sér.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að aukin útgjöld sveitarfélaganna vegna efnahagsaðgerðanna nú eru alls ekki meira en aukin útgjöld þeirra vegna bjargráða vinstri stjórnarinnar 1958. Í öðru lagi er nú gert ráð fyrir auknum nýjum tekjustofnum til sveitarfélaganna, sem gera miklu meira en vega á móti hinum auknu útgjöldum, en hv. 4. landsk. þm., sem átti sæti í vinstri stjórninni, hann og samráðherrar hans, þeir hreyfðu ekki hönd eða fót til þess, að sveitarfélögin fengju einn einasta eyri til að mæta þeim auknu útgjöldum, sem leiddi af bjargráðum vinstri stjórnarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta dagskrármál, sem fyrir liggur, en nokkur orð í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) gáfu mér þó tilefni til þess að koma hér fram aftur.

Það er alveg rétt, að bæði ég og hv. 5. þm. Vestf. (BF) höfum látið hér í ljós ánægju okkar yfir því, að jöfnunarsjóðsfrv. skuli vera komið fram. Þetta er að sjálfsögðu fyrst og fremst byggt á því, að þetta frv. markar stefnubreytingu á hv. Alþ. Bæjarfélögin hafa um langan tíma með mörgum áskorunum til Alþ. farið fram á, að farið væri inn á einhverja slíka braut og hér er gert í sambandi við tekjuöflun til handa sveitarfélögunum. Við þessu hefur alltaf verið daufheyrzt fyrr en nú, og er það að sjálfsögðu fagnaðarefni frá hendi okkar, sem að þessum málum vinnum úti um landið.

Það, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði um útsvarsstigana, bæði nú í ræðu sinni hér áðan og eins í ræðu sinni, þegar útsvarslagafrv. var til umr. hér í d., bendir alveg ótvírætt til þess og kemur mér satt að segja nokkuð á óvart, að hann sé gersneyddur allri þekkingu á málefnum og rekstri bæjarfélaga. Hann hélt því fram hér í umr., þegar útsvarslagafrv. var til umr., að það ætti að gera Reykvíkinga að

nokkurs konar aðalsmönnum vegna þess, að þeir byggju við lægri útsvarsstiga en bæirnir úti um landið. Þessi hv. þm. veit sjáanlega ekki, að þótt útsvarsstigarnir séu þannig settir eins og þeir eru, er fyrst og fremst í 8. gr. laganna um jöfnunarsjóð gert ráð fyrir, að bæirnir geti eins notað Reykjavíkurstigann og kaupstaðastigann, ef hann nægir þeim.

Það hefur sýnt sig, að margir bæir, sérstaklega á Suðurlandi og Suðvesturlandi, hafa undanfarin ár notað Reykjavíkurstigann og getað aflað sér tekna á þann hátt. Í Vestmannaeyjum árið 1959, þó að við værum þar með stiga, sem niðurjöfnunarnefndin bjó til sjálf, varð útkoman á útsvörum, að þau urðu lægri á sambærilegar tekjur en útsvör hér í Reykjavík. Útsvarsstigarnir eru því enginn mælikvarði á það, hvort menn á þessum eða hinum stað greiði hærra eða lægra útsvar en t. d. gert er ráð fyrir eftir Reykjavíkurstiganum. Það fer alveg eftir því, hver er heildarupphæð útsvaranna á hverjum stað og hver er tekjustofn sá, sem niðurjöfnunarnefndirnar hafa til að vinna úr.

Ef þetta aðalsmerki, sem Karl Guðjónsson var að setja á Reykvíkinga í sambandi við þeirra stiga, ætti að taka raunverulega, þá hefur það skeð í Vestmannaeyjum 1959, að íhaldsstjórnin þar — ég þar með — hefur alveg óafvitandi aðlað þennan hv. þm., 6. þm. Sunnl., með því að láta hann bera lægra útsvar en hann hefði gert, hefði hann verið búsettur hér í Reykjavík. Þessar umr. hans sýna það, að hann virðist ekki hafa gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig útsvarsstigar eru byggðir upp eða hvernig þeir koma út fyrir þá, sem lagt er á eftir þeim. Það getur verið á svo margbreytilegan hátt, eins og ég hef sagt, að þeir eru fyrst og fremst reglur um, eftir hvaða hlutföllum hver einstakur skuli borga, frekar en það, hvort hann endanlega kemur til með að greiða þá upphæð, sem gert er ráð fyrir í stiganum, eftir þeim tekjum, sem þar eru tilgreindar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að tefja hér tímann. En út af því, sem fram hefur komið hér í umr. um það, að hv. stjórnarsinnar, sem hér hafa talað, hafi hælt sinni ríkisstj., þá gat ég afar vel skilið það. Það hefur fallið þeim í skaut annað á þessu þingi, hv. stjórnarsinnum, en að hafa ástæðu til þess að hæla þeirri ríkisstj., sem þeir styðja. Ég álít, að hér sé á ferðinni eitt það skásta frv., sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, og ég gat því vel skilið það, þó að þeir vildu við þetta tækifæri láta koma í ljós, að þeir hefðu einhvern tíma ástæðu til þess að vera sæmilega ánægðir, og hæla þeirri ríkisstj., sem þeir oft og tíðum hafa vafalaust orðið að fylgja af litlum áhuga og enn þá minni ánægju. Ég vil ekki vera að meina þessum hv. þm. það.

Út af þessu frv. vil ég segja það, að mér er ljóst, að þetta frv. kemur til með að létta nokkru á í sambandi við álögur sveitarfélaganna, eins og til er ætlazt, og ég hygg, að ef það nær fram að ganga, eins og ætlazt er til, muni það gera meira en að mæta þeim álögum, sem efnahagsmálin ein út af fyrir sig hafa á sveitarfélögin lagt í bili.

Hins vegar ber á það að líta, að hér eru nokkur atriði, sem geta orkað tvímælis og kannske orðið þess valdandi, a. m. k. fyrir sum sveitarfélögin í landinu; að þau njóti hér lítilla kjara samkv. frv. Í 4. gr. frv., síðari mgr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er sveitarfélag í vanskilum með greiðslu vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.“

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það eru mörg sveitarfélög á landinu, sem eiga eftir að kenna á þessu ákvæði frv., og það er hægt að rökstyðja, að það sé eðlilegt, að ríkissjóður vilji hafa hér einhvern varnagla um. En á hitt má líka benda, að með þessu móti er ríkinu gert auðveldara að innheimta þær ríkisábyrgðir, sem falla í vanskil hjá sveitarfélögum, heldur en aðrar ríkisábyrgðir. Þess vegna eru sveitarfélögin samkvæmt þessu verr sett en þeir aðrir, sem lenda í vanskilum með ríkisábyrgðir. Ég hygg, að í a. m. k. færri tilfellum gangi ríkið að, þó að það hafi veð.

Hins vegar eru hér atriði, sem ég vildi fá frekari upplýsingar um, og vildi ég leyfa mér að beina því til hæstv. fjmrh.: Liggur nokkuð fyrir um það, hvað hugsað er með e-liðnum, þar sem talað er um að styrkja eftir ákvörðun ráðherra tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmd sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga? Á að gera þetta í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og fela því þessa framkvæmd, eða á að gera þetta á annan hátt? Enn fremur vil ég benda á það, að hér er talað aðeins um tvo gjalddaga. Hv. 4. landsk. þm. (HV) fór fram á, að þetta yrði ársfjórðungslega. Ég vildi segja, að það væri til bóta, þótt þeir væru ekki nema þrír, að 15. okt. væri bætt þarna við. Það mun vera svo hjá öllum hinum stærri sveitarfélögum, að innheimta þeirra er með þeim hætti, að þau innheimta nokkurn veginn ákveðið mánaðarlega, og það er afar mikils virði fyrir þá aðila, sem eiga að sjá um framkvæmd í sveitarfélögunum, að þetta sé nokkuð reglubundið. Þess vegna kæmi það sér afar vel fyrir sveitarfélögin, ef þetta gæti verið ársfjórðungslega. En það væri þó bót í máli, að það væru þrír gjalddagar á ári, en ekki tveir. Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. ráðh., hvort það væru ekki möguleikar á því að fá þessu atriði breytt, svo að gjalddagarnir yrðu þrír.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta mál og tek það fram, að ég tel, að að því sé nokkur bót, og það er þá viðleitni til þess að skila nokkru aftur af því, sem af almenningi hefur verið tekið. Ég skil þess

vegna vel, þó að hv. stjórnarsinnar þakki það, því að þeir hafa ekki haft ástæðu til þess að þakka til þessa.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þær ræður, sem fluttar hafa verið um þetta mál á eftir minni framsöguræðu, gefa í raun og veru ekki tilefni til langra andsvara. Ég ætla aðeins að gera örfáar aths.

Hv. 4. landsk. þm. (HV) ræddi um brtt. þá, sem n. flytur við það ákvæði í frv., að félmrh. sé heimilt að halda eftir af framlögum til sveitarfélaganna upp í vanskilaskuldir þeirra vegna áfallinna ríkisábyrgða. Það kom alveg fram hjá honum, hvernig þetta mál leystist í n., og sé ég ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum, en ég vil aðeins benda hv. síðasta ræðumanni á, að frá því, sem er í frv., hefur n. gert þá breyt. á þessu ákvæði, að það verkar ekki aftur fyrir sig. Þetta getur eingöngu átt við um þær skuldir, sem myndast eftir að lögin eru sett. En ég hygg, að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki áttað sig á þessari brtt. Það var aldrei ætlun okkar, sem stóðum að því að semja drög að þessu frv., að láta þetta ákvæði verka aftur fyrir sig, og um það var alveg fullt samkomulag í heilbr.- og félmn. að gera umrædda breytingu.

Þá vil ég aðeins taka fram út af því, hvort greiða eigi sveitarfélögunum framlög þeirra missirislega eða ársfjórðungslega eða kannske þrisvar á ári, að það atriði mun verða athugað á milli umr., eins og hv. 4. landsk. gat um. Skrifstofustjóri félmrn. telur nokkra tæknilega örðugleika á þessu, en ef það sýnir sig, að þeir séu yfirstíganlegir, mun þetta atriði verða endurskoðað.

Þá ræddi hv. 4. landsk. nokkuð um það, að skerðingarákvæðin í frv. mundu einkum bitna á minnstu sveitarfélögunum, og er það rétt. En hins vegar verða menn að athuga, að minnstu sveitarfélögin hafa flest hver minni sameiginlegar þarfir en kaupstaðir. Og flest þeirra hafa yfirleitt ekki nema eina tegund útsvara, þ. e. útsvör þau, sem eru lögð á persónulegar tekjur, en aftur á móti munu fá þeirra leggja á veltuútsvör, eins og kaupstaðir gera. Eins og hér hefur komið fram, eru veltuútsvörin í flestum stærri kaupstöðum utan Reykjavíkur 20% af útsvarsupphæðinni. Hér í Reykjavík eru þau 14% af útsvarsupphæðinni og á Akureyri eru þau 8% af útsvarsupphæðinni.

Hv. 4. landsk. þm. benti á það réttilega, að útsvarsstiginn í frv. um breytingu á útsvarslögunum, sem er reyndar ekki hér til umr., byrjar býsna neðarlega, og ræddi í því sambandi um hættu á því, að ellilífeyrisþegar mundu lenda í útsvari. Þetta er rétt, ef maður lítur bara á útsvarsstigann og upphæð ellilífeyrisins. En hins vegar er mér kunnugt um, að í flestum sveitarfélögunum eru ellilífeyrisþegar útsvarsfríir, nema því aðeins að þeir hafi aðrar tekjur, og það hafa einmitt þeir oddvitar, sem sömdu þennan útsvarsstiga, staðfest.

Ég tel það réttmæta ábendingu hjá hv. 4. landsk. þm., hvort ekki væri rétt að setja inn ákvæði um endurgreiðslu á aukaframlögum frá þeim sveitarfélögum, sem slíkra framlaga verða aðnjótandi, og ég tel, að þegar þessi löggjöf verður endurskoðuð, sem verður áreiðanlega fljótlega, væri ástæða til að athuga það mál.

Hæstv. fjmrh. hefur tekið af mér ómak að svara hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) varðandi hugleiðingar hans um þetta mál. Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. tók fram, að undanfarið, þegar gerð hefur verið gengisbreyting, hefur ekki verið tekið neitt tillit til þess, hvaða áhrif slík breyting mundi hafa á fjárhag sveitarfélaganna, og þetta er í fyrsta skipti, sem hlustað er á þær kröfur sveitarfélaganna að láta þau verða nýrra tekjustofna aðnjótandi. Að því leyti til er hér um algera stefnubreytingu að ræða, og ég fagna þeirri stefnubreytingu, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, og ég veit, að það munu sveitarstjórnarmenn um allt land gera. Það gerði reyndar sveitarstjórnarmaðurinn hv. 3. þm. Vesturl. (HS) hér áðan, þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að frv. kæmi til með að létta nokkuð álögur sveitarfélaganna og mundi jafnvel gera meira en að mæta þeim útgjaldahækkunum þeirra, sem af efnahagsráðstöfunum leiðir. Þetta er alveg hárrétt.

Það hafa orðið hér nokkrar umr. í þessu sambandi um annað mál, sem er náskylt, þ. e. um útsvarsstigana. Ég skal ekki fyrir mitt leyti blanda því máli inn í þessar umr. En í tilefni af hugleiðingum hv. 6. þm. Sunnl. um það efni og þeim tölum, sem hann nefndi t. d. um það, hvað menn yrðu að greiða mismunandi há útsvör eftir þeim útsvarsstigum, sem eru í frv. um útsvarslagabreytinguna, vil ég aðeins benda hv. 6. þm. Sunnl. og öðrum á það, að þessi mismunur hefur verið enn þá meiri að undanförnu en hann mundi verða eftir till. okkar í því frv., ef þær ná fram að ganga.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið, sé ég aðeins ástæðu til þess að rísa enn úr sæti, enda þótt ekki sé um að ræða mikinn ágreining um stuðning við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef áður lýst því yfir, að ég tel það til bóta, svo langt sem það nær, og mun að sjálfsögðu greiða því atkv. En það er sumt af því, sem fram hefur komið í umr., sem ég sé ástæðu til þess að líta svolítið frekar á.

Í sambandi við það, sem sagt hefur verið hér um útsvarsstigana, hefur það helzt verið fært fram til varnar því að hafa það svo sem frv. gerir ráð fyrir, að þessir stigar séu ekki endanlegir, þetta sé ekki lögfesting á einum stiga, sem gilda skuli hverju sem tautar og raular. Þetta er rétt. Ég vil viðurkenna það, að frv. gerir ráð fyrir því, að út frá þessum stigum megi breyta útsvörum. En þeir eiga þó að vera hlutfallið. Breyt. felst hins vegar í því, að ef tekjuþörf viðkomandi sveitarfélags eða bæjarfélags er meiri eða minni en sú útsvarsálagning, sem stiginn gerir ráð fyrir, þá má hreyfa gjöldin til. Engu að síður er þetta lög-

festing á hlutum, sem eru líklegir til þess að verða leiðarsteinn fyrir sveitarstjórnirnar við álagningu, og er þar af leiðandi nokkurs konar viljayfirlýsing Alþingis, en hún er að sjálfsögðu stefnumótandi að verulegu leyti. Þar af leiðandi, þó að stigarnir séu ekki óhreyfanlegir, ekki óumbreytanlegir, eru þeir samt sem áður sú leið, sem Alþingi markar, og að því leyti tel ég hana vera slæma, að hún mismunar þegnum landsins, líka þeim, sem þurfa nákvæmlega sams konar þarfir að uppfylla, en það tel ég að séu nákvæmlega sams konar þarfir, sem íbúarnir í Reykjavík og íbúarnir í öðrum kaupstöðum landsins þurfa sameiginlega að framkvæma.

Varðandi það, sem hæstv. fjmrh. hafði hér til málanna að leggja, kemur enn fram sú sorglega staðreynd, að við erum ekki ævinlega sammála um tölur. Hann telur, að ég og hv. 4. landsk. þm. (HV), sem lét orð falla nokkuð á sömu leið og ég, munum hafa hagað máli okkar eins og við gerðum sökum þess, að við höfum enga tölulega grein gert okkur fyrir því, hver áhrif efnahagsráðstafana ríkisstj. mundu verða á útgjöld bæjarfélaganna. Nú skal ég að vísu játa það, að ég hef ekki sett upp reikninga neins heils bæjarfélags um þetta. En ég tel ekki heldur, að þess sé þörf til þess að gera sér grein fyrir því, að bæirnir yfirleitt tapa á þeim efnahagsráðstöfunum, sem þetta þing hefur gert, enda þótt til komi jöfnunarsjóðstekjurnar, sem bæirnir fá væntanlega í gegnum jöfnunarsjóð af söluskatti, og vil ég nú aðeins nefna tölulega örfá dæmi um þetta og biðja þá hæstv. ráðh., ef ég fer með rangt mál, að hrekja það, sem ég segi.

Ef við lítum hér rétt suður fyrir höfuðborgina, suður í Hafnarfjörð, stendur svo á með þann kaupstað, að samkvæmt íbúafjölda mun hann eiga von í að fá af söluskattinum í gegnum jöfnunarsjóð 2—2.2 millj. kr. Á hinn bóginn er nýbúið að skipa þar á land járni í eitt bryggjuþil, sem bærinn ætlar að reka niður á þessu ári. Hækkunin á þeim eina lið, járninu í bryggjuna í Hafnarfirði, nemur 1½ millj. kr. Auk þess er þessi bær með á prjónunum skólabyggingu, íþróttahúsbyggingu og ýmislegt fleira, og á þessum tilteknu liðum er sýnilegt að hverfa muni að öllu það jöfnunarsjóðsgjald, sem þessi bær á von í. En auk þess er þessi bær að kaupa togara. Það var áætlað, að togarinn mundi kosta 25 millj. kr. Eftir efnahagsráðstafanir ríkisstj. er sýnilegt, að togarinn Maí, sem kemur væntanlega á þessu vori til Hafnarfjarðar, muni ekki kosta 25 millj., heldur 40 millj. Ætli bærinn fái þetta upp borið af jöfnunarsjóðsgjaldinu? Þá kann hæstv. fjmrh. meira fyrir sér en ég í töluvísi, ef hann getur sannað hagnaðinn, sem Hafnarfjarðarbær hefur af þessu.

Ef við lítum í hina áttina frá Reykjavík, upp á Akranes, og skoðum, hver áhrif efnahagsráðstafanirnar hafa á fjárhag þess bæjar, þá hef ég nú orðið var við það í fjvn., að þar hafa verið lögð fram sönnunargögn, sem ég tel algerlega óyggjandi, um það, að útgjöld hafnarinnar, sem er að heita má fullbyggð höfn, en verður að standa undir allmiklum lánum, sem tekin voru til hafnargerðarinnar, hækka á þessu yfirstandandi ári um því sem næst 2.4 millj. Á hinn bóginn mun Akraneskaupstaður eiga von í því að fá 1—1.2 millj. kr. úr jöfnunarsjóði. Ætli hann hagnist ekki óskaplega á ráðstöfunum ríkisstj.? Það væri a. m. k. gott fyrir þá á Akranesi að vita það, ef þeir eiga hagnaðarvon af ráðstöfunum ríkisstj., því að ég veit til þess, að þar er nokkur uggur í mönnum um hið gagnstæða.

Ég sé ástæðu til þess að víkja aðeins að mínu heimabyggðarlagi í leiðinni, Vestmannaeyjakaupstað. Hann mun eiga von í að fá nú úr þessum jöfnunarsjóði um 1½ millj. kr. Hann ráðgerir hins vegar kaup á járnþili líkt og Hafnarfjarðarbær á þessu ári. Hvort hækkunin á því kemur til með að nema nákvæmlega sömu upphæð og í Hafnarfirði, veit ég ekki með vissu, en mér þykir líklegt, að í það eitt fari jöfnunarsjóðsgjaldið, verðhækkunina á því. En auk þess hefur Vestmannaeyjahöfn á þessu ári gert smíðasamning um hafnarbát, bara einn lítinn bát, til þess að flytja hafnsögumenn um höfnina í Eyjum og til annarra þarfa innan hafnar. Á þessum eina bát verður verðhækkun, sem nemur 2—3 millj., fyrir efnahagsaðgerðir ríkisstj. Það kæmi sér líka ágætlega fyrir okkur Vestmanneyinga, ef hæstv. fjmrh. getur bent okkur á það, svo að gagni verði, að við höfum hag af þessum ráðstöfunum hans.

Ég hirði ekki um að rekja þessa sögu öllu lengra, en vænti þess, að hæstv. ráðh. geti sýnt mér fram á, að það, sem ég og hv. 4. landsk. þm. höfum hér sagt, sé fleipur eitt. Það mundi gleðja mig, ef svo væri. En uggur minn stendur nú enn um það, að hér hafi ríkisvaldið, Alþingi undir forustu ríkisstj., farið einmitt þannig að, að það séu hinar þyngstu búsifjar fyrir bæi landsins, enda þótt til komi það jöfnunarsjóðsgjald, sem hér er til umræðu.

Svo vil ég að lokum spyrja hæstv. fjmrh. alveg beint. Hann sagði hér áðan, að það hefði verið gerður útreikningur á þessu. Ég vil spyrja: Hjá hvaða bæjarfélagi, hjá hvaða sveitarfélagi eða félögum hefur sá útreikningur verið gerður? Og ég vil óska alveg sérstaklega eftir því, að á Alþ. verði gefin skýrsla um hann, þann reikning, sem kann að sýna það hjá hæstv. fjmrh., að hér sé um að ræða aukinn og bættan hag hjá bæjarfélögunum, þegar saman er lagt það frv., sem hér er um að ræða, og aðrar þær ráðstafanir, sem af stjórnarvaldanna hálfu hafa verið gerðar á þessu ári. Ég mun fagna því, ef sú er útkoman. En á meðan ég ekki sé slíka útreikninga, hef ég mínar hugmyndir, og þess vegna óska ég alveg sérstaklega eftir því, að hæstv. fjmrh. leggi slíka útreikninga fullgerða fyrir tiltekin og ákveðin bæjarfélög eða sveitarfélög í landinu fram hér á Alþingi, svo að við alþm. þurfum ekkert að vaða í villu og svíma um það, hvað hér er að ske.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. tók til máls, vænti ég þess fastlega, að hann mundi upplýsa eitthvað málinu viðkomandi og mundi umfram aðra menn verða málefnalegur í sinni ræðu. En sannleikurinn er þó sá, að einasti maðurinn, sem hér hefur tekið til máls um þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar og verið ómálefnalegur, er hæstv. fjmrh., hann hefur ekki komið nálægt málefninu.

Hann gaf í skyn, að hann byggi yfir tölulegum athugunum og útreikningum, sem sýndu það, að útgjaldaaukning sveitarfélaganna vegna efnahagsmálaaðgerða ríkisstj. væri ekki verulegri en svo, að þær tækju bara helminginn af því, sem þetta frv. gæfi, hinn helminginn í afgang. Ég tek undir það með hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), að mig langar til að fá að sjá þessa útreikninga, svo að reynslan gæti lagt sinn dóm á þá á þessu ári, sem þeir eiga að prófast á. Það dugir engin silkitungumýkt til þess að hverfa svo um fyrir okkur að gefa í skyn einhverja tölulega vísdóma og liggja svo á þeim. Nei, það er bezt að þessar tölur komi, svo að þær verði athugaðar og fái dóm reynslunnar.

Það stendur einhvers staðar í einhverjum plöggum hæstv. ríkisstj., — ég hygg, að það sé í grg. með útsvarsfrv., — að það séu líkur til þess, að þær greiðslur, sem kaupstaðirnir fái úr jöfnunarsjóðnum, muni nema 10—12% af álögðum útsvörum þeirra, líklega miðað við s. l. ár. Eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. á sú útgjaldaaukning, sem efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj. hafa bakað sveitarfélögunum, yfirleitt ekki að vera nema 5—6%. Það hefur verið kallað 5—6% útsvarshækkun. Hver trúir? Ekki ég. Líklega eru það margir fleiri, sem trúa því ekki.

Eitthvað voru þeir að gefa það í skyn, að útgjaldaaukningin hjá einstaklingi, hjá þegnunum, muni nema um 13%, og því trúir heldur enginn, því að það vita allir, að útgjaldaaukningin hjá einstaklingnum í þjóðfélaginu vegna efnahagsmálaaðgerða ríkisstj. verður a. m. k. tvöfalt það. En fyrir sveitarfélögin á hún bara að vera tæpur helmingurinn af því, sem þeir áætluðu að efnahagsmálaaðgerðirnar mundu kosta einstaklinginn. Og það þarf sannarlega málsnjallan fjmrh. til að gera mönnum grein fyrir þessu, sannfæra þá um þetta, og það er alveg ástæðulaust að liggja á slíkum hugguarríkum vísdómi.

Hv. 6. þm. Sunnl. nefndi hér bæjarfélög til beggja handa við Reykjavík, þau ætluðu að laga hjá sér hafnirnar, og þau þurfa náttúrlega sitt hvað að gera. Það gerist á hverju einasta ári hjá bæjarfélögunum, og vafalaust hefði hann mátt koma við í Reykjavík og taka bara einn eða tvo framkvæmdaliði hjá Reykjavíkurbæ, og mundi þá sennilega koma í ljós, að fljótt saxaðist á limina hans Björns míns, að fljótlega saxaðist á tillagið, sem Reykjavíkurbær fær úr jöfnunarsjóðnum, vegna þeirra verðhækkana, beinu verðhækkana, sem verða á hverjum einasta framkvæmdalið hjá hverju bæjarfélagi. Efast ég þá ekkert um, að útkoman yrði sú hin sama sem hv. 6. þm. Sunnl. komst að niðurstöðu um að því er snerti Hafnarfjarðarbæ og Akraneskaupstað. En ég veit, hver er hugsunarháttur hæstv. ríkisstj. Hver getur reiknað með því, að bæjarfélögin séu með framkvæmdir? Þau áttu að stöðva allar framkvæmdir. Tilgangurinn með öllum efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj. var að stöðva allar framkvæmdir í landinu. Og þá er hægt kannske með því móti að hafa einhvern afgang af þeim huggunareyri, sem sveitarfélögin fá í gegnum þetta jöfnunarsjóðsfrumvarp, en öðruvísi ekki. Ef þau hafa framkvæmdir með höndum, verður lítið úr þessum peningum.

Það eina, sem hæstv. ráðh. lagði til málanna í sinni ræðu áðan, var það, að útgjaldaaukning, sem sveitarfélögin hefðu fengið á sig á dögum vinstri stjórnarinnar vegna efnahagsmálaaðgerða, sem þá voru gerðar, hafi ekki verið bætt með nýjum tekjustofnum þá til sveitarfélaganna. Það er út af fyrir sig rétt. En vinstri stjórnin gerði annað, sem getur jafnazt á við tekjustofn eins og þennan fyrir sveitarfélögin. Vinstri stjórnin varði allmiklum fjárhæðum til þess að dreifa fjármagni út um landið og undirbyggja atvinnulífið, og það er á við góðan tekjustofn til sveitarfélaganna, að atvinnulífið sé eflt. En hvað er nú? Nú er ætlazt til þess, að hver þröskuldurinn eftir annan verði lagður í götu atvinnulífsins í landinu. Ég hef ekki enn hitt einn einasta atvinnurekanda, sem hefur viljað fallast á það, að nú sé blómlegt og bjart útlit, nú sé betri aðstaða hjá atvinnuvegunum en áður var, heldur barma þeir sér allir.

Hér eru þó menn innan veggja, sem gætu sannarlega gert meira að segja tölulega grein fyrir því, hversu mjög nú vænkist hagur sjávarútvegsins og annarra framkvæmda í landinu vegna efnahagsmálaaðgerða ríkisstj. Ef svo er, getur það verið á móts við drjúgan tekjustofn. En ég hygg, að sveitarfélögin hafi ekki fengið aukna erfiðleika á dögum vinstri stjórnarinnar með það að ná endum gjalda og tekna saman, sökum þess að atvinnulífið tók þá fjörkipp upp á við og gjaldstofnar allir urðu þannig traustari á að byggja og auðveldara fyrir sveitarfélögin að ná endum tekna og gjalda saman.

Ef maður ætlar nú að kaupa sér fiskiskip, er þá búið að auðvelda það fyrir honum? Nei, það er búið að torvelda það og það allískyggilega, þannig að litlar líkur eru til, að fiskiskip verði yfirleitt keypt í landið á þessu ári, meðan holskefla efnahagsmálaaðgerða núv. ríkisstj. ríður yfir. Og skip ganga úr sér, og það er kannske frekar hætt við, að efnahagsmálaaðgerðirnar verði til þess að stöðva endurnýjun og aukningu hjá undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og þannig veikja grundvöll þeirra tekjustofna, sem sveitarfélögin hafa á að byggja. Gæti þar fljótt munað til aukinna erfiðleika, hvað sem þetta frv. að einhverju litlu leyti kann að bæta úr.

Ég vék að nokkrum efnisatriðum frv., þ. á m.

því, að óskir hefðu verið uppi í n. um það að fá aðra breyt. á 4. gr. frv., þá breyt., að eins og ríkið innheimtir söluskattinn fjórum sinnum á ári, þá greiddi það söluskattinn einnig fjórum sinnum á ári til sveitarfélaganna. Tveir meðnm. mínir hafa talað hér nú, eftir að ég hélt ræðu mína áðan, en hafa ekki vikið að þessu. Ég heimta ekki endilega svör af þeim nú undir þessari umr., en veit, að þeir taka það til athugunar, eins og þeir lofuðu í n., hvort þetta geti ekki orðið, að gjalddagar jöfnunarsjóðsframlagsins til sveitarfélaganna yrðu fjórir. Hins vegar játa ég, samkv. ábendingu hv. 3. þm. Vesturl. (HS), að það væri strax til bóta, að gjalddagarnir yrðu þrír. En ég hygg, að hitt mundi vera framkvæmanlegt, að þeir yrðu fjórir eins og hjá ríkinu og að gjaldið kæmi þá í lok þess mánaðar, sem ríkið innheimti skattinn til sín.

Við því atriði, hvort fallizt yrði á það, að skerðingarákvæðin, sem bitna á fámennum og fátækum sveitarfélögum, fengjust niður felld að því athuguðu, hvað þessi sveitarfélög verða að ganga nálægt gjaldþegnum sínum, ef sýnilega er talin þörf á að byrja að leggja útsvör á 3000 kr. árstekjur, hef ég ekkert svar fengið, og mundi það þá helzt vera hæstv. fjmrh., sem gæti látið uppi skoðanir um það, hvort á það yrði fallizt eða það nokkuð tekið til athugunar. Hins vegar vil ég segja það, að við þá breyt., sem n. féllst á við frv., er búið að breyta þessari lagasetningu verulega. Þau eru mörg sveitarfélögin, sem skulda mjög háar upphæðir vegna áfallinna ríkisábyrgða. Og það er gefinn hlutur, að ef frv. hefði verið samþ. í því formi, sem það kom frá hæstv. ríkisstj., hefði þetta fyrst og fremst orðið innheimtustofnun fyrir ríkissjóðinn, en ekki til þess að létta þeim búsifjarnar af dýrtíðarauknингu þeirri, sem ríkisstj. hefur skapað.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég sagði hér áðan fáein orð um það, að allar líkur væru til þess, að útgjöld sveitarfélaganna vegna efnahagsráðstafananna mundu hvergi nærri hækka til jafns við hluta þeirra af söluskatti. Það leiðir að sjálfsögðu til þess líka, að fullyrðingar hv. 4. landsk. þm. (HV) um, að útsvör í landinu muni yfirleitt hækka á þessu ári, fá engan veginn staðizt. Ég tel allar líkur til þess, að útsvörin í landinu lækki yfirleitt. Ég veit með vissu, að þau lækka hér í Reykjavík frá því, sem var á s. l. ári, og sem sagt, það eru allar líkur til þess, að yfirleitt í sveitarfélögunum geti útsvörin lækkað.

Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) hugðist nú hrekja þetta allt saman. Hann segir: Í hlut Hafnarfjarðar koma 2.2 millj. af söluskattinum, og nú er Hafnarfjörður að kaupa togara og hann hækkar nú í verði um 15—20 millj. Þarna sjáið þið, hvort Hafnarfjörður skaðast ekki á þessu öllu saman. — Og hann segir enn fremur, að kostnaðurinn við hafnargerðina hækki verulega o. s. frv. Ég hafði ekki búizt við því af þessum reynda og greinda þm., sem fengizt hefur mikið við fjármál sem formaður og meðlimur fjvn., að hann skuli leyfa sér aðra eins rökvillu og þetta. Til þess að einhver heil brú væri í þessu, ætti það að liggja fyrir, að Hafnarfjörður ætlaði úr sínum sjóði, af sínum árlegu tekjum að borga út þennan togara, 40 millj., á þessu ári. Þá væri einhver heil brú í þessu. Þannig liggja nú málin alls ekki fyrir. Sá togari, sem Hafnarfjörður er að kaupa, er auðvitað að langsamlega mestu leyti fenginn fyrir lánsfé, og er þá spurningin aðeins þessi: Hve mikið þarf sá hluti, sem bæjarsjóður Hafnarfjarðar kann að ætla í sinni fjárhagsáætlun í þessu skyni, að hækka hlutfallslega vegna efnahagsaðgerðanna? Og í rauninni gegnir alveg sama máli um hafnarmannvirki. Það er ekki hægt að leggja dæmið þannig fyrir eins og hv. 6. þm. Sunnl. gerir, heldur er spurningin þessi: Sú fjárveiting, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að hafa á fjárhagsáætlun sinni á þessu ári til hafnarmannvirkja, hvað þarf hún að hækka hlutfallslega vegna efnahagsaðgerðanna?

Hins vegar er eitt tilfelli alveg sérstaks eðlis, og kom hv. þm. aðeins inn á það, og það er Akraneskaupstaður vegna Akraneshafnar. Vegna þess, hve mikið erlent lánsfé hefur verið tekið vegna byggingar Akraneshafnar og að það eru lán til skamms tíma, hækka vegna gengisbreytingarinnar vextir og afborganir ákaflega mikið á þessu ári og allra næstu árum af þessum ástæðum. Það eru alveg óvenjulegar ástæður, sem ég ætla að enginn annar kaupstaður eigi við að búa: Af þeim ástæðum voru einnig við afgreiðslu fjárlaga gerðar alveg sérstakar ráðstafanir. Það var veitt í fjárlögum 1½ millj. kr. til þess að koma til móts við þessar sérstöku þarfir.

Út í þessi mál skal ég svo ekki fara að öðru leyti en því, að það er náttúrlega ákaflega mikill fagnaðarboðskapur fyrir okkur, og ég hef alls ekki heyrt hann fyrr, sem hv. 4. landsk. þm. (HV) segir. Hann segir: Sveitarfélögin hafa eiginlega aldrei átt jafngott, haft jafngóða daga og á tímum vinstri stjórnarinnar, því að þá tók atvinnulífið allt fjörkipp og efnahagslífið allt var traustara en nokkru sinni fyrr eða síðar. — Ja, það var nú meiri traustleikinn. Traustleikinn á sjálfri stjórnarskútunni var þannig, að ég man ekki betur en að í lok ársins 1958 liðaðist hún sundur og brotnaði í spón. Af hverju? Vegna þess, eins og forsrh. lýsti yfir, að í þessari stjórn var traustleikinn ekki meiri en svo, að einmitt í efnahagsmálunum var ekki nokkur samstaða um eitt einasta úrræði til lausnar þeim. Það var svona mikill traustleikinn í efnahagsmálunum, stjórnin sprakk, brotnaði í spón. En einn meðlimur þessarar stjórnar rís svo hér upp hálfu öðru ári síðar og segir, að þetta hafi verið svo traust stjórn og efnahagslífið svo traust, að sveitarfélögin hafi aldrei í sögu Íslands átt jafngóða daga.

Út af ummælum, sem hér hafa fallið varðandi 4. gr. frv., þar sem segir, að framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna skuli greitt mánaðarlega eftir á fyrir 15. júlí og 15. jan. ár hvert,

vil ég aðeins taka það fram, að þetta ákvæði að hafa tvo gjalddaga stafar eingöngu af, — ég veit ekki, hvort maður á að kalla það af tæknilegum ástæðum til að spara vinnu í því rn., félmrn., sem á að hafa þetta með höndum. Ráðuneytisstjórinn taldi, að það væri nokkur aukavinna að hafa 3 eða 4 gjalddaga. Mér sýnist hins vegar sjálfsagt að ganga til móts við þær óskir, sem fram hafa komið um þetta, og vildi því leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. um það, að gjalddagar yrðu þrír í stað tveggja, þannig að 1. mgr. orðist svo:

„Framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkv. 2. gr. skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar."

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 307) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 307 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 286 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 308).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Alþingi afgr. fyrir skömmu lög um söluskatt. Í þeim var svo ákveðið, að hluti söluskattsins skyldi renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og þaðan úthlutað til sveitarfélaganna. Var svo ákveðið, að þetta skyldi vera 1/5 hluti þess almenna söluskatts, sem ákveðinn var 3%, og enn fremur fimmtungur þess 8% innflutningssöluskatts, sem ákveðinn var til bráðabirgða. Um leið þurfti að sjálfsögðu að endurskoða lög um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar sem hlutverk hans breyttist að verulegu leyti.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af þeirri hinni sömu n. sem falið hefur verið að endurskoða gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaganna og skilað hefur þegar tveimur frv., sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, frv. til bráðabirgðabreyt. á útsvarslögum og þessu frv.

Aðalatriði þessa frv. eru þau, að jöfnunarsjóður skuli nú fá það hlutverk að úthluta þessu fé, fimmtungi söluskattsins, og í 2. gr. segir, hvernig sú úthlutun skuli fara fram. Sveitarfélögin eiga að fá hluta af söluskattinum í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan. Þó er sett sú takmörkun á, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár. Eins og kunnugt er, eru fjárþarfir og framkvæmdir sveitarfélaganna ákaflega misjafnar. Í sumum hinum fámennari sveitarfélögum er lítið um framkvæmdir og ekki ýkjamikil fjárþörf, og mundi því svo fara sumum þeirra, að sá hluti af söluskattinum, sem í þeirra hlut félli eftir íbúatölu, mundi nægja eða allt að því nægja fyrir öllum útgjöldum sveitarfélaganna, m. ö. o., að slíkt sveitarfélag gæti þá sloppið að verulegu leyti eða öllu leyti við útsvarsálagningu. Þetta þykir ástæðulaust, og hefur því verið sett þetta ákvæði, sem ég gat hér um, að ekkert sveitarfélag fái þó hærra framlag af söluskattinum en 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár.

Hins vegar er í ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. ákveðið, að framlag nú á þessu ári megi ekki vera hærra en 35% af álögðum útsvörum 1959, og segir svo um þetta atriði í grg. frv.: „Þar eð slíkt framlag, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, er nýmæli, svo að sveitarfélög fá nú verulegan tekjuauka, sem lækkar útsvörin í mörgum sveitarfélögum hlutfallslega mjög mikið, yrði lækkunin á útsvörum þeirra nú á fyrsta ári óeðlilega mikil, ef ekki væri í fyrsta skipti miðað við lægri hundraðshluta en gert er ráð fyrir, þegar framlagið hefur valdið lækkun útsvaranna".

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því sem fyrsta hlutverki jöfnunarsjóðs að úthluta fé samkv. 2. gr., eins og ég nú hef gert grein fyrir, hluta af söluskattinum. Í öðru lagi að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, samkv. lögum um eftirlit með sveitarfélögum, og er þetta óbreytt ákvæði frá gildandi lögum. Í þriðja lagi að leggja út greiðslur milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkv. framfærslulögum o. s. frv., — það er einnig óbreytt frá því, sem nú er. Í fjórða lagi að greiða aukaframlag til sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör á lögð samkv. frv. um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum og nánar verður skýrt í sambandi við það frv. Og loks að styrkja eftir ákvörðun ráðh. tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

Hér er um að ræða málefni, sem oft hefur verið rætt í samtökum sveitarfélaganna, og gert ráð fyrir, að ráðstöfun þessa fjár yrði í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Um langan aldur hefur það verið mikið kappsmál sveitarfélaganna að fá nýjan tekjustofn til viðbótar útsvörunum, sem að undanförnu og um langan aldur hafa verið svo til eini

tekjustofn sveitarfélaganna. Það hefur ekki fengizt. En með þessu frv. og þeim lögum, sem þegar hafa verið sett um söluskatt, er stigið allstórt spor í þá áttina að verða við þessum eðlilegu — ég vil segja sjálfsögðu óskum sveitarfélaganna að fá þeim þarna nýjan tekjustofn.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða við 1. umr. þessa máls að minna á það, að þegar Alþ. og ríkisstj. eru farin að viðurkenna það, að sveitarfélögin og bæjarfélögin í landinu hafi það mikil útgjöld, að þau geti ekki sjálf risið undir þeim án þess að fá einhverja aðstoð frá hinu opinbera, þá hlýtur að sjálfsögðu um leið að vera um ýmsar leiðir að velja til að létta bæjar- og sveitarfélögunum byrðarnar, vegna þess að ég tel, að megnið af þeim útgjöldum, í það minnsta sem sveitarfélögin hafa, séu lögbundin. Þau eru til komin fyrir tilstilli Alþ., og því hefur Alþ. það í hendi sér að létta þær byrðar á þann veg að breyta þeim lögum, sem leggja þessar byrðar á. En í staðinn á að stofna til nýrrar skriffinnsku hjá hinu opinbera og endurgreiða bæjar- og sveitarfélögunum frá ríkinu til þess að létta undir með þeim, svo að þau geti betur risið undir þeim böggum, sem á þau hafa verið lagðir af Alþ. og ríkisstj. nú og að undanförnu. Og á ég þar sérstaklega við tvennt, sem er með stærstu útgjaldaliðum hjá bæjar- og sveitarfélögum, a. m. k. sveitarfélögunum. Það má vera, að framkvæmdir hjá ýmsum bæjarfélögunum séu stærstu útgjaldaliðirnir, ég hef ekki kynnt mér það, en ég veit um sveitarfélögin sem slík, að þar eru stærstu útgjaldaliðirnir til Tryggingastofnunar ríkisins og til sjúkrasamlaganna. Og ég álít, að það hefði verið miklu skynsamlegra, af því að nú hafa verið miklar breytingar gerðar á lögum um almannatryggingar og einnig að því er varðar sjúkrasamlagskostnað, að ríkið hefði tekið meiri þátt í kostnaði við þessa starfsemi og í gegnum það létt sveitarfélögunum byrðarnar án þess að stofna til nýrra fyrirtækja eða skrifstofu í því sambandi. Það hefði því mátt algerlega láta þann hluta af söluskattinum, eigi minna en 56 millj., ganga til að létta undir með sveitarfélögunum á þann hátt, í staðinn fyrir að fara að færa þetta út og inn, — ég held helzt hjá ríkinu sjálfu, því að ég hygg, að í fæstum tilfellum komi þessir peningar nokkurn tíma í hendur bæjar- eða sveitafélaganna. Þetta verður að mestu leyti tilfærsla á ríkisskrifstofunum sjálfum, þar sem verið er að færa úr öðrum vasanum og yfir í hinn og stofna til aukinnar vinnu og aukins kostnaðar, sem hægt hefði verið að spara sér, ef aðrar leiðir, sem hefðu náð sama árangri, hefðu verið farnar.

Með frv. þessu fara einnig, ef að lögum verður, mjög vaxandi afskipti þess opinbera af rekstri bæjar- og sveitarfélaga, og tel ég það miður farið, og það er áreiðanlegt, að það er hverju bæjar- og sveitarfélagi hollast að hafa sem mesta sjálfsstjórn, og hefði verið að sjálfsögðu mjög æskilegt, að aðrar leiðir hefðu verið farnar í þessum efnum, til þess að bæjarfélögin og sveitarfélögin ekki síður hefðu sjálf getað nokkurn veginn án íhlöndunar frá Alþ. og ríkisstj. aflað þeirra tekna, sem þau þurfa til eigin þarfa, en ríkið hefði aftur tekið að sér að greiða meira af þeim hluta, sem það hefur til þessa lagt á bæjar- og sveitarfélögin í landinu.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þetta nú við 1. umr. þessa máls, vegna þess að ég tel hér um þýðingarmikið atriði og þýðingarmikið mál að ræða, þar sem hefði verið hægt að hafa miklu meiri sparnað í för með sér í þessu tilfelli og ná sama árangri, en hefur ekki verið látið neitt á bóla. En vera má, að þetta atriði verði tekið til endurskoðunar, þegar hagfræðideild fjmrn. tekur til starfa undir forsæti hæstv. núverandi fjmrh.

Að sjálfsögðu er margt annað, sem vert er að minnast á í sambandi við þetta frv., en á þessu stigi ætla ég ekki að ræða meira, en mun gera það við 2. og 3. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 314).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. með einni breyt., eins og frá greinir í nál. á þskj. 314. Sú breyt. er við b-lið 3. gr. frv. Í frv., eins og það nú liggur fyrir, er í b-lið 3. gr. vitnað til ákveðinnar greinar, sem er í frv. til laga um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum, en það frv. er nú til meðferðar í hv. Nd. Alþ. og hefur ekki enn verið lögfest. Bæði þessi frv., það frv., sem hér er til meðferðar, og frv. um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum, voru samin af einni og sömu nefnd og samtímis, og nefndin hafði vitanlega ekki aðstöðu til þess að vita, hvort frv. yrði fyrr afgr. sem lög frá Alþ. En nú má hins vegar telja, að það sé öruggt, að þetta frv., sem hér er til umr., hljóti fullnaðarafgreiðslu á undan útsvarslagafrumvarpinu, og því telur heilbr.- og félmn., að breyta beri niðurlagi b-liðar 3. gr., sem vitnar, eins og ég áður sagði, í grein, sem enn þá liggur aðeins fyrir í frumvarpsformi, og leggur n. því til, að b-liður 3. gr. orðist svo: Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör.

Þegar nú hefur verið lögfest, að hluti af söluskatti skuli renna til sveitarfélaganna, og þar með verið komið til móts við ítrekaðar

óskir þeirra í því efni, þótti óhjákvæmilegt að breyta gildandi ákvæðum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fella jafnframt niður ákvæði framfærslulaganna um jöfnun framfærslukostnaðar, sem þegar eru orðin úrelt. Er með frv. þessu lagt til, að þetta verði gert, sem sé að breytt verði ákvæðum um jöfnunarsjóðinn og afnumin ákvæði framfærslulaga um jöfnun framfærslukostnaðar.

Í grg., sem frv. fylgdi, segir enn fremur, að þótt með því sé lagt til, að sett verði sjálfstæð löggjöf um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, sé þó gert ráð fyrir, að ákvæði frv. verði felld inn í löggjöfina um sveitarstjórnarmál, sem nú er í endurskoðun. Og einnig segir í grg., að líta beri á frv. sem bráðabirgðalausn, sem ætla megi, að ýmsar breytingar verði gerðar á í sambandi við lokatillögur um þessi efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. eða einstakar greinar þess.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og nál. hv. heilbr.- og félmn. ber með sér, kemur þar fram fyrirvari frá minni hendi og einnig frá hendi hv. 9. þm. Reykv. um það, að við mælum með samþykkt frv. sem bráðabirgðalöggjafar.

Ég vil nú gera lítils háttar grein fyrir því, hvaða afbrigði það er í frv., sem ég tel að ekki megi vera nema til bráðabirgða. Ég er fullkomlega meðmæltur, að sveitarfélögin fái nýjan tekjustofn, þeim veitir sannarlega ekki af því. Ég tel eðlilegt, að þau fái hlutdeild í söluskatti, sem ríkið leggur á og innheimtir, og ég tel, að það hefði átt fyrr að vera.

Að vísu tel ég athyglisverðar þær aths., sem hv. 1. þm. Vesturl. gerði við 1. umr. hér í gær, þegar hann benti á það, að spara hefði mátt skriffinnsku og létta þó undir með sveitarfélögunum með því að fella niður framlög sveitarfélaga, sem ríkið hefur gert þeim að skyldu að inna af höndum, t. d. til almannatrygginganna og sjúkrasamlaga. Þá hefði ekki þurft að setja upp þá skriffinnsku, sem alltaf hlýtur að verða í sambandi við jöfnunarsjóðinn. Og það er rétt, sem hann sagði, að meginþungi í álögum sumra fámennra sveitarfélaga og sveitarfélaga, sem hafa litla umsetningu, liggur í því að inna af hendi gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlagsins heima fyrir. Nefna má líka í þessu sambandi kostnað við skólahald. Öllu þessu hefði mátt létta af og leggja þannig lið getulitlum sveitarfélögum, en sá annmarki er þó þar á, að með því að upphefja þátttöku sveitarfélaganna í starfsemi trygginganna og sjúkrasamlaganna og skólahaldsins með framlögum, þá væri líka í raun og veru létt af þeim áhyggjunum af því, að þetta þyrfti að bera sig sem bezt, og það er alls ekki lítils vert, að heima fyrir hjá þessum aðilum sé ráðdeildarsjónarmiðið haft í fullum heiðri.

Ég hef þess vegna hallazt að því og verið því fylgjandi, að sveitarfélögunum væri veittur nýr tekjustofn og það með hlutdeild í söluskatti, og því til sönnunar er það, að á Alþ. 1951 var ég fyrsti flm. að frv. til l. um, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskatti. Ég hugsa, að það sé sú fyrsta till., sem komið hefur fram á Alþ. í því efni. Meðflm. mínir að þessari till. voru Jóhann Jósefsson, Hannibal Valdimarsson og Finnbogi R. Valdimarsson. Við fluttum þarna frv., sem stjórn sambands sveitarfélaganna hafði samið og beðið að flytja hér á Alþ. Við fluttum það þó ekki óbreytt, eins og það kom frá stjórn sambandsins. Ég beitti mér fyrir því, að sú breyt. var gerð á, að skerðingarákvæðið, sem sveitarfélagasambandsstjórnin setti inn í frv., væri ekki 40%, heldur 50%. Lengra komst ég ekki með samkomulag. Og þaðan er þetta skerðingarmark komið, sem sett er inn í það frv., sem hér liggur fyrir.

Nú er það skoðun mín, að skerðingarmark þetta sé of lágt, og það byggist á því, að ég tel, að lítil sveitarfélög víðs vegar um land verði ranglega fyrir skerðingu á framlaginu af söluskatti af þessum ástæðum. Og ég hef aflað mér upplýsinga um það, að n. sú, sem vann að því að semja frv., sem hér liggur fyrir, gerir líka ráð fyrir því, að það séu einmitt þau sveitarfélögin, sem verði fyrir skerðingunni, og þar tel ég að niður komi frádráttur, sem sízt skyldi. Ég heyrði það áðan á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, að n. hefði áætlað, að það mundu verða einar 2 millj., sem féllu til jöfnunarsjóðsins sjálfs til þess að framkvæma fyrirmæli, sem lögð eru honum á herðar samkv. 3. gr., með þessari skerðingu, og þannig á að aura saman hjá þeim, sem ég tel að sízt ættu til þess að leggja. Og ég byggi þessa skoðun mína á því, að fjölmennari sveitarfélög og þá sérstaklega þéttbýlissveitarfélög gera svo miklu meira fyrir meðlimi sína en hin fámennu útskagasveitarfélög og dalasveitarfélög. Það, sem sveitarfélögin gera í ýmsum efnum, hækkar náttúrlega útsvarsfúlguna, en eykur um leið gjaldgetu fólksins. Og svo kemur enn það til greina, að þéttbýlið hefur miklu fleiri stóra gjaldendur, sem lyfta fúlgunni, svo að skerðingarákvæðið nær ekki til þeirra. Ýmis hin fámennu hafa engan stóran gjaldanda. Og þegar ég tala um það, að gert sé fyrir fólkið ýmislegt, sem auki gjaldgetuna hjá því, en hækkar útsvarsfúlguna og fjarlægir það, að skerðingarákvæðin nái til þess fólks, þá á ég t. d. við, að ýmis bæjarfélög og kauptúnasveitarfélög hafa útgerð, og þau þurfa að leggja á útsvör til þess að bæta halla þessarar útgerðar. Það hækkar útsvarsfúlguna. En með útgerðinni er aukin atvinna í þorpinu og tekjuöflun almennings, og fyrir það getur almenningur greitt hærri útsvör.

Það má nefna annað dæmi. Í kaupstöðunum eru t. d. verkamannabústaðir, sem sveitarfélögin leggja fé til að komist upp. Þetta er til þess að gera það að verkum, að ýmsir þeir, sem húsanna njóta, fá húsaleigu með vægum kjörum. Þar af leiðandi verða þeir betri gjaldendur.

Ég nefni nú ekki ýmiss konar þægindi, sem fólkið í þéttbýlinu fær og kannske ekki hægt að segja að geri það gjaldsterkara, en eykur álögur sveitarfélaganna, svo sem gangstéttir og alls konar samveitur. Þetta er ekki gert í dreifbýlinu, og þetta getur ekki orðið gert í dreifbýlinu, en samt sem áður hvíla útsvörin eins þungt á atvinnulífi sveitarfélaganna og oft þyngra, eins og kemur greinilega líka í ljós, þegar litið er á frv. um útsvör og þá útsvarsstiga, sem þar er lagt til að upp verði teknir í Reykjavík, í öðrum bæjum og í sveitum. Það er einmitt blátt áfram gengið út frá því, að tekjuöflunin úti um landið sé örðugri fyrir sveitarfélögin en í bæjum. Ég álít þess vegna, að það sé rangt, alveg rangt, að skerða hlut hinna fámennu og atvinnurýru sveitarfélaga. En það á að gera, eins og frv. er nú upp byggt.

Og ég tel enn annað athugavert við þetta. Þó að ég telji þetta nóg til þess að gera það að verkum, að út af fyrir sig er ég á móti skiptingarreglunum á söluskattinum, þá er annað, sem er líka stórt atriði í þessu sambandi og lá ekki fyrir, eins og málin stóðu, þegar við lögðum fram frv. 1951. Þá var gengið út frá því að vísu, að jöfnunarsjóður tæki við fénu og dreifði því, en það er gert ráð fyrir því, að hann hafi aðrar tekjur en söluskattstekjur og starfi með þeim tekjum að því að jafna á milli sveitarfélaga framfærslukostnað og hlaupa undir bagga með þeim, sem örðugast eiga. Nú er þannig gengið frá, að jöfnunarsjóður á ekki að fá neinar aðrar tekjur en skerðingartekjurnar til þeirra verka, sem honum eru falin, til þess að hjálpa þeim, sem erfitt eiga, og hlaupa á ýmsan hátt undir bagga. Það er tekið fram í 3. gr., að þar eru töluverð verkefni, sem hann því aðeins getur unnið, að skerðingartekjurnar, tekjurnar frá fámennu sveitarfélögunum, komi inn. En þegar þannig er upp sett, að sveitarfélögin eiga ekki að fá fulla hlutdeild, miðað við mannfjölda, nema mannfjöldaskiptingin verði ekki hærri fúlga en svo, að helmingur eða minna af útsvörunum greiðist með þeim, þá er enginn vafi á því, að þau sveitarfélög, sem verða fyrir skerðingunni, fara að hagræða sínum útsvarsmálum þannig, að skerðingarákvæðin nái ekki til þeirra. Það er í fleiri efnum, sem menn hagræða hlutunum en við framtal tekjuskatts. Þau fara ýmist kannske að taka upp ýmsa eyðslu, sem þau annars hefðu forðazt, og það er ekkert æskilegt að ýta undir slíka þróun, og þau fara líka blátt áfram — ég er viss um það — að stunda það að færa milli gjaldandans og sveitarsjóðsins, til þess að útsvarsfúlgan sé nógu há, til þess að þau fái fulla hlutdeild miðað við höfðatölu úr jöfnunarsjóði. Og hvernig fer þá um tekjur jöfnunarsjóðs til þess að standa straum af þörfunum, sem 3. gr. gerir ráð fyrir? Það er enginn vafi á því, að innan stundar fer þannig, að sú tekjulind þornar.

Ég tel þess vegna, að frv., eins og það er, reglurnar, eins og þær eru settar upp, beri það mein í sjálfum sér, sem eyðileggi framkvæmdina innan stundar, og þetta geti því alls ekki orðið nema til bráðabirgða, að þessar reglur gildi. Og ef þetta bráðabirgðatímabil yrði dálítið, er það búið að skemma töluvert, vegna þess að það er búið að kalla fram þá þróun í sveitarfélögunum, hagræðingarþróun, sem ég tel óheppilega.

Ég tel, að það hefði átt að byggja þessa löggjöf þannig upp, úr því að jöfnunarsjóðurinn á að hafa hlutdeild beint sjálfur til starfsemi sinnar í söluskattstekjunum, að ætla einhverja vissa prósentu af óskiptu til þeirrar starfsemi. Ef það eru 2 millj., sem gert er ráð fyrir að komi inn af skerðingarfé nú, þá er það tæplega 4%. Við skulum segja, að það væru tekin 5% eða jafnvel 10% til þarfa sjóðsstarfseminnar samkv. 3. gr. Ég hef nú ekki frv. fyrir mér, en ég held, að það sé rétt, að það sé samkv. 3. gr., þar sem segir, að greiða eigi fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum, að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkv. framfærslulögunum. Til þess þarf sjóðurinn vitanlega að hafa fé, þótt hann fái það endurgreitt, og fé til að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör á lögð samkv. útsvarslögum, og að styrkja eftir ákvörðun ráðh. tilraunir til þess að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga. Til þessa tel ég að hefði átt að taka vissa prósentu af óskiptri fúlgu, en skipta síðan hinu eftir höfðatölu milli sveitarfélaganna. Ég er viss um, að þetta stenzt ekki, eins og það er hér upp sett, nema til bráðabirgða. En af því að málið er nú komið á síðasta stig hér á Alþ., þegar það kemur til okkar, og það er sett í þá afgreiðslukreppu, sem það er sett, með því að það á að afgreiðast í dag vegna páskaleyfisins, sem á að byrja í kvöld, fer ég ekki út í það að flytja brtt., sem ég hefði gert, ef málið hefði nú verið t. d. á fyrsta stigi, en mun greiða því atkv., þó með þessum fyrirvara, að ég tel, að þessi löggjöf geti ekki staðizt nema til bráðabirgða.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Mér hefur fundizt einkenni á vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. vera helzt fljótfærni og óðagot, og mér finnst þetta stjórnarfrv. ekki skera sig úr að því leyti. Í des. s. l. skipaði hæstv. fjmrh. nefnd manna til að undirbúa þetta frv. ásamt öðrum störfum, þ. á m. að undirbúa frv. til bráðabirgðaútsvarslaga og jafnvel fleiri. Að vísu voru ágætir menn skipaðir í þessa nefnd, og þó hygg ég, að hún hafi ekki verið skipuð nægilega vel til þess, að hin ýmsu sjónarmið í þjóðfélaginu fengju að njóta sín. Þessari nefnd er gert að skila tillögum sínum innan tveggja til þriggja mánaða í stórum og vandasömum málum og viðkvæmum, og þessi nefnd gerir sér grein fyrir því, að ekki er um annað að ræða frá hennar hálfu á svo skömmum tíma en það, sem hún kallar bráðabirgðalausn.

Verkið er sem sagt rifið út úr höndunum á henni af hæstv. ríkisstj., svo mikið liggur við, og því dembt hingað inn á Alþingi. Þar tekur sama flaustrið við. Það er rekið á eftir, þannig að hv. alþm. fá lítinn tíma til athugunar mála. Í þessu tilfelli er hv. heilbr.- og félmn. Ed. ekki veitt neitt tóm til að athuga efni frv., og er efni þess þó mikilsvert og að ýmsu leyti viðkvæmt mál. Hin ýmsu ákvæði þess skipta sveitarfélögin, stór og smá, miklu máli, og því er þess mikil þörf, að þau séu athuguð frá öllum hliðum, áður en frv. verður samþ. En þess er nú sem sagt enginn kostur. Hv. heilbr.- og félmn. fékk ekki svigrúm til að halda nema einn fund um þetta mál, og af þessari hv. d. er þess nú krafizt, að hún noti ekki nema einn sólarhring til fullnaðarafgreiðslu frv. Þannig virðist hæstv. ríkisstj. lítt hirða um sómasamleg þingræðisleg vinnubrögð. Hún heimtar málið hespað af í flaustri.

Þó að ég sé samþykkur frv. í heild og nauðsyn þess, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, hef ég ekki að svo stöddu haft tækifæri til að mynda mér skoðun á öllum einstökum atriðum þess. Ég efast t. d. um, að skerðingarákvæðið í 2. gr. frv. muni reynast happasælt, þegar til framkvæmda kemur. E. t. v. getur það ákvæði leitt til óæskilegra áhrifa á álagningu útsvara á ýmsum stöðum í landinu, leitt m. ö. o. til þess, að gert verði í því að ná sem mestu út úr jöfnunarsjóði. En slíkt væri auðvitað mjög óheppilegt og óæskilegt. E. t. v. væri heilbrigðast að miða úthlutun við íbúatöluna eina án nokkurs fyrirvara þar um. Þetta er eitt atriði af fleirum, sem ég hefði viljað fá tækifæri til að athuga betur og heyra álit annarra á. En til þess er nú hvorki gefinn tími né tóm.

Það er í raun og veru einkennilegt, að þess skuli nú krafizt af hæstv. ríkisstj., að þetta frv. verði afgr. endilega í dag hér á hinu háa Alþingi. Það væri þó eðlilegt, að afgreiðsla þess og afgreiðsla brbl. um útsvör hefði fylgzt að. Ákvæði eru náskyld í báðum þeim frv., og hefði verið eðlilegast, að þau hefðu nokkurn veginn fylgzt að hér á Alþ. Nú skal þessu frv. hespað af í dag, en útsvarslagafrv. fær að bíða fram yfir páska a. m. k., og skil ég satt að segja ekki samhengið í þeim vinnubrögðum. En eins og fram kemur í áliti hv. n., er ég samþykkur frv. í heild með þeim fyrirvara, sem ég hef nú gert grein fyrir, að ég tel undirbúning málsins og athugun hér á Alþingi ekki nándar nærri nógu góða.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég ætlaði að segja nú við þessa umr.

Í 10. gr. þessa frv., sem hér er til umr., er svo ráð fyrir gert, að VII. kafli framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, falli úr gildi. En sem kunnugt er, fjallar hann um jöfnun framfærslukostnaðar í landinu, og er nokkuð greinilega kveðið á um, hver háttur skuli á hafður, þegar um jöfnun á milli sveitarfélaga er að ræða, því að samkv. þessum lögum frá 1947 og þessum VII. kafla framfærslulaganna er svo ráð fyrir gert, að hvert og eitt sveitarfélag í landinu beri það, sem kallað er meðaltalsframfærslukostnaður í landinu. En eftir að kemur fram yfir þennan meðalframfærslukostnað, sem talað er um í l., endurgreiðir jöfnunarsjóður eða ríkið 2/3 hluta af þeim kostnaði, sem fram yfir er þennan meðaltalsframfærslukostnað. Þetta er í þeim lögum, sem nú skal úr gildi fella. Ég skal fyllilega játa, að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér þetta frv. til hlítar, en þess vegna kem ég með fsp., ef vera kynni, að sú nefnd, sem hefur fjallað um þetta mál, gæti gefið frekari upplýsingar en þegar liggja fyrir í máli þessu.

Það er ráð fyrir gert í þessu frv., að öll sveitar- og bæjarfélög á landinu fái eigi minna en 56 millj. kr. á ári úr jöfnunarsjóði. Þessu er fyrst og fremst úthlutað eftir höfðatölureglunni, en þó með þeim takmörkunum, að ekkert sveitarfélag í landinu fái yfir 50% af álögðum útsvörum s. l. árs. Þetta er hin almenna regla, sem á að úthluta þessum söluskatti eftir. En nú vitum við það, að þarfir sveitarfélaganna í landinu eru ákaflega misjafnar, og þó að þessi regla hafi að vísu þann kost, að fámenn sveitarfélög með miklar byrðar eða mikil gjöld fái tiltölulega meira á íbúa en önnur, þá geta að vísu verið þær aðstæður til staðar, að þetta framlag hrökkvi ekki til og það jafnvel, þó að einnig sé notað það ákvæði útsvarslaganna, að hækka megi útsvör um 30% frá því, sem þau voru s. l. ár. En þá skilst mér, að við taki d-liður 3. gr. þessa frv., sem nú er til umræðu. Það eru svokölluð aukaframlög til sveitarfélaganna. En það liggur ekkert hér fyrir um það, á hvern hátt og eftir hvaða reglum skuli fara með þessi aukaframlög, því að mér skilst, að þau komi í meginatriðum í staðinn fyrir það ákvæði, sem nú skal úr lögum fella um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þ. e. a. s. að bæta úr því, sem framfærsluþörfin og framfærslukostnaðurinn fellur þyngra á sveitarfélögin en hann féll áður. Almenna reglan gildir ekki um þetta atriði, og sú regla, sem verið hefur, er numin úr gildi. En mér skilst, að það liggi ekkert fyrir í þessu frv. um, eftir hvaða reglum skuli fara við úthlutun á þessum aukaframlögum, ef þeirra þurfi með. En að sjálfsögðu sé ég fram á það, að jöfnuður þarf eftir sem áður þrátt fyrir þetta að verða á milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga í landinu, engu síður en verið hefur til þessa.

Grundvöllurinn að þessu frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru útsvarslögin og það frv., sem hér liggur fyrir Alþ. um breytingar á þeim lögum, og skal ég ekki fara langt út í að ræða það frv. En þó vil ég drepa á nokkur atriði, sem mér finnst vera mjög vafasöm í því frv., og ekki sízt það, að þegar maður fer að bera saman hina einstöku skala fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði í landinu og sveitarfélögin, er þar mikill greinarmunur á gerður um það, hvað menn skuli greiða hátt útsvar, miðað við sömu tekjur. Ef maður tekur t. d. einstakling í Reykjavík, sem á að greiða

útsvar af 25 þús. kr. tekjum, greiðir hann 940 kr. Væri þessi einstaklingur staðsettur í einhverjum öðrum kaupstað annars staðar á landinu, mundi hann greiða 2150 kr. Væri hann í einhverju litlu sveitarfélagi, mundi hann af sömu tekjum greiða 2630 kr. Hann greiðir því, ef hann væri í kaupstað, um 129% hærra útsvar af sömu tekjum en ef hann væri í Reykjavík, og væri hann í einhverri sveit, mundi hann greiða sem næst 180% hærra útsvar af sömu tekjum. Þetta finnst mér ákaflega órétt-látt, og ég held, að a. m. k. að því er varðar einstaklinga mundu þeir smám saman flýja land, þar sem þeir þurfa að greiða tiltölulega miklu hærra útsvar, og fara til þeirra staða, þar sem útsvörin væru lægri, og þetta hlýtur því að gera hinum fámennari sveitarfélögum mjög erfitt fyrir um að halda því fólki til heimilis innan síns sveitarfélags, sem það að sjálfsögðu mundi annars geta. Þetta finnst mér ákaflega vafasamt, og að sjálfsögðu verður þetta tekið nánar til athugunar, þegar útsvarsfrv. kemur til umr. hér í þessari deild, en þar sem útsvörin eru raunverulega grundvöllurinn að því frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég drepa á þetta atriði.

Það er líka annað atriði í því frv., sem er mjög vafasamt, og það er, að það skuli mega breyta þeim grundvelli, sem tekinn er gildur, þegar á að leggja á tekju- og eignarskatt fyrir ríkið, en ef niðurjöfnunarnefnd líkar ekki þessi grundvöllur, getur hún kollvarpað honum eins og henni sýnist og jafnað niður útsvörum eftir eigin höfði. Þetta er ákaflega vafasamt ákvæði, því að ég tel, að á meðan framtalsskylda er af tekjum og eignum í landinu, beri að leggja það framtal til grundvallar hvort tveggja í senn tekju- og eignarskatti og einnig að hafa það sem megingrundvöll við útsvarsálagninguna. Það getur verið mjög hættulegt að leyfa niðurjöfnunarnefnd að skapa sér sjálf þann grundvöll, sem hún á að jafna niður eftir lögskipuðum útsvarsskölum, eins og nú á að lögleiða í landinu, og ekki sízt þegar maður rekur augun í það, að þessir útsvarsskalar eru ákaflega mismunandi eftir því, hvar menn eru staðsettir.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að því er áhrærir hin fámennari sveitarfélög í landinu, að þá er gamla og sígilda reglan, sem þar hefur verið notuð, og ég vil halda því fram, að það hafi gengið mjög árekstralítið og árekstralaust að jafna niður útsvörum eftir þeirri meginreglu að fara eftir ástæðum og efnum manna. Ég tel, að hún mundi vera farsælust einnig í framtíðinni, þótt hins vegar sveitarfélögin geti sjálf skapað sér skala, en þau hafi leyfi til að bregða út frá þeim skölum eftir þeirri gömlu sígildu reglu. Það má vel vera, að þetta geti ekki gilt fyrir hin fjölmennari bæjarfélög, það hef ég ekki kunnugleika um að dæma. En hins vegar finnst mér sú regla, sem hér á að skapa, að mega breyta grundvelli þess, sem skattaskalinn á að reiknast eftir, þ. e. a. s. framtölunum, vera ákaflega varhugaverð.

Ég vænti þess, að sú nefnd, sem hefur fjallað um þetta frv., geti gefið mér upplýsingar um það, á hvern hátt jöfnuður fer fram á milli bæjar- og sveitarfélaga í landinu, þegar almenna reglan, sem á að úthluta söluskattinum eftir, hrekkur ekki til, þ. e. a. s. þegar búið er að úthluta milli bæjar- og sveitarfélaganna þessum 1/5 hluta söluskattsins eða 56 millj. eftir höfðatölureglunni með skerðingarákvæðinu 50%, og einnig með því ákvæði, að leyfilegt er að hækka útsvör um 30%, og í hvorugu tilfellinu dugir það fyrir því, sem sveitar- eða bæjarfélagið þarf, hvaða regla tekur þá við, samkv. 3. gr. frv., d-lið, til að jafna þar á milli sveitarfélaganna? Almenna reglan, sem gilt hefur til þessa, er afnumin, um leið og þetta frv. verður samþ. En liggur nokkuð fyrir um það, hvaða reglur verði notaðar í framtíðinni, þegar þarf að viðhafa jöfnuð á milli sveitarfélaganna? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta nú við þessa umræðu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 314 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 320).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

---

18. Jarðræktarlög.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 [75. mál] (stjfrv., A. 139).

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. fer fram á það að styrkja sandræktun eins og ræktun annars lands, en með l. nr. 29 1955 var sá munur gerður á þessu, að ræktun sanda var sett skör lægra en önnur ræktun. Ég tel, að það hafi komið í ljós, að þessi breyt. 1955 hafi verið gerð af misskilningi og sé á engan hátt réttmæt, því að ef sandræktunin á að vera varanleg, er hún eins kostnaðarsöm og önnur ræktun. Það þarf miklu meira áburðarmagn og lengur í sandræktunina en í ræktun annars lands, ef sandræktunin á að vera varanleg. Það hefur að vísu ekki verið ýkjamikill munur á þessu, en það mun þó vera nærri 25% lægri styrkur á sandræktun en á ræktun annars lands, eða um 300 kr. á hektara. Þykir sanngjarnt að breyta þessum lögum í það horf, sem þau voru fyrir 1955, miðað við þá reynslu, sem fengin er, síðan breytingin var gerð.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 172, 173).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frsm. landbn. hefur, eins og hv. dm. er kunnugt, vikið af þingi, og ég vil því koma í hans stað.
Landbn. hefur fjallað um 75. mál, sem er frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögunum, og er sammála um að mæla með þeirri breyt., sem þar greinir. Að auki leggur n. til, að annað atriði verði tekið inn í þetta frv., og er frekar ástæða til þess að gera hér örstutta grein fyrir því.
Eins og menn muna, var á tímabili næstsíðustu ríkisstj. sett í lög ákvæði um sérstakan stuðning ríkisins til þess að auka ræktun og stækka minnstu býlin í landinu. Var þar miðað við 10 hektara stærð og ætlunin að gera sérstakar ráðstafanir til, að hægt væri að stækka öll þau býli, sem eru undir því marki, en teljast hafa ræktunarskilyrði og þar af leiðandi líklegt, að hægt sé á hagkvæman hátt að stækka þau. Síðan þessi ákvæði voru sett í lög, hefur landnám ríkisins látið vinna mjög mikið starf, sem er óhjákvæmilegur undirbúningur, en það er mæling, kortlagning á þessum jörðum. Og með nál. á þskj. 172 fylgir grg. frá landnámsstjóra, þar sem nákvæmlega er til tekið, hversu langt þessu starfi er komið. Þar að auki er búið að vinna allmikið á þessum jörðum samkv. þessum ákvæðum. En þó má segja, að þetta starf hafi ekki gengið eins hratt og upphaflega var ætlað, og er því ástæða til þess að framlengja það tímabil, sem talið var að duga mundi til að koma þessu í framkvæmd.
Upphaflega var ætlunin, að þetta skyldi gilda til ársloka 1960, en nú er lagt til, að þetta ákvæði um stuðning við jarðir, sem eru innan við 10 hektara, skuli gilda áfram til ársloka 1964. Hér er ekki um neina aðra breyt. að ræða en óhjákvæmilega leiðréttingu á tímanum, m. ö. o., það þarf að taka dálítið lengri tíma en upphaflega var ætlað að koma þessu í framkvæmd.
Um nánari atriði þessa máls vísa ég til grg. landnámsstjóra, sem fylgir með nál., en till. landbn. er eingöngu, að fyrir orðin „til ársloka 1960" komi: til ársloka 1964.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 173 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 185).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er þannig, að það fer fram á að hækka jarðræktarstyrk til sandræktunar, en árið 1955 var jarðræktarlögunum breytt á þann veg að setja sandræktunina skör lægra en aðra jarðrækt. Við nákvæma athugun á þessu hefur komið í ljós, að þetta er ekki réttlátt. Enda þótt sandræktunin sýnist í fljótu bili vera auðveldari og þess vegna e. t. v. ódýrari en ræktun gróinnar jarðar, er það svo, að til þess að sandræktunin geti verið góð, þarf hún miklu meiri áburð

en önnur jörð. Það hefur þess vegna verið talið af þeim, sem eru kunnugir þessum málum, eðlilegt að breyta l. í fyrra horf og láta jafnan styrk koma til sandræktunar og annarrar ræktunar.

Í þessu frv. felst það einnig að framlengja lög frá árinu 1957, sem veita aukaframlag til þeirra býla, sem hafa minni túnstærð en 10 hektara. Landnámsstjóri hefur gefið yfirlit yfir það, hversu mikið er búið að vinna eftir l. í þau þrjú ár, sem þau hafa staðið, og gert áætlun um það, hversu mikið er eftir, og telur landnámsstjóri, að líklegt sé, að túnstærðin verði komin upp í 10 hektara á öllum býlum í árslok 1964. Þetta er þó vitanlega ekki hægt að fullyrða, og verður reynslan að skera úr því, hvort ástæða þykir til að framlengja þessi lög öðru sinni. En það sýnist vera réttlátt að framlengja lögin og gera þeim býlum mögulegt, sem enn hafa ekki fengið tiltekna túnstærð, að vinna að því á sama hátt og aðrir, sem hafa notið þessara laga undanfarin ár.

Ég vil svo mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur hér mælt fyrir frv. til laga um breyt. á jarðræktarlögunum. Hann gat þess, að ástæðan fyrir því, að farið væri fram á að láta þá, sem rækta sandjörð, njóta jafnmikils framlags og þá, sem rækta annan jarðveg, væri fyrst og fremst sú, að sandjarðvegurinn væri miklu áburðarfrekari en annar jarðvegur. Því skal ég ekki á móti mæla, ég hugsa, að þetta sé rétt hjá hæstv. ráðh., en ég vil bara út af því benda á það, að hér er um nýja leið eða nýja stefnu að ræða í ræktunarmálum, ef veita skal ríkisframlag út frá auknum rekstrarkostnaði við ræktunina, því að þarna skilst mér að við það sé miðað, að rekstrarkostnaður við sandgræðslutúnin sé meiri en við önnur tún. Þarna er farið inn á þá leið að hækka ríkisframlagið vegna þess, að reksturinn muni verða dýrari, og tel ég, að slíkt sé nýjung, þegar um ríkisframlag er að ræða til jarðræktar í landinu.

En um leið og þetta mál ber á góma, hefði ég viljað spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ríkisstj. hefði eitthvað á prjónunum um það að koma til móts við þá, sem eru að rækta landið, með því að hækka ríkisframlagið til jarðræktar, þar sem vitað er, að jarðræktin verður mörgum sinnum dýrari nú en hún hefur verið til þessa, og þar af leiðandi það framlag, sem veitt hefur verið, miklu minni hluti af kostnaðinum. Og það væri sannarlega ekki vanþörf á því að endurskoða ýmis ákvæði jarðræktarlaganna almennt með tilliti til þess, sem er að gerast í efnahagsmálum landsmanna almennt. Þótt ríkisframlagið til jarðræktar og annarra framkvæmda hafi hjálpað mikið til þessa, er vafasamt, hvort það er fullnægjandi nú til að hjálpa þeim, sem hjálpar þarfnast. Ég vil því nú á þessu stigi, áður en þetta mál kemst til n., vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur nokkuð á prjónunum í þessum efnum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) talar um, að það sé ný stefna að veita hærri styrk til ræktunar í sandlandi vegna þess, að sú jörð þurfi meiri áburð en önnur jörð, sem ræktuð er. Ef þetta er ný stefna, má segja, að það sé eðlileg stefna og það hafi verið röng stefna 1955 að breyta jarðræktarlögunum og lækka styrkinn til sandræktunar á þeim forsendum, að það væri ódýrari ræktun, m. a. vegna þess að sandarnir væru oftast nær sléttir. Hvers vegna skyldi lögunum hafa verið breytt 1955 og lækkaður styrkur til sandræktunar nema af þeirri ástæðu, sem var á misskilningi byggð? Reynslan síðan hefur sýnt, að það er ekki tiltölulega ódýrara að rækta sand en aðra jörð, ef sandurinn á að vera vel ræktaður. Þess vegna er farið fram á það með þessu frv., að það verði jafnhár styrkur til sandræktunar og annarrar ræktunar, en ekki hærri styrkur. Og þetta er nánast sagt leiðrétting á því, sem gert var 1955 af misskilningi.

Svo er fsp. um það, hvort ríkisstj. hafi á prjónunum nokkrar hugleiðingar um að breyta jarðræktarlögunum eða lagfæra, til þess að þau geti innt af hendi það hlutverk, sem þau hafa gert áður, vegna dýrtíðarinnar. Ég vil upplýsa það, að vitanlega hefur ríkisstj. hugleitt þetta, en hún er ekki tilbúin með tillögur um það. Og ég hygg, að það sé meira en hægt er að segja t. d. um vinstri stjórnina. Ég varð ekki var við, að það örlaði á neinum breytingum hjá henni á árinu 1958, eftir þær hækkanir, sem þá skullu á, á ræktunarlögunum eða t. d. í því skyni að hækka styrk til jarðræktarvéla eða þess konar. Það bar ekkert á því þá. En ég er þakklátur hv. 1. þm. Vesturl. fyrir það, að hann treystir núv. stjórn betur en þeirri stjórn, sem hann studdi þá. Og ég get upplýst hv. þm. um það, að núv. stjórn hefur í hyggju að láta endurskoða ýmiss konar löggjöf landbúnaðarins einmitt með það fyrir augum, að landbúnaðurinn verði ekki mjög hart úti vegna þeirra verðhækkana, sem verða óneitanlega á mörgum vörum, svo sem rekstrarvörum og öðru slíku, enda þótt núv. ríkisstj. taki þessi mál allt öðrum tökum en vinstri stjórnin gerði.

Það er bersýnilegt, að hv. 1. þm. Vesturl. treystir núv. stjórn miklu betur en þeirri, sem hann studdi áður, og ætlast til meira af henni. Hv. þm. var t. d. ekki á árinu 1958 að gera kröfur til þess, að fóðurbætir og áburður væri lækkaður í verði, eftir þær verðhækkanir, sem þá urðu, en hann ætlast til þess af núv. ríkisstj., og núv. ríkisstj. mun ekki bregðast því trausti, sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur á henni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það gegnir nokkuð öðru máli um jarðræktarframlagið nú eða 1958, vegna þess að þá hækkaði jarðræktarframlagið sjálfkrafa samkv. þar að lútandi vísitölu, sem um það gilti. En nú, þó að dýrtíðin stórhækki í landinu, er ekki, skilst mér, samkv.

nýjustu efnahagsráðstöfunum leyfilegt að hækka jarðræktarframlagið, þar sem hvorki á að greiða kaup né annað samkv. vísitölu, það er búið að afnema hana sem kaupgreiðsluvísitölu og einnig gildir hún ekki varðandi önnur lög, sem eiga að inna af hendi framlög, sem við hana voru miðuð, svo að það gegnir allt öðru máli nú en 1958.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að núv. hæstv. ríkisstj. mundi taka landbúnaðarmálin allt öðrum tökum en nokkru sinni áður hefði verið gert. Það efast ég ekki um, að þau verða tekin allt öðrum tökum. En því miður er ég dálítið óttasleginn fyrir því, að þessi „allt önnur tök" hjá hæstv. ríkisstj. á landbúnaðarmálum verði því miður ekki til góðs fyrir bændastéttina í landinu.

Af því að hæstv. landbrh. hefur mjög mikið talað um vinstri stjórnina og hennar þátt í landbúnaðarmálum, vil ég minna á það, að vinstri stjórnin, svo bölvuð sem hún var fyrir landbúnaðinn sem annað, eins og hæstv. ráðh. vill vera láta, þá stórbætti hún um fyrir öllum nýbýlamönnum í landinu, stórbætti fyrir þeim frá því, sem áður hafði verið, meira að segja mikið, eftir að hæstv. núv. landbrh. átti sæti í ríkisstj. og gat þar af leiðandi þá komið sínum málefnum á framfæri til hags og heilla fyrir bændastétt landsins. Þá sagði hæstv. ráðh., að mig minnir, þegar verið var að ræða frv. um nýbýlin og fleira, að þessi styrkur, sem þá átti að veita í fyrsta sinn, 25 þús. kr. á hús hjá nýbýlamanni, það væri ekki neitt. Þó var það þá strax sem svaraði 70—80 lambsverðum, og íslenzka bændur hefur stundum munað um það, sem minna er en það. En sjálfur hefur hæstv. ráðh. nú með þessum ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. hefur gert til þessa, gersamlega eyðilagt þetta framlag, eins og svo margt annað, fyrir þessum sömu aðilum, svo að það er sannarlega ekki vanþörf á því, að ríkisstj. sýni einhvern lit á því einhvers staðar að bæta um eða smyrja sárustu sárin, sem hlutaðeigandi aðilar verða fyrir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega ástæðulaust að vera að karpa við hv. 1. þm. Vesturl. um þessi mál, vegna þess að hann virðist vera alveg lokaður og alveg blindur á það, sem hann er að fullyrða. Hann segir nú, að það sé allt öðru máli að gegna nú en 1958 með jarðræktarlögin og framlag til jarðræktar. Það er vitanlega allt öðru máli að gegna, vegna þess að nú gerir hann kröfur til annarra, nú gerir hann kröfur til þeirrar stjórnar, sem hann styður ekki, en áður gleymdi hann að gera kröfur, á meðan hann studdi ríkisstj.

Hann segir, að vinstri stjórnin hafi bætt ákaflega mikið fyrir nýbýlingum. Ég býst við því, að ýmsir af þeim, sem stóðu að því að breyta löggjöfinni þá, hafi ætlazt til þess, að það gæti orðið nýbýlingum til hagnaðar og til góðs. En hver varð niðurstaðan? Hvað varð úr þessum 25 þús. kr., sem hv. ræðumaður minntist á? Hvað hækkaði vinstri stjórnin mikið byggingarkostnaðinn og rekstrarkostnaðinn á þessum stutta tíma, sem hún starfaði? Og hvað varð nýbýlingunum úr þessu fé? Ég held, að hv. þm. hefði ekki þurft að minnast á þetta og að þetta hafi ekki getað orðið hans málstað til styrktar, vegna þess að ósjálfrátt reikar hugurinn að því, hvernig ástandið var, þegar vinstri stjórnin tók við, og hvernig það var, þegar hún skilaði af sér. Ef vinstri stjórnin hefði getað haldið í horfinu eins og sú stjórn, sem var næst á undan, og hefði farið að einhverju leyti eftir ráðum þeirrar stjórnar og stöðvað dýrtíðina, en ekki látið hana snúast og hlaupa í kapp við allt annað, hefði þessi löggjöf nýbýlingunum til handa getað orðið að einhverju gagni. En það varð bara ekki, vegna þess að það leystist allt upp í dýrtíðarflóði, og einmitt vegna þess, hvernig fór á þessu tveimur og hálfu ári, sem vinstri stjórnin sat, erum við nú að glíma við margs konar erfiðleika og setja efnahagsmálalöggjöf, sem hlýtur um sinn að leiða til verðhækkana og til þess á ýmsan hátt að þrengja kosti allra landsmanna í bili. Ef ekki hefði allt farið úr skorðum á valdatíma vinstri stjórnarinnar, værum við ekki í dag að glíma við alla þá erfiðleika, sem nú er við að stríða, og þetta hélt ég að hv. 1. þm. Vesturl. vissi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 185, n. 323, 321).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið hingað frá hv. Nd. og var afgr. þar í vetur í því formi, sem það liggur fyrir hér á þskj. 185. Breyt. í frv. eru í tveimur liðum.

Fyrri breyt. lýtur að því, að jarðræktarframlag til nýræktar í sandi eða sandjörð verði eins og framlög til nýræktar á annarri jörð. Þetta framlag hefur verið nú um sinn nokkru lægra en í venjulegri moldarjörð og mun hafa verið rökstutt á þeim grundvelli, að það væri ódýrara að rækta sandinn og vinnslukostnaður minni en í annarri jörð. Hins vegar hafa orðið af þessu einhverjir árekstrar, því að það er dálítið erfitt að skera úr um það, hvaða land heyri undir þetta og hvaða land ekki, þar sem er blandaður jarðvegur, og í öðru lagi er jarðvegurinn svo misjafn, að þetta getur verið dálítið breytilegt á einum stað og öðrum, svo að það hefur þótt koma í ljós, að þetta væri óréttlátt gagnvart þeim, sem rækta sandinn og hafa kannske ekki aðra jörð að rækta. Einnig hefur það komið í ljós, sem vitað var raunar áður, að þessi ræktun er nokkru dýrari, þegar allt kemur til alls, heldur en önnur rækt-

un, því að sandurinn er miklu áburðarfrekari. Þess vegna var þessi brtt. flutt hér í vetur.

Þegar n. sú, sem fjallaði um þetta mál í Nd., athugaði málið, var hún sammála um að leggja einnig til aðra breytingu á jarðræktarlögunum, þá, að framlengja ákvæði um nokkru hærri styrk til jarðræktar á þeim jörðum, sem hafa innan við 10 ha tún, en það hefur verið greiddur þriðjungi hærri styrkur fyrir þá jarðrækt nú í nokkur ár, og á sú hækkun á því framlagi að miða að því að hvetja bændur til og hjálpa þeim til þess að koma túnum sínum upp í 10 ha stærð, sem talið er það lágmark, sem einn bóndi geti komizt af með af túni til þess að hafa þolanlega aðstöðu við búreksturinn.

Þetta mál var sent í vetur landnámsstjóra eða nýbýlastjórn til athugunar, sem hafði gert nokkrar athuganir á því, hvað mikið mundi vera eftir af túnum í landinu eða hvað margar jarðir í landinu mundu vera eftir, sem ekki hefðu náð 10 ha túnstærð. Eftir þeim mælingum, sem fyrir lágu hjá nýbýlastjórninni, mundu þetta vera við árslok 1959 2124 jarðir, og til þess að þessar jarðir hefðu náð 10 ha túnstærð, vantaði 3.44 ha til jafnaðar á jörð af þessum 2124 jörðum. Auk þess átti nýbýlastjórnin eða Búnaðarfélagið í sameiningu eftir að mæla 949 jarðir eða tún á þeim jörðum, og er talið, að mikill hluti af þeim jörðum sé einnig neðan við 10 ha markið. Samkvæmt þessu er a. m. k. í landinu rúmur þriðjungur af býlum, sem hafa ekki náð 10 ha túnstærð, og er talið, að meiri hluti þeirra býla muni hafa aðstöðu til að ná henni, þegar bændurnir þar geta klofið þann kostnað, sem er við að rækta jörðina. Þess vegna er talið, að ekki sé rétt, að þetta ákvæði í jarðræktarlögunum falli niður nú, en samkv. lögum fellur það niður í árslok 1960, eða í ár. Þess vegna varð að ráði hjá landbn. Nd. að leggja til, að þetta ákvæði yrði framlengt til ársloka 1964.

Landbn. Ed. hefur rætt þetta mál nokkuð og athugað það og hefur orðið sammála um að leggja til einróma, að þessar tvær breyt. verði samþ. inn í jarðræktarl., og teljum við í n., að það sé nauðsynlegt, til þess að þeir bændur, sem máske hafa ekki annarra kosta völ en að rækta sandjörð, sem verður alltaf lakara tún og á margan hátt dýrara, njóti sömu aðstoðar og aðrir bændur, og ekki síður það, að þeir, sem enn eiga eftir að ná 10 ha túnstærðinni, eigi þess kost að fá sama stuðning til þess og aðrir, sem þegar hafa náð þeirri túnstærð. Má sérstaklega benda á það, að í mörgum tilfellum eru þetta einmitt þeir bændurnir, sem erfiðasta hafa haft aðstöðuna og þess vegna þurfa sérstaklega kannske á stuðningi að halda.

Í öðru lagi var nokkuð rætt um fleiri breyt., sem gæti komið til mála að gera við jarðræktarlögin, en ekki náðist samkomulag um að leggja fleira til að þessu sinni. Tveir hv. nm. munu leggja hér fram aðrar brtt., sem ég geri þá ráð fyrir að verði reifaðar af þeirra hálfu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er upphaflega lagt fram af hæstv. ríkisstj., og ég verð að segja það, að mér finnst það ekki vera viðameira en svo, að það atriði, sem stjórnin var að beita sér fyrir, kemur tiltölulega fáum bændum að notum, og ekki það kostnaðarsamt, að ég sjái ástæðu til þess að snúast gegn því, þótt hins vegar mér hefði fundizt, þegar ríkisstj. fer að beita sér fyrir máli sem þessu, að hún hefði þá átt að beita sér fyrir því að taka málið á miklu víðtækari grundvelli og gæta meira réttlætis en hún þó gerði. En landbn. Nd. bætti verulega um, og ég tel það vera meginefni frv., sem Nd. bætti inn í þetta frv., tel það vera veigameira atriði fyrir bændur almennt í landinu en ég tel hið upphaflega frv. frá hæstv. ríkisstj. En ég ætla nú ekki að ræða um þetta frv., ég bara lýsi því yfir, að ég mun fylgja þessu frv. í því formi, sem það er, en ég ætla að mæla hér fyrir þeirri brtt., sem ég hef lagt hér fram ásamt hv. 5. þm. Austf. (PÞ), og vil ég færa nokkur rök fyrir þeirri till.

Það mun hafa markað veruleg tímamót hér á landi, þegar fyrstu skurðgröfurnar komu til landsins, því að þá var að ryðja sér til rúms ný tækni, áður óþekkt, og leysti sú tækni af hendi mjög erfitt verk, sem var þó nauðsynlegt, þar sem var skurðgröftur, sem áður hafði ekki þekkzt hér á landi nema leystur af hendi af mannsaflinu með hjálp rekunnar. Framræsla lands er þrátt fyrir margar skurðgröfur hér á landi, eða eitthvað um 50 talsins, komin mjög misjafnlega langt á veg. Sums staðar mun ekki vera hægt að halda áfram aukinni túnræktun sökum þess, að það strandar á framræslu eða þurrkun landsins, en annars staðar er þessum málum á þann veg komið, að búið er að ræsa fram allt það mýrlendi, sem til er í hlutaðeigandi sveitum. Enn annars staðar standa málin þannig, að stórir mýrarflákar, sem eru gagnslítið land, eins og þeir eru nú, sakir bleytu, — það vantar mikið átak til þess að geta ræst þá fram, svo að landið komi í fulla notkun.

Eins og kunnugt er, er þurrkun landsins mjög nauðsynleg, vegna þess að þurrkunin kemur jarðveginum í það ástand, sem gerir honum kleift að fæða kjarnmiklar jurtir og auka gróðurinn verulega frá því, sem hann er í blautum jarðvegi, og við þurrkunina komast ýmis efnasambönd í jarðveginum í það ástand, sem þau þurfa að vera til þess að þjóna sínu hlutverki, að skapa þær jurtir, sem húsdýrin þrífast bezt af. En þessi breyting á jarðveginum tekur af eðlilegum ástæðum mjög mismunandi langan tíma eftir því, hversu blautur hann er. Í sumum tilfellum tekur þetta aðeins nokkur ár, en í öðrum tilfellum kannske áratugi. Það er því skiljanlegt, að í mörgum tilfellum njóta þeir ekki ávaxtanna af sínu starfi, sem framkvæma verkið eða þurrka landið. Það er því komandi kynslóð, sem fyrst og fremst nýtur þessara verka, því að framræslan er innlegg þeirra, sem hana framkvæma, í þá sparl-

sjóðsbók, sem þeir einir geta út úr tekið, sem njóta jarðvegsins, þegar grös fara að gróa þar.

Þjóðhagslega séð er það því margt, sem mælir með því, að hið opinbera taki verulegan þátt í kostnaði við þurrkun landsins. Á þann hátt eru meiri líkur til þess, að hægt sé að skipuleggja framræslu á stórum svæðum og þar af leiðandi hraða þurrkun meira en hægt er að vænta hjá bændum, sem mega ekki binda rekstrarfé sitt til langs tíma, sakir þess að þeir eru jafnan í stöðugum rekstrarfjárskorti. Þetta sjónarmið hefur Alþingi líka þegar viðurkennt nokkrum sinnum, og upphaflega var þátttaka ríkisins eða þess opinbera í framræslu sem næst 33% af kostnaði við skurðgröft. Síðan var hún hækkuð upp í 50% og síðast upp í 65%. En tillögu okkar hv. 5. þm. Austf. er mjög í hóf stillt, þar sem ekki er farið fram á, að ríkið greiði þó nema 80% af skurðgrefti. Hins vegar hafa oft komið fram till. um það, að ríkið kostaði framræsluna að öllu leyti. Slíkar till. hafa komið fram bæði hér á hv. Alþ. og einnig hafa þær till. komið frá Sunnlendingum á búnaðarþingi, enda skil ég afstöðu þeirra vel, þar sem þeir eiga mjög mikið af landi, sem þarfnast framræslu, enda nauðsynlegt að hraða þurrkun þessa lands, svo að fleiri geti setzt að í sveitum eystra, og ekki sízt þegar þeirri kreppu léttir, sem nú er verið að innleiða almennt í landinu og ekki sízt í landbúnaðinum. Það hefur aldrei verið jafnmikil knýjandi nauðsyn og nú að halda hiklaust áfram við framræslu. En taki hið opinbera ekki meiri þátt í kostnaði við framræsluna en nú er, verður á þessu sviði mikill samdráttur, eins og alls staðar blasir við á öðrum sviðum í landbúnaði. Það er trú mín, að þm. verði það viðsýnir að samþykkja þessa brtt., um leið og hækkað er framlag til sandræktunar. Með samþykkt þessarar till. er komið á móts við þá, sem fyrst verða að þurrka landið og síðan bíða eftir því í mörg ár og þar að auki að kosta jafnmiklu eða kannske miklu meira til í mörgum tilfellum, þar til landið er orðið að ræktuðu og grasgefnu túni.

Framleiðsla landbúnaðarins er fyrst og fremst undir því komin, að löggjafarvaldið geri sér jafnan ljóst, hvert stefnir hverju sinni. En nú blasir við á næsta leiti skortur á mjólk og mjólkurafurðum, ef ekki verður neitt að gert til að létta undir með þeim, sem vilja yrkja jörðina í framtíðinni. Neyzluþörf þjóðarinnar fer ört vaxandi, þar sem fólksfjölgunin krefst þess, að landbúnaðarframleiðslan vaxi að sama skapi. Og hún þarf líka að vaxa nokkru örar, því að slæmt árferði dregur alltaf af eðlilegum ástæðum úr framleiðslunni, og ef framleiðslan á að vera svo mikil, að hún geti hverju sinni verið nægjanleg til þess að sjá þjóðinni fyrir því, sem hún þarfnast, þarf hún í góðæri að vera mun meiri en yfirleitt er hægt að selja á innanlandsmarkaði.

Ég vænti því þess, að þegar þm. hafa athugað þessa till. og séð, hversu henni er í hóf stillt og hversu sanngjörn hún er, miðað við allar aðstæður í landinu, sjái þeir sinn hag og þjóðarinnar í því að samþykkja hana.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég get verið hv. síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), sammála um það, að nauðsynlegt er að stuðla með sem flestum og beztum ráðum að því að auka landbúnaðarframleiðslu. En að því er snertir brtt. þá, sem hér er til umr. nú, tel ég rétt að gefa ofur litlar upplýsingar um það, hvað þetta mundi koma til með að geta kostað strax á fyrsta ári.

Eftir því sem mig minnir, og ég held ég muni það rétt, þá eru áætlaðar á fjárlögum núna 12 millj. til framræslu, og till. sú, sem hér liggur fyrir, mundi því sýnilega koma til með að kosta allmikið fé, nokkuð á þriðju milljón virðist mér svona í fljótu bragði, ef þessi áætlun er nærri lagi, sem maður veit náttúrlega ekki nákvæmlega um.

Í öðru lagi vil ég gjarnan segja það, að ég er talsvert mikið kunnugur þessum framræslumálum, því að í mínu byggðarlagi hefur verið mikið gert af skurðum. Fyrsta tímann, sem skurðgröfur voru þar að verki, var greiddur rétt um 1/3 eða eitthvað 33% kostnaðar af framræslunni. Þetta þóttu okkur raunar allgóð kjör þá, að geta gengið undir þetta, síðan smáhækkaði þetta upp í 65% af kostnaði, og nú hef ég ekki orðið annars var en að þeir, sem þurfa að láta ræsa fram land eða geta fengið framræst hjá sér land, séu allvel ánægðir með þetta, eins og komið er. Þess vegna verð ég að segja það, að ég hef ekki orðið var við neinar verulegar raddir um, að þetta framlag væri óeðlilega lágt nú, þær eru að sjálfsögðu einhvers staðar til, eins og gerist og gengur í öllum málum. En það eru náttúrlega mörg og mýmörg mál, sem menn kysu að hægt væri að styrkja með fé frá hinu opinbera, og ég tel, að þetta mál sé ekki eitt af þeim, sem mest knýi á að auka framlög til, að því er snertir landbúnað, heldur séu þar ýmisleg önnur mál, sem jafnvel ættu að ganga fyrir, og á þessu stigi tel ég ekki tímabært að samþykkja þessa till.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. (BGuðm) mælti gegn þeirri brtt., sem við höfum hér fram borið, hv. 5. þm. Austf. (PÞ) og ég. Og aðalrökin hjá hv. þm. gegn till. voru þau, í fyrsta lagi, að útgjöld hins opinbera mundu hækka verulega mikið, ef þessi till. yrði samþ. Ég vil benda hv. þm. á það, að ég er ekki svo smeykur við það, að útgjöld ríkisins hækki svo verulega nú á þessu ári, vegna þess að bæði hann og aðrir, sem hæstv. ríkisstj. styðja, eru búnir að búa svo um hnútana, að á þessu sviði sem öðrum verður mikill samdráttur í landinu. Það mun vera þegar nokkurn veginn ákveðið, að leigan eftir skurðgröfurnar hækki nú á þessu vori um 30%, og þá bagga er þegar búið að binda bændastétt landsins, að ég tel, að ef það er ekki

beinlínis knýjandi nauðsyn hjá þeim á næstunni að láta ræsa fram hjá sér land, þá reyni þeir að láta ræsa eins lítið og unnt er. Það er því fyrirsjáanlegur samdráttur á þessu sviði, svo þó að brtt. mín yrði samþ., mundi heildarupphæðin, sem ríkið þyrfti að greiða vegna skurðgraftar eða þurrkunar lands á þessu ári, tæplega verða eins há og nú þegar er áætlað í fjárlögum.

Þá gat hv. þm. þess, að hann hefði ekki orðið var við neina óánægju hjá bændum sérstaklega varðandi styrkinn til framræslu. Það hygg ég að hann segi nokkurn veginn rétt. En málið horfir bara allt öðruvísi nú í dag en það hefur gert á undanförnum árum. Og þessi framkvæmd er líka í röð þeirra framkvæmda, sem ég hygg að bændur muni ekki hafa eins mikinn áhuga á og verið hefur, af því að þeir verða augsýnilega mikið við sig að spara, og því meiri hætta að verði svo mikill samdráttur á þessu sviði nú, að við bíðum þess ekki bætur í framtíðinni, þegar tímarnir breytast.

Ég vil líka á það benda, að umfram það, að leigan hækkar nú, fellur einnig söluskattur á þessa þjónustu, sem bændastéttinni er veitt. Það eru miklar líkur til þess, að 3% söluskatturinn falli nú í fyrsta skipti á þessa þjónustu, sem bændunum er veitt með því, að ýmiss konar ræktunarsambönd og ríkið veita þeim aðstoð með að láta vélar fara um landið til að vinna.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, að útjöfnun ruðninganna, sem koma upp úr skurðunum, kostar álíka mikið og skurðgröfturinn sjálfur, svo að ég sé ekki, þó að ríkið kosti jafnvel skurðgröftinn að öllu leyti, að þessir aðilar séu betur settir í landinu með sína ræktun en fjöldamargir aðrir, og þótt þeir fengju skurðgröftinn greiddan að fullu, þá eru þeir samt sem áður verr settir og miklu verr settir en þeir, sem við erum nú að auka styrk til með því að hækka hann til þeirra, sem hafa sandjarðveg á að ganga, vegna þess að sandjarðvegurinn er einhver sá ódýrasti jarðvegur í vinnslu, þótt ég hins vegar skuli viðurkenna, að hann er rekstrarfjárfrekari, hann krefst meiri áburðar árlega, — en þegar tekinn er stofnkostnaður við ræktunina, verður hann langódýrastur. Að sjálfsögðu er dýrasti jarðvegurinn, sem unninn er, sá, sem er mikið grýttur, og þar næst sá jarðvegur, sem þarf að ræsa fram mikið og þarf lengi að bíða eftir að hann komist í ræktunarhæft ástand. Mér finnst því, að öll rök, hvernig sem maður veltir þessu máli fyrir sér, hnígi í eina og sömu átt, að þetta sé knýjandi nauðsyn nú eins og sakir standa, að þessi till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Ed., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 321 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ.

nei: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, SÓÓ.

2 þm. (BGuðbj, FRV) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er hér til 3. umr. Eftir atkvgr. við 2. umr. að dæma má telja víst, að þetta frv. verði að lögum nú, þegar þessari umr. lýkur. En áður en frv. verður lögfest, vil ég beina einni fsp. í sambandi við jarðræktarlögin til hæstv. landbrh., en hann er nú ekki staddur hér í d., og vil ég mælast til, að hæstv. forseti hlutist til um, að hæstv. landbrh. verði gert aðvart um þetta, ef hann er hér í húsinu, það verður ekki til þess að tefja málið neitt að ráði. (**Forseti:** Ég skal verða við þessari beiðni. Ég hef látið grennslast eftir því, hvort ráðh. væri í húsinu, en hann kvað vera farinn, ekki staddur í þinginu.) Ég vil nú ekkert tefja þetta mál, en ætli það sé nokkuð í hættu, þó að umr. sé frestað á þessum fundi? (**Forseti:** Nei, ég sé ekki, að það sé sett í neina hættu, vegna þess að það er þá hægt að taka það fyrir á mánudaginn, strax á fundi þá, og ég skal verða við þeirri ósk hv. þm. að fresta því.)

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 367).

---

19. Umferðarlög.

Á 46. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 [89. mál] (stjfrv., A. 167).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er þess efnis að breyta til sama horfs og áður var reglum um það, hvernig menn, sem eru á hestum, skuli víkja fyrir annarri umferð. Um þetta voru settar nýjar reglur í umferðarlögunum. Þær hafa þótt reynast illa, og samtök hestamanna beittu sér fyrir áskorun um að breyta þessu. Það var síðan borið undir þá, sem kunnugastir eru umferðarmál-

um, og loks nú undir búnaðarþing, og allir þeir aðilar eru sammála um að mæla með þessari breytingu. Hygg ég því, að þetta mál geti ekki valdið miklum ágreiningi.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 167, n. 263).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, en það er stjórnarfrv., og hafa nm. orðið sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Sú breyt. á reglunum um ríðandi menn, sem komst inn í umferðarlögin frá 1958, að þeim væri skylt að halda sig á hægri vegarhelmingi í stað vinstri áður, hefur ekki þótt gefast vel, og er það álit þeirra manna, sem þessum málum eiga að vera kunnugastir, að umferð ríðandi manna um hægri vegarhelming hafi aðeins aukna slysahættu í för með sér. Hefur Landssamband hestamanna beinlínis óskað eftir, að reglunum um ríðandi menn verði breytt í það horf, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og búnaðarþing hefur einnig lýst sig fylgjandi þessari breyt.

Allshn. leitaði álits lögreglustjórans í Reykjavík um frv. þetta, og lýsti hann sig fylgjandi því, með því að hinar breyttu reglur um umferð ríðandi manna skv. umferðarlögunum frá 1958 hefðu haft í för með sér aukna slysahættu, eftir því sem hann bezt vissi.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en eins og ég áður gat um, leggur allshn. einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 62., 63. og 68. fundi í Nd., 6. 7. og 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 377).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til 2. umr., felur í sér breyt. á 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 1958. Í því ákvæði er svo fyrir mælt:

„Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.“

Þarna í þessari 1. mgr. 63. gr., eins og hún er nú í umferðarlögunum, er því sett sama regla um ríðandi menn í umferðinni sem um gangandi menn, þegar ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi. Í frv. þessu er lagt til, að 1. mgr. 63. gr. umferðarlaganna orðist svo:

„Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.“

Í frv. felst því alveg gagnstæð regla þeirri, sem nú gildir samkv. umferðarl. um umferð ríðandi manna. Með frv. eru ríðandi menn í umferðinni að því leyti til settir á bekk með bifreiðum og öðrum ökutækjum, þ. e. a. s. eftir frv. skal sama regla gilda um þá og ökutæki, sbr. 1. mgr. 45. gr. umferðarlaganna.

Nefnd sú, sem umferðarlögin samdi á sínum tíma, lagði til, að um umferð ríðandi manna gilti sú regla, sem í frv. þessu felst og þá hafði áður gilt samkv. umferðarlögum frá 1941. En þessu ákvæði var breytt í núgildandi horf í meðferð Alþ., reyndar samkv. till. allshn. Ed., en það er tekið fram í nál. allshn. þá, að þarna sé um algert nýmæli að ræða, sem skoðanir muni geta verið skiptar um. En það fór nú samt sem áður svo, að þetta nýmæli var þarna samþykkt, og mun einkum hafa verið rökstutt með því, að hestamenn ættu erfitt með að fylgjast með ökutækjum, sem á eftir þeim kæmu á sama vegarhelmingi. Reynslan hefur nú hins vegar sýnt það, að því er talið er, að þetta nýmæli var ekki heppilegt. Það er talið, að gildandi regla hafi valdið aukinni hættu á slysum frá því, sem áður var, og eins og greint er frá í grg. frv. og ég þarf ekki að endurtaka hér, er það svo, sem nokkuð liggi í augum uppi, að bæði ökumenn og hestamenn þurfa á mun meiri viðbragðsflýti að halda, ef hestur og ökutæki koma úr gagnstæðum áttum á sama vegar-

helmingi, heldur en þyrfti, ef aðilar væru sitt hvorum megin á veginum. Þetta einmitt getur valdið aukinni slysahættu, sérstaklega ef útsýni er eitthvað slæmt á milli vegfarenda, hvort sem það er nú vegna staðháttanna eða veðurs. Og enn fremur er nú talið, að það geti frekar leitt til þess, að hestar ókyrrist og jafnvel fælist, ef ökutæki kemur beint á móti, og það getur leitt til þess, að reiðmenn og hestar blindist frekar af ljósum ökutækja og geti þannig sem sagt, eins og ég sagði, valdið aukinni slysahættu. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að Landssamband hestamanna hefur farið fram á það, að gildandi umferðarlögum verði breytt, svo sem í frv. segir. Og það hefur verið leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um þá till. Landssambands hestamanna, og stjórn Búnaðarfélagsins hefur lagt það fyrir búnaðarþing, og þessir aðilar hafa eindregið mælt með því, að tekin væri upp sú regla, sem í frv. felst. Lögreglustjóri mun og hafa látið í ljós það álit, að rétt væri að breyta svo sem ráð er gert fyrir í frv.

Ég hef átt tal við suma af þeim mönnum, sem á sínum tíma voru í þeirri n., sem samdi umferðarlögin og þá öfluðu sér sérstakrar þekkingar í sambandi við þessi mál öll, og þeir telja að sjálfsögðu heppilegt, að það sé tekin upp sú regla, sem þeir í öndverðu lögðu til að í lög væri tekin.

Allshn. hefur, eins og greinir í nál., tekið þetta mál til meðferðar, rætt það á fundum sínum og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þarf ég svo ekki að hafa fleiri orð um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 404).

20. Lækningaleyfi.

Á 36. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl. [69. mál] (stjfrv., A. 133).

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Aðalefni frv. þessa er að lögfesta, að læknakandídatar, sem vinna við spítala, meðan þeir eru að ávinna sér fullt lækningaleyfi, fái almenn lögkjör opinberra starfsmanna og hámarkslaun samkv. 8. flokki launalaga. Með þessum ákvæðum er staðfest samkomulag, sem mun hafa verið gert á s. l. ári milli fulltrúa læknanna og ríkisstj. Hin föstu laun eru þau sömu og þessir menn hafa haft, en eðlilegast þótti, að það væri berum orðum fram tekið, að þó að þarna sé um eins konar bráðabirgðastörf að ræða, þá njóti þeir þó lögkjara opinberra starfsmanna.

Þetta er sem sagt kjarni frv. Í því eru jafnframt gerðar breytingar þess eðlis, að þetta framhaldsnám skal stunda hér á landi í íslenzkum spítölum. Það á að vera aðalregla, sem þó er hægt að víkja frá, með þeim skilyrðum, sem í frv. sjálfu segir. Áður mun hafa verið jöfnum höndum heimilt og er nú jöfnum höndum heimilt að ljúka þessu námi í erlendum spítölum. En talið er, að aðstæður hafi breytzt svo, síðan þau ákvæði voru sett, að nú sé eðlilegt, að þessi fræðsla sé öll veitt hér, en ef sérstaklega stendur á, er þó heimild til undantekninga, eins og ég gat um.

Loks er ákveðið, að landlæknir ráðstafi námsvist kandídata samkv. reglum, er hann setur í samráði við læknadeild háskólans og Læknafélag Íslands. Það er talið nauðsynlegt að hafa á þessu sameiginlega yfirstjórn.

Mér skilst, að það sé enginn ágreiningur varðandi sjálft meginefni frv. varðandi launakjör og lögkjör þessara manna. Hitt mun hafa komið fram, að sumir telja vafasama þá ráðstöfun að binda námið, jafnvel þó að undantekningar séu heimilaðar, við spítala hér á landi. Það er sjálfsagt, að það verði athugað í hv. n., þau rök annars vegar, sem eru færð þessu til styrktar af hálfu landlæknis og læknadeildar, og hins vegar gagnrök, sem þá væntanlega koma fram frá þeim, sem telja, að verið sé að leggja á óeðlilega þvingun. Ég treysti því, að n. athugi þær aths., er fram koma, og er reiðubúinn til samstarfs við hv. n. um frekari skoðun á þessum atriðum, ef þörf þykir.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 62., 63., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 6., 7., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 133, n. 282).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í frv. þessu, sem flutt var af hæstv. ríkisstj., felast fyrst og fremst þrjár breytingar. Í fyrsta

lagi, að til þess að læknakandídatar geti fengið lækningaleyfi, skuli þeir hafa lokið framhaldsnámi við sjúkrahús hér á landi. Í öðru lagi, að gerðar eru sérstakar ráðstafanir um námsvist kandídata. Og í þriðja lagi, að settar eru í lög reglur um kjör kandídata við framhaldsnám.

Meginástæða þess, að lög eru sett um þetta efni, er sú, að á s. l. ári kom til kaupdeilu milli læknakandídata annars vegar og hins opinbera hins vegar. Þessari deilu lauk með samkomulagi, þannig að ákveðið var, að kandídatar skyldu taka laun samkvæmt 8. flokki launalaga. Lögfesting þessa samkomulags er í raun og veru aðalatriði þessa frv. En í leiðinni voru tekin upp í frv. hin tvö atriðin, sem ég nefndi, nefnilega að læknakandídatar skyldu skyldaðir til þess að ljúka námsvist sinni við sjúkrahús hér á landi, og enn fremur, að lagt var til, að landlæknir ráðstafaði námsvist kandídata samkvæmt reglum, er hann setti í samráði við læknadeild Háskóla Íslands.

Heilbr.- og félmn. leitaði umsagnar margra aðila um frv., og er frá því greint í nál., hverjir það voru, þ. e. landlæknir, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur, læknadeild Háskóla Íslands, félag læknanema, og enn fremur barst n. umsögn frá stúdentaráði Háskóla Íslands. Allir þessir aðilar mæla mjög eindregið gegn því, að læknakandídatar verði skyldaðir til þess að ljúka námsvist sinni hér á landi. Enn fremur voru skoðanir mjög skiptar um annað atriðið, hverjum bæri að ráðstafa námsvist kandídata. Landlæknir sjálfur var því mjög mótfallinn, að honum væri falið þetta, og aðrir aðilar voru því einnig mótfallnir.

Niðurstaðan í n. varð sú, að hún leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að niður sé felld skyldan til þess að ljúka námsdvöl kandídata hér á landi og í staðinn verði sú mgr. 1. gr. frv., sem um þetta fjallaði, orðuð á þessa leið: „Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans."

Í öðru lagi leggur n. til, að 3. mgr. frv. orðist þannig, að ráðh. sé heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandídata á sjúkrahúsum.

Ég hygg, að þetta mál liggi ljóst fyrir, og tel ég ekki þörf á því að fara um það fleiri orðum. Mér er kunnugt um það, að þeir aðilar, sem þetta mál snertir fyrst og fremst, þ. e. a. s. heilbrmrn. annars vegar og hins vegar læknakandídatar, geta felt sig við þá afgreiðslu, sem n. leggur hér til.

Fyrir hönd heilbr.- og félmn. leyfi ég mér því að ítreka, að n. leggur til, að frv. verði samþ. með fyrrgreindum breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 282,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 282,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 338).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 338, n. 378).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fyrir hv. Nd., var gert ráð fyrir að skylda læknakandídata til að ljúka framhaldsnámi við sjúkrahús hér á landi. Ef það hefði verið gert, var nauðsynlegt að setja reglur um það, hvernig kandídötum væri raðað í þau námspláss, sem til eru hér á landi. Nú hefur hv. Nd. horfið frá þessu. Virðist því ákvæðið í 3. mgr. frv., eins og það nú liggur fyrir, óþarft. Það er a. m. k. skoðun Læknafélags Reykjavíkur og þeirra kandídata, sem hlut eiga að máli nú. Eðlilegast virðist, að þeir, sem ráða yfir þessum námsplássum, hagi því svo til, eins og nú þegar er komið í framkvæmd, að hægt sé að vita nokkuð fram í tímann, hvaða pláss verða laus, og geta kandídatar þá hagað sér eftir því. Yfirleitt hafa kandídatar sótt eftir að fá að ljúka þessari framhaldsnámsvist hér á landi, og er engin ástæða til að ætla annað en þeir muni sækja eftir því framvegis. N. telur því óhætt að fella 3. málsgr. frv. niður og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 378 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 396).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert þá breytingu eina á þessu frv., að hún hefur fellt niður 3. efnismálsgr. 1. gr., en í þeirri málsgr. var svo kveðið á, að ráðh. væri heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandídata á sjúkrahúsum. Þannig hljóðaði ákvæðið, þegar frv. fór héðan úr hv. þd., en í hinu upprunalega frv. var lagt til, að landlæknir ráðstafaði námsvist kandídata samkvæmt reglum, er hann setti í samráði við læknadeild háskólans og Læknafélag Íslands. Þessu ákvæði breytti hv. þd. hér á þá lund, sem ég gat um áður.

Heilbr.- og félmn. d. hefur haft tækifæri til þess að athuga málið, eins og það kemur nú frá hv. Ed., og telur ekki miklu máli skipta þá breytingu, sem gerð hefur verið á frv. Þetta ákvæði um ráðstöfun námsvistar kandídata var ekkert aðalatriði í frv., þegar það var upprunalega lagt fram, og ekki heldur eftir þá breytingu, sem þessi hv. þd. samþykkti.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

21. Ríkisborgararéttur.

Á 20. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [76. mál] (stjfrv., A. 142).

Á 41. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið með sama hætti og slík frv. hafa verið gerð undanfarin ár og aðferðin sú, að lagt er til, að þeir fái ríkisborgararétt, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nál. 17. marz 1955. Nokkrar umsóknir munu ekki hafa verið taldar fullnægja þessum skilyrðum, en hv. n., sem fær málið til meðferðar, mun fá þær umsóknir einnig til athugunar, svo að hægt sé að ganga úr skugga um, að í þessu sé fullt samræmi. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 333, 334).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur yfirfarið og athugað frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, og eru nm. sammála um að leggja til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem prentaðar eru á þskj. 334. Annars hafði n. þann hátt á um afgreiðslu málsins, að hún fór fram á það við allshn. Ed., að hún tilnefndi úr sínum hópi 2 menn til að vinna með 2 mönnum úr allshn. Nd. að þinglegri afgreiðslu málsins. Athuguðu síðan þessir 4 menn úr allsherjarnefndum beggja deildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis umsóknir um ríkisborgararétt frá þeim mönnum, sem teknir voru upp í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, ásamt allmörgum öðrum umsóknum, sem borizt höfðu.

Á undanförnum þingum hafa mótazt í meðförum allshn. beggja deilda þingsins reglur um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Eru reglur þessar að mestu byggðar á þeim skilyrðum, sem fram komu fyrst í nál. allshn. Nd. frá 17. marz 1955, en fulltrúar frá báðum deildum þingsins höfðu þá eins og jafnan síðan unnið saman að afgreiðslu þess frv., sem þá lá fyrir um veitingu ríkisborgararéttar, og því í sameiningu mótað og sett þau skilyrði, sem að mestu er enn byggt á. Þó hafa reglur þessar síðar verið gerðar nokkru fyllri í meðförum umræddra nefnda. Reglum þeim, sem eftir var farið að þessu sinni eins og á undanförnum þingum, er lýst í nál. á þskj. 333. Þær eru 6 og eru þannig:

1) Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfshæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.

2) Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.

3) Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari ekki haft ríkisborgararétt skemur en fimm ár.

4) Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.

5) Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái íslenzkan ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.

6) Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir umsækjendur um íslenzkan ríkisborgararétt, sem upp eru taldir í frv., eins og það var lagt fyrir þetta þing, fullnægja að dómi n. þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan. Sama er að segja um þá, sem taldir eru í brtt.

n. á þskj. 334. Ég tek það fram, að þótt allshn. Nd. skili þessu nál. og flytji brtt. á þskj. 334, er hvort tveggja gert í samráði og samstarfi við allshn. Ed., eins og ég áður gat um, og ætti það að verða til þess að greiða fyrir málinu í þeirri deild.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um brtt. n., eins og þeim er lýst á þskj. 334. Fyrstu tveir liðirnir á þessu þskj. eru aðeins orðalagsbreytingar varðandi þá umsækjendur, sem lagt er til að fái íslenzkan ríkisborgararétt. Vil ég aðeins minnast á þrjá umsækjendur.

Í staflið c, tölulið 4, er lagt til, að Hedvig Ella Adelheid Langfeldt fái íslenzkan ríkisborgararétt, enda flutti hún hingað til lands í apríl 1950 og fullnægir því í þessum mánuði búsetuskilyrðunum, sbr. 2. lið reglnanna, en umsækjandinn er þýzkrar ættar. Umsókn hefur einnig borizt frá manni hennar, sem líka er þýzkur, en hann settist ekki að hér á landi fyrr en 13. júlí 1951 og fullnægir því ekki búsetuskilyrðinu fyrr en 13. júlí 1961. Sá n. sér því ekki fært að mæla með því, að hann fengi að þessu sinni borgararétt, þótt kona hans öðlist hann á þessu ári, en þau giftust á árinu 1952.

Í staflið c, tölulið 3, í brtt. allshn. á þskj. 334 er lagt til, að Guðna Erlendssyni verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Það, sem sérstakt er að segja um þennan umsækjanda, er, að hann er barn, tæplega tíu ára að aldri, fæddur 29. ágúst 1950 í Svíþjóð, sonur sænskra hjóna og er því nú sænskur ríkisborgari. Þann 24. júlí 1951 fluttist hann með íslenzkum hjónum hingað til lands, og ættleiddu þau drenginn með leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. júlí s. á., þ. e. a. s. 1951. Hefur hann dvalizt með kjörforeldrum sínum síðan óslitið hér á landi. Segja má að vísu, að hér sé um nokkuð sérstakt tilfelli að ræða, þar sem umsækjandinn er tæplega 10 ára gamalt barn, en allshn. hefur ekki getað komið auga á neitt í þeim reglum, sem eftir hefur verið farið um veitingu ríkisborgararéttar, sem banni það eða mæli gegn því, að drengur þessi fái íslenzkan ríkisborgararétt. Verður sjálfsagt að telja það sem meira tilfinningamál en raka, að kjörforeldrar drengsins sæki það fast, að hann, sem líta ber á sem þeirra eigið barn, hljóti sama ríkisfang og þau bæði eiga og hafa átt frá fæðingu.

Segja má að mestu leyti hið sama um telpuna Margaret Lilju Whiles í staflið c, 8. tölulið, í brtt. n. á þskj. 334. Hún er fimm ára að aldri, fædd 28. ágúst 1954 í Bandaríkjum Norður-Ameríku, dóttir íslenzkrar konu og amerísks eiginmanns hennar. Móðir hennar missti aldrei sitt íslenzka ríkisfang, vegna þess að hún dvaldist aðeins í nokkra mánuði í Bandaríkjunum, en var skilin frá manni sínum árið 1954 og hefur dvalizt hér á landi óslitið síðan í ársbyrjun 1955 ásamt dóttur sinni, sem hún hefur foreldraráð fyrir. Hins vegar öðlaðist telpan ameríska ríkisfang við fæðingu, þar sem hún er fædd í Bandaríkjunum, dóttir Bandaríkjamanns, og er það af þeim sökum, sem nú er sótt um, að telpan fái íslenzkan borgararétt, enda er hún, eins og ég áður gat um, undir foreldraráðum móður sinnar, sem er íslenzkur ríkisborgari og hefur jafnan verið það, og búsett hér á landi frá því á árinu 1955.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu fleiri orð, en eins og ég gat um í upphafi máls míns, leggur allshn. einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem á þskj. 334 er lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 334 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351, 357).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 357 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 370).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 370, n. 392).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að 21 karli og 21 konu, eða samtals 42 mönnum, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Allmargar umsóknir um ríkisborgararétt höfðu borizt dómsmrn. Af allshn. beggja þd. voru valdir 4 menn, tveir úr hvorri n., til að athuga og yfirfara þessar umsóknir og gera till. um, hverjir skyldu meðteknir og hverjum skyldi hafnað. Við það val var farið eftir reglum, sem birtar eru á þskj. 333 og óþarft er að rekja frekar, enda eru þær byggðar á reglum, sem áður hefur verið beitt, er settar voru af allshn. beggja þd. á árinu 1955. Frv. er reist á niðurstöðum þessara 4 manna. Fjallaði frv. upphaflega um 32 menn, en í meðförum Nd. var bætt við 10 mönnum

samkvæmt umsóknum, sem bárust, eftir að frv. var lagt fram. Nær frv. því nú til 42 manna, en alls höfðu 50 manns sent umsóknir, og hefur því 8 manns verið hafnað.

Allshn. Ed. hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 11. þm. Reykv., hefur þó fyrirvara varðandi 2. gr. frv., en þar er það skilyrði sett eins og áður, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með þessum lögum, fyrr en þeir hafa tekið sér íslenzk nöfn skv. lögum um mannanöfn. *Meiri hluti n. vildi halda þessu ákvæði óbreyttu, svo sem gert hefur verið í samsvarandi lögum um mörg undanfarin ár.*

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og frsm. n., hv. 9. landsk., minntist á, hef ég fyrirvara um 2. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, og vildi gera grein fyrir honum með örfáum orðum.

Ég hef ávallt verið andvígur því, að það væri gert að skilyrði fyrir því að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, að menn skiptu um nafn og tækju upp nýtt íslenzkt nafn í samræmi við lögin um mannanöfn. Ég tel það óeðlilegt, að slíkt skilyrði sé sett fyrir því, að íslenzkur ríkisborgararéttur sé veittur.

Það er mörgum mönnum mikið tilfinningamál að geta áfram haldið því nafni, sem þeir ef til vill eru búnir að bera um langa ævi, en fyrir utan það getur það fyrir marga verið fjárhagslegt atriði að vera þannig neyddir til þess að skipta um nafn. Þess munu ýmis dæmi á undanförnum árum, og ef til vill kannast ýmsir hv. dm. við það dæmi af erlendum málakennara, sem hafði verið búsettur hér í Reykjavík um margra ára skeið og naut mikillar aðsóknar og vinsælda sem slíkur, að honum var gert að skipta um nafn samkvæmt þessum lögum og verður þá að auglýsa kennslu sína undir nafni, sem enginn kannast við.

Þau höfuðrök hafa verið borin fram fyrir því að halda þessu ákvæði, að íslenzkri tungu gæti að einhverju leyti stafað af því hætta, ef íslenzkir ríkisborgarar bæru erlend nöfn. Ég tel nú satt að segja, að úr þessu hafi verið of mikið gert. Í fyrsta lagi má á það benda, að þó að það sé gert að skilyrði fyrir því að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, að menn taki upp íslenzkt nafn, þá komumst við aldrei fram hjá því, að eftir sem áður verða erlend nöfn notuð mikið í íslenzkri tungu. Bæði er það fjöldi manna, sem áfram ber erlend nöfn, og auk þess er fjöldi manna búsettur hér í landinu, sem er ekki íslenzkir ríkisborgarar, fyrir utan það, að auðvitað verður að nota erlend nöfn, þegar talað er um útlenda menn. Í öðru lagi má á það benda, að þeir fáu menn, sem öðlast ríkisborgararétt á hverju ári, eru tiltölulega mjög lítill hluti þess mannfjölda, sem íslenzku þjóðinni fjölgar um á hverjum tíma. Og víst er um það, að í öðrum löndum mun það yfirleitt ekki tíðkast, að þetta skilyrði sé sett fyrir því að öðlast þarlendan ríkisborgararétt. Það má t. d. nefna sem dæmi í þessu sambandi, að ekki mun kunnugt um, að það sjónarmið hafi komið fram í Svíþjóð, að sænskri tungu stafaði af því sérstök hætta, þó að menn með finnskum nöfnum gerðust sænskir ríkisborgarar, og mun engum Svía hafa dottið í hug að gera það að skilyrði fyrir ríkisborgararétti þeirra, að þeir skiptu um nafn. Sænskan og finnskan munu þó miklu óskyldari tungur en íslenzkan og tungur þeirra nágrannaþjóða okkar, sem yfirgnæfandi meiri hluti þeirra manna, sem sækir um íslenzkan ríkisborgararétt, tilheyrir. Ég tel fyrir það fyrsta, að þessi röksemd sé ekki ákaflega veigamikil, en jafnvel þó að á hana væri fallizt, þá tel ég, að þá millileið mætti t. d. fara að skylda börn þeirra manna, sem fá íslenzkan ríkisborgararétt, til þess að taka upp íslenzk nöfn. Þá væri komið í veg fyrir, að þessi nöfn festust í málinu áfram. En auðvitað er það allt annað fyrir börn þessara manna, sem alin eru upp í íslenzku umhverfi, að taka upp íslenzk nöfn heldur en fyrir mennina sjálfa. Þetta eru meginrökin fyrir mínu sjónarmiði í þessu sambandi.

Árið 1957, eða fyrsta þing fyrra kjörtímabils, varð ég til þess ásamt nokkrum fleiri hv. þm. að bera fram till. um það, að 2. gr. þessa frv. yrði breytt. Sú till. var felld þá með nokkrum atkvæðamun í Nd., og þar með töldum við andstæðingar þessa ákvæðis að málið hefði verið afgert á því kjörtímabili, og var því ekki hreyft framar. Nú er hins vegar komið nýtt þing, og þar sem þetta mál er eðli málsins samkvæmt ekki flokksmál, þá var auðvitað fyrir fram óvissa um það, hvernig hið nýkosna Alþ. mundi líta á þetta mál, og á það sjónarmið get ég út af fyrir sig ekki fallizt, að vegna þess að þetta sé einu sinni komið í lög, þá verði það að halda áfram að standa í lögum. Það er nú einu sinni höfuðtilgangur setu okkar á hinu hv. Alþ. að breyta gildandi lögum, þegar talin er ástæða til þess. En með tilliti til þess, hve nú er orðið áliðið þings og telja má víst, að um þetta atriði mundu eins og oft áður verða miklar deilur, þannig að frv. í heild gæti verið stofnað í nokkra hættu, ef farið yrði að deila um þetta atriði hér, þá hef ég fallið frá því að sinni að bera fram brtt. um þetta, en áskil mér allan rétt í því efni í framtíðinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 415).

22. Fyrningarafskriftir.

Á 29. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir [68. mál] (stjfrv., A. 132).

Á 31. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1946 voru sett lög um sérstakar fyrningarafskriftir. Í 1. gr. þeirra laga segir:

„Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948, má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í þrjú ár, frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. jan. 1946 að telja." Síðan eru þessar eignir upp taldar, en þær eru: „fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir."

Þremur árum síðar, 1949, voru samþ. lög um, að þessi heimild í lögunum frá 1946 skyldi einnig ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950. 1950 voru samþ. sams konar lög varðandi eignir, sem teknar yrðu í fyrstu notkun á árunum 1951, 1952 og 1953. 1954 var enn samþ. heimild fyrir árin 1954, 1955 og 1956, og þá var bætt við því ákvæði, að heimildin skyldi enn fremur gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar. Árið 1957 voru enn sett lög um, að þessi heimild skyldi ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun á árunum 1957, 1958 og 1959.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er sama efnis og lögin frá 1957, um það, að heimild l. frá 1946 til sérstakra afskrifta, þ. e. a. s. 20%, skuli einnig ná til eigna af þessari tegund, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1960, 1961 og 1962. Ég ætla, að sömu ástæður liggi nú til þess og á undanförnum árum, bæði þegar fyrstu lögin voru sett og þegar síðari lög hafa verið sett um framlengingu þeirra.

Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 143).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í lögum nr. 59 frá 7. maí 1946 voru heimilaðar sérstakar fyrningarafskriftir af ákveðnum framleiðslutækjum, sem nánar eru tilgreind í grg. þessa frv. Auk þessara framleiðslutækja var svo með síðari lögum ákveðið, að þessar afskriftaheimildir skyldu einnig ná til farþega- og vöruflutningaflugvéla. Síðan lög þessi voru sett, hafa þau verið framlengd og síðast árið 1957. En í þessu frv. er lagt til, að heimildin verði framlengd um næstu þrjú ár.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og komizt sameiginlega að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til þess að fella þessa heimild niður að svo stöddu, og mælir því með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1946 voru sett lög um það, að sérstakar fyrningarafskriftir skyldu heimilaðar varðandi fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þessar fyrningarafskriftir máttu nema 20% á ári í þrjú ár, frá því að þessi tæki eða mannvirki voru fyrst tekin í notkun. Síðan hefur þessi heimild verið framlengd, og fyrir fáum árum var bætt inn heimild um það, að þessar afskriftir mættu einnig ná til flugvéla til farþega- og vöruflutninga.

Núgildandi ákvæði ná aðeins til þeirra tækja, sem tekin voru í fyrstu notkun á árinu 1959 eða fyrr. Með þessu frv. er lagt til, að þessi heimild gildi einnig um framangreind tæki, sem tekin verða í notkun á árunum 1960, 1961 og 1962.

Ég vænti þess, að hv. þdm. fallist á að framlengja þessi ákvæði, sem að meginefni til hafa verið í gildi síðan 1946. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 444).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., frv. til l. til breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, á þskj. 132, hefur verið til athugunar í fjhn. deildarinnar.

Í frv. þessu felst aðeins framlenging á ákvæðum, sem áður hafa gilt. Lög nr. 90 frá 1957, um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, taka aðeins til tækja, sem tekin eru í notkun á árinu 1959 eða fyrr. Tæki þessi eru fiskiskip, önnur veiðiskip, flutningaskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir og svo flugvélar til farþega- og vöruflutninga. Tæki þessi má samkvæmt gildandi lögum afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því að þau voru tekin í notkun. En með frv. þessu er lagt til, að ákvæði áðurgreindra laga verði látin gilda einnig fyrir árin 1960, 1961 og 1962.

Fjhn. er öll sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

---

23. Innflutnings- og gjaldeyrismál (stjfrv.).

Á 66. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála [131. mál] (stjfrv., A. 318).

Á 68. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar efnahagsmál Íslendinga eru rædd, virðast menn of sjaldan gera sér nægilega ljóst, hversu skammt er síðan Íslendingar tóku sjálfir að stjórna efnahagsmálum sínum. Fjárhagsaðskilnaður Íslands og Danmerkur 1871 losaði efnahagskerfi Íslands ekki úr tengslum við efnahagskerfi Danmerkur. Svipuðu máli gegndi um heimastjórnina 1904. Þótt hún hafi markað mjög þýðingarmikið spor í baráttu þjóðarinnar fyrir stjórnarfarslegu sjálfstæði og efnahagslegum framförum, hélt Ísland áfram að vera hluti af efnahagskerfi Danmerkur. Löndin höfðu sameiginlega gulltryggða mynt, og engin sjálfstæð stjórn var á peninga- eða gengismálum. Tolla- og skattakerfið var að vísu aðgreint, en tollarnir voru eingöngu fjáröflunartollar, og stjórn fjármálanna beindist ekki að því að hafa almenn áhrif á efnahagsþróunina.

Það var heimsstyrjöldin fyrri, sem mest áhrif hafði í þá átt að losa efnahagstengslin við Danmörku, og það var vegna ástands þess, sem hún skapaði, að Íslandsbanki var leystur frá þeirri skyldu að innleysa seðla sína með gulli 3. ágúst 1914. Var þá raunverulega tekinn hér upp pappírsmyntfótur, sem haldizt hefur síðan að stuttu tímabili frátöldu. Hér var um mjög þýðingarmikla breytingu að ræða og skapaði hún bæði skilyrði og nauðsyn á sjálfstæðri og öruggri stjórn peningamálanna. Það var þó varla von til þess, að menn áttuðu sig á þessu, enda varð sú raunin á, að hér hófst alvarleg verðbólga, er fyrst og fremst mátti rekja til lánsfjárþenslu Íslandsbanka. Þessi verðbólga olli síðan gengisfalli íslenzku krónunnar árin eftir styrjöldina. Þótt þetta gengisfall væri meira en gengisfall dönsku krónunnar, var sérstök gengisskráning íslenzku krónunnar ekki tekin upp fyrr en árið 1922. Þar með var íslenzka krónan orðin sjálfstæður gjaldeyrir og hin sérstöku tengsl efnahagskerfa Íslands og Danmerkur að mestu rofin.

Stjórn íslenzkra efnahagsmála á sér því ekki að baki nema rúmlega 40 ára sögu. Það er ekki við því að búast, að sú stjórn hafi alltaf farið vel úr hendi. Engar stofnanir voru í fyrstu til, er farið gætu með þá stjórn, og engir menn innlendir, er reynslu hefðu á þessu sviði. Þar við bættist, að efnahagslíf landsins hefur á þessu tímabili orðið fyrir miklum utanaðkomandi truflunum vegna styrjalda, heimskreppu og mikilla breytinga á mörkuðum fyrir útflutningsafurðir landsmanna. Það hefur ekki gert stjórn efnahagsmálanna auðveldari. Á þessu sama tímabili hefur einnig orðið mikil lýðræðisleg bylting í félagsmálum á Íslandi. Samtök verkamanna og bænda og margs konar hagsmunasamtök önnur hafa vaxið úr grasi, og þjóðin öll hefur reynt að hagnýta sjálfstæði sitt, stjórnmálafrelsi og almennan kosningarétt til þess að auka efnahagslegar framfarir og bæta lífskjör sín.

Mig langar til þess að rifja hér upp í stuttu máli nokkur aðalatriði úr þessari stuttu sögu stjórnar Íslendinga á efnahagsmálum sínum. Mér virðist, að sú saga sýni nokkra einfalda og skýra drætti, er komi í ljós hvað eftir annað. Þær breytingar, sem nú er verið að gera í efnahagsmálum þjóðarinnar, ekki hvað sízt með því frv., sem hér liggur fyrir, verða þá fyrst skildar til hlítar, ef þær eru skoðaðar með þessa sögu í baksýn. Ég vil taka það fram, að það, sem ég segi hér, má ekki skilja sem sérstaka gagnrýni á nokkurn einstakan stjórnmálaflokk eða stjórnmálamann. Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar og allir íslenzkir stjórnmálamenn, sem nú standa framarlega í flokkum sínum, hafa verið við þessa sögu riðnir að meira eða minna leyti. Það er ekki nema eðlilegt, að ákvarðanir um stjórn efnahagsmála líti öðruvísi út í ljósi þeirrar heildaryfirsýnar og þekkingar, sem nú er fyrir hendi, en þær gerðu, þegar þær voru teknar. Það, sem máli skiptir, er að læra af þeirri reynslu, sem fengizt hefur, en ekki hitt, hver ber meiri eða

minni sök á því, sem miður hefur farið, eða eigi heiður skilið fyrir það, sem betur hefur tekizt.

Íslenzkri efnahagsmálastjórn hefur ekki tekizt vel að ná því þýðingarmikla takmarki allrar efnahagsmálastjórnar að halda verðgildi gjaldmiðilsins stöðugu inn á við og út á við. Síðan 1922, þegar íslenzka krónan varð sjálfstæður gjaldeyrir, hefur gengi hennar verið fellt formlega 6 sinnum: árin 1922—24, 1931, 1939, 1949, 1950 og nú síðast í febrúarmánuði 1960. Af þessum gengisfellingum voru þó þær tvær, sem framkvæmdar voru árin 1931 og 1949, aðeins gerðar til þess að fylgjast með gengisfellingu í nágrannalöndum, og sú, sem framkvæmd var nú síðast, að miklu leyti formleg viðurkenning á síendurteknum gengisfellingum, er framkvæmdar höfðu verið allan áratuginn á undan.

Allar hafa þessar gengisfellingar staðið í nánum tengslum við verðlagsþróun íslenzkra afurða erlendis og verðlagsþróun í landinu sjálfu. Verðfall á íslenzkum afurðum erlendis og innlend verðbólga, annað hvort eða hvort tveggja, hafa skapað misræmi á milli verðlags og kaupgjalds hér á landi og verðlags í viðskiptalöndum okkar. Af þessu hefur leitt, að innflutningur hefur orðið of mikill miðað við útflutning, halli hefur myndazt í greiðsluviðskiptunum og erlendar skuldir skapazt. Við þessari þróun hefur fyrst verið reynt að sporna með því að setja höft á innflutning og aðra gjaldeyrisnotkun. Þetta hefur komið í veg fyrir, að gjaldeyrisskortur leiddi til þess, að landið gæti ekki staðið við erlendar skuldbindingar sínar, þ. e. að til greiðsluþrots kæmi. Á hinn bóginn hafa höftin aldrei getað orðið sá varnargarður, er stæðist sívaxandi þunga innlendrar verðbólgu, og að lokum hefur orðið að lækka gengið, þótt reynt hafi verið í lengstu lög að komast hjá gengisfellingu eða fara í kringum hana.

Eins og ég minntist á áðan, leiddu of mikil útlán Íslandsbanka til verðbólgu hér á landi í fyrri heimsstyrjöld og á fyrstu árunum þar á eftir. Að lokinni styrjöldinni kom síðan alvarlegt verðfall íslenzkra útflutningsafurða. Þetta hvort tveggja leiddi til greiðsluvandræða og mikilla erfiðleika í efnahagsmálum yfirleitt á árunum 1920—24. Í þetta skipti var ekki ákveðið að halda genginu óbreyttu, enda voru menn, eins og ég drap á áðan, ekki búnir að átta sig á, að íslenzka krónan væri í raun og veru orðinn sjálfstæður gjaldeyrir, sem hægt væri að setja fast gengi á. Hins vegar voru gerðar ráðstafanir til þess að reyna að stöðva hið sjálfkrafa gengisfall. Samkv. l. frá 8. marz 1920 var ríkisstj. heimilað að takmarka eða banna innflutning á óþarfavarningi, og var innflutningshöftum beitt til stuðnings krónunni fram til ársins 1924 ásamt gjaldeyrislántökum erlendis, tollahækkunum og lækkun ríkisútgjalda.

Árið 1924 hefst eitt hið mesta góðæri, sem yfir þetta land hefur gengið. Stóð það fram til ársins 1929, og fór saman gott árferði innanlands og framúrskarandi góð viðskiptakjör út á við. Almenningur naut ávaxta þessa góðæris í lækkandi verðlagi innanlands, sem leiddi af gengishækkun þeirri, sem framkvæmd var árin 1924—26. Engra innflutningshafta var þörf á þessu skeiði.

Árið 1929 hófst heimskreppan og með henni mikið verðfall íslenzkra útflutningsafurða. Jafnframt hafði mikil aukning verklegra framkvæmda innanlands veikt gjaldeyrisaðstöðu landsins. Erlendar innstæður bankanna eyddust og skuldir söfnuðust í staðinn. Gengisfellingin 1931 hlaut að verða áhrifalítil, þar sem þar var aðeins um það að ræða að fylgja falli sterlingspundsins gagnvart gulli. Í framhaldi af gengisfellingunni var því gripið til innflutnings- og gjaldeyrishafta á nýjan leik. Hinn 2. okt. 1931 var gefin út reglugerð, sem veitti Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri og skyldaði útflytjendur til afhendingar erlends gjaldeyris á skráðu gengi. Og hinn 23. s. m. var gefin út reglugerð um innflutningshömlur á nokkrum vörutegundum. Enda þótt telja megi, að þessar tvær reglugerðir marki upphaf þess haftatímabils, sem síðan hefur staðið í nær 3 áratugi, var höftunum lítið beitt í fyrstu. Mikið verðfall á innfluttum vörum og samdráttur framkvæmda innanlands skapaði jafnvægi í greiðslujöfnuðinum, er gerði beitingu innflutningshafta að mestu óþarfa.

Hallinn gagnvart útlöndum tók hins vegar að aukast, þegar frá leið, og kom þar þrennt til: versnandi aflabrögð, nýir erfiðleikar á útflutningsmörkuðum, þegar Spánverjar fara að draga úr saltfiskkaupum sínum 1934, og verðþensla innanlands, er stafaði af bankaútlánum umfram sparifjármyndun. Var þá mjög hert á höftunum, fyrst árið 1934 og síðan með setningu nýrra laga um gjaldeyris- og innflutningsverzlun í árslok 1937, þar sem ríkisstj. var heimilað að láta innflutningshömlur ná til allra vörutegunda og fastari skipan en áður var komið á gjaldeyrisverzlunina. Fram til 1939 var síðan innflutnings- og gjaldeyrishöftum beitt af alefli til þess að reyna að halda uppi gengi krónunnar og draga úr greiðsluhallanum við útlönd og erlendri skuldasöfnun. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir mjög góða síldveiði á þessum árum var svo komið vorið 1939, að óhjákvæmilegt var talið að lækka gengi krónunnar um 18%. Til þeirrar ráðstöfunar hefði þó að sjálfsögðu ekki verið gripið, ef menn þá hefðu gert sér ljóst, að heimsstyrjöld mundi skella á um haustið og hafa í för með sér gerbreytingu á viðskiptaaðstöðu landsins.

Verðbólga styrjaldaráranna skapar að nýju misræmi milli verðlags hér á landi og í viðskiptalöndum okkar. Þetta hafði þó ekki í verulegum mæli áhrif á greiðslujöfnuðinn í bili vegna þess, hve styrjöldin torveldaði innflutning til landsins. En um leið og viðskiptasambönd opnuðust aftur að styrjöldinni lokinni, olli hin lága skráning erlends gjaldeyris í hlutfalli við verðlag og kaupmátt innanlands gífur-

legri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, er innflutnings- og gjaldeyrishöft megnuðu ekki að stöðva. Á skömmum tíma eyddist hinn mikli gjaldeyrissjóður, er myndazt hafði á stríðsárunum. Þegar svo var komið árið 1947, var enn gripið til strangra gjaldeyris- og innflutningshafta og þar að auki í fyrsta sinn beinna fjárfestingarhafta. Verðlagseftirlit var stórlega eflt og skömmtun nauðsynja tekin upp, en henni hafði ekki áður verið beitt nema á stríðstímum. Þessari stefnu var haldið fram til ársins 1950 gegn sívaxandi erfiðleikum. Kom þar þrennt til: Viðskiptakjör landsins versnuðu mikið. Innlend peningaþensla, fyrst og fremst vegna halla á ríkisbúskapnum, skapaði síaukinn þrýsting á gjaldeyrisstöðu og verðlag, og skortur á innfluttum nauðsynjum dró úr framleiðsluafköstum. Á móti þessu komu svo aftur áhrif Marshallaðstoðarinnar, en án hennar hefði verið óhugsandi að halda þessari stefnu eins lengi og gert var.

Vorið 1950 var breytt um stefnu. Gengi krónunnar var lækkað um 43% og gert ráð fyrir afnámi innflutningshafta og verðlagseftirlits að mjög verulegu leyti. Þetta var mesta breyt., sem framkvæmd hafði verið á stefnunni í efnahagsmálum um meir en tveggja áratuga skeið. Það er sérstaklega þýðingarmikið einmitt nú að gera sér þess ljósa grein, hvers vegna þessi breyting leiddi ekki til þess árangurs, sem vænzt hafði verið, hvers vegna bátagjaldeyriskerfið var tekið upp innan árs, kerfið, er síðan leiddi til hins margbrotna yfirfærslu- og innflutningsgjaldakerfis, og hvers vegna gjaldeyris- og innflutningshöft voru aldrei afnumin að fullu og aukin á nýjan leik að fáum árum liðnum.

Aflaleysi og versnandi verzlunarárferði af völdum Kóreustyrjaldarinnar gerðu það að verkum, að bátaútvegurinn gat ekki borið sig við hið nýja gengi. Verð- og kauphækkanir innanlands urðu einnig meiri en ráð hafði verið fyrir gert, og áttu áhrif Kóreustyrjaldarinnar einnig sinn þátt í því. Til þess að komast mætti hjá nýrri almennri gengislækkun, var bátagjaldeyriskerfið tekið upp. Svo virtist um skeið sem með þessari viðbót við gengislækkunina hefði náðst allgott jafnvægisástand, og svo hefði getað orðið, ef annað hefði ekki komið til. Sérfræðingar þeir, sem undirbjuggu gengislækkunina 1950, höfðu lagt á það mikla áherzlu, að tryggja yrði, að ekki ætti sér stað aukning bankaútlána umfram sparifjármyndun. Ljóst var, að þetta yrði því aðeins gert, að miklar breytingar væru gerðar á skipulagi og starfsemi bankanna. Þær breyt. voru hins vegar aldrei framkvæmdar, en aftur á móti voru haustið 1953 tekin upp sjálfvirk endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum landbúnaðarins, og hafa þau síðan aukið útlán Seðlabankans um allt að 50 millj. kr. á hverju einasta ári. Á árinu 1954 voru hafnar fyrir atbeina ríkisins stórfelldar framkvæmdir innanlands, einkum raforkuframkvæmdir, og útlán aukin úr opinberum sjóðum. Fjár til þessara framkvæmda var að nokkru aflað með innlendum bankalánum og að nokkru með því að nota greiðsluafgang ríkissjóðs, sem hefði ekki veitt af að leggja til hliðar, til þess að hann mætti styrkja gjaldeyrisaðstöðuna. Þegar fram í sótti, stóðu þessar miklu framkvæmdir uppi févana, og hefur þeim undanfarin ár verið haldið áfram með notkun mótvirðisfjár erlendra gjaldeyrislána. Og mikil aukning bankaútlána, hinar miklu opinberu framkvæmdir, að ógleymdum mjög auknum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli hrundu af stað öflugri verðbólguþróun innanlands, er hinar miklu kauphækkanir ársins 1955 juku síðan mjög.

Þessi innlenda verðbólguþróun leiddi til þeirrar aukningar útflutningsbóta, yfirfærslu- og innflutningsgjalda, sem framkvæmd var að heita mátti árlega síðari helming áratugsins, og að lokum til þeirrar almennu gengisfellingar, sem nýskeð hefur verið framkvæmd. Hin árlega aukning gjalda á innflutningi nægði þó ekki til þess að koma í veg fyrir mikinn greiðsluhalla út á við og sívaxandi erlendar skuldir. Gjaldeyris- og innflutningshöftum var beitt í sama skyni af vaxandi hörku, án þess að hinn tilætlaði árangur næðist.

Aðalatriði þeirrar sögu íslenzkrar efnahagsmálastjórnar, sem ég hef nú rakið, eru þessi:

1) Ófullkomin stjórn peninga- og fjármála hefur hvað eftir annað leitt til innlendrar verðbólguþróunar. Ofþensla bankaútlána olli slíkri þróun í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar og á árunum þar á eftir, á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld og nú síðast á sjötta áratug aldarinnar. Halli á ríkisbúskapnum olli ofþenslu á árunum 1947—50, og of miklar opinberar framkvæmdir veiktu gjaldeyrisstöðuna á árunum fyrir 1930. Enn hafa miklar opinberar framkvæmdir átt mikinn þátt í verðbólguþróun undanfarandi ára. Sigursæl barátta hinna öflugu verkalýðsfélaga fyrir mikilli hækkun grunnkaups ásamt tengslum kaups við verðlagsvísitölu hefur síðan hert á verðbólguþróuninni undanfarna tvo áratugi.

2) Reynt hefur verið í lengstu lög að komast hjá því að leiðrétta misræmi á milli innlends og erlends verðlags, þegar það hefur skapazt vegna verðfalls íslenzkra afurða erlendis eða verðbólgu innanlands. Í stað þess hefur hvað eftir annað verið gripið til gjaldeyris- eða innflutningshafta eða til þess að herða á þeim höftum, sem fyrir voru. Eðlilegt má telja, að þessi leið hafi verið reynd í fyrstu, ekki sízt þegar orsök erfiðleikanna var verðfall íslenzkra afurða, sem virtist ekki ósennilegt að stæði aðeins skamma hríð. Átti þetta sérstaklega við um árin eftir 1930 og árin eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar flestar nágrannaþjóðanna beittu höftum í ríkum mæli. Hins vegar hefur það alltaf sýnt sig, að höft gátu ekki skapað jafnvægi í greiðsluviðskiptunum og gengisfelling reyndist óumflýjanleg, þegar til lengdar lét.

3) Hinn mikli dráttur, sem orðið hefur á því, að gengisskráning væri leiðrétt, hefur leitt til þess, að aukning framleiðslu og velmegunar hefur orðið minni en ella hefði getað orðið.

Þessi dráttur átti sinn mikla þátt í því, að kreppan á árunum eftir 1930 varð hér svo miklu langærri og alvarlegri en í flestum nágrannalandanna. Togararnir hefðu ekki legið bundnir hálft árið, ef rétt gengisskráning hefði búið sjávarútveginum eðlileg starfsskilyrði á þessum árum. Aukning og endurnýjun fiskiskipaflotans hefði ekki heldur stöðvazt. Á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari hefur ríkisvaldið yfirleitt getað komið í veg fyrir, að hin ranga gengisskráning leiddi til þess, að framleiðslutæki lægju ónotuð, en það hefur ekki getað komið í veg fyrir, að röng gengisskráning ásamt innflutningshöftum leiddi til óhagkvæmrar notkunar framleiðsluþátta og beindi fjárfestingunni inn á rangar brautir. Þar við bætist, að sá skortur rekstrarvara og framleiðslutækja og jafnvel neyzluvara, sem innflutningshöftin hafa skapað, hefur beinlínis dregið úr framleiðsluafköstum. Var þetta einkum áberandi á árunum 1947—49. Verðbólgan innanlands hefur einnig haft mikil áhrif í þá átt að beina fjárfestingunni inn á rangar brautir. Þær miklu efnahagslegu framfarir og sú aukna velmegun, sem átt hefur sér stað á Íslandi á þessari öld, eiga ekki rót sína að rekja til góðrar stjórnar efnahagsmála. Þær eiga rót sína að rekja til þess, að Íslendingar hafa lært að nota nýja framleiðslutækni til hagnýtingar auðlinda lands og sjávar. Hefði stjórn efnahagsmálanna verið betri en raun hefur verið á, hefðu framfarir getað orðið enn örari og aukning velmegunar enn meiri.

4) Mikið hefur skort á það, að samræmis væri gætt í hinum ýmsu þáttum stjórnar efnahagsmálanna. Hægri höndin virðist oft ekki hafa vitað, hvað sú vinstri gerði. Árangur ráðstafana á einu sviði hefur iðulega verið torveldaður eða verið eyðilagður með ráðstöfunum á öðru sviði. Þannig stuðlaði ofþensla bankaútlána á árunum fyrir 1939 mjög að því, að ekki reyndist mögulegt að halda genginu óbreyttu. Hallinn á ríkisbúskapnum á árunum 1947—49 vann beint gegn þeirri verðhjöðnunarstefnu, sem þáverandi ríkisstjórn fylgdi. Aðgerðarleysið í bankamálunum og hin mikla aukning opinberra framkvæmda eftir 1953 gerði beinlínis ómögulegt, að það jafnvægisástand skapaðist, sem þá hafði verið aðalmarkmið gengisbreytingarinnar 1950. Og svo að tekið sé enn nýrra dæmi, þá gerði ónóg tekjuöflun til útflutningssjóðs og ríkissjóðs ómögulegt að halda til lengdar þeirri verðstöðvunarstefnu, sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir á árunum 1956 og 1957.

Þeir lærdómar um stjórn efnahagsmála á Íslandi, sem af þessari reynslu má draga, eru ljósir og einfaldir. Það er í fyrsta lagi ljóst, að umfram allt verður að koma í veg fyrir myndun innlendrar verðbólgu. Gæta verður þess, að bankaútlán séu ekki meiri en sparifjármyndun, að ríkisbúskapurinn sé hallalaus og fjárfesting í landinu ekki meiri en svarar innlendum sparnaði og erlendum framkvæmdalánum. Það er í öðru lagi ljóst, að hafi misræmi skapazt á milli innlends og erlends verðlags, hvort sem það stafar af því, að viðskiptakjör hafi breytzt eða þrátt fyrir allt hafi ekki tekizt að halda innlendri verðbólgu í skefjum, þá má leiðrétting misræmisins ekki dragast nema skamma hríð. Sú leiðrétting þarf ekki nauðsynlega að eiga sér stað með gengisbreytingu. Almenn niðurfærsla kaupgjalds kæmi einnig til greina, ef t. d. viðskiptakjörin hafa versnað, og almenn kauphækkun, hafi þau batnað. Aðalatriðið er, að leiðréttingunni sé ekki skotið á frest. Reynslan hefur sýnt, að hún er óumflýjanleg fyrr eða síðar, en að drátturinn getur valdið miklu og sáru tjóni. Það er í þriðja lagi ljóst, hversu þýðingarmikið það er, að samræmis sé gætt í stjórn efnahagsmálanna, að aðgerðir í bankamálum séu í samræmi við aðgerðir í gengismálum og að stefnan í fjármálum brjóti ekki í bág við hina almennu efnahagsmálastefnu, svo að nefnd séu tvö hinna þýðingarmestu atriða.

Það er skoðun mín, að sé þessara atriða gætt, geti þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem nú er verið að hrinda í framkvæmd og þetta frv. er einn liður í, markað þáttaskil í efnahagsmálasögu Íslendinga.

Þá skal ég víkja að þeim breytingum á gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Grundvallarstefna frv. er sú, að innflutningur og gjaldeyrisgreiðslur skuli vera frjálsar, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Það er skoðun ríkisstj., að hið nýja gengi og sú stranga stjórn peninga- og fjármála, sem nú hefur verið tekin upp og ríkisstj. ætlar sér að framfylgja af fullri festu, geri almenn innflutnings- og gjaldeyrishöft óþörf. Þar með er ekki sagt, að hafta sé ekki þörf á vissum sviðum, og gefur frv. ríkisstj. heimild til þess að beita slíkum höftum. Nauðsyn innflutnings- og gjaldeyrishafta á vissum sviðum byggist fyrst og fremst á tvennu, hinum þýðingarmiklu viðskiptum Íslands, sem fram fara á jafnkeypisgrundvelli, og þeirri vantrú, sem búast má við enn um langt skeið að verði á íslenzku krónunni vegna sífelldrar rýrnunar á verðmæti hennar um langt árabil undanfarið.

Nálega einn þriðji hluti af utanríkisviðskiptum Íslendinga fer nú fram samkvæmt jafnkeypissamningum, sem aðallega eru við lönd í Austur-Evrópu. Hætta er á því, að innflutningur frá þessum löndum mundi dragast mikið saman, ef heimilt væri að flytja allar vörur inn frá hvaða landi sem væri. Stafar þetta ekki af því, að þessi lönd geti ekki verið samkeppnisfær um vöruverð, þó að þau hafi freistazt til þess að hækka verðlag á vörum sínum, þegar skortur á samkeppni hefur gert það mögulegt, alveg eins og við sjálfir höfum gert á þeim vörum, sem fluttar hafa verið til þessara landa. Ástæðan er miklu fremur sú, að mikið af þeim vörum, sem þessi lönd framleiða, eru óhentugri fyrir íslenzkar aðstæður en vörur framleiddar annars staðar, að gæði þeirra eru einatt minni og gerð þeirra er íslenzkum neytendum síður að skapi en gerð vara frá öðrum löndum. Minnki innflutningur

frá þessum löndum, hlýtur útflutningur til þeirra að dragast saman að sama skapi og fyrir þann útflutning allan er ekki hægt í skyndi að finna viðunandi markaði. Af þessum ástæðum er það ætlun ríkisstj. að halda innflutningshöftum á öllum þeim vörutegundum, sem mestu máli skipta í viðskiptunum við jafnkeypislöndin og mögulegt má telja að flytja þaðan með góðu móti. Þessar vörur munu taldar í sérstakri reglugerð, sem gefin yrði út skv. 1. gr. frv. Undirbúningi þessarar reglugerðar er að mestu lokið. Nefnd sérfróðra manna hefur unnið að þessum undirbúningi á vegum viðskmrn. Till. n. hafa verið sendar samtökum innflytjenda, útflytjenda, kaupmanna og iðnrekenda, og frá þeim samtökum hafa komið till. og athugasemdir. Innflutningsskrifstofan hefur svo að sjálfsögðu verið með í ráðum um þessi efni. Ríkisstj. hefur svo sjálf athugað till. n. og þær aðrar till. og athugasemdir, sem fram hafa komið.

Gera má ráð fyrir, að um 40% af heildarinnflutningnum muni verða háð leyfum, en 60% frjáls frá öllum löndum, og er þá miðað við innflutning ársins 1958, eins og einnig mun gert í þeim tölum, sem hér fara á eftir. Skiptingin verður þó mjög misjöfn eftir viðskiptasvæðum. Um 83% af innflutningi í frjálsum gjaldeyri verður frjáls, en um 87% af innflutningnum frá jafnkeypislöndunum háð leyfum. Allmikill mismunur hlýtur þó í þessu efni að verða á milli einstakra jafnkeypislanda eftir því, hvers eðlis útflutningsvörur þeirra eru. Hlutfallstalan verður óhjákvæmilega hærri fyrir þau jafnkeypislönd, sem flytja hingað fáar vörutegundir í miklu magni, en lægri fyrir þau, sem flytja hingað margar vörutegundir, ýmsar þeirra í litlu magni. Þannig er gert ráð fyrir, að 99% af innflutningi frá Sovétríkjunum verði háð leyfum, en um 72% af samanlögðum innflutningi frá öðrum jafnkeypislöndum.

Þá skal ég gera nokkra grein fyrir því, hvaða vöruflokkar verða háðir leyfum. Er þá fyrst að telja kartöflur, mjölvörur og sykur, þungavöru alls konar, svo sem kol, olíu, járn, stál og timbur, enn fremur krossvið og hvers konar veggplötur. Vefnaðarvörur úr baðmull verða yfirleitt háðar leyfum, enda er hér um að ræða einn þýðingarmesta vöruflokkinn í viðskiptunum við jafnkeypislöndin, enn fremur sokkar úr gerviþráðum og gólfábreiður. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að gúmmískófatnaður og hjólbarðar verði háðir leyfum, einnig búsáhöld úr leir og gleri og rúðugler. Járn- og trésmíðavélar, sem fluttar hafa verið inn frá jafnkeypislöndunum með góðum árangri, verða háðar leyfum, enn fremur ritvélar, rafmagnsmótorar, rafmagnsgeymar og spennar og jarðstrengur. Þá verða bifreiðar háðar leyfum að undanteknum vörubifreiðum, langferðabifreiðum og strætisvögnum.

Á undanförnum árum hafa hér verið í gildi tveir frílistar. Hefur annar gilt fyrir öll lönd, en hinn fyrir jafnkeypislöndin. Þessir frílistar hafa ekki verið raunhæfir lengst af. Hefur þar hvort tveggja komið til, að bankarnir hafa ekki getað gefið út greiðsluheimildir, eftir því sem um hefur verið beðið, og eins hitt, að innflutningur allmargra vörutegunda á almennum frílista hefur í reynd verið bundinn við jafnkeypislöndin. Hin nýja skipan mun því geta haft í för með sér breytingar fyrir margar þær vörur, sem áður voru á almennum frílista og verða áfram, ekki síður en fyrir hinar, sem nú flytjast milli lista. Mér þykir þó rétt að gera sérstaka grein fyrir því, hvaða vörur það eru helztar, sem nú verða frjálsar frá öllum löndum, en voru áður háðar leyfum eða frílista frá jafnkeypislöndum. Vörurnar eru taldar upp í þeirri röð, sem þær koma fyrir í tollskránni: Málning, handsápa og raksápa, björgunarbátar, ýmiss konar smíðavörur, síma- og raflagnastaurar, smíðatól og handverkfæri, dagblaðapappír og ýmiss konar annar pappír, þó ekki skrifpappír, pappírspokar, vefnaðarvörur úr ull, laufaborðar og leggingar, ýmiss konar tilbúinn karlmannafatnaður, skófatnaður úr leðri, reiknivélar, saumavélar, hvers konar vélar til iðnaðar og framleiðslu að undanteknum járn- og trésmíðavélum, raflagningaefni, ljósaperur, vörubifreiðar, langferðabifreiðar og strætisvagnar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar og kranabifreiðar, skip og bátar, flugvélar og hlutar til þeirra, hljóðfæri, ljósmyndavélar og hlutar til þeirra.

Það hefur frá upphafi verið ljóst, að gefa verði þeim íslenzkum iðnaði, sem mest á í húfi vegna aukinnar samkeppni, sem af þessum breytingum í viðskiptamálum hlýzt, nokkurt svigrúm til þess að búa sig undir þá samkeppni. Í samráði við iðnmrn. og samtök iðnrekenda hafa því verið valdar nokkrar vörur á hinum almenna frílista, og verða þær á sérstökum frílista, sem gengur í gildi 6 mánuðum síðar en almenni frílistinn. Endanlega hefur ekki verið gengið frá þessum lista, en á honum munu verða tiltölulega fáar vörur, að innflutningsverðmæti ekki meira en 20 millj. kr. í hæsta lagi. Ein helzta þessara vörutegunda er leðurskófatnaður.

Enda þótt innflutningur frá jafnkeypislöndunum verði að mestu háður leyfum, eins og ég hef gert grein fyrir, mun ekki verða um neina úthlutun leyfa að ræða til þessara landa. Leyfi fyrir innflutningi frá þeim munu gefin út viðstöðulaust, og verður innflutningur frá þeim því ekki takmarkaður, þó að hann sé háður leyfum. Úthlutun innflutningsleyfa mun því aðeins þurfa að eiga sér stað fyrir viðbótarinnflutningi frá frjálsgjaldeyrislöndum á ýmsum þeirra vörutegunda, sem fyrst og fremst eru fluttar inn frá jafnkeypislöndum. Slíkur viðbótarinnflutningur er nauðsynlegur vegna sérstakra gæðaflokka og sérvara, sem eru ekki fáanlegar frá jafnkeypislöndum. Gert er ráð fyrir, að þessi innflutningur muni nema rúmlega 10% af heildarinnflutningi til landsins. Ætlunin er, að þessi úthlutun fari fram með þeim hætti, sem á erlendu máli er kenndur við „glóbalkvóta". Í upphafi árs er ákveðið, hve mikilli upphæð muni úthlutað fyrir hverja

vörutegund á árinu, og það auglýst. Jafnframt er ákveðið, að leyfin gildi jafnt fyrir öll lönd, nema þau, sem verzlað er við á jafnkeypisgrundvelli, og leyfin muni gefin út í tilteknum áföngum yfir árið, t. d. á fjögurra mánaða fresti. Skipting þessara „glóbalkvóta" milli innflytjenda er svo ákveðin eftir sérstökum reglum og þá oftast miðuð við fyrri innflutning á tilteknu tímabili. Það er ljóst, að sú úthlutun innflutningsleyfa, sem hér um ræðir, er ekki svo viðamikil, að sérstök stofnun þurfi að annast hana. Gerir því frv. ráð fyrir því, að innflutningsskrifstofan verði lögð niður, en viðskiptabankar þeir, sem kaupa og selja gjaldeyri, taki úthlutun leyfa að sér samkv. reglum, sem ríkisstj. setur, og mun viðskmrn. fylgjast nákvæmlega með úthlutuninni. Mun þetta fyrirkomulag gera alla framkvæmd innflutningsmála stórum einfaldari og ódýrari en verið hefur.

Að því er snertir gjaldeyrisgreiðslur fyrir annað en vöruinnflutning, er það einnig grundvallarstefna þessa frv., að þær greiðslur skuli frjálsar. Á hinn bóginn verður að horfast í augu við þá staðreynd, að verðrýrnun krónunnar innanlands um langt árabil og þær mörgu gengisfellingar, sem af þeirri verðrýrnun hefur leitt, hafa skapað rótgróna vantrú á íslenzku krónunni utanlands og innan. Gjaldeyrishöft undanfarinna áratuga hafa ekki getað komið í veg fyrir, að þessi vantrú leiddi til fjárflótta, en þau hafa getað haldið þeim fjárflótta í verulegum skefjum, og sama hlutverki verða þau að gegna enn um skeið. Úthlutun leyfa fyrir gjaldeyrisgreiðslum til annars en innflutnings mun einnig falin viðskiptabönkunum, en leitazt mun við að gera þá úthlutun eins sjálfvirka og framast er kostur.

Nú munu menn spyrja, hvaða ástæða sé til þess að ætla, að það afnám gjaldeyris- og innflutningshafta, sem nú er gert ráð fyrir, reynist raunhæfara í framkvæmd en það, sem boðað var fyrir 10 árum. Er ekki sennilegt, að höftin muni enn sem fyrr lífseigari en góðar fyrirætlanir stjórnarvalda? Það er von, að þessi spurning sé mönnum ofarlega í huga, og ég mun leitast við að svara henni skýrt og afdráttarlaust. Ég held, að svarið sé fólgið í þeim einföldu lærdómum, sem draga má af reynslu sjálfra okkar. Takist að forðast innlenda verðbólgumyndun og sé misræmi á milli innlends og erlends verðlags leiðrétt tímanlega, þarf ekki að grípa til hafta eða viðhalda þeim. En þá má spyrja: Hvaða líkur eru til þess, að komizt verði hjá innlendri verðbólgumyndun og að misræmi á milli innlends og erlends verðlags sé leiðrétt í tíma? Það er ekki komið undir neinu öðru en því, hversu ákveðnum og einbeittum tökum stjórnarvöldin taka efnahagsmálin á hverjum tíma og hvers stuðnings þau njóta frá almenningi í því efni. Það er fastur ásetningur núverandi ríkisstj. að taka efnahagsmálin þeim tökum, sem til þarf, til þess að gjaldeyris- og innflutningshöft þurfi ekki að auka á nýjan leik. Til þess að ná þeim árangri hafa í fyrsta skipti í efnahagsmálasögu þjóðarinnar verið gerðar róttækar ráðstafanir til þess að hindra ofþenslu bankalána. Fjárlög hafa verið afgreidd hallalaus, og komið hefur verið í veg fyrir, að opinberar framkvæmdir utan fjárlaga valdi ofþenslu. Það er von ríkisstj., að samtök launþega skilji til fulls nauðsyn þess, að engar kauphækkanir eigi sér stað fyrst um sinn og þegar frá líður aðeins að sama skapi og framleiðsluafköst aukast. Til þess standa einnig vonir, að markaðir fyrir íslenzkar útflutningsafurðir muni yfirleitt haldast góðir þrátt fyrir þá erfiðleika, sem verðfall fiskimjöls hefur skapað undanfarna mánuði. Fari svo þrátt fyrir allt, að slíkt misræmi skapist á milli innlends og erlends verðlags, sem á undanförnum áratugum hefur leitt til beitingar gjaldeyris- og innflutningshafta, er það fastur ásetningur ríkisstj. að skjóta ekki á frest þeim ráðstöfunum, sem reynslan hefur svo ljóslega sýnt að nauðsynlegar eru.

En til þess að reka þjóðarbúskapinn án gjaldeyris- og innflutningshafta þarf meira en að skapa jafnvægisástand í efnahagsmálum. Það þarf einnig verulegan gjaldeyrisvarasjóð, sem Ísland fram að þessu hefur aldrei átt nema í lok síðustu heimsstyrjaldar. Lítill vafi er á því, að miklu lengra hefði verið gengið í því að gera innflutning frjálsan eftir gengislækkunina 1950, ef slíkur varasjóður hefði þá verið fyrir hendi. Eins og kunnugt er, hefur í sambandi við efnahagsráðstafanirnar nú slíks varasjóðs verið aflað með aukningu á svonefndum kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og yfirdráttarláni hjá Evrópusjóðnum. Samtals nemur það fé, sem þannig er hægt að nota um takmarkaðan tíma til að mæta árstíðasveiflum á innflutningi og þeirri innflutningsaukningu, sem í bráð leiðir af auknu verzlunarfrelsi, 20 millj. dollara, eins og kunnugt er. Hluti af þessu fé eða tæpar 8 millj. dollara, hefur nú verið notaður í bili til að greiða yfirdráttarskuldir íslenzkra banka við erlenda banka, sem eins og kunnugt er voru óvenjumiklar um síðustu áramót. Yfirdráttarheimildir bankanna standa þó áfram, þannig að nota má þær á nýjan leik, þegar nauðsyn krefur. Það var skoðun ríkisstj. og þeirra alþjóðastofnana, sem hér áttu hlut að máli, að 20 millj. dollara gjaldeyrisvarasjóður mundi nægja til þess að mæta árstíðasveiflum og þeirri tímabundnu aukningu innflutnings, sem leiðir af afnámi innflutningshaftanna. Ekkert það hefur komið fram, er bendi til þess, að þessi skoðun sé ekki á rökum reist. Fari hins vegar svo, að gjaldeyrisvarasjóðurinn reynist ekki nægilega mikill, mun ríkisstj. tafarlaust gera ráðstafanir til þess, að hann fáist aukinn.

Þá skal ég víkja að öðrum þýðingarmiklum breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Samkvæmt frv. á að afnema þær hömlur, sem verið hafa á fjárfestingu og innflutningsskrifstofan hefur farið með undanfarin ár. Aftur

á móti er gert ráð fyrir, að söfnun upplýsinga um fjárfestingu sé aukin og einnig látin ná til fyrirætlana um fjárfestingu. Hömlur voru settar á fjárfestingu hér á landi eins og í mörgum öðrum löndum álfunnar skömmu eftir lok styrjaldarinnar. Voru þær hömlur settar á til þess að reyna að tryggja það, að sú fjárfesting, sem mest áríðandi var talin vegna endurbyggingar eftir styrjöldina, sæti fyrir annarri fjárfestingu, og til þess að reyna að halda heildarupphæð fjárfestingarinnar innan hæfilegra marka. Talið var nauðsynlegt að nota beinar aðgerðir til að hafa áhrif á heildarupphæð fjárfestingarinnar vegna þess mikla peningamagns, sem í lok styrjaldarinnar var í höndum einstaklinga og fyrirtækja og gerði það að verkum, að hægt var að ráðast í fjárfestingarframkvæmdir án notkunar lánsfjár. Reynsla okkar af fjárfestingarhöftunum hefur um margt verið svipuð og af innflutningshöftunum. Hún sýnir, að í bili er hægt með slíkum aðgerðum að hafa hemil á heildarfjárfestingunni, en það er ekki hægt til lengdar, nema því aðeins að peninga- og fjármál þjóðarinnar séu undir öruggri stjórn. Sé peninga- og fjármálunum hins vegar rétt stjórnað, er óþarfi að halda fjárfestingunni niðri með beinum aðgerðum. Fyrst eftir að fjárfestingarhöftum var komið hér á, á árunum 1947 og 1948, var þeim beitt af hörku, og þau höfðu talsverð áhrif í þá átt að draga úr heildarfjárfestingu. Vaxandi peningaþensla skapaði hins vegar síaukinn þrýsting á fjárfestingarhöftin. Fyrir þeim þrýstingi var svo látið undan eftir tiltölulega skamma hríð, alveg eins og innflutningsyfirvöld hafa ætíð eftir nokkra hríð látið undan þrýstingi vaxandi eftirspurnar.

Árið 1953 var sú þróun, sem orðið hafði árin á undan, formlega viðurkennd og mjög úr höftunum dregið. Bygging íbúðarhúsa, útihúsa í sveitum og framleiðslufyrirtækja í sjávarútvegi var að heita mátti algerlega undanþegin hvers konar hömlum. Óhætt mun að fullyrða, að síðan þessi breyting var gerð og raunar talsverðan tíma þar áður hafi hin beina fjárfestingarstjórn engin áhrif haft á heildarfjárfestinguna í landinu. Hvaða áhrif hefur þá stjórnin getað haft á það, í hvaða átt fjárfestingin hefur beinzt? Þau áhrif hafa tvímælalaust verið nokkur, en þó að verulegu leyti önnur en ætlazt hafði verið til og að mörgu leyti óheppileg frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Engin hliðstæð stofnun í nokkru lýðræðislandi mun hafa haft jafnmikil völd til þess að hafa áhrif á fjárfestinguna og fjárhagsráð hafði á sínum tíma. Það vald var þó aldrei reynt að nota til að beina fjárfestingunni á skipulagðan hátt inn á sem hagkvæmastar brautir. Afskipti fjárhagsráðs af íbúðarhúsabyggingum leiddu til þess, að byggingar fjölbýlishúsa stöðvuðust með öllu, og um margra ára skeið voru því nær eingöngu reist lítil einbýlishús. Það var fyrst eftir að fjárfestingarhömlur á byggingu íbúðarhúsa höfðu verið afnumdar, að hagkvæmar stórbyggingar gátu rutt sér til rúms. Á undanförnum árum hafa fjárfestingarhömlurnar fyrst og fremst orðið til þess að koma í veg fyrir byggingu verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis í Reykjavík. Þetta hefur orðið til þess, að gömul íbúðarhús hafa með ærnum tilkostnaði verið tekin til notkunar fyrir verzlanir og skrifstofur.

Á því getur ekki leikið vafi, að fjárfesting hér á landi hefur á undanförnum árum að verulegu leyti beinzt inn á alrangar brautir, og fjöldi fjárfestingarframkvæmda hefur verið stórlega misheppnaður, enda bendir samanburður á fjárfestingu og vexti þjóðartekna á Íslandi og í öðrum löndum eindregið til þess, að Íslendingar hafi borið minna úr býtum af sinni fjárfestingu í aukinni þjóðarframleiðslu en flestar þjóðir aðrar. Enginn vafi er á því, að strangara val fjárfestingarframkvæmdanna og betri skipulagning þeirra hefði mikið getað bætt úr þessum göllum. En hitt verður einnig að gera sér ljóst, að sú beina fjárfestingarstjórn, sem hér hefur verið við lýði í tæp 13 ár, hefur aldrei getað gegnt þessu hlutverki, enda aldrei verið til þess ætlazt. Ég er þeirrar skoðunar, að því hlutverki beri að gegna, en til þess verði að finna aðrar leiðir en þær, sem farnar hafa verið fram að þessu. Það er auðvelt í landi, þar sem jafnmikill hluti fjárfestingarinnar er annaðhvort beinlínis í höndum opinberra aðila eða studdur af þeim á einhvern hátt. Í þessum efnum er því aðalábyrgðin á herðum stjórnmálaflokkanna og Alþingis. Heilbrigð afstaða þessara aðila getur tryggt, að hin opinbera fjárfesting sé fólgin í vel völdum og stranglega skipulögðum framkvæmdum undir stjórn embættismanna ríkisstj., en ekki illa völdum og flaustурslega undirbúnum framkvæmdum, sem stjórnmála- eða héraðahagsmunir hafa óeðlilega mikil áhrif á og því eru ekki sem hagkvæmastar frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En skynsamleg stjórn á fjárfestingu hins opinbera á að vera undanfari heilbrigðrar íhlutunar um fjárfestingu annarra aðila í þjóðfélaginu.

Þetta frv. gerir ráð fyrir aukinni upplýsingasöfnun um fjárfestingu, er einnig nái til fjárfestingarfyrirætlana. Það er von mín, að þetta geti orðið skref í áttina til skynsamlegri vinnubragða í fjárfestingarmálunum en áður hafa tíðkazt. Þá gefur það ríkisstj. einnig nýtt og þýðingarmikið vald í fjárfestingarmálum, að þetta frv. gerir ráð fyrir, að framvegis þurfi leyfi ríkisstj. til að semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs. Áður þurftu aðeins opinberir aðilar á slíku leyfi að halda, en því lagaákvæði hefur þó raunar aldrei verið framfylgt. Það er ljóst, að óhjákvæmilegt er, að ríkisstj. geti haft á því fullt vald, hvaða skuldbindingar um greiðslu erlendis fram í tímann hérlendir aðilar taka á sig. Það er einnig ljóst, að nauðsynlegt er, að notkun erlends fjár beinist að hagnýtum verkefnum, sem með gjaldeyrissköpun eða gjaldeyrissparnaði gera endurgreiðslu lánsfjárins mögulega. Til þess er ætlazt með þessu ákvæði frv., að ríkisstj. sjái til þess hvors tveggja, að erlend skuldasöfnun haldist innan hæfilegra takmarka

og að erlent lánsfé verði notað á þann hátt, sem þjóðarbúskapnum er að mestu gagni.

Áður en ég lýk máli mínu, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir því, hvernig þær aðgerðir í gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, koma heim við grundvallarskoðanir jafnaðarmanna. Því hefur verið haldið fram, að með því að standa að slíkum aðgerðum, væri Alþfl. að hverfa frá þeim meginsjónarmiðum í efnahagsmálum, sem hann hefur fylgt, og snúast til hægrisinnaðrar stefnu. Það er skoðun mín, að þetta sé byggt á misskilningi, bæði á eðli þessara ráðstafana og skoðunum jafnaðarmanna. Það er einn af hornsteinum þeirra skoðana um þjóðfélagsmál, sem Alþfl. aðhyllist, skoðana lýðræðisjafnaðarstefnunnar, að því að eðeins sé hægt að tryggja næga atvinnu og öra framleiðsluaukningu, að ríkisvaldið stuðli að því með markvissum aðgerðum. Atvinnurekstur ríkisins eða afskipti þess af atvinnurekstri annarra eiga þó aldrei að ganga lengra en þarf, til þess að þessi markmið náist, og aldrei svo langt, að frelsi einstaklingsins sé hætta búin. Ríkið á að þjóna manninum, maðurinn ekki ríkinu. Ríkisvaldið á að vera ábyrgt fyrir því, að ekki komi til atvinnuleysis og að náttúruauðlindir séu hagnýttar með hagkvæmum hætti. Það á einnig að koma á og viðhalda félagslegu jafnvægi í þjóðfélaginu og tryggja það, að einstaklingar og félög misnoti ekki auð og aðstöðu. Til þess að ríkið geti valdið þessum verkefnum, þurfa opinberir aðilar sumpart að hafa bein yfirráð yfir nokkrum hluta atvinnulífsins og fjárfestingarinnar, og sumpart þarf ríkið sjálft að hafa aðstöðu til þess að geta ráðið vissum atriðum í efnahagskerfinu, svo sem gjaldeyrisgengi, heildarútlánum banka og vöxtum. Sé stefna launþegasamtaka í launamálum og verðlagning þeirra innlendra afurða, sem lýtur sérstökum reglum, svo sem hér á landi á við um landbúnaðarafurðir, í samræmi við þá stefnu, sem ríkisvaldið fylgir, hefur það með þessu móti aðstöðu til þess að tryggja fulla atvinnu, stöðugt verðlag, styðja tækniframfarir og framgang sérstakra stórframkvæmda og geta þannig stuðlað að sem örastri framleiðsluaukningu, auk þess sem það getur haft úrslitaáhrif á tekjuskiptinguna. Innflutningshöft eru ekki eðlilegur eða nauðsynlegur þáttur í þessari meginstefnu í efnahagsmálum, enda þótt jafnaðarmenn í heimskreppunni miklu væru viða talsmenn þess, að til þeirra væri gripið sem fljótvirks ráðs til þess að mæta skyndilegum gjaldeyrishalla og stórfelldu atvinnuleysi. Hvorki þá né síðar hafa jafnaðarmenn talið æskilegt að beita innflutningshöftum til frambúðar né verið þeirrar skoðunar, að þau ein megnuðu að koma í veg fyrir greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Innflutningshöftum þeim, sem tekin voru upp á kreppuárunum og erfiðleikaárunum eftir stríðið, var einnig fljótlega létt af að mestu eða öllu leyti, ekki síður í þeim löndum, þar sem jafnaðarmenn réðu, en í hinum, þar sem hægrisinnaðir flokkar fóru með völd.

Um skoðanir kommúnista gegnir hins vegar öðru máli. Sú allsherjarstjórn á öllu atvinnu- og viðskiptalífinu í smáu sem stóru, sem efnahagskerfi kommúnismans byggist á, hlýtur að framkvæma ströng og nákvæm innflutningshöft. Jafnaðarmenn trúa ekki á slíka allsherjarstjórn. Þeir játa, að hún getur verið áhrifaríkt tæki til þess að tryggja framkvæmd tiltekinna stórframkvæmda, til þess að hægt sé að verja ákveðnum og stórum hluta þjóðarframleiðslunnar til hernaðarframkvæmda og mjög dýrra vísindarannsókna, en þeir telja, að hún sé óheppileg aðferð til þess að skipuleggja framleiðslu á þann hátt, að hún taki tillit til fjölbreyttra þarfa neytenda og hafi að markmiði að fullnægja sem bezt margbreytilegum óskum þeirra. Auk þess er það ljóst, að sú gagngera allsherjarstjórn á efnahagslífinu, sem tíðkast í ríkjum kommúnista, er ekki framkvæmanleg nema samfara flokkseinræði. Jafnaðarmenn telja, að hægt sé að ná sama árangri og kommúnistaríkin ná á sviði stórframkvæmda og vísindarannsókna með því að beita þeirri aðstöðu, sem ríkisvald hefur eða getur haft í þróuðu lýðræðisþjóðfélagi, án þess að horfið sé frá grundvallarsjónarmiðum lýðræðisins. Það er unnt, ef hægt er að skapa nógu mikinn einhug á stjórnmálasviðinu í lýðræðisþjóðfélagi og þá um leið nógu sterkt lýðræðislegt ríkisvald. En þá er augljóst, að vandamálið er í rauninni orðið stjórnmálalegt, en ekki efnahagslegt.

Um skoðanir borgaralegra flokka á þessum málum, bæði þeirra, sem frjálslyndari eru, og hinna, sem eru lengra til hægri, er það að segja, að þeir hafa ekki verið fylgjandi gjaldeyris- og innflutningshöftum, en hafa samt viða staðið að þeim í heimskreppunni og á árunum eftir stríðið. Menn gera sér ekki alltaf nógu ljóst, hve mikil breyting hefur orðið á grundvallarskoðunum frjálslyndra borgaralegra flokka á s. l. 20—30 árum. Þessir flokkar viðurkenna nú bæði í orði og á borði nauðsyn þess, að ríkið taki forustu um stjórn efnahagsmála til að halda uppi framleiðslunni og auka hana, þótt þeir hafi ekki mátt heyra slíkt nefnt áður fyrr. Þessi breyting hefur valdið því, að á milli þeirra og jafnaðarmanna er að þessu leyti alls ekki lengur sá grundvallarskoðanamunur, sem ríkti áður fyrr. Skoðanamunurinn er í raun og veru ekki um hið sérstaka hlutverk ríkisins í efnahagsmálum, heldur um það, hversu víðtæk áhrif ríkisvaldsins þurfa að vera til þess að gegna þessu hlutverki. Það er þýðingarmikill skoðanamunur, en hann snertir í raun og veru ekki grundvallaratriðið sjálft. Að því er gjaldeyris- og innflutningshöftin snertir, geta bæði jafnaðarmenn og borgaralegir flokkar verið sammála um það og hafa verið það í öðrum löndum, að þau eru hvorki nauðsynlegt né heppilegt tæki í stjórn efnahagsmálanna.

Af því, sem ég hef nú sagt, ætti að vera ljóst, að það afnám hafta, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, brýtur síður en svo í bága við stefnu Alþfl. og jafnaðarmanna yfirleitt, hvorki fyrr né

síðar. Alþfl. mun framvegis eins og hingað til berjast fyrir því, að hér á Íslandi sé þjóðfélag, þar sem hið opinbera sé svo áhrifamikið í atvinnumálum, fjármálum og félagsmálum, að hér haldist ávallt full atvinna, framleiðsluaukning sé sem örust og tekjuskipting sem réttlátust, án þess þó að ríkið sé með nefið ofan í hvers manns kirnu, að ríkið hafi m. ö. o. þau afskipti af atvinnu- og viðskiptalífinu, sem örva það og auka framleiðslu og viðskipti, en lama ekki og hefta. Afnám þeirra innflutnings- og fjárfestingarhafta, sem framkvæmt verður, ef frv. þetta nær fram að ganga, er í fullu samræmi við þessa grundvallarstefnu. Þessi höft geta við núverandi aðstæður ekki örvað til aukinnar framleiðslu og viðskipta, heldur mundu þau lama hvort tveggja og tefja þjóðina í baráttu hennar fyrir framförum og bættum efnahag. Og á það ber að leggja sérstaka áherzlu, að þrátt fyrir afnám þessara hafta heldur ríkisvaldið allri forustu um stjórn efnahagsmálanna. Það má meira að segja staðhæfa um þær ráðstafanir í heild, sem núv. ríkisstj. hefur tekið sér fyrir hendur að framkvæma, að aldrei fyrr í hinni stuttu sögu íslenzkra efnahagsmála hafi ríkisvaldið tekið að sér jafneinbeitta forustu um heildarstjórn efnahagsmálanna, aldrei fyrr hafi verið gerðar í einu átaki jafnviðtækar ráðstafanir á öllum þeim sviðum efnahagslífsins, sem máli skipta, til þess að sá árangur geti náðst, að jafnvægi komist á greiðslur þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum og heilbrigt ástand skapist í fjármálum þjóðarinnar inn á við, þannig að fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt. Um þessi markmið ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að vera ágreiningur milli vinstrisinnaðra manna og hægrisinnaðra. Við því er ekkert að segja, þótt menn greini á um, hvort ráðstafanir þær, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa orðið sammála um, muni ná þessu markmiði, þótt þar skipti raunar alls ekki meginmáli þau sjónarmið í þjóðfélagsmálum, sem skipta mönnum í hægrisinnaða menn og vinstrisinnaða. Alþfl. styður þessar ráðstafanir af því, að hann trúir því, að með þeim muni nást það markmið, sem að er keppt, og að hann sé með því að þjóna brýnum hagsmunum þjóðarheildarinnar, að það hafi verið þjóðarnauðsyn að gera þær breytingar, sem nú er unnið að. Þær eru gerðar undir einbeittri forustu ríkisvaldsins. Það mun halda áfram að hafa aðstöðu til þess að koma fram þeirri heildarstjórn á íslenzku atvinnu-, viðskipta- og fjármálalífi, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vaxandi framleiðslu og velmegun á Íslandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því frv., sem hér er til umr., finnst mér rétt að minnast nokkrum orðum á niðurlagskaflann í ræðu hæstv. viðskmrh. Sá kafli rifjaði upp fyrir mér umræður um svipuð mál, sem ég hlustaði á hér á Alþingi fyrir 25 árum. Þá var verið að ræða um innflutnings- og gjaldeyrishöft, líkt og nú. Ég minnist þess, að fulltrúar Sjálfstfl. héldu því fram, að það væri mjög auðvelt og sjálfsagt að losa sig við þessi höft. Til þess væri eitt einfalt ráð, og það væri það, sem þeir kölluðu að slá niður kaupgetuna. Ef kaupgetan væri slegin nægilega mikið niður, eins og þeir orðuðu það, þá væri hægt að losna við höftin. Ég minnist þess jafnframt, að þeir menn, sem þá voru einna eindregnastir andmælendur þessara skoðana, voru þáverandi forustumenn Alþfl. á Alþingi, Jón Baldvinsson, Héðinn Valdimarsson og Haraldur Guðmundsson. Þeir viðurkenndu, að það væri æskilegt, ef hægt væri að komast hjá því að hafa gjaldeyris- og innflutningshöft, en ef um það væri að velja ellegar þá leið að slá niður kaupgetuna, þá töldu þeir þann kost miklu skárri að búa við innflutnings- og gjaldeyrishöft.

Mér virðist, að sú ræða, sem hæstv. viðskmrh. var að halda hér, sé í mjög miklu ósamræmi við það, sem þessir forvígismenn Alþfl. héldu fram á Alþingi fyrir 25 árum, því að þegar búið er að klæða megnið af ræðu hæstv. viðskmrh. úr þeim umbúðum, sem hún var í, þá var niðurstaða hans sú, að það hefði verið nauðsynlegt að gera nú ráðstafanir til þess að slá niður kaupgetuna og að þær ráðstafanir, sem hefðu verið gerðar, gætu því aðeins heppnazt, að það tækist áfram að slá niður kaupgetuna. Hann var í því sambandi að rifja það upp, sem hefði gerzt í öðrum löndum, þar sem jafnaðarmenn hafa farið með stjórn, og hélt því fram, sem rétt er, að í sumum þeirra landa hafa gjaldeyris- og innflutningshöft verið afnumin. En ég minnist þess ekki, að í þeim löndum hafi það nokkru sinni gerzt, að innflutnings- og gjaldeyrishöft hafi verið afnumin með þeim hætti að slá niður kaupgetuna samtímis. Jafnaðarmannastjórnir í öðrum löndum og jafnaðarmannaflokkar í öðrum löndum hafa því aðeins staðið að slíkum ráðstöfunum, að það hafi verið unnt að gera það án þess að slá niður kaupgetuna, eins og hér hefur verið gert. Það er að þessu leyti meginmunur á milli þeirra og Alþfl. hér á landi, eins og hann hagar nú störfum sínum. En eins og kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh. og þingheimi er kunnugt um, þá er það meginatriði þeirra efnahagsráðstafana, sem ríkisstj. hefur verið að gera, að slá niður kaupgetuna, og þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., eru að verulegu leyti á því byggðar, að það heppnist.

Ég skal svo víkja að sjálfu frv. og koma þá fyrst að því atriði, sem hér hefur verið lögð mikil áherzla á af hæstv. viðskmrh., þ. e. að hér sé verið að afnema höft. Á hæstv. ráðh. mátti jafnvel skilja, að þetta væri gert án þess, að nokkur höft kæmu í staðinn. Það er fullkomin blekking, að slíku sé til að dreifa. Það er að vísu talað um að leggja niður viss höft samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, en það á að gerast með þeim hætti að láta önnur höft og að ýmsu leyti verri höft koma í staðinn. Í fyrsta lagi eiga það að vera höft fátæktarinnar, sem koma í staðinn. Hæstv. ríkisstj. er búin að gera margháttaðar ráðstafanir, eins og kunnugt er, til þess að minnka kaupgetu lág-

stofnunina niður og fela bönkunum það verksvið, sem hún hafði áður, verður til þess, að það dregst miklu meira vald í fárra manna hendur en áður átti sér stað. Bankarnir eða peningavaldið í landinu verður gert með þessu miklu sterkara og áhrifameira en það er nú, og það er líka samhliða þessu hætta á verulegri misbeitingu. Sú hætta getur skapazt í sambandi við þetta, að ýmis fyrirtæki, sem eru skuldug bönkunum og þeir telja sig sérstaklega þurfa að hjálpa, verði aðnjótandi óeðlilegra innflutningsfriðinda, eða m. ö. o., að bankarnir hafi tilhneigingu til þess að hlynna meira að slíkum fyrirtækjum og veiti þeim þess vegna friðindi umfram önnur. Í þessu er mikil hætta fólgin í sambandi við þá breytingu, sem hér er ætlazt til að gerð sé. Jafnvel þó að þetta væri sæmilega heiðarlega framkvæmt, fylgir því alltaf mikil hætta að hlaða undir öflugt peningavald í landinu. Það hefur margvíslega að hér sé stefnt í mjög ranga og hættulega átt. Það er einn meginmunur á lýðræðisþjóðfélagi og einræðisþjóðfélagi, að í lýðræðisþjóðfélagi er lögð áherzla á það að dreifa valdinu sem mest, en það dragist ekki í hendur fárra aðila. Í einræðisþjóðfélagi er aftur á móti stefnt að því að draga valdið sem mest í fárra hendur. Sú breyting, sem hér er gerð á innflutnings- og gjaldeyrishöftunum, að leggja innflutningslaunafólks og millistétta, og í trausti þess, að henni takist að halda þessari kjaraskerðingu áfram, treystir hún á það, að innflutningur dragist saman og þess vegna sé minni þörf fyrir þau gjaldeyrishöft, sem fyrir eru og verið hafa. Í öðru lagi hefur ríkisstj. gripið til þess að hækka vexti stórkostlega. Í raun og veru er þar ekki um annað en höft að ræða, sem stuðla að því að draga úr innflutningi. Í þriðja lagi hefur ríkisstj. svo gripið til þess að koma á og er að framkvæma mjög viðtæk útlánahöft, sem einnig hafa hið sama í för með sér og hin höftin, þ. e. að draga úr innflutningi. Og þrátt fyrir þessi höft öll saman, höft minnkandi kaupgetu, vaxtahækkun og útlánahöft, ætlar hæstv. ríkisstj. samkvæmt þessu frv. að viðhalda mjög verulegum gjaldeyrishöftum, enda segir svo í 1. gr., að ríkisstj. hafi vald til þess að hafa gjaldeyrishöft áfram. Hæstv. viðskmrh. upplýsti það líka hér áðan, að það væri ætlunin að láta a. m. k. 40% af vöruinnflutningnum vera undir höftum og svo allar gjaldeyrisyfirfærslur aðrar. Þegar þetta allt er athugað, hlýtur mönnum að vera ljóst, að það er ekki nema blekking, að hér sé raunverulega verið að afnema höft. Það er verið að breyta um höft, það er verið að taka upp að ýmsu leyti höft, sem eru verri og óhagstæðari fyrir almenning en þau, sem var búið við og nú er búið við.

Ég vil þá víkja að því atriði frv., sem fjallar um það, hvernig þeim gjaldeyris- og innflutningshöftum, sem á að halda áfram, verður fyrir komið. En samkvæmt 2. gr. frv. virðist þeim eiga að vera fyrir komið á þann hátt, að bankarnir fari með það starf á þessu sviði, sem innflutningsnefndin fór með áður. Ég held, hækki.

En í þessu sambandi er rétt að skjóta því inn í til sönnunar því, að hér er ekki stefnt að auknu frjálsræði, að sú innflutningsáætlun, sem ríkisstj. byggir fjárlögin á, gerir ráð fyrir því, að innflutningur dragist verulega saman frá því, sem verið hefur. Þetta gefur auga leið um, hvers konar frjálsræði muni hér í raun og veru vera um að ræða. Sjálf ríkisstjórnin reiknar með því, að hin margvíslegu höft, sem sett eru á í staðinn fyrir þau, sem fyrir voru, muni valda samdrætti í innflutningnum og þó fyrst og fremst vegna hinnar minnkandi kaupgetu.

Ég kem þá að því atriði í þessu frv., sem fjallar um útflutningsverzlunina, eða 8. gr. þess. Ég verð að segja um hana, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum af henni, einkum vegna þess, að hæstv. viðskmrh. er einn aðalmaðurinn að þessu frv. Ástæðan fyrir því er sú, að fyrir fjórum árum átti ég sæti í n. með honum, sem vann að því að setja upp sameiginlega lagsbreytingu, sem hér er gerð, þ. e. að láta þau gjaldeyris- og innflutningshöft, sem eiga að vera áfram, í hendur bankanna, í staðinn fyrir að láta þau heyra undir sérstaka stofnun, eins og nú er gert.

Það hefur verið talsvert um það rætt í þessu sambandi, að þær breytingar, sem hér væru fyrirhugaðar, mundu verða til þess að bæta hag verzlunarinnar, mundu verða til þess að gera hana frjálsari, mundu verða til þess að skapa almenningi betri verzlunarkjör. Ég held, að öllum, sem athuga þetta niður í kjölinn, hljóti að verða ljóst, að slíku getur alls ekki verið til að dreifa. Þegar kaupgeta fer stórminnkandi, eins og nú er stefnt að, og þegar útlánsvextir hækka stórkostlega, eins og nú hefur þegar verið framkvæmt, og þegar stefnt er að því að auka samdrátt í útlánum, þá gefur það auga leið, að allt þetta verður til þess að þrengja kjör verzlunarinnar. Það verður til þess, að hún getur haft minni vörubirgðir og minna úrval á boðstólum en hún hefur nú. Og það hlýtur einnig að verða til þess, þegar salan minnkar hjá verzlununum af þessum ástæðum, sérstaklega af minnkandi kaupgetu, að hún þarf að fá hærri álagningu, þegar umsetningin minnkar, enda hygg ég, að það muni eiga eftir að sýna sig, áður en langur tími líður, að þá verði það ein afleiðingin af þessum ráðstöfunum, að verzlunarálagningin aðstöðu til að misnota vald sitt, sem er ekki auðvelt fyrir almenning að fylgjast með eða hafa áhrif á, enda er það nú stefna í mörgum löndum að draga heldur úr bankavaldinu en að auka það. Ég vil t. d. í því sambandi minna á það, að á s. l. ári skilaði sérstök n. í Bretlandi áliti um bankamálin þar í landi. Þessi n. var skipuð ýmsum sérfræðingum úr öllum aðalflokkum landsins. Hún komst að mörgum athyglisverðum niðurstöðum, en eitt merkilegasta atriðið í skýrslu hennar var einmitt það, að nauðsynlegt væri að takmarka vald Englandsbanka frá því, sem verið hefði.

Samkv. framansögðu tel ég ranga þá skipu-

stefnuskrá fyrir tvo flokka, Alþfl. og Framsfl. Í þessari stefnuskrá var alveg sérstakt ákvæði um útflutningsverzlunina. Þetta ákvæði var á þá leið, að komið yrði upp yfirstjórn á útflutningsverzluninni, sem væri skipuð fulltrúum frá sjómönnum, útgerðarmönnum og vinnslustöðvum og fleiri aðilum eða fleiri stéttum. Tilgangurinn með þessu var sá að gefa sem flestum aðilum, sem hér hafa hagsmuna að gæta, aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig útflutningsverzlunin væri af höndum leyst. Eins og nú háttar til, eru það viss fyrirtæki, lokuð fyrirtæki, sem hafa meiri og minni einokunaraðstöðu, og almenningur og þær stéttir, sem sérstaklega eiga hér hlut að máli, hafa enga aðstöðu til að fylgjast með því, hvernig störf þeirra eru af hendi leyst. Þess verður líka mjög vart og það kannske ekki að ástæðulausu, að útflutningsverzlunin er undir verulegri gagnrýni af hálfu þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hana, eins og t. d. sjómanna og útgerðarmanna. Og það hafa hvað eftir annað komið fram ásakanir á þá leið, að mikil mistök hefðu átt sér stað í þessari verzlun og að ýmsir aðilar mundu nota aðstöðu sína til þess að hagnast óeðlilega í sambandi við hana. Þess vegna var það áreiðanlega spor í rétta átt, eins og gert var ráð fyrir í stefnuskrá Alþfl. og Framsfl. á sínum tíma, að skapa það fyrirkomulag í sambandi við útflutningsverzlunina, að sem flestir aðilar hefðu aðstöðu til að fylgjast með því, hvernig hún væri af hendi leyst, t. d. með því að eiga fulltrúa í sérstakri útflutningsyfirstjórn. Af hálfu vinstri stjórnarinnar var stigið nokkurt spor í þessa átt, en þó hvergi nærri fullnægjandi, með því að fela sérstakri nefnd að fylgjast með þessum málum og sjá um veitingu útflutningsleyfa. Nú er það ætlunin skv. frv. að leggja þessa nefnd niður og með því þá möguleika, sem almenningur hefur til þess að fylgjast nokkuð með því, hvernig þessi verzlun er yfirleitt af höndum leyst. En að sjálfsögðu skiptir það almenning í landinu og þó sérstaklega sjómenn og útgerðarmenn ekki litlu máli, hvernig útflutningsverzluninni er háttað, því að sé hún slælega rekin og eigi kannske einhver fjárdráttur sér þar stað, eins og nokkur grunur liggur á, þá getur það haft þær afleiðingar í för með sér, að afkoma útflutningsatvinnuveganna verði miklu lakari en ella. Ef alltaf hefði þar verið vel á málum haldið, hefði kannske stundum verið óþarft að gera ýmsar ráðstafanir til hjálpar útflutningsatvinnuvegunum, sem gerðar hafa verið. En hér er sem sagt stefnt í þá átt með þessu frv. Í stað þess, að það hefði átt að bæta aðstöðu almennings og þeirra stétta, sem mest eiga hlut að máli, til þess að fylgjast með því, hvernig útflutningsverzlunin er starfrækt, þá er þetta gert enn lokaðra en það hefur áður verið, og leyndin verður enn meiri en hún hefur áður verið með því að leggja útflutningsnefndina niður og láta það alveg vera í valdi ríkisstj. einnar, hvernig þessum málum er háttað.

Það er svo annað mál, að endurskoða þarf allt skipulag útflutningsverzlunarinnar og koma á öðru formi en því, sem nú ríkir þar. Það má vel vera og hlýtur að koma til athugunar, hvort það fyrirkomulag, sem tekið var upp með síldarútvegsnefnd ríkisins á sínum tíma, sé ekki einmitt það fyrirkomulag, sem eigi að færa út í sambandi við útflutningsverzlunina.

Þá er, eins og hæstv. viðskmrh. benti á, gerð sú breyt. með þessu frv., að allt fjárfestingareftirlit verður fellt niður. Þetta er gert samtímis því, sem öllum almenningi og öllum efnaminni fyrirtækjum verður gert erfiðara fyrir um að ráðast í framkvæmdir með þeim efnahagsráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert og gera allar framkvæmdir dýrari. Þetta þýðir það með öðrum orðum, að einkafjármagninu er sköpuð miklu betri aðstaða en áður hefur verið til þess að ráða því, hvernig fjárfestingin er framkvæmd í landinu. Það má vel vera, að það sé rétt, sem hæstv. viðskmrh. minntist á hér áðan, að það hafi ýmis mistök átt sér stað í fjárfestingunni undir því kerfi, sem við höfðum búið við undanfarin ár. En það er ekki þar með sagt, að rétta svarið við því sé að fella allt slíkt eftirlit úr sögunni og gefa þetta algerlega frjálst, á sama tíma sem öllum almenningi er gert erfiðara fyrir með það að ráðast í fjárfestingarframkvæmdir. Ég hygg, að það hefði verið miklu réttara svar í þessum efnum að treysta fjárfestingareftirlitið frá því, sem nú hefur verið, og reyna að tryggja með því, að sú fjárfesting, sem við getum haft með höndum, beindist að þeim verkefnum, sem sjálfsagt er frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar að láta hafa forgangsrétt, að það hefði verið sú stefna, sem hefði átt að taka upp, en ekki sú að gefa þetta allt saman frjálst, því að það veit enginn, hvaða afleiðingar það kann að hafa. En reynslan er hins vegar sú, bæði hjá okkur frá fyrri tímum og eins í ýmsum öðrum löndum, að þegar þetta er gefið alveg frjálst, þá vill svo oft fara, að alls konar misvöxtur á sér stað og fjárfestingin beinist alls ekki að þeim verkefnum, sem mikilvægust eru.

Og það er alveg sérstök ástæða fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem hefur mjög takmarkað fjármagn til fjárfestingarframkvæmda, en þarf þó að hafa mikla fjárfestingu með höndum, að hún reyni að beina fjárfestingunni að þeim verkefnum, sem nauðsynlegt er að leysa. En það verður ekki gert með því að gefa þetta allt saman frjálst, heldur einmitt með því að reyna frekar að treysta fjárfestingareftirlitið og stefnu ríkisvaldsins í heild á þann veg, að sú fjárfesting, sem mestu máli skiptir fyrir uppbyggingu landsins og atvinnuveganna, sitji í fyrirrúmi. Þess vegna er hér tvímælalaust stigið spor í ranga átt, samtímis því sem gerðar eru svo ráðstafanir til þess að torvelda alla fjárfestingu almennings og hinna efnaminni fyrirtækja og landshluta.

Þá vil ég að síðustu benda á það atriði frumvarpsins, sem felst í 10. gr., en þar er gert

ráð fyrir því, að sama leyfisgjald haldist áfram á gjaldeyris- og innflutningsleyfum, svo sem verið hefur um skeið. Þetta virðist fastlega benda til þess, að það sé ekki reiknað með því, að neinn sparnaður hljótist af þeirri breytingu, sem hér er stefnt að, þó að stundum sé verið að tala þannig, að með því að leggja innflutningsskrifstofuna niður sé stefnt að auknum sparnaði og fækkun embætta í þjóðfélaginu. En frv. ber það sem sagt með sér, að ekki er ætlazt til, að kostnaðurinn við þetta nýja fyrirkomulag verði neitt minni en sá kostnaður, sem fyrir var, svo að hér er ekki um neina breytingu að ræða, sem hefur sparnað í för með sér.

En það, sem ég vildi svo segja að endingu, er raunar hið sama, sem ég tók fram í upphafi, að með þessu frv. er raunverulega ekki stefnt að því að afnema höft, það er eingöngu verið að breyta um höft og að sumu leyti verið að taka upp verri höft en þau, sem áður var búið við. Og þar á ég þá sérstaklega við þau höft, sem leiðir af minnkandi kaupgetu, af aukinni fátækt í landinu, því að þar er tvímælalaust stigið mikið spor aftur á bak og gengið miklu lengra í kjaraskerðingu en nokkur þörf var fyrir. Og ég vil í því sambandi taka undir það, sem ýmsir fyrri forustumenn Alþfl., eins og Jón Baldvinsson, Héðinn Valdimarsson og Haraldur Guðmundsson, hafa hér áður sagt, að ef efnahagsástandið í landinu er þannig, að um það tvennt er að velja að búa við einhver gjaldeyrishöft eða að skera niður kaupgetuna langt frá því, sem nokkurt hóf er á, þá er það fyrra miklu skárra af tvennu illu. Að þessu leyti er ég algerlega ósammála núv. viðskmrh., eins og hann er líka ósammála hinum fyrri foringjum flokks síns. Það er líka tvímælalaust, að höft eins og vaxtahækkunin og útlánaskerðingin eru miklu þungbærari fyrir verzlunina og atvinnulífið í landinu en þau höft, sem nú er búið við. Og það er alger misskilningur, þegar verið er að reyna að hampa því, að þær breytingar, sem hér er stefnt að, muni verða til þess að bæta fyrir verzluninni og skapa almenningi betri verzlunarkjör, vegna þess að eins og ég hef áður sýnt fram á, þá muni þessar ráðstafanir, minnkandi kaupgeta, hærri vextir og samdráttur útlána, leiða til hins gagnstæða, leiða til þess, að það verður minna vörumagn á boðstólum og álagningin hlýtur að verða að hækka vegna samdráttar í umsetningu, og þess vegna verða þessar ráðstafanir bæði almenningi og verzluninni til tjóns.

Ég vil svo að endingu aðeins segja það í tilefni að niðurlagsorðum hæstv. viðskmrh., að ég harma það, að hann skuli nú ekki standa í sömu sporum og halda uppi sömu stefnu og þeir gerðu hér á sínum tíma Jón Baldvinsson, Héðinn Valdimarsson og Haraldur Guðmundsson, því að ég er viss um, að ef hann gerði það og flokkur hans, þá mundi eiga sér stað heppilegri þróun mála í landinu en sú, sem nú er að gerast.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur nú lagt þetta frv. ríkisstj. fyrir í ýtarlegri ræðu, og það er ekki nema von, að um það verði allýtarlegar umræður, því að í þessu frv. kemur raunverulega stefna ríkisstj. hvað skýrast fram af öllum þeim frv., sem hér hafa verið flutt á hennar vegum, frá því að hún tók við völdum. Ég vil um leið lýsa því yfir, að að mínu áliti er þetta frv. harðvítugasta og ljótasta frumvarpið, sem hún hefur flutt, og með þessu frv. er reitt hæst til höggs á móti alþýðu landsins. Með gengislækkunarfrv. stefndi hún að því að koma fátæktinni á aftur á Íslandi og hafði tekið til þess stórlán erlendis, í fyrsta skipti í sögu okkar lands, til þess að skipuleggja fátækt, og með þessu frv. stefnir hún að því að koma á atvinnuleysi, gera ráðstafanir, sem munu leiða af sér atvinnuleysi, til þess að viðhalda fátæktinni, sem hún ætlar að skapa. Þannig er þetta frv. raunverulega hámark þeirrar kúgunarstefnu, sem ríkisstj. beitir sér fyrir gagnvart almenningi landsins. Og það er nauðsynlegt, að það sé rætt frá upphafi út frá því.

Það vaknar sú spurning hjá manni undir ræðu hæstv. viðskmrh., hvort það sé velferð almennings, sem sé tilgangurinn með afskiptum stjórnmálamanna af þjóðlífinu, eða hvort verzlunarfrelsi auðugustu heildsalanna eigi að verða skurðgoð, sem eigi að tigna þannig, að það skuli fórna á altari þess velferð almennings. Mér heyrðist hæstv. viðskmrh. ræða þannig um þetta mál, eins og þetta verzlunarfrelsi heildsalanna, sem hér er um að ræða, væri slíkt skurðgoð, að það bæri fyrst og fremst að tigna, hvaða afleiðingar sem það hefði, hvað sem það þýddi fyrir fólkið. Og svo framarlega sem það væri svo, að almenningur hér í landi vildi ekki sætta sig við að fórna velferð sinni fyrir þetta svokallaða verzlunarfrelsi heildsalanna, þá bæri að slá niður þau samtök almennings, sem reistu sig upp gegn slíku.

Ég gat ekki betur skilið ræðu hæstv. viðskmrh. hér áðan, þegar hann sagði, að á undanförnum áratugum, þegar hann var að rekja efnahagssöguna, þá hefði það stundum dregizt of lengi að breyta skráningu gengisins, en það væri verið að tilkynna, að svo framarlega sem almenningur á Íslandi hækkaði sitt kaup, þá ætlaði núv. ríkisstj. ekki að láta það dragast lengi að lækka gengið, m. ö. o., að gengisskráning af hálfu ríkisvaldsins ætti að fara að verða vopn á móti verkalýðssamtökunum í landinu. Þetta var reynt 1950. Það var sett inn í 2. gr. gengislækkunarfrv., eins og Sjálfstfl. lagði það fyrir þá, að Landsbankinn skyldi skrá gengið, en ekki Alþingi, og að í hvert skipti sem almennt kaupgjald breyttist í landinu, skyldi Landsbankinn taka þetta til endurskoðunar um gengisskráninguna. Það lá í því, að ef almennt kaupgjald breyttist, þá átti að lækka gengið. Þetta var afnumið úr gengislækkunarfrv., ekki aðeins fyrir okkar tilstilli, sem þá vorum hér fulltrúar Sósfl., heldur líka

fyrir tilstilli Alþfl. og hans formanns þá, Stefáns Jóh. Stefánssonar. En mér heyrðist það bókstaflega liggja í orðunum hjá hæstv. viðskmrh. nú, að það mætti ekki dragast eins lengi og það hefði gert á undanförnum árum, ef aðstæður breyttust innanlands, að breyta gengisskráningunni, rétt eins og það ætti að flýta sér með slíkt, svo framarlega sem kaupgjald hækkaði hjá almenningi. Og ég vil spyrja: Hvað er þá orðið eftir af samningsfrelsinu í landinu, ef verkalýðssamtökin og atvinnurekendur hafa ekki lengur frelsi til þess að semja um kaupgjaldshækkun, án þess að ríkið ætli að fara að beita því á eftir að lækka gengið þess vegna? Ég er hræddur um, að þessar yfirlýsingar, sem voru nokkuð óljósar, þó að margt væri ljóst í ræðu hæstv. ráðh., — ég er hræddur um, að þær verði að koma nokkru skýrar fram í þessum umr., sem nú verða um þetta mál, til þess að það sé alveg greinilega ljóst, hve langt og til hverra frelsið á að ná.

Hæstv. viðskmrh. lauk sinni ræðu með því, að það væri ýmislegt, sem orðið væri sameiginlegt hjá Alþfl. og ýmsum borgaraflokkum í því, hvernig beita skyldi ríkisvaldinu. En ég vona, að hann geri sér ljóst, að svo framarlega sem meiningin er að fara að beita svo ríkisvaldinu á þennan hátt, eins og raunverulega nú þegar er byrjað, með því að afnema vísitöluna, með því að skipuleggja þann samdrátt, sem verið er að skipuleggja með vaxtahækkun og lánabanni, þá er þar með verið að skipuleggja beitingu ríkisvaldsins í þjónustu samvizkulausasta hlutans af auðmannastéttinni, verstu braskaranna á landinu, og til þess að þeir geti fengið fullt verzlunarfrelsi, á þá að koma á fátækt hjá almenningi og halda almenningi síðan undir oki þeirrar fátæktar.

Þetta kom mjög greinilega fram í ræðu hæstv. ráðh., þegar hann talaði um, að ekki mætti gera breyt. á kaupgjaldi frá því, sem nú væri, um nokkurn tíma. Það var orð, sem Katrín Thoroddsen, það var setning, sem hún mælti í kosningabaráttunni 1949, þegar þá var talað um að gefa frjálst og mikið reynt að gylla það fyrir mönnum, hún talaði um, að það væri til verri skömmtunarstjóri en Elís, fátæktin væri versti skömmtunarstjórinn, sem til væri. Og mér sýnist, að það, sem nú sé stefnan, sem skín út úr ræðu hæstv. ráðh., og er inntakið í þessu frv. og allri stefnu ríkisstj., sé að gera fátæktina aftur að skömmtunarstjóra á Íslandi, eins og við þekktum um allmarga áratugi, og það var strangur skömmtunarstjóri. Og þeir ungu menn, sem nú vaxa upp og hafa komið inn í stjórnmálin á þessum síðustu 15—20 árum, mættu gjarnan minnast þess, að það var til þess að berjast á móti þeirri fátækt, að það ástand hefur verið skapað á Íslandi, sem hefur gert það að verkum á síðustu tveim áratugum, að menn hafa ekki þurft að svelta. Og þó vil ég minna hæstv. ráðh. á, vegna þess að honum þótti ekki hafa tekizt nógu vel 1950, að 1951 og 1952 var farið að sjá á börnum alþýðumanna hér í Reykjavík, af því að þau höfðu ekki nóg að borða. Og ef hæstv. ráðh. og ríkisstj. kynnir sér hagskýrslur um sölu mjólkur í Reykjavík frá því í marz 1950 og fram til janúar 1953, þá geta þeir séð, hvernig almenningur í Reykjavík hefur meira að segja orðið að spara við sig mjólkurkaupin, hvað þá annað. Það tókst þá um tíma að leiða skortinn þannig inn á alþýðuheimilin, að börnin sultu. Og það er alveg rétt að gera sér ljóst, ekki síst fyrir þá, sem tala af mikilli hagspeki, að þegar kemur að þessum málum, þá er ekki lengur spurt um verðbólgu eða aðra slíka hluti. Þá er spurt um það, hvort menn hafa í sig og á og hvort menn þurfa að neita börnum sínum um brauðbita eða mjólkursopa. Og það er ekki til neins að halda neina fallega hagfræðilega fyrirlestra, hvorki lærða né ólærða, gagnvart þeim staðreyndum, sem blasa við, þegar fátæktin og skorturinn eru á hinn bóginn. Þess vegna er mönnum bezt að gera sér ljóst, þegar þeir nota orð eins og kaupgetu og annað slíkt, sem virðast vera ákaflega hlutlaus orð og þægileg að nota, að það er miklu, miklu harðvítugra, það sem á bak við þau býr. Kaupgetuleysi finnst mönnum kannske vera laglegt orð að nota og enginn broddur í því, en það sem það þýðir, það er fátækt, það sem það þýðir, það er skortur, skortur fyrst og fremst á alþýðuheimilunum, á þeim heimilunum, sem dýrtíðin með nefsköttum ríkisstj. nú kemur til með að koma þyngst niður á, á sama tíma sem það er höfuðatriði ríkisstj. í allri hennar pólitík að gera hálaunamönnum auðveldara fyrir og auka þeirra tekjur. Þetta vil ég nú aðeins segja almennt viðvíkjandi afstöðunni til þessa máls, því að það er ekki hægt að halda þessu máli á grundvelli hreinna hagfræðilegra bollalegginga, þó að ég skuli vissulega vera reiðubúinn til að taka nokkurn þátt í þeim. Þetta mál er um leið þáttur í lífsbaráttu fólksins í landinu, lífsbaráttu, sem íslenzk alþýða upphaflega skóp Alþfl. til þess að skipuleggja. Og þess vegna verður uppgjörið í sambandi við þá stefnu, sem Alþfl. nú hefur tekið í þessum málum og hæstv. ráðh. kom inn á, þá verður það uppgjör, sem gerist ekki bara með hagfræðilegum hugleiðingum, heldur líka bæði með harðvítugum pólitískum deilum hér á Alþingi og með hörðum átökum í öllu okkar þjóðlífi, því að það var alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það frv., sem hér liggur fyrir, er og felur í sér eina stórfelldustu breyt., sem lagt er til að gera á íslenzkum efnahagsmálum, og um leið að minu áliti einhverja hættulegustu breyt., sem nokkurn tíma hefur verið farið út í.

Því var lýst yfir, þegar ríkisstj. tók við störfum, og hæstv. viðskmrh. ítrekaði það mjög nú, að eitt af því, sem Íslandi væri nauðsynlegt til þess að geta verið efnahagslega sjálfstætt og ráðið dálítið betur við sín verzlunarmál, væri að eignast gjaldeyrisvarasjóð, og hæstv. ráðh. sagði, að það væri einn tilgangurinn með þessu frv. að leggja grundvöll að því að eignast slíkan gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri og það í fyrsta skipti í sögu landsins. Og hann sagði frá því, að einmitt nú í sambandi við þetta frv. og stefnu þess hefði verið gerð

af hálfu ríkisstj. ráðstöfun til þess að taka stórlán erlendis, til þess að við ættum nú þegar nokkurn slíkan gjaldeyrisvarasjóð, áður en við mynduðum annan, sem við ættum sjálfir, og hann bætti við, ef ég tók rétt eftir, að ef sá gjaldeyrisvarasjóður, sem við hefðum fengið að láni núna, þær 20 millj. dollara, ef þær skyldu ekki hrökkva til að gera þessar ráðstafanir og koma upp þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem við ættum sjálfir, þá mundi vafalaust vera hægt að fá enn þá meiri lán til þess að undirbúa þannig stofnun gjaldeyrisvarasjóðs. Ég verð nú að segja, að það er vissulega undarleg aðferð, þegar við ætlum nú að fara að safna í sjóði og eignast sjálfir digra sjóði erlendis og það í frjálsum gjaldeyri, að byrja þá með því að stofna til skulda, og ég á eftir að fá skýringu á því, hvernig á því stendur, að þessi aðferð er upp tekin.

Hvernig stendur á því, að við höfum engan gjaldeyrisvarasjóð? Hvernig stendur á því, að við eigum ekki inneignir í frjálsum gjaldeyri erlendis? Í okkar viðskiptum við sósialistísku ríkin ríkja að mestu leyti jafnvirðiskaup. Það þýðir, að í viðskiptunum við þau ríki kaupum við yfirleitt jafnmikið og við seljum, þannig að við þau verður nokkurn veginn jöfnuður, ýmist um vöruskipti eða þá um greiðsluskipti. Það, að við erum í milli 400 og 500 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði út á við hvað snertir vöruinnflutning og vöruútflutning, stafar fyrst og fremst af því, t. d. nú síðasta ár, að aðeins við sex nágrannalönd okkar, Bretland, Danmörku, Holland, Noreg, Vestur-Þýzkaland og Bandaríkin, erum við í yfir 360 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði, m. ö. o., það eru einmitt þessi frjálsu gjaldeyrislönd svokölluðu, sem hafa þannig verzlunarviðskipti við okkur, að þau eru neikvæð, að við kaupum af þeim miklu meira en þau kaupa af okkur. Hins vegar er það einmitt til viðskiptanna við þessi lönd, sem við viljum mynda gjaldeyrisvarasjóð, sem við eigum sjálfir. Hver hlyti nú að vera sú eðlilega aðferð til þess að mynda slíkan gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri, sem við eigum sjálfir? Orsökin til þess, að við eigum hann ekki, er sú, að viðskipti við þessi lönd eru neikvæð, þannig að við seljum miklu minna til þeirra en við kaupum af þeim. Hvernig væri þess vegna eðlilegast að skapa sér svona sjóð? Það væri eðlilegt að skapa hann með því að minnka það, sem við kaupum af þessum löndum, en reyna að auka það, sem við seljum til þessara landa. Það mundi virðast a. m. k. liggja nokkurn veginn í augum uppi, að það væri eina ráðið, sem hægt væri að beita af viti út frá íslenzkum þjóðarbúskap, ef við gætum minnkað innkaupin frá þessum löndum, þá jafnvel aukið á meðan viðskipti við þau lönd, sem við getum keypt jafnmikið hjá og við seljum til, en reyndum svo að herða á sölu á okkar útflutningsafurðum til þessara frjálsu gjaldeyrislanda. Og nú efast ég ekki um, að að ýmsu leyti hafi verið reynt að vinna vel að því að selja til þessara frjálsu gjaldeyrislanda, en þó ekki enn sem komið er með meiri árangri en þessum. M. ö. o.: ef það væri verið að hugsa um hagsmuni okkar þjóðarheildar, ef það væri verið að hugsa um skynsamlegan þjóðarbúskap hjá okkur, þá mundum við draga úr viðskiptunum við þessi lönd, á meðan þau keyptu ekki meira af okkur, en gera hins vegar allt, sem við gætum, til þess að auka söluna til þeirra. Af hverju gerir nú hæstv. ríkisstj. ekki þetta? Af hverju fer hún þveröfugt að? Hún stofnar til skulda hjá þessum ríkjum, — skulda, sem hún hefur sjálf ekki hugmynd um í dag, hvernig hún ætlar að borga. Og ef hún hefur einhverja hugmynd um það, þá vil ég biðja hæstv. viðskmrh. að segja okkur frá því, og þegar hún stofnar til svona skulda, hvaða vonir hún hafi um aukinn markað í þessum löndum, sem gæti gert okkur mögulegt að borga þessar skuldir með því að afla okkur gjaldeyris í þessum löndum sjálfum.

M. ö. o.: ríkisstj., sem lýsir því hér yfir seinast í ræðu hæstv. viðskmrh., að hún ætli að skapa gjaldeyrisvarasjóð, byrjar á því, sem er alger andstæða við það, að stofna til skulda og gerir um leið engar ráðstafanir til þess að tryggja sölu okkar afurða til þessara landa eða aðra myndun inneigna þar, — ekki neina, — en gerir hins vegar með þessu frv. ráðstafanir til þess að auka stórum innflutninginn frá þessum löndum með því að gefa hann nú frjálsan, eins og hæstv. viðskmrh. réttilega tók fram, í fyrsta skipti raunverulega frjálsan, þannig að komi menn með íslenzka peninga og heimti vörur, sem verða nú á frílista, eiga þeir viðstöðulaust að fá gjaldeyri, sem hingað til hefur ekki verið, af því að frílistar hafa, eins og hæstv. ráðh. tók fram, fram að þessu verið bara að nafninu til.

Ég fæ ekki séð, að það geti verið rétt og satt hjá hæstv. ríkisstj., að það vaki fyrir henni að skapa gjaldeyrisvarasjóð erlendis og það sé tilgangurinn með þessum ráðstöfunum, með þessari skuldasöfnun. Ég held, að þetta hljóti að vera yfirvarp og það sé annað og slæmt, sem býr á bak við. Ég fæ ekki séð nema tvennt, sem sé hugsanlegt sem ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. fer inn á þessa braut, inn á þetta verzlunarfrelsi og inn á þessar ráðstafanir að fá þessi stórlán erlendis til eyðslu, sem hún sjálf og enginn hér hefur reynt að sýna fram á, hvernig eigi að borga, — það geti ekki verið nema eitt af tvennu: Annars vegar hagsmunir stærstu innflytjendanna og fyrst og fremst stærstu heildsalanna, sem heimta svokölluð frjáls viðskipti, það þýðir viðskipti við auðvaldslöndin, þar sem stærstu heildsalarnir hér á Íslandi eru umboðsmenn fyrir mikið af þeim auðhringum og auðfélögum, sem selja sínar vörur hingað, fá hjá þeim allmikil umboðslaun og oft og tíðum álagningu erlendis á vörurnar, og hafa þess vegna, bæði af heiðarlegum og óheiðarlegum ástæðum, sérstakan áhuga á að beina viðskiptum Íslands til þessara landa, eins og þau spillingarmál, sem uppi eru hjá þjóðinni núna, greinilega sýna, — beina þeim þangað, hvað sem þjóðarhagsmunum Ís-

lendinga líður. Ég fæ ekki betur séð en annaðhvort sé hæstv. ríkisstj. að láta að vilja þessa braskaralýðs, framfylgja hans pólitík, með því að gefa allan innflutning, sem hann hefur mestan áhuga á, frjálsan og gefa honum aðgang að þeim gróðalindum, sem hann sækist mest eftir, — eða hins vegar, að ríkisstj. er, með því að ætla að innleiða það svokallaða verzlunarfrelsi eða innflutningsfrelsi, sem á að veita með þessu frv., ef að lögum verður, að framkvæma skuldbindingu, sem ríkisstj. hefur tekið sér á herðar gagnvart útlendum aðilum, m. ö. o.: ríkisstj. hafi skuldbundið sig til þess, um leið og hún tók 20 millj. dollara lán í París og Washington, að gefa svo og svo mikið af innflutningnum frjálsan, t. d. um 60%, sem hæstv. ráðh. talaði um. Það er alkunna og ekkert leyndarmál, að hér hafa verið á ferðinni sérfræðingar frá efnahagsstofnununum í París og Washington, sem hafa athugað og að því er ég bezt veit jafnvel undirbúið með ríkisstj. þau frv., sem lögð hafa verið fram í vetur, bæði gengislækkunarfrv. og þetta, og ég fæ ekki betur séð en þarna hljóti að vera einhver tengsl á milli. Og ég óska eftir því að fá upplýsingar um það við þessa umr. nú, hvort ríkisstj. hefur undirgengizt einhverja skuldbindingu í sambandi við það 20 millj. dollara lán, sem hún tók, um að gera að einhverju leyti verzlun á Íslandi frjálsa, eða hvort ríkisstj. og hvaða ríkisstj. hér sem væri sé algerlega óbundin, þannig að það væri hægt þess vegna á morgun eða hvenær sem væri að koma á aftur hvers konar höftum, sem hér skyldu vera, án tillits til þessara lána og skuldbindinga, sem ríkisstj. hefði undirgengizt. Ég spyr að þessu vegna þess, að mér sýnist það liggja svo í augum uppi, að ef það væri tilgangur ríkisstj. að skapa gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri, sem Íslendingar réðu yfir sjálfir, þá hlyti fyrsta og eðlilega aðferðin að vera sú, að draga úr kaupunum með frjálsum gjaldeyri, að auka hins vegar söluna á íslenzkum afurðum í frjálsum gjaldeyri og láta þá koma í ljós, hvort hægt sé að skapa slíkan gjaldeyrisvarasjóð, en brjóta ekki brýrnar að baki sér, áður en þessi tilraun er gerð.

Það er eðlilegt, að það komi upp í huga manns, þegar maður sér ríkisstj. fara þveröfuga leið til þess að skapa okkur gjaldeyrissjóð erlendis, þegar maður sér hana byrja á því að safna skuldum og það miklum skuldum, hvort hún sé þegar orðin skuldbundin erlendis, því að það sjáum við fram á, sem fylgzt höfum með og tekið þátt í baráttu Íslands fyrir efnahagslegu sjálfstæði á þessum síðustu áratugum, að við höfum aldrei verið í annarri eins hættu að verða skuldaþrælar erlendra aðila eins og eftir þau lán, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið í Washington og París, 20 millj. dollara lán til eyðslu.

Ég vil þess vegna mælast til þess, að hæstv. viðskmrh. í þessari umr. nú gefi alveg ótvíræða yfirlýsingu um það, hvort ríkisstj. hafi undirgengizt nokkra skuldbindingu í þessu efni. Ég álít, að Alþ. eigi kröfu á því að fá að vita þetta, hvort Alþ. sé að nokkru leyti skuldbundið til þess að samþ. þetta frv. í sambandi við þær skuldir, sem ríkisstj. hefur stofnað til. Og ég segi þetta vegna þess, að ég er búinn að fá það mikið að vita af bakreikningunum fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum áratugum, að mig langar ekki til að fá fleiri, — bakreikningunum í sambandi við eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni og þeim kröfum, sem gerðar hafa verið viðvíkjandi henni út af lánum, sem veitt hafa verið, bakreikningnum, sem stóð byggingu sementsverksmiðjunnar fyrir þrifum um nokkurt árabil, meðan ameríska auðvaldið var að reyna að pína íslenzku ríkisstj. í krafti skuldanna og lánardrottinsaðstöðunnar til þess að gera sementsverksmiðjuna að hlutafélagi, — að ég óska eftir að fá að vita það nú, hvort það sé enn einu sinni verið að binda hendur okkar með skuldbindingum, sem ríkisstj. sé að gangast inn á erlendis.

Ég vil líka í því sambandi spyrja að því, hvort það sé meiningin, til þess að reyna að auka viðskipti Íslands við frjálsu gjaldeyrislöndin, að pína útflytjendur til að selja íslenzkar útflutningsvörur, eins og t. d. síldarmjölið og síldarlýsið, á lægra verði á Vesturlöndum en kynni að vera fáanlegt fyrir það í sósíalistískum löndum, m. ö. o., hvort tilgangurinn með því að gefa Seðlabankanum valdið yfir útflutningnum, að láta það vera háð hans leyfum, hvert varan er flutt, eigi að vera sá að pína íslenzka útvegsmenn og sjómenn og þær stofnanir, sem fá þeirra afurðir til sölu, til þess að selja á hrynjandi mörkuðum auðvaldslandanna þær vörur, sem þeir gátu selt og geta e. t. v. enn selt betra verði til sósíalistisku landanna. Mér er alveg kunnugt um þá stefnu meiri hl. núverandi seðlabankastjórnar að ætla að reyna að pína slíkt í gegn að selja íslenzku útflutningsvöruna þeim auðhringum, sem hafa reynt að arðræna Ísland og tekizt það öðru hverju á síðustu 30—40 árum. Og okkur, sem þekkjum til, hvernig aðstaðan var hér á Íslandi 1930—40, á meðan brezku bankarnir í samráði við Unilever-hringinn ætluðu að ráða verðinu á íslenzka síldarlýsinu og knýja Íslendinga til að selja það með sílækkandi verði, — okkur er kunnugt um, hvernig Landsbankinn þá var tækið, sem brezka bankavaldið og brezka auðhringavaldið notaði til þess að arðræna okkur Íslendinga. Og síðan var svo sagt við alþýðuna hér heima: Þið megið ekki gera kröfur um að hafa fulla vinnu, og þið megið ekki gera kröfur um að fá hækkað kaupgjald, vegna þess að atvinnuvegirnir bera það ekki. — Þá var það, eins og þá var oft kallað, landsbankaklíkan hér á Íslandi í samráði við fiskhringinn og í samráði við Unilever-hringinn og bankavaldið brezka, Hambros Bank, sem skipulagði fátæktina hér heima, skipulagði það, að við gátum ekki einu sinni aflað okkur nýrra framleiðslutækja. Og það er ekki vert að sleppa þeirri mynd nú, þegar verið er að ræða um, hvern aðbúnað við höfum haft í okkar efnahagsmálum á undanförnum áratugum. Og ég

álít að það eigi ekki að innleiða þá kúgun á ný. Ef Seðlabankinn á að gerast erindreki fyrir Alþjóðabankann eða Efnahagssamvinnustofnunina í París til þess að hafa eftirlit með útflutningi Íslendinga og stjórna honum, þá er verið að gera okkur Íslendinga að þegnum í þeim stóra auðvaldsheimi, sem við höfum þó verið að reyna að vera sjálfstæðir í á undanförnum áratugum. Og það er rétt, að menn geri sér þetta alveg ljóst. Það var vakin eftirtekt á því hér áðan, að það er haldið í einokun viðvíkjandi útflutningnum. Af hverju? Einokun á útflutningnum hefur löngum verið áhugamál íslenzkra auðmanna, af því að þar eru venjulega hringar starfandi, og einokunin á útflutningnum er líka áhugamál þeirra alþjóðlegu viðskiptastofnana, sem við höfum með að gera, vegna þess að þær vilja gjarnan fá að ráða því, hvert við seljum okkar afurðir. Og það, sem hefur verið eins og fleinn í holdi þessa alþjóðlega auðvalds undanfarið, er einmitt það, að við höfum ráðið því sjálfir, hvert við seldum þessar afurðir, og við höfum selt þær í eins ríkum mæli og við höfum gert til sósialistísku landanna með hagstæðum kjörum fyrir okkur. Það er þetta, sem það alþjóðlega auðvald vill stöðva.

Ég spyr þess vegna að því, hvort ríkisstj. sé að fela Seðlabankanum valdið til að ráða yfir, hvert flutt sé út, í því skyni, að hann noti það til þess að pína íslenzka útflytjendur til að selja fyrir lægra verð en þeir ella gætu fengið, til Vestur-Evrópulandanna til þess að afla okkur þannig frjáls gjaldeyris upp í skuldirnar. Eða, ef það er ekki meiningin, er þá meiningin að skapa þennan gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri einvörðungu á kostnað íslenzkrar alþýðu, einvörðungu með því að koma á fátækt hjá almenningi á Íslandi? Á gjaldeyrisvarasjóðurinn erlendis að vera þeir peningar, sem alþýðufjölskyldurnar vantar jafnvel til þess að kaupa brauð og mjólk, eftir að ríkisstj. skipuleggur dýrtíðina yfir alþýðuheimilin og brottnemur vísitöluna úr lögum, til þess að engin vörn sé hjá alþýðuheimilunum önnur en kaupdeilurnar til þess að bæta sinn hag?

Ég verð að segja það, að ef hæstv. ríkisstj. reiknar með því að skapa sinn gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri einvörðungu á kostnað þess, sem íslenzka alþýðu á að skorta, eingöngu með því að skipuleggja fátækt á Íslandi, þá reiknar hún skakkt. Almenningur á Íslandi ætlar sér ekki að borga þann brúsa, og það er bezt, þegar við ræðum þetta mál, að við gerum okkur það frá upphafi ljóst. Auðmennirnir á Íslandi, heildsalarnir á Íslandi, ef þeir vilja fá gjaldeyrisvarasjóð í frjálsum gjaldeyri, þá geta þeir fengið hann á sinn kostnað sjálfir, ekki bara með því fé, sem þeir eiga erlendis núna, sem ríkisstj. kannske vildi sýna einhverja gangskör að því að reyna ná til, heldur með því að fara þá að selja eitthvað dálítið af sínum eignum hér heima. Það er ekki víst, að alþýða manna láti fyrst og fremst bjóða sér það að taka af henni þær íbúðir, sem hún nú á, í skjóli kauplækkunar og atvinnuleysis. Það getur verið, að hún verjist gegn því. Og ef ríkisstj. þá ætlar sér að halda þessari stefnu áfram, þá er bezt fyrir hana að gera sér það ljóst, að hún verður að gera það á kostnað auðmannastéttarinnar sjálfrar. Og eigur hennar eru vissulega ekki svo litlar, að það væri óhugsandi að koma upp nokkrum gjaldeyrisvarasjóði á hennar kostnað. Ef ég man rétt, voru það aðeins 30 ríkustu einstaklingarnir á Íslandi, sem áttu um 250 millj. kr. eftir gamla genginu í skuldlausum eignum. Áður en farið er að fyrirskipa með lögum fátækt hjá almenningi á Íslandi, er hægt að byrja með því að láta þá auðugu leggja fram til að skapa þá gjaldeyrisvarasjóði, sem á að skapa erlendis.

Ég held þess vegna, að sú yfirlýsing hæstv. ráðh. og sá tilgangur, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir um sköpun gjaldeyrisvarasjóðs, þurfi allýtarlegra upplýsinga og athugunar við.

Þá lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir í öðru lagi, að það væri tilgangur ríkisstj. að vernda viðskiptin við sósialistísku löndin. Ég veit, að hæstv. ráðh. gefur þessa yfirlýsingu vafalaust sjálfur í góðri trú, en ríkisstj. sem heild gefur hana fyrst og fremst vegna þess, að hún veit, að alþýðu manna á Íslandi er ljóst, hver líftrygging henni eru þau viðskipti, hver trygging þau eru fyrir hennar atvinnuöryggi og fyrir hennar afkomuöryggi, og að almenningur á Íslandi mundi ekki sætta sig við það, að þessi viðskipti væru brotin niður. Ég vil hins vegar lýsa því yfir og óska eftir, að það sé rætt alveg af fullri hreinskilni í þessum umr., að með þessu frv. og þeirri stefnu, sem það markar, er ríkisstj. að brjóta þessi viðskipti niður. Afleiðingin af framkvæmd þeirrar stefnu, sem í þessu frv. felst, er að brjóta niður viðskipti Íslands við sósialistísku löndin. Og einmitt vegna þess, að ég held, að hæstv. viðskmrh. sé í góðri trú í þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf, þá óska ég sérstaklega eftir því nú þegar við þessa umr., að þetta atriði sé rætt ýtarlega og af fullri hreinskilni, þannig að þegar þau viðskipti brotna niður, eftir að farið verður að framkvæma þessa stefnu, þá sé það ekki eitthvað, sem komi aftan að mönnum, heldur sé mönnum frá upphafi ljóst, að með því að stíga þetta spor eru þeir vegna afleiðinganna, sem það hefur, að brjóta þessi viðskipti niður. Hve fljótt, hve skrykkjótt það gangi eða annað slíkt, það er annað mál, en menn geri sér frá upphafi ljósar afleiðingarnar. Hvort slíkt er gert að yfirlögðu ráði, eins og ég veit að er af sumra hálfu og skal koma að nánar, eða hvort það er gert af stórkostlegu gáleysi, það er í þessum lögum lagt nokkurn veginn að jöfnu. Þannig er hæstv. ríkisstj. nauðsynlegt að gera sér það frá upphafi ljóst, að ef hún í gáleysi setur þessa löggjöf á og hefur ekki gert sér fulla grein fyrir afleiðingum hennar, þá er hún jafnvítaverð fyrir eins og ef hún gerði það að yfirlögðu ráði. Þess vegna er óhjákvæmilegt að reyna að

reikna út alveg nákvæmlega lið fyrir lið afleiðingarnar af þessari viðskiptastefnu, og það mun ég nú fara inn á.

Í fyrsta lagi: Hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir því að minnka fjárfestinguna á Íslandi stórum. Í öllum hennar ráðstöfunum viðvíkjandi bankaútlánum, bankavöxtum og öllum hennar afskiptum af fjárfestingarmálum er það ein höfuðstefnan að minnka fjárfestinguna. Á sama tíma hefur hæstv. ríkisstj. gert samning við Sovétríkin, það land af jafnvirðiskaupalöndunum, sem hún þó samkvæmt yfirlýsingu hæstv. viðskmrh. fyrst og fremst vill reyna að vernda gegn því, að þessi viðskiptapólitík hennar gæti orðið til þess að draga úr viðskiptum við. Hún hefur gert viðskiptasamning við Sovétríkin, þar sem m. a. er alveg sérstaklega samið um allmikil viðskipti einmitt á fjárfestingarvörum eins og járni og timbri, sem hafa verið með stærstu vöruflokkum, sem við höfum flutt inn frá þessum löndum. Það er alveg óhjákvæmilegt, ef fjárfesting minnkar á Íslandi, að þá minnki líka innkaupin á þessum hlutum. Það þýðir m. ö. o., að þeir samningar, sem ríkisstj. hefur gert um innkaup á þessum fjárfestingarvörum, það mun vera mjög tæpt, að þeir komi til með að standa, og því meira sem dregur úr fjárfestingunni, því meira sem fátækt manna eykst hér á Íslandi, vanmegni manna til þess að byggja sér t. d. íbúðarhús, því meira dregur úr þessum viðskiptum og þá um leið viðskiptum Sovétríkjanna við okkur. Við skulum gera okkur það ljóst, að þegar við minnkum innkaupin þar, þá verður óhjákvæmilega svarið hjá öllum þessum löndum að minnka innkaupin frá okkur. Og hvernig er það með sumt af þessum vörum? Eru ekki jafnvel þegar gerðir beinir sölusamningar við t. d. Sovétríkin eða útflytjendurna í því ríki? Og er ekki jafnvel nú þegar hætta, að slíkir sölusamningar verði að einhverju leyti að áliti þeirra þar eystra rofnir, þegar innflytjendurnir hér á Íslandi fara að reka sig á það, að innanlandsmarkaðurinn á Íslandi minnkar. En það er innanlandsmarkaðurinn á Íslandi, sem hingað til hefur verið einn öruggasti grundvöllurinn fyrir öllum viðskiptum okkar við jafnvirðiskaupalöndin, af því að innanlandsmarkaðurinn á Íslandi hefur gert okkur mögulegt að geta alltaf selt eins mikið til þessara sósialistísku landa og við gátum keypt frá þeim, og við gátum keypt frá þeim fyrst og fremst í krafti þess, hve mikill okkar innanlandsmarkaður var.

Í öðru lagi, hvað snertir þær vörur, sem við kaupum frá sósialistísku löndunum og almenningur notar til sinnar neyzlu, þá hefur ríkisstj. gert ráðstafanir til þess að draga úr kaupgetu almennings á Íslandi á slíkum neyzluvörum. Við skulum taka sem dæmi vörur, sem hæstv. ráðh. nefndi, eins og bómullarvörurnar, sem eru mikill þáttur í okkar viðskiptum við jafnvirðiskaupalöndin. Hæstv. ríkisstj. hefur gert sérstakar ráðstafanir til þess að hækka allar slíkar bómullarvörur stórkostlega í verði með gengislækkunarfrv. og samtímis gert ráðstafanir til þess að halda niðri kaupgetu almennings, m. ö. o. gert alveg sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr kaupgetu almennings á bómullarvörum. Það þýðir, að minnkandi kaupgeta hér heima gengur út yfir vörurnar frá þessum sósialistísku löndum, sem síðan kemur til með að þýða minnkandi markaði fyrir fiskinn þar.

M. ö. o.: bæði hvað snertir fjárfestingarvörurnar og neyzluvörurnar eru þær ráðstafanir, sem ríkisstj. gerir hér heima, þess eðlis, að þær draga úr viðskiptunum við þessi lönd, þær almennu ráðstafanir ríkisstj., svo að segja stefna hennar í þessum málum.

Í þriðja lagi: Þar að auki gerir ríkisstj. alveg sérstakar ráðstafanir, að því er virðist, til þess að draga úr viðskiptunum við þessi lönd. Það mun t. d. vera samið í viðskiptasamningnum við Sovétríkin um innflutning á 500 bílum, ef ég veit rétt. Samtímis því, sem þessi sölusamningur er gerður við Sovétríkin, gerir ríkisstj. sérstakar ráðstafanir til þess að leyfa mönnum að nota gjaldeyri erlendis til að flytja inn bíla til landsins án þess að þurfa sérstaklega að gera grein fyrir, hvernig gjaldeyrisins sé aflað. Í staðinn fyrir að reyna nú að fá slíkan gjaldeyri í þennan fyrirmyndar frjálsa gjaldeyrissjóð, þá er mönnum sérstaklega leyft að kaupa bíla, fólksflutningsbíla, fyrir slíkan gjaldeyri, og jafnvel er mér ekki fjarri að halda, að það sé leyft að nota í ríkara mæli en verið hefur alls konar undanþágur og leyfi, sem tíðkazt hafa á undanförnum árum, til þess að flytja inn bíla á alls konar sjómannagjaldeyri og öðru slíku. Samtímis því, sem þetta er gert, gerir svo ríkisstj. ráðstafanir til þess að minnka stórkostlega kaupgetu almennings í landinu, þannig að almenningur á eftir ráðstafanir ríkisstj. helmingi erfiðara með, ef menn vilja t. d. veita sér þann lúxus að kaupa bíl, heldur en áður hefur verið. Og ekki nóg með það, samtímis gerir ríkisstj. þær ráðstafanir að láta bankana koma á harðvítugra lánabanni en áður hefur tíðkazt, sem m. a. hefur þær afleiðingar að draga úr möguleikum á slíkum kaupum. Og mér er sagt, að þessar samfelldu ráðstafanir ríkisstj. á öllum þessum sviðum hafi nú þegar þau áhrif, að það sé t. d. miklu erfiðara að selja bíla en verið hefur, og það mun ekki aðeins gilda um bíla, mér er sagt um jeppa, dráttarvélar og annað slíkt, að svo og svo mikið af öllum þeim pöntunum, sem gerðar hafa verið á slíkum hlutum að undanförnu, hafi verið kallað til baka eftir þær ráðstafanir ríkisstj. að hækka verðið á öllum þessum hlutum, en halda um leið niðri kaupgetu almennings, þannig að beinir sölusamningar, sem gerðir hafa verið, beinir kaupsamningar á vörum frá þessum sósialistísku löndum, valdi nú þegar okkur vandræðum út af þessum ráðstöfunum, og er þetta þó ekki nema rétt byrjunin. Ég vil spyrja: þegar svona ráðstafanir eru gerðar, hvað skyldi hæstv. ríkisstj. hugsa til síldarvertíðarinnar í sumar? Mér er enn í minni síðasta síldarvertíð. Í fyrsta skipti um allmörg ár höfðum við fengið góða síldveiði, — og hvað kom þá á daginn? Voru markaðirnir

í vestrænu löndunum, í frjálsu markaðslöndununum, svo miklir fyrir síldina, að menn biðu þar eftir því að fá hana héðan frá Íslandi? Og heldur hæstv. viðskmrh., að lánsstofnanirnar, sem voru að lána okkur núna 20 millj. dollara, ætli sér, ef gæfan yrði með okkur og við fengjum næga síld í sumar, að taka mikla síld upp í greiðslurnar á þeirri skuld? Eða er það til í hugskoti hæstv. ríkisstj., að það geti komið til þess sama og gerðist í fyrra, að ef gæfan gefur okkur næga síld, þá verðum við aftur í vandræðum með hana, hvar við eigum að selja hana? Og á þá með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, að vera búið að spilla að meira eða minna leyti þeim möguleikum, sem við gátum hagnýtt okkur þá og voru okkur dýrmætir þá? Ég er hræddur um, að við séum með þessum ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, og afleiðingarnar af þeim eru rétt að byrja að koma í ljós, — ég er hræddur um, að við séum að eyðileggja fyrir okkur að geta bjargað síldarvertíð, eins og við gerðum á síðasta sumri. (**Forseti:** Ég hefði gjarnan viljað, að hv. þm. gæti lokið máli sínu, þótt eitthvað færi fram yfir venjulegan fundartíma, en ef langt mál er eftir, þá held ég, að það sé ekki um annað að gera en fresta umr.) Það er alllangt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið máli mínu í umræðunni um þetta dagskrármál, að ég hafði rætt nokkuð um, hvernig þessar ráðstafanir ríkisstj. að mínu áliti mundu draga úr þeim viðskiptum, sem við hefðum haft við sósíalistísku löndin, að það væri nauðsynlegt að horfzt yrði í augu við þær afleiðingar, sem þetta frv. mundi hafa, ekki sízt þar sem ég hafði ætlað hæstv. viðskmrh. góðan vilja í þessum efnum, þannig að ég geng út frá, að í umr. um þetta mál verði það að koma fram, hvaða mótrök hæstv. ríkisstj. hefur, ef hún vill ekki láta það verða afleiðingarnar af þessu frv., að þau viðskipti séu smátt og smátt brotin niður. Og næst á eftir þeim ráðstöfunum eða afleiðingum frv., sem ég hafði talið upp, vil ég nú nefna nokkrar í viðbót, sem sé auk þeirrra almennu áhrifa, sem pólitík ríkisstj. hlýtur að hafa.

Í sambandi við fjárfestingarvörurnar, almennu neyzluvörurnar og sérstöku ráðstafanirnar, eins og í sambandi við bílana, eru með þeim frílista, sem nú er fyrirhugaður og hæstv. viðskmrh. hefur verið svo elskulegur að lofa mér að sjá, beinlínis með þeim vörum, sem settar eru á frílistann, gerðar ráðstafanir til þess að draga úr þessum viðskiptum, alveg beinlínis, og ég skal nefna dæmi. Það er gengið út frá, að skófatnaður úr leðri, sem hefur verið eitt af því, sem við höfum alveg sérstaklega keypt frá Tékkóslóvakíu, sé nú settur á þann almenna frílista. M. ö. o.: það verður ekki lengur háð ríkinu og þess vilja, heldur þeim blindu lögmálum viðskiptalífsins, hvernig um þann innflutning fer. Enn fremur verkfæri, sem við höfum keypt allmikið frá Austur-Þýzkalandi og Tékkóslóvakíu, þau eru nú sett á þann almenna frílista. Enn fremur allar vélar, að undteknum trésmíða- og vélsmíðavélum, þær halda áfram að vera á hinum bundna lista fyrir jafnkeypisløndin, en allar aðrar vélar, og af slíkum vélum höfum við keypt allmikið frá bæði Austur-Þýzkalandi og Tékkóslóvakíu, og eins og hæstv. ríkisstj. er kunnugt, hafa Sovétríkin lagt alveg sérstaka áherzlu á það í sínum viðskiptasamningum, að skapaðir væru möguleikar á sölu slíkra véla, og ýmsar vélar hafa verið seldar þaðan. Nú eru þær allar saman settar á þann almenna frílista. Raflagnaefni, sem við höfum keypt sérstaklega frá Austur-Þýzkalandi og Tékkóslóvakíu, er sett á frílista nú. Hlutir eins og reiðhjól, reiknivélar og annað slíkt, það er sett á hinn almenna frílista. Við getum tekið líka sérstök dæmi, eins og t. d. í sambandi við eik, sem við höfum keypt frá Rúmeníu, sem líka er jafnkeypisland, með mjög góðum kjörum, bæði betri og ódýrari en í frjálsu gjaldeyrislöndunum, og jafnvel getað keypt hana fyrir vorsíld, sem við erum í miklum vandræðum með og ég veit satt að segja ekki, hvernig fer um núna, — ég sé, að hún er sett á frílista. Sama má segja um asfalt, sem hefur verið keypt með allgóðum kjörum frá Ungverjalandi og líka er möguleiki að kaupa fyrir fisk, það er sett á þann almenna frílista. M. ö. o.: það lítið sem ég hef farið í gegnum þennan frílista, þá er auðséð, að þarna er allmikið af vörum, sem hingað til hafa verið keyptar með mjög hóflegum skilmálum, að því er mér er bezt kunnugt, frá sósíalistísku löndunum, en núna eru gerðar ráðstafanir til að setja á þann almenna frílista og draga þannig verulega úr því, sem við getum keypt frá þessum löndum, og því, sem við gætum þess vegna selt til þeirra.

Ég veit, að það kemur máske það svar í þessu sambandi, að þótt þetta sé sett á almennan frílista, þá sé mögulegt að kaupa þetta frá sósíalistísku löndunum engu að síður. Þau rök duga bara ekki, vegna þess að þeir menn, sem sjá um innkaupin frá frjálsu gjaldeyrislöndunum og hafa sérstaka hagsmuni af þeim, eru venjulega um leið meira og minna umboðsmenn fyrir þá, sem selja í þessum löndum, fá frá þeim umboðslaun og sækjast sérstaklega eftir að fá þau umboðslaun í frjálsum gjaldeyri, hafa jafnvel stundum kannske umboðslaun, sem koma ekki fram, þannig að áhugi innflytjendanna á að flytja inn frá frjálsu gjaldeyrislöndunum, vegna þeirra sérstöku möguleika, sem þeir þannig hafa, er svo mikill, að þeir flytja inn frá þeim, jafnvel þó að það séu lélegri kjör en væru frá hinum, þar sem þeir hafa ekki samsvarandi möguleika. Svo framarlega sem ríkið vill sjá til þess, að þessi viðskipti séu, þá getur það ekki gert það öðruvísi en með því að halda þessu algerlega undir sinni stjórn. Það er ekki til neins að setja það á þann frjálsa lista.

Svo kemur það þar að auki alveg greinilega fram í þeim athugasemdum, sem með þessu fylgja, sem ég vona að sé ekkert leyndarmál, að stórir útflytjendur í þessum efnum, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og SÍS, hafa gert þá athugasemd, að það minnki raunverulega, eftir því sem mér skilst, um 60 millj. kr., miðað við kaupin 1958, þau vöruinnkaup, sem við eftir hlutfallinu þá hefðum getað gert ráð fyrir, að ella héldust frá sósíalistísku löndunum. M. ö. o.: á listann hafa eingöngu verið settar vörur, sem svo að segja eingöngu hafa verið keyptar frá sósíalistísku löndunum, og meira að segja þær vörur minnka af þeim ástæðum, sem ég gat um í fyrri hluta ræðu minnar. En svo hvað snertir þær vörur, sem sumpart hafa verið keyptar frá báðum, beggja vegna járntjaldsins, ef maður má svo að orði komast, þá lendir það alveg sérstaklega þannig vegna þeirra almennu viðskiptahátta, að þegar slíkar vörur, sem að einhverju leyti hafa þarna skipzt, eru teknar einvörðungu á frílistann, þá lenda þær allar saman vestur fyrir vegna þessara sérstöku áhugamála innflytjendanna á Íslandi. Þess vegna eru sem sagt beinlínis í frílistanum, eins og hann er, gerðar beinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til þess að draga úr þessum viðskiptum.

Svo eru enn fremur gerðar þær ráðstafanir með þessum lögum, að nú á Seðlabankinn að verða sá aðili, sem hefur eftirlit með útflutningnum, og það er Seðlabankinn, sem á að gefa leyfin til útflutnings, í staðinn fyrir ákveðna nefnd áður.

Nú vita allir þeir, sem þekkja eitthvað til um þessi mál, hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum. Innflutningsskrifstofan hefur haft alveg sérstakan áhuga á því og venjulega verið lagt upp úr því af hverri ríkisstj., sem að völdum hefur setið, að hún reyndi að haga þannig til, að það væri fyrst og fremst keypt inn frá þeim löndum, þar sem við ýmist áttum gjaldeyri eða vorum öruggir með að geta aflað okkur gjaldeyris, þannig að innflutningsskrifstofan hefur haft það sjónarmið, að við reyndum að reka þjóðarbúskap, sem eitthvert jafnvægi væri í gagnvart útlöndum, að við reyndum sem sé að hagnýta okkur og skapa okkur markaði, þar sem þeir væru til, og kaupa okkar vörur með tilliti til útflutningshagsmunanna. Og innflutningsskrifstofan hefur haft alveg sérstaklega mikla þekkingu til að bera í þessum efnum, og innflutningsskrifstofan hefur hvað eftir annað ráðlagt þeim mönnum, sem við viðskipti fást á Íslandi, þegar þeir hafa óskað eftir vörum: Ja, það er nú hægt að fá þessa vöru frá þessu og þessu landi, þar sem við eigum gjaldeyri eða þar sem við eigum hægt með að afla okkur markaða. — Innflutningsskrifstofan hefur þannig hlutazt til um, að menn reyndu að kaupa frá þeim löndum, þar sem við komumst ekki í skuldir, og bankarnir hafa fram að þessu rekið þá pólitík, að þó að það hafi verið frílisti, þá hafa bankarnir ekki álitið sig eiga að nota þá litlu peninga í frjálsum gjaldeyri, sem til væru, nema því aðeins að þeir væru svo að segja alveg til neyddir af lífshagsmunum útflutningsins og atvinnurekstrarins á Íslandi. Þeir hafa jafnvel neitað um gjaldeyri, eins og við vitum allir, þeir hafa líka jafnvel ýtt því að mönnum að verzla þá við lönd, þar sem bankarnir áttu sjálfir inni eða þar sem þeir gátu eignazt nægar inneignir. Með því að innflutningsskrifstofan verður lögð niður og bankarnir hafi ekki lengur þetta aðhald, heldur á Seðlabankinn einn að stjórna þessu, þá hverfur út úr utanríkisviðskiptum Íslands allt aðhald um að reka þjóðarbúskap Íslendinga af einhverju viti og af einhverri ábyrgð á því, að við Íslendingar séum menn til að borga það, sem við kaupum inn til landsins. Seðlabankinn — eða meiri hluti stjórnar hans — er kunnur að því að vilja reka pólitík, sem miðast einvörðungu við svokölluð frjáls gjaldeyrisviðskipti. Og þegar hann nú hefur til umráða kredit upp á 20 millj. dollara, þá er það vitað, enda gengið út frá því með þessum lögum, að hann eigi að hugsa einvörðungu um það, að ef menn komi til hans og vilji fá keyptan gjaldeyri, þá eigi að selja hann alveg án tillits til þess, hvort Ísland geti nokkurn tíma borgað slíka skuld eða ekki. M. ö. o.: Seðlabankanum er ætlað með þessum lögum að vera gersamlega ábyrgðarlaus um alla hagsmuni íslenzks útflutnings og allt sjálfstæði íslenzks þjóðarbúskapar og allan heiðarleika í viðskiptum Íslands við önnur lönd. Og það er vitanlegt, að meiri hluti stjórnar Seðlabankans er reiðubúinn til þess að gegna þessu hlutverki. Hann hefur sýnt það, að hann hefur algert ábyrgðarleysi í þessum efnum, þannig að með þessu er beinlínis verið að stíla að því að slíta sambandið á milli útflutnings og innflutnings á Íslandi og skapa þær aðstæður, að við getum staðið uppi einhvern daginn með margfalt neikvæðari verzlunarviðskipti við þau frjálsu gjaldeyrislönd en við höfum haft núna. Við höfum enga vissu fyrir sölunni til þeirra landa, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki í sambandi við sínar umr. um þessi mál lagt neitt fyrir, sem bendi á, að hún hafi neina vissu um slík viðskipti, þannig að hér er farið, að því er virðist, bara eftir blindri trú á, að e. t. v. kunni að takast að skapa þarna markaði, sem nú eru ekki til, m. ö. o. alveg ábyrgðarlaust farið að hvað snertir efnahagslegt sjálfstæði Íslands og hvað snertir aðstöðu Íslands til að standa í skilum með skuldir, borga sín lán.

Hæstv. viðskmrh. sagði, um leið og hann lýsti því yfir, að það væri tilgangurinn með þessu, eins og fram gengur með lagafrv., að leggja innflutningsskrifstofuna niður, að nú ætti að fela þetta eftir því sem mér skildist, hlutlausum embættismönnum, nú ætti að taka þetta undan umsjá þeirra pólitísku flokka og þeirra afskiptum, og ýmislegt hefði verið slæmt á undanförnum 20 árum í sambandi við innflutningsskrifstofuna og fjárhagsráð og gjaldeyrisskrifstofuna og öll þau ótal nöfn, sem þessi stofnun hefur gengið undir á síðustu 20—25 árum. Og ég skal ekkert draga úr því. Ég skal

ekkert draga úr því, að það hafi verið slæm stjórn á þessu. Ég hef sjálfur gagnrýnt þetta það mikið, að ég skal ekki draga úr því. En það, sem við erum að gera nú, er í staðinn fyrir, að þegar maður hefur slæma stjórn, þá á í raun og veru að búa til góða stjórn, en það, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera að gera, er, að í staðinn fyrir slæma stjórn ætlar hún að skapa stjórnleysi og ábyrgðarleysi, og það er enn þá verra. Það er jafnvel stundum betra að veifa röngu tré en engu.

Hvað svo snertir hitt að láta Seðlabankann fá þetta, þá vil ég segja það, að því fer fjarri, að verið sé að taka þetta með því undan áhrifum t. d. stjórnmálaflokka. En það er verið að setja það undir lokaðri og svo að segja innilokaðri áhrif einstakra klíkna í þjóðfélaginu en innflutningsskrifstofan nokkurn tíma hefur verið, nema kannske á verstu tímum helmingaskiptanna. Við skulum ekki fara í neinar grafgötur um, hvað bankavaldið þýðir. Við höfum oft deilt hér út af innflutningsskrifstofunni og ýmsum hlutum, sem standa í sambandi við stjórnmálaflokkana, sérstaklega þegar helmingaskiptareglan var þar tekin upp. En eitt skulum við þó muna, að á meðan svo er, að einhver aðili hér innanlands fylgist með innflutningi og útflutningi, þá er það kostur, að það sé aðili, þar sem það opinbera vald í landinu, Alþingi, hefur aðstöðu til að fylgjast með. Þegar t. d. allir hinir pólitísku flokkar þingsins hafa sína aðstöðu til þess að líta eftir hlutum eins og þessum, þá er ekki hægt að misnota þetta eins og mundi vera ella. Ég vil þess vegna taka það fram, að með því að leggja þetta undir Seðlabankann og þá framkvæmdastjórn, sem þar er, er verið að draga þessa hluti undan eftirliti almennings og koma þarna á í staðinn embættismannavaldi. Þetta embættismannavald er raunverulega ábyrgðarlaust gagnvart Alþingi og eftirlitslaust. Og reynslan er meira að segja sú, og það held ég jafnvel að hæstv. viðskmrh. geti sjálfur viðurkennt, að það vill vera fullerfitt fyrir ríkisstjórnirnar í þessu landi, ekki sérstaklega þessa, sem nú situr að völdum, heldur allar, sem ég hef þekkt á undanförnum árum, jafnt þær, sem ég hef stutt, eins og aðrar, að hafa einhverja stjórn á bönkunum hér í landinu. Það hefur reynzt eins mikið þannig, að þessir bankar hafa stjórnað ríkisstjórnunum. Og reyndin varð sú alveg sérstaklega, eins og við þekkjum bezt, sem höfðum einhver afskipti af stjórnmálum Íslands 1930—40, að þá eru það einmitt Landsbankinn og landsbankavaldið, eins og við kölluðum það þá, þá er það einmitt það vald, í beinu sambandi við þá erlendu lánardrottna Íslands, sem þá var Hambros Bank, sem stjórnar ríkisstj. Íslands, — beinlínis gefin fyrirmæli um, hvernig hún skuli haga sinni pólitík, — og það má hæstv. viðskmrh. manna bezt vita, vegna þess að það voru þær köldu kveðjur, sem Alþfl. fékk í fyrsta skipti, sem hann tók þátt í ríkisstj., ríkisstj. Framsóknar og Alþfl. 1934, þegar í febrúarlok 1935 komu skilyrðin frá Hambros Bank um, hvers konar pólitík sú ríkisstj. skyldi reka, þveröfuga við það, sem hún hafði ætlað sér um framkvæmdir og annað slíkt, vegna þess að við vorum þá svo skuldugir ensku bönkunum, að þeir gátu sett okkur stólinn fyrir dyrnar og gátu meira að segja tafið og gert okkur erfitt um stórframkvæmdir, eins og við þá vorum að undirbúa að leggja í, bæði hitaveituna og Sogsvirkjunina fyrstu, þó að það tækist á endanum að komast fram hjá þeim.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að með því að leggja nú þetta í vald Seðlabankans og gera um leið Seðlabankann raunverulega að fulltrúa þeirra stofnana, Alþjóðabankans og gjaldeyrisstofnunarinnar í Paris, sem við höfum tekið stór lán hjá, þá er verið að skapa sams konar svipu á Ísland og á krepputímabilinu, og það verður kannske ekki langt þangað til jafnvel ríkisstj. sjálf fer að kippa sér upp, ef hún vill ekki beygja sig alveg í auðmýkt, undan því valdi, þannig að það er bezt að gera okkur það alveg ljóst frá upphafi, hvað verið er að gera með því.

Ég hef sjálfur átt í baráttu við þetta landsbankavald, undir þeim kringumstæðum, þegar við þó áttum nóga peninga, Íslendingar, og þegar stofnun, útnefnd af ríkisstj., önnur en bankaráðin, gat ráðstafað þeim peningum, nýbyggingarráðið 1945, og ég hef minnt hér á áður og skal ekki rifja það upp nú, hvers konar slag við urðum að standa í við þetta landsbankavald þá til þess að fá að koma í eigu bæjarfélaga og einstaklinga á Íslandi þeim togurum, sem við vorum búnir að kaupa til landsins fyrir peninga, sem við þurftum ekki að spyrja þessa banka um, til hvers við ættum að nota, af því að við réðum yfir útlendu peningunum. Þvergirðingsháttur inn, skilningsleysið, þröngsýnin hjá þeim embættismönnum, sem ráða oft þessum bönkum, eru slík, — og venjulega því valdameiri sem þeir eru, því meira er skilningsleysið, — eru slík, að sporin ættu sannarlega að hræða menn frá því að fara að gefa slíkum embættismönnum það vald, sem lagt er til með þessu. Ég veit um það, þegar útvegsmenn, sem hafa viljað vera að gera út hér á þeim tíma, sem það hefur verið erfitt, hafa komið í slíka banka og fengið þær kveðjur hjá bankastjórum: Hver fjandinn er að biðja þig um að gera út? — Þetta eru bankarnir, sem taka allan gjaldeyrinn af útvegsmönnunum. Og sé ég ekki, að það séu neinar till. um það í öllum þessum frelsisóð, sem hér er verið að syngja, að það eigi að gefa gjaldeyrinn frjálsan, þannig að útvegsmennirnir eigi þá sjálfir að ráðstafa honum. Það væri þó það eina rökrétta, út frá öllu því, sem hér er verið að boða viðvíkjandi frelsi. En það á að haldast, það gamla, að verzlunarauðvaldið á Íslandi á að þjóðnýta gjaldeyrinn frá útgerðinni, taka hann til sín, einoka hann til sín, til þess að ráðstafa honum í samráði við embættismenn bankanna. Og svo eru þetta kveðjurnar, sem þeir menn, sem eru að brjótast í því að gera út, eiga að fá: Hver fjandinn biður ykkur um að gera út? — þegar það er þjóðin, sem ætlast til þess, að menn dragi fisk úr sjónum, til

þess að hún geti lifað. En svona hefur skilningurinn stundum verið hjá þeim mönnum, sem hafa ráðið í þessum bönkum. Þess vegna hefði verið nauðsyn, að þessu hefði nú þegar verið breytt. Og þetta vildi ég aðeins segja, ef menn væru út af misjafnri reynslu af innflutningsnefnd og öðru slíku búnir að gleyma því, hvernig seðlabankavald eða landsbankavald getur verið, ef það er gert drottnandi og einrátt í þessu.

Mér sýnist vera farið út í þetta ævintýri, þetta hættulega ævintýri, sem hér er lagt út í, í barnalegri trú, sem styðst ekki við neinar staðreyndir, en getur orðið okkur dýrt, að þessu sinni vegna þess, að útlendir aðilar veita þeirri ríkisstj., sem leggur út í þetta, stórt lán, 800 millj. kr. lán, sem ég veit til að verður ætlazt til þess að við eigum að borga á eftir, þegar þetta hefur mistekizt, eins og það gerir. Þá eigum við að þurfa að þræla í því, Íslendingar, að takmarka þannig innflutning og annað slíkt og reyna að auka þannig útflutning, að við getum staðið undir að borga kostnaðinn við þetta ævintýri. Þess vegna, áður en lagt er út í þetta ævintýri, sem hrynur saman á nokkrum mánuðum, þá er rétt að sé varað við, svo að menn geri sér ljóst, að þetta ævintýri er hættulegra en það, sem lagt var út í 1950, því að þá höfðu menn ekki peninga til þess að borga kostnaðinn við það, og bankarnir urðu frá upphafi að spara útlenda gjaldeyrinn og frílistinn varð aldrei raunverulegur. Nú á að gera hann raunverulegan á kostnað framtíðarinnar. Ég vil þess vegna spyrja einmitt nú viðvíkjandi frílistanum: Hefur ríkisstj. sjálf alveg fullt og ótakmarkað vald og þarf hún ekki að neinu leyti að spyrja sína erlendu lánardrottna um það í fyrsta lagi, ef almenn nauðsyn krefst þess, að við breytum þessum frílista, svo að segja fyrirvaralaust? Getum við þá gert það án þess að spyrja um nokkur leyfi í Washington eða París, þ. e. hjá okkar lánardrottnum? Í öðru lagi, ef sérstök nauðsyn er fyrir hendi, við skulum segja ef það er ekki meiningin að láta vorsíldina synda hérna fram hjá núna án þess að veiða hana, ef við gætum selt hana í vöruskiptum undireins, er þá möguleiki að taka t. d. ákveðna vöruflokka undireins út af frílistanum og gera ráðstafanir til þess að hagnýta þannig þessa möguleika? Erum við bæði hvað snertir almennar breyt. og hvað snertir sérstakar breytingar á frílistanum alveg frjálsir um að geta fyrirvaralaust og án þess að spyrja nokkra lánardrottna eða þurfa að eiga í nokkrum samningum við þá gert breytingar á þessu? Eða mundi, ef slíkt kæmi fyrir, ríkisstj. svara okkur því, að það væru heildsalarnir, sem kaupa inn, sem ættu að ráða þessu? Við skulum taka dæmi, svo að ég taki eitthvað út í bláinn, eins og þetta, sem ég minntist á áðan viðvíkjandi vorsíld til Rúmeníu og eik, — ég veit ekki, hvernig þær aðstæður eru núna, ég veit, að þeir möguleikar hafa einu sinni verið til, en ef eitthvað þess háttar kemur fyrir, er þá hægt fyrirvaralaust að gera þetta? En þá kemur um leið annað: Þótt þessi möguleiki væri til lagalega séð og ríkisstj. hefði þá aðstöðu, að hún þyrfti ekki að spyrja neina lánardrottna um þetta, er þá máske ekki búið að eyðileggja möguleikana með því að gefa út þennan frílista, svona víðtækan, vegna þess að t. d. þeir heildsalar, sem vildu flytja inn í þessu tilfelli eik, gera sínar ráðstafanir, við skulum segja núna, þegar frílistinn er gefinn út, kaupa þetta inn, og það er búið að kaupa þetta inn og ekki hægt að breyta því neitt meir og þar með farinn möguleikinn á að selja vorsíldina? Ég vil vekja athygli á því, að hver dagur, sem stendur þannig, að þessi frílisti tekur gildi og þeir peningar eru látnir í té, eins og nú er meiningin að gera, sem þarf til að koma honum í framkvæmd, hver slíkur dagur vinnur Íslandi tjón, því að hann eyðileggur innanlandsmarkað, sem hingað til var það eina, sem við gátum treyst á til þess að geta selt okkar vöru, innanlandsmarkaðurinn á Íslandi var þetta góður.

Ég vil í þessu sambandi fá að vita, hvort við séum alveg frjálsir með þetta eða hvort heildsalarnir meira eða minna eiga að ráða einhverju sjálfir, hvort við þurfum að hafa einhverja samninga við lánardrottnana í París eða Washington. Ég bað um það, þegar gengislækkunarlögin voru hér til umr., það um það í fjhn. að fá þá samninga, sem gerðir hefðu verið. Ég mun ítreka þá beiðni nú, þegar þetta mál fer til fjhn., að fá þá samninga, sem gerðir hafa verið við lánastofnanirnar, til þess að Alþingi geti alveg gengið úr skugga um, hvernig þeir eru. En sem sé, þrátt fyrir það þótt þeir kynnu að vera þeir hagstæðustu hvað slíkt snertir, að við hefðum mjög mikla möguleika til þess að geta notað okkur slíkt í framtíðinni, þá vil ég vekja athygli á því, að við eyðileggjum þá möguleika að meira eða minna leyti með því að gefa þennan frílista út.

Mér er kunnugt um það, að bara umtalið um þennan frílista, bara umtalið og þessir þrír mánuðir, sem liðnir eru, síðan því var fullkomlega lýst yfir, hvað við mundum þarna fara út í, er byrjað að hafa sín áhrif í þá átt, að markaðirnir í sósíalistísku löndunum eru að brotna saman. Mér er kunnugt um, að Tékkóslóvakía hefur nýlega gert fiskinnkaup í Noregi, og ég veit, að það er hætta á ferðum í þessum efnum. Ég hef sjálfur haft mikinn áhuga fyrir þessum málum frá upphafi vega, sjálfur haft fyrir ríkisstjórnir tvívegis það hlutverk að reyna að brjóta braut þessum viðskiptum, og ég hef, sérstaklega vegna þeirra hagsmuna, sem verkalýðurinn á Íslandi og íslenzka þjóðin almennt á undir því að halda þessum viðskiptum, viljað vinna að því að reyna að hafa þau sem víðtækust. Mér þykir þess vegna ákaflega hart, að það skuli nú vera farið inn á braut, sem þýðir það að brjóta þessi viðskipti niður. Og það er máske því sorglegra að fara inn á þetta sem ég efast ekki um, að innan ríkisstj. eru menn, sem vilja gjarnan viðhalda þessum viðskiptum, en vita bara ekkert, hvað þeir eru að gera með því að leika þann ljóta leik, sem hér er verið að leika. Mönnum er ekki sjálfrátt, þegar þeir eru að fara inn á þetta gamal-

dags verzlunarkerfi hinnar svokölluðu frjálsu verzlunar, menn sjá ekki, hvernig þeir eru að vega að lífshagsmunum Íslendinga. Að vísu veit ég, að það eru til aðrir, sem er alveg ljóst, hvað þetta er. Hæstv. viðskmrh. er það líka ljóst, enda hefur það komið greinilega í ljós. Það þurfti ekki annað, svo að maður minni á eitthvað, en að lesa t. d. Félagsbréfin frá Almenna bókafélaginu í fyrra, þegar viðskiptasamningurinn var gerður við Sovétríkin til þess að reyna að bjarga síldveiðunum, til þess að sjá andann, sem ríkir hér í herbúðum heildsalanna í Reykjavík. Það er hatazt við þessi viðskipti. Og við skulum alveg gera okkur það ljóst, að með því að fara inn á þessa pólitík, sem hér er verið að fara inn á, er verið að láta undan vilja harðvítugasta hluta verzlunarauðvaldsins á Íslandi og að nokkru leyti undan vilja stórkapítalsins á Vesturlöndum, sem vill geta innlimað Ísland í sitt kreppukerfi og geta losað Ísland við það efnahagslega sjálfstæði, sem við höfum getað öðlazt í krafti þess að geta verzlað á báða bóga, bæði við þau sósíalistísku og kapítalistísku lönd. Og þeim mönnum, sem í París og Washington leggja nú fram stórlán til Íslands með því skilyrði, að það verði að vera eyðslulán, þeim er alveg ljóst, hverjar afleiðingarnar af þessu verða. Þeir reikna þetta nákvæmlega út, þeir þekkja lögmál viðskiptalífsins, þeir vita, hvernig þetta kemur til með að brjóta niður smátt og smátt viðskiptin austur á bóginn, því að þau byggjast á vilja íslenzkra stjórnarvalda til þess að viðhalda þeim.

Þetta er nú viðvíkjandi því sérstaklega, sem snertir almennt viðskiptin austur á bóginn og hættuna, sem felst í þeirri stefnu, sem tekin er upp með þessu frv.

Hæstv. viðskmrh. kom inn á ýmsa aðra hluti í sinni ræðu, sem ég mun nú líka ræða nokkuð um. Hann talaði um það, að ríkisstj. vildi enga kauphækkun nú fyrst um sinn, og mér skildist á honum, að það væri vilji ríkisstj. að reyna að koma í veg fyrir slíkt. Og mér sýndist hann setja þetta í samband við allt þetta fjármálakerfi, sem hér væri verið að byggja upp. Þar langar mig til þess að fá skýrari svör um, og ég held, að ég hafi minnzt á það í fyrri hluta ræðunnar, hvort hæstv. viðskmrh. eigi við það, þegar hann talaði um þær ráðstafanir, sem ríkisstj. mundi gera viðvíkjandi að draga ekki að lækka gengið, — hann mun hafa sagt það sérstaklega í sambandi við verzlunarjöfnuðinn og slíkt, — en ég vildi sérstaklega vita og held, að ég hafi spurt að því seinast, hvort hann ætti þar líka við innkaupsverð, og ég minnti þar á, hvernig verið hefði í fyrsta frv. frá 1950 um gengislækkun. Það, að hann sagði, að kaupgjald mætti ekki hækka, veldur því, að mig langar til þess að ræða það ofur lítið hreint þjóðhagslega.

Í fyrsta lagi náttúrlega frá sjónarmiði verkalýðsins, þá þýðir þetta, eins og ég skal nú koma að betur, að þetta er talsvert hagsmunaatriði fyrir hann. Það er beinlínis með þeim ráðstöfunum að hindra kauphækkanir, sem þegar hafa verið gerðar, verið að taka allmikið af því, sem verkalýðurinn vinnur sér inn, og fá það atvinnurekendunum í hendur. En fyrir utan þann þátt í því, þá skulum við nú athuga hinn: Er það frá þjóðhagslegu sjónarmiði rétt, meira að segja út frá þeirri stefnu, sem hæstv. ráðh. er að boða, að standa á móti kauphækkunum? Kauphækkanirnar eru frá þjóðfélagslegu sjónarmiði og hreinu þjóðhagssjónarmiði alveg bráðnauðsynlegar vegna framfaranna í okkar atvinnulífi. Kauphækkanir verkalýðsins eru einn aðalkrafturinn, sem knýr atvinnurekendurna til þess að koma á framförum í sínum atvinnurekstri. Atvinnurekandi stendur frammi fyrir því, þegar verkalýðurinn fær hækkað kaup hjá honum, að hann verður annaðhvort að borga af sínum gróða, ef hann hefur hann einhvern, til verkamannsins, eða þá að hann verður að reka sín fyrirtæki betur, praktískar, slá þeim saman, minnka kostnaðinn hjá sér, minnka eyðsluna hjá sér. Þegar hann stendur frammi fyrir þessu og tekur náttúrlega í öllum tilfellum, þegar hann mögulega getur, síðari kostinn, þá þýðir það um leið, að hann er að vinna þjóðhagslega nýtilegt verk. Hann er að skipuleggja atvinnureksturinn betur. Það þýðir: Kauphækkanir verkalýðsins eru aðhaldið, sem atvinnurekandinn þarf að fá til þess að koma á framförum í sínum atvinnurekstri. Það, að ríkisstj. segir nú við verkamenn: Þið eigið ekki að hækka kaupið, — það er sama sem að segja við atvinnurekendur: Þið skuluð viðhalda öllum þeim slæma og vitlausa rekstri, sem þið hafið núna. Þetta getur allt saman gengið, bara gerið þetta á kostnað verkalýðsins, hann fær ekki að hækka sitt kaup. — Þetta er algerlega röng stefna — og röng stefna frá því sjónarmiði, sem ríkisstj. sjálf er að prédika. Hver einasti amerískur, kapítalískur hagfræðingur viðurkennir, að kauphækkanirnar hjá ameríska verkalýðnum, — og lengi vel síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu er hann með hæstlaunuðu verkamönnum í þeim kapítalíska heimi, — þá eru kauphækkanirnar hjá verkalýðnum beinlínis stórkostleg hvöt fyrir kapítalistana í Bandaríkjunum til að skipuleggja sinn atvinnurekstur miklu betur. Það er þess vegna frá því sjónarmiði, sem hér er verið að innleiða, algerlega rangt að boða það, að kaupgjald eigi ekki að hækka, og algerlega rangt frá sjónarmiði þeirrar privatkapítalísku hagfræði, sem hér er verið að kenna, að hóta með ríkisvaldinu, svo framarlega sem slíkt sé gert. Ef ríkisvaldið ætlar að kippa sér frá þessum afskiptum, þá á það bara að segja: Atvinnurekendur verða sjálfráðir um þetta. Þeir um það, hvort þeir hækka.

Þess vegna er það allt annað, sem þarna er um að ræða, þegar ríkisstj. gefur svona yfirlýsingu. Hún er að gefa yfirlýsingu um það, að hún ætli raunverulega að láta ríkisvaldið vera eins og tæki í höndum atvinnurekendanna, ekki aðeins á móti verkalýðnum, heldur líka á móti framförunum í atvinnurekstrinum, bókstaflega til þess að viðhalda stöðnun í þjóðlífinu.

Svo minntist hæstv. viðskmrh. á það, að raunverulega væri þetta í fyrsta skipti, sem frílisti væri raunverulegur, og það er rétt. Hingað til, eins og t. d. 1950, þegar frílisti var settur á, þá hefur það verið svo, að þegar menn hafa ætlað að framkvæma hann, maður hefur komið í banka og ætlað að kaupa gjaldeyri, þá hefur ýmist verið sagt af hálfu bankanna: Gjaldeyririnn er ekki til, — og þá hefur hann ekki fengið hann, eða það hefur verið sagt: Ja, þú getur keypt þessa vöru hjá jafnvirðiskaupalöndunum, — eða þá að menn hafa fengið hann. M. ö. o.: fram að þessu hefur ríkt einhver ábyrgðartilfinning í þeim stofnunum, sem með þetta fóru. Með því kerfi, sem nú á að innleiða, hverfur öll sú ábyrgðartilfinning burt. Nú er þessum mönnum bara fenginn mikill sjóður erlendis og þeim er sagt: Þið megið vísa á þetta, þangað til hann er búinn. Og ekki nóg með það, hæstv. viðskmrh. sagði hér líka: Og þegar hann er búinn, þá skulum við jafnvel fá meira. Við ætlum ekki bara að steypa Íslandi í skuldir upp á 20 millj. dollara erlendis, sem má ekki nota til þess að gera okkur mögulegt að standa undir þeim skuldum. Við erum reiðubúnir til þess að setja Ísland í meiri skuldir á eftir. — Það er stjórn þess ótakmarkaða ábyrgðarleysis, sem þarna virðist vera að taka við. Það var sagt um Lúðvík XV, að hann hefði sagt: Syndaflóðið kemur eftir okkar dag. Og mér sýnist það vera frá upphafi það, sem ætli að einkenna þessa stjórn í hennar afstöðu, að skilja landið eftir í þeirri ægilegustu skuldasúpu, sem það hefur nokkurn tíma verið sett í.

Svo talar hæstv. viðskmrh. um, að með þessu sé verið að koma á frelsi. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) kom nú dálítið inn á þau mál hér áðan. Mig langar til að benda á eitt í sambandi við þetta. Þetta frelsi á nú auðsjáanlega fyrst og fremst að vera frelsi fyrir yfirstéttina til þess, hvernig hún hagnýtir sitt fé. En ég vil spyrja: Hvernig stendur á, að hæstv. ríkisstj. gerir svona mikið upp á milli manna innan yfirstéttarinnar? Það frelsi, sem hér er verið að innleiða, er frelsi fyrir heildsalana, þeir fá frelsi til að eyða lánum, sem tekin eru erlendis og þjóðin á seinna meir að borga. Þeir fá frelsi til þess og ótakmarkaðar ávísanir á þau. En hvernig er svo með útvegsmennina? Hvernig er með hraðfrystihúsin og annað slíkt, þann hluta yfirstéttarinnar? Hvað mikið frelsi fær hann? Og mig mundi nú langa til þess að fá upplýsingar um það, hvort frelsispostularnir frá París og Washington hafa aldrei minnzt á það við hæstv. ríkisstj., að þeir ættu nú að fá frelsi líka, þeir væru kapítalistar eins og hinir. Hafa þeir aldrei minnzt á, að það ætti að afnema þá skyldu, að menn ættu endilega að vera að skila gjaldeyri á Íslandi? Hvaða verzlunarfrelsi er í því út frá því teoretíska hugtaki verzlunarfrelsi, að menn séu skuldbundnir til þess að skila gjaldeyri? Mér sýnist það vera gert nokkuð harðvítuglega þarna upp á milli þessara tveggja hluta yfirstéttarinnar. Og það vekur eðlilega þann grun hjá manni, að þessi ríkisstj. sé fyrst og fremst ríkisstj. eins hluta af verzlunarauðvaldinu á Íslandi, en á móti öllum öðrum hlutum íslenzku þjóðarinnar, ekki aðeins á móti verkalýðnum, því að það er svo fjarri lagi, að hann fái nokkurt frelsi í sambandi við þetta, að þvert á móti er tekið það frelsi af honum, sem hann hafði áður. Meira að segja löglegir samningar, sem hann hefur gert, eru skertir með lagavaldi, þegar verið er að gefa heildsölunum sérstakt frelsi, einvörðungu fyrir þá, og taka stórfé erlendis, sem verkamenn eiga svo að borga seinna. Til þess að leyfa þeim nú að finna það, að þeir séu frjálsir, þá er tekinn af verkamönnum sá samningsréttur, sem þeir hafa haft fram að þessu, að fá greitt kaup samkvæmt vísitölu. Það eru skertir löglegir samningar.

Það væri æskilegt að vita, hvernig á því stendur, að ríkisstj. gerir svona upp á milli sinnar eigin yfirstéttar, sem hún þykist vera að þjóna þó. Annan hlutann leggur hún undir alræði Seðlabankans, sem sé útvegsmennina, og segir: Skilið þið öllu, sem þið fáið, í hít Seðlabankans. — Við hina segir hún aftur á móti, verzlunarauðvaldið hérna í Reykjavík: Takið þið eins og þið viljið út úr Seðlabankanum, bara komið þið með ávísanirnar og peningana, við skulum borga ykkur gjaldeyrinn. — Það er farið dálítið ólíkt að.

Hvernig stendur á því, að þetta er gert? Hefur ríkisstj. eitthvað að dylja í þessum efnum? Við vitum, að hvað snertir útflutninginn ríkir mjög mikil einokun, það er allsterkt hringavald í þeim útflutningi. Vill ríkisstj. ekki, að það sé skapað almennt frelsi fyrir landsmenn til þess að mega selja sínar vörur? Hverju ætlar ríkisstj. að svara, ef hér er spurt f. h. sjómanna og útvegsmanna, sem afla fisks á Íslandi: Hvernig stendur á því, að við erum ekki frjálsir að því að mega selja okkar fisk hvert sem við viljum fyrir það verð, sem við getum fengið? Vegna hvers er okkur bönnuð frjáls verzlun? Vegna hvers erum við lagðir í fjötra eins og á tímum dönsku einokunarinnar? Af hverju megum við ekki selja okkar fisk án þess að spyrja Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, SÍF eða einhverja aðra slíka? Og hæstv. ríkisstj. veit, að það hafa verið kvartanir á þessum sviðum, það hafa verið kvartanir um þá verzlunarhætti, sem ríkt hafa, ekki aðeins hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda bæði fyrr og síðar, enda hneykslin orðin sögufræg, heldur líka hvað snertir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Og ég er hræddur um, að það væri fróðlegt fyrir okkur í sambandi við þessi mál nú að fá alla reikninga þess fyrirtækis lagða hér á borðið hjá okkur og gramsa í þeim. Hæstv. ríkisstj. er það ljóst, að tveir þriðju af öllum hraðfrystum fiski Íslendinga eru seldir til sósíalistísku landanna. Henni hlýtur líka að vera það ljóst, að á undanförnum árum hafa verið teknir tugir milljóna, allt andvirði fisksins, sem fór til sósíalistísku landanna, til þess að borga af fjárfestingu, eyðslu, auglýsingar og stjórnarkostnað fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í kapitalísku löndunum. Ég leyfi mér að staðhæfa það, að á undanförnum árum hafi

verið teknir tugir milljóna af andvirði þess fisks, sem fengizt hefur frá sósialistísku löndunum, sem sitja nú fastir í þeim fyrirtækjum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur komið sér upp í Bandaríkjunum, í Englandi og er að koma sér upp í Hollandi núna. Og ég er hræddur um, að í öllum þeim kostnaði, sem reiknaður hefur verið fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafi allmiklu af þeim kostnaði verið jafnað jafnt niður á allan fisk, sem seldur hefur verið, án tillits til þess, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur svo að segja aldrei litið við því að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að efla markaðinn í tveim þriðju þeirra landa, sem fiskurinn er seldur til. Það hafa verið íslenzk stjórnarvöld fyrst og fremst, sem hafa orðið að vinna það verk og stundum íslenzkir áhugamenn. Og sá maður, sem hefur verið aðalframkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hefur jafnvel varla látið svo lítið sem að heimsækja þessi lönd, hvað þá nokkurn tíma að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að auglýsa þessa vöru þar eða vinna nokkurn skapaðan hlut að því að gefa út leiðbeiningar eða annað slíkt um, hvernig ætti að fara með hana, eða hafa venjulega verzlunarlega hætti í frammi um, hvernig ætti að selja hana, þannig að núna, þegar ríkisstj. gerir ráðstafanir til þess að brjóta þessi viðskipti niður, þá veit ég, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mun víst ekki gera mikið til þess að halda þeim uppi. En þá á auðsjáanlega að binda alla þá, sem vildu vinna að því að halda þessum viðskiptum uppi, þannig, að það sé ekki hægt, það sé ekkert frelsi til á Íslandi til þess að halda þessum viðskiptum við. M. ö. o.: frelsið, sem hæstv. ríkisstj. er að boða, það er frelsi fyrir heildsalana til þess að kaupa inn, en það er einokun og bann gagnvart útflytjendunum og þeim, sem vildu vera útflytjendur. Þetta er rétt að komi hér fram. Og þegar búið er smátt og smátt að brjóta niður markaðina þar austur frá, ef þetta kerfi fengi að standa eitthvað dálítið, þá veit ég, hverjar afleiðingarnar verða. Þá koma þeir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða öðrum slíkum stofnunum og segja: Nú verðum við að reikna okkur svona mikinn kostnað við að selja í þessum kapítalistísku löndum og reikna svona mikið af, þess vegna verðum við að fá fiskinn svona mikið lækkaðan, þess vegna verður kaupið að lækka svona mikið. — En það er bara ekki til neins að koma þá til verkalýðsins á Íslandi og segja þetta, vegna þess að við vitum betur. Við vitum, að það er hægt að halda viðskiptunum við í þessum sósialistísku löndum. Við vitum, að það er hægt að auka þau. Við höfum jafnvel hugmynd um, að það sé hægt að auka þau í kapítalistísku löndunum líka, en það þarf ekki að gerast með því móti að brjóta hitt niður um leið.

Þetta vil ég aðeins segja viðvíkjandi þeim þætti, sem viðheldur einokuninni á útflutningnum, og benda á, í hve hrópandi mótsetningu hann er við þá stefnu, sem ríkisstj. lýsir yfir, og hvað það er, sem þarna býr á bak við. Þarna á sem sé einokunin að haldast við. Sjómenn og útvegsmenn á að svipta öllu frelsi í þessum efnum. Þeir eiga ekkert verzlunarfrelsi að hafa. Þeir eiga að verða að horfa á, hvernig brotnir séu niður þeirra dýrmætu markaðir. En heildsalarnir eiga að hafa viðskiptafrelsi til þess að eyða.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að nú ætti öll fjárfestingin að verða frjáls. Hins vegar mundi Framkvæmdabankinn fylgjast með því og jafnvel með fyrirætlunum manna. En mér skilst, að samkvæmt 9. gr. og þeim lögum, sem afnumin eru með þessum lögum, verði fjárfesting á Íslandi frjáls, — ég held, að það sé rétt skilið hjá mér, — verði algerlega frjáls. Nú vil ég minna á einn hlut í þessu sambandi, sem ég hef raunar gert hér að umtalsefni áður. Er hæstv. ríkisstj. það ljóst, að svo vitlaust sem fjárfestingareftirlitið hefur verið á Íslandi á undanförnum áratugum, svo neikvætt sem það hefur verið, — og ég býst við, að það séum við hæstv. viðskmrh. sammála um, — að það, sem hefur verið gallinn í sambandi við það fjárfestingareftirlit yfirleitt, er, að það hefur ekki nema á einu litlu tímabili orðið skapandi, þannig að það væri verulega jákvætt? En þrátt fyrir það, þótt það hafi lengst af verið svona neikvætt, hefur þó af því hlotizt eitt gott. Það hefur verið erfitt að leggja í að stofna hérna fyrirtæki, þar sem önnur fyrirtæki voru fyrir, sem fullnægðu þeim íslenzka markaði og sinntu honum sæmilega og okruðu ekki sérstaklega á honum. Það hafa verið erfiðleikar á því að setja íslenzka fjármuni í hreinni vitleysu í fjárfestingu í sömu greininni, þannig að íslenzku þjóðarbúi væri bókstaflega stórtjón að því. Þessu aðhaldi, sem verið hefur fram að þessu, er burt kippt. Ég skal nefna hugsanlegt dæmi: Segjum, að t. d. fyrirtæki eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem nú á áfram að hafa þá einokun, sem hér er, vildi setja upp, svo að ég taki bara eitthvað út í bláinn, — segjum, að hún vildi setja upp t. d. kassagerð til þess að búa til umbúðir utan um sinn hraðfrysta fisk. Hér er starfandi fyrirtæki og hefur verið um nokkurt skeið, sem framleiðir slíkt á Íslandi og mun fullnægja þeirri eftirspurn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna kaupir sjálf svo að segja allar umbúðirnar, sem þarna er um að ræða, og kannske Sambandið eitthvað líka. Ef t. d. þessi tvö fyrirtæki taka sig saman eða jafnvel bara annað þeirra, Sambandið eða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og ákveða: Ég ætla að koma upp kassagerð, — þá hafa þau náttúrlega fullt frelsi til þess. Það er hægt að byggja hér aðra kassagerð í Reykjavík á morgun, það er hægt að kaupa nýjar vélar til hennar, og þessi fyrirtæki eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða SÍS gætu sagt: Ég framleiði þetta handa sjálfum mér, ég kæri mig ekkert um að vera háður neinum öðrum um það, og ég er ekki einu sinni að spyrja að því, hvað þetta kostar, því að smátt og smátt borgar þetta sig hjá mér, og ég vil bara eiga þetta. Ef það skyldi nú verða eitthvert tjón af því,

þá kemur það bara niður á fiskinum eða sjómönnunum. Og með því væru gerðar þær ráðstafanir, að íslenzk fyrirtæki, sem fyrir eru þarna og gætu vel fullnægt þessu, eru sett út úr spilinu, þeirra vélar óbeint eyðilagðar, vegna þess að aðrir aðilar hafa þarna einokunaraðstöðu í þessum efnum. Ég tek þetta sem dæmi. Svona geta ótal aðilar farið hér að.

Þjóðarbúskapur Íslendinga er svo lítill, hann er svo smár í sniðum, að við höfum engin efni á svona stjórnleysi. Það er vissulega rétt, að út frá almennu sjónarmiði frjálsrar samkeppni mundi það máske vera langheppilegast, að það gætu verið ótal fyrirtæki, sem kepptu um framleiðsluna. Það væri máske betra út frá því sjónarmiði, fræðilega séð, að það væru hundrað súkkulaðigerðir í Reykjavík, en ekki bara tíu. En bara þessi fræðilegu sjónarmið frjálsrar samkeppni eru hrein tæknileg vitleysa fyrir þjóð, sem telur upp undir 200 þús. manns. Það borgar sig aldrei, hún fær aldrei að njóta þeirra kosta, sem frjáls samkeppni hefur, með því að fara tæknilega svo vitlaust að, að fara að koma þarna upp mörgum fyrirtækjum í staðinn fyrir eitt eða tvö stór. Og svo framarlega sem eitt eða tvö stórfyrirtæki í þessum efnum ætluðu að fara að nota sína aðstöðu til þess að okra á almenningi, þá verður ríkisvaldið bara að grípa þar í taumana. Við höfum enga aðra aðstöðu. 200—300 milljóna þjóð eða jafnvel 40—50 milljóna þjóð, hún getur ósköp vel gert þessa hluti, hún getur leyft sér t. d. í þessu tilfelli að hafa margar kassagerðir og margar súkkulaðigerðir og allt mögulegt slíkt, og það kemur henni að vissum notum, en fyrir þjóð, sem hefur ekki nema 150—200 þúsund manns, er þetta ökonómísk vitleysa, tæknileg della. Og ég veit, að slík hætta er yfirvofandi hér og hefur verið á undanförnum árum. Ég veit, að hér hafa á undanförnum áratugum stundum verið gefin út leyfi í pólitísku skyni fyrir vélum til ákveðinna verksmiðja hér, til þess að slást við ákveðna menn og ákveðin fyrirtæki, og kannske hafa slík leyfi verið notuð á eftir þannig, að viðkomandi fyrirtæki hafa keypt leyfin upp, vegna þess að ökonómískt gat það aldrei borgað sig að vera að hafa tvenn fyrirtæki í slíku. Við verðum að gá að því, að smæð Íslands krefst þess, að við höfum tæknilega háttstandandi búskap í þessu, og það þýðir venjulega, að við höfum bara eitt eða tvö fyrirtæki, sem framleiða fyrir innanlandsmarkaðinnn ákveðna hluti, og þetta hlýtur að verða sjónarmið á Íslandi, á meðan við ætlum að vera sem einn íslenzkur þjóðarbúskapur, sjálfstæður. Ef við erum hluti úr Englandi, Frakklandi, Hollandi og Belgíu og slíku, þá getur verið hagkvæmt að hafa þetta, en þá erum við farnir að gefa upp sjálfstæðan íslenzkan þjóðarbúskap, það skulum við gera okkur ljóst.

Þetta, sem ég minntist á, dæmið, sem ég tók þarna viðvíkjandi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Kassagerðinni, er bara hugsanlegt *dæmi, glöggt dæmi um, hvaða afleiðingar* það hefur að afnema fjárfestingareftirlit, að afnema fjárfestingarvaldið hjá ríkisstj., og ég vara við að gera það. Þó að mér sé jafnljóst og hæstv. viðskmrh., hvað þetta hefur verið óhöndugt og neikvætt á undanförnum árum, þá hefur það meira að segja haft sína kosti sem slíkt, þó að maður hafi þurft um tíma að vera að slást fyrir að brjóta það niður á vissum sviðum, þar sem það var alveg hringavitlaust. En þó að þetta fjárfestingareftirlit og fjárfestingarvald væri slæmt, þá var það atriði, sem mátti gera við, gera það gott, gera það skapandi, sjá til þess, að mennirnir, sem hefðu þetta vald, störfuðu með ákveðna áætlun fyrir augum, sem lögð væri fyrir ríkisstj. og Alþingi og unnið væri eftir að framkvæma. En það átti ekki að fara út í hitt, að afnema þetta og skapa stjórnleysi í íslenzkum þjóðarbúskap, — stjórnleysi, sem hlýtur að þýða það að búa til margfalda hluti, margföld framleiðslutæki á ýmsum sviðum, sem verða ópraktísk fyrir þjóðina og lækka þannig hennar lífsstandard.

Nú vil ég segja það, ekki sízt út af því sögulega yfirliti, sem hæstv. viðskmrh. var að gefa, að um leið og þessi stefna nú er tekin upp, sem þetta frv. markar, og mér sýnist þar með vera stefnt að því að skipuleggja það ægilegasta hrun, sem nokkurn tíma hefur orðið á Íslandi, stofna til að láta okkur standa uppi með þá ægilegustu skuldasúpu, sem við höfum nokkurn tíma lent í, þá er rétt að leggja þá spurningu um leið fyrir okkur, þegar á að innleiða verzlunarfrelsið á þennan máta: Er þetta einhver ný tilraun, sem ríkisstjórnin er að gera? Hafði hún enga reynslu af þessum málum áður? Ég vil meina, að sporin hefðu átt að hræða hana frá því að leggja út í þetta. Mér sýnist, að að svo miklu leyti sem hún er að leggja út í þetta, þá sé hún að breyta eftir þeim gömlu kenningum Manchesterskólans, með því tilliti, sem taka verður nú 100 árum síðar, en það, sem hún miði við, sé, að verzlunin, frjáls verzlun, skapi sjálfkrafa betra framleiðsluástand í þessum efnum. Þetta er teoría, sem er orðin úrelt og á sér enga stoð lengur í veruleikanum, en þar að auki er þetta tilraun, sem búið er að gera svo oft á Íslandi, að það er óþarfi þess vegna til að fá reynslu af henni að fara að gera hana einu sinni enn þá. Þetta verzlunarfrelsi, sem nú er verið að boða, var líka á Íslandi og jafnvel enn þá víðtækara 1920—30, og þó að hæstv. viðskmrh. væri að rekja það, að það hefðu ekki verið gerðar nægar ráðstafanir þá til ýmissa hliðarráðstafana til þess að tryggja það, var það þó í ríkara mæli á þeim árum en stundum áður. En hann vildi meina, að útlánapólitík Íslandsbanka ein hefði eyðilagt það. En hann reiknar bara alls ekki með þeim öðrum þáttum, sem komnir eru þarna inn í, sem ég geng út frá að mundu að hans áliti geta breytt í miklu ríkara mæli og ríkisstj. ræður ekkert við, við skulum segja t. d. verkalýðssamtökin sjálf og þeirra kauphækkanir. Við reyndum þetta fyrirkomulag á árunum 1920—30, og þetta fyrirkomulag leiddi til viðskiptakreppunnar 1930,

alls þess ástands, sem þá skapaðist. Við skulum gera okkur ljóst, þegar við erum að rekja þjóðhagslega þróun Íslands þannig, að við erum búnir að gera þessar tilraunir og þær hafa mistekizt, hafandi verið í meir en 25 ár að basla við meira eða minna fjárfestingareftirlit, verzlunareftirlit og annað slíkt, vegna þess að þetta kerfi frjálsrar verzlunar varð gjaldþrota og hefði ekki leitt annað og mundi ekki leiða annað en kreppu og eyðingu yfir Ísland.

Hins vegar hefur, eftir að þetta skipulag var búið að sýna sitt gjaldþrot á árunum eftir 1930, öðru hvoru verið reynt að hverfa frá því, og við skulum taka einmitt þau tvö dæmi, sem hæstv. viðskmrh. kom inn á. 1945, í nýsköpunarstjórninni, kom líka upp þessi kenning og var haldið sérstaklega sterkt fram af hálfu Sjálfstfl., að það væri óhjákvæmilegt að gefa verzlunina að mestu leyti frjálsa. Ég átti einmitt alveg sérstaklega í höggi við Sjálfstfl., mína ágætu samstarfsmenn þar, út af þessu. Þeirra hugmynd var þessi: Nú þegar við eigum yfir 500 millj. kr. erlendis í inneign, getum við ekki viðhaldið skömmtun á Íslandi og við getum ekki neitað mönnum um að selja þeim gjaldeyrinn. Ég hélt því fram og skammast mín ekkert fyrir það, að einmitt af því að við ættum þessa peninga erlendis, ættum við að hagnýta þessa peninga alla, allar 580 milljónirnar, til að kaupa framleiðslutæki fyrir þær og til þess að setja þannig sterkan grundvöll undir íslenzkan þjóðarbúskap. Við fengum þetta ekki fram, vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn sagði: Mér er ekki stætt á því. Hér er almenningur í landinu, hér eru verzlunarmennirnir í landinu, sem standa með sína peninga í höndunum og vilja fá að verzla frjálst og vita, að við eigum nógan gjaldeyri. Okkur er ekki stætt á því að neita þessu.

Hver var afleiðingin af þessum þrýstingi öllum? Afleiðingin varð sú, að það fékkst ekki að nota nema um 300 millj. kr. til þess að byggja grundvöllinn, þann þjóðhagslega grundvöll að búskapnum, sem við stöndum á enn í dag. Hitt fór — ja, hvað eigum við að kalla það — í frjálsa verzlun. Hitt fór í það að láta undan þeim sömu tilhneigingum, sem ríkisstj. er að láta undan í dag, þessi helmingur af inneignunum, sem fór í eyðsluna, eins og það oft hefur verið kallað. Sú stjórn, nýsköpunarstjórnin, hefur verið skömmuð fyrir það fram á þennan dag að hafa eytt þessum peningum í þetta. Af hverju eytt þeim? Jú, vegna þess að Íslendingar hugsa um búskap sinnar þjóðar sem heildar, og frá sjónarmiði þjóðarbúskaparins sem heildar og alls framtíðargrundvallar var þetta eyðsla. Það var eyðsla að kaupa hér kannske dýr og fín húsgögn, á sama tíma og maður þurfti að byggja sér sitt hús og koma sér upp sínum bát eða sínu fjárbúi eða sinni verksmiðju til þess að geta lifað.

Það, sem ríkisstj. er að fara inn á núna undir forsæti sama forsrh. og þá var, er að eyða skuldum, sem við erum að skapa erlendis, lánum, sem við getum fengið erlendis, á þann vitlausa hátt, sem helmingnum af okkar inneignum var eytt 1945. Þess vegna vil ég vara við að gera þetta núna. Það var réttilega vítt sem óforsjálni, og held ég þó, að Þjóðviljinn hafi verið eina blaðið, sem skrifaði þannig á þeim tíma, þegar meira að segja brauðskömmtunin og slíkt var afnumið á Íslandi, að það hefði ekki átt að afnema hana, og var þó ekki vinsælt að ætla að viðhalda skömmtun.

Ég vil vara ríkisstj. við. Ríkisstj., sem þá var undir stjórn sama forsrh., hefur verið álasað fyrir það í 15 ár að hafa eytt þessum 300 millj. Landið átti þó þessa peninga, þjóðin átti þó þessa peninga, við höfðum þetta í vasanum þá. Nú aftur á móti á að eyða því, sem við eigum ekki. Nú eigum við að taka lán erlendis til þess að eyða því láni, og það er þó sitt hvað, hvort maður eyðir því, sem hann á, eða hvort hann fer í bankann og tekur lán til þess að eyða því. En ég skal viðurkenna eitt, það er höfuðspurningin í þessu öllu saman: Ef það er meiningin að gefa upp sjálfstæði íslenzks þjóðarbúskapar og hætta að hugsa út frá því, hvort Ísland hafi sjálfstæðan þjóðarbúskap, þá eru rök í öllu því, sem hæstv. viðskmrh. segir, — ef Ísland á síðan að fara að vera hreppur í Frakklandi eða Ítalíu eða Hollandi eða Belgíu og íslenzkur þjóðarbúskapur á ekki að vera nein sjálfstæð heild, þá eru það rök. Þá var það líka tóm vitleysa að vera að kaupa þessa togara 1944. Ef við ætluðum að hafa þetta sem einn lítinn hrepp, áttum við náttúrlega að treysta á landsforsjónina í því stóra landi, þar sem við ætluðum að innlimast. Ef við ætlum að halda okkar efnahagslega sjálfstæði, verðum við að hugsa fyrir Ísland eins og góður heildsali mundi hugsa um sína verzlun, eins og góður bóndi mundi hugsa um sitt bú, eins og góður útgerðarmaður eða frystihússeigandi mundi hugsa um sitt fyrirtæki. Sem sé, það eru engin rök í þessari stefnu hæstv. ríkisstj. nema út frá því sjónarmiði að gefa upp sjálfstæði íslenzks þjóðarbúskapar og hætta að reka íslenzkan þjóðarbúskap sem heild.

1945 áttum við að slást við þessa stefnu, hún var þveröfug við alla nýsköpunarstefnuna, og Sjálfstfl., sem var skiptur í þessu máli, lét að vísu undan okkur hvað snertir nýsköpunina, en hann lét undan öðrum hvað snerti eyðsluna. Nú virðist fara lítið fyrir þeim helming, sem þá skóp nýsköpunina, ef á að fara inn á þessa stefnu núna.

Næsta tilraun var gerð 1950. Þá var aftur gerð tilraun samsvarandi því, sem verið er að gera núna, líka í þessu sama trausti, að einstaklingarnir á Íslandi, þeir einstöku atvinnurekendur, mundu sjá um fjárfestinguna, og með því að allt yrði frjálst, mundi þetta allt saman vera í lagi, og það var gerð tilraun með frjálsa verzlun þá. Hver var afleiðingin af þeirri tilraun? Jú, það er klassískt. Þegar okkar góðu kapítalistar á Íslandi fara sjálfir að ráða sínum peningum, hvað kaupa þeir þá? Þeir kaupa sér bíla og ýmislegt annað náttúrlega. En þeir kaupa sér ekki togara eða báta. Ég veit að vísu, að það mundi vera hægt að fá eyðslulán til að kaupa togara eða báta. Það

mundi vera hægt að fá heildsala til að kaupa togara eða báta, ef þeim væri sagt: Þið fáið engan gjaldeyri nema þann, sem þið aflið. — Það er ráð til þess að þvinga þá til þess. Þá mundu þeir margir fara að gera út eða standa í sambandi við útflutningsfyrirtæki. En það sé ég nú í þessu frv., að það spor þorir ríkisstj. ekki að stíga, þó að það væri ef til vill ekki heldur heildsölunum að skapi og ég hefði líka sitt hvað út á það að setja.

En afleiðingin af þessari tilraun, sem gerð var 1950, var sem sé, að það dró úr framleiðslunni á Íslandi. Meginið af fjárfestingu kapítalistanna á Íslandi fór í neyzlu, hverfandi lítið í framleiðslufjárfestingu, og ríkið varð sjálft að sjá um höfuðfjárfestinguna, sem einkennir það tímabil, sem þá hófst, eins og sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna. M. ö. o.: þegar við höfum þjóðhagslega gert þessa tilraun, að fara inn á þessa frjálsu verzlun, þá hefur það gefizt bölvanlega fyrir okkur, og það liggja engin rök fyrir því núna, að það ætti að takast betur nú. En tilraunin, sem nú er gerð, verður dýrari en nokkur tilraun, sem áður hefur verið gerð, vegna þess að það er látið í té fé til þess að standa undir henni.

En það vildi ég segja einmitt út af þeim hugleiðingum um verzlunarfrelsið, sem hæstv. viðskmrh. var með, að það er náttúrlega ákaflega takmarkað, sem þetta frelsi er, og sérstaklega er hjákátlegt að tala um þetta sem nokkurt verulegt viðskiptafrelsi, á sama tíma sem bankarnir eru látnir af hálfu ríkisvaldsins sjálfs ákveða 12% vexti á fé og annað slíkt. En það, sem við verðum að muna eftir í sambandi við þetta, er, að það almenna verzlunarfrelsi, eins og það var fyrir 50—100 árum, er almennt ekki lengur til í heiminum, hvorki okkar kapítalíska heimi né hinum sósíalistíska. Það, sem gerzt hefur raunverulega með þróun síðustu 50—60 ára, er, að þessu frelsi þess einstaka atvinnurekanda hefur verið útrýmt. Það, sem er í dag í auðvaldsheiminum, eru voldugir auðhringar. Það, sem einkennir viðskiptalíf, við skulum segja Bandaríkjanna, Bretlands eða slíkra landa, er ekki frelsi, það er einokun. Yfir 90% af öllum viðskiptum og framleiðslu í þessum löndum er sameinað í höndunum á hringavaldi, sem minna en 1% af þjóðinni ræður yfir. Þróun kapítalismans á síðustu 50—60 árum hefur verið þróun þessara risavöxnu auðhringa, sem í skjóli stórkostlegra framfara tækninnar og yfirburða stórfelldrar skipulagningar yfir allan smárekstur hafa drepið niður algerlega þann smáa, frjálsa atvinnurekanda, sem einu sinni í fyrndinni var til.

Heimurinn í dag hefur annars vegar þær voldugu einokunarstofnanir auðhringanna í kapítalismanum og hins vegar þjóðnýtingu hjá ríkinu mestmegnis í þeim sósíalistísku löndum. Því er barnaskapur af okkur Íslendingum að láta okkur detta í hug, að það verði eitthvað til, sem heiti sá frjálsi atvinnurekandi, sá frjálsi, smái atvinnurekandi, því að enginn atvinnurekandi á Íslandi — ég undantek engan — er stór á þann mælikvarða, sem heimsmarkaðurinn er. Við höfðum einu sinni einn nokkuð stóran atvinnurekanda á því sviði, það var Kveldúlfur, forðum daga. Hvernig fer hann í kreppunni? Kveldúlfur og Alliance, sem eru búin á grundvelli þeirrar frjálsu samkeppni að leggja undir sig milli 80 og 90% af fiskútflutningnum á Íslandi 1929 og orðin með voldugustu fyrirtækjum í sinni grein, þau fara alveg um koll, strax og þau eiga að fara að standast fyrstu kreppuna, sem þjóðin lendir í hjá kapítalismanum. Hér á Íslandi yrðu með svokölluðu verzlunarfrelsi engir sjálfstæðir íslenzkir atvinnurekendur til. Því meira sem við yrðum innlimaðir í auðvaldsheiminn, því meira yrði þeim útrýmt. Þeir yrðu í hæsta lagi leppar, umboðsmenn eða annað slíkt fyrir volduga erlenda auðhringi, nema við séum að baslast við einhver smáfyrirtæki, sem gefi svo lítinn gróða, að engum auðhring þyki taka að líta við þeim. Þess vegna er ekkert annað til fyrir Ísland, ef það ætlar að reka sinn þjóðarbúskap sjálfstætt, heldur en að reka þennan þjóðarbúskap frá þjóðfélagsins sjónarmiði í heild. Síðan ákveðum við það sjálfir, Íslendingar, að hve miklu leyti við höfum það ríkisfyrirtæki, samvinnufyrirtæki, einstaklingsfyrirtæki eða annað slíkt, og þá getum við meira að segja verndað okkar privatkapítalista gegn því, að útlendir auðhringir gleypi þá. Við höfum meira að segja gert það. Við höfum komið á hér á Íslandi vissum afskiptum ríkisins á vissum tímum til þess að forða íslenzkum atvinnurekendum frá því að verða t. d. bara leppar Svía, heldur verða sjálfstæðir atvinnurekendur.

Sjálfstæði atvinnurekenda og annarra aðila á Íslandi, sjálfstæði þeirra er ekki hugsanlegt, nema með því að íslenzka ríkinu sé beitt sem þeim aðila, sem verndar íslenzkan þjóðarbúskap, hvort sem hann innan vébanda okkar þjóðarbúskapar er privatkapítalistískur, samvinnurekstur eða ríkisrekstur og bæjarrekstur. Þetta held ég að við verðum að gera okkur ljóst. Ég held, og það var sú hugmynd, sem ég fékk af ræðu hæstv. viðskmrh., að allur grundvöllurinn, sem hann byggir sínar hugmyndir á, sé rangur.

Hæstv. viðskmrh. trúir á privatkapítalismann og möguleika þess að hafa ríkisvaldið sem eins konar stilli í hendi privatkapítalistanna og ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja privatkapítalistunum þannig gróða á kostnað launþega, eins og ríkisstj. nú er að gera.

Hæstv. viðskmrh. er það ljóst, að ríkisstj. sjálf er núna að beita ríkisvaldinu í þágu privatkapítalistanna á Íslandi með því að taka hluta af þeim launum, sem verkalýðurinn á að fá, og fá hann í hendur atvinnurekendunum, með beinum kúgunarráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar með lögum, með gengislækkuninni, með vaxtahækkuninni hjá bönkunum og öðru slíku. Og það er þessi grundvöllur, sem er rangur. Privatkapítalisminn á nú ekki rétt á sér á Íslandi sem ráðandi þjóðfélagsfyrirkomulag. Ekki vegna þess, að ég sé út af fyrir sig á móti honum, — það er ég að vísu, af því að ég mundi álíta, ef hann

væri hér til sem raunveruleg staðreynd, þá ætti að afnema hann, — en það eru staðreyndir, sem við getum ekki gengið fram hjá, að privatkapitalisminn er ekki til sem sú ráðandi staðreynd í þjóðarbúskap Íslendinga, það er ekki til það mikið einkafjármagn í höndum einstakra manna, einstakra atvinnurekenda á Íslandi, að það setji höfuðmarkið á íslenzkan þjóðarbúskap eða geti gert það.

Hér á Íslandi höfum við alltaf — og það liggur bókstaflega í okkar sögu sem arðrændrar, fátækrar nýlendu — orðið að beita ríkinu og samtökum þess opinbera, ríkinu, bæjarfélögunum og öðrum slíkum, til þess að skapa atvinnurekstur á Íslandi. Hæstv. viðskmrh. ætti að vera það kunnugt, hvernig meira að segja einmitt bæirnir á Íslandi hafa orðið að skapa sér atvinnufyrirtæki, af því að privatkapitalistarnir hafa gefizt upp, farið á hausinn, flúið burt. Við höfum komið upp ríkisbönkum á Íslandi. Það hafa ekki verið aðrir bankar starfandi á Íslandi að heita má en ríkisbankar, vegna þess að ríkið hefur orðið að útvega það fjármagn, sem þurfti til þess að reka fyrirtæki á Íslandi eða koma upp atvinnurekstri. Það hefur fyrst og fremst verið ríkisbúskapur, sem hefur einkennt Ísland. Það, sem ríkisstj. er að gera með því, sem hún er að gera nú, er að reyna að skapa privatkapitalisma á Íslandi og neyða upp á okkur Íslendinga privatkapitalismanum sem höfuðkerfi. Og það, sem ríkisstj. er að gera með sínum aðgerðum, eins og launalækkuninni núna, það er að taka nokkur hundruð milljónir með lögum úr vasa launþeganna og afhenda það privatkapitalistunum og segja raunverulega: Heyrið þið, getið þið nú ekki orðið ríkir með þessu? Getið þið nú ekki komið hér upp dálitlu auðvaldsfyrirkomulagi? — Þið eruð þannig að reyna að þvinga upp á okkur einkaauðvaldi. Þið eruð að reyna með lögum að stela af launþegunum á Íslandi og taka peninga af þeim til að gefa kapitalistunum til að vita, hvort þið getið ekki komið fótunum undir kapitalistana.

Við skulum gera okkur þetta alveg ljóst, vegna þess að þjóðarbúskapurinn á Íslandi hefur verið að það miklu leyti ríkis-, bæja- og samvinnubúskapur, að hann kallar raunverulega á að þróast í þá átt áfram, áfram til sósialismans, að eðli okkar þjóðarbúskapar er slíkt, öll nauðsyn okkar, bæði af okkar smæð og af afstöðu Íslendinga til atvinnulífsins. Það er t. d. ríkjandi skoðun hjá yfirgnæfandi meiri hluta Íslendinga, að það eigi að sjá um, að atvinnulífið gangi. Ég get fullvissað hæstv. viðskmrh. um það, að svo framarlega sem þessar ráðstafanir leiða til þess að stöðva atvinnulífið, þá heimtar svo að segja allt fólkið hér á Íslandi, að ríkið verði að sjá um, að þetta gangi.

Það er ekki til neins fyrir ríkisstj. að ætla að setjast upp eins og 1950 og segja: Mér kemur ekkert við atvinnulífið. — Almenna skoðunin hjá íslenzku þjóðinni er, að það eigi að reka atvinnureksturinn á Íslandi til þess, að þjóðinni geti vegnað vel, til þess að þjóðin hafi atvinnu og til þess að það sé hægt að komast sæmilega af. Þetta er skoðun, sem er ekki í neinu samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. er að innleiða. Ríkisstj. er að reyna að innleiða þá stefnu, að það eigi að reka búskap á Íslandi út frá því sjónarmiði, að það sé gróði af honum. Sá grundvöllur er alls ekki virtur á Íslandi. Ríkisstj. er að reyna að þvinga hann upp á Íslendinga. Gróðasjónarmið privatkapitalismans á ekki stoð í meiri hluta Íslendinga. Við höfum þess vegna stundum kallað þetta okkar á milli, það sem ríkisstj. er að gera í þessum efnum, eins konar gagnbyltingu einkaauðvaldsins á Íslandi. Það einkaauðvald, sem varð gjaldþrota í kreppunni, er að láta þessa ríkisstj. þvinga sér upp á þjóðina aftur og taka fé úr vösum alþýðunnar á Íslandi og helzt úr bönkunum og annars staðar líka og stórfé erlendis til þess að reyna að gera það aftur allsráðandi, sem sé gefa privatkapitalistunum auð á kostnað almennings og ríkisins. Og öll skilgreining hæstv. viðskmrh., eins rétt og margt var í henni, var byggð á þeim grundvallarmisskilningi, að það bæri að taka þetta og gagnrýna þetta einvörðungu út frá því sjónarmiði, hvort það hefði verið við haldið í fjármálastjórn á Íslandi, bæði af hálfu banka og annarra, þeirri sjálfvirkni, sem væri eðlileg fyrir privatkapitalistískt þjóðfélag. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það hefur ekki verið gert. Íslandi hefur aldrei verið stjórnað eftir lögmálum privatkapitalismans, nema á þessum árum eftir 1920, og þá var þessi privatkapitalismi yfirleitt alveg að syngja sitt síðasta vers í heiminum, og það væri þess vegna hreinasta hörmung, ef við færum að reyna að stjórna núna eftir slíkum teorium.

Að svo miklu leyti sem efnahagsmálum Íslands hefur verið stjórnað vitandi vits, hefur verið stjórnað út frá allt öðru sjónarmiði. Þeim hefur verið stjórnað út frá því sjónarmiði: Hvernig getum við, sem lifum á Íslandi á þessari öld, byggt okkar land upp, útrýmt þeirri fátækt, þeim skorti á framleiðslutækjum og öðru slíku, sem var, þegar við og okkar feður tóku við þessu landi um aldamótin? Landinu hefur verið stjórnað, að svo miklu leyti sem því hefur verið stjórnað vitandi vits, út frá því sjónarmiði, hvernig væri hægt að byggja það upp. Því hefur alls ekki verið stjórnað út frá því hagfræðilega sjónarmiði, sem þeir sérfræðingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt svo sérstaklega mikið upp úr, hafa fyrst og fremst lært í sínum skólum, út frá þeim privat-kapitalistísku sjónarmiðum, sem eru jafnt ráðandi í Bretlandi og Bandaríkjunum og í háskólum þeirra og hagfræði þeirra. Íslandi hefur verið stjórnað út frá hyggjuviti manna, sem tóku við fátæku og arðrændu landi og ætluðu að gera það að góðu landi. Það hefur gengið mismunandi vel og gengið stundum böksulega og stundum verið tekin stór spor áfram. En þetta hefur verið hugsunarhátturinn, sem alltaf öðru hverju hefur einkennt stjórnmálaflokkana á Íslandi, og svo að ég sé jafnsanngjarn og hæstv. viðskmrh., ég skal engan þeirra þar undan-

skilja, það hafa allir þeirra á vissu tímabili lagt fram sinn hluta til slíks átaks og hafa til allrar hamingju ekki verið allt of kreddubundnir í sínum afskiptum. Þetta hefur oft verið gert þannig, að það hefur hlotizt verðbólga af, það er alveg rétt. En það má ekki vera eina sjónarmiðið, sem allt er dæmt út frá, hvort verðbólgu verði afstýrt, hvort peningagildi haldist. Ég skal vissulega viðurkenna, að það á ekki að láta koma til verðbólgu og að peningagildi á að haldast, en meira að segja á sérstökum tímum getur það verið betra fyrir þjóðfélagið á vissum sviðum, að það séu gerðar ráðstafanir, þó að verðbólga, hæg verðbólga hljótist af þeim, heldur en að þær ráðstafanir séu ekki gerðar.

Ég skal fyllilega taka undir alla þá gagnrýni, sem fram kemur á allt það neikvæða í sambandi við verðbólguna. En hins vegar skulum við líka gera okkur ljóst, að ýmislegt af því, sem gert hefur verið, — við skulum bara taka þær miklu húsbyggingar, sem unnar hafa verið, þær hefðu ekki verið unnar í svona ríkum mæli, svo framarlega sem verðbólga hefði ekki verið. Við skulum viðurkenna það. Við erum víst allir saman sammála um það, að menn hafa litið á húsbyggingar sem eins konar sparifjársöfnun á þeim tíma, sem sparifjársöfnunin sjálf var slæm. Þetta er slæmt fyrirkomulag, en til þess að sleppa við þetta og sleppa við þessa verðbólgu er ekki eina ráðið að fara út í þá spekúlasjón, sem nú er verið að fara út í, að skapa það efnahagslega hrun, sem nú er að byrja, sem að vísu getur gert peninga dýrmæta, en mannlega vinnu og verðmæti lítils virði. Það, sem á að gera, þegar maður tekur eftir, að verðbólga skapast, er að herða á stjórninni í þjóðfélaginu, þannig að hún verði af meira viti, fjárfestingin sjálf, henni sé stjórnað vitandi vits og af meira viti en gert hefur verið á undanförnum árum, en ekki sleppa henni.

Hæstv. viðskmrh. setti fram í sinni ræðu eina staðhæfingu, sem ég er honum algerlega ósammála um, og það var sú, að hann sagði, að það mundu hafa orðið meiri framfarir á Íslandi, svo framarlega sem þessi stjórn á undanförnum áratugum hefði — ef ég skildi hann rétt — tekið meira tillit til þeirra sjónarmiða, sem hann nú boðar og ríkisstjórnin. Ég held, að það sé alveg þveröfugt. Við skulum gá að því, að sérstaklega þessi síðustu 20 ár, sem ýmislegt hefur gengið böksulega út frá þessu sjónarmiði, t. d. verðbólgan og annað slíkt, — þetta tímabil hefur um leið verið stórkostlegasta framfaratímabilið í íslenzkri sögu, þrátt fyrir það, þó að við höfum á þessu tímabili t. d. ekki getað komið á áætlunarbúskap, heldur aðeins gert smátilraunir til þess, en viðurkennda sjónarmiðið þó alltaf að meira eða minna leyti verið það, að þjóðarbúskapur Íslendinga ætti að vera sjálfstæður þjóðarbúskapur og að ríkinu bæri að gera sem mest að í þess valdi stæði til þess að efla efnahagslíf landsmanna. Ég er alveg viss um, að þær framfarir sem orðið hafa á Íslandi, hefðu alls ekki orðið, svo framarlega sem hér hefði ríkt privatkapitalistískt skipulag, eins og talað er um að koma á hér í dag.

Ég skal segja hæstv. ráðh., hvað ég álít að mundi hafa orðið í þessum efnum. Ég álít, að mjög mikið af því fólki, sem nú byggir Ísland, væri þá búið að flýja land. Afleiðingin af því að ætla að meira eða minna leyti að innlima Ísland í kerfi privatkapítalismans í Vestur-Evrópu og Ameríku verður sú, að fólkið flyzt burt af landinu. Um leið og hér fer að skapast atvinnuleysi, eins og er í þessum löndum og mundi vera strax og privatkapitalisminn fengi að njóta sín hér, þá er svo og svo mikið, sérstaklega af okkar duglegasta fólki, sem fer burt. Ef Ísland er orðið eins og hreppur í stóru ríki þannig, þá er ekkert, sem heldur mönnum sérstaklega að því að búa hér. Ísland er núna gott land að lifa í, en Ísland getur líka verið erfitt land að lifa í. Við vorum á tímabilinu t. d. 1930—40 að miklu leyti alveg undir áhrifum brezka kapítalismans. Það er þá brezka bankavaldið, sem segir okkur fyrir um, hvað við megum gera, svo að segja, og hvað við megum ekki gera. Við erum eins og innlimaðir í brezka bankavaldið, og það ardrænir okkur á allan mögulegan hátt, og við erum skuldskeyttir því. Og fólkið flýr land bókstaflega, og og það er það, sem mundi vofa yfir, svo framarlega sem frjáls privatkapitalismi fengi aftur að ryðja sér til rúms hér og við ættum að heyra þannig undir sömu viðskiptalögmál og lönd eins og Frakkland, England eða slík. Það, að fólk byggir þetta mikið á Íslandi, helzt hér, stafar af því, að landinu hefur verið betur stjórnað en löndunum í kringum okkur. Og af því að þjóðin er ákaflega dugleg og ef henni er gefið tækifæri til þess að vinna eins og hún hefur fengið á undanförnum árum, þá er hún reiðubúin til þess að vinna mikið til þess að skapa sér góð lífskjör. Og það er það, sem verið er að svipta hana með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera. Þess vegna er þetta kerfi, sem nú er verið að koma á, að öllu leyti skaðlegt fyrir Ísland og íslenzkan þjóðarbúskap.

Í sambandi við þann grundvöll, sem hæstv. viðskmrh. og ríkisstj. byggir á, trúna á privatkapítalismann, þá vil ég beina einni fsp. til hæstv. ráðh. Þegar nú, eins og gert er með ráðstöfunum ríkisstj., að teknar eru af launþegum — ja, hvað eigum við að segja — 300—400 millj. kr. af árstekjum allra launþega á Íslandi, tekið beinlínis úr þeirra vasa og fengið privatkapítalistunum í hendur, þá hlýtur þetta að vera gert í þeirri trú, að þessir privatkapitalistar muni verja svo og svo miklu af þessu fyrst og fremst til fjárfestingar, sem þjóðinni sé nauðsynleg, til þess að efla atvinnulífið. Ég get ekki ætlað ríkisstj. svo illt, að ég álíti, að hún vilji taka 300—400 millj. kr. frá öllum launþegum á Íslandi og fá privatkapitalistunum í hendur, til þess að þeir geti eytt meira, þó að hún að vísu sé að gera þær ráðstafanir gagnvart fjölmörgum efnamönnum að létta á þeim sköttum, á sama tíma sem tekjur minnka hlutfallslega hjá almenningi. Ég held, að hún hljóti

að gera það í þeirri trú, að um leið og slíkar 300—400 millj. fara frá launþegunum til einkaatvinnurekendanna og bætast við þann gróða, sem þeir hafa fyrir, þá verji þeir þessu til nytsamra fyrirtækja, sem þeim sjálfum og þjóðinni séu til góðs. Þessi trú ríkisstj., ef hún er fyrir hendi, er röng. Reynslan er, að þegar okkar einkaatvinnurekendur fá fé í hendur, þá fara þeir verr með það en nokkur kapítalistísk stétt í okkar nágrannalöndum, — ekki vegna þess, að þeir séu neitt verri menn en hinir, geta jafnvel verið heldur skárri, heldur af hinu, að þeir eru það smáir, að hver þeirra um sig, þegar hann fær 100—200 þús. kr. gróða eða eitthvað meira, getur ekki keypt togara fyrir það, ekki einu sinni mótorbát, og hann hefur ákaflega mikla tilhneigingu til þess að kaupa sér kannske bíl, kannske góða íbúð, ef hann á hana ekki fyrir, eða eitthvað slíkt. M. ö. o.: af því, hve okkar kapítalistastétt er stór, en hver í henni tiltölulega smár á útlendan mælikvarða, þá eyða þeir meira í neyzlufjárfestingu en í framleiðslufjárfestingu heldur en kapítalistastéttir annarra landa, og ég skal ekki rifja það upp nú. Ég hef gert það hér áður. Hagskýrslur allra landanna í kringum okkur, frá Noregi til Bretlands, sýna það, að fjárfestingarhlutfallið á Íslandi, sem er meira en í nokkru þessara landa, er verra hvað þetta snertir en í nokkru öðru landi. Hlutfallið milli neyzlufjárfestingar hjá Norðmönnum er t. d. þannig, að það er 75% til framleiðslufjárfestingar og 25% til neyzlufjárfestingar. Á Íslandi er meiri hlutinn til neyzlufjárfestingar. Og svona kemur þetta til með að verða, þegar okkar privatkapítalistar eiga að stjórna þessu. Og hvar eru rökin fyrir því, að þetta breytist?

Efnamaður, hálaunamaður, sem fær 30 þús. kr. eftir gefnar í skatti og útsvari núna, — það þarf enginn mér að segja, að hann fari að leggja það í hlutabréf í togara. Nei, hann ver því á ýmsan hátt, sem honum persónulega þykir gaman að eða hans fjölskyldu.

Þetta er reynslan, sem við höfum. Og hvað er það hjá hæstv. ríkisstj., sem gefur henni trú á einhverju öðru? Þess vegna kemur þetta til með að líta þannig út frá okkar sjónarmiði, frá alþýðunnar sjónarmiði, að ríkisstj. er að taka, t. d. í þessu tilfelli með launakúguninni, 300—400 millj. kr. frá alþýðu manna, fá það einkaatvinnurekendunum, til þess að einkaatvinnurekendurnir geti sett meira í sína neyzlufjárveitingu, eytt meira og alþýða manna búið við verri kjör en áður, sem sé verið að taka peningana, sem alþýða manna þarf nauðsynlega á að halda til að framfleyta sér, og fá þá auðmönnunum, til þess að þeir lifi í vellystingum praktuglega. M. ö. o.: ríkisvaldið er gert að kúgunartæki í höndum privatkapítalistanna, sem arðrænir almenning og gefur hins vegar privatkapítalistunum meiri gróða. Þannig lítur það blákalt út. Og meðan hæstv. ríkisstj. sýnir ekki fram á, að einhver slík gífurleg breyting hafi orðið á afstöðu privatkapítalistanna, að þeir ætli sér allt í einu að fara að leggja þarna heilmikið í þjóðnytsamleg fyrirtæki, þá höfum við ekki ástæðu til þess að búast við neinu öðru en þessu, því að reynslan sýnir okkur þetta.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það hefði á þessu undanfarna skeiði, sem hann rakti þetta, verið ófullkomin stjórn. Já, frá hans sjónarmiði hefur þetta verið ófullkomin stjórn á þessu 20 ára tímabili, af því að hún hefur verið að hafa þessi afskipti af uppbyggingu þjóðarbúskaparins. En skilur hann, hvað þetta raunverulega þýðir, þegar hann er að tala um, að nú eigi að verða ströng stjórn á þessum hlutum? Það þýðir, með öðrum orðum, að það eigi að verða eins konar harðstjórn í þágu privatkapítalistanna, til þess að koma upp þeirra skipulagi, skapa og viðhalda þeirra gróða. En til þess að koma á slíkri harðstjórn, skapa og viðhalda slíkum gróða, þarf eitt af tvennu: annaðhvort það sterk lýðræðisleg áhrif ríkisstj. á samtök almennings í landinu, að hann beygi sig undir það, og það kemur hann aldrei til með að gera, nema hann sé sannfærður um, að þetta sé honum til góðs, og ríkisstj. hefur enn þá ekki sett fram ein einustu rök, sem neinn launþegi á Íslandi gæti tekið gild, um, að þetta yrði honum til góðs. Það hefur verið sagt, að hann geti losnað við leiðinlega innflutningsskrifstofu upp á Skólavörðustíg gegn því að fá því meira vald í hendur Seðlabankanum niðri í Austurstræti, og annað slíkt. Þó að það kunni að vera skemmtilegt fyrir heildsala í Rvík, þá snertir það ákaflega lítið sjómanninn, sem dregur fiskinn úr sjónum, svo að heildsalinn geti notað peningana, eða verkamanninn, sem er að hugsa um, hvar hann eigi að fá atvinnu. Og hæstv. ríkisstj. þarf að koma fram með rök, þar sem hún sýni fram á eitthvað annað en trú á privatkapítalismann, til þess að almenningur taki eitthvert tillit til þess og vilji einhverju fórna fyrir hana. Slík rök hafa ekki komið fram enn þá. Annaðhvort þarf að sannfæra sérstaklega alþýðusamtökin á Íslandi um þetta eða að svona harðstjórn í atvinnulífinu verður aðeins við haldið með harðstjórn á stjórnmálasviðinu, sem sé harðvítugu einræði privatkapítals, ef almenningur er á móti því, sættir sig ekki við það, — ekki við haldið þá með öðru en einræði í stjórnmálalífinu líka.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að höft hafi ekki getað skapað jafnvægi. Það er rétt hjá honum. Þýðir það, að það hefði átt að afnema höftin? Nei, það þýðir það ekki að mínu áliti. Það þýðir, að þau hafi verið allt of takmörkuð og allt of neikvæð. Sem sé, í staðinn fyrir að hafa algeran áætlunarbúskap og hafa algert eftirlit með allri okkar utanríkisverzlun, sem var eina rökrétta ályktunin, sem við áttum að draga af því, að þessi takmörkuðu og kákkenndu höft gátu ekki skapað jafnvægi, þá er nú farið út í það að sleppa öllum þessum afskiptum.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að það hefði orðið dráttur á gengislækkun, nú mundi, skilst manni, eiga að flýta henni. Er það sem sé meiningin hjá ríkisstj., að það eigi nú, og á það að verða hennar pólitík, að það eigi tví-

mælalaust, ef henni finnst eitthvað raskast í viðskiptunum, að grípa til gengislækkunar aftur? T. d. ef viðskiptin austur á bóginn fara að brotna niður, eins og ég var að sýna fram á áðan, er það þá skilningur ríkisstj., að það eigi bara að lækka gengið, vegna þess að okkar viðskiptaaðstaða fari að verða verri? Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að í slíkri rökleiðslu er rangur hugsunarháttur frá hennar eigin sjónarmiði. Útflutningsverzlunin er ekki frjáls. Hæstv. ríkisstj. getur ekki lagt neinar sannanir fyrir alþýðu manna um það, þó að hún með sinni einokunarafstöðu og sinni vitlausu stjórn á Seðlabankanum brjóti niður viðskiptin austur á bóginn, að það hafi þurft að brjóta þau niður, og ég vil segja það við hæstv. ríkisstj., að það er enginn grundvöllur fyrir gengislækkun, þó að hún kunni með sínum klaufalegu afskiptum af þessum málum að eyðileggja þetta. Ef hún ætlar að reyna þessa hluti algerlega, þá skora ég á hana að stíga þá sporið fullt og gefa alla verzlun á Íslandi frjálsa, útflutning og innflutning, algerlega frjálsa. A. m. k. vil ég ekki, að hún komi hér, eftir að hafa gert þá tilraun, sem hún gerir með þessu, og ætli að segja við okkur: Þetta var allt saman kák hjá okkur, og við verðum nú að reyna betur.

Alþýða manna mun ekki viðurkenna það sem nein rök fyrir nýrri gengislækkun, þó að ríkisstj. og þeir, sem nú eiga að njóta frelsis, sem sé heildsalarnir, haldi svo asnalega á þessum málum, að þessi grundvöllur brotni undan.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að stjórnin hefði ekki verið góð á efnahagsmálunum. Það er hverju orði sannara, það var ósköp slæm stjórn oft á þeim. En hvað verður nú? Mér sýnist, að það, sem nú sé stefnt að, sé, að það verði engin stjórn á þeim. Og annaðhvort hættir ríkisstj. að skipta sér af þessum hlutum eða þá að hún ætlar að gerast eins konar harðstjórn privatkapítalistanna og beita ríkisvaldinu í þeirra þágu í þessu sambandi, og ég vil frábiðja mér að taka slíkt sem eitthvert frelsi.

Ef á að vera frelsi í þessum málum á Íslandi, því mega þá ekki verkalýðssamtök Íslands og t. d. samvinnusamtök Íslands fá að gera það, sem þau vilja, í þessum efnum og ríkisstj. komi hvergi þar nærri, — sjómenn fái sjálfir að ráða því og útvegsmenn, hvernig þeir fara með sinn fisk, og ríkisstj. skipti sér ekkert af því? Það verða ekki heldur tekin sem nein gild rök, að ríkisstj. hafi notað ríkisvald í þágu privatkapítalista, þess vegna eigi menn að beygja sig fyrir þessu og það hafi ekkert annað verið mögulegt.

Ég skal fullyrða, að það er hægt að margfalda framleiðsluna á Íslandi frá því, sem nú er, svo framarlega sem það er höfð almennileg stjórn á þessum hlutum.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að verði samt verðfall á íslenzkum afurðum, þá á ekki að skjóta á frest nauðsynlegum aðgerðum. Hvað meinar hæstv. viðskmrh.? Það er verið að skapa nú af hálfu ríkisstj. og vissra atvinnurekenda og Seðlabankans verðfall á íslenzkum afurðum, sem ekki þurfti að koma og þessir aðilar voru varaðir við og skeyttu engu. Eins og alþýða manna taki því með glöðu geði að eiga að borga fyrir slíkt. Ég hef staðið frammi fyrir því á þeim 30—40 árum, sem ég er búinn að hafa afskipti hér af stjórnmálum og atvinnumálum, að okkar braskarar hér á Íslandi, ef þetta hefur verið allt saman frjálst, hafa spilað þessum hlutum alveg út úr höndunum á sér, af því að þeir hafa ekki notað þá möguleika, sem til voru, og ætla síðan að láta verkalýðinn borga brúsann í atvinnuleysi og kauplækkun. En það er ekki til neins, að ætla að stilla okkur frammi fyrir því sem einhverri náttúrlegri nauðsyn. Það var engin þörf á neinni verðlækkun á síldarmjöli og síldarolíu, það var hægt að selja þetta í fyrrasumar með góðu verði, en það var beðið, eins og braskaranna er siður hér á Íslandi, og vegna þess að Seðlabankinn rak á eftir að selja það frekar vestur frá en austur frá. Það er ekki til neins að ætla að boða okkur verðfall sem einhvern alveg óhjákvæmilegan hlut.

Ég skal fullvissa hæstv. ríkisstj. um, að það væri orðið nokkuð ægilegt verðfall á hraðfrysta fiskinum á Íslandi, svo framarlega sem það hefðu ekki verið skapaðir og opnaðir þeir markaðir, sem við njótum núna fyrir hann. Þess vegna vil ég vara hæstv. ríkisstj. við svona fullyrðingum, að það eigi ekki að skjóta á frest nauðsynlegum aðgerðum. Gengi íslenzkrar krónu er ekki neinn hlutur til þess að leika sér með. Við fáum fullvel að þreifa á því núna, hvað það kostar það, sem við erum búnir að byggja hér upp fyrir nokkru, eins og áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna, Sogsvirkjunina, að verða nú vegna gengislækkunarinnar að borga stórfé og hækka allt þetta í verði, bara vegna þessarar vitlausu gengislækkunar, sem nú var framkvæmd.

Hugmyndin um að stjórna þessu með genginu er ekki rökrétt nema frá sjónarmiði þjóðfélags, þar sem privatkapítalisminn ríkir í fullum blóma. Hún er ekki rökrétt öðruvísi, og það á ekki að beita svona vopnum, eins og hæstv. viðskmrh. lætur í veðri vaka að eigi að gera það, — og þegar hann svo bætir við, að það sé ekki nóg með, að við höfum 20 millj. dollara núna að láni, við getum fengið meira. Hvað á þetta að þýða? Og hvernig stendur á, að þessir aðilar eru til í að lána okkur svona mikið, sömu aðilarnir, sem segja við okkur: Þið megið ekki taka lán hjá okkur núna til þess að byggja upp fyrirtæki hjá ykkur, þið megið ekki nota þessa peninga til þess að byggja upp fyrirtæki, sem gefa gjaldeyri, en þið megið nota þá til þess að kaupa vörur? Eru þessir bankar af einhverjum undarlegum ástæðum og stofnanir reiðubúin til þess að gera endalaust slíka tilraun, slíka efnahagslega tilraun með íslenzka þjóðfélagið? Og ætlum við að láta nota okkur sem tilraunadýr á þennan máta og þegar tilraunin mistekst að verða síðan að sveitast í blóðinu í áratug máske til að borga upp þessar skuldir? Ja, mér finnst ekki skemmtilegt að horfa upp á það, ekki sízt þegar ég er búinn að fá þær

ásakanir hér, t. d. út af nýsköpunarstjórninni í 15 ár, að við skyldum ekki geta haft hemil á því, að helmingurinn af fénu, sem þá var til í striðslok í inneignum Íslendinga erlendis, skyldi hafa verið notaður til meiri eða minni eyðslu. Mér finnst ekkert gaman að horfa upp á 800 millj. kr. notaðar núna til tómrar eyðslu þannig. Ég verð að segja, að ég hef meiri ábyrgðartilfinningu gagnvart íslenzku þjóðfélagi en það, og ég vil ekki hafa íslenzka þjóðfélagið að slíku tilraunadýri, að það sé verið að prófa, hvort privatkapítalisminn geti nú ekki passað fyrir okkur. Það eru nokkuð dýrar sprautur að gefa okkar þjóðfélagslífi. Þess vegna finnst mér ægileg tilhugsun og hættuleg þessi barnalega trú hjá hæstv. viðskmrh.

Hæstv. viðskmrh. sagði líka í sinni ræðu, að fjárfestingin hefði beinzt inn á rangar brautir. Já, vissulega. Ég er alveg sammála honum um það. En hvernig í ósköpunum dettur honum í hug, að með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, sé verið að beina fjárfestingunni inn á réttari brautir? Hvar eru rökin fyrir því? Á hverju byggist von hans um það, að íslenzkir privatkapítalistar beini sinni fjárfestingu inn á réttari brautir núna? Hvaða rök getur hann fært fram fyrir því? Við höfum ekki heyrt þau enn þá.

Ég held, að það sé engin leið að beina fjárfestingu inn á réttari brautir á Íslandi, nema með því að hið opinbera stjórni því vitandi vits. Það þarf þó nokkuð stranga stjórn til þess, það er alveg rétt, og það þarf umfram allt góða stjórn og viturlega stjórn. Á það hefur skort á undanförnum árum. En það verður að bæta úr því með því að setja upp góða og reglulega stjórn, jafnvel þó að hún verði að vera ströng, en ekki að gefa þetta frjálst á þennan máta.

Mér sýnist, að ríkisstj. byggi í sinni stefnu allt á einu einasta atriði, trúnni á, að það sé hægt að skipuleggja fátækt á Íslandi, m. ö. o., að með því að taka þetta mikið frá launþegunum og gefa þetta til privatkapítalistanna, þá muni þjóðin sætta sig við það að verða fátæk, til þess að nokkrir voldugir menn hér í Reykjavík geti verið ríkir og eftir trú hæstv. viðskmrh. sett sitt fé í rétt fyrirtæki. Ég hef haft oft ýmislegt að athuga við þau lán, sem tekin hafa verið á Íslandi á undanförnum áratugum, en það er í fyrsta skipti nú í sögu landsins, sem lán hefur verið tekið til þess að skipuleggja fátækt á Íslandi, — skipuleggja fátækt, — og það er ljótasti leikurinn í öllu atferli ríkisstj.

Afleiðingin af þessum ráðstöfunum, sem nú er lagt til að gera, verða atvinnuleysi. Þegar markaðirnir fara að minnka, þá mun atvinnuleysið koma í ljós. Það man hæstv. viðskmrh., að strax eftir 1950 kom það í ljós, og hér í Reykjavík töldu verkalýðsfélögin þá alls innan sinna vébanda upp undir 2000 manns, þegar verst var. Það þýðir, að með þessari frelsisverzlunarstefnu er beinlínis stefnt að því að vega að afkomuöryggi manna og stofna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Það verður ekki hægt að viðhalda fátækt hjá almenningi, ekki hægt að viðhalda kaupráninu, nema máske með atvinnuleysi og harðstjórn. Og þó er það nú mín trú, að hvort tveggja mundi bila, meira að segja strax innan ríkisstj. sjálfrar. Það þarf það mikla harðneskju, það mikla harðstjórn í það slæmum tilgangi til að framfylgja slíkri pólitík privatkapítalistanna, að ég hef ekki trú á, að Alþfl. og Sjálfstfl. standi sem heild að því að reyna slíkt, þó að það kynnu að vera innan þeirra beggja menn, sem væru reiðubúnir til þess að reyna að framfylgja henni. Og ég vil segja það, að Alþfl. er með því að taka þátt í svona pólitík að bregðast allri sinni stefnu, eins og hún hefur verið frá upphafi vega, og Sjálfstfl. er með því að bregðast því litla góða, sem hann hefur gert í íslenzkum þjóðarbúskap, þegar hann tók þátt í því að reyna með áætlunarbúskap að nokkru leyti að byggja okkar þjóðfélag upp, sem við búum að enn. Þess vegna álít ég, að það væri bezt, ef hægt væri að koma svo vitinu fyrir hæstv. ríkisstj., að hún stöðvaði þetta strax, vegna þess að hver mánuður, sem þessar tilraunir eru gerðar, og hvert ár, það er glataður mánuður og glatað ár fyrir Ísland og þess þróun og þess framfarir.

Hæstv. viðskmrh. lauk ræðu sinni með því að reyna að verja þessa pólitík frá sjónarmiði Alþfl., alveg sérstaklega frá sjónarmiði hans. Mér fannst það allmikil bíræfni. Alþfl. er með því að taka þátt í þessu að fórna atvinnuöryggi þjóðarinnar fyrir ævintýrakennda tilraun til þess að þjóna hagsmunum samvizkulauss braskaralýðsins á Íslandi eða erlendu auðvaldi, sem hann hefur ánetjazt. Það er ekkert í stefnu Alþfl., eins og hún hefur verið, sem þetta getur stuðzt við.

Hæstv. viðskmrh. var með mér í baráttunni á móti gengislækkuninni 1950. Hann sagði þá í sínu nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti er það um þetta að segja, að ég tel það ekki eiga að vera höfuðmarkmið þeirrar stefnu, sem fylgt er í efnahagsmálum, að hægt sé að halda uppi svonefndri frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera það, að haldið sé uppi fullri atvinnu og full hagnýting allra framleiðslutækja tryggð."

Þetta var hans skoðun þá, og þessari skoðun verður aldrei framfylgt með þeirri stefnu, sem nú á að taka upp.

Alþfl. hefur á Íslandi gengið fram fyrir skjöldu, einmitt þegar hann hefur verið að ryðja sér til rúms og unnið sína mestu kosningasigra, eins og 1934, í baráttunni fyrir áætlunarbúskap, í baráttu fyrir því að útrýma algerlega öllum glundroða þeirrar frjálsu verzlunar á Íslandi, þjóðnýta eða taka a. m. k. alveg yfirstjórn á utanríkisverzluninni, og stefnuskrá Alþfl. er enn þá um þjóðnýtingu og þar með á utanríkisverzluninni og atvinnurekstrinum og öðru slíku. Hún er alveg óbreytt frá því 1938. Þetta er í algerri mótsetningu við alla hans

stefnu frá upphafi vega. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað er það, sem veldur þessari algeru breytingu, sem þarna er orðin?

Ég hef tekið eftir því, að hæstv. ríkisstj. hefur gefið yfirlýsingu viðvíkjandi afstöðu til sexveldanna, þar sem mér skilst, að ríkisstj. raunverulega sýni meiri samúð viðleitni sexveldanna heldur en sjöveldanna í sameiningarmálum þessara tveggja flokka í þeirri kapítalistísku Evrópu, og ég hef orðið var við það hjá hæstv. viðskmrh., líka meðan við störfuðum saman að ríkisstj., sem við báðir studdum, að hann hefur haft miklar tilhneigingar til þess að vilja innlima Ísland, ef það væri mögulegt, án þess að glata alveg viðskiptunum austur á bóginn, í fríverzlunarsvæði, ef það yrði myndað sameiginlega af þeim ríkjum Vestur- og Norður-Evrópu, sem voru klofin. Við höfum deilt um það áður, og ég skal ekki ítreka það hér. Ég álít alla slíka stefnu stórskaðlega Íslandi. Ég álít, að pólitík Íslands geti aldrei orðið önnur en sú, ef við ætlum að halda okkar sjálfstæði, en að við rekum okkar þjóðarbúskap sem sjálfstæðan íslenzkan þjóðarbúskap og beitum okkar aðstöðu út á við gagnvart hvers konar blokkum, hvað sem þær kunna að heita og hvers kyns sem þær kunna að vera, og öðrum löndum, að við reynum að hafa okkar þjóðarbúskap sem allra bezt rekinn frá því sjónarmiði að geta hagnýtt okkur allar þær aðstæður, sem okkur opnast, hvar sem er í veröldinni, en allt sem snertir að einhverju leyti að innlima Ísland í eitthvert fríverzlunarkerfi eða eitthvert slíkt kerfi, hvert sem það væri, sósíalistískt eða kapítalistískt eða hvaða kapítalistískt kerfi sem það væri, allt slíkt álít ég hættulegt. Og það er aðeins hægt að skilja þessa pólitík og breytingu á afstöðu Alþfl. og hæstv. viðskmrh. frá því sjónarmiði, að það sé stefnt að slíkri innlimun Íslands, jafnvel þó að það kosti það, að afleiðingarnar verði að brjóta niður viðskiptin austur eftir, gera Ísland þannig svo að segja hlekk í slíku fríverzlunarsvæði. Og mér finnst á ræðu hæstv. viðskmrh., að það sé eins og hann vilji helzt ekki sjá, hverjar afleiðingarnar af þessu yrðu, en sé hins vegar það trúaður og það hrifinn af og hafi það miklar hugmyndir um möguleika Íslands á þessu sviði, að hann vilji vinna að þessu, alveg eins og hægt sé. Og ég vil vekja athygli hans á því, að þarna álít ég hann vera að leggja inn á glæfrabraut, hreina glæfrabraut. Það er að vísu gott að hafa mikla trú á því, sem maður er að vinna að. En það er því aðeins bezt, að menn vakni ekki upp einhvern daginn og staðreyndirnar eins og komi mönnum að óvörum. Þess vegna ver ég nú svona miklum tíma til þess að reyna að tína fram allt, sem ég sé af göllum við þetta, að ég hef þá trú, svo að ég endurtaki það, að hæstv. viðskmrh. sé að breyta í góðri trú, og þess vegna vegna vil ég, ef þess er nokkur kostur, gagnvart honum og hæstv. ríkisstj. reyna að sannfæra þá um, hvaða ófæru verið er að fara með Ísland út í.

Það er nauðsynlegt, þegar svona hlutir eru gerðir, að menn geri sér alveg ljósa sína persónulegu ábyrgð í þessu sambandi. Þeir menn, sem taka lán upp á 20 millj. dollara erlendis, ég trúi því ekki, að það sé nokkur maður svo ábyrgðarlaus að gera slíkt án þess að gera sér einhverja hugmynd um, hvernig á að borga það til baka. Er það meiningin, ef við stöndum uppi eins og 1952 með lokaða markaði meira eða minna í Englandi og þessum löndum, er það meiningin, að við eigum kannske að fara til Sovétríkjanna og segja: Viljið þið lána okkur peninga til þess að borga þessar skuldir, sem við erum komnir í, af því að við höfum verið svo óforsjálir? Er það meiningin að fara að eins og þá, þegar búið var að asnast út í að eyðileggja okkar markað austur frá og Bretarnir settu á okkur viðskiptabannið, að þáv. ríkisstj. varð að fara til Sovétríkjanna og biðja þau um að taka upp viðskipti og forða sér úr klónum á Bretanum? Eða hafa menn einhverjar hugmyndir varðandi þetta? Ef menn t. d. hefðu þær hugmyndir, að menn vissu af ákveðnum amerískum auðhringum, sem byðust til þess að setja stórfé í stórvirkjanir og stóriðju á Íslandi, sem gætu gefið mikið fé og gert okkur mögulegt að keppa, þá væru það þó privatkapítalistísk rök, sem ég að vísu mundi ekki beygja mig fyrir, vegna þess að ég væri á móti því að hagnýta slíkt, en ég gæti þó skilið frá sjónarmiði kapítalismans. Þess vegna lýsi ég eftir rökum og hvaða vonir það eru, sem þessi trú byggist á.

Ég álít, að þetta kerfi, sem nú er verið að innleiða, þýði að brjóta niður sjávarútveginn á Íslandi. Ég álít, að núna, þegar okkar sjómenn hamast við að draga fiskinn á land, gæftirnar betri en verið hefur um langt skeið og aflinn meiri, okkar sjómenn þræla lengur, þá hamist hæstv. ríkisstj. við að eyðileggja þeirra verk, — ég álít, að þetta muni þýða að brjóta niður sjávarútveginn á Íslandi. Og ef hæstv. ríkisstj. gæti sagt mér frá útgerðarmönnum, sem væru núna að gera ráðstafanir til þess að kaupa nýja báta og skip, en ekki bara frá því, sem enn þá er að koma eða enn þá er í smíðum fyrir tilstilli frá tímum vinstri stjórnarinnar, þá væri mér gleðiefni að heyra það. Ég álít í öðru lagi, að með þessu sé verið að skapa atvinnuleysi á Íslandi ofan á kaupránið og þá fátækt, sem það þýðir. Þess vegna stend ég algerlega á móti þessari stefnu.

Hæstv. viðskmrh. sagði í sínum hugleiðingum út af Alþfl. og hans pólitík, að afskipti ríkisins væru látin ganga svo langt, að frelsi einstaklinganna væri hætta búin. Þetta eru nokkuð almennar bollaleggingar. Öll stjórn einstakra atvinnurekenda á fyrirtækjum skerðir frelsi einstaklinga. Það, að einn maður skuli verða daglega að selja sitt vinnuafl á svokölluðum frjálsum vinnumarkaði, það er auðvitað skerðing á hans frelsi, að hann skuli ekki getað lifað á annan hátt. Það, sem sósíalisminn, jafnaðarstefnan frá upphafi hefur stefnt að, er að afnema það fyrirkomulag, að verkalýðurinn og launþegarnir og þeirra vinnuafl væri eins og vara, sem seld væri á frjálsum

markaði. Stefnan hefur verið að tryggja þeim afkomu, þannig að þeir gætu alltaf verið öruggir með atvinnu, það væri skylda þjóðfélagsins að tryggja það algerlega.

Stefna Alþfl. hefur verið þjóðnýting og er það enn, eftir því sem mér er bezt kunnugt. Hæstv. viðskmrh. talaði um þjóðnýtingu í þeim löndum, þar sem kommúnistaflokkar stjórna eða hafa forustu um stjórn, og það sé bara hægt að framkvæma fullkomna þjóðnýtingu með flokkseinræði. Það er rangt. Það er hægt að framkvæma þjóðnýtingu í algeru samræmi við allar okkar lýðræðisreglur. Við verðum að gá að einu, þegar við tölum um lýðræði. Það merkir tvennt. Það merkir ekki aðeins stjórnmálalegt lýðræði, það merkir líka efnahagslegt lýðræði. Það merkir, að jafnt eins og fjöldinn eigi að geta ráðið stjórn í einu ríki með sínu atkv., eins eigi hann að geta ráðið atvinnufyrirtækjunum líka, jafnvel í krafti atkvæða, vegna þess að þjóðfélagið eigi þau. Hvar sem einstakur atvinnurekandi á fyrirtæki og hefur svo og svo marga menn í sinni þjónustu, þá hefur hann þannig visst atvinnulegt einræði yfir þeim, þó að öll viðleitni verkalýðshreyfingarinnar hafi gengið út á það að reyna að takmarka þetta einræði atvinnurekandans sem mest og verkalýðshreyfingunni hafi orðið þar ákaflega mikið ágengt. En fullkomið lýðræði fæst ekki, fyrr en slík stór atvinnufyrirtæki eru orðin sameign þjóðarinnar á einn eða annan máta, getur verið með samvinnurekstri, með bæjarrekstri, með ríkisrekstri og öðru slíku, það eru mörg lýðræðisformin fyrir því. En eitt hefur þó alltaf verið höfuðatriðið og það meira að segja að svo miklu leyti sem við líka getum hugsað okkur einstaklingsbúskap í sósíalistísku þjóðfélagi, það er, að það sé fullkominn áætlunarbúskapur, að það sé gerð áætlun um þjóðarbúskapinn, um hans framleiðslu, um, hvað mikið fer til neyzlunnar, hve mikið fer til framleiðslunnar, í fjárfestingu í henni, þannig að þjóðfélagið sé alveg öruggt um sínar framfarir, um síbatnandi lífskjör, og það er a. m. k. á stefnuskrá Alþfl. enn sem komið er, og engar yfirlýsingar neinna ráðh. geta breytt því.

Hæstv. viðskmrh. sagði í hugleiðingum sínum um afskipti ríkisvaldsins, að ríkisvaldið ætti að örva framtak einstaklingsins. Jú, vissulega. En heldur hann, að hann sé að örva framtak einstaklinganna með 12% vöxtunum núna? Mér sýnist það ganga frekar út á að stöðva framtak einstaklinganna, að svo miklu leyti sem það enn þá vildi vinna í þjónustu almennings. Hann sagði, að ríkið héldi sinni forustu. Þá komum við að einu spursmáli í því sambandi, þ. e. hvers konar ríki. Hann fór allmikið inn á afskipti ríkisvaldsins og hélt, að það væri höfuðágreiningurinn á milli sósíalismans annars vegar og kapítalismans hins vegar, hvort ríkið skipti sér af þessum hlutum eða ekki. Það er alveg rétt hjá honum, að það eru fáir borgaraflokkar lengur svo afturhaldssamir, að þeim detti í hug, að ríkið eigi ekki að skipta sér af atvinnurekstri. Sú gamla afturhaldsstefna er yfirleitt dauð, þó að það séu til afturgöngur, sem enn þá eru að tala um slíkt. En það, sem gerzt hefur á okkar tímum, er, að ríkið, ríkisvaldið, hefur í svo og svo mörgum löndum orðið tæki sjálfrar auðmannastéttarinnar til afskipta í hennar þágu af atvinnulífinu. Það, sem skilur milli okkar sósíalista og kapítalismans, er ekki, hvort við viljum afskipti ríkisins eða afskipti ríkisins ekki, heldur hitt, hvort við viljum beita afskiptum ríkisins í þágu alþýðunnar, til þess að henni geti vegnað betur, m. a. með því móti, að þjóðfélagið verði betur skipulagt, hagsmunum verkalýðsins betur borgið og annað slíkt, eða hvort við viljum afskipti ríkisvaldsins í þjónustu einka-atvinnurekendanna, í þágu þeirra, þannig að þeim vegni betur, en alþýðunni verr. Privatkapítalistar hafa ekkert á móti því, ég held meira að segja, að nafni minn, hv. 3. þm. Austf., hafi ekkert á móti afskiptum ríkisins af atvinnurekstrinum öðru hvoru, ef það er bara í þjónustu auðmannastéttarinnar. Mér sýnist t. d. allur Sjálfstfl. og öll auðmannastéttin hér í Reykjavík standa þó nokkuð ákveðið um það, a. m. k. auðmannastéttin, að afskipti ríkisins til þess að minnka laun verkamanna, eins og ríkisstj. nú hefur gert, það séu mjög góð afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu. Það er þetta, sem okkur greinir á, og Alþfl. hefur aldrei fyrr í allri sinni pólitík gengið inn á að gera þá hluti, sem hann gerir nú í þessum efnum. Alþfl. hefur áður farið út úr ríkisstj., þegar svona hlutir hafa verið gerðir, eins og 1942, þegar gerðardómurinn er settur, eða 1950, þegar gengislækkun er skellt á. Alþfl. virðist hafa alveg gersamlega skipt um stefnu þarna nú, og það, sem er að gerast nú, er, að ríkisvaldið er notað sem miskunnarlaust kúgunarvald af hálfu einkaauðmannastéttarinnar á Íslandi á móti launþegunum á Íslandi og Alþfl. tekur þátt í því. Það er það, sem hefur gerzt. Spurningin er ekki um að hagnýta ríkisvaldið, hvort menn vilja láta ríkisvaldið hafa afskipti af þessum málum eða ekki. Spursmálið er: Hverjum til góðs hefur ríkisvaldið afskipti, hverjum í hag, í hvers þágu? Hvaða stétt er það, sem heldur á ríkisvaldinu og beitir því? — Það er auðmannastéttin, sem er að beita ríkisvaldinu núna, og jafnvel hæstv. viðskmrh. segir, að það verði að vera ströng stjórn og það megi ekki bíða með nýjar gengislækkanir, svo framarlega sem ríkisstjórninni finnist það nauðsynlegt. Það er sama ákvæðið, sem Alþfl. m. a. fékk tekið út úr gengislækkunarlögunum 1950, hótanir um gengislækkanir og kauplækkanir þá, þær hótanir virðast vera á lofti nú.

Ég gekk í Alþfl. fyrir tæpum 40 árum, og ég held, að ég hafi alla tíð reynzt trúr þeirri stefnu, sem hann þá barðist fyrir, þeirri stefnu að vilja útrýma fátækt á Íslandi, þeirri stefnu að vilja koma á lýðræði í þjóðfélaginu og atvinnulífinu, þeirri stefnu að vilja koma á sameign almennings, hvort heldur væri með ríkisrekstri, bæjarrekstri, samvinnufélögum, og

láta sérrekstur gilda, en undir yfirstjórn almennings í landinu, og sem höfuðatriði í þessu öllu saman, innsta kjarnanum í allri jafnaðarstefnunni, í öllum sósíalismanum: frelsi verkalýðsstéttarinnar. Móti öllu þessu er Alþfl. að berjast nú. Hann er að koma á fátækt, þar sem okkur hafði tekizt að skapa bjargálnir með áratuga baráttu verkalýðsins. Hann er að skapa og koma á einræði auðmannastéttar yfir atvinnulífinu, og það er harðstjórn. Hann er að hjálpa privatkapítalistunum til þess að fara svo að segja að koma á einkaeign atvinnufyrirtækja, þar sem var ríkiseign áður, eins og vitað er að stór hluti Sjálfstfl. stefnir að núna og hefur ekki farið neitt dult með. Og Alþfl. er beinlínis að skerða frelsi verkalýðssamtakanna og rjúfa þeirra samninga með þeim lögum, sem hann hefur látið samþykkja á Alþ. nú, þannig að öll þessi stefna er þveröfug við jafnaðarstefnuna og við sósíalismann, og beiting ríkisvaldsins, sem Alþfl. hefur í frammi nú með Sjálfstfl., er einkaauðvaldinu á Íslandi til góða, og meira að segja ríkisstofnanir, sem hér hafa verið skapaðar, eins og bankarnir og annað slíkt, er látið bókstaflega í þjónustu einkaatvinnurekendanna á Íslandi með þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru. Ég er á móti þessu og álít, að Alþfl. hafi stigið með því þau spor, sem séu að setja hann út úr verkalýðshreyfingunni, og hann sé að kasta með því síðustu leifunum af sinni sósíalistísku stefnu, ef hann ekki snýr við á þessari braut. Og það er ekki vegna þess, að ég hafi ekki trú á, að það sé hægt að koma á sósíalisma á Íslandi og ætla að stjórna Íslandi sem sósíalistísku landi öðruvísi en með flokkseinræði. Ég álít, að Ísland geti verið fyrirmyndarland í veröldinni um að koma á sósíalisma með því að viðhalda öllu því lýðræði, sem við höfum í landinu núna, og öllu okkar þingræði, og ég álít, að Ísland geti verið brautryðjandi land í þessum efnum, — með þeim lífskjörum, sem við þrátt fyrir allan okkar böksulega búskap höfum skapað á Íslandi, sé hægt að gera þetta land að fyrirmynd fyrir önnur lönd veraldar um stjórnarfar, bæði ökonómískt og pólitískt, ef við aðeins reynum að læra af þeim mistökum, sem við höfum gert, ef við reynum að hafa góða stjórn á okkar þjóðarbúskap í staðinn fyrir slæma stundum og tvístígandi. En ég álít, að það, sem verið sé að gera með því, sem ríkisstj. nú er að fara inn á, sé að hverfa burt frá öllum þeim tilraunum, sem allir stjórnmálaflokkarnir, sem nú sitja á Alþ., hafa tekið meira eða minna þátt í á síðustu 20 árum, að reyna að stjórna íslenzku þjóðarbúi sem heild með hagsmuni íslenzku þjóðarinnar fyrir augum, með sjálfstæði íslenzks þjóðarbúskapar að takmarki, með velferð alþýðunnar alveg sérstaklega að aðalhugsjón. Ég álít, að það sé verið að gefast upp við þetta, fleygja allri þessari viðleitni fyrir borð, gerast meira eða minna stjórnlaust rekald undir áhrifum einkaauðvalds í París og Washington, undir misvitrum ráðleggingum þeirra sérfræðinga, sem ríkisstj. nú tekur allt of mikil tillit til. Ég álít hörmulegt og dýrt fyrir okkar þjóð og okkar þjóðarbúskap, ef inn á þetta er farið. Ég verð að segja hreinskilnislega: Mig hálfhryllir við, að alþýða manna þurfi að fara að taka við á eftir og borga fyrir þetta, sem við sjáum alveg, hvernig muni fara, og menn gætu sloppið við, ef menn fengjust til þess að taka rökum í þessum málum og ef menn væru þá ekki búnir að binda sig of mikið á þann erlenda skuldaklafa, sem Ísland er nú að komast á, þannig að þeir geti ekki snúið til baka. En ef þess er nokkur kostur, þá vil ég biðja hæstv. ríkisstj., ef hún hefur nokkra ábyrgðartilfinningu fyrir því, sem hún er að gera, og ef hún er sjálfráð verka sinna, að athuga sinn gang, áður en lengra er farið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:5 atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 343 og 347).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. og rætt efni þess á þrem fundum. Auk nm. sat hr. Jónas Haralz ráðuneytisstjóri fundina, og hæstv. viðskmrh. sat einn fundinn. Gáfu þeir n. ýmsar upplýsingar og skýrðu frv. í heild og einstakar greinar þess. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og munu minni hl. skila sérálitum og gera grein fyrir sínum skoðunum, en í minn hlut hefur komið að skýra afstöðu meiri hl., sem leggur til, að frv. verði samþ. með einni smávægilegri viðbót.

Þetta frv. fjallar um efnahagsmál. Þó er það aðeins hluti af heildarstefnu, en snertir þó hagsmuni allrar þjóðarinnar og afkomu. Eins og hæstv. viðskmrh. benti á í ýtarlegri og fróðlegri framsöguræðu, er hann fylgdi frv. úr hlaði, er það liður í aðgerðum í efnahagsmálum, sem verið er að hrinda í framkvæmd og marka kunna þáttaskil í efnahagsmálasögu Íslendinga.

Það er margt, sem mótar efnahag og afkomu þjóðar. Fyrst og fremst landið sjálft og gæði þess. Þá er það nýting landkostanna, tækni og fjármagn, sem til ráðstöfunar eru, búskaparhættir eða hagkerfi þjóðarinnar, viðskipti hennar við önnur ríki og svo þjóðin sjálf, mannfólkið, sem er aðalauðlegð hvers lands og ríkis eða höfuðstóll sjálfstæðrar þjóðar.

Þetta frv. fjallar um viðskiptin við önnur ríki fyrst og fremst, þ. e. a. s. verzlunarpólitík hins íslenzka ríkis, en hún er veigamikill þáttur hinnar almennu efnahagsmálastefnu. Pen-

inga- og verzlunarpólitík lands eru þeir hemlar, sem úrslitum geta ráðið um þróun þjóðarbúskapar og einkabúskapar eða a. m. k. skorið þróunarmöguleikum þeirra stakk. Verzlunarpólitíkin hlýtur að vera hluti af hinni almennu efnahagsmálastefnu. Efnahagsmálastefna þessarar stjórnar, viðreisnarstefnan, er að tryggja þjóðinni næga atvinnu og helzt stöðugt batnandi lífskjör. Þessum markmiðum hyggst stjórnin fyrst og fremst ná með aukinni framleiðslu og sem hagkvæmastri sölu á afurðum landsmanna og innkaupum á nauðsynjum þeirra. Takmark þessarar verzlunarpólitíkur er að gera okkur fært að vera öllum sem óháðastir í viðskiptum, að gera okkur kleift að kaupa nauðsynjar okkar í sem ríkustum mæli þar, sem þær eru beztar, ódýrastar og hentugastar, og með þeim hætti að verða aðilar að sem frjálsustum viðskiptaheimi.

Aðaláhættan fyrir þjóð með tiltölulega ríka þörf fyrir umfangsmikla utanríkisverzlun, fjölbreyttar innflutningsþarfir, en einhæfa útflutningsframleiðslu, er að verða einstökum mörkuðum of háð. Af þessu höfum við Íslendingar vissulega bitra reynslu, þegar saltfiskmarkaðurinn brást á kreppuárunum, þegar ísfiskmarkaður Bretlands lokaðist, þegar síldarmarkaður Sviþjóðar gekk saman, svo að nokkuð sé nefnt. Svo einkennilegt sem það kann samt að virðast, fyrirfinnast þeir í hópi stjórnarandstöðunnar, sem einlæglega trúa því, að það sé beint æskilegt að gera okkur með jafnkeypissamningum sem allra háðasta ákveðnum mörkuðum með sem stærstan hluta af framleiðslu okkar og að góð lífskjör verði yfirleitt einungis tryggð með höftum á öllum sviðum viðskipta og framleiðslu. Við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. erum hins vegar þeirrar skoðunar, að góð lífskjör verði helzt tryggð með sem allra víðtækustu athafna- og verzlunarfrelsi. Þetta er engin fræðileg deila, heldur mat á staðreyndum og fenginni reynslu. Það eru vissulega ekki Bright og Cobden eða Marx og Lenin, sem eiga að gefa okkur forskriftir í efnahagsmálum í dag, rök gærdagsins duga ekki nema að takmörkuðu leyti í dag. En reynslan er þó jafnan lærdómsrík.

Þær aðgerðir, sem nú eru fyrirhugaðar í innflutnings- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar og felast í þessu lagafrv., verða ekki skildar til fullnustu, nema þær séu skoðaðar í ljósi liðinnar íslenzkrar verzlunarsögu og hafður sé í huga, að vísu stuttur, en töluvert viðburðaríkur ferill íslenzku krónunnar og gengis hennar eða skiptihlutfalls gagnvart öðrum myntum. Í þá hálfa þriðju öld, sem íslenzk utanríkisverzlun hefur verið ófrjálsust, „skipulögðust", hafa lífskjörin verið einna lökust í landinu, fátæktin mest og framtakið minnst. Hver áfangi til frelsis þýddi auknar framfarir. Áfangastaðirnir voru árið 1789, er verzlunin var gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs, árið 1854, er hún var gefin algerlega frjáls hverjum þeim, er hér vildi reka viðskipti. Að fullum notum kom þetta frelsi þó ekki fyrr en landsmenn fengu nokkurt fé milli handa og þá fyrst og fremst með tilkomu íslenzkrar myntar. Krónan var tekin upp sem mynt á Íslandi, þegar stofnað var til Norræna myntbandalagsins árið 1873. Með því var lagður grundvöllur að dönsku krónunni, sem kom þó ekki í umferð fyrr en 2 árum síðar. Alíslenzk mynt kom svo ekki til sögunnar fyrr en með landssjóðsseðlunum, sem gefnir voru út samkvæmt lögum um stofnun Landsbanka Íslands, nr. 14 frá 18. sept. 1885. Þar með var stofnað til alíslenzkrar myntar og íslenzks gjaldeyris. Síðan hafa orðið margar breytingar á útgáfu íslenzkra peninga, sem hér er ekki tilætlunin að rekja að öðru en því, að sjálfstætt gengi gagnvart öðrum myntum öðlaðist íslenzka krónan ekki fyrr en árið 1922. Fram til þessa hafði gengi hennar jafnan fylgt gengi dönsku krónunnar, en frá því í júlímánuði 1922 hefur íslenzka krónan verið sjálfstæð mynt með eigin gengi.

Sjálfstæði íslenzku krónunnar í viðskiptum við aðrar þjóðir er því ekki nema tæpra 40 ára. Þótt aldurinn sé ekki hár, hefur þó saga þessara ára verið viðburðarík í íslenzkum peningamálum, því að á þessu árabili hefur gengi krónunnar verið fellt 6 sinnum eða að meðaltali sjötta hvert ár, og má þó fullyrða, að yfirleitt hafi verið forðazt í lengstu lög að stíga spor gengisfellingarinnar hverju sinni. Og ráðin, sem menn hafa oftast gripið til, til þess að komast hjá gengisfellingu, hafa verið viðskipta- og gjaldeyrishöft í einu eða öðru formi. 3/4 af lífdögum íslenzku krónunnar höfum við búið við einhvers konar verzlunarhöft. Höftin eiga nefnilega senn 30 ára afmæli, því að það var í októbermánuði árið 1931, að gefnar voru út tvær reglugerðir, sem veittu Landsbanka Íslands og Útvegsbankanum einkaleyfi til verzlunar með erlendan gjaldeyri og lögðu hömlur á innflutning nokkurra vörutegunda. Reglugerðir þessar voru gefnar út á grundvelli laga frá 8. marz árið 1920, sem heimiluðu ríkisstj. að takmarka eða banna innflutning á óþarfavarningi. Höftin frá 1931 áttu að vera vörn Íslendinga í fangbrögðum við heimskreppuna, sem orsakað hafði hrun á mörkuðum okkar og um 50% verðfall á útflutningsafurðunum. Síðan var þrívegis hert á höftunum fram að stríði, eða með lögum frá árunum 1934, 1935 og 1937. Á ófriðarárunum var höftunum viðhaldið, ekki svo mjög vegna gjaldeyrisskorts, heldur vegna vöruskorts af völdum erfiðra aðflutninga. Að ófriðnum loknum jókst svo eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri vegna rangrar gengisskráningar svo mjög, að árið 1947 var enn hert á höftunum með lögum um fjárhagsráð, sem er harðsoðnasta haftalöggjöf, sem komið hefur verið á hér á landi, og átti sér enga hliðstæðu skyldari en áætlunarbúskap járntjaldslandanna. Eina skiptið á öllu þessu árabili, sem alvarleg tilraun var gerð til þess að létta höftunum af, var eftir gengisfellinguna árið 1950. Því miður tókst sú tilraun ekki nema að takmörkuðu leyti vegna aflaleysis, erfiðra

viðskiptakjara af völdum Kóreustyrjaldarinnar og sökum þess, að engir gjaldeyrisvarasjóðir voru þá fyrir hendi til þess að brúa bilið, meðan nýtt jafnvægi væri að myndast. Eftir að misvægið tók aftur að vaxa í þjóðarbúskapnum árið 1955 og fram til s. l. árs, hefur svo innflutnings- og gjaldeyrishöftum verið beitt með stöðugt meiri harðneskju.

Það, sem í raun og veru er athyglisverðast við þessa 30 ára gömlu íslenzku haftasögu, er, að höftin hafa aldrei dugað til þess að vernda verðgildi íslenzku krónunnar, eins og þeim var ætlað. Þrátt fyrir höftin 1931—1939 varð að fella gengi íslenzku krónunnar árið 1939. Þrátt fyrir höftin 1947—1950 varð að fella gengi krónunnar árið 1950. Og þrátt fyrir höftin 1956—1960 varð að fella gengi krónunnar árið 1960. Höft í viðskiptum milli landa eru nefnilega engin lækning meinsemda, því að þau beinast ekki að sjúkdómsorsökinni, heldur glíma aðeins við ytri einkenni sjúkdómsins. Þau eru hrossalækning, sem getur skotið vandanum á frest, og geta verið forsvaranleg neyðarúrræði um stundarsakir, en þau leysa ekki vandann varanlega, til þess eru önnur úrræði nauðsynleg. Vil ég mjög taka undir þau ummæli hæstv. viðskmrh., er hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Að því er gjaldeyris- og innflutningshöftin snertir, geta bæði jafnaðarmenn og borgaralegir flokkar verið sammála um það og hafa verið það í öðrum löndum, að þau eru hvorki nauðsynleg né heppileg í stjórn efnahagsmálanna“. Og ég vil þó ganga feti framar, því að ég tel, að verzlunarhöft séu ekki einungis oftast óheppileg og gagnslítil tæki til þess að ráða við þau viðfangsefni í þjóðarbúskapnum, sem þeim er ætlað að leysa, heldur séu þau þjóðinni og atvinnulífi hennar beint til tjóns, enda var það enginn óraunsærri maður en John Maynard Keynes, trúlega nafnkunnasti hagfræðingur 20. aldarinnar og ráðunautur ríkisstjórna um víða veröld í efnahagsmálum, sem svo komst að orði, með leyfi forseta: „Allar verzlunarhömlur eru tæki, sem þjóðirnar hafa fundið upp til þess að gera sjálfa sig og aðra fátækari.“

Þessi afstaða til haftabúskaparins kann að koma sumum af yngstu kynslóðinni, sem þekkir ekkert nema höft, ókunnuglega fyrir sjónir. Við höfum búið svo lengi við höft, að sumir halda þau eðlilegan þátt borgaralegs efnahagskerfis. En það er vissulega neikvæður þáttur í íslenzku hugviti, sú mikla frjósemi og gróska, sem reynzt hefur vera fyrir hendi við uppfinningu nýrra og nýrra haftaafbrigða, oftast í nafni hagsbóta til handa alþýðu manna, slík öfugmæli sem það nú eru, því að eins og dr. Jóhannes Nordal hefur svo skýrlega fært sönnur á í greinum í Fjármálatíðindum Landsbankans, með leyfi forseta: „er haftakerfið í raun réttri ein höfuðorsök óeðlilegrar gróðamyndunar og verndar því ekki almenning gegn gróðaöflunum,“ heldur tryggja þau einmitt fáum útvöldum óeðlilegan hagnað á kostnað hins almenna neytanda. Viðskiptahömlur eru því mjög óæskilegar fyrir allan þorra fólks, þótt hinu sé ekki að neita, að skyndilegar efnahagsbreytingar eða jafnvægisskerðing á viðskiptum milli landa geti neytt til þvílíkra aðgerða sem neyðarráðstafana um stundarsakir, meðan verið er að finna nýjan jafnvægisgrundvöll. Hitt er aftur hagsmunum alþjóðar algerlega fjandsamlegt, að höftin séu gerð að varanlegu ástandi eða bókstaflega innlimuð í hagkerfi þjóðarinnar til frambúðar, eins og gert hefur verið hér á landi, og þannig hindruð um ófyrirsjáanlega framtíð myndun nýs jafnvægis, tildrað upp gervibúskap, þar sem verðmyndunarlögmálið er sett úr skorðum og framleiðsla, dreifing og tekjuskipting meðal þegnanna að mestu keyrð undir alveldi ríkisins. Með nýjum höftum, skipulagningu, nefndum og áætlunarbúskap er engrar lausnar að vænta á vandamáli þessu, því að vandamálin halda áfram að vera vandamál, þótt skipt sé um nafn á þeim, og vitleysan að vera vitleysa, þótt hún sé skipulögð. Í stuttu máli, viðskiptahöftin, haftabúskapurinn, eru skaðleg vegna þess, að þegar til lengdar lætur, þá hindra þau raunverulega jafnvægismyndun í þjóðarbúskapnum, skekkja byggingu atvinnulífsins og gera misvægið að lokum óviðráðanlegt. Þau draga úr framförunum, minnka framleiðsluaukninguna og framleiðni fyrirtækjanna, hindra eðlilega framsækni og árvekni atvinnurekendanna, sljóvga áhugann fyrir öflun nýrra markaða, mismuna þegnunum, hafa í för með sér kostnað og leiða að lokum oft til beinnar spillingar í viðskiptalífinu. Af þessum ástæðum, einni og öllum, hefur núv. ríkisstj. góðu heilli ákveðið að hverfa frá þessu 30 ára gamla haftakerfi og stíga fyrstu sporin til frjálsari viðskiptahátta. Hæstv. ríkisstj. getur því að vissu leyti svarað haftapostulunum á svipaðan hátt og dr. Erhard efnahagsmálaráðh. Þjóðverja svaraði Clay hershöfðingja Bandamanna þar í landi á árunum. Clay sagði við ráðherrann: „Dirfizt þér að breyta fyrirætlunum herstjórnarinnar í efnahagsmálum.“ Og þá svaraði dr. Erhard: „Ég hef ekki breytt þeim, ég hef afnumið þær.“

En hvert er þá það viðskiptakerfi, sem að er stefnt, og hvaða kosti hefur það til að bera fram yfir önnur viðskiptakerfi? Það kerfi viðskipta, sem felst m. a. í því frv., sem hér er til umr., hefur verið nefnt fríverzlunarkerfið. Það er kerfi, sem gefur öllum jafnan rétt til verzlunar, ívilnar hvorki né íþyngir og skapar hvorki einstaklingum í ákveðnum hópum neina réttarlega né raunverulega sérstöðu til verzlunarrekstrar, og á þetta jafnt við um verzlun milli ríkja og innanlands. Rök fríverzlunarstefnunnar eru klár og einföld og öllum auðskilin. Þau byggja á staðreynd verkaskiptingar einstaklinga, stétta, byggða og þjóða, sem eykur framleiðsluna, og þeirri staðreynd, að frjáls viðskipti allra þessara aðila auka velmegun þeirra allra.

Ef fella á dóm um það, hvort eitt verzlunarkerfi sé öðru æskilegra og fremra, verður fyrst að gera sér ljóst, hvaða mælikvarða á að leggja á kosti og bresti, eða m. ö. o. að slá föstu, hver sé tilgangur og markmið hagkerfis þjóðarinnar í heild. Þessi markmið geta verið tvenns konar, hagræn eða pólitísk. Við ákvörðun á íslenzkri verzlunarstefnu liggur það í hlutarins eðli, að hagræna sjónarmiðið á að vera það, sem mestu ræður. Markmið íslenzkrar verzlunarstefnu hlýtur því fyrst og fremst að vera að auka þjóðartekjurnar og þjóðarauð Íslendinga. Þetta gerist bezt með þátttöku Íslendinga í verkaskiptingu þjóðanna fyrir tilstilli frjálsrar utanríkisverzlunar, því að með þeim hætti fær þjóðin ódýrari vörur, betri vörur, meira vörumagn og aukið vöruval. Þetta hefur svo í för með sér auknar þjóðartekjur, meiri velmegun og fjölbreyttari lífnaðarhætti. Svo sannarlega ættu þessi grundvallarsannindi að vera Íslendingum öðrum þjóðum fremur ljós, einkum og sér í lagi hafandi hugfastar eftirtaldar staðreyndir: Aðal-, ef ekki einu auðlindir landsins eru fiskimiðin við strendurnar og orka vatnsfalla og heitra hvera. Við þurfum hins vegar að flytja inn allan kornmat og margar aðrar tegundir matvæla, sömuleiðis megnið af nauðsynlegum fatnaði, byggingarefni, kol og olíur, vélar og tæki, ef framleiðslan á að ganga sinn gang og við að lifa skaplegu lífi í landinu. Til greiðslu á þessum margvíslega varningi verðum við að flytja út framleiðslu, sem frá náttúrunnar hendi er mjög fábreytileg, aðallega fáeinar tegundir sjávarafurða. Íslendingum hentar því alþjóðleg verkaskipting flestum þjóðum betur, enda má fullyrða, að frjáls utanríkisverzlun sé þjóðinni bráð lífsnauðsyn. Sérhverjar hömlur, sem aðrar þjóðir leggja á innflutning og útflutningsafurðir okkar, og þau höft, sem við setjum á innflutning erlendra vara hingað til lands, gera lífsafkomu okkar lakari, því að þeim mun minna vörumagn og vöruval stendur okkur til ráðstöfunar og að sama skapi verður vöruverðið líka oftast hærra. Ekkert annað verzlunarkerfi uppfyllir betur hagrænar þarfir þjóðarinnar en fríverzlunarkerfið í heild. Verndartollakerfið gerir vörurnar dýrari og rýrir þannig lífsafkomu borgaranna. Haftakerfið minnkar vöruval og vörugæði og rýrir þannig lífskjör. Og öllum hinum ófrjálsu kerfum er það sameiginlegt, að þau mismuna þegnunum, ýmist ívilna einni stétt á kostnað annarrar eða ota tota einhverra einstaklinga og bera þá samtímis hlut annarra fyrir borð. Það er því vafalaust, að fríverzlunarkerfið er hið ákjósanlega, enda þótt það sé auðvitað fjarri því að vera án ágalla fremur en önnur mannanna verk. Það má og í raun og veru segja, að fríverzlunarkerfið sé eina lýðræðislega og félagslega — sósíala — verzlunarkerfið, því að þar eru völdin lögð í hendur þegnanna, en ekki ríkisins, embættismanna eða einokunar. Það verða þó ekki stofnanir eða stjórnir, sem ákvarðanir taka, heldur sá óbreytti borgari. Völdunum er þar með aftur skilað í hendur þegnunum. Innflytjendur, kaupmenn eða kaupfélög, verða þjónar fólksins, sem reyna að hafa á boðstólum þær vörur, sem óskað er eftir. Neytendurnir kaupa vörurnar þar, sem þeir fá þær beztar og ódýrastar, og knýja þá, sem vörurnar selja, til samkeppni. Þannig verður neytandinn húsbóndi á sínu eigin heimili og þarf ekki að haga neyzlu sinni og lífsvenjum eftir kennisetningum eða kenjum einhverra embættismanna eða nefnda, sem á tímum hafta eru allsráðandi um það, hvað almenningur leggur sér til munns og hverju hann klæðist. Þegnarnir þurfa enga slíka opinbera forsjá, þeir vita sjálfir bezt, hvar skórinn kreppir. Með frjálsri verzlun myndast þannig víst lýðræði í atvinnumálum, hliðstætt því, sem menn njóta í stjórnmálum, því að hver neytandi fer þar með sitt atkvæði og hefur með eftirspurn sinni bein áhrif á verðlag, vöruval, vörugæði, framleiðsluna sjálfa og innflutning til landsins.

Hitt er auðvitað jafnljóst, að það þarf tvo til að kaup takist. Við kaupum ekki frjálst, nema frjálst sé af okkur keypt og án skilyrða. Við getum því stundum af illri nauðsyn orðið að slá af óskum okkar eða a. m. k. að sækja fram til frelsisins í áföngum. Því hljótum við að fagna því, að sem flestar þjóðir vilja fara hina frjálsu leið í millilandaviðskiptum, því að þeim mun auðveldari verða okkur frjáls viðskipti við þær. Þess skulum við þá líka vera minnugir, að ef viðskiptin verða frjáls, þá getur samkeppnin ein, hæfnin ein tryggt öryggi okkar. Þá verða það vörugæði og verð framleiðslu okkar, sem lífskjörin munu skammta, en hvorki erlend lán né jafnkeypisviðskipti.

Í anda þeirrar stefnu, sem ég hér hef gert grein fyrir, er frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála samið. Hæstv. viðskmrh. ræddi efni frv. svo nákvæmlega í framsöguræðu sinni við 1. umr. um frv., að ég ætla að leyfa mér að fara fljótt yfir þá sögu. Kjarni málsins felst raunverulega í þeirri setningu, sem 1. gr. I. kafla frv. hefst á, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls.“ Þessi er hin stefnumarkandi höfuðyfirlýsing frv. Að vísu er hún síðar í frv. nokkuð þrengd með heimild til ríkisstj. um að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunni að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum. Með frv. þessu, svo langt sem það nær, er þó tvímælalaust stigið fyrsta stóra sporið frá 30 ára haftabúskap, sem við höfum orðið að lúta. Innflutningsskrifstofan er lögð niður og leyfaveitingar, að svo miklu leyti sem þær halda áfram, gerðar að almennum bankamálum. Þá er jafnframt með frv. þessu létt af 13 ára gömlum fjárfestingarhömlum og þar með síðustu leifar fjárhagsráðs til grafar bornar. Í sama mund hefur ríkisstj. veitt eftirhreytum skömmtunarkerfisins náðarhöggið.

Persónulega leyfi ég mér að láta í ljós þá

skoðun, að hin 20 ára gömlu verðlagshöft hefðu að mínum dómi einnig mátt leggjast í þá sömu gröf, því að verzlunarhöft, fjárfestingarhöft, skömmtun og verðlagshöft eru að mínu viti allt meðlimir sömu Bakkabræðrafjölskyldunnar, sem of lengi hefur farið með stjórn íslenzkra efnahagsmála. En þessi skoðun verður að skrifast á minn reikning, en ekki meðnm. minna eða hæstv. ríkisstj.

Fjárfestingarhöftin verða sem sagt lögð niður og þá samtímis felld úr gildi lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum, sem við berum hér fram brtt. um á þskj. 343, og er borgurunum þannig að nýju fengin í hendur frjáls ráðstöfunarréttur á húsum sínum og fasteignum. Löggjöf þessi hefur vafalaust alltaf orkað tvímælis, en er orðin tilgangslaus, eftir að mönnum verður nú heimilað að byggja eftir getu og þörfum, jafnt íbúðarhúsnæði sem húsnæði til atvinnurekstrar. Varðandi fjárfestingarmálin má svo geta þess, að frv. gerir ráð fyrir, að Framkvæmdabanki Íslands hafi með höndum skýrslugerð um alla byggingarstarfsemi í landinu. Þá hefur þessi nýskipan og í för með sér, að enn ein nefndin leggur upp laupana, og er það jeppaúthlutunarnefndin svokallaða. Varðandi útflutningsverzlunina kveður frv. svo á um, að útflutningsnefnd skuli hverfa úr sögunni, en störf hennar falin einhverju rn., eins og áður tíðkaðist. Er ekki að efa, að almennt muni því fagnað, að með frv. þessu týna nokkrar af nefndum þjóðfélagsins tölunni.

Stjórnarandstaðan hefur við 1. umr., í n. og í blöðum sínum gagnrýnt frv. þetta töluvert, og mun ég nú víkja að þeirri gagnrýni í stórum dráttum. Gagnrýni stjórnarandstöðuflokkanna er af mjög ólíkum toga spunnin. Annar stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþb., hefur miklað mjög fyrir sér þá stefnubreyt. í efnahagsmálum, sem leiða muni af frv. þessu, og, svo að notuð séu orð hv. 3. þm. Reykv. (EOl), nefnt þessar aðgerðir „gagnbyltingu auðvaldsins á Íslandi.“ Fyrir þá, sem eru ekki vel heima í orðfæri kommúnista, má geta þess, að svipuðu nafni var uppreisn ungversku þjóðarinnar nefnd á sínum tíma, gagnbylting auðvaldsins þarlendis. Framsóknarmenn vilja hins vegar gera hlut frv. sem minnstan og segja t. d. í fyrirsögn í Tímanum 9. þ. m., með leyfi hæstv. forseta: „Höftin haldast áfram. Skipt um nöfn á nefndum.“

Ég mun nú fyrst víkja að gagnrýni þeirra framsóknarmanna og get verið fáorður, því að þar er ekki af ýkjamiklu að taka. Það er þá fyrst og fremst almennt að segja um afstöðu Framsóknarfl. til haftabúskaparins, að hún hefur verið tvínónandi og tækifærissinnuð. Upphaflega var Framsfl. eindreginn haftaflokkur og sá eiginlegi ættfaðir þeirrar stefnu hér á landi. Mér er þó til efs, að til þess hafi legið hugsjónalegar — ídeológiskar — ástæður, heldur hitt, að höftin voru beinn hagnýtur þáttur í uppbyggingu valdakerfis Framsfl. Höftin þjónuðu Framsfl. sérlega vel í því mikla átaki að sveigja innflutningsverzlunina að verulegum hluta undir ofurvald Sambandsins. Þetta tilræði tókst fyrir atbeina haftanna og hefði sennilega aldrei tekizt með öðrum hætti en þeirri aðstöðu og þeim vinnubrögðum, sem harðsvírað haftakerfi veitti óbilgjörnum handhöfum þess. En þegar höftin gerðust óvinsæl, venti Framsókn sínu kvæði í kross og sagði, eins og lesa má í leiðara Tímans 23. þ. m., með leyfi hæstv. forseta: „Nú dettur að sjálfsögðu engum í hug að viðhalda höftum haftanna vegna,“ stendur þar. Og þessi mun, a. m. k. á yfirborðinu, vera stefna flokksins í dag, og skal þó raunar játað, að þegar árið 1941 gaf milliþn. í gjaldeyrismálum, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) var formaður í, út álit, þar sem svo er að orði komizt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt n. hafi þannig ekki getað orðið sammála um það, hvort grípa skuli til innflutningshafta eða annarra ráðstafana til að bæta úr gjaldeyrisskorti, er hún hins vegar sammála um það, að innflutningshöft eru ástæðulaus, ef ekki er um gjaldeyrisskort eða hættu á gjaldeyrisskorti að ræða, enda ekki þær aðstæður fyrir hendi, sem innflutningshöftum er ætlað að bæta úr. Er það einróma álit n., að tímabært hefði verið að afnema innflutningshöftin á s. l. ári, ef sérstakt ástand hefði ekki skapazt vegna ófriðarins.“

Satt að segja sé ég nú ekki, hvernig framsóknarmenn geta verið á móti frv. þessu án þess að vera sjálfum sér ósamkvæmir eða a. m. k. ekki samkvæmir þeim orðum forustumanns síns, sem ég hér hef tilfært. Þeir geta að vísu verið á móti frv., ef þeir telja, að aðstæður séu ekki fyrir hendi til þess að afnema höftin, en þau rök hafa þeir a. m. k. enn ekki fært hér fram. Þeir geta hins vegar ekki verið andvígir frv. sökum þess, að í því felist engin veruleg breyt. frá því, sem er, eða a. m. k. getur það varla verið þeim neitt kappsmál að ganga gegn frv., sem aðeins feli í sér staðfestingu á þeirri stefnu, sem stjórn undir forsæti formanns þeirra hefði að undanförnu rekið. Telji þeir hins vegar þá stefnu úrelta og frv. stjórnarflokkanna ekki ganga nógu langt til nýbreytni, ber þeim sjálfum að marka aðra nýja stefnu, en slíkt hafa þeir einnig látið undir höfuð leggjast að bera hér fram. Mér sýnist því allt andóf framsóknarmanna við þessu frv. frekar fálmkennt, og gengur það sennilega til, að þorri þeirra muni í hjarta sínu vera samþykkur þessari stefnubreyt. og því um geð að ganga í herhögg við hana.

Í ræðum hv. 3. þm. Reykv., sem tíðast túlkar hér efnahagsmálaskoðanir þeirra sósíalista og af mestum fjálgleik, hefur bæði við 1. umr. um þetta frv. sem og áður við umr. um efnahagsmálafrv. og skattamálin gætt nokkurrar biturðar og sárra vonbrigða. Þetta er í sjálfu sér ekki óskiljanlegt, því að kommúnistar hafa með beinni og óbeinni, óafvitandi aðstoð borgaraflokkanna reynt að lauma nýju efnahagskerfi, ríkissósíalismanum, inn um bakdyr íslenzks þjóðarbúskapar. Sumpart hefur þetta

gerzt með skattakerfi, sem miðað hefur að því að gerbreyta þjóðfélagskerfinu og þannig verið dulbúin bylting. Þetta skattakerfi hefur haft í för með sér í æ ríkari mæli sósíaliseringu á tekjum einstaklinganna, þ. e. a. s. hið opinbera hefur tekið til sín stöðugt stærri hluta af tekjum einstaklinganna. Þetta skattakerfi hefur útilokað hagkvæman rekstur fyrirtækja og myndun sjóða til þess að endurnýja atvinnutæki í einkaeign. Þetta skattakerfi hefur ásamt rangskráningu gengisins búið svo að framleiðslunni, að hún hefur gengið úr greipum einstaklinganna og færzt yfir á hendur þess opinbera, og skortur á myndun einkafjármagns leitt af sér, að einkaframtakið var ekki megnugt að ráðast í kaup á meiri háttar nýjum atvinnutækjum, svo að það opinbera var sá eini aðili, sem til greina kom, þegar ráðast þurfti í meiri háttar nýsköpun atvinnulífsins. Til viðbótar þessu kom svo haftabúskapurinn með opinberum afskiptum af innflutningi, verðlagi og neyzlu og klafabindingu utanríkisverzlunarinnar í æ ríkari mæli í formi „clearing"-viðskiptanna. Á þennan hátt voru menn vel á veg komnir þegjandi og hljóðalaust að innleiða ríkissósíalismann á Íslandi, þvert ofan í vilja þjóðarinnar sjálfrar. Það var bylting, sem framkvæma átti bakdyramegin. Svo vel taldi hv. 3. þm. Reykv. sig hafa búið um hnútana, að hann sagði hér við einar umræðurnar, með leyfi hæstv. forseta: „Privatkapítalisminn hefur verið bannaður á Íslandi og ekki getað þrifizt nema með skattsvikum og gjaldeyrissvikum."

Með hinni nýju efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. hrynja þessar spilaborgir ríkissósíalismans til grunna. Loku er skotið fyrir bakdyrnar og fordyrið opnað upp á gátt fyrir nýrri, farsælli þróun, og það er þessi staðreynd, sem þeir Alþýðubandalagsmenn óttast mest.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist í ræðu sinni við 1. umr. þessa frv. á það, sem hann vildi kalla næturvarðastefnuna frá 1850. Þetta er haglega orðað. En hitt er annað mál, að það er einmitt hann og hans flokkur, sem í þessu þjóðfélagi eru næturverðir frá 19. öld og stefna þeirra því sannnefnd 19. aldar næturvarðastefna. Voru það ekki 19. aldar næturverðirnir, Marx og Engels og lærisveinar þeirra, sem spáðu samdrætti kapítalsins, útrýmingu smáfyrirtækjanna, endalokum miðstéttarinnar og síharðnandi kreppum? Hver var svo dómur reynslunnar í heiminum og þá ekki síst á Íslandi? Hafa litlu og miðlungsfyrirtækin horfið? Nei, hreint ekki. Þau hafa enn í dag, sem betur fer, haldið velli. Hafa atvinnutækin lent í höndum fárra auðmanna? Alls ekki. Eru ekki hér á landi og á Norðurlöndum stærstu atvinnufyrirtækin m. a. í eigu samvinnufélaga, sem stór hluti þjóðarinnar er aðili að, og í öðrum löndum í eigu hlutafélaga, sem tugþúsundir og hundruð þúsunda eru hluthafar í? Hefur öreigastéttinni farið fjölgandi og millistéttin horfið úr sögunni? Þvert á móti. Eignaleysingjunum hefur sem betur fer fækkað. Almenn velmegun og tekjujöfnun hefur átt sér stað í öllum löndum kapítalismans og þá ekki sízt einmitt hér á landi. Flibbalausu verkamönnunum hefur fækkað í iðnaðarríkjunum og eru sums staðar að hverfa sem stétt, en hin borgaralega millistétt hefur hvarvetna haldið velli. Og kreppurnar hafa sýnt sig að vera efnahagsleg fyrirbæri, sem borgaralega þjóðfélagið væri ekki ómegnugra að leysa en hið sósíalistíska. Stefnu næturvarðanna hefur dagað uppi og er nú steinrunnið nátttröll í lifandi þjóðfélagi. Hún byggist á úreltum kennisetningum og miðar við löngu horfnar sögulegar aðstæður og beinan misskilning á framvindu sögunnar. Tal næturvarðanna um efnahagsmálaleg viðfangsefni líðandi stundar er líkast því sem múmíur í egypzkum pýramídum væru að stinga saman nefjum og segja til um úrlausn viðfangsefna á atómöld.

En rekjum nú í stuttu máli viðhorf næturvarðanna til núverandi efnahagsmálaaðgerða, og mun ég, með leyfi hæstv. forseta, gera það einfaldlegast með nokkrum tilvitnunum í ummæli hv. 3. þm. Reykv. (EOl) við umr. hér á Alþingi í vetur. Þótt allt sé það ekki flutt í samhengi, er það a. m. k. ekkert slitið úr samhengi til þess að rangsnúa málstað hans, enda mun hann þá vafalítið leiðrétta mig síðar, ef hann telur mig hafa afflutt málstað sinn eða rangfært eitthvað. Með leyfi hæstv. forseta, hef ég þá lestur tilvitnannanna.

„Alþingi þarf að hafa vit fyrir þjóðinni. Það má ekki sleppa fjármunum við hana. Við höfum skapað stórfelldar framfarir með ríkisafskiptum. Við hefðum þurft að hafa ríkisafskiptin meiri. Við hefðum aldrei átt að afnema skömmtunina. Maður á að spara við sig sykur og kaffi, þegar maður á peninga. Það hættulegasta í þessu frv. er frjáls verzlun. Frjáls verzlun er verri en herinn. Engin ástæða er til að skrá rétt gengi. Óhjákvæmileg nauðsyn að þjóðnýta alla utanríkisverzlunina. Það, sem gera verður, ef menn verða varir við verðbólgu, er að herða á stjórn þjóðarbúskaparins. Almennt viðskiptafrelsi er ekki lengur til í heiminum. Gallinn var, að höftin voru ekki nógu alger. Þjóðfélagið verður með harðri hendi að stjórna fjárfestingunni. Stundum er jafnvel betra að veifa röngu tré en öngu, og slæm stjórn er betri en engin stjórn."

Þannig voru þau ummæli. Ja, svo syngur hver fugl sem hann hefur nef til. Þessar að vísu nokkuð handahófslegu tilvitnanir gefa þó í heild, að ég held, rétta og nokkuð skýra mynd af efnahagsmálaviðhorfum þeirra sósíalista og viðhorfum þeirra til meginatriðanna, sem umrætt frv. fjallar um. Þeir draga enga dul á, að þeir telja höftin æskileg, enda eru þau skilgetið afkvæmi hugsanakerfis þeirra. Þau eru eðlilegur þáttur í efnahagskerfi þeirra. Efnahagskerfi þeirra fær bókstaflega ekki staðizt án hafta. Þau eru því í borgaralegu þjóðfélagi áfangi á leið þeirra til hins fullkomna haftabúskapar, áætlunarbúskaparins, ríkis sósíalismans. Þeim er það líka fullljóst,

sósialistunum, að höftin eru andstæð frjálsu efnahagslífi og skapa mótsetningar innan þess, sem grafa undan frjálsu efnahagskerfi. Sósialistarnir eru því í dag hinir einu sanntrúuðu haftapostular á Íslandi. Það eina, sem þeir geta fundið íslenzkri haftapólitík til foráttu, er, að höftin hafi ekki verið nógu ströng, ekki nógu alger. Það átti að beizla allt, tjóðra alla og sveigja undir opinbera forsjá, kaffæra einkaframtakið og athafnafrelsið í eitt skipti fyrir öll. Það átti aldrei að slaka á klónni, aldrei að afnema brauðskömmtunina, aldrei að gefa fjárfestingu frjálsa, aldrei að gefa verzlunina frjálsa, aldrei að leggja niður innflutningsskrifstofuna, aldrei að afnema jeppanefndina, aldrei að leysa upp útflutningsnefndina, aldrei að hagga við neinu af þessu, heldur bæta nýrri silkihúfu ofan á allt þetta, sem fyrir var, einhverju áætlunarráði og alls konar öðru planökonómísku fígúruverki.

Þetta er stefna fyrir sig, en er þetta stefnan, sem íslenzkur verkalýður ber í dag alveg sérstaklega fram kröfur um? Ég vil svara því neitandi. Þessi stefna er í beinni andstöðu við hagsmuni og hugsun allrar íslenzku þjóðarinnar og e. t. v. fyrst og fremst til mestrar kjararýrnunar fyrir verkalýðinn og launþegana í landinu. Þessi stefna er engum þjónanleg nema þeim, sem notfæra vilja sér hana sem tæki til þess að kollsteypa núverandi þjóðskipulagi og innleiða efnahagskerfi ríkissósialismans á Íslandi. Innflutnings- og gjaldeyrishöftin eru eðlilegur hluti og bein nauðsyn í sósialistískum áætlunarbúskap, og þau eru einmitt ein af orsökunum fyrir því, að við aðhyllumst ekki þá búskaparhætti. Þau eru nauðsynleg, því að annars mundu öll plönin góðu fara út um þúfur. Okkur eru plönin bara einskis virði, okkur er afkoma fólksins aðaláhugamálið.

Ég mun nú víkja að einstökum atriðum í gagnrýni Alþb. á frv. þessu og þó sérstaklega staldra við eitt atriðið, sem er viðskiptin við Jafnkeypislöndin, löndin í Austur-Evrópu.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er hatazt við þessi viðskipti. Frílistinn mun draga úr viðskiptum við sósialistísku ríkin.“ En hver er sannleikurinn í þessu máli? Það verður að vísu engu spáð um jafnóvissan hlut sem þróun utanríkisverzlunar einnar þjóðar, en hinu er auðveldara að gera grein fyrir, að hverju stefnt er. Það dettur víst engum heilvita manni á Íslandi í hug að hatast við verzlun við einstök lönd. Þar ráða einfaldlega hagkvæmissjónarmiðin. Eins og bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. hafa ítrekað lýst yfir, vilja Íslendingar vitaskuld eiga sem mest og bezt viðskipti við allar þjóðir, við hvaða þjóðfélagshætti sem þær annars kunna að búa. Hitt er svo önnur saga, að það hefur verið talinn hygginna manna háttur að dreifa utanríkisviðskiptunum sem mest og verða engum um of háður og að leggja meiri áherzlu á þau viðskiptin, sem gefa af sér frjálsan gjaldeyri en þann, sem bundinn er með clearingsamningum, því að af miklum clearing-samningum getur leitt þá miklu hættu, að kaupandinn fái þá þá aðstöðu, að hann fari óbeint að taka ákvarðanir um gengi myntar okkar með því að skammta okkur að eigin geðþótta bæði verð á útfluttum og innfluttum vörum. Þetta er fyrirbæri, sem Þjóðverjar voru ásakaðir um á dögum nazista og einnig hefur þótt gera vart við sig í viðskiptum Rússa við grannríki þeirra.

Sannleikurinn í málinu er sá, að ef nokkuð er, þá gerir þetta frv. ráð fyrir sérlegri vernd einmitt til handa viðskiptunum við jafnkeypislöndin, — staðreynd, sem við fylgjendur fríverzlunarinnar hörmum að gera hefur orðið af nauðsyn. Með þeim listum, sem gefnir verða út, er frv. þetta er orðið að lögum, er meiningin að tryggja beint með aðgerðum hins opinbera, að viðskiptin við þessi lönd geti ekki, ef ekki eitthvað alveg óvænt kemur fyrir, orðið minni en 87% af því, sem þau voru árið 1958, og verður þá varla til minna ætlazt en að samkeppnishæfni þeirra sjálfra tryggi þau 13%, sem á vantar, til þess að viðskiptin geti haldizt óbreytt frá því, sem verið hefur. Hinu er ekki að leyna, að að dómi fróðustu manna á því sviði þurfa viðskiptin við jafnkeypislöndin endurskoðunar við, — endurskoðunar, sem framkvæma hefði orðið alveg án tillits til þessa frv. og ég vil leyfa mér að segja alveg án tillits til þess, hvort núverandi stjórn fer með yfirstjórn þessara mála eða einhver vinstri stjórn hefði gert það, en hún er sú að koma þessum viðskiptum á grundvöll heimsmarkaðsverðs, eins og viðskipti okkar t. d. við Rússa byggjast á. Það er ekki frambúðarfyrirkomulag að reyna að selja óvandaðri tegundir útflutningsvöru á hærra verði í þessum löndum en fyrsta flokks vara er seld annars staðar á. Alveg jafnóeðlilegt er að greiða í þessum löndum sumum 20% hærra verð fyrir járn og 10% hærra verð fyrir sykur en hægt er að kaupa sömu vöru á í öðrum löndum, svo að fáein dæmi séu nefnd. Austur-Evrópu-þjóðirnar hljóta að gera kröfu til betri vöru, og við hljótum að gera kröfu til hagstæðara verðs. Með hliðsjón af þessum staðreyndum munu viðskiptin við jafnkeypislöndin vafalítið mótast, en ekki af einhverjum pólitískum fordómum.

Því hefur verið haldið fram, að viðskiptunum við sósialistísku ríkin fylgdi eitthvert sérstakt efnahagslegt öryggi. Því miður er þetta ekki staðreynd. Um það bera viðskiptin við Pólland, minnkandi síldarkaup Rússa og vanefndir á afgreiðslu samkvæmt samningum frá öðrum þessara ríkja augljóst vitni, enda tel ég, að hv. 3. þm. Reykv. hafi einmitt við þessar umr. lagt fram sönnunargögn í málinu, sem sanna, svo að ekki verður um villzt, að þessi viðskipti eru sízt tryggari en viðskipti við kapitalístísk lönd, en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Mér er kunnugt um, að umtalið um frílista hefur þegar á undanförnum þrem mánuðum haft mikil áhrif, þannig að hin sósialistísku ríki eru farin að gera

samninga við önnur lönd um kaup á vörum, sem þau hafa keypt af okkur. Tékkar hafa t. d. samið um fiskkaup af Norðmönnum.“ Sér er nú hvert efnahagslegt öryggið, ef lauslegt tal eitt um frílista ryfur fyrirvaralaust viðskiptatengsl, sem staðið hafa nú í hálfan annan áratug. Ég veit ekki nema þeir þarna austur frá muni segja um þessi ummæli hv. 3. þm. Reykv. eins og karlinn: „Guð forði mér frá vinum minum, sjálfur get ég séð um óvini mína.“

Nei, mergurinn málsins er, að þessu frv. er ekki beint gegn viðskiptum við neina þjóð, því er hins vegar ætlað að reyna að auka viðskipti Íslendinga við sem flestar þjóðir.

Það er að vísu ótalmargt fleira, sem segja mætti um efni þessa frv. og það, sem menn hefðu getað hugsað sér að í því væri til viðbótar. Frv. fjallar t. d. aðallega um aukna fríverzlun í innflutningi, og vissulega eru hagkvæm innkaup til landsins jafnmikilsvirði fyrir þjóðarbúskapinn og hátt verð á útflutningsafurðum, því að ef hægt er að spara 5—10% af erlendum gjaldeyri með því að kaupa vörur á lágu verði, kemur það þjóðhagslega svipað út og sams konar verðhækkun á útflutningsframleiðslunni. Í þessu felst og sú kjarabót, sem hin nýja verzlunarstefna á að geta fært neytendunum í landinu, hinni gleymdu stétt, sem við þó allir tilheyrum. Frjáls verzlun er nefnilega ekki fyrst og fremst hagsmunamál fárra ríkra auðhringa og heildsala, sem sumir hverjir vafalaust hagnast mun betur á tímum haftakerfisins, heldur hagsmunamál almennings í landinu og þá fyrst og fremst launþeganna, sem byggja afkomu sína á að fá sem bezta vöru við sem lægstu verði. Fríverzlunin er því í raun og veru alþýðutryggingar út á við.

Önnur hlið málsins er sú, sem að útflutningsverzlun landsmanna lýtur og þetta frv. fjallar lítið um. Sumir hafa viljað halda því fram, að frjáls útflutningsverzlun sé nauðsynleg forsenda frjálsrar innflutningsverzlunar. Svo er þó alls ekki. Hinu er engin launung á, að þeir eru margir, sem telja enga ástæðu til þess að viðhalda núverandi einokun á útflutningi ýmissa framleiðsluvara, þegar nýtt viðskiptajafnvægi hefur tryggt framleiðendum viðunandi verð fyrir afurðir sínar. En um það skal ekki fjölyrt hér að sinni, þó að það sé vissulega um margt íhugunarefni og þar þurfi að hefja nýja sókn aukinnar hugkvæmni og nýrra úrræða. Við þörfnumst heils hers af frumherjum á því sviði. Við þörfnumst nefnilega ekki fyrst og fremst sendiráða og ambassadora, heldur herskara af sölumönnum íslenzkra afurða og það um allar jarðir, en það er önnur saga.

Að lokum þetta: Með frv. þessu er haftabúskapurinn á Íslandi því miður ekki með öllu úr sögunni. En hér er þó um merkilega tilraun að ræða til þess að stíga fyrsta sporið frá haftabúskapnum, og vonandi tekst okkur með hæfilegri þolinmæði að losna við höftin fyrir fullt og allt. En til þess að slíkt megi takast, þurfum við að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, auka útflutningsframleiðslu okkar og mynda okkar eigin gjaldeyrisvarasjóði. Með þessu og öðrum efnahagsmálafrv. hæstv. ríkisstj. er ekki stefnt að neinu allsnægtaþjóðfélagi með tilheyrandi handjárnum og hugsanakúgun. Við látum okkur nægja þjóðfélag þeirra óánægðu og dálítið öfundsjúku, sem vilja þó sjálfir bera ábyrgð á sjálfum sér. Við í meiri hl. fjhn. teljum, að frjálsir einstaklingar búi sér farsælast þjóðfélag, og þar sem frv. þetta miðar að því að okkar dómi að auka efnahagslegt frelsi borgaranna og mun að vonum stuðla að aukinni framleiðslu, aukinni framleiðni og aukinni almennri velmegun allrar þjóðarinnar, leggjum við til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem áður hefur verið lýst.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál. um þetta frv., og það er nú í prentun. Vænti ég þess, að það komi fyrir augu hv. þdm. nú innan skamms.

Það hafa alllengi verið í gildi hér á landi lög um vald þess opinbera og ákvörðunarrétt þess um gjaldeyrisverzlunina og viðskipti við útlönd. Á þessu tímabili, sem liðið er, síðan slík ákvæði voru í lög tekin, hefur engin stjórn treyst sér til að hverfa frá þessum ríkisafskiptum af viðskiptamálunum, ekki heldur sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr. Þessi opinberu afskipti af viðskiptamálunum má telja að hafi hafizt á þessari öld, á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar, sem geisaði á árunum 1914—1918. Þá voru gerðar ýmsar ráðstafanir af stjórnarvöldunum, einkum í því skyni að afstýra vöruskorti hjá þjóðinni, og á fyrstu árum eftir fyrri styrjöldina voru einnig sett á Alþingi ýmis lagafyrirmæli um viðskiptamál. Það má nefna t. d., að með lögum nr. 1, sem út voru gefin 8. marz 1920, var landsstjórninni veitt heimild til að takmarka eða banna með reglugerð innflutning á alls konar óþörfum varningi, og gat hún ákveðið, hvaða vörur skyldu teljast til slíks varnings. Þessi lög munu þó ekki hafa verið notuð fyrsta áratuginn, sem þau voru í gildi. Með brbl., sem út voru gefin 15. apríl 1920, var landsstjórninni heimilað með reglugerð að setja ákvæði um peningaviðskipti hérlendra banka, félaga og einstakra manna við útlönd. Þar með voru hafin afskipti þess opinbera af gjaldeyrismálunum. Fleira var sett í lög á þessum árum, sem snerti viðskiptamálin. T. d. var ríkisstj. veitt heimild með lögum 31. maí 1920 til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra. Og með lögum nr. 78 frá 27. júní 1921 er ríkisstj. heimilað að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hér á landi.

Og árið 1924, þann 4. júní, eru gefin út lög nr. 48, um gengisskráningu og gjaldeyris-

verzlun. Það væri fróðlegt að rifja upp ákvæði þeirra laga. Í 4. gr. þessara laga um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun segir, að sérstök n., sem átti að annast framkvæmdir samkvæmt lögunum, geti, þegar nauðsyn krefur, með samþykki fjmrh. krafizt þess, að sér verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er, eftir að lögin öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma. Og í 5. gr. laganna segir, að fjmrh. skuli heimilt, þegar sérstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verzlun með erlendan gjaldeyri. Í 6. gr. voru þó nokkur undantekningarákvæði, þannig að ef eigandi gjaldeyris færði sönnur á, að hann þyrfti að nota gjaldeyrinn til að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns eða nauðsynleg tæki til hans á næstu sex mánuðum eða þurfi hann til að fullnægja skuldbindingum, sem hann hefur tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, þá verði ekki gjaldeyrir af honum tekinn, nema n. tryggi honum yfirfærslu í því skyni á allt að jafnmiklum gjaldeyri, þegar með þarf.

Þessi lög voru gefin út á Amalienborg 4. júní 1924 af kónginum okkar sáluga, Kristjáni X, og Jóni Þorlákssyni, formanni Íhaldsflokksins, sem þá nefndist svo. En mér sýnist, að þessi lög um heimild til afskipta af gjaldeyrisverzluninni og heimild til þess að heimta af mönnum þann erlenda gjaldeyri, sem þeir eiga, fyrir skráð kaupgengi, séu þau haftalög, sem afdrifa- og afleiðingaríkust hafa orðið í okkar viðskiptamálum. Að vísu mun það hafa verið svo, að þessum lögum var ekki beitt að fullu næstu árin eftir að þau voru gefin út, en á grundvelli þessara laga var gefin út reglugerð 2. okt. 1931, þar sem ákveðinn er samkvæmt þessum lögum einkaréttur Landsbankans og Útvegsbankans til gjaldeyrisverzlunar og þar sem enn fremur er ákveðin afhendingarskylda allra þeirra, sem gjaldeyri eiga og eignast, á gjaldeyrinum fyrir skráð kaupgengi.

23. okt. 1931 var svo gefin út reglugerð um takmörkun á innflutningi á óþörfum varningi samkvæmt heimild í lögunum nr. 1 frá 1920, sem ég nefndi áður. Og síðan þetta gerðist, hafa verið meiri og minni hömlur á innflutningi erlendrar vöru. Hömlur á verzlun með útflutningsvörur voru á settar á árunum milli 1930 og 1940, a. m. k. gilti það um einstakar útflutningsvörur. Það voru sett lagaákvæði um saltfiskverzlunina og einnig um verzlun með síld, svo að nokkuð sé nefnt.

En árið 1940 eru síðan sett lög um útflutning á vörum. Það eru lög nr. 11 það ár. Þau lög nefnast lög um sölu og útflutning á vörum. Í 1. gr. þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.“ Og í 3. gr. segir, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstj., og ríkisstj. getur falið n., er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt þessum lögum. Þessi lög eru gefin út á Amalienborg 12. febr. 1940 af konungi vorum og þáverandi formanni Sjálfstfl., Ólafi Thors. Þessi lög um sölu og útflutning á vörum hafa verið í gildi síðan, og samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, eiga enn að gilda höftin á útflutningnum eins og þau hafa verið. Ég gerði fsp. um það á fundi í fjhn. til ráðuneytisstjóra efnahagsmrh., sem þar var staddur, hvort fyrirhugaðar væru breytingar á þessu, hvort stjórnin hefði í hyggju að hætta að nota þá heimild til afskipta af útflutningnum, sem í lögunum felst og í þessu frv., en samkvæmt hans svörum liggur ekkert fyrir um, að fyrirhuguð sé breyting á þessu.

Og í þessu frv., 4. gr. þess, er einkaréttur bankanna tveggja til gjaldeyrisverzlunar ákveðinn nákvæmlega sá sami og hann hefur verið samkvæmt lögum, sem gilt hafa undanfarna áratugi.

Þetta er nú að segja um verzlunina með erlendan gjaldeyri og útflutninginn. En hvað er þá að segja um vörukaupin frá öðrum löndum og lagafyrirmæli viðkomandi þeim? Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er engin efnisbreyting á gildandi lögum um það efni. Nú eru í gildi lög frá 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Þessi lög voru sett það ár, á samstjórnartímabili Framsfl. og Sjálfstfl. Í 1. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.“ Þannig hljóðar það. Þetta hefur verið í gildi síðan og er enn. En í stað þessara fyrirmæla í lagagreininni, sem ég hér hef lesið, vill ríkisstj. nú skv. frv., sem hér liggur fyrir, fá lögfest það, sem hér greinir, samkvæmt 1. gr. frv.: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstj. er heimilt að gefa út samkv. þessum lögum.“

Við samanburð á þessu sést, að hér er dálítill munur á orðalaginu, en efnisbreytingin er engin. Skv. frv. á það að vera eins og áður á valdi ríkisstj. algerlega, að hve miklu leyti megi flytja inn vörur án innflutningsleyfa. Frv. þetta hefur sem sé ekki að geyma nein ákvæði um aukið frelsi í verzlun.

En hvers vegna er hæstv. ríkisstj. og hennar lið þá að reyna að blekkja fólk með því að halda því fram, að hún sé að innleiða hér verzlunarfrelsi? Ég álít, að þetta sé algerlega vonlaust verk. Það hljóta allir að sjá, ef þeir bera þetta frv. saman við núgildandi lög um þessi mál, að þetta eru blekkingar einberar af hálfu hæstv. stjórnar. En aftur á móti hefur hæstv. ríkisstj. núv. og hennar stuðnings-

flokkar lagt mjög miklar hindranir í veg þeirra, sem fást við verzlun og viðskipti, með ýmsum ráðstöfunum, sem stjórnarflokkarnir hafa gert og fengið lögfestar á þessu þingi. Þetta hafa þeir gert t. d. með takmörkunum á útlánum frá bönkunum, með stórkostlegri vaxtahækkun og einnig með því að leiða mikla kjaraskerðingu yfir almenning, sem hlýtur að hafa þau áhrif, að vörukaup dragist mjög saman, enda gerir sjálf ríkisstj. ráð fyrir, að svo fari.

Grundvöllurinn, sem utanríkisviðskiptin hvíla á, er að sjálfsögðu framleiðsla á vörum til útflutnings, flutningur þeirra og sala á erlendum mörkuðum. En til vöruútflutningsins þarf leyfi yfirvaldanna, og það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það gildi áfram, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar. Þetta var ákveðið í lögunum frá 1940, sem hæstv. núv. forsrh. stóð að og gaf út ásamt konungi vorum á þeim tíma, og þetta á að gilda áfram, skv. frv. Þetta er um vöruútflutninginn að segja.

Og gjaldeyrisverzlunin á að vera bundin með nákvæmlega sama hætti og áður hefur verið um langt skeið. Allir, sem eignast erlendan gjaldeyri, eru með lögum skyldaðir til að selja hann til bankanna fyrir lögákveðið verð. Meðan slík ákvæði eru í landslögum og í framkvæmd, þýðir ekki að segja neinum skyni bornum manni, að frjáls verzlun sé á voru landi.

Ég held, að það borgi sig alls ekki fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar að reka þessa blekkingastarfsemi. Ég held, að það sé miklu hyggilegra fyrir þá að viðurkenna hreinlega það rétta, að núv. hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til að gefa verzlunina frjálsa. Stjórnirnar, sem setið hafa á undan henni síðustu áratugina, hafa ekki heldur treyst sér til að leysa höftin af verzluninni.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn., 6. landsk. þm. (BK), sagði að vísu hér áðan, að höftin væru alls ekki nauðsynleg, og hann sagði, að hæstv. viðskmrh. hefði sagt það sama í framsöguræðu sinni, þegar þetta frv. var hér til 1. umr. Ég gat því miður ekki hlustað á ræðu hæstv. ráðh. í það sinn, en ég hef ekki ástæðu til að ætla, að hv. frsm. meiri hl. segi hér rangt frá um ummæli ráðh., ég hef ekki ástæðu til að ætla það.

En hvernig á þá að skilja þetta allt saman, ef þessir menn, sjálfur hæstv. viðskmrh. og hv. 6. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., telja báðir höftin ónauðsynleg, en samt eiga þau að haldast? Hafa þá aðrir hæstv. ráðh. og stuðningsmenn ríkisstj. tekið ráðin af þessum mönnum, svo að þeir hafi orðið þarna í minni hl. og verði að beygja sig fyrir hinum? Ja, ég veit það ekki, hvaða skýring er helzt á þessu.

Skv. frv. hefur stjórnin í hyggju að gera nokkrar breytingar á framkvæmd haftanna. Það er lagt til, að innflutningsskrifstofan verði lögð niður, sömuleiðis verði útflutningsnefndin og úthlutunarnefnd jeppabifreiða látnar hætta störfum. Í staðinn fyrir þetta eiga að koma Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, ríkisstj. sjálf og sérstakir trúnaðarmenn hennar, sem svo eru nefndir, ótiltekið hvað margir. Þessir aðilar eiga skv. frv. að framkvæma höftin.

Hv. meðnm. minn og frsm. meiri hl. fjhn. var ákaflega rogginn áðan í ræðu sinni yfir því, að nokkrar nefndir fengju að týna tölunni. En hvað er það, sem kemur í staðinn? Getur hv. 6. landsk. nokkuð upplýst mig um það, hvað þessir sérstöku trúnaðarmenn muni verða margir? Í sjálfri frumvarpsgreininni, 2. gr. frv., segir, að ríkisstj. sé heimilt að fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa, en í aths. um þessa gr., sem fylgir frv., segir, að stjórnin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum úthlutun tiltekinna leyfa. Þarna er orðinu „sínum“ bætt inn í, líklega til að gefa til kynna, hverrar tegundar þessir sérstöku trúnaðarmenn eigi að vera. Getur hv. frsm. meiri hl. gefið okkur hér nokkrar upplýsingar um það, hvað þeir muni verða margir, eða nokkru nánar um, hvernig þeir eigi að verða valdir? Engar upplýsingar eru um það í aths. með frv., og ekki komu þær fram heldur á nefndarfundum.

Og svo eru það bankarnir, sem eiga ásamt fleirum að fara með framkvæmd haftanna. Mér hefur skilizt, að bankastjórar hefðu annir allmiklar oft og jafnvel svo, að mönnum gengi ekki ætíð sem greiðlegast að ná tali af þeim, þó að þeir stundi vel sín verk og séu dag hvern í sínum stofnunum til að ræða við viðskiptamenn. En hvernig verður þá, þegar þeir eiga að bæta því við sín störf, sem þeir nú hafa, að taka á móti mönnum, sem vilja fá innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi? Þeir mörgu umsækjendur um slík leyfi hafa undanfarið farið til annarra manna, en bankastjórarnir hafa ekki haft með þetta að gera, ekki þurft að sinna því. Nú var sagt í nefndinni, að bankastjórarnir mundu fela sérstökum fulltrúum í bönkunum að fara með þetta, en það eru bankastjórarnir, sem fela þessum mönnum þetta og velja þá starfsmenn bankanna, sem fara með þessi mál. Og það gefur auga leið, að ef einhver þykist ekki fá nægilega fyrirgreiðslu hjá þessum undirmönnum, þá liggur náttúrlega leiðin til sjálfra bankastjóranna, sem eru yfirmenn þar, yfirmenn yfir þessu.

Ég veit ekki, hvað um þetta á að segja. En reynslan ein sker náttúrlega úr því, hvort hér er skipt um til batnaðar. Ég ætla ekkert að segja um það. Ekki eru horfur á, að framkvæmd haftanna verði ódýrari en verið hefur með þessari breytingu. Í frv. er gert ráð fyrir því, að eins og áður skuli allir þeir, sem leyfi fá, greiða 1% af upphæð leyfa. Hæstv. stjórn gerir þar með ráð fyrir því, að kostnaðurinn verði svipaður.

Það er sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að gera breyt. á svonefndum frílista. En ég

vil vekja athygli á því, að það er engin þörf lagabreytingar til þess. Ríkisstj. hefur heimild í núgildandi lögum til þess að ákveða frílista, og stjórnir hafa gert það undanfarið. Það er ekkert nýtt að finna í frv. þessu viðkomandi.

Í frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á l., að hér eftir þurfi ekki leyfi ríkisvaldsins til stærri verklegra framkvæmda. Með þessu segist stjórnin vera að veita mönnum framkvæmdafrelsi. En sá stóri galli er á gjöf Njarðar, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur ekkert af því frelsi að segja, heldur þvert á móti. Ríkisstj. hefur og stuðningsmenn hennar með lagasetningu á þessu þingi lagt stórkostlegar hömlur á verklegar framkvæmdir hjá öllum þorra landsmanna, svo að á því sviði eru nú raunverulega strangari höft og meiri hindranir en nokkru sinni áður. Af slíkum ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar og allar torveldað mjög nýjar framkvæmdir og framfarir í landinu, má nefna gengisbreytinguna og þær stórkostlegu verðhækkanir, sem henni fylgja, enn fremur niðurskurð lánveitinga frá bönkunum og gífurlega hækkun á vöxtum. Sama er að segja um fyrirætlanir stjórnarvaldanna um að sópa fé sparisjóða og innlánsdeilda um land allt inn í banka í Reykjavík, en þær stofnanir hafa gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki, hver á sínum stað, með stuðningi við gagnlegar framkvæmdir. Allt miðar þetta að því að takmarka framkvæmdamöguleika almennings.

Stefna ríkisstj. er að draga úr framkvæmdunum. Það er viðurkennt af henni sjálfri. Að sjálfsögðu eru takmörk fyrir því, hvað mikið er hægt að framkvæma á hverjum tíma, hvað mikið er hægt að ráðast í af verklegum framkvæmdum. Það er ekki hægt að verja nema nokkrum hluta þjóðarteknanna til þeirra hluta. En það er ákaflega mikilsvert, að framkvæmdafénu sé þannig varið, að það sé þannig notað, að það gagnlegasta sé látið sitja í fyrirrúmi, en hitt á hakanum, sem helzt má án vera. En stjórnin heldur ekki þannig á málum og ætlar ekki að halda þannig á málum. Hún vill láta peningana ráða, en ekki þörf þjóðarheildarinnar. Þeir, sem ráða fyrir fjármagninu, eiga að fá að gera það, sem þeim sýnist, að því er varðar verklegar framkvæmdir. Stjórnin vill veita þeim ótakmarkaðan rétt í því efni, þó að fjármagnið, sem þeir hafa í höndum, sé oftast að mestu þegið að láni frá bönkum landsins. Þeir mega gera það, sem þeir telja sér sjálfum hagkvæmast, sem þeir telja ábatavænlegast fyrir sig, en það er ekki víst, að það sé um leið æskilegast fyrir þjóðfélagið, fyrir þjóðarheildina. Hins vegar er allur almenningur hindraður við framkvæmdirnar af ráðstöfunum valdhafanna, hindraður með geysilegum verðhækkunum, lánasamdrætti og vaxtaokri. Ég hef haft þær fregnir nú nýlega úr fleiri en einu landbúnaðarhéraði, að níu af hverjum tíu bændum, sem höfðu ætlað að kaupa dráttarvélar til búa sinna á þessu ári, hafi afturkallað pantanirnar. Þessi kaup voru þeim alveg óviðráðanleg eftir þá geysilegu hækkun, sem orðið hefur á verði þessara tækja, og eftir að lánsmöguleikar hafa verið skertir svo mjög sem nú hefur verið gert, og þar við bætist það, að þó að einhvers staðar sé hægt að fá takmarkaða upphæð að láni, þá verður að greiða af henni okurvexti. Þetta gildir vitanlega alveg eins um önnur atvinnutæki eins og þessi, sem ég nefndi. Og þessar ráðstafanir gera einnig í mörgum tilfellum algerlega óframkvæmanlegar byggingarframkvæmdir og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir hjá almenningi, hvort heldur er í sveitum eða við sjó.

En hér er stórhætta á ferðum, einmitt í sambandi við þetta, þessa gífurlegu skerðingu á framkvæmdamöguleikum almennings í landinu, — mikil hætta á ferðum. Framfarasókn þjóðarinnar má alls ekki stöðva. Sé landsmönnum yfirleitt gert ómögulegt með ráðstöfunum stjórnarvalda að afla nauðsynlegra tækja til atvinnurekstrarins, að halda áfram nauðsynlegum framkvæmdum til eflingar atvinnulífinu, þá er vá fyrir dyrum. Svo er einnig, ef nauðsynlegar byggingarframkvæmdir almennings eru stöðvaðar. Þá vofir m. a. sú hætta yfir, að byggilegir staðir víða um land fari í eyði. Móti þessari hættu þarf að vinna með tiltækum ráðum.

Eins og ég hef þegar gert grein fyrir, á hæstv. ríkisstj. skv. þessu frv. að hafa sama vald yfir viðskiptamálunum og hún hefur nú. Það er ekkert ákvæði í þessu frv. um aukið verzlunarfrelsi, og það er ákaflega þýðingarlítið viðfangsefni fyrir hæstv. Alþ. að sýsla við orðalagsbreytingar á lagafyrirmælum, sem ætlunin er að láta standa óbreytt að efni til. En í sambandi við viðskipta- og peningamálin er brýn þörf nýrra úrræða og ráðstafana til þess að tryggja nauðsynlegar almennar framkvæmdir og framfarir í landinu, eins og verið hafa síðustu árin. Þess vegna tel ég nauðsynlegt og rétt að reyna að beina þessu máli í þá áttina. Ég vil því, herra forseti, leggja til, að þetta frv. verði afgreitt með svo hljóðandi dagskrártillögu:

„Í trausti þess, að ríkisstj. feli fjögurra manna nefnd, er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina, að undirbúa fyrir næsta þing lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endurnýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér hefur því miður ekki unnizt tími enn sem komið er til þess að ljúka mínu nál., en vonast til að geta gert það í kvöld, þannig að það ætti að geta legið fyrir við frh. þessarar umr. á morgun.

Mín afstaða í fjhn. var sú, að ég lagði til, að þetta frv. væri fellt. Ég setti fram við 1.

umr. þessa máls nokkrar spurningar til hæstv. ráðh., en sökum þess að hann þá þurfti að flýta sér af landi burt, gafst honum ekki tími til þess að svara þeim, og ég mun reyna að endurtaka þær ekki hér, vegna þess að ég býst við, að hann muni a. m. k. að einhverju leyti svara þeim í þeim umr., sem nú koma til með að fara fram.

Það, sem þess vegna verður höfuðatriði fyrir mér að ræða nú, eru annars vegar í raun og veru prinsipatriðin í sambandi við þetta mál og hins vegar að svara nokkru því, sem hv. frsm. meiri hl. vék að.

Ég álít, að það sé ekki rétt að gera of lítið úr því, að ríkisstj. sé að breyta um frá þeirri stefnu, sem verið hefur, þó að samsvarandi skilyrði hafi verið til í lögum áður og samsvarandi stefnuyfirlýsing um vilja til frjálsrar verzlunar. Munurinn er sá, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur í fyrsta skipti af þeim ríkisstj., sem hér hafa setið að völdum í 30 ár, — máske að nokkru leyti að undantekinni nýsköpunarstjórninni, eins og ég kom inn á í minni fyrstu ræðu, — hún hefur í fyrsta skipti möguleika á miklu erlendu lánsfé til þess að gera svokallaða frjálsa verzlun raunverulega, í staðinn fyrir t. d., að ríkisstj. 1950, sem tók upp sams konar pólitík, hafði raunverulega enga möguleika til þess að gera þá stefnu raunverulega. Þó að sú lagalega breyting í 1. gr. frá þeim yfirlýsingum, sem þá voru, eins og hv. frsm. 1. minni hl. var að koma hér inn á áðan, sé ekki mikil frá stjórn Framsóknar og íhaldsins 1950 þar til núna, þá eru raunverulegu aðstæðurnar til þess að framkvæma stefnuna miklu meiri hjá núv. ríkisstj. og þess vegna um leið hættulegri. Það, sem bjargaði Íslandi 1950, var, að ríkisstj. þá hafði ekki möguleika til þess að steypa þjóðinni í mörg hundruð millj. kr. skuldir erlendis með ævintýramennsku, en það hefur núv. ríkisstj. Í því liggur þess vegna það, að þetta frv. er að mínu áliti höfuðmál ríkisstj., hættulegasta málið, sem hún hefur flutt, og það prinsip, sem þarna er farið inn á, sem stundum hefur að vísu verið reynt að fara inn á af undanförnum ríkisstj., það hefur ekki verið hægt að fara inn á það undanfarið af tilliti til hagsmuna og aðstöðu Íslands. En nú í fyrsta skipti er ein ríkisstj. birgð að erlendu fé til þess að að geta farið út í þá fjárglæfra, sem hér er verið að fara út í. Höfuðreglan, sem miðað er að með þessu frv., er að opna Ísland og heimamarkað þess fyrir samkeppni erlendra aðila hvar sem er og að stofna erlendum mörkuðum Íslands í stórhættu, í þá hættu að vera eyðilagðir, og þess vegna verður afstaðan gagnvart þessu frv. alltaf um þetta höfuðprinsip. Það, sem við verðum að gera okkur ljóst, og það, sem er sérstaklega nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. sé alveg ljóst og hennar stuðningsmönnum, það er aðstaðan, sem er í veröldinni. Það eru tvö viðskiptakerfi í veröldinni. Annars vegar er viðskiptakerfi sósíalismans, sterkasta viðskiptakerfi, sem nú er í heiminum, viðskiptakerfi, sem nær til um 1000 millj. manna, kerfi, þar sem áætlunarbúskapur er grundvöllur, þar sem vald ríkisins á utanríkisverzluninni er ótvírætt og 100% í öllum þessum ríkjum, þar sem þess vegna frjáls samkeppni er ekki lengur til sem form fyrir sölu á vöru, þar sem þess vegna fyrirframsamningar á vörum eru regla og þar sem frjáls samkeppni á vissum auðvaldsmörkuðum er aðeins undantekning. Ef við ætlum að hagnýta okkur viðskipti við þetta kerfi, verðum við að hafa aðstöðu til þess. Það þýðir m. ö. o., að við verðum að geta ráðið sjálfir það mikið við okkar eigin útflutnings- og innflutningsverzlun, að við getum hagnýtt okkur þá markaði, sem þarna eru, með viðskiptum, sem að vissu leyti hlíta lögmálum viðskiptanna í því landi, sem sé sem eru fyrirframsamningar til lengri eða skemmri tíma um ákveðnar upphæðir, ákveðið magn af vörum til og frá þessum löndum. M. ö. o.: við getum ekki, svo að neitt verulegt sé, hagnýtt okkur viðskipti við þetta heimskerfi sósíalismans öðruvísi en með því að hafa að mjög miklu leyti áætlunarbúskap á okkar utanríkisverzlun og gera allstóra fyrirframsamninga, til eins eða fleiri ára, um viðskiptin við þau. Það þýðir að vísu ekki, að það geti ekki verið ofur lítill partur af þessu, sem við látum vera tilviljuninni háð. En ef við ætlum að njóta þess öryggis og þeirrar festu, sem einkennir þessi viðskipti í heimskerfi sósíalismans, þá verðum við að hafa sjálfir það kerfi á okkar útflutningsverzlun, að við séum í aðstöðu til þess.

Hins vegar, hvað snertir þann kapítalistíska heim, sem óðum fer minnkandi og skreppur saman með hverju árinu sem líður, þá ríkja þar svokölluð frjáls viðskipti, þ. e. a. s. viðskipti, sem að mestu leyti eru háð þeim voldugu auðhringum, sem ríkja í þeim löndum.

Ég skal koma að því síðar, að það er þar ekki um nein frjáls viðskipti að ræða, en um vissa, takmarkaða möguleika til þess að berjast með vöruframboðum, svo framarlega sem við höfum aðstöðu til þess að slást við þá aðila, sem eru á þessum mörkuðum, sem sé ef við sem Davíð getum slegizt við þá miklu Golíata, auðhringana, sem ráða á þessum sviðum. Til þess hins vegar að við Íslendingar getum hagnýtt okkur þessi tvö heimskerfi, þá verðum við að hafa yfirstjórn á okkar eigin utanríkisverzlun, þannig að við annars vegar með stórum fyrirframsamningum getum gert viðskiptin við sósíalistísku löndin og að við hins vegar getum með vægðarlausri samkeppni á mörkuðum kapítalistísku landanna reynt að komast þar inn. Og reynslan mun sýna það, eins og ég mun koma að síðar, að við verðum oft og tíðum að skipuleggja okkar eigin útflutning allharðvítuglega, jafnvel með hringum, hvað svo sem við viljum um það segja, og kannske ríkishringum, til þess að komast að.

Það, sem mér finnst að vaki fyrir hæstv. ríkisstj., og sérstaklega þóttist ég verða var við það í þeim viðtölum, sem fram fóru í

fjhn. í sambandi við þessi nýmæli, sem nú séu tekin upp, þessa nýju stefnu, og það sé raunverulega það eina lofsverða, sem í þessu sé hjá hæstv. ríkisstj., — það virðist vaka fyrir henni að nokkru leyti, að hún vilji skapa harðvítugt aðhald, annars vegar að útflytjendum, hins vegar innflytjendum, í sambandi við vöruval og vöruvöndun, og segja við þá: Nú verðið þið að passa ykkur. Við hendum okkur út á þennan svokallaða frjálsa markað, og þið verðið að gera svo vel að sjá um, að þið drepizt ekki og að þið verðið ekki undir þar.

Það er rétt, að það þarf að sýna vissa festu og tryggja vissa vöruvöndun í sambandi við útflutning Íslands og að reyna að einhverju leyti að gera það líka, að svo miklu leyti sem möguleikar eru á, í sambandi við innflutninginn. En það væri glæfraspil að ætla að henda Íslandi út í þá villtu samkeppni milli volduga aðila, sem á sér stað á heimsmörkuðum kapítalismans, og segja bara við okkar litla land og okkar smáútflytjendur: Þið verðið að gera svo vel að standa ykkur þar. — Það væri næstum því eins og að segja ungbarni að ganga hér út á götuna í mestu umferðinni og það verði sjálft að passa sig fyrir bílunum. Reynslan er, að það er engin von til þess, að íslenzkir atvinnurekendur bjargist, sízt af öllu sem smáir einstaklingar í því frumskógalífi, sem á sér stað á þessum svokölluðu samkeppnismörkuðum, sem eru raunverulega einokunarmarkaður auðhringanna að mestu leyti. Hitt er aftur á móti rétt, að það þarf að skapa aðhald að okkar útflytjendum og aðhald að okkar innflytjendum, en það verður þá ríkisvaldið sjálft að gera og þarf að gera það betur en það hefur gert á undanförnum árum.

Til þess þess vegna að ná þessum eina lofsverða tilgangi, sem ég hef getað fundið að hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið vilji stefna að með þessu, sem sé að skapa visst aðhald þarna, sem vissulega er þörf, ekki sízt gagnvart t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá er þessi aðferð, sem hér er notuð, allt of glæfraleg. Hún er næstum því eins og að ætla að stofna óþekkum krakka í þá hættu að fara sér að voða, þegar móðirin væri leið á því að fást við hann, af því að hann vildi ekki hlýða hennar fyrirmælum.

Nei, við verðum að laga okkur að þeim kringumstæðum, sem eru í veröldinni, og við verðum sjálfir, ríkisvaldið, að skapa það aðhald með gerbreytingu á matinu á fiskinum og sjálfstæði fiskmatsmannanna og miklu meiri festu í þeim málum, til þess að skapa það aðhald, sem allt of ægileg samkeppni, eins og ríkisstj. leggur til, mundi ella máske kenna okkur, en líka um leið hálfdrepa okkur. Ég álít þess vegna, að höfuðatriðið í viðskiptamálum Íslands sé að hafa kerfi á okkar útflutningsverzlun, þar sem við getum hagnýtt okkur hvort tveggja í senn: öryggi heimsmarkaða sósíalismans með miklum fyrirframsamningum við þau sósíalistísku lönd og hins vegar skapað okkur aðstöðu til þess að berjast í þeim kapítalistísku löndum um þá frjálsu markaði, sem þar eru, eiga að vísu alltaf þar heilmikið á hættu, en eiga ekki allt á hættu. Það, sem ríkisstj. stefnir að með þessu og mundu verða afleiðingarnar af hennar tillögu, ef þetta frv. gengi fram, það er að eiga allt á hættu, því að eins og ég sýndi fram á við 1. umr. og ekki hefur verið hrakið, þá verður öllum viðskiptunum við sósíalistísku löndin stofnað í hættu með þessu kerfi, sem nú er verið að taka upp.

Það er þess vegna glæfraspil að leggja út í slíkt, sem við höfum ekki leyfi til gagnvart hagsmunum okkar þjóðar. Hitt er rétt, að við verðum að leggja í það að eiga nokkuð á hættu. Ég álít, að það sé ein þægilegasta aðstaða, sem við getum haft, ef við getum selt, eins og við gerum núna, kannske frá þriðjungi og allt upp undir helming af okkar afurðum til hinna sósíalistísku ríkja, tryggt okkur þar með sölu á svo og svo miklu magni, en eiga svo 2/3 eða kannske niður í helming, sem við verðum að selja í Afríku, Suður-Ameríku, Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, en það veit hver aðili, sem stýrir stóru fyrirtæki, að stóri kosturinn er venjulega að geta haft framleiðsluna eins mikla og mögulegt er, geta þess vegna losað sig við svo og svo mikið af henni á öruggum mörkuðum, — oft og tíðum gera þeir stóru hringar það á sínum heimamörkuðum, — en skellt hinu út í þá frjálsu markaði, þar sem baráttan er harðvítug. Það er gefið, að ef okkar freðfiskframleiðsla er 75 þús. tonn, — og hún er jafnvel meiri nú seinast, ég man það ekki nákvæmlega, — þá stöndum við miklu betur að vígi til samkeppni á þeim kapítalistísku mörkuðum, vegna þess að ef eðlileg framleiðsluskilyrði eru hér heima, þá á framleiðslukostnaður á hvert tonn að geta verið minni fyrir okkur heldur en ef okkar framleiðsla á hraðfrystum fiski væri aðeins t. d. 29 þús. tonn, eins og hún var 1952, því að þá náttúrlega hlyti, ef eðlileg framleiðsluskilyrði eru, framleiðslukostnaðurinn á hvert tonn að vera meiri og þess vegna okkar samkeppnisaðstaða lakari. Við stöndum þess vegna betur að vígi með að keppa með hraðfrystan fisk á kapítalistískum mörkuðum, þegar við getum selt 50 þús. tonn til þeirra sósíalistísku ríkja með stórum fyrirframsamningum, en verðum svo að berjast með 25—30 þús. tonn á þeim kapítalistísku mörkuðum. Þess vegna álít ég, að þessi aðstaða, sem við höfum skapað okkur á undanförnum árum, sé sú ákjósanlegasta aðstaða, sem Ísland getur haft í veröldinni, og þess vegna megi ekki gera neitt til þess að spilla henni. Og ég ákæri hæstv. ríkisstj. fyrir það að vera með þessum ráðstöfunum, réttara sagt með þessu frv. og þeim afleiðingum, sem það kemur til með að hafa, ef það verður að lögum, — ég ákæri hana fyrir að vera að stofna því, að vissu leyti takmarkaða afkomuöryggi Íslands og atvinnuöryggi al-

mennings, sem skapað hefur verið, í voða með því að taka upp þetta kerfi, vegna þess — og það ætla ég ekki að endurtaka, vegna þess að ég álít, að afleiðingarnar af þessu kerfi verði að brjóta smátt og smátt niður viðskiptin austur á bóginn og afleiðingarnar af því séu nú þegar að koma í ljós í þeim verðlækkunum, sem nú eru að dynja yfir, þegar við eigum að fara að vera einvörðungu háðir þeim kapítalistíska heimi og verðsveiflunum á þeim mörkuðum. Ég álít þess vegna, að með því að stofna þessu afkomuöryggi í hættu sé nú þegar verið að leiða atvinnuleysi yfir Ísland, og fái þetta kerfi að standa til næsta árs, þá mun það sýna sig.

Ég ákæri hæstv. ríkisstj. í öðru lagi fyrir það að vera með þessu kerfi að stofna efnahagslegu sjálfstæði Íslands í voða. Hún tekur 800 millj. kr. lán erlendis til vörukaupa, lán, sem hún sjálf hefur lýst yfir að hún ætlar ekki að nota til þess að koma upp fyrirtækjum hér innanlands, sem geri okkar aðstöðu til samkeppni betri, og fyrirtækjum, sem auki okkar framleiðslu. Ég ákæri hana fyrir að taka þetta 800 millj. kr. lán og stofna efnahagslegu sjálfstæði okkar í voða og hef auglýst eftir því, hvort hún hefur nokkra vissu og raunverulega nokkra von um að geta borgað þetta, og ég hef spurt að því líka í fjhn., og því hefur aðeins verið svarað, að það kynni að vera möguleiki að geta selt meira á þeim kapítalistísku mörkuðum. Ef við getum selt meira á þeim kapítalistísku mörkuðum, þá er það vissulega gott, en þá eigum við bara að framleiða meira, og það hefur ekki staðið á því, að við framleiddum ekki nóg undanfarið. Hvað eftir annað hefur það vofað yfir hérna, að framleiðslan hafi verið stöðvuð. Það hættulega við að taka þetta lán erlendis er, að þetta lán er þar að auki tekið í frjálsum gjaldeyri, einmitt þeim gjaldeyri, sem við þurfum hvað mest á að halda, af því að okkur vantar hann alltaf. Við erum einmitt hvað snertir viðskipti við frjálsu gjaldeyrislöndin í 400—500 millj. kr. neikvæðum viðskiptajöfnuði eða a. m. k. verzlunarjöfnuði á síðustu árum eftir gamla genginu, og sú pólitík ríkisstj. að taka nú 800 millj. kr. lán erlendis, er pólitík af því tagi, sem vitlausast var í fari gömlu vinstri stjórnarinnar, að taka lán í frjálsum gjaldeyri, vitlaust út frá því sjónarmiði, að við höfum alltaf átt erfiðast með að borga til baka lánin, sem eru tekin í frjálsum gjaldeyri, og við höfum alltaf þurft mest á að halda því fé, sem við getum fengið í frjálsum gjaldeyri. Við áttum þess vegna frá sjónarmiði íslenzks þjóðarbúskapar að nota þann frjálsa gjaldeyri, sem við gátum fengið inn fyrir okkar vörur, til þess að kaupa vörur fyrir í þeim frjálsu markaðslöndum, en ekki að setja okkur í þá aðstöðu að þurfa að nota peninga, sem við fáum fyrir sölu í frjálsu gjaldeyrislöndunum, til að borga vexti og afborganir af skuldum þar. Það dregur úr viðskiptunum við þau lönd. Þess vegna álít ég það alltaf hafa verið rangt hjá vinstri stjórninni að taka lán t. d. í Ameríku, sem við þurfum svo að borga aftur með því fé, sem við fáum fyrir okkar fiskútflutning til Ameríku, sem er takmarkaður, í staðinn fyrir að taka lán, sem við gátum fengið þá í Sovétríkjunum, líka með betri kjörum, þar sem við erum öruggir um að geta borgað þau lán til baka í okkar fiski, en gátum þá aftur á móti notað það fé, sem við nú komum til með að nota til vaxta- og afborgunargreiðslna til frjálsu gjaldeyrislandanna, til innkaupa á vörum frá þeim löndum, sem við alltaf þurfum, og við þurfum alltaf á fé að halda til þess. Þess vegna heldur ríkisstj. áfram því, sem vitlausast var í pólitík vinstri stjórnarinnar hvað þetta snertir. Það sést bezt á því, að það kom fram hjá okkur t. d. í fjhn., að ein af ástæðunum fyrir því, að menn vildu hafa þetta frjálst, væri, að við fengjum ekki nógu góða og fallega skó handa okkar kvenfólki í Tékkóslóvakíu eða þessum löndum og þess vegna þyrftum við að flytja þetta inn frá öðrum löndum. Með því að láta það vera að taka lán í frjálsu gjaldeyrislöndunum hefðum við einmitt haft peninga afgangs til þess að kaupa skó handa okkar fögru konum, þannig að það hefði verið skynsamlegt af vinstri stjórninni strax að taka þar upp aðra pólitík og væri skynsamlegt líka af núverandi hæstv. ríkisstj. að gera, en hún er að gera þar þveröfugt. Ég vil bara benda hæstv. ríkisstj. á, að ráðstafanirnar, sem hún er að gera í þessum efnum núna, koma til með að þýða, að þegar þetta hrynur eftir nokkra mánuði allt saman, þá stöndum við uppi, verðum að borga 800 millj. kr. skuld við frjálsu gjaldeyrislöndin, sem þýðir, að við verðum að takmarka allan innflutning frá þeim löndum, bara til þess að geta verið heiðarlegir menn, af því að það er búið að steypa okkur í þessa vitleysu, og stöndum helmingi verr að vígi með að kaupa kvenskó og annað slíkt. Jafnvel þó að menn vilji gjarnan kaupa ýmsa fallega vöru og tízkuvöru, þá verða menn að hafa einhverja ofur litla forsjálni fyrir sér, þegar menn stjórna búskap þjóðar eins og okkar Íslendinga.

Í þriðja lagi ákæri ég ríkisstj. fyrir það að vera að stöðva atvinnuþróunina á Íslandi með þessum ráðstöfunum, og ég vek eftirtekt hennar á því, að bara strax lántakan upp á 800 millj. kr., sem má ekki verja til þess að koma upp atvinnutækjum á Íslandi og ekki er skipulagt af hálfu ríkisstj. að verja til þess að koma upp atvinnutækjum á Íslandi, sem geri okkur efnahagslega sjálfstæðari, það þýðir beinlínis að draga úr atvinnuþróuninni hér heima og stöðva hana og hindra okkur í því að geta nýtt okkar auðlindir.

Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. að gefnu tilefni. Það er nú sem stendur samkvæmt yfirlýsingum þeirra manna, sem bezt þekkja til um síldarmagnið hér í sjónum í kringum okkur, þá eru síldartorfurnar svo að segja frá Vestmannaeyjum til Vestfjarða, og ég held, að ég megi fullyrða, að það hafi verið lóðaðir raunverulega hellir fjallgarðar af síld í

sjónum hér suðvestur af Vesturlandinu, — og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að tryggja hagnýtingu á þessum auðlindum? Hvar eru rökin fyrir því í þessu frv., að það hjálpi til þess að að nýta þessar auðlindir? Sjálfur undirbúningurinn að þessu frv., flutningur þess og samþykkt þess, ef hún fer fram, þýðir að eyðileggja þessi verðmæti og hindra Íslendinga í því að nota þau. Ég spyr hæstv. ríkisstj.: Ætlast hún til þess, að hugsanlegir saltendur hér við Faxaflóa fari að salta hundruð þúsunda tunna af síld, fari að frysta hundruð þúsunda tunna af síld án þess að hafa hugmynd um að selja þetta? Hefur ekki sjálf þessi hæstv. ríkisstj. og aðrar slíkar undanfarið haft þá reglu, að jafnóðum sem svo og svo mikið væri framleitt af síldinni, þá væri hótað að stöðva framleiðsluna, ef ekki væru skapaðir fyrirframsamningar fyrir meiru, — og hvar eru fyrirframsamningar ríkisstj. til þess að tryggja hagnýtingu þeirra síldartorfa, sem hér bíða fyrir utan núna? Hvar eru þeir? Hvar er forsjálni ríkisstj. í þessu? Ætlar hún bara að segja: Einkaframtakið á að sjá um þetta?

Ég vil vekja eftirtekt á því, hvaða glæfraspil þarna er verið að spila, og strax núna með flutningi þessa frv. er verið að eyðileggja verðmæti upp á tugi og hundruð milljóna króna, í staðinn fyrir að hafa undið bráðan bug að því, undireins og þessi ríkisstj. tók við völdum, að reyna að gera stóra fyrirframsamninga um að tryggja, að þegar síldin kæmi og ef hún kæmi, þá gætum við selt nógu mikið af henni. Ríkisstj. hefur sýnt algert sinnuleysi, algert ábyrgðarleysi gagnvart þjóðarbúskap Íslendinga í þessum efnum, og ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. gefi svör við þessu, þegar hann kemur til með að svara því, og ég vil minna hann á í því sambandi, hvernig var síðasta sumar hjá okkur, þegar hann líka var ráðherra og þegar síldin var þá fyrir Norðurlandi og þegar átti að fara að stöðva alla síldveiðina. Það er jafnsárt að stöðva síldveiði eða hindra hana á Suðurlandi eins og á Norðurlandi. Og hvernig var þá? Var þá treyst á einkaframtakið? Eða þótti honum skynsamlegra að reyna að treysta á fyrirframsamninga? Og af hverju vill hann það ekki núna? Af hverju er hann að fara inn á það glæfraspil að taka upp þessa stefnu, sem þetta frv. markar?

Ég var að heyra það í dag, að fiskimjölsverksmiðjan Klettur væri að leigja enn eina skemmuna til þess að geyma fiskimjöl í, sem hrúgast upp hér óselt. Af hverju? Af því að það fékkst ekki selt með góðu verði til vöruskiptalandanna í fyrra. Þess vegna liggjum við með miklar birgðir frá því í fyrra, af því að þessi fjandskapur á móti því að selja til þessara landa réð gerðum ríkisstj. og hindraði hana í því.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 6. landsk. (BK), talaði um það, að ég hefði verið eitthvað bitur í þeirri ræðu, sem ég hélt hér við 1. umr. málsins, og hefði ekki aðeins rætt þetta almennt frá pólitísku sjónarmiði. Það er vafalaust rétt hjá honum, og ég get vel sagt bæði honum og öðrum hv. þm., hvernig á því stendur, að ég er bitur, þegar rætt er um þessi mál. Það er ekki aðeins spursmálið þarna um hagsmuni alþýðunnar, velferð og efnahagslegt sjálfstæði okkar íslenzku þjóðar, sem ég þó náttúrlega fyrst og fremst ber fyrir brjósti í þessu, heldur skal ég alveg hreinskilnislega segja það, að mér finnst það persónulega ákaflega sárt að sjá til þess, að öllum lærdómum, sem maður hefði átt að draga út af reynslu síðustu 30—40 ára á Íslandi, skuli raunverulega vera kastað fyrir borð af mönnum, sem virðast enga ábyrgðartilfinningu hafa fyrir velferð íslenzku þjóðarinnar. Frá því að ég fyrst fór að hafa nokkur kynni sem ungur maður af atvinnulífi hér á Íslandi, hefur mér sárnað það, sem ég hef upplifað. Eitt af því fyrsta, sem ég lenti í af slíku, er 1927. Eftir að ég hafði þá um veturinn ráðizt allharkalega á ýmsa síldarútflutningsmenn á Norðurlandi fyrir þeirra sinnuleysi um öflun síldarmarkaða, þá stóð ég frammi fyrir því sumarið 1927, að þeir komu til mín, sem var algerlega óreyndur í öllum verzlunarmálum og öllu slíku, hafði aldrei komið nærri neinu slíku, og sögðu, að ef ég áliti þá svona slæma og fyrirhyggjuleysi í þessu öllu saman, þá skyldi ég nú sýna, að ég gæti bjargað þeim, og settu mig í að fara að selja síld til Rússlands og sögðu: Svo framarlega sem ekki er hægt að selja þessa síld til Rússlands, þá fellur allt verð á síldinni, þannig að það verður hrun hér á Norðurlandi. — Það var kreppa á síldarmarkaðinum yfirvofandi, síldin var bjargræðisvegur okkar Norðlendinga. Við urðum að lifa af því allt árið, sem hún gaf að sumrinu, venjulega á þessum árum, og það þýddi fátækt og skort og sult á heimilunum, svo framarlega sem þetta brást, og líka ef það varð hrun eins og 1919, vegna þess að síldarmarkaðirnir féllu. Og ég man alltaf eftir því, þegar ég tók þessari áskorun þeirra og fór með einum síldarbát Ásgeirs Péturssonar, þess gamla brautryðjanda í síldveiðunum á Íslandi, frá Siglufirði til Akureyrar, og þegar við vorum að koma út fyrir Siglunes og Ásgeir Pétursson fór upp úr lúkarnum, af því að það var eitt af hans skipum öðrum, — hann átti fleiri en eitt, — að koma inn, til þess að kikja á, hvort það væri með síld. Og þegar hann kom niður aftur, sagði hann: Guði sé lof, það er ekki með neina síld. — Þetta var ástandið, og þetta orð hefur brennt sig inn í mig, þegar svo er komið, að það, sem er bjargvætturinn, eins og síldin fyrir okkur Norðlendinga, að mennirnir, sem leggja mikið á sig og sýna dugnað og framtakssemi í því að afla skipa og gera þau út, þeir segja: Guði sé lof, það er engin síld, — af því að þeir eru hræddir um, að með hverjum síldarfarminum, sem við bætist, fari allt, sem fyrir er og þeir eru búnir að veiða, til fjandans, af því að verðið fer niður. Þeir mundu allir eftir 1919, þegar það endaði með því, að það varð að keyra síldina

í sjóinn. Það er þetta að upplifa þá frjálsu samkeppni, sjá, hvernig það kapítalistíska stjórnleysi er hættulegra fyrir okkur en jafnvel skorturinn á fiskinum og síldinni, að jafnvel aflaleysisárin voru skárri en þegar yfirdrifið veiddist af síld, meðan við vorum einvörðungu háðir þeim kapítalistísku mörkuðum, Svíunum og öðru slíku. Ég hef aldrei gleymt því, þessu viðhorfi, þessu að þurfa að hræðast það að fá síld, þessu að þurfa að hræðast það, að auðlindirnar væru gjöfular við okkur, — og ég strengdi þess heit þá að reyna að sjá til þess, þar sem ég mætti vinna, að Íslendingar gætu notað sínar auðlindir, og þess vegna sárnar mér í hvert skipti sem ég finn, að stjórnarvöldin fara inn á þá leið að eyðileggja auðlindir Íslands og hindra okkar þjóð, hindra okkar verkamenn, sjómenn og aðra í því að geta notað þessar auðlindir, eins og hæstv. ríkisstj. er nú að gera viðvíkjandi síldartorfunum, sem bíða í sjónum hér fyrir utan núna.

Það var erfitt að selja til Rússlands þá. Það tókst að selja og tókst að forða því, að síldarverðið færi niður fyrir allt. Sovétríkin voru fátæk. Það varð að selja gegn 12 mánaða víxlum, sem enginn á Íslandi vildi kaupa og bankarnir létu liggja hjá hálfgjaldþrota útgerðarmönnum í heilt ár og þeir héldu að aldrei yrðu innleystir. Það er öðruvísi að eiga viðskipti núna. En það er eins og menn hræðist þau núna. Það er þess vegna, þegar síldin og allt, sem gæfan gefur okkur, kemur, þá kemur kapítalisminn hins vegar og kemur í veg fyrir, að við getum hagnýtt þetta. Þess vegna er það, sem ég hatast við, að það sé farið að innleiða þennan privatkapítalisma aftur á Íslandi, af því að ég veit, hvað það þýðir, og þekki það betur en þeir yngri menn, sem aldrei hafa kynnzt þessu af eigin raun. Ég hef síðan reynt að gera, hvaða stjórnir sem hér hafa setið að völdum á Íslandi, allt, sem ég hef getað, til þess að tryggja Ísland gegn þessum vágesti, vágesti kapítalismans. Hvort sem Magnús Guðmundsson hefur verið ráðh. hér eða Haraldur Guðmundsson 1936, þá hef ég reynt að vinna að því fyrir þá að koma á þessum viðskiptum, þó að það hafi fyrst tekizt til langframa í nýsköpunarstjórninni 1945. Þessi viðleitni þeirra flokka, sem ég hef starfað í, hvort það hefur verið Alþfl., Kommúnistaflokkurinn eða Sósíalistaflokkurinn eða nú þingflokkur Alþýðubandalagsins, þessi viðleitni hefur miðað að því að reyna að bjarga Íslandi og íslenzkum almúga undan fargi kapítalismans, undan þeim skelfingum að horfa á auðlindirnar frammi fyrir sér og geta ekki notað þær. Og það hafa aldrei verið til svo vitlausir ráðherrar á Íslandi, að þeir hafi ekki reynt að hagnýta sér þetta. Það er þess vegna hart, að það skuli vera núna lagt fram frv., sem beinlínis stefnir að því að gera þeim ráðherrum, sem mundu kannske vilja slíkt, miklu erfiðara að hagnýta sér slíka möguleika. **(Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumann um að gera svo vel að gera hlé á máli sínu. Nú verður fundi frestað, til kl. 5.) Ég skal gera það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði í því, sem af er ræðu minni, rætt nokkuð um reynsluna viðvíkjandi síldarsölunni í sambandi við hina svokölluðu frjálsu verzlun og þá reynslu, sem við Íslendingar hefðum haft á því sviði. En það er ekki aðeins um síldina að ræða í þessu sambandi og þau vandræði, sem við komum til með að lenda í út af síldarsölu, svo erfið sem þau kunna að verða, og ég vona, að það fari ekki svo með alla þá síld, sem hér er fyrir utan núna, að hæstv. ríkisstj. ætti til að segja eins og útgerðarmaðurinn, sem ég var að vitna í áðan: Guði sé lof, það er engin síld, — vegna þess að það angraði hann svo, að síldin skyldi vera svona mikil, vegna þess kerfis, sem hún er nú að koma á. En við skulum bara líta á fiskinn líka, annan fisk en síldina. Það er nákvæmlega sama að verða upp á teningnum viðvíkjandi vissum hlutum af fiskútflutningnum núna eins og er viðvíkjandi síldinni. Ég vil t. d. nefna eitt atriði. Við höfum verið að reyna að fikra okkur ofur lítið áfram með niðursuðu, Íslendingar, gengið nokkuð erfiðlega. En eitt af því öruggasta, sem við höfum þó haft á undanförnum árum í slíku, hefur verið nokkur niðursuðumarkaður í Tékkóslóvakíu, og eitt fyrirtæki hér, Matborg, hefur framleitt hinn svokallaða sjólax, sérstaklega tilreiddan fyrir tékkóslóvakíska markað. Nú hefur ríkisstj. tekið ákvörðun. Og ég vona, að hæstv. viðskmrh. sé það ljóst, þegar talað er um að minnka innflutninginn jafnvel niður í 77% frá löndum eins og Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi, þá er þar með sagt, að raunverulega sé stefnt að því að minnka útflutninginn frá Íslandi um 77%, vegna þess að það eru ekki önnur viðskipti örugg við þessi lönd en þau, sem eru gerð með kaupum og sölum og fyrirframsamningum um leið, vegna þess að þeirra kerfi er ekki miðað við svokallaða frjálsa samkeppni. Mér er sagt, að verksmiðjan Matborg liggi nú með verðmæti niðursuðuvöru upp á 2½ millj. kr. og það sé sem stendur enginn samningur við Tékkana um þetta. Það er vitað, að kaupmenn á Íslandi, heildsalar á Íslandi hafa á undanförnum mánuðum vegna umtalsins um frjálsa verzlun minnkað sín viðskipti við Tékkóslóvakíu. Við Íslendingar höfum fyrir ráðstafanir ríkisstj. minnkað viðskipti við Tékkóslóvakíu, sem þýðir, að inneignir okkar hjá Tékkum eru allmiklar, og Tékkar kæra sig ekki um að skulda okkur neina verulega stóra upphæð, sem þýðir, að þeir aftur draga úr viðskiptunum. Og nú er mér spurn: Er hæstv. ríkisstj. kunnugt um það, að verðmæti upp á 2½ millj. kr., sem verksmiðjan Matborg hefur framleitt, liggi nú óseld í augnablikinu og að engir samningar hafi komizt á enn sem komið er? Ég skal segja um leið: Ef ríkisstj. á morgun kaupir vörur frá Tékkóslóvakíu fyrir 2½ millj. og lætur þessar 2½ millj. fara þangað, þá verður þessu vafalaust bjargað um leið, vegna þess að við

höfum nægan markað fyrir þessar vörur í Tékkóslóvakíu. En kerfið er miðað við, að innflutningur og útflutningur standist á, það eru svokölluð jafnvirðiskaup, og þó að íslenzka ríkisstj. vilji gjarnan skulda 800 millj. kr. í París eða Washington, þá virðist ríkisstj. í Prag ekki vera sérstaklega umhugað um að skulda. Það er dálitið misjafnt, hvers konar hugmyndir menn hafa um það að skulda. Gamall sparisjóðsstjóri var nýlega að segja það við einn ungan mann, að hann væri alveg hissa á, hvernig þróunin væri að verða hjá fólki, það væri eins og enginn hefði áhuga á að borga sínar skuldir. Og það er kannske orðið dálítið landlægt hjá okkur Íslendingum, hvað okkur þykir gott að skulda. En það er ekki víst, að öllum þyki það.

Við höfum byggt allmikið á þessum markaði í Tékkóslóvakíu, og ég held, að það sé verið að fara af stað núna með að byggja verksmiðju á Akureyri, sem á að nota loðnuna þar, sardínurnar, raunverulega eins og þær eru, til þess að leggja niður og selja út, og við höfum líka markaði í Tékkóslóvakíu fyrir þær, og við erum að byggja verksmiðju núna til þess að gera þetta. En um leið og framtaksmenn á Íslandi eru að leggja grundvöll að því að byggja verksmiðju til þess að gera þetta, þá er ríkisstj. að kippa grundvellinum undan verksmiðjunni, vegna þess að menn vilja vita fyrir fram um það, hvort þeir geta selt þessa hluti, og það dugir engin afsökun í þessum efnum. Það er ekki til neins fyrir hæstv. ríkisstj. að heimta endilega, við skulum segja af Tékkum í þessu tilfelli: Þið eigið að fara að keppa hérna. Þið getið verið fullsamkeppnisfærir. — Spurningin er ekki um það. Spurningin er um, að þeirra kerfi segir: Við ætlum ekki að skulda neinum neitt. Við seljum og við kaupum jafnmikið, og kaupi ríkisstj. á morgun vörur fyrir 2½ millj. frá Tékkóslóvakíu, þá selur hún sjólax fyrir 2½ millj um leið. — Það er þetta kerfi, sem ríkisstj. verður að læra og ætti að vera búin að læra. Og það er ekki til neins fyrir hana að ætla að þvinga sínu úrelta, frjálsa samkeppniskerfi upp á einhverjar aðrar þjóðir. Við Íslendingar verðum að laga okkar þjóðarbúskap að því að geta verzlað annars vegar við þessar þjóðir, sem hafa annað kerfi, og hins vegar við hinar þjóðirnar, þær kapítalistisku þjóðir, sem aftur á móti hafa þetta frjálsa samkeppniskerfi. Þess vegna er þarna hætta á ferðum, og þegar við höfum byggt upp búskap á þennan máta, þá höfum við verið með vissan áætlunarbúskap. Ég veit t. d., að þessi litla verksmiðja hérna, Matborg, hefur framleitt hvert af síðustu árunum fyrir 4½ millj. kr., og hún hefur framleitt fyrir um 10 millj. kr. á undanförnum tveimur árum á gamla genginu fyrir utan uppbætur. Það er ekki svo lítið verðmæti, og þetta hefur verið góð vara og ein af fyrstu niðursuðuvörunum frá Íslandi, sem virkilega hefur unnið sér markað og líkar ágætlega þarna. Það vinna við þetta milli 25 og 40 manns. Það hefur verið unnið þarna mikið til í tveim vöktum. Þetta hefur verið sem sé mjög praktískt að láta vinna. Hins vegar þola þessar vörur yfirleitt ekki geymslu. Ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstj. á þessu, vegna þess að þetta kerfi, sem hún er að innleiða, er hengingaról á íslenzkt atvinnulíf. Hér er verksmiðja í Reykjavík, sem getur stöðvazt út af þessu. Ég er ekki að segja þar fyrir, að þessi verksmiðja geri ekki eins mikið og hún getur til þess að selja t. d. í Vestur-Þýzkalandi og annars staðar, sem hægt væri að selja þetta. En mér er ósköp vel sjálfum kunnugt um, hvað Vestur-Þjóðverjar framleiða sjálfir mikið af sjólaxi. Ég er hræddur um, að með þessu kerfi, sem ríkisstj. er að byrja á, brjóti hún þetta allt saman niður og komi í veg fyrir það, sem hún er nú að reyna að byrja á, eins og með nýjar verksmiðjur í þessum efnum. Þarna er sem sé hætta á ferðum. Við verðum að hafa einhvern áætlunarbúskap í þessu. Við byggjum ekki nýja verksmiðju, sem við ætlum að byggja upp á Akureyri, á öðru en því, að við höfum einhverja vissu um markað fyrir framleiðslu hennar.

M. ö. o.: hvort sem við lítum á fisk eða síld, þá er verið með þessum ráðstöfunum, sem ríkisstj. er að gera, að innleiða Ísland og innlima það í hringa- og kreppukerfi auðvaldsins. Það er hægt að kalla það hvaða nafni sem við viljum, frjálst viðskiptakerfi eða hvað sem er, það er hringa- og kreppukerfi. Og afleiðingin af þessu verður atvinnuleysi og hrun.

Ég var nýlega staddur á Selfossi. Það er, eins og þið vitið, þorp, sem mikið byggir á landbúnaðinum, í miðju stærsta bændahéraði Íslands. Fólkið á Selfossi er að byrja að finna afleiðingarnar af pólitík ríkisstj. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði hér áðan, að nú fengju menn frelsið, nú væri mönnum heimilað að byggja eftir getu. Í fyrra um þetta leyti sóttu 40 menn um að byggja íbúðir á Selfossi og byggðu þær allir. Hvað margir heldur hæstv. ríkisstj. að sæki um núna? Mér var tjáð, að það væru tveir að hugsa um að sækja um það. Það er heimilað að byggja eftir getu. Þetta er afleiðingin. Og þetta er byrjunin, áður en frelsiskerfið er komið í fullan gang. Eftirvinnan er þar svo að segja horfin, hjá öllum nema einu fyrirtæki þar. Uppsagnir eru orðnar tíðar, atvinnuleysi vofir yfir bráðum. Og það er ekki vert fyrir ríkisstj. að fara í neinar felur með það.

Verðlækkanirnar, sem leiðir af þessu kerfi, eru þegar byrjaðar. Hæstv. viðskmrh. veit, að það var hægt að selja í fyrra til Tékkóslóvakíu, snemma árs í fyrra, síldarmjöl. Það var ekki gert. Það var beðið, af því að Seðlabankinn og aðrir ráku á eftir, að það fengist frjáls gjaldeyrir fyrir það, og það var beðið og beðið, þangað til allt var að hrynja. Það eru engin ný fyrirbrigði, þó að það komi atriði eins og sardínuframleiðslan í Suður-Ameríku. Slíkir hlutir eru alltaf að gerast í auðvaldsheiminum. Það þýðir, að ef

maður er einvörðungu háður öllum verðsveiflunum þar, þá er ekki til neins að bera sig upp undan því, eins og undan einhverjum náttúruhamförum. Maður er að velja þetta, þennan tröllladans.

Fyrst farið var að minnast á síldarmjölið og síldarlýsið, þá er það kannske ljóst dæmi um, hvers konar frelsi það er, sem við eigum við að búa í þeim kapítalistíska heimi. Við Íslendingar þekkjum það. Við höfum nú fengizt við það að selja síldarlýsi í 3—4 áratugi, og hvert hefur frelsið verið? Frelsið hefur verið það, að fram til 1945 hefur það verið einn einasti aðili, sem hefur keypt af okkur allt síldarlýsið, og það er Unileverhringurinn brezki, sá hringur, sem hefur átt allar herzluverksmiðjur á Norðurlöndum, í Þýzkalandi, Hollandi, Englandi, öllum þessum löndum yfirleitt, inn í Tékkóslóvakíu, eins og hún var þá, einn einasti hringur, sem ræður þessu öllu saman, sami hringurinn sem þá átti margar millj. í Vestur-Þýzkalandi eða þáverandi Þýzkalandi, helminginn af hlutabréfunum í öllum þýzka togaraflotanum, sá hringur, sem átti verksmiðjurnar í Noregi, sá hringur, sem hafði eftirlit með síldariðnaði og hvalveiðiflota Norðmanna og réð markaðsverðinu á hvallýsi og síldarlýsi í heiminum. Ég gæti rakið hér verðið fyrir hv. stjórnarliði, eins og það var alveg frá því 1949, hvernig þeir skömmtuðu okkur skít úr hnefa, hvernig þeir felldu í sífellu verðið og hvernig þeir sögðu okkur fyrir á stríðsárunum og skömmtuðu okkur þá líka skít úr hnefa fyrir okkar síldarlýsi. Þessi sami hringur hefur allan tímann okrað á okkur í krafti einokunaraðstöðu á þessum svokölluðu frjálsu mörkuðum. Og þessi sami hringur endaði sinn feril með því, að eftir að Alþ. var búið að samþykkja 1942 að koma upp lýsisherzluverksmiðju á Íslandi, sem yrði honum óháð, og við keyptum inn vélarnar til slíkrar verksmiðju 1945, þá kom hann því í gegn í íslenzku ríkisstj., sem tók við 1947, að vélarnar voru ekki notaðar til að koma upp lýsisherzluverksmiðju, og voru, þegar áburðarverksmiðjan var stofnuð, seldar til hennar, vegna þess að tök þessa hrings voru svo sterk á viðskiptunum við Ísland, að hann gat ráðið því, hvers konar verksmiðjur væru byggðar hér. Þetta er frelsið, sem er verið að bjóða okkur upp á. Það er rétt eins og þeir menn, sem tala um þetta, hafi ekki hugmynd um, hvað gerzt hefur síðustu 30—40 árin í heiminum. Ef menn halda, að það sé eitthvert frelsi á þessu sviði, þá ættu þeir bara að kynna sér, hvernig hefur verið að verzla með þetta. Ég átti þátt í að brjóta einokun þessa hrings á síldarlýsi, þegar hann var búinn að setja bann á Tékkóslóvakíu, af því að þeir höfðu þjóðnýtt verksmiðjurnar, og ég veit ósköp vel, hvað við fengum að heyra frá Bretlandi þá, af því að við áttum þátt í ríkisstj. hér, fyrir að hafa brotið bandaríska auðhringinn og selt síldarlýsið fyrir þrefalt hærra verð en það hafði gefið okkur allt stríðið út í gegn. Maður hefur fengið að kynnast, hvers konar frelsi þetta er: svívirðilegasti okurhringur heimsins. Unilever er sjötti stærsti hringur veraldarinnar, á meginið af framleiðslulindum Mið-Afríku fyrir utan öll þau tök, sem hann hefur á Norðvestur-Evrópu, þar sem hann framleiðir kókosfeitina og allt annað slíkt. Það hefur verið algert einræði í þessum efnum, sem hefur kæft framfarir þjóðar eins og okkar, komið í veg fyrir, að við gætum verið óháðir, komið í veg fyrir, að við ynnum sjálfir úr okkar síldarlýsi tólgarskildina, til þess að geta selt þá til hvaða smjörlíkisverksmiðja í Evrópu sem væri. Þess vegna er alveg rétt að gera sér það ljóst frá upphafi, þegar verið er að ræða um þetta, að það er verið að innlima Ísland í hringa- og kreppukerfi, og ekki vera að fegra það með neinum orðum um hina frjálsu samkeppni. Þess vegna er einmitt það, sem ég mælti hér áðan viðvíkjandi því aðhaldi, sem ríkisstj. hefur viljað skapa á ýmsan hátt, sem ég auðvitað vildi telja það eina lofsverða í hennar viðleitni, þá verður meira að segja það aðhald ekki skapað í þessum svokallaða frjálsa viðskiptaheimi, vegna þess að þessir íslenzku atvinnurekendur eru sem einstaklingar engir menn til þess að fást við þessa voldugu hringa, ekki vegna þess, að þeir væru kannske ekki jafnskynsamir og duglegir og hver þeirra stjórnenda sem væri, en bara vegna þess að þeir eru litlir og fátækir, samanborið við þá. Við erum trampaðir niður, við erum slíkir dvergar í viðskiptunum við þessi risavöxnu fyrirtæki. Við höfum á síðustu áratugum verið að heyja okkar frelsisbaráttu á þessu sviði við þessa hringa. Danska einokunin var slæm, en þessir hringar eru margfalt sterkari en nokkur dönsk einokun hefur verið nokkurn tíma. Og þegar við erum að tala um, hvernig við eigum að standa okkur og hvers konar viðskiptakjör við eigum að geta gefið okkar þjóð, þá fer það eftir því, hvað vel við skipuleggjum okkar eigin framleiðslu til þess m. a. að geta háð okkar frelsisbaráttu gegn þessum hringum. Afleiðingarnar af þessu frv., ef að lögum yrði, yrðu þær að gera okkur undirorpna þeim, stöðva okkar framkvæmdir, láta þá geta fyrirskipað okkur, hvað við eigum að byggja hér og hverju við eigum að koma upp og hverju við megum ekki koma upp.

Þá er ein vörn ríkisstj., sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. lagði mikið upp úr í þessu sambandi, og það er, að þessar ráðstafanir, sem nú ætti að gera, væru eina ráðið gegn verðbólgu. Ég skal viðurkenna, að það getur verið ráð gegn verðbólgu í þessu. Það eru rétt rök, að með því að framfylgja til hins ýtrasta og alveg vægðarlaust í öllum tilfellum þeirri pólitík, sem ríkisstj. hefur farið inn á, með vaxtahækkunum, lánatakmörkunum og öllu slíku, þá getur hún komið í veg fyrir verðbólgu. En þó að við höfum þjáðst undir verðbólgu á s. l. 20 árum, þá skulum við gá að því, að það er ekki eina meinið í veröldinni. Verðbólga er slæm út af fyrir sig, og ef hún er mjög hröð,

þá getur hún drepið menn alveg. Ég þekki það sjálfur, ég hef upplifað slíka verðbólgu. Sú verðbólga, sem verið hefur á Íslandi, er slæm. En hún er ekki steindrepandi fyrir þjóðfélagið. Hún gereyðileggur okkur ekki, hún hefur ekki verið það hröð. En hún er slæm, það er alveg rétt. En við skulum ekki einblína svo á hana, að við sjáum ekki neitt annað. Ég skal viðurkenna, að sú pólitík, sem ríkisstj. fer inn á, getur verið ráð gegn verðbólgu með því móti, að ríkisstj. þá í staðinn skipuleggi hrun, og það er það, sem hún er að gera, ef hún framfylgir sinni pólitík. Ríkisstj. er að fara inn á hrossalækningu gegn verðbólgu. Og nú vil ég bara beina einni fsp. til ríkisstj. Hún hefur lýst því yfir, að hún ætli að takmarka útlánaaukninguna alveg ákveðið í ár án tillits til, hvernig allt gengur á Íslandi. Nú vil ég bara spyrja hana, og hér eru menn, sem geta gefið upplýsingar um það. Við stöndum frammi fyrir vertíðarlokum, 11. maí eru vertíðarlok. Nú skulum við segja, að í einhverjum af okkar verstöðvum, t. d. eins og stærstu verstöðvum, í Vestmannaeyjum, þá séu erfiðleikar hjá útgerðarmönnum. Það er vitanlegt, að það hefur verið heldur lakari útkoma nú í Vestmannaeyjum, þó að hún hafi verið góð hér við Faxaflóa, og nú þarf að gera upp fyrir 11. maí. Við skulum segja, að útgerðarmennina í Vestmannaeyjum vanti svo og svo mikið, þá vanti kannske 7, 8, 9 eða 10 millj. kr. til þess að geta gert upp. Og við skulum bara segja, að nafni minn hérna þyrfti einn að fá helminginn af þessu, af því að það hafi gengið erfiðlega með hans fyrirtæki. Ég spyr hæstv. ríkisstj.: Hvað ætlar hún að gera? Ætlar hún að láta bankana auka útlánin, þannig að þeir standi í skilum? Ætlar hún það? Eða ætlar hún að láta alla þá fara á hausinn, sem vantar peninga? Á að fara að ganga að útgerðarmönnum? Á að fara að ganga að hraðfrystihúsunum, af því að þau standa ekki í skilum? Það hafa verið yfirlýsingar, að það eigi að banna bönkunum að auka útlánin. Er þá meiningin að fara að setja menn á höfuðið, jafnvel þótt þeir séu milljónamæringar, af því að þá vanti veltufé? Við höfum varazt þetta á undanförnum árum, og það hefur verið ráðizt jafnvel á menn fyrir, að það er enginn settur á hausinn, það eru engin gjaldþrot. Er meiningin núna að setja menn á hausinn? Ég skal viðurkenna, ef ríkisstj. fer inn á það, að hún fari að láta bjóða bátana upp núna af því, að útgerðarmaður hefur ekki getað staðið sig við bankann, að láta bjóða hraðfrystihúsin upp núna og slær þau hæstbjóðanda, eins og var um daginn með Vött, þó að jafnvel hlutirnir fari fyrir hálfvirði, ef það eru einhverjir, sem geta borgað út, — ég skal vissulega viðurkenna, að það er hægt að vinna gegn verðbólgu með slíku. Þetta er stundum gert gagnvart einstaklingum, sem eiga íbúðir og geta ekki staðið í skilum. Þeir verða kannske að selja þær og selja þær fyrir miklu lægra verð en þær hafa kostað, af því að það eru ekki til menn, sem geta borgað út. Með svona aðferðum, hinum venjulegu gamaldags kapítalistísku aðferðum er vissulega hægt að vinna gegn verðbólgu, með því að skapa efnahagslegt hrun, gera peningana ákaflega dýrmæta, vegna þess að menn geti keypt eignir, sem eru margfalt meira virði en sem samsvarar þeim peningum, sem þeir greiða fyrir þær. En þorir ríkisstj. að eiga við svona pólitík? Þorir hún að standa við þær yfirlýsingar, sem hún hefur gefið, þær heimskulegu öfugyfirlýsingar, sem hafa verið gefnar um að takmarka, hvað Seðlabankinn megi lána viðskiptabönkunum hérna, þær vitlausu yfirlýsingar, sem ef þær væru framkvæmdar eru fjötur um háls íslenzkrar framleiðslu og fyrst og fremst íslenzkrar útgerðar? Það reynir á um, hvort hún þorir að standa við þetta, skapa sams konar fjötur á peningasviðinu og hún hefur verið að skapa á framleiðslusviðinu með sjálfri verzlunarpólitíkinni, sem hún er að leggja til að taka upp í þessu frv. Það er ekki nokkur þörf á því að fara út í svona asnalega pólitík á móti verðbólgu.

Það er hægt að stöðva verðbólgu, þó að sé það fyrirkomulag, sem nú er, ég tala nú ekki um áætlunarbúskap. E. t. v. gerir hæstv. ríkisstj. sér ljóst, að það er mjög fjarri því, að sósíalistískur búskapur skapi verðbólgu, heldur þvert á móti. Aðferðin við kauphækkanir núna, t. d. í sósíalistísku löndunum, er mestmegnis sú að lækka verðið á vörunum, láta sem sé kaupgjaldið kannske standa í stað eða jafnvel hækka það, en lækka verðið á vörunum, þannig að það er alveg þveröfugt. Með þessu móti hefur skapazt traust á peningunum, og menn vita jafnvel, þegar sífelldar verðlækkanir eru að gerast, að svo framarlega sem þeir spara sína peninga, þá fá þeir enn þá meira, með því að kaupa sér útvarpstæki næsta ár í staðinn fyrir í ár, þá fæst það víst enn þá ódýrara. Það er hægt að koma í veg fyrir verðbólgu líka með ráðstöfunum í okkar þjóðfélagi. Alþb. beitti sér alveg sérstaklega fyrir slíkri verðstöðvunarstefnu. Það voru hins vegar Framsfl. og Alþfl., sem knúðu það fram, að horfið var frá henni í vinstri stjórninni á móti okkar vilja. Það er m. ö. o. hægt að vinna gegn verðbólgu með því fyrirkomulagi, sem hér hefur verið á undanförnum árum. Það, að það hefur ekki alltaf verið gert, stafar af allt öðru, og ég hef lýst þeim orsökum hér. Ég hef lýst þeim sameiginlegu hagsmunum voldugustu viðskiptaaðilanna í þessu þjóðfélagi, þeirra manna, sem skammta sér lánin út úr ríkisbönkunum, að þeir hafa áhuga á því að lækka alltaf gengið á krónunni til að hagnast á verðbólgunni, og vegna þess að þessir sameiginlegu hagsmunir þeirra hafa ráðið á undanförnum áratugum, hefur verðbólgan verið skipulögð. Reykjavíkurauðvaldið og Sambandið sem stærstu aðilarnir sem viðskiptamenn Landsbankans og Útvegsbankans og slíkra, þeir hafa haft hagsmuni af verðbólgunni. Þess vegna hafa þeir

skipulagt hana. Þeir hafa grætt á henni, grætt stórkostlega á henni. Þeir hafa strikað sínar skuldir út, margfaldað verð sinna fyrirtækja. Þetta er ákaflega einfalt reikningsatriði: Stöðvið þetta, látið þið þessa stærstu skuldunauta bankanna hér og þessi ríkustu félög þjóðfélagsins hætta að hafa þessa aðstöðu, að geta grætt á því að skulda, og þá stöðvið þið verðbólguna. Auðvaldið á Íslandi hefur skipulagt verðbólguna og enginn annar, og auðvaldið á Íslandi hefur grætt á verðbólgunni og enginn annar.

Ég hef margsinnis sett það fram hér, hvernig hægt væri með slíku sterku aðhaldi ríkisvaldsins að stöðva og hindra alla verðbólgu, segja við atvinnurekendurna: Þið getið hækkað kaupið við verkamenn, en þið gerið það því aðeins að þið berið þetta sjálfir. — Það er ekki verkalýðurinn, sem hefur hagsmuni af verðhækkunum.

Ég skal láta þetta nægja í svipinn, nema að því leyti sem ég kæmi aftur að því í þeim hluta minnar ræðu, þar sem ég svara hv. frsm. meiri hl. um sjálft verzlunarfrelsið.

Þá er viðvíkjandi fjárfestingareftirlitinu, sem nú skal afnema. Þar hafði ég lýst eftir svari og bíð eftir því í sambandi við það, sem ég nefndi hér sem hugsanlega möguleika, eins og t. d. viðskipti Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og t. d. fyrirtækis eins og Kassagerðarinnar, hvaða öryggi eigi að skapa þarna Íslendingum. Það er talað um, að það sé verið að skapa Íslendingum fjárfestingarfrelsi með þeirri ráðstöfun, sem nú er verið að gera hér. Það eru undarlegar hugmyndir, sem menn gera sér um frelsi. Ef það er frelsi til fjárfestingar að koma á banni á lánveitingar ríkisbankanna til þeirra í þjóðfélaginu, sem vildu festa fé, og setja 12% vexti á það fé, sem menn gætu með erfiðismunum krækt út úr þessum bönkum, þá er það undarlegt frelsi. Höft innflutningsnefndarinnar eru afnumin, höft bankavaldsins eru margföldu. Og ég hef bent á, að það er hægt í skjóli þessa einokunarvalds, sem er látið haldast í skjóli bankavaldsins og ríkisvaldsins, og með einokunarvaldi útflytjendanna er hægt að beita þeirri lúalegustu misnotkun á því valdi gagnvart fyrirtækjum hér á Íslandi. Ég skal hins vegar ekki fjölyrða um það, vegna þess að ég vonast eftir því, að hæstv. viðskmrh. svari þeim fsp. í sinni ræðu. Ég ítrekaði þetta í fjhn., þannig að ég geng út frá því, að það verði gert, og mun þess vegna ekki að sinni fjölyrða meira viðvíkjandi fjárfestingarmálinu, nema þá ég komi kannske inn á það í svarhluta af minni ræðu.

Þá er það viðvíkjandi útflutningnum. Í útflutningnum á að halda við einokun. Í útflutningnum eru hringar nú þegar að verki og hafa verið um langt árabil á Íslandi. Um leið og talað er um verzlunarfrelsi, þá er m. ö. o. ákveðið, að hvað útflutning Íslendinga snertir, þá skuli vera einokun. Og þessi einokun er tvöföld. Þessi einokun er annars vegar privatkapítalistísk einokun þeirra samtaka, sem þarna eru fyrir, og hins vegar einokun ríkisvalds og í skjóli þess. Og þessu einokunarvaldi hefur verið beitt þannig undanfarið, að hafi menn leitað eftir því við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fá að selja fisk, t. d. til Bandaríkjanna, til annarra aðila en þeirra, sem Sölumiðstöðin selur til núna, þá neitar Sölumiðstöðin að láta slíkan fisk í té, og hún getur neitað þessu í krafti þess valds, sem hún veit á bak við sig, sem sé ríkisvaldsins.

Ég álít, að það sé mótsögn í þessu frv. að vera að tala þessi ósköp um frelsi og verzlunarfrelsi og þora svo ekki eða vilja ekki fara inn á það að gefa frelsi í útflutningi. Og ég vil lýsa því yfir, að ég álít það stórhættulegt, fyrst á að skapa frelsi um innflutninginn, að viðhalda einokuninni, sem nú er í útflutningnum.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur vafalaust á sínum tíma unnið ýmislegt gagn, og slíkt fyrirtæki er ekki óeðlilegt. En ég álít, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi gert sig seka um hirðuleysi í sambandi við þá útflutningsmarkaði, sem hafa þó jafnvel verið henni hvað drýgstir. Mér er kunnugt um, að t. d. aðalforstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur ekki haft svo mikið við að heimsækja þau lönd, sem kaupa meiri hluta af öllum okkar freðfiski, fyrr en máske einu sinni núna í ár. Og mér er kunnugt um, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem setur milljónir í fyrirtæki til þess að afla markaðs í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi og gerir þar vafalaust mikið að því að auglýsa slíkt með öllum nýtízkuhætti, hefur ekkert gert, ekki nokkurn skapaðan, hrærandi hlut til þess að leiðbeina um notkun fisksins í stærstu markaðslöndum okkar. Sem sé, það hefur verið algert hirðuleysi um að reyna að tryggja og festa þann markað, sem okkur hefur tekizt að vinna þarna. Það hefur, að því er virðist, verið ætlazt til þess, að yfirvöldin í landinu, stjórnarvöldin, sæju bara um að útvega þessa markaði og halda þeim við, en sem verzlunarfyrirtæki hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ekkert gert til þess að tryggja þessa markaði og efla þá, — og ofan á það hefur jafnvel verið sendur þangað verri fiskur en annað og löndin stundum notuð eins og ruslakista. Það er þess vegna mjög hættulegt að láta þá einokun viðhaldast, ef á að fara að innleiða svokallað frelsi í innflutningi, svo takmarkað sem það er, og er það eitt enn, sem getur orðið til þess að eyðileggja samböndin við þetta.

Ég hef rætt mikið um þá ofsatrú og þá glæfra, sem felast í því að ætla að fara inn á þessa svokölluðu frjálsu samkeppni. Þegar farið er inn á einhverja svona hluti, þá er venjulega betra að hafa eitthvert samræmi í vitleysunni, eitthvert „system í galskabet", eins og Danskurinn mundi segja, og það væri þá nær, að þeir, sem eru að káka með þessa

hluti núna, gæfu þá útflutninginn frjálsan líka. Það mundi þó skapa eitthvert aðhald. Það mundi þó skapa það aðhald, að menn hefðu ekki aðra peninga að verzla með heldur en þá, sem menn gætu aflað sér með útflutningi, og það þýddi, að það yrði þá eftirsóknarvert að skapa markaði fyrir fisk og framleiða fisk.

Ég veit ekki, hvort útflytjendurnir — þeir eiga nú sína fulltrúa hér líka — eru svo mjög ósammála mér um þetta, og mér heyrðist jafnvel frsm. hv. meiri hl. fjhn. ekki vera alveg fjarri þessu. En hví í ósköpunum er það þá ekki gert? Það mundi þýða, að menn yrðu að sýna áhuga og dugnað í því að afla markaða og viðhalda þeim, og menn hefðu ekki úr öðru að spila en því, sem þeir fá fyrir sinn fisk, og það mundi skapa áhuga á því að auka fiskframleiðsluna á Íslandi og auka markaðina og samkeppni um það, það mundi, eins og hv. frsm. meiri hl. orðaði það, jafnvel leiða til þess, að það yrði heill her manna, sem væri að vinna að því erlendis að skapa markaði, koma upp mörkuðum.

Nú aftur á móti á að viðhalda einokun á þessu, þegar ríkið er þó annars að sleppa hendinni af þessum hlutum. Ég satt að segja skora á ríkisstj., ef hún ætlar sér á annað borð að fara út í þá glæfra, sem þessi svokallaði frjálsi innflutningur er, að skapa þá það aðhald um leið, því að heildsalarnir hér í Reykjavík hefðu gott af því, að þeir vissu það, að þeir fengju ekki annan gjaldeyri en þann, sem aflað væri með því að flytja út úr landinu. Þar væri þó aðhald. Það mundi þó þýða, að þjóðfélagið yrði ekki sett á annan endann og okkur stefnt í voðalega skuldasúpu, sem við gætum ekki borgað. En ég er nú hræddur um, að það kæmi nokkuð fljótt upp, að það yrði að setja nokkuð margs konar skorður, bæði viðvíkjandi eftirliti með því, að menn skiluðu þá gjaldeyrinum einhvern tíma, og eins með því, að það yrði eitthvert lágmarksverð á vörunni, sem út væri flutt, og annað slíkt, svo að ég held, að það sýni sig yfirleitt, hvað rökrétt sem menn vildu fara í það að koma á svokallaðri frjálsri verzlun, að það séu engir raunhæfir möguleikar til þess hér á síðari hluta 20. aldar að ætla að koma upp þessu fyrirkomulagi afturgangnanna.

En ég vil benda á eitt. Ef á að gera innflutninginn frjálsan og halda útflutningnum í fjötrum, vilja menn þá hugleiða, hvað það þýðir? Það þýðir, að sjómennirnir og smáútvegsmennirnir á Íslandi fá ekki frelsi til að selja sinn fisk. Þeim er ekki leyft að selja fiskinn sinn. Það eru Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skreiðarsamlagið og saltfiskhringurinn, sem ráða því með ríkisstj. að baki sér. Nú skulum við segja, að fulltrúar sjómanna og smáútvegsmanna segðu: Við getum selt okkar fisk með góðu verði og keypt vörur fyrir hann og keppt með þær á Íslandi. Því megum við það ekki? — Og svo kemur fiskhringurinn á öllum þessum sviðum og segir: Það er ómögulegt að selja betur en þetta og þetta, þú verður að láta þér það lynda, — útgerðarmaðurinn eða annar slíkur. Og við höfum jafnvel þegar deilu um það, að hraðfrystihúsin eru að skammta útgerðarmönnum og sjómönnum lægra verð en þeir vilja við una. Þá eru sjómenn og útvegsmenn á Íslandi sviptir því frelsi að mega sjálfir reyna að selja sinn fisk sem bezt og skapa sér sín eigin samtök.

Ég vil minna á, að við höfum í 30 ár orðið að berjast við hneyksli út af svona meðferð. Við höfum haft sannanirnar á borðinu fyrir því, að útvegsmenn hafa getað selt fiskinn sinn, t. d. til Ítalíu, dýrar en Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda gat selt hann. Við höfum haft sannanir fyrir því, að fulltrúar fiskhringsins hér heima hafa farið út til Ítalíu til að múta fiskkaupendum þar, þannig að þeir byðu ekki í fiskinn á Íslandi. Þetta eru dæmi, sem eru komin í okkar sögu sem staðreyndir um, hvernig þessir fiskútflutningssvindlarar haga sér. Ég hef dæmin í dag um, að menn vilji gjarnan selja til vesturstrandar Bandaríkjanna hraðfrystan fisk og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hindri það, að hægt sé að fá nokkurt tilboð í hann á Íslandi. Sem sé, fiskeinokunin hér heima heldur þessu í sínum heljarklóm, og ef hún ætlar svo að koma á eftir og segja við sjómenn og verkamenn: Það er ekki hægt að borga hærra kaup en þetta hérna, það er ekki hægt að borga hærra fiskverð en þetta hérna, — þá ætlast menn sem sé hér á Alþingi til þess, að sjómenn og verkamenn trúi þessu. Við gerum það ekki, og ég skora á þá, sem ætla að koma til okkar og segja slíkt, að gefa þetta allt saman frjálst þá, ef þeir ætla að fara að gera innflutninginn frjálsan, lofa sjómönnum og útvegsmönnum á Íslandi að berjast eins og öðrum við að útvega sér markaði, en þurfa ekki að horfa upp á það, að nokkrir skeytingarlausir braskarar kæfi þessa markaði þeirra og eyðileggi þá.

Það, sem er sem sé meiningin viðvíkjandi útflutningnum, er að viðhalda hringaeinokun í krafti ríkisvalds. Hvað þýðir það raunverulega? Það þýðir raunverulega, að það er verið að gera þannig upp á milli, að það á að þjóðnýta gjaldeyrinn, sem sjómenn og útvegsmenn framleiða, handa heildsölunum í Reykjavík til þess að braska með.

Ég held það sé bezt að setja þessa heildsala frammi fyrir því, að þeir fái því aðeins gjaldeyri, að það séu einhverjir, sem framleiða fisk og selja hann. Það gerir ekkert til, þó að heildsalarnir hér í Reykjavík yrðu að hafa meiri áhuga á fiskframleiðslu en þeir hafa haft. Þeir hafa nú í 30 ár setið í því, að gjaldeyririnn hefur verið tekinn af útvegsmönnunum og sjómönnunum og afhentur þeim, afhentur verzlunarauðvaldinu til þess að fara með eins og því þóknaðist meira eða minna. Og þessi einokun verzlunarauðvaldsins í Reykjavík er ekki afnumin með þessu hérna, henni er viðhaldið, og það kemur engin rödd fram frá verzlunarauðvaldinu í Reykjavík um frelsi útvegsmannanna til þess að ráða sín-

um gjaldeyri. Þar koma takmörkin, því að þar koma stéttahagsmunirnir til. Heildsalarnir hafa hagsmuni af því, að gjaldeyririnn sé tekinn af útvegsmönnunum og sjómönnunum og afhentur þeim.

Ég vil því taka það fram, að það er á ábyrgð hæstv. ríkisstj., allt það, sem ekki kann að vera hægt að selja af íslenzkum afurðum nú, allt saman, því að hún viðheldur með þessu kerfi og sérstaklega með því, sem nú er að koma upp, privatkapítalistiskum hringum innanlands hvað útflutninginn snertir og gerir okkur háðari og háðari privatkapítalistiskum hringum erlendis, með því að gera okkur háðari og háðari þeim kapítalistiska markaði. Ef ríkisstj. hefur slíka ofsatrú á frjálsri samkeppni sem hún segist hafa, þá skora ég á hana að sýna það í verki með því að gefa útflutninginn algerlega frjálsan líka og hætta þá að skipta sér af þessu. Annaðhvort er fyrir hana að bera ábyrgð á þessu eða þá að lofa þjóðinni sjálfri að bjarga sér sem bezt hún getur.

Ríkisstj. er með þessum lögum að neyða skipulagi einkaauðvaldsins upp á Ísland, skipulagi innlends og erlends einkaauðvalds. Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., að það eru raunverulega ekki nema tvær leiðir til í þessu. Það er annaðhvort að stefna í þá áttina, sem nú á að stefna, að endurreisa, að svo miklu leyti sem það hefur verið til, einkaauðvald á Íslandi og alræði erlends og innlends einkaauðvalds á Íslandi, eða stefna í áttina til áætlunarbúskapar. Og allar framfarir á Íslandi eru undir því komnar, að það síðara sé gert, eins og allar framfarir, sem orðið hafa á þessum undanförnum árum, eru því að þakka, að það hefur öðru hverju verið sýnd einhver ofur lítil viðleitni í þá átt, þó að hún sé ósköp lítil.

Afleiðingin af því, sem nú er stílað upp á hér á Íslandi, verður landflótti. Það verður stöðvun á fyrirtækjunum, og það verður landflótti að lokum. Það kemur til með að þýða það, að fleiri og fleiri menn á Íslandi missa trúna á það, að hér sé hægt að búa, og fari burt, og það er þegar að byrja að kræla á því.

Ísland verður því aðeins æ byggilegra fyrir þá þjóð, sem það byggir, ef því er stjórnað betur en öðrum löndum, stjórnað af meiri fyrirhyggju, meiri stórhug og meira viti. Okkar land vantar ýmislegt í auðlindum, sem aðrar þjóðir hafa. En við verðum að bæta úr því með því, að stjórnarfarið á Íslandi miðist meira við það en í öðrum kapítalistiskum löndum, að stjórnarvöldin hafi velferð almennings og afkomuöryggi hans fyrir augum, þegar verið er að gera þær efnahagslegu ráðstafanir, sem gerast. Ég skal láta þetta nægja viðvíkjandi því, sem ég almennt vil segja viðvíkjandi því nál. mínu, sem útbýtt verður á morgun.

En hv. frsm. meiri hl. fjhn. kom hér inn á ýmis atriði, sem ég rétt þarf að minnast á. Ég tók eftir því í hans ræðu og raunverulega var öll hans ræða gagnþrungin af heitri trú á þá stefnu, sem þetta frv. að nokkru leyti boðar. Og einmitt vegna þess, að ég er viss um, að þessar miklu vonir, sem hann gerir sér, eftir því sem hann talaði, reynist tálvonir, þá vil ég fara nokkuð inn á hans ræðu, af því að það er nauðsynlegt fyrir okkur og sérstaklega nú við þessa 2. umr. að ræða þetta mál það ýtarlega, að við vöðum ekki í villu og svíma um, hvað við séum að gera, og göngum alveg úr skugga um þessa hluti.

Hv. 6. landsk. þm. lýsti þeirri trú sinni, að þessi stefna, sem hér væri farið inn á, þýddi viðreisn í okkar atvinnulífi, hún þýddi batnandi lífskjör, þýddi aukna framleiðslu. Ég er alveg viss um, og það er nú þegar að byrja að koma fram, að þessi stefna þýðir ekki viðreisn, heldur hrun. Og það er að byrja nú þegar. Það er þegar verið að kippa stoðum og jafnvel grundvelli undan mörkuðum, sem við höfum haft, og þar með undan fyrirtækjum, sem hafa starfað blómlega undanfarið. Þessi stefna þýðir ekki batnandi lífskjör, heldur versnandi lífskjör, og ríkisstj. hefur sjálf byrjað að framkvæma þessa stefnu sína með því að rýra lífskjörin meira en nokkur önnur ríkisstj. hefur gert í 20 ár. Þessi stefna þýðir ekki aukningu framleiðslunnar, heldur stöðvun á framleiðslunni. Og það hefur ekki verið hægt í þessum umræðum að sýna fram á eitt einasta dæmi um von um aukningu á framleiðslu í sambandi við þetta frv.

Þá talaði hv. 6. landsk. þm. um, að það væri hættulegt að vera einstökum mörkuðum of háður. Og það var eftirtektarvert, hvaða markaði hann nefndi. Hann nefndi, hvað það væri slæmt að verða þannig háður síldarmörkuðum Svíþjóðar, hvað það hefði verið slæmt að vera háður fiskmörkuðum Spánar, hvað það hefði verið hart að vera háður fiskmarkaði Bretlands. Allt eru þetta kapítalistiskir kreppumarkaðir, allt saman lönd, sem eru í OEEC, efnahagssamvinnu Norðurálfu, þannig að allt eru þetta dæmi um, hve hættulegt það er fyrir okkur Íslendinga að vera háðir þessum kapítalistisku mörkuðum.

Þá kom hann inn á það, hvort jafnkeypissamningarnir gerðu okkur háða. Nei, jafnkeypissamningarnir gera okkur ekki háða, það eru samningar, sem skapa okkur tryggingu, öryggi fyrir framleiðslu, og eru gagnkvæmir. Við kaupum jafnmikið af þeim löndum og við seljum til þeirra. Við verðum þeim ekki skuldugir, og þau verða okkur ekki skuldug. Þvert á móti sýnir reynslan okkur það, að fjarri fer því, að þessir jafnkeypissamningar geri okkur háða slíkum löndum, heldur hafa einmitt samningarnir við þessi lönd verið okkur bjargráð í þeim góða skilningi þess orðs, þó að farið sé að nota það oft illa, eins og hv. 6. landsk. þm. einmitt kom inn á, þegar okkar ágætu bandamenn, Bretar, lokuðu fyrir okkur fiskmarkaðinum 1952. Hvert sneri þáv. ríkisstj. sér, ríkisstj. Framsóknar- og Sjálfstfl.? Til Sovétríkjanna, til þess að gera jafnvirðis-

kaupasamning við Sovétríkin, og þau beinlínis björguðu okkur undan því banni, sem þessir þokkalegu bandamenn okkar, Bretar, settu á okkur. Það er náttúrlega rétt almennt séð, að Ísland er háð erlendum mörkuðum í þeim skilningi, að þegar við flytjum út þriðjunginn af allri okkar framleiðslu, þá þurfum við á öllum þessum mörkuðum að halda til þess að lifa. Það er allt annað. Spurningin er hins vegar, hvort við getum hagað þannig okkar viðskiptum, að við verðum aldrei einhliða of háðir einstökum aðilum í þessu, og það er það, sem við höfum verið að reyna að gera á undanförnum árum. Og sú jafnvægispólitík, sem er eina skynsamlega jafnvægispólitíkin, sem við höfum rekið, hefur tekizt vonum framar.

Þá kom hv. 6. landsk. inn á höftin og að við hefðum verið búnir að búa við þau, og rakti alla sögu þeirra í 30 ár, frá okt. 1931. Af hverju höfum við búið við þessi höft? Af því að bitur reynsla hratt okkur út í þau, svo bitur reynsla, að við áttum einskis annars úrkosta en annaðhvort að hálfdrepast í þessu landi okkar og taka upp Ameríkuferðir að nýju eða eitthvað slíkt, nýjan landflótta, eða reyna að finna einhver ráð til að gera Ísland byggilegt. Ég man eftir ráðunum, sem sumir afturhaldsseggirnir hér á Íslandi gáfu okkur 1934 í kreppunni. Þegar ung hjón voru að gifta sig, þegar atvinnuleysið var í Reykjavík, þá sögðu þeir: Þau geta farið upp í sveit og vistráðið sig þar. — Að vera vistráðið hjú og horfa fram á það mestallt sitt líf, þetta var það, sem var látið blasa við sem framtíðin. Slíkir menn mundu heldur flýja land en hokra þar eins og menn gerðu um 1890. Það er ekki til neins að bjóða upp á svona. Það er þessi bitra reynsla, sem hefur rekið okkur út í það að taka upp þessi höft. Hverjir voru það, sem tóku upp höftin? Það voru Sjálfstfl. og Framsfl. Það var meira að segja enginn kommúnisti á þingi þá. Það var svo ótvíræð járnhörð nauðsyn, að sjálfir aðaláhangendur frjálsrar samkeppni gengu fram fyrir skjöldu og það ekki þeir, sem voru smæstir og veikastir í frjálsu samkeppninni. Sterkasta fyrirtækið, sem þá var til á Íslandi, þegar kreppan skall á, var Kveldúlfur. Og hvað gerði Kveldúlfur, Kveldúlfur og Alliance, fiskhringurinn, sem ræður 90% af útflutningi Íslands í frjálsri samkeppni þá? Það er hann, sem kemur til ríkisvaldsins og segir: Það verður að taka upp ríkiseinokun á fiskútflutningnum og fá þá ríkiseinokun þessum okkar fiskhring í hendur, til þess að við getum lifað, annars förum ekki bara við á hausinn, heldur fer líka Landsbankinn á hausinn og þjóðfélagið á hausinn. — Þetta er reynslan, sem rak okkur út í það. Það er reynslan af kapítalismanum. Það er hún, sem knúði Ísland út í þetta.

Það, sem hefur verið gallinn í þessi þrjátíu ár, er, að Ísland skuli ekki hafa borið gæfu til að taka upp sósíalisma. Þar höfum við verið að tvístíga allan þennan tíma, þar eð við höfum verið með höft, sem hafa þýtt skriffinnsku, spillingu, þröngsýni, vitleysu, helmingaskipti og allt mögulegt slíkt. Sjálfstfl. og Framsókn hafa verið að dunda við að semja sín á milli í 30 ár um, hvernig eigi að skipta spillingunni í sambandi við þessi höft oft og tíðum, og ég frábið mér, að það sé kallaður sósíalismi. Nei, en hins vegar hafa þessir flokkar ekki verið að gera þetta að gamni sínu. Þeir hafa gert þetta vegna þess, að kreppan var að drepa Ísland, vegna þess, að því unga íslenzka ríki var kastað út í hringiðu kapítalismans í heiminum, þegar það varð sjálfstætt ríki, og fær að kenna svo óþyrmilega á þessum óvætti, sem kapítalismin er, að það reynir að finna eitthvað út til þess að bjarga sér, svo að það sé ekki alveg drepið.

Hv. 6. landsk. þm. sagði, að þrjátíu ára saga sýndi, að höftin gætu ekki tryggt verðgildi myntar okkar íslenzku krónu. Það er alveg rétt hjá honum, þau hafa sýnt það. En hafa þau sýnt það, að höft séu ófær til þess, þótt þessi þrjátíu ára saga hafi sýnt það? Eða hafa þau sýnt það, að frjálst hagkerfi svokallað sé fært um að tryggja verðgildi myntar? Í því frjálsa hagkerfi hefur t. d. sterlingspundið fallið tvisvar sinnum á þessum tíma. Og ég skal nefna annað: Það eru ýmsir möguleikar til þess að tryggja ákveðið verðgildi myntar. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. 6. landsk. þm.: Hvað álítur hann vera rétt gengi á dollarnum í dag? Bandaríkjamenn þykja líklega standa fremst um frjáls viðskipti og um rétta mynt og rétt gengi, og ég vil segja, að þrjátíu ára saga sýnir, að það er ekki hægt með svokölluðum frjálsum viðskiptum að tryggja verðgildi myntar. Dollarinn hefur fallið, hann hefur hríðfallið á þessum tíma, þrátt fyrir allt frelsið, þrátt fyrir það þótt meiri hluti af gullforða hins kapítalistíska heims sé í Bandaríkjunum. En hvernig hafa Bandaríkin farið að? Jú, þau hafa farið þannig að, að dollarinn er skráður gagnvart allri annarri mynt, ensku pundi, danskri og íslenzkri krónu, á helmingi hærra gengi, tvöfalt hærra gengi en hans raunverulega gengi er. Hv. 6. landsk. þm. getur spurt hagfræðiprófessorana í Kaupmannahöfn að því, hvað sé raunverulegt gildi eins dollars. Dollarinn er skráður miðað við danska krónu 15 cent, en kaupgildi þeirra dönskra króna, sem dollaraeigandi fær í Danmörku, gefa honum 30 centa andvirði fyrir, gefa honum helmingi meira. Skráningu dollarsins er haldið uppi í veröldinni, eftir að dollarinn er fallinn, með ofbeldi og hervaldi og áhrifum amerísks auðvalds. Það eru allar þjóðir með því stjórnmálavaldi, sem Bandaríkin hafa, með þeim ítökum, sem þau hafa, knúðar til þess að skrá dollarinn á tvöfalt hærra gengi en hann raunverulega er, og þessari staðreynd munu ekki hagfræðingar þess kapítalistíska heims þora að neita. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að þegar t. d. amerískur ferðamaður kemur til Danmerkur og kaupir þar fyrir sína dollara danskar vörur, þá fær hann fyrir þær helmingi meira af vörum en hann fengi í Bandaríkjunum. Það

þýðir, að þegar stór ameríkur hringur kemur hvort heldur er til Vestur-Þýzkalands eða Kaupmannahafnar og kaupir þar upp fyrirtæki og er búinn að skipta dollarnum á þessu gengi, þá getur hann keypt helmingi meira af vélum, verksmiðjum eða öðru slíku hvað verðgildi snertir í þessum ríkjum heldur en hann getur í Bandaríkjunum. — Þess vegna hafa amerískir auðhringar getað náð tökum á fyrirtækjum í Vestur-Þýzkalandi og þessum ríkjum fyrir helmingi lægra verð en þessi fyrirtæki raunverulega kosta, í krafti þeirrar skráningar, sem er á dollarnum. Þetta er sama aðferð og t. d. það nazistíska Þýzkaland notaði gagnvart Danmörku, þegar Danmörk var hernumin. Danski seðlabankinn var skyldaður til að taka við mörkunum eins og nazistarnir skráðu þau, og í krafti þess gátu þeir rænt Danmörku. Og Bandaríkin eru í dag að ræna hvert einasta land, líka Ísland, í krafti falskrar skráningar á dollarnum. Dollarinn hefur þrátt fyrir allt þetta frelsi, sem talað er um, og frelsið í Ameríku, fallið, hann hefur hríðfallið raunverulega, en skráningunni er haldið rangri til þess að gera amerísku auðvaldi mögulegt að ræna öll svokölluð bandalagslönd Bandaríkjanna.

Það er ekki af engu, að Bandaríkjaauðvaldið er búið að ná undir sig svo og svo miklu af fyrirtækjum, t. d. í Vestur-Þýzkalandi. Þetta er sama sem hernám, ökonómískt hernám, innrás og rán, en það er gert á ósköp penan hátt, bara með falskri skráningu á dollar. Dollarinn hefur fallið, þó að þar hafi ekki verið höft og annað slíkt. Það, hvort eru höft eða ekki höft, er því ekki það, sem ræður úrslitum í því að viðhalda verðgildi einnar myntar. Það, sem ræður úrslitum í að viðhalda verðgildi einnar myntar, eins og t. d. okkar, það er að auka okkar framleiðslu innanlands, þannig að okkar útflutningur sé sem mestur, takmarka dálítið það, sem við kaupum inn, og gera það skynsamlega.

Til þess að viðskiptajöfnuðurinn hjá okkur sé öruggur og helzt hagstæður, skal gengi okkar myntar haldast. Þess vegna snertir þetta ekkert, hvort það eru höft eða ekki höft. Það snertir bara, hvort það er rekin skynsamleg viðskiptapólitík, hvort það er rekin forsjál viðskiptapólitík eða ekki. Við höfum neyðzt undir áhrifum amerísks auðvalds til þess að fella okkar gengi nú tvisvar sinnum, 1950 og 1960. Bandaríkin hafa fyrirskipað okkur með Marshall-samningnum að skrá rétt gengi, og þau koma sjálfum sér undan að skrá rétt gengi. Þau skrá falskt gengi um allan heim, þau stela og ræna í krafti falsks gengis af öllum þjóðum, sem þau þykjast vera að hjálpa. Það má mikið vera, ef hv. 6. landsk. er ekki sammála mér um þetta.

Þá segir hv. 6. landsk., að haftakerfið sé uppspretta óeðlilegrar gróðamyndunar, það geri alþýðu manna fátækari. Jæja, ef haftakerfið er uppspretta óeðlilegrar gróðamyndunar og gerir alþýðu fátækari, þá ættum við að fara að sjá eitthvað af því, að hún yrði ríkari og betur stæð, þegar haftakerfið yrði afnumið. En hvað sjáum við fram á? Við sjáum fram á, að sjálfir postular frelsisins segjast ekki geta afnumið haftakerfið nema með því að byrja að gera alþýðuna á Íslandi fátækari, fátækari en hún hefur verið nokkurn tíma síðustu tuttugu ár, þrátt fyrir það, þó að í þessi 20 ár hafi hún fengið fyrst upp undir 600 millj. kr. í svokallaðan stríðsgróða og alla þá nýsköpun atvinnulífs, sem hann var að nokkru leyti notaður til, þó að hún hafi fengið Marshallgjafir upp á álíka upphæðir og þó að hún hafi tekið lán erlendis, sem hefði með skynsamlegri stjórn verið hægt að nota til þess að auðga hana með því að kaupa framleiðslutæki fyrir, þá á alþýða manna nú, þegar frelsið kemur, að búa við lélegri kjör en hún hefur búið við öll þessi 20 ár, — lélegri kjör. Hún á einskis að fá að njóta af allri þeirri aukningu framleiðslugetunnar, sem orðið hefur á Íslandi þessi 20 ár. Framleiðslan hefur aukizt stórkostlega á Íslandi þessi 20 ár, en postular frelsisins segja: Alþýðan verður að vera fátækari en hún var fyrir 20 árum. Þeir ætla að einoka fyrir sig allt, sem Ísland hefur auðgazt á þessum áratugum, og þá segjum við nei.

Haftakerfið er ekki nein sérstakleg uppspretta óeðlilegrar gróðamyndunar. Það er hægt að skapa óeðlilega gróðamyndun alveg jafnt í svokölluðu frjálsu kerfi. Gróðamyndun auðvaldsins í Bandaríkjunum hefur getað verið nógu stórkostleg, þó að það væri ekki svokallað haftakerfi þar. Mér heyrðist annars hv. 6. landsk. þm. vera nú ekki allt of öruggur um uppsprettu gróðans í sambandi við þetta nýja kerfi, sem á að taka upp. Hann var að heimta, að verðlagsákvæðin yrðu afnumin. Verðlagsákvæðin eru nú í augnablikinu það eina litla, sem eftir er skilið til þess að reyna að tryggja alþýðu ofur lítið gegn okrinu og arðráninu, og það er auðheyrt, að honum finnst frelsi heildsalanna ekki orðið nóg, fyrr en verðlagstakmarkanirnar eru afnumdar líka.

Svo talaði hv. 6. landsk. þm. um gervibúskap, um gervibúskap haftanna á þessum undanförnum 30 árum. Jæja, látum þá vera, ef við köllum það gervibúskap. En við þennan gervibúskap þessara síðustu 20 ára hafa alþýðufjölskyldurnar á Íslandi lifað betur en alþýða hefur nokkurn tíma lifað á Íslandi fyrr. Þeirra búskapur hefur verið þannig, að menn hafa ekki endilega þurft að borða tros sex daga vikunnar, eins og þegar frelsi var, þegar sá raunverulegi búskapur var. Menn hafa ekki þurft að ganga atvinnulausir þrjá til fjóra daga í hverri viku, eins og var, meðan frelsið var. Menn hafa ekki þurft að segja sig eins mikið á sveit og ekki heldur missa kosningarréttinn við það, eins og var, meðan frelsið var. Þessi ár, sem hv. 6. landsk. kallar ár gervibúskaparins, eru ár mestu framfara í sögu Íslands, stórkostlegustu efnahagslegu framfara, sem Ísland hefur nokkurn tíma upplifað, — framfara, sem jafnvel hafa vakið athygli á Íslandi og sett það í fremstu röð þjóða

hvað snertir lífsafkomu. Í stað þeirrar neyðar, sem við bjuggum við, meðan frjálsa verzlunin var, t. d. 1920—30, hefur komið sæmileg afkoma og sérstaklega þó nokkurt afkomuöryggi þessi síðustu 20 ár. Það hefur ekki verið gervibúskapur hjá alþýðu manna, það hefur verið raunverulegur, sæmilegur afkomubúskapur hjá alþýðufjölskyldunum. Ég þekki það tímabil, sem íhaldið fékk að ráða eitt í þessum efnum og framkvæma sínar hugmyndir um frjálsa samkeppni og þegar það var látið bitna á alþýðufjölskyldunum, svo framarlega sem atvinnurekendurnir höfðu ekki neinn áhuga á atvinnurekstrinum. Ég man enn þá eftir því ástandi á Akureyri, þegar atvinnuleysið, landlægt atvinnuleysi hvern einasta vetur, svarf þannig að, að vikum saman voru fátækir menn að íhuga það og berjast við það, hvort þeir ættu að segja sig til sveitar eða hálfsvelta fjölskyldur sínar, vegna þess að ef þeir sögðu sig til sveitar, misstu þeir kosningarrétt. Ég man eftir ákvörðunum, sem við höfðum orðið að taka í stjórn jafnaðarmannafélagsins á Akureyri þá um að segja ákveðnum meðlimum okkar félags að segja sig til sveitar og missa kosningarréttinn, vegna þess að heimilið var búið að svelta lengi undan atvinnuleysinu, sem þá var. Þetta var ástandið, sem við bjuggum við, á meðan frelsið var, meðan verzlunarfrelsið var, meðan atvinnurekendurnir, sem höfðu kannske hrúgað upp einhverjum fyrirtækjum, hættu við þau, fluttu til Hafnar eða fluttu til Reykjavíkur og skildu alþýðuna eftir svona. Það er á móti þessu verzlunarfrelsi braskaranna, sem alþýðan á öllum þessum stöðum hefur orðið að skapa sér sínar bæjarútgerðir og annað slíkt, orðið að basla með þetta. Það er á móti þessum braskbúskap, á móti þessari neyð, sem ríkið hefur orðið að koma upp þeim höftum, sem vissulega voru framkvæmd ósköp vitlaust oft og tíðum, en við fulltrúar alþýðunnar höfðum gert það, sem við höfðum getað, til þess að skapa eitthvert vit í og gera jákvætt og skapandi. Þess vegna skulum við varast að kalla það gervibúskap, sem verið hefur þessi ár, þótt ýmislegt megi að honum finna. Hins vegar hefur sá áætlunarbúskapur, sem hv. 6. landsk. þm. minntist á, aldrei verið reyndur á Íslandi, því miður. Hann hefur aldrei komizt á þrátt fyrir okkar baráttu í því efni. Það hafa verið gerðar smátilraunir til þess að hagnýta einhvern ofur lítinn anga af þeirri hugsjón, í sambandi við ákveðnar nefndir og ráð, sem settar hafa verið á stofn, og þó að lítið hafi verið, hefur það hjálpað þó nokkuð.

Það var vissulega hugmynd, sem á rót sína að rekja til áætlunarbúskapar, þegar nýsköpunin var sett á laggirnar 1944, og þótt undarlegt megi virðast, hefur núv. hæstv. forsrh., sem þá var líka forsrh., verið svo stoltur af þessari smátilraun, sem gerð var þá, að hann hefur aldrei mátt á þá stjórn minnast án þess að lofsama hana meira en nokkra aðra stjórn, og hefur hann oft verið ráðh. og forsrh. á Íslandi síðan. Svo vel hefur honum þótt það takast, þegar þessi litli angi af sósíalistískri hugsjón var hagnýttur á borgaralegu Íslandi, enda það borgaralega Ísland tórað á því síðan og heildsalarnir haft sína peninga til þess að verzla fyrir af því, sem nýsköpunartogararnir og bátarnir hafa gefið.

Áætlunarbúskapur hefur því miður ekki verið reyndur, en með það litla, sem gerðar hafa verið tilraunir til að hagnýta einhvern anga af honum, höfum við bjargazt af þessi síðustu 20 árin. Við höfum haft sára reynslu af frjálsu samkeppninni, og það var ekki aðeins svo, að þeir færu á hausinn, eins og ég var að minnast á áðan, kaupmennirnir og atvinnurekendurnir úti um allt land, Bogesenarnir þá, það endaði með því, að þeirra aðalfyrirtæki, Íslandsbanki, fór á hausinn líka. Þetta var allt að fara á hausinn, vegna þess að Ísland stóðst ekki hringiðu kreppunnar. Kreppan ætlaði að drepa okkur, og þess vegna urðum við að forða okkur á einhvern hátt út úr þessu.

Hv. 6. landsk. vitnaði mjög stoltur til Þýzkalands og yfirlýsingar, sem Erhard ráðh. þar gaf um, að þeir Vestur-Þjóðverjar hefðu ekki bara breytt reglum hernámsstjórnarinnar, heldur hefðu þeir afnumið þær. Við skulum aðgæta, að það er tvennt dálítið ólíkt, sem þarna á sér stað. Vesturþýzka auðvaldið er með bezt skipulögðu auðmannastéttum heimsins. Hvað sem okkur kann að greina á um Þjóðverja almennt, þá býst ég við því, að við séum sammála um, að þeir séu góðir menn til skipulagningar, hafi einhverja mestu skipulagshæfileika, sem nokkur þjóð hefur, ef hægt er að tala um það yfirleitt sem þjóðareinkenni. Og hvað snertir auðvaldsþróunina í Þýzkalandi, þá hafa auðhringarnir þróazt þar og stóriðjufyrirtækin og bankarnir vaxið þar saman á síðustu 60 árum í eins ríkum mæli og í nokkru öðru kapítalistísku ríki heims, jafnvel sterkar en í Bretlandi, jafnvel eins sterkt og í Bandaríkjunum, þannig að auðvaldið í Þýzkalandi er háþróað hringaauðvald og þær voldugu samsteypur, bæði I. G. Farben, bæði þeirra stóri kemíski hringur og þeirra voldugu málm- og stálfyrirtæki, voru með voldugustu hringum heims. Það þarf ekki annað en að minna á nöfn eins og Krupp eða I. G. Farben, til þess að menn muni eftir, hvílíkir drottnar í atvinnulífi veraldarinnar þýzku auðhringarnir voru. Og hvað var það, sem Erhard var að gera? Við vissum ósköp vel, að jafnhliða því sem síðasta stríð var stríð á móti nazismanum, þá var líka í því fólginn viss þáttur, sem snerti verzlunarsamkeppnina á milli brezka auðvaldsins annars vegar og jafnvel fleiri auðmannastétta og þýzka auðvaldsins hins vegar, og það, sem brezka auðvaldið hafði m. a. sérstakan áhuga á, var að sundurlima þýzka auðhringavaldið, til þess að það yrði ekki samkeppnisaðili við það, og það, sem Erhard var að gera, var að slíta þessa fjötra, sem hernámsyfirvöldin höfðu lagt á þýzka hringaauðvaldið, af þýzka hringaauðvaldinu og segja: Við skeytum ekkert um ykkar boð. Við höfum ekki breytt þeim, við höfum afnumið

þau, eins og hv. 6. landsk. þm. vitnaði í áðan. Það þýddi: þýzka hringaauðvaldið var að slíta af sér fjötrana, sem hernámsvöld Bandamanna höfðu lagt á það, og þar með var þýzka auðhringavaldið að endurreisa sitt gamla auðveldi í allri sinni dýrð, ef svo mætti að orði komast, til þess að vera samkeppnisfært, til þess að geta slegið Bretland út, geta slegið jafnvel Bandaríkin út, jafnvel sama bandaríska auðvaldið sem hjálpaði vesturþýzka auðvaldinu til að byrja með: Og nú horfizt þið og aðrir framan í þetta vesturþýzka auðvald upprisið aftur eins voldugt og nokkru sinni fyrr, jafnvel þannig, að sú takmarkaða afvopnun, sem um skeið var í Vestur-Þýzkalandi, hjálpaði beinlínis þýzka auðvaldinu til að geta notað enn þá meira af framleiðslugetu Þýzkalands til þess að byggja upp sitt auðhringavald. M. ö. o.: voldugt hringavald Þýzkalands er risið upp á ný núna í öllum sínum mætti. Það slítur af sér þessa fjötra. Það þarf ekki á neinum höftum að halda. Stálhringurinn og I. G. Farben og allir þeir hringar, sem eru núna, stjórna þessu út frá sínum skrifstofum. Þar er þeirra áætlunarbúskapur. Hringavald veraldarinnar gerir sínar áætlanir. Það planleggur eins vel og nokkurt herforingjaráð á stríðstímum gerir, hvernig það skuli leggja undir sig heiminn, hvernig það skuli leggja undir sig nýlendurnar, hrifsa hver af öðrum völdin í þeim. Það er engin tilviljun, að Erhard fer til Asíu og Afríku og verður nokkuð ágengt. Þýzkt auðvald er sterkt. Að bera þetta saman við okkur, það er fásinna. Það hentar þýzku auðvaldi að slíta þessa fjötra.

Okkar litlu og ófullkomnu og vitlausu höft eru hins vegar ofur lítil viðleitni frá hálfu íslenzku þjóðarinnar til þess að verða líka sterk. Hún er svo fámenn, að hún getur ekki orðið sterk nema standa öll saman. Hún getur ekki orðið sterk í þessari harðvítugu baráttu, sem við heyjum úti í veröldinni, nema við séum helzt skipulagðir eins sterkt og einn hringur. Nú mundi vafalaust hvorugur okkar vilja, að það væri einn auðhringur hér á Íslandi, við skulum segja, að okkar gamli Kveldúlfur væri risinn upp og réði öllum fiskútflutningnum og tæki svo allan innflutninginn í sínar hendur líka. Við mundum ekkert kæra okkur um það. Það mundi ekki samræmast okkar lýðræðishugsjónum. Hvernig getum við þá skapað þau samtök, orðið það sterkir, að við með þessar smáu 1000—2000 millj. kr., sem við flytjum út, séum þó eitthvert ofur lítið vald á heimsmælikvarða, getum notað okkar heimamarkað, sem getur tekið við, — ég veit ekki, hvað verður í þeirri nýju mynt, 2000—3000 millj. kr. í verðmætum, — getum tekið við því og hagnýtt okkar innkaupamátt upp á 2000—3000 millj. til þess að koma okkar ár sem bezt fyrir borð úti í heimi með að selja okkar vörur? Við getum ekki hagnýtt okkur þessa aðstöðu, við getum ekki skipulagt okkur sem ein sterk heild til þess að nota þessa aðstöðu út á við nema með því, að íslenzkur þjóðarbúskapur sé ein heild, sem ríkisstj. Íslands stjórnar. Annars verðum við aldrei neitt vald á alþjóðlegan mælikvarða og erum litlir samt og verðum að vera helzt klókari en aðrir, forsjálli en aðrir, til þess að geta komið ár okkar vel fyrir borð. Þess vegna þýðir ekkert að bera þetta saman við það, sem einu voldugasta auðvaldi heimsins hentar, þýzka hringaauðvaldinu. Því hentar að slíta þá fjötra. Það var mjög eðlilegt frá þess sjónarmiði. En okkur hentar það ekki. Þvert á móti eigum við að gera þessi höft, sem við getum verið sammála um að oft hafi verið framkvæmd ósköp vitlaust, — við eigum að gera þau að skapandi samtakaheild íslenzkrar þjóðar, þar sem við beitum öllum okkar kröftum annars vegar til þess að tryggja okkur markaði, þar sem það er gert með ákveðnum fyrirframsamningum, hins vegar til þess að berjast sem allra mest á þeim mörkuðum, þar sem við verðum að berjast í þessum frumskógi svokallaðrar frjálsrar samkeppni, raunverulega í frumskógi hringavaldsins í heiminum. Og þar verðum við að reyna að mynda sem bezt samtök á milli okkar, starfa sem bezt saman, hvort heldur sem heitir einstaklingar, samvinnufélög, hlutafélög eða aðrir slíkir eða ríkisútflutningur eða hvað sem það er. Við eigum að reyna að sameina alla þessa krafta um að koma okkar ár þarna sem allra bezt fyrir borð. Þess vegna er ekki til neins að taka það eftir, að Vestur-Þjóðverjum eða vesturþýzka auðvaldinu kunni að vegna vel við að afnema höft. Það þýðir, að hinir litlu auðmenn okkar hérna heima bara drepa sig á því að gera þetta sama.

England hafði áhuga á því um miðja 19. öld, að allar aðrar þjóðir hefðu frjálsa verzlun, — þá meina ég með frjálsri verzlun tollfrjálsa verzlun, enga tolla. England hafði áhuga á því, því að England var á undan öllum hvað snerti framleiðslu, hafði komið upp fullkomnu framleiðslukerfi. Englendingar vildu fá að selja til allra þjóða. En hvernig mynduðu allar aðrar þjóðir sína stóriðju? Hvernig mynda Þjóðverjar sína stóriðju á 19. öld? Með því að koma á tollum. Með því að mynda tollabandalag. Með því að skapa múra á móti innflutningi allra iðnaðarvara og skapa í krafti þeirra tollmúra sína eigin þýzku stóriðju. Þetta verður hvert einasta ríki að gera, sem vill vera sjálfstætt. Gömlu ríkin eru þarna stór og voldug og eru langt á undan okkur. Ef við ætlum að skapa sjálfstæða stóriðju eða iðju yfirleitt og framleiðslu hjá okkur, hvort heldur hún er rekin af einstaklingum, hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu eða hverjum sem er, þá verðum við að girða okkur af á móti þeim, sem eru heilli öld jafnvel á undan okkur, hafa slíkt forhlaup. Þess vegna skulum við ekki líkja okkur við þessar þjóðir. Þar er um allt annað að ræða. Þetta ætti aðeins við í einu tilfelli, þ. e. ef við ætluðum að verða partur af Þýzkalandi, Frakklandi eða Ítalíu eða slíku, þá væri þetta rökrétt. En ég býst ekki við, að þeir ætlist til þess.

Þá kom hv. 6. landsk. þm. inn á, að þetta skipulag, sem nú ætti að koma upp, gæfi öllum jafnan rétt. Þetta er ekki satt. Það er gert óskaplega upp á milli manna með þessu frv. Í fyrsta lagi er nú gert upp á milli heildsala og útvegsmanna, svo að ég haldi mig bara að yfirstéttinni. Heildsölunum er gefið frelsi til að eyða peningum eins og þeir vilja. Ríkið borgar, þjóðin á að borga seinna meir, þegar við eigum að taka við þessu seinna meir, þá eigum við að fara að borga þessa peninga, sem þeir eyða í dag, 800 millj. En útvegsmennirnir, hvað er sagt við þá? Það er sagt við þá: Þið eigið að skila öllum gjaldeyri, sem þið fáið. — Það er sem sé gert óskaplega upp á milli. Það er síður en svo, að það sé verið að gefa jafnan rétt. Í öðru lagi, að svo miklu leyti sem jafn réttur svokallaður er gefinn um, að menn megi flytja inn, þá er annar ójöfnuður settur á um leið. Það er ójöfnuður peninganna. Þeim, sem hafa mikla peninga, er gefinn þarna réttur. Þeim, sem hafa litla peninga, er ekki gefinn réttur. Það er réttur fyrir þá ríku, aðstaða fyrir þá ríku, aðstöðuleysi fyrir þá fátæku. Í öðru lagi eru til ríkisbankar í landinu, eins og við vitum. Ef menn hafa aðgang að ríkisbönkum, og viss fyrirtæki í landinu njóta jafnvel sérréttinda hvað það snertir að fá lán þar, þá fá þeir það, aðrir fá það ekki. M. ö. o.: það er ekki heldur jafn réttur, hvað þetta snertir, það hafa ekki allir jafnan rétt til lána hér í bönkunum. Það er mjög misjafn réttur. M. ö. o.: það er engu jafnrétti verið að koma á með þessu. Það er bæði formlega og raunhæft alger skortur á jafnrétti þegnanna. Fátækum og ríkum er mismunað. Þeim, sem eru í náð hjá bönkunum, og þeim, sem eru það ekki, er mismunað, alveg eins og hefur alltaf verið. Það er eitt, sem maður gæti sagt: með þessu er verið að skapa rétt og vald peninganna.

Þá sagði hv. 6. landsk., að meiningin væri að auka þjóðarauð Íslendinga. Hvað sannar sagan? Hefur þjóðarauðurinn verið aukinn, þegar svona skipulag hefur verið tekið upp? Nei, þvert á móti, hann hefur farið minnkandi. Þegar frjálsa samkeppnin var hér á árunum, var þetta allt að fara á hausinn. Þetta var allt að flosna upp. Menn voru að flýja, flýja landið, bæði atvinnurekendur og aðrir. Hvað blasir við núna? Það blasir við þetta sama, uppflosnunin úti um land.

Þá sagði hv. 6. landsk., að frjáls verzlun væri okkur lífsnauðsyn, og hann talaði í því sambandi með miklum fjálgleik um nauðsynina á vöruvali og annað slíkt. Vissulega er það ánægjulegt, að það er mikið vöruval. En fullmikið fannst mér hann nú tala út frá þeirra sjónarmiði, sem hafa þá peningana til að velja um, hvað þeim þóknast að kaupa. Það skipulag, sem við sköpum með því að innleiða þetta hér, verður máske fullar búðir, á meðan við höfum lán erlendis, af vörum og mikið vöruval, fullar búðir, en tómar pyngjur. Það er skipulag, sem maður þekkir frá Vestur-Þýzkalandi og annars staðar. Það er nógu mikið úrval í búðunum, en geta almennings til þess að kaupa, það er hún, sem skortir. Það, sem hefur verið aðalatriðið fyrir okkur á undanförnum árum, er að reyna að tryggja kaupgetu almennings, að auka kaupgetu almennings, og það er það, sem hlýtur að vera aðalatriði fyrir okkur. En í öllum þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, er í raun og veru eitt höfuðatriði af hálfu hæstv. ríkisstj., það er að draga úr kaupgetu almennings. Kaupgeta almennings er í fyrsta lagi góð fyrir almenning sjálfan, að geta veitt sér það, sem menn nauðsynlega þurfa, og það, sem þjóðin sem heild hefur efni á að flytja inn. Það er gott fyrir almenning. Það er að vísu ákaflega skemmtilegt að geta valið úr öllu mögulegu, hvers konar tegundir af silki eða purpura menn vilja klæðast í og hvers konar tízku af skóm menn vilja hafa. En það er ekki fyrir öllu. Það, sem er fyrir öllu, er, að sem flestir meðlimir þjóðfélagsins geti veitt sér það að hafa nóga skó á fæturna, að hafa góð föt að klæðast í, og það hafa menn getað veitt sér. Og meira að segja þó að kvenfólkið hér á Íslandi hafi ekki getað valið úr margs konar tízku í dömuskóm, þá hafa þær getað keypt sér allmiklu fleiri skó á fæturna á undanförnum árum en þær gátu fyrr á tímum. Það að rýra kaupgetu almennings, að minnka hana meira en gert hefur verið nokkru sinni fyrr nema á krepputímum, það þýðir þess vegna að gera lífskjör almennings á Íslandi slæm, og að lokum munu jafnvel kaupmennirnir fá að kenna á því. Ég man eftir hinni litlu tilraun, sem gerð var 1951 með þetta svokallaða frelsi. Það var einn kaupmaður eða verzlunarmaður, sem sagði þá við mig, þegar atvinnuleysið var hér í Reykjavík og menn voru farnir að spara við sig mjólk: Já, nú gerist það, sem hefur ekki gerzt síðan á kreppuárunum. Nú kaupa menn ekki lengur heila sígarettupakka, nú biðja menn um að fá keyptar nokkrar sígarettur úr pakka. — Og það má vel vera, að kaupmönnunum finnist það betra eða heildsölunum, en ég er hræddur um, að meira að segja þeir fái að kenna á því á endanum, ef þeir taka þátt í því núna að leiða það atvinnuleysi yfir, sem verður endanlega afleiðingin af þessu. Við höfum ekkert að gera við fullar búðir, ef alþýða manna hefur ekki efni á að kaupa það, sem í þeim er. Það, sem við þurfum, eru fullar pyngjur almennings, þó að hann geti ekki keypt allt, sem hugur hans kann að girnast í veröldinni, en hafi þó yfirdrifið til hnífs og skeiðar.

Þá sagði hv. 6. landsk. þm., að fríverzlunarkerfið mismunaði ekki. Mér er spurn: Hvar hefur hv. 6. landsk. lært hagfræði? Í hvaða hugarheimi hefur hann lifað síðustu 20 árin? „Fríverzlunarkerfið mismunar ekki“. Hvað er það, sem við höfum verið að upplifa í veröldinni? Við höfum verið að upplifa það í veröldinni, að í skjóli þess, sem einu sinni í gamla daga var kallað fríverzlun, hefur risið upp sá mesti munur, sem til hefur verið nokkurn

tíma í heiminum á efnahagslegri aðstöðu manna í þjóðfélögunum. Það hafa skapazt voldugir peningafurstar, sem hafa vald, sem einvaldskonunga eins og Lúðvík XVI hefði ekki dreymt um að hafa. Vald fjölskyldna eins og Morgans eða Rockefellers, vald þessara auðfursta nútímans, vald báknanna, sem þeir eru fulltrúar fyrir, þessara voldugu hringa, það er meira en nokkrir auðvaldskonungar og nokkrir forríkir indverskir furstar nokkurn tíma hafa haft. „Fríverzlunarkerfið mismunar ekki.“ Fríverzlunarkerfi dó fyrir 60 árum og vék af sviði sögunnar fyrir auðhringamyndun í veröldinni, sem hefur orðið harðvítugri með hverjum áratugnum, þannig að í hinum gömlu löndum auðvaldsins, Bandaríkjunum, Bretlandi, Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi, þá er það frá 10 og 20 upp í 200 fjölskyldur, sem í krafti drottnunar yfir örfáum voldugum auðhringum ráða upp undir 90% af stóriðju viðkomandi landa. M. o. ö.: það er ekkert jafnrétti til á milli þegnanna í þessu kerfi. Engan mann í Bandaríkjunum mundi dreyma um það í dag að ætla að gerast olíukóngur þar. Það einvaldskóngafyrirkomulag er ákveðið og svo að segja óhagganlegt. Og við Íslendingar fengum snemma að kenna á þessu. Meira að segja þegar fríverzlunin var hér í fullum gangi, meira að segja á meðan danska efnahagskerfið var enn þá með þá gamaldags fríverzlun, þá var Standard Oil byrjað að teygja sinn litla fingur hingað til Íslands í gegnum Danmörku, í gegnum D. D. P. A., sem alþýða á Íslandi kallaði þá: danskur djöfull pínir alþýðuna. Íslenzka alþýðan þekkir það frá upphafi, hvernig einokunarhringarnir koma ár sinni fyrir borð.

Svo sagði hv. 6. landsk. þm., að þetta kerfi, sem nú væri verið að innleiða, væri eina lýðræðilega kerfið. Við skulum ekki fara að misnota orðið lýðræði með því að fara að tengja það við efnahagslega ástandið, sem verið er að reyna að skapa með þessu. Efnahagslegt lýðræði verður héðan af ekki skapað með öðru en þjóðnýtingu og sósialisma. Það efnahagskerfi, sem auðvaldið hefur skapað, er í raun og veru þannig, að það er einræði á sviði efnahagslífsins, jafnvel þó að reynt sé að viðhalda borgaralegu lýðræði á sviði stjórnmálanna. Og þegar þeir hringar, sem ráða á sviði efnahagslífsins, þeir stóru auðhringar halda, að þeir geti ekki viðhaldið sinni einokun lengur í krafti borgaralegs lýðræðis, þá þurrka þeir borgaralega lýðræðið út, eins og þeir gerðu með fasismanum í Þýzkalandi, og koma á líka sínu einræði á sviði stjórnmálanna. Það er vegna þess, að þeir hafa einræði á sviði efnahagslífsins, að þeir skella á sínu einræði á sviði stjórnmálanna, svo framarlega sem borgaralega lýðræðið verður þeim of þröngt eða skapast sú hætta, að t. d. verkalýðsflokkar í skjóli þess borgaralega lýðræðis geti náð þar meiri hluta og þjóðnýtt einokunarhringana.

Við skulum þess vegna ekki vera að leggja lýðræðið þannig við hégóma að tengja það við slíkt efnahagskerfi og það, sem er verið að innleiða með því skipulagi, sem hér er lagt til að taka upp, að peningarnir einir skuli ráða í efnahagskerfinu, að ekkert annað tillit skuli tekið en til peninganna og þeirra valds, að ekkert annað sjónarmið skuli ríkja en möguleikinn á að skapa gróða, að engin önnur hvöt skuli vera um stofnun atvinnufyrirtækja heldur en vonin um gróða, í staðinn fyrir að það, sem við höfum reynt undanfarið, þrátt fyrir þann böksulega gang, sem á því hefur verið, það hefur þó verið þetta, að reka atvinnutæki á Íslandi með það fyrir augum að afla gjaldeyris, til þess að þjóðin gæti lifað, reka atvinnufyrirtækin með það fyrir augum, að það væri næg atvinna handa almenningi. Þetta hefur verið höfuðsjónarmiðið, og þó að aðferðirnar, sem hafa verið notaðar til þess að framkvæma þetta, af því að það hafa verið meira og minna borgaralegar aðferðir, hafi oft mistekizt, býrokratískar, hálfspilltar og annað slíkt, þá hefur samt þetta verið sá tilgangur, sem ríkisstj. hafa neyðzt til þess að taka tillit til, þó að þeim hafi tekizt oft óhöndulega að framkvæma þær, af því að raunverulega er ekki hægt að framkvæma þetta takmark, að reka atvinnuvegina með sjónarmið almennings fyrir augum, nema með sósialistiskum búskaparháttum, nema með meiri eða minni þjóðnýtingu.

Þess vegna skulum við gera okkur það alveg ljóst, að það að innleiða þetta svokallaða frjálsa kerfi, sem hér er, það þýðir að ryðja hringunum aftur braut á Íslandi. Það þýðir t. d. hvað snertir síldarlýsið að skapa aftur aðstöðu fyrir Unilever-hringinn að ná tökum hér, þegar búið er að brjóta niður viðskiptin austur á bóginn í þessu efni. Fríverzlunarkerfið gamla hefur leitt til þessa hringavalds.

Þá sagði hv. 6. landsk. þm., að nú væri verið að innleiða frelsi einstaklinganna til þess að geta framleitt og mega framleiða og selja, eða sagði eitthvað í þá áttina, það er víst ekki orðrétt hjá mér. — Þetta er ekki rétt, það er ekki verið að innleiða slíkt frelsi einstaklinganna. Okkur er neitað um það í þessum lögum, að einstaklingarnir á Íslandi megi framleiða og selja eftir því, sem þeir geta. Okkur er neitað um það. Bæði hringavald, sem einkahagsmunirnir hafa myndað, og ríkisvaldið, sem stendur að baki þess, koma í veg fyrir það. Það eina, sem er verið að innleiða með þessu, er frelsi heildsalanna til innflutningsins og halda við einokun útflutningshringanna í þessu sambandi – og samtímis þessu að kúga bæði verkamenn og útvegsmenn.

Þá kom hv. 6. landsk. þm. að því, að nú væri aldeilis verið að frelsa okkur af nefndunum, og nefndi sem dæmi jeppanefndina, þar fengjum við nú loksins frelsið, nú væri jeppanefndin afnumin og fleiri n. færu á eftir. Jeppanefndin var ekki sérstaklega æskileg, það er ekkert sérlega gaman að hafa jeppanefnd. Hún er engin fyrirmynd, hvorki um

sósíalisma né neitt slíkt. En eru þar með öll höft afnumin á innflutningi jeppa? Er ekki verið að setja önnur höft um leið, höft fátæktarinnar? Það er nefnilega verið að setja aðra nefnd, annan skömmtunarstjóra, miklu verri skömmtunarstjóra en jeppanefndina, þótt slæm væri. Sá skömmtunarstjóri heitir: peningur — eða ef við viljum nefna hann öðru nafni: fátækt. Hefur hv. 6. landsk. þm. athugað, hvaða áhrif það að tala um að afnema jeppanefndina hefur þegar haft á hugsanlegan innflutning á jeppum? Það var búið að sækja um, ég held, að ég megi fullyrða það, ég verð að fá leiðréttingu á því, ef ég fer rangt með, það var búið að sækja um — ég held — innflutning á 300 jeppum. Nú er frelsið komið. Hæstv. ríkisstj. er búin að innleiða frelsið, búin að afnema jeppanefndina, við erum alveg frjáls af jeppanefndinni, og nú getum við notið frelsisins, teygað frelsisbikarinn alveg í botn. Nú líður okkur líklega vel á eftir. Og hvað eru eftir núna margir, sem vilja flytja inn jeppa og hafa efni á því eftir ráðstafanir ríkisstj.? 10, er mér sagt. Kannske eru það fleiri, kannske eru það 20 eða 30. Meginið af öllum umsóknunum treysta menn sér ekki til að standa við. Efnahagsráðstafanir ríkisstj. um að gera almenning í landinu frjálsan og losa hann úr höftum fátæktarinnar og allt saman slíkt er farið að bera ávöxt. Og kannske getur einhver upplýst, hvernig það muni vera með dráttarvélarnar. Það var víst engin jeppaúthlutunarnefnd í þeim, en það sýnir sig kannske þar líka. Það má aldeilis hrópa: Lifi frelsið, lifi frelsið af jeppanefndinni. Bara hætta að kaupa jeppa í staðinn. Það er kannske það frelsi, sem hæstv. ríkisstj. er að miða við. Það er kannske allt í lagi. Það var víst eitthvað af þessu rússneskir jeppar, svo að það er kannske ágætt, að íslenzkir bændur þurfi ekki að vera að keyra í rússneskum jeppum, það getur haft vond áhrif á þeirra pólitísku innstillingu. En ef markaðurinn fyrir fisk minnkar svo að sama skapi sem jeppainnkaupin minnka, þá gæti nú ef til vill farið að koma við milljónamæringana á Íslandi. — Nei, ég er hræddur um, að það verði að endurskoða jeppafrelsið, sem hæstv. ríkisstj. er að innleiða, ég held, að það sé ekki einhlítt til farsældar.

Og svo að lokum sagði hv. 6. landsk. það, sem honum auðsjáanlega bjó í brjósti allan tímann. Hann sem sé hafði komizt á snoðir um, að það var heldur en ekki þokkalegt samsæri á ferðinni undanfarið á Íslandi. Það voru nokkrir slæmir karlar, þessir sósíalistar, sem höfðu bara verið að læða sósíalismanum inn um bakdyrnar. Þokkalegt var það. Hann tók fyrst dæmi úr skattakerfinu, þeir höfðu verið að nota þessa aumingja vesalings saklausu og hrekklausu borgaraflokka á Íslandi til þess að læða sósíalismanum, innleiða hann um bakdyrnar. Jæja, þá hafið þið það nú hér, Sjálfstfl. og Framsfl., hvernig þið hafið látið nota ykkur á undanförnum árum. Meira að segja áður en nokkur Alþfl., Kommúnistafl., Sósíalistafl. eða Alþb. var til, þá voru þeir byrjaðir á þessum skramba. Það var skattakerfið á Íslandi, sem var svo þröngt, að það gerði ekki ráð fyrir auðvaldi. Ég held, að ég megi til með að uplýsa hv. 6. landsk. um, að þetta voðaþrönga skattakerfi, sem gerði mönnum ómögulegt að græða, það var til á Íslandi, áður en nokkuð fór að bera þar á sósíalisma eða marxisma. Þetta gamla skattakerfi, sem var svona þröngt, það var sniðið út frá hugsunarhætti gamallar bændaþjóðar, sem mestallt sitt líf hafði verið fátæk og lifað af sinni vinnu og fannst satt að segja auður í einstakra manna höndum vera af því illa, var kannske ekki sérstaklega kristin guðfræðilega séð, en með þá siðferðilegu afstöðu þess gamalkristna manns að álíta gróða siðferðilega ljótt fyrirbrigði. Það var þessi afstaða, sem upphaflega skóp skattakerfið á Íslandi. Þessi bændaþjóð sneið það svona þröngt vegna þess, að hún áleit, að það að skapa gróða í einstakra manna höndum væri ljótt, væri hættulegt, slíkur auður væri af því illa, ekki sósíalismi, það var eiginlega frekar kristindómur, það leyfi ég mér að segja. Og bitur reynsla þjóðar, sem hafði verið kúguð í gegnum aldir, var að vita auðinn lengst af í höndum mjög illra afla.

Þegar ég var að alast upp, lásum við það meira að segja í landafræði Karls Finnbogasonar, að í Bandaríkjunum væri auðurinn að mestu leyti í höndum einstakra auðhringa. Og þegar Matthías Jochumsson var að skrifa sínar ferðasögur frá Bandaríkjunum og Páll Árdal að yrkja út frá því eins og kvæðið „Auðvaldið" frá 1894, þá var það allt saman út frá því sjónarmiði, að guð gefi, að þetta skipulag komi aldrei til Íslands, að þetta gróðaskipulag, að þetta að hugsa allt út frá peningunum komi aldrei til Íslands. Það var út frá þessu sjónarmiði, sem beztu menn Íslands hugsuðu um aldamótin. Það var út frá þessu sjónarmiði, sem beztu mennirnir á meðal þeirra, sem fluttu út af Íslendingum, meðan landflóttinn var að eiga sér stað, og kynntust auðvaldinu í Ameríku, eins og Stephan G. og aðrir slíkir, vöruðu Íslendinga við því að flytja nokkurn tíma auðvaldsskipulagið inn á Íslandi. Það var sár reynsla gamallar bændaþjóðar, ótti hennar við auðvald, peningavald og allt, sem því fylgir, sem olli því, að skattakerfið varð svona frá upphafi á Íslandi. Þetta sem sé leiddi af gamalli og biturri reynslu fátækrar þjóðar, sem óttaðist auð í einstakra manna höndum. Hitt er rétt, að ég hef oft skilgreint það. Ég man eftir t. d., þegar ég var að skilgreina þetta á nýsköpunartímanum fyrir ráðherrum Sjálfstfl. þá, Pétri Magnússyni og Ólafi Thors, hæstv. núverandi forsrh., og var að segja þetta einmitt, að privatkapítalisminn væri raunverulega bannaður á Íslandi, hann hefði þrifizt í skjóli gjaldeyrissvika og skattsvika, og þeir sögðu, að það væri alveg rétt, og jafnvel annar þeirra, sá sem nú er látinn, bætti stundum við, að hann ætti víst ekki heldur langt eftir.

Sannleikurinn er, að það er ósköp erfitt fyrir privatkapítalismann að þróast á Íslandi. Þjóðin er það sjálfstæð, gerir það miklar kröfur til þess, að hver einstaklingur geti ráðið nokkuð fyrir sig sjálfur, að hún þolir ekki, að það komi upp nokkrir, örfáir einstaklingar, sem safni til sín megininu af auðnum, sem þjóðfélagið hefur skapað. Það er ekki út frá sósíalistískum hugsjónum, sem raforkumál á Íslandi eru þannig, að ríkið hefur einokun á raforkuvirkjun. Það er ekki af sósíalistískum kringumstæðum, að sementsverksmiðjan er í ríkiseign og áburðarverksmiðjan ríkiseign og síminn er rekinn af ríkinu o. s. frv. Það er vegna þess, að smæð okkar þjóðar og sjálfstæðistilfinning Íslendinga mótmælir því, að nokkrir einstaklingar eða eistök fyrirtæki eigi svona hluti, vegna þess að fyrirtækin yrðu of voldug, vegna þess að það þýddi, að slík fyrirtæki afnema hið raunverulega lýðræði og frelsi í landinu, ef þau ráða yfir svona hlutum. Þess vegna er það þáttur í allri frelsisviðleitni Íslendinga að reisa sig upp úr nýlendukúguninni og að hindra, að hér skapist sterkt og voldugt auðvald. Hins vegar ef hér ætti að skapast svokölluð frjáls verzlun, frjálst atvinnulíf og allt annað slíkt, þá gat það vegna lögmála kapítalismans, vegna þeirra lögmála, sem gera það að verkum, að stórrekstur er alltaf ódýrari og praktískari en smárekstur, farið í þá áttina, að það myndu ust hringar, eins og við sáum greinilega viðvíkjandi fiskútflutningnum, þegar hann var frjáls. Kapítalisminn leiddi til hringavalds, og það er vegna þess, að Íslendingar hafa ekki getað þolað það ófrelsi, sem myndun og þróun privatkapítalismans hlaut að þýða, að þeir hafa ekki sætt sig við annað en að það yrðu eins mikil ríkisafskipti á Íslandi af atvinnulífinu og verið hafa í 30 ár. Af því að íslenzk þjóð hefur ekki borið gæfu til þess að innleiða sósíalismann hjá sér á þessum tíma, hafa þessi afskipti verið fálmandi, óviss. Af því að þessi höft hafa verið í höndunum á flokkum eins og Sjálfstfl. og Framsfl. sérstaklega, sem oftast hafa notað þetta til helmingaskipta, spillingar og allt saman slíkt, þá hafa þau orðið óvinsæl og annað þess háttar, af því að það hefur ekki verið stefnt að ákveðinni áætlun með þeim og öðru slíku, af því m. ö. o., að þau hafa ekki verið framkvæmd á sósíalistískan hátt, þá hafa þau verið stórkostlega gölluð allan þennan tíma.

En það mun líka sýna sig með þær tilraunir, sem gerðar eru til þess að breyta þessu, að íslenzk alþýða og íslenzk þjóð og íslenzkir smærri atvinnurekendur munu ekki heldur sætta sig við, að privatkapítalisminn fái að þróast hér á Íslandi, vegna þess að ef hann ætti að fá að þróast, mundi hann aðeins geta þróazt á þann hátt að skapa hér einn eða tvo stóra auðhringa, og mér hefur jafnvel heyrzt stundum úr herbúðum Sjálfstfl., að það sé ekkert sérstaklega gott hljóð út í það, sem þeir kalla auðhringa.

Hv. 6. landsk. sagði svo, að nú mundi ég vera bitur og leiður, þegar nú sæi ég, að það væri loku skotið fyrir sósíalismann. Það er skiljanlegt, ef hann hefur haldið, að við værum að læða sósíalismanum inn með þessum höftum, að hann hrósi nú sigri. En ég skal segja honum, hvað ég held. Ég held, að núna með því að gera þessa tilraun til þess að koma á þeim gamla og vitlausa privatkapítalisma og losa sig við þessi höft, sem hafa haldið í honum líftórunni undanfarið, kollkeyri hv. 6. landsk. og hæstv. ríkisstj. þetta kerfi sitt þannig, að það verði ekki möguleiki fyrir neitt annað en sósíalisma á eftir, m. ö. o., að þið ryðjið brautina fyrir sósíalismann með þessu. Þessi gagnbylting einkaauðvaldsins, eins og hann var að taka upp eftir mér, mun misheppnast svo hrapallega, að íslenzk þjóð mun sjá, að það er ekki til neins að vera með þennan læðupokahátt, svo að ég noti orðin, sem hv. 6. landsk. þm. notaði, það er miklu betra að ganga hreint til verks og koma upp meira eða minna sósíalistískum búskaparháttum á Íslandi, áætlunarbúskap og öðru slíku. Það held ég að verði reynslan.

Svo fór hv. 6. landsk. út í teoríurnar, sem mér þykir líka mjög gaman að ræða, allt aftur til Cobdens og Marx. Hann talaði um, að ég hefði eitthvað minnzt á næturverði á 19. öld. Það var gamla slagorðið hjá hugsuðum privatkapítalismans líka þá, að ríkisvaldið ætti bara að vera eins og næturvörður, það ætti sem sé að sjá um, að það væri ekki brotizt inn og stolið í bönkunum eða hjá privatkapítalistum, hafa lögreglu til þess að passa upp á slíkt, en það ætti hvergi að koma nálægt atvinnulífinu, það ættu atvinnurekendur alveg að sjá um sjálfir. Og þetta var þannig trú, að þegar sú löggjöf var í fyrsta skipti samþ. í Bretlandi 1848, að börn innan 10 ára mættu ekki vinna í verksmiðjum lengur en 10 tíma á dag, m. ö. o. að börn allt niður í 6 ára mættu vinna í kolanámum, þó að það væri ekki lengur en 10 tíma á dag, þá voru þetta talin óhæfileg afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu. Auðvaldið hefur síðan 1890 orðið að sætta sig við það, að verkalýðshreyfingunni í heiminum tækist að knýja það fram, að ríkisvaldið og löggjöfin hefðu afskipti af atvinnulífinu, ekki aðeins þau afskipti að hindra, að börnum innan 10 ára og jafnvel innan 12 ára og innan 16 ára væri bannað að vinna í verksmiðjum, ekki aðeins lengur en 10 tíma á dag, heldur er það jafnvel bannað yfirleitt. Í 100 ár hefur kapítalisminn orðið að þola það, að hans frelsi væri takmarkað, af því að verkalýðshreyfingin hefur orðið það sterk í veröldinni, að menn láta ekki lengur svelta sig í hel, eins og þá var gert, og láta ekki drepa börnin úr sulti og þrældómi, eins og þá var gert, þegar kapítalisminn var algerlega frjáls. Þess vegna hefur kapítalisminn þessa síðustu öld orðið að hopa undan, láta verkalýðnum svo og svo mikið í té af endurbótum og réttindum, ekki getað drottnað algerlega einn í veröldinni og orðið að gera sínar vissu ráðstafanir.

Hv. 6. landsk. sagði, að það hefði ekki reynzt

rétt, sem Marx hefði spáð, að smáfyrirtækjunum hafi verið útrýmt. Jú, það hefur einmitt reynzt rétt, að smáfyrirtækjum í heiminum væri ýmist útrýmt eða væru gerð háðari og háðari þessum voldugu auðsamsteypum. Samsteypur auðhringanna í heiminum ráða nú víðast hvar í þeim stóru, gömlu kapítalistísku löndum, eins og Englandi og Vestur-Þýzkalandi og Bandaríkjunum, allt upp í 90% af stóriðjunni þar. Hringaþróunin hefur á þessum 60 árum orðið óskapleg, þrátt fyrir að jafnvel ríkisvald kapítalistanna í þessum löndum hefur sett vissa löggjöf, en löggjöf, sem bara hefur verið brotin.

Hv. 6. landsk. hefur ekki fylgzt vel með í því, hvað gerzt hefur síðustu 60 árin í þessum efnum. Hann talaði líka um, að launþegastéttin, eins og Marx kallaði það á sínum tíma, hefði raunverulega horfið. Hvað hefur gerzt í þessum efnum? Það, sem hefur gerzt, meira að segja hér hjá okkur á Íslandi, það er, að launþegastéttin hefur vaxið. Hvað eru launþegarnir á Íslandi margir nú? Þeir eru 75% af þjóðinni, þeir menn, sem fyrst og fremst lifa af því að selja sína vinnu. Hitt er annað mál, að þessi verkalýður er ekki eins fátækur og hann var fyrir 100 árum. Af hverju er hann ekki eins fátækur? Er það vegna þess, að í 100 ár hafi auðvaldið nokkurn tíma gefið honum einn einasta eyri? Nei. Það er vegna þess, að hann hefur tekið með valdi sinna samtaka af auðvaldinu nokkuð af því, sem auðvaldið hefur rænt hann á þessum tíma. Og hann hefur í krafti sinna samtaka knúið auðmannastéttina til þess að sleppa úr helgreipum sínum nokkru af þeim auði, sem hún hefur tekið frá verkalýðnum. Þess vegna hafa kjör verkalýðsins í fjölmörgum löndum batnað, hann hefur sótt á. Ég hef tekið þátt í þessari sókn í 40 ár hér á Íslandi. Og í hvert einasta skipti, sem sótt hefur verið á, hefur verið sagt: Það er verið að kollvarpa þjóðfélaginu, það eru útsendarar frá Moskvu að steypa lýðræðinu á Íslandi, — með því að skipuleggja kaupdeilur eða verkföll, þar sem verkalýðurinn á Íslandi hefur verið að taka eitthvað ofur lítið af þeim gróða, sem atvinnurekendurnir hafa haft af honum. Þannig höfum við orðið að leiða verkalýðinn í 40 ár frá fátækt og neyð, frá því að vera á sveitinni, til þeirra bjargálna, sem hann býr við í dag, þeirra bjargálna, sem núverandi ríkisstj. er að reyna að hrinda honum út úr.

Auðvaldið hefur aldrei gefið okkur neitt. Við höfum aldrei upplifað, að auðvaldið hafi sagt við okkur: Heyrið þið, við græðum svo mikið núna, það er svo gott ástand í þjóðfélaginu, að nú skulum við hækka kaupið hjá ykkur. — Kjarabæturnar, sem við höfum knúið fram, hafa verið einvörðungu vegna þess, að verkalýðurinn hefur verið sterkur, einvörðungu vegna þess, að hann hefur vald, — vald, sem auðvaldið hér í þjóðfélaginu hefur ekki ráðið við. Og hvenær sem auðvaldið réði við verkalýðinn, mundi fátæktin byrja aftur.

Þá sagði hv. 6. landsk., að kreppurnar hefðu sýnt sig að vera fyrirbrigði, sem borgaralegt þjóðfélag geti ráðið við. Þetta er ekki rétt. Það er eitt, sem villir hann í þessu efni. Það er rétt, að auðvaldið hefur orðið alvarlega hrætt í heiminum eftir heimskreppuna 1930, af því að heimskreppan 1930 var svo ægileg, að auðvaldinu sjálfu ofbauð. Þær venjulegu auðvaldskreppur í heiminum, sem hafa staðið nú í meira en 100 ár, í um 130 ár, þær hafa venjulega, þegar kreppan hefur verið dýpst, eins og hagfræðingarnir kalla það, framkallað framleiðsluminnkun, sem hefur verið um 15% frá toppinum, verið samt tilfinnanlegar, skapað mikil vandkvæði, skapað aukið atvinnuleysi og hvers konar hörmungar. Heimskreppan aftur á móti er það mikil, hún er það djúp, ef við notum orðatiltæki hagfræðinganna, að frá toppinum minnkar framleiðslan um 47% í því landi, þar sem það er verst. Það er þetta, sem gerir það að verkum, að kreppurnar eftir styrjöldina, sem hafa verið eins og gömlu kapítalistísku kreppurnar, kannske framleiðsluminnkun allt niður í 15%, hafa verið eðlilegar, venjulegar kapítalistískar kreppur, sem meira að segja oft hefur verið reynt tiltölulega snemma að stöðva, t. d. með Kóreustríðinu, þegar sá Syngman Rhee, sem nú var að falla, hafði frjálsar kosningar 1950 og var í minni hl. í þingi í Suður-Kóreu 1950, rak það þing burt og réðst á Norður-Kóreu til þess að geta komið á hervaldi í landinu og hefur síðan viðhaldið þeirri böðulsstjórn í 10 ár, þangað til hann var hrakinn burt núna. Með því að setja Kóreustríðið af stað voru Bandaríkin að reyna að lina þá kreppu, sem var skollin yfir 1948. Og Marshall-hjálpin hefur verið ein aðferðin til þess. Hergagnaframleiðsluaukinn var aðferð hjá Hitler til slíks og raunar notaður til fleira. Hergagnaframleiðslan núna í kalda stríðinu hefur líka verið ein aðferð til að draga úr afleiðingum kreppu.

Kreppurnar hjá kapítalistunum halda alveg jafnt áfram, en þær mundu bara að eðlilegum hætti ekki vera eins ægilegar og heimskreppan var 1930. Talið þið við þá í Kanada núna. 10% af verkalýðnum í Kanada er atvinnulaus, tíundi hver maður. Fólk, sem kemur frá Kanada núna, talar fyrst og fremst um eitt, og það er um kreppuna. Og í búðum og alls staðar í Kanada er ekki meira talað um neitt annað en kreppuna, sem sé að koma, kreppuna, sem sé að vaxa. Í Bandaríkjunum eru í dag 5 millj. verkamanna atvinnulausir. Og kreppan kemur með sínu reglulega millibili í sínum kapítalistíska heimi samkvæmt lögmálum þeim, sem þar gilda. Hitt er gefið, að hún verður ekki eins ægileg og heimskreppan var 1930, m. a. vegna þess, að í dag mundi auðvaldsheimurinn ekki þola það. Auðvaldsskipulagið yrði þurrkað út í hverju einasta landi veraldarinnar, ef fólkið sæi fram á, að heimskreppa ætlaði að verða eins og 1930.

Þá sagði hv. 6. landsk., að ég mundi vera eitthvað smeykur við, að það væri verið að

girða fyrir, að sósialisminn kæmist á, með því að taka nú upp frelsið á Íslandi. O, nei, nei, nei. Ég þarf ekki að örvænta út af þróuninni á síðustu 30—40 árum í veröldinni um sósíalismann. Sósialisminn er orðinn sterkasta valdið í heiminum. Af hverju? Af því að hann hefur sýnt efnahagslega yfirburði yfir þann kapítalistíska heim. Framfarir í öllum löndum sósialismans í efnahagsmálum, í atvinnumálum, í vísindum og fleira hafa orðið slíkar, að nú er loks svo komið, að sjálfar auðmannastéttir heimsins viðurkenna þetta. Það fleygir fram þeim sósialistísku þjóðfélögum, þannig að gömlu auðvaldsþjóðfélögin dragast aftur úr. Hitt er svo aftur annað mál, að þau ríki, þar sem sósialisminn hefur byrjað, eins og t. d. það gamla Rússland, voru áður fyrr einhver fátækustu lönd heimsins og þau sem mest voru aftur úr, hafa þar að auki orðið að upplifa tvennar styrjaldir á þessum mannsaldri, þar sem hins vegar fremsta auðvaldsland veraldarinnar, Bandaríkin, sem stóðu náttúrlega langt, langt framar því gamla Rússlandi 1913, hafa stórgrætt á tveimur heimsstyrjöldum, en sjá samt sjálf fram á það núna, að þau muni dragast aftur úr í þeirri efnahagslegu samkeppni á milli þessara kerfa.

Það er þess vegna engum efa bundið, að sósialisminn sigrar vegna þess, að í hverju landi mun alþýðan sjá, að það að koma á áætlunarbúskap er eina vitið til þess að tryggja afkomu manna og nægar efnahagslegar framfarir, rétt eins og Sjálfstfl. sá það, þegar hann hafði ofur litla reynslu af samstarfinu við okkur 1944, að með því að nota einhvern anga af sósialistískum hugmyndum í sambandi við nýsköpunina var hægt að gera meira fyrir íslenzkt atvinnulíf með stuttri tveggja ára stjórn þá heldur en í öllum þeim stjórnum, sem Sjálfstfl. hefur starfað í síðan. Meira að segja Sjálfstfl. mun ekki verjast því að verða að viðurkenna yfirburði þeirra hugmynda, sem liggja í áætlunarbúskapnum, yfir ringulreið kapítalismans.

Okkur mætti svo sem vera sama um það, þm. Alþb., þó að þeir kæmu þessu á hér hjá okkur núna. Fólkið á Íslandi, sem í 30 ár er búið að búa við svokölluð höft og í 20 ár hefur lifað við sæmilega afkomu, það má vel vera, að það væri holl lexía fyrir það fólk að sjá, hvers konar eymdarástand þeir skapa með þessu. Fólk er máske búið að gleyma því, hvernig það er, að unga fólkið hafi ekki aura til þess að fara í bíó eða hafi varla aura fyrir strætisvagni. En það hefur bara verið okkar pólitík öll þessi ár að reyna að afstýra því, að slíkt ástand skapaðist, en ekki vera svo að segja að stuðla að því, að það kæmist á, til þess að fólkið lærði af því. Við höfum sjálfir fengið lexíuna af þessu verzlunarfrelsi það hart á sínum tíma, að við vitum, hvernig það er, að okkur langar ekki til, að neinn annar þurfi að standa í því. Við, sem höfum alizt upp við þetta fátæktar- og kúgunarskipulag, viljum gjarnan, að okkar börn geti notið þótt ekki sé nema þess takmarkaða frelsis, sem verið hefur á undanförnum árum í efnahagsmálum, en geti þó venjulega leyft sér nokkurn veginn að hafa til hnífs og skeiðar.

Þess vegna, þegar hv. 6. þm. landsk. er að lýsa því yfir, að hann haldi, að spádómar Marx hafi ekki rætzt eða kreppurnar séu yfirunnið fyrirkomulag eða að frjálsa verzlunin geti skapað einhverja velmegun enn þá, þá ferst honum og þeim, sem slíkt kenna, eins og nátttröllí, sem er að daga uppi. Það var nótt, þegar þessir hlutir gátu gerzt, nótt miðrar 19. aldar, þegar hægt var að boða þessa frjálsu samkeppni. Sú nótt er búin, henni er að ljúka. Það er dagrenning aldar, þar sem alþýðan sættir sig ekki við annað en að hver einasti maður hafi rétt og fullt öryggi til þess að hafa vinnu hvern einasta dag, og það þjóðfélag, sem ekki veitir honum það, á ekki skilið að vera til. Það er réttur hvers einasta manns að geta fengið að vinna og vinna fyrir sómasamlegu kaupi. Íslenzk alþýða er, þótt böksulegur búskapur hafi verið um margt á undanförnum 20 árum, orðin vön við að njóta þessa réttar, og hún mun ekki sætta sig við það, að atvinnuleysi þeirrar frjálsu verzlunar verði leitt yfir hana.

Hv. 6. landsk. þm. las upp eftir mér ýmislegt, og það var mjög góður partur í hans ræðu og margt skynsamlega sagt, þegar hann var kominn þar að. Það var alveg rétt hjá honum, að ég hef stundum talað um, að höftin hefðu ekki verið nógu ströng, en hins vegar alveg sérstaklega þó um hitt, að þau væru ekki gerð jákvæð, þau væru ekki gerð skapandi. Ég hef skammazt eins mikið út af höftum og nokkur annar, en í þeim tilgangi að hagnýta þetta haftafyrirkomulag á skynsamlegan hátt. Og satt að segja lá ég margar nætur vakandi til þess að brjóta það mál til mergjar hér á árunum 1943 og 1944, hvernig væri hægt að koma einhverjum skapandi neista í þetta haftafargan, sem búið var að vera 10 ár þá hér á Íslandi, þangað til ég fann út úr því, að það væri meira að segja hægt að nota þessi höft til þess að gera það að skilyrði, hvers konar vélar menn flyttu inn í landið, og hagnýta þannig þessi höft til þess að byggja upp togaraflotann og annað slíkt í sambandi við það.

Hv. 6. landsk. sagði, að öll þessi ráð, sem sett hefðu verið á laggirnar í sambandi við slíkt og í sambandi við það, sem við hefðum reynt að gera til þess að breyta þessum höftum og gera þau jákvæð, það hefði verið mikið fígúruverk. Ég þakka honum, og ég held, að hæstv. forsrh. hafi meira að segja verið að þakka honum fyrir ræðuna, og það þykir mér jafnvel enn þá vænna um, þegar hæstv. forsrh. er líka það langt leiddur að fara að telja nýbyggingarráð og slíkt eitthvert fígúruverk. Það er ágætt, að Sjálfstfl. á þeirri braut, sem hann er nú, sverji af sér nýsköpunina. Hann hefur stundum haft tilhneigingu til þess á undanförnum áratugum að reyna að tileinka sér hana og hæstv. forsrh. alveg sérstaklega. Hún hefur jafnvel stundum verið sérstaklega hans

stolt. Og það er allt í lagi, að hann sverji hana nú af sér og telji hana sem hvert annað fígúruverk. Verkalýðurinn, sem skóp hana, mun halda áfram að kannast við hana. Hann mun halda áfram að benda á hana sem fyrirmynd um, að jafnvel í borgaralegu þjóðfélagi sé hægt að koma á ofur litlu og hagnýta ofur lítið af þeim neista, sem í sósíalismanum felst.

Þá virtist hv. 6. landsk. alveg sérstaklega mótmæla fyrir hönd íslenzks verkalýðs, að það væri verið að stefna að áætlunarbúskap. Má ég vekja athygli hv. 6. landsk. á því, að Alþýðusamband Íslands hefur bæði á síðasta Alþýðusambandsþingi og yfirleitt undanfarin ár gert það að einni höfuðkröfu sinni og samþ. það einróma, að það væri komið á fullum áætlunarbúskap á Íslandi? Og íslenzkur verkalýður hefur verið að berjast fyrir sinni velferð með því að gera þessar kröfur.

Þá talaði hv. 6. landsk. um, að það væri alveg rangt, að það væru einhverjir að hatast við verzlun við einstök lönd. Ég get nú ekki verið að þreyta hann á því að fara að lesa hér upp úr Félagsbréfum Almenna bókafélagsins eða eitthvað þess háttar, ef hann ekki vissi af því, hvernig sumir hatast við slíkt.

Og svo kom hann að því, að það væri að vísu slæmt að geta ekki losnað við allar hömlur viðvíkjandi útflutningnum, en það væri þó nauðsyn fyrir okkur að geta tryggt nokkur viðskipti við þessi lönd og við tryggðum 87% af þeim með þeim ráðstöfunum, sem nú væri fyrirhugað að gera, og 13% ætti samkeppnishæfni þeirra sjálfra að tryggja.

Eins og ég hef sagt áður, spurningin þarna er ekki um samkeppnishæfni. Ísland gæti hætt að kaupa olíu í Sovétríkjunum jafnt á morgun hvað það snertir. Spurningin er ekki um samkeppnishæfni. Spurningin er um, hvort okkar innflutningskerfi getur hagnýtt sér þeirra viðskiptakerfi. Þau geta kannske verið fullkomlega samkeppnishæf um hinar og þessar vörur, en það getur bara verið svo með þær vörur, að þau ráðstafi þeim eitt ár fram í tímann eða fleiri ár fram í tímann, þannig að við getum ekki fengið neitt af þeim vörum, ef við gerum ekki fyrirframsamninga við þau um það, og það veit hæstv. ríkisstj. Spurningin þarna stendur þess vegna um að hagnýta sér þeirra kerfi með því að hafa það vald á okkar eigin innflutningi og útflutningi, ef við getum það. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég er alveg að ljúka henni.

Þá talaði hv. 6. landsk. um, að það væri ekkert efnahagslegt öryggi í því að semja við þessi lönd, og hann nefndi eitt dæmi, sem átti að vera sönnunin. Það væri, að ég hefði sagt, að umtalið um frílistann hefði orðið til þess að minnka viðskiptin, t. d. draga úr, að Tékkar keyptu inn fisk til Tékkóslóvakíu. Jú, hvað var það, sem ég var að segja? Ég var að segja, að umtalið um frílistann, sem hér hefur verið nú í meira en 3 mánuði, hefði orðið til þess að minnka innkaup íslenzkra kaupmanna í þessum löndum, t. d. í þessu tilfelli í Tékkóslóvakíu og jafnvel líka í Austur-Þýzkalandi. Þessi minnkuðu innkaup íslenzkra innflytjenda í þessum viðskiptalöndum okkar hafa orðið til þess, að inneignir þessara landa hjá okkur hafa orðið mjög miklar, og þessi ríki vilja ekki eiga hjá okkur stórupphæðir. Þau vilja ekki skulda okkur stórar fjárupphæðir, og þess vegna hafa þau dregið úr sínum innkaupum. Bara sú afstaða íslenzku heildsalanna, sem hefur skapazt við það, að fyrirhugað hefur verið að koma þessu kerfi á, hefur nú þegar byrjað að hafa þau áhrif að draga úr viðskiptunum við þessi lönd. Og ég hef nú aftur í þessari ræðu minni nefnt ný dæmi um þetta, hvernig þessi háskalega löggjöf er nú þegar, meðan innflytjendur á Íslandi búast við, að hún komist á, byrjuð að hafa þessi skaðlegu áhrif. Hvað mundi þá verða, þegar hún væri komin í gildi, ef hún kæmist í gildi?

Svo sagði hv. 6. landsk. viðvíkjandi útflutningsverzluninni: „Um það skal ekki fjölyrt að sinni," sagði hann orðrétt. Það skil ég vel. Eftir að hann er búinn að tala í meira en klukkutíma um frelsið, heilan frelsisóð, og loksins er Ísland laust úr 30 ára höftum, frelsað þjóðina, þegar kemur að útflutningsverzluninni, þá skal ekki fjölyrt að sinni. Þar á einokunin að haldast. Hann langaði ekki til þess að sjá heilan her af sölumönnum að vera að selja. Jú, vissulega, það hefði verið í samræmi við það. Nú fáum við heilan her af heildsölum til þess að kaupa inn í öllum þeim vestrænu frjálsu gjaldeyrislöndum. Auðvitað ættum við að hafa heilan her af sölumönnum líka til að selja. Það er ekki gert. M. ö. o.: ef það væri rétt trú ríkisstj. á þetta allt saman, að frjáls verzlun mundi lífga eitthvað, þá ætlar hún að lífga við innflutninginn til landsins og hengja útflutninginn. Það að hengja útflutninginn, það er hún vissulega að gera. Það að setja líf í innflutninginn, það gerir hún á meðan hún lifir á lánunum og svo búið. Svo eigum við að fara að taka við þessu á eftir, þrotabúinu hjá ykkur, borga skuldirnar, sem þið eruð búnir að steypa þjóðinni í, og standa frammi fyrir því að verða að byggja upp á ný viðskiptasamböndin, sem þið eruð búnir að rífa niður með þessum aðgerðum.

Hann sagði viðvíkjandi útflutningsverzluninni, hv. 6. landsk., að það væri önnur saga. Já, því ekki að segja þá sögu? Ég held við ættum að segja þá sögu, tala hér við nafna minn, hv. 3. þm. Austf. (EinS). Við ættum að segja söguna af útflutningnum, láta heildsalana og útflytjendurna eigast við og skrifta hér fyrir okkur um aðstöðuna í þessu, sameiginlega og andstæða hagsmuni þeirra. Það er önnur saga. Ég hef ofur lítið komið inn á þá sögu hér, og ég vil gjarnan ræða þá sögu.

Við höfum hingað til reynt að bera ábyrgð á afkomu þessarar þjóðar, þessi síðustu 20 ár,

lagi þeim helztu athugasemdum, sem fram hafa komið við þetta frv. af hálfu hv. stjórnarandstöðu.

Mig langar til að byrja á að benda á það mikla ósamræmi, sem er í málflutningi fyrirsvarsmanna stjórnarandstöðuflokkanna tveggja. Það er kjarni í gagnrýni Framsfl. á þessu frv., beggja þeirra ræðumanna, sem talað hafa, hv. 7. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), að í því felist í raun og veru sáralitil breyting frá því ástandi, sem nú er, að það sé í raun og veru ekki um neitt verulegt afnám hafta að ræða, höftin eigi að haldast, afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu eigi að haldast, ofstjórnin eigi að haldast, ríkið sé eftir sem áður mikils ráðandi í atvinnulífinu og geti beitt innflutningshöftum, bankalánapólitík, vaxtapólitík og þar fram eftir götunum, þannig að í raun og veru sé breytingin með frv. sáralitil. Ríkið haldi m. ö. o. eftir sem áður þeirri lykilaðstöðu, sem það hafi, til þess að hafa þá úrslitastjórn á þjóðarbúskapnum áfram, sem það hefur haft undanfarið.

Kjarni í gagnrýni hv. 3. þm. Reykv., málút úr þessu, sem hægt er.

Ég hef svarað þeirri framsöguræðu, sem hv. 6. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., flutti, og ég hef bætt því við, sem ég áleit ósagt við 1. umr., míns máls, og ég þykist hafa fært nokkur rök fyrir því, að þetta frv. sé stórhættulegt fyrir okkar þjóð. Þess vegna er það mín tillaga, að þetta frv. sé fellt.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt að svara nú nokkuð ýmsum ummælum, sem komu fram þegar við 1. umr. þessa máls af hálfu hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. 3. þm. Reykv. (EOl), og enn fremur ummælum, sem komu fram af hálfu minni hl. fjhn. við 2. umr. í gær, og mun gera það í einu lagi, þ. e. a. s. reyna að svara í einu með því að ríkisstj. landsins hlutaðist til um útflutninginn og innflutninginn og reyndi að stjórna honum. Það hefur gengið á ýmsan hátt böksulega, og það hefur á ýmsan hátt gengið vel. Og þrátt fyrir allt og allt hafa þessi 20 ár verið mikið framfaratímabil, mesta framfaratímabil íslenzku þjóðarinnar og sæmilegt afkomutímabil fyrir alþýðu manna. Nú á að breyta þarna um, og ríkisstj. segir: Nú verða atvinnurekendur að standa á eigin fótum. — Alþýða manna hefur enga trú á fótum atvinnurekendanna. Hún þekkir, að það eru leirfætur, sem þeir hafa staðið á.

En ætli hæstv. ríkisstj. að innleiða frelsið og segja hverjum að standa á sínum eigin fótum, þá vill áreiðanlega íslenzk alþýða líka fá að standa á sínum eigin fótum, líka fá fullt frelsi með útflutning og innflutning, fá að mynda sín eigin samtök, fá að ráða viðvíkjandi þessum hlutum, fá að fá það bezta þjóðastofnunum, sem Ísland er aðili að. Ísland átti ekki kost á neinum slíkum yfirdráttarlánum síðast þegar stórátak var gert til þess að gera innflutninginn til landsins frjálsan, þ. e. a. s. á árunum eftir 1950, og er enginn vafi á því, að einmitt sú staðreynd átti einn meginþáttinn í því, að sú tilraun fór eins og hún fór.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni við 1. umr., að hér væri í raun og veru ekki um það að ræða að afnema höft, heldur að láta ein höft koma í stað annarra, í stað hafta, sem hið opinbera stjórnaði, kæmu nú höft fátækt-

Hv. forsvarsmaður Alþb. hefur svo á hinn bóginn algerlega rangt fyrir sér í því, að þessi breyting sé svo róttæk, að hún muni stefna sjálfstæði íslenzks efnahagskerfis í voða. Tryggingin fyrir því, að ekkert slíkt gerist, þótt frílistinn sé gerður raunverulegur og hann sé aukinn nokkuð frá því, sem áður hefur verið, er einmitt fólgin í þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar innanlands til þess að tryggja jafnvægi innanlands og út á við. Tryggingin fyrir því, að óhætt sé að gera frílistann raunverulegan og stækka hann, er einmitt fólgin í þeim föstu tökum, sem stjórn bankamálanna hefur verið tekin, í þeim föstu tökum, sem vaxtapólitíkin hefur verið tekin, og í því að afgreiða örugglega tekjuhallalaus fjárlög, svo sem Alþ. hefur nú gert. En tryggingin fyrir því, að unnt sé að komast yfir þá byrjunarerfiðleika, sem eðlilegt er að eigi sér stað og búast má við í framhaldi af framkvæmd frílistans, er sú, að Íslandi hefur gefizt kostur á stóru yfirdráttarláni hjá alekki fyrst og fremst fólgin í því, að frílistinn, sem í gildi hefði verið á grundvelli laga um innflutningsverzlun, sé stækkaður svo mjög, og verður hann þó stækkaður talsvert. Höfuðbreytingin, sem verður, ef þetta frv. nær fram að ganga og skilyrði skapast til þess að gera þær ráðstafanir, sem meiningin er að gera í framhaldi af því, er sú, að frílistinn, sem í gildi hefur verið um mörg undanfarin ár eða síðan 1951, verður raunverulegur, en það hefur hann ekki verið í þann áratug, sem hann hefur verið í gildi. Það er höfuðbreytingin.
setja íslenzkt efnahagskerfi um koll og reyra á það skuldaviðjar vestræns auðvalds.

Nú er það auðvitað augljóst mál, að þegar svo mikið ber á milli í málflutningi tveggja andstöðuflokka ríkisstj. í þessu máli, geta ekki báðir haft rétt fyrir sér. Hitt er fræðilega hugsanlegt, að báðir hafi rangt fyrir sér, og það á sér einmitt stað. Sannleikurinn er sá, að það er algerlega úr lausu lofti gripið hjá forsvarsmönnum Framsfl., að í þessu frv. og þeim ráðstöfunum, sem boðaðar eru í kjölfar þess, felist engin breyting á skipulagi innflutningsmálanna. Breytingin, sem verður, er svara Alþb., er aftur á móti þveröfugur við þetta. Kjarninn í hans gagnrýni er sá, að hér sé um svo róttækt afnám hafta að ræða, að af því muni hljótast mikil bölvun, hér sé um svo stórt spor að ræða í áttina til þess að gera innflutning til landsins frjálsan, að það mundi

arinnar, höft vaxtahækkunar, útlánahöft o. s. frv. Ég vil aðeins benda á, að hér er um algeran hugtakarugling að ræða. Í öllum þeim fjögurra áratuga umr., sem farið hafa fram um íslenzk gjaldeyris- og innflutningsmál, hefur orðið „höft“ ávallt verið notað í þeirri merkingu, að það tákni beinar innflutningstakmarkanir af hálfu opinberra stjórnarvalda. Þess vegna er það í algeru ósamræmi við alla þá málvenju, sem tíðkazt hefur í fjögurra áratuga umr. um þetta mál, að kalla höft þau áhrif, sem auðvitað verða á innflutning af takmörkunum útlána, vaxtahækkunum og jöfnuði á fjárlögum. Það er hugtakarugling-ur, sem getur engum gert greiða, en getur aðeins torveldað skynsamlegar umr. um málið. Hitt er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm., að sú leið, sem þessi ríkisstj. vill fara til þess að halda jafnvægi út á við, er fyrst og fremst fólgin í því að koma í veg fyrir óeðlilega útlánaþenslu af hálfu banka og koma í veg fyrir halla á fjárlögum, — en að kalla það höft er að nota orð í algerlega rangri merkingu og til þess eins fallið að rugla.

Hv. 7. þm. Reykv. ræddi og nokkuð um þau ákvæði, sem eru í þessu frv. um, að eftir sem áður skuli þurfa leyfi fyrir útflutningi, og kvartaði undan því, að stjórnin hefði ekki stigið spor í átt til að gera útflutningsverzlunina frjálsa, hliðstætt því, sem hún stígur í þá átt að auka frelsi í innflutningsverzluninni. Þetta er rétt. En rökin fyrir því að heimila ekki sams konar viðskiptafrelsi í útflutningsverzluninni og innflutningsverzluninni eru mjög einföld, og þau eru öllum hv. þdm. áreiðanlega kunn í grundvallaratriðum. Meginrökin fyrir kerfinu í útflutningnum eru þau að koma í veg fyrir keppni íslenzkra aðila á erlendum markaði, sem gæti haft í för með sér í fyrsta lagi verðfall á íslenzkum afurðum og svo óþarflega kostnaðarsama baráttu aðila í hinu litla íslenzka þjóðfélagi um sama markaðinn. Reynslan fyrir 1930 af slíku ótakmörkuðu frelsi í útflutningsverzluninni var svo bitur, að þær ráðstafanir, sem gripið var til á fyrstu árum fjórða áratugsins til þess að koma í veg fyrir slíka samkeppni íslenzkra aðila á erlendum mörkuðum, hafa verið óumdeildar milli flokkanna síðan. Og mér vitanlega hafa ekki verið uppi hér á hinu háa Alþ. till., sem hafa miðað að því að afnema öll afskipti íslenzka ríkisvaldsins af framboði íslenzkrar vöru erlendis, af þeirri einföldu ástæðu, að þá væri efnt til samkeppni á erlendum mörkuðum milli íslenzkra útflutningsfyrirtækja, sem gæti a. m. k. leitt til annars hvors, verðfalls eða alveg ónauðsynlegs sölukostnaðar íslenzkra afurða erlendis.

Þá minnti hv. 7. þm. Reykv. á það, hvað staðið hefði í stefnuskrá umbótaflokkanna eða málefnasamningi Framsfl. og Alþfl. sumarið 1956 um þetta efni, og harmaði, að í þessu frv. skyldi ekki vera tekin upp sú stefna, sem þar var mörkuð, en hún var í sem styztu máli sú, að setja skyldi upp heildaryfirstjórn útflutningsverzlunarinnar og þar ættu sæti fulltrúar frá ríkisstj., sjómönnum, útvegsmönnum og fiskvinnslustöðvum, en þeir aðilar einir, sem ríkisstj. löggilti, skuli annast útflutning sjávarafurða. Þetta samningsákvæði Framsfl. og Alþfl. var aldrei framkvæmt af þeirri stjórn, sem mynduð var undir forsæti Framsfl. sumarið 1956, og mér finnst satt að segja til nokkuð mikils mælzt af hv. 7. þm. Reykv., að hann ætlist til þess af þessari ríkisstj., að hún framkvæmi samningsatriði Framsfl. og Alþfl. frá 1956, sem sú stjórn, sem við stóðum sameiginlega að, treysti sér aldrei til þess að framkvæma, þó að ég fjölyrði ekki um það, hvernig á því stóð. En þess vegna gat ég um þetta, að mér fannst það, að hann minnti á þessa stefnuskrá, gefa mér kærkomið tilefni til þess að minna hann á annað atriði í stefnuskránni, það atriði, sem einmitt lýtur að innflutningsmálunum, því að það var atriði, sem við ræddum mjög mikið, þegar sú stefnuskrá var undirbúin.

Við hv. 7. þm. Reykv. áttum báðir nokkurn þátt í því að semja þessa stefnuskrá, og ég man ekki betur en við værum innilega sammála um allt, sem í henni stóð, eins og það að lokum varð, m. a. það, sem í henni segir um stefnuna í innflutningsmálunum, en hún er alveg skýlaus, og þar er ekkert skorið utan af. Þar segir, í 2. lið grundvallaratriðanna í stefnuskránni, liðurinn byrjar svona: „Taka skal upp eftirlit með öllu verðlagi í landinu“. Og síðan: „Stefna skal að því, að ekki þurfi að beita innflutningshöftum.“

Þetta var sú stefna, sem Framsfl. og Alþfl. háðu kosningabaráttuna undir sumarið 1956, og þessi setning var ekki sett í stefnuskrána af neinni tilviljun, hún var þrautrædd áður, einmitt þessi stefna, að ef þessir flokkar ynnu sigur og fengju meiri hl. á Alþ. þá skyldu innflutningshöft í öllum aðalatriðum afnumin. Að öðrum kosti hefðum við hv. 7. þm. Reykv. auðvitað ekki átt okkar þátt í því, að þetta var svona orðað í stefnuskránni, ef við hefðum ekki meint það. Nú fór það að vísu þannig, að þessir tveir flokkar fengu ekki meiri hluta í kosningunum og fengu því ekki aðstöðu til þess að framkvæma þetta stefnuskráratriði, að innflutningshöft skyldu afnumin. Ástæðan til þess, að sú stjórn, sem formaður Framsfl. myndaði eftir þessar kosningar, framfylgdi ekki þessu stefnuskráratriði umbótaflokkanna að afnema innflutningshöft, var sú, að það tókst aldrei að fá nægilega samstöðu, fyrst og fremst við þriðja samstarfsflokkinn, um að beita þeirri stefnu í efnahagsmálum innanlands, sem gæti gert það kleift að afnema innflutningshöftin út á við. Það tókst aldrei að fá nægilega samstöðu milli allra flokka ríkisstj. um þá stefnu í bankamálum, um þá stefnu í fjármálum ríkisins, að því er snertir tekjuöflun ríkisins og að því er snertir tekjuöflun til útflutningssjóðs, að það væri hægt að mæla með því í alvöru, ef menn vildu varðveita ábyrgðartilfinningu að fullu, að innflutningshöft væru afnumin. Það er fyrst með myndun þessarar ríkisstj., að það tekst að

skapa þingmeirihluta fyrir þess konar stefnu í fjármálum landsins inn á við, að það er unnt að framfylgja þeirri stefnu, sem svona ljóst og skýrt var mótuð í sameiginlegri stefnuskrá Alþfl. og Framsfl. 1956, að innflutningshöft skyldu afnumin.

Áður en ég skil við ræðu hv. 7. þm. Reykv. við 1. umr. málsins, langar mig til að fara nokkrum orðum almennt um afstöðu einmitt Framsfl. til hafta. Framsfl. hefur að því leyti haft svipaða grundvallarafstöðu til hafta og Alþfl., að hann hefur talið höft vera tæki, sem ekki aðeins hægt væri, heldur einnig ætti að beita til þess að mæta skyndilegum sveiflum á gjaldeyristekjum lands eins og Íslands, t. d. þegar mjög snöggar verðbreytingar yrðu á útflutningsvörum landsins á erlendum mörkuðum eða landið þyrfti nokkurra ára tímabil til þess að flytja mikilvæga útflutningsvöru frá einum markaði til annars. Undir þeim kringumstæðum væri skynsamlegt og eðlilegt og heppilegt að beita höftum, til þess að komast yfir þessa tímabundnu gjaldeyriserfiðleika, heldur en að þurfa að grípa til gengisbreytingar eða róttækra breytinga á peningamálastefnunni innanlands. En hins vegar veit ég ekki annað en Framsfl. hafi líka í grundvallaratriðum verið þeirrar sömu skoðunar, sem Alþfl. alltaf hefur verið, að höft væru ekki tæki, sem unnt væri að vinna með gegn varanlegum gjaldeyrisskorti, að höft væru hvorki heppilegt tæki til þess að reyna að sigrast á varanlegum gjaldeyrisskorti né heldur væri unnt að sigrast á varanlegum gjaldeyrisskorti með því að beita höftum, vegna þess að gjaldeyrisskorturinn ætti sér aðrar og dýpri orsakir. Hann ætti sér orsakir í jafnvægisleysi innanlands, og þess vegna yrði gjaldeyrisskorturinn ekki sigraður nema með því að hafa áhrif á þá þætti innanlands, sem eru grundvallaratriði í því, að gjaldeyrisskorturinn hefur myndazt. A. m. k. var þetta sameiginleg skoðun Framsfl. og Alþfl. svo snemma sem árið 1941, en þá hafði Alþingi kosið milliþinganefnd. Vorið 1940 hafði Alþingi kosið milliþinganefnd til þess, eins og segir í þál., með leyfi hæstv. forseta: „að endurskoða löggjöfina um gjaldeyrisverzlun og innflutningshömlur. Nefndin leggi áherzlu á að athuga, hvaða skipun þessara mála hæfi bezt því ástandi, sem nú er. Enn fremur rannsaki nefndin sérstaklega, hvaða ástæður þurfi að vera fyrir hendi, til þess að fært sé að afnema innflutningshömlur þær, sem nú gilda, og með hvaða hætti það yrði framkvæmt.“

Í þessari n. áttu sæti Eysteinn Jónsson, Björn Ólafsson og ég. Við Eysteinn Jónsson skiluðum sameiginlegu nál., alllöngu nál., þar sem einmitt var rætt alveg sérstaklega um þetta atriði, hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi, til þess að unnt væri að afnema innflutningshöftin, sem þá voru í gildi og allir voru sammála um, að skyldu vera í gildi í stríðinu. En í þessu nál. kom mjög skýrt fram afstaða okkar Eysteins Jónssonar þá, sem var afstaða Alþfl. þá og hefur áreiðanlega verið afstaða Framsfl. þá til hafta í grundvallaratriðum, og þetta var fyrir 20 árum. Mig langar til að lofa hv. þdm. að heyra aðeins nokkrar setningar úr þessu nál., af því að ég er þeirrar skoðunar, að einmitt þarna hafi ekki aðeins Alþfl., sem samþ. mína afstöðu í n., heldur einnig Framsfl. markað afstöðu sína til hafta í grundvallaratriðum, hvað sem hann svo kann að segja núna, þegar hann er í stjórnarandstöðu. En nokkrar setningar úr nál. hljóða svona, með leyfi hæstv. forseta, — þar er verið að bera innflutningshöft saman við ýmsar aðrar ráðstafanir, sem til greina geta komið til þess að ná sama markmiði, en þar segir:

„Hins vegar er framkvæmd innflutningshafta tiltölulega auðveld og einnig auðvelt að afnema þau, ef þeirra gerist ekki lengur þörf. Áhrifa þeirra gætir fljótlega, ef tekið er að beita þeim, áhrif þeirra á þjóðarbúskapinn í heild eru sízt minni en annarra ráðstafana, og áhrifa þeirra hættir að gæta mjög fljótt, eftir að hætt er að beita þeim. Þau virðast því bezt fallin þeirra ráðstafana, sem lýst var, til þess að vinna gegn tíðum sveiflum og snöggum á gjaldeyrisafkomunni, er rót sína eiga að rekja til breytts verzlunarárferðis. Hins vegar má ekki ætla, að með þeim einum megi vinna bug á langvarandi gjaldeyrisskorti, sem e. t. v. á rót sína að rekja til algerlega breyttra aðstæðna innanlands eða utan. Yrði þá auðvitað samhliða innflutningshöftunum að grípa til einhverra af þeim ráðstöfunum, sem minnzt var á hér að framan, eða jafnvel þeirra allra í sameiningu, þar til er aftur hefði verið skapað eðlilegt ástand, svo að fært sé að afnema innflutningshöftin, því að svo sem gefur að skilja, getur aldrei verið svo til ætlazt“ — þetta vildi ég mega lesa aftur — „því að svo sem gefur að skilja, getur aldrei verið svo til ætlazt, þegar innflutningshöft eru lögleidd, að þau muni verða um aldur og ævi. Innflutningshöftin hljóta jafnan að vera bráðabirgðaráðstöfun. Þau geta aldrei verið markmið í sjálfu sér, heldur einungis tæki til þess að ná ákveðnu markmiði, sem sé því að vinna gegn óhagstæðum greiðslujöfnuði.“

Þetta var sameiginleg skoðun okkar Eysteins Jónssonar árið 1941 og sameiginleg skoðun Alþfl. og Framsfl. á því herrans ári. Það er einnig þessi sama skoðun, sem kemur fram í stefnuskrá umbótaflokkanna frá 1956, sem hv. 7. þm. Reykv. gaf mér svo kærkomið tækifæri til þess að segja frá, til þess að vitna í, þar sem það er alveg umbúðalaust sagt, að stefna skuli að því að afnema innflutningshöft. Og það var ekki Framsfl., það vil ég segja alveg skýrt, það var ekki honum að kenna frekar en Alþfl., að vinstri stjórninni mistókst að afnema innflutningshöftin, sem við þó báðir höfðum lofað að gera í kosningunum 1956. Þar er við aðra aðila um að sakast.

En með sérstakri hliðsjón af þessari grundvallarstefnu Framsfl., sem kemur fram í þessu nál. okkar Eysteins Jónssonar og stefnuskrá

umbótaflokkanna 1956, — með sérstakri hliðsjón af þessu hlýt ég að segja um andstöðu flokksins gegn þessu frv., eins og ég sagði um andstöðu hans gegn sjálfu efnahagsmálafrv., að maður veit ekki, hversu alvarlega maður á að taka hana. Mig grunar, — og það segi ég Framsfl. til hróss, en ekki til lasts, — mig grunar, að hann sé í hjarta sínu miklu meir sammála þeirri heildarstefnu, sem kemur fram í þessum frv. báðum, heldur en fram kemur af ræðum ræðumanna hans nú, þegar málið er til umr. í þinginu, og skrifum dagblaðs hans, þegar það ræðir frumvörpin, og andstöðu flokksins gegn þessum málum megi miklu fremur rekja til þess, að hann sé í stjórnarandstöðu og telji það hlutverk stjórnarandstöðu að vera á móti ríkisstj., en ekki til hins, að hér sé í raun og veru um að ræða stefnu, sem sé flokknum ógeðfelld eða hann sé í sjálfu sér andvígur, eins og fram kemur af þessum dæmum, sem ég hef nefnt.

Það var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. í gær, sem mig langar til þess að leiðrétta. Hann sagði, að það mundi ekki verða ódýrara að framkvæma þá stjórn á innflutningsmálunum, sem óhjákvæmileg yrði, heldur en það var, og sæist það bezt á því, að eftir sem áður væri gert ráð fyrir því að innheimta 1% leyfisgjald af öllum veittum leyfum. Þessu til skýringar vil ég taka fram, að það er ætlazt til þess, að allur kostnaður við verðlagseftirlitið verði greiddur af þessu leyfisgjaldi, sem samkvæmt frv. á að nema allt að 1%, en áður var í lögum, að það skyldi nema 1%. Auk þess er gert ráð fyrir því, að fellt verði niður leyfisgjald á öllum vörum frá clearinglöndunum, þ. e. a. s. að ekkert leyfisgjald verði innheimt af þeim nær 40% innflutningsins, sem koma frá clearing-löndunum, svo að leyfisgjaldið verður fyrst og fremst á þeim vörum, sem háðar verða beinum leyfum samkvæmt glóbalkvótunum. Ef þær tekjur, sem af þessu hljótast, verða ekki nægilegar til þess að standa undir kostnaðinum við verðlagseftirlitið og þeim kostnaði, sem bankarnir hljóta af þeirri stjórn innflutningsmálanna, sem þeir takast á hendur, verður að semja um það við bankana, að þeir noti einhvern hluta sinna almennu yfirfærslugjalda, e. t. v. hækki þau eitthvað lítils háttar, en að það gangi þó jafnt yfir frjálsa innflutninginn samkvæmt frílistunum frá Vestur-Evrópulöndunum og innflutninginn samkvæmt bundna listanum frá clearing-löndunum. En það segir sig auðvitað sjálft, að ekki kemur til mála, eftir að allt leyfisveitingakerfi fellur niður samkvæmt frílistanum, að láta greiða 1% leyfisgjald af vörum frá clearing-löndunum. Það mundi vera að gera innflytjendum frá þeim torveldara um að annast sinn innflutning heldur en innflytjendum samkvæmt frílistanum.

Það er því alveg augljóst mál, að það er gert ráð fyrir því að innheimta miklu, miklu lægri fjárhæðir af innflutningnum í heild til að standa straum af kostnaði við stjórn hans heldur en hingað til hefur verið gert, og liggur í augum uppi, að það er hægt, þar sem innflutningsskrifstofan á Skólavörðustíg 12 verður að fullu og öllu lögð niður, verður hreinlega lokað, og þar með sparast störf fjögurra forstjóra, sem allir hafa haft ráðherralaun, og um 40 starfsmanna í heild. Auðvitað munu bankarnir þurfa á að halda eitthvað auknu starfsliði til þess að annast þá stjórn, sem þeir taka að sér. En ég þori að fullyrða, að fjölgun starfsmanna í bönkunum vegna þessara breytinga verður aðeins brot af þeim mannafla, sem við þessi mál hefur starfað á Skólavörðustígnum á vegum innflutningsskrifstofunnar. Og auk þess er þess að geta, að útflutningsnefndin verður lögð niður, en hjá henni hefur einnig starfað eitthvert starfslið. Þennan misskilning hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég leiðrétta.

Hv. 3. þm. Reykv. bar fram til mín nokkrar fsp., sem ég reyndi að skrifa upp eftir honum, og mér skal vera ánægja að reyna að svara þeim eftir beztu getu. Sú, sem mikilvægust var af fsp., var, hvort ríkisstj. hafi undirgengizt nokkra skuldbindingu um að gefa verzlunina að einhverju leyti frjálsa eða hvort ríkisstj. sé alveg óbundin og geti hvenær sem er tekið upp höft að nýju, þ. e. a. s. geti hvenær sem er breytt frílistunum að nýju án þess að spyrja nokkurn erlendan aðila. Nokkurn veginn svona hygg ég að þessi fsp. hv. þm. hafi verið orðuð, eins og ég hef skrifað hana eftir honum, og mér skal vera ánægja að því að svara henni.

Þegar Íslendingar gerðust aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu árið 1948, undirgengust Íslendingar vissar skuldbindingar um það að gefa verzlunina við aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar frjálsa um milli 80 og 90%. Þá sömu skuldbindingu undirgengust allar aðrar þjóðir, sem urðu aðilar að Efnahagssamvinnustofnuninni, en henni var, sem kunnugt er, komið á fót til þess að dreifa Marshall-aðstoðinni, sem Bandaríkjastjórn veitti þá Evrópuríkjunum eða aðildarríkjum þessarar efnahagssamvinnustofnunar á næstu fimm árum. M. ö. o.: þau samtök, sem komu sér saman um að veita viðtöku Marshall-aðstoðinni við Evrópu, gerðu með sér eins konar viðskiptabandalag, eins konar viðskiptasamning, og einn liður í þeim viðskiptasamningi var, að milli 80 og 90% af viðskiptunum milli aðildarríkjanna skyldu vera gerð frjáls smám saman og eftir vissum reglum. Þessi skuldbinding hefur verið á herðum okkar Íslendinga síðan 1948. Við höfum aldrei farið eftir henni. Við gerðum stórt spor, stóra tilraun í þá átt eftir gengisbreytinguna 1950, en það tókst ekki, því miður, nema að litlu leyti að framkvæma þá áætlun, sem þá var gerð. Íslendingar hafa hins vegar í Efnahagssamvinnustofnuninni gert grein fyrir því, hvernig á því stæði, að Íslendingar gætu ekki framfylgt samningsákvæðunum, að því er snertir líberaliseringu verzlunarinnar, og rök Íslendinga í því máli hafa ávallt verið tekin

gild, þannig að það hefur aldrei komið til, að Íslendingar hafi þess vegna, að þeir stóðu ekki við líberaliseringarákvæði efnahagssamvinnusáttmálans, verið beittir þar neins konar refsiaðgerðum eða orðið að sæta neins konar áminningum. Íslendingar hafa ekki undirgengizt neinar nýjar skuldbindingar umfram þessa, sem er þegar orðin 12 ára gömul. Í sambandi við þá yfirdráttarheimild, sem ein aðildarstofnun Efnahagssamvinnustofnunarinnar, Evrópusjóðurinn, veitti Íslendingum í janúarmánuði s. l., undirgengust Íslendingar engar nýjar skuldbindingar um að gefa verzlunina við aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar eða önnur lönd í heiminum frjálsa. Hitt er svo annað mál, að þær ráðstafanir, sem hér er nú verið að gera, og ekki sízt yfirdráttarheimildin í Evrópusjóðnum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gerir okkur færari um það en nokkru sinni fyrr að standa loksins við hina 12 ára gömlu skuldbindingu okkar sem aðildarríkis að Efnahagssamvinnustofnuninni, sem öll önnur aðildarríki Efnhagssamvinnustofnunarinnar hafa löngu uppfyllt, en þau hafa að meðaltali gefið sína verzlun frjálsa að marki, sem liggur einhvers staðar á milli 85 og 90% og þó nær 90%.

Á öðrum stað í ræðu sinni kom hv. þm. aftur að þessu sama atriði og sagðist vilja ítreka það, hvort íslenzka ríkisstj. væri frjáls að því, hvenær sem væri, að breyta frílistanum, ef ný viðhorf sköpuðust í viðskiptamálum Íslands, t. d. á mörkuðunum í Austur-Evrópu. Því svara ég hiklaust og eindregið játandi. Það er algert innanríkismál Íslendinga að stækka frílistann eða minnka hann. Um það efni þurfum við ekki undir neinn erlendan aðila að sækja, burtséð frá þessum almennu skuldbindingum, sem á okkur hvíla eins og öðrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnustofnunarinnar.

Það, sem hv. 3. þm. Reykv. virðist einkum hafa áhyggjur af í sambandi við samþykkt þessa frv. og framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir að sigli í kjölfar þeirra, er, að þær stofni viðskiptunum við Austur-Evrópu í hættu. Ég er honum alveg sammála um, að ef það yrði afleiðing þeirra ráðstafana, sem tengdar eru þessu frv., væru þær ráðstafanir óheppilegar og skaðlegar íslenzkum þjóðarbúskap. En ég er honum alveg ósammála um, að nokkur hætta sé á því, að til þess muni koma. Ég skal rifja upp í örfáum setningum, hver er í raun og veru kjarni þess kerfis, sem meiningin er að sigli í kjölfar samþykktar þessa frv.

Það verður gefinn út frílisti, sem á munu verða vörur, sem nema um 60% af heildarinnflutningnum til landsins, eins og hann var 1958, og ástæðan til þess, að við förum ekki hærra með þennan frílista en þetta, en hann á að verða raunverulegur, raunverulegur þannig, að gjaldeyrisgreiðslur samkvæmt honum séu til reiðu fyrir hvern þann, sem hefur íslenzka peninga og biður um gjaldeyri til þess að flytja inn vörur samkvæmt honum, — ástæðan til þess, að þessi listi er þó ekki stærri en þetta, þrátt fyrir ákvæði samnings Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, er sú, að við höfum stóra markaði í Austur-Evrópu, sem við getum ekki hagnýtt okkur, nema því aðeins að við flytjum inn vörur þaðan í jafnkeypisviðskiptum. Þetta sjónarmið hefur verið algerlega viðurkennt af Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Þess vegna verður gefinn út annar listi, sem á verða vörur, sem eingöngu má flytja frá jafnvirðiskaupalöndunum í Austur-Evrópu. En um þær vörur er það að segja, að það er ekki hægt að telja, að þær séu háðar höftum í þeim skilningi, sem venjulega er lagður í það orð, vegna þess að leyfi til þess að flytja inn vörur frá jafnkeypislöndunum skv. þessum lista verða gefin út án takmarkana, og þess vegna er ekki hægt að segja, að höft í venjulegum skilningi séu á þeim vörum, sem á þeim lista eru, og á þeim lista munu verða um 25% af innflutningnum, eins og hann var 1958. Þannig er hægt að staðhæfa, að um 85% af heildarinnflutningi til landsins verður án hafta, og það er kjarni málsins, sem menn oft og einatt virðast ekki gera sér nógu ljósan. Um 85% af vörum til landsins verða án hafta, 60% af þeim má flytja frá Vestur-Evrópu eða hvaðan sem er, en 25% að vísu aðeins frá clearing-löndunum, en þó ótakmarkað, þannig að það verður í raun og veru aðeins um að ræða takmörkun á innflutningi á sem svarar 15% af innflutningnum 1958

Það, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt megináherzlu á í sínum tveim ræðum, er, að svo mikið af vörum hafi verið flutt yfir á hinn almenna frílista af þeim vörum, sem hingað til hafi verið á bundnum lista gagnvart Austur-Evrópulöndunum, að innflutningur þaðan muni minnka og þar af leiðandi útflutningsmöguleikar okkar til Austur-Evrópulandanna. Þetta er, held ég, mjög einfaldlega sagt kjarninn í hans gagnrýni.

Ef tekinn er innflutningurinn frá öllum clearing-löndunum árið 1958, þá munu nú verða á bundna listanum, sem einungis má flytja frá þeim, 87,2% af innflutningnum, eins og hann var þá, þ. e. a. s. af þeim innflutningi, sem kom frá clearing-löndunum 1958, mun nú verða heimilað að flytja 87,2% aðeins þaðan, þannig að um það bil 13% af þeim vörum, sem komu frá Austur-Evrópulöndunum 1958, mun nú verða unnt að flytja líka annars staðar frá. Þetta meðaltal er að vísu með Sovétríkjunum. Ef Sovétríkin eru tekin út úr meðaltalinu, lækkar þetta meðaltal ofan í 72,3%, en um 99% af þeim vörum, sem fluttar voru frá Sovétríkjunum 1958, verða á bundna listanum. Það er þetta, sem mér skilst að hv. 3. þm. Reykv. sé einkum hræddur um, þessi breyting, að hún muni hafa óheppileg áhrif á sölumöguleika okkar í Austur-Evrópulöndunum.

Um þetta vildi ég segja þetta: Mér finnst

þessi lönd í heild skoðað með engu móti geta búizt við því, að við gerum meira til þess að viðhalda mörkuðum okkar í þeim, sem við þó sannarlega óskum eftir að viðhalda, en það, að vernda um 87% af þeim innflutningi, sem við höfum flutt þaðan, beinlínis að útiloka samkeppni frá öllum öðrum löndum á 87% af þeim vörum, sem þeir selja okkur. Mér dettur ekki í hug, að stjórnarvöld í þessum löndum ætlist til þess, að við verndum innflutninginn frá þeim 100%, þ. e. a. s. að við segjum, ef þau óska að selja einhverja vöru hingað, þá skal sú vara alls ekki mega koma frá nokkru öðru landi. Mér dettur ekki í hug, í fyrsta lagi, að þau hafi svo litla trú á samkeppnismöguleikum varnings síns hér og annars staðar, að þau telji þess konar vernd á útflutningsvörum sínum vera nauðsynlega. Í raun og veru er það mjög róttæk ráðstöfun til verndar þessum viðskiptum, — ég segi það aftur, það er mjög róttæk ráðstöfun til verndar þessum viðskiptum að hafa um 87% af þeim vörum, sem við flytjum þaðan, algerlega verndaðar gegn allri samkeppni annars staðar frá. Ég hef oft heyrt þær raddir, að það væri óhætt að hafa þessa prósenttölu miklu lægri, samkeppnishæfni t. d. iðnaðarins í mörgum þessara landa sé miklu meiri en svo, það væri óhætt að hafa þessa prósenttölu miklu, miklu lægri, að Austur-Evrópulöndin gætu keppt hér með 30—40% af þeim vörum, sem þau hafa flutt hingað, jafnvel þótt um enga verndun væri að ræða. Því höfum við ekki þorað að treysta. Viðleitni okkar til verndunar þessara markaða er svo mikil, að við viljum vernda meira að segja 87% af vörunum, sem koma frá þeim, og það verð ég að segja, að það þykir mér ekki mikil trú á útflutningsiðnaði þessara landa í heild, ef menn trúa því ekki, að 13% af þeim vörum, sem komu þaðan 1958, muni halda áfram að koma hingað, þótt þeir þurfi að keppa við vöru einhvers staðar annars staðar frá. Þá þykir mér ýmislegt fara að snúast öðruvísi en við hefði mátt búast, ef það kemur í raun og veru í ljós, að við, sem stöndum að þessum ráðstöfunum, höfum meiri trú á útflutningsiðnaði landanna í Austur-Evrópu heldur en hv. 3. þm. Reykv., því að ef hann í raun og veru heldur, ef það er alvara hans, að útflutningsmörkuðum okkar sé stefnt í hættu við það, að aðeins 13% af vörunum frá 1958 eigi að keppa við vörur annars staðar frá, ef hann heldur, að það spilli mörkuðunum mjög verulega, þá hefur hann minni trú á söluhæfni og söluvilja þessara landa en ég hef fyrir mitt leyti.

Það er alveg augljóst mál, að það getur ekki gengið að byggja jafnmikilvæg framtíðarviðskipti og viðskipti Íslands við Austur-Evrópulöndin á því, að innflutningur á vissum vörum þaðan sé 100% verndaður. Það getur ekki gengið. Í því er ekki heilbrigði, í því er engin skynsemi. Þess vegna verðum við að velja úr vissar vörur, þar sem við vitum að iðnaður þessara landa er fullsamkeppnishæfur, og láta hann mæta samkeppninni í þeirri von, að hann standist hana, þegar hann á það skilið að standast hana.

Ég vil að lokum varðandi þetta atriði ítreka það, taka það mjög skýrt fram, að ég álít útflutningsmarkaði okkar í þessum vöruskiptalöndum vera mjög mikilvæga og það eigi eins og stendur að vera einn liður í stefnu Íslendinga í viðskiptamálum að vernda þessa markaði, að vernda þá, af því að viðskiptakerfi þessara landa er einu sinni þannig, að það gerir vissa verndun nauðsynlega. En ég segi það aftur og vil undirstrika það sérstaklega: Ég hef ekki þá vantrú á söluhæfni og söluvilja þessara landa, að þau þurfi 100% verndun, og það væri ekki heilbrigt að grundvalla viðskiptin áfram á slíkum aðstæðum. Þess vegna er hitt miklu heppilegra, að við smám saman byrjum að klífa niður þá tröppu, þar sem við höfum verið báðir í efsta þrepinu, að við klífum niður þrep af þrepi báðum megin, að við lækkum okkar útflutningsverð til þessara landa og þau lækki útflutningsverð á vörum sínum hingað í sama mæli, þannig að þjóðhagslega séð komi það í sama stað niður fyrir báða aðilana. Við hættum að þiggja yfirverð fyrir útflutningsafurðir okkar í þessum löndum, og við hættum að greiða yfirverð fyrir þá vöru, sem við kaupum frá þessum löndum. Að vísu er það nokkuð önnur saga en það, sem hér er um að ræða, en ég vil samt sem áður láta þess getið, að þá fyrst eru viðskipti okkar við þessi markaðslönd, sem að mörgu leyti eru mjög heppileg og æskileg fyrir okkur sem stórframleiðendur að fiski, — þá fyrst eru þau komin á þann þjóðhagslega séð hagkvæmasta grundvöll, þegar við seljum þessum aðilum á heimsmarkaðsverði og kaupum af þeim aftur á heimsmarkaðsverði.

Að síðustu var svo fsp. frá hv. 3. þm. Reykv., sem ég skal ekki gleyma að svara, sem lýtur að einstöku atriði, þ. e. a. s. bifreiðainnflutningnum. Hann spurði, hvort það væri rétt, að búið væri að semja um innflutning á 500 bifreiðum frá Sovétríkjunum, og hvort til stæði beinlínis að rjúfa þessa samninga. Um þetta hef ég þetta að segja: Í rammasamningnum við Sovétríkin er að vísu gert ráð fyrir innflutningi á 500 bílum, þar af um 100 jeppum. En það hafa ekki verið gerðir kaupsamningar nema um 250 bíla, þ. e. a. s. 225 Moskvitsbíla og 25 Volgubíla. Þeir kaupsamningar hafa verið gerðir, og við þá verður að sjálfsögðu staðið. Hitt er svo atriði, sem verður að bíða síðari tíma, seinni mánaða ársins, þegar meira verður séð um, hvernig viðskiptum Íslands og Sovétríkjanna verður hagað, hvort unnt verður að flytja inn fleiri bíla en þessa 250, sem þegar er búið að festa kaup á og að sjálfsögðu verða fluttir til landsins.

Fleiri fsp. held ég að hv. þm. hafi ekki beint til mín, og hafi ég gleymt einhverju af því, sem hann beindi til mín, er mér ánægja að svara því síðar í umræðunum.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. hefur mikið verið rætt um frjálsan innflutning og frelsi í verzlun. Frsm. fjhn., hv. 6. landsk. þm. (BK), ræddi um þá blessun, sem frjáls innflutningur hefði fyrir launastéttirnar, það væri þeirra hagur, að vörurnar væru sem beztar og vöruvalið sem mest. Í sjálfu sér getur þetta verið rétt, svo langt sem það nær. En málið er bara ekki svona einfalt. Í fyrsta lagi liggja engar sannanir fyrir því, þótt innflutningsverzlun á vörum frá vesturlöndum væri gefin frjáls, að með því einu fengist betra vörumagn. Það er vitað, að mikið af þeim vörum, sem fluttar hafa verið inn frá vestursvæðinu, eru langt frá því að vera fyrsta flokks vörur. Sumar þessara vara hafa í mörg ár máske legið á lagerum úti, eru orðnar úreltar og í sumum tilfellum skemmdar vörur, þegar þær hafa verið fluttar inn. Þessar vörur hafa svo í langflestum tilfellum verið seldar á toppverði, þó að allt bendi til þess, að innflytjandinn hafi keypt vörurnar á mjög lágu verði.

Vitað er, að hér á landi er nú mikið magn liggjandi af vörum, sem fluttar hafa verið inn frá vestursvæðinu og ekki hefur tekizt að selja. Fyrir þessar vörur hefur orðið að greiða að sjálfsögðu með okkar dýrmæta gjaldeyri og það án þess að gjaldeyrisyfirvöldin hafi látið rannsaka, hvort þörf hafi verið fyrir að leyfa innflutning þessara vara. Á sama tíma hafa svo útgerðarmenn og iðnrekendur verið í stöðugu stríði við gjaldeyrisyfirvöldin um að fá nauðsynleg gjaldeyrisleyfi til skipakaupa og nauðsynlegra rekstrarvara.

Þegar hv. 6. landsk. og hæstv. viðskmrh. ræða um frjálsa verzlun, meina þeir frjálsræði fyrir heildsalana að flytja inn vörur frá Bandaríkjunum, Vestur-Þýzkalandi, Spáni og Englandi, svo að þeir geti orðið aðnjótandi umboðslauna, sem svo er stungið undir stól og koma hvergi fram. Þetta er það, sem liggur að mestu leyti á bak við allt talið um frjálsa verzlun. Launastéttirnar hafa enga hagsmuni af því, að slíku frjálsræði í verzlun sé komið á. Hagsmunir launastéttanna liggja fyrst og fremst í því, að hægt sé að framleiða vörur okkar, að hægt sé að selja framleiðsluvörur okkar og það fyrir sem hæst verð. Það er staðreynd, sem verður ekki á móti mælt, að miklir erfiðleikar hafa verið á því að selja framleiðsluvörur okkar til þessara landa. Hvernig gengur t. d. með síldarsölu til vestrænu landanna? Það er mjög fróðlegt, að það sé athugað.

Bandaríki Norður-Ameríku hafa nú um mörg ár verið ófáanleg til þess að kaupa af okkur síld. Á s. l. ári voru t. d. ekki seldar þangað nema nokkur hundruð tunnur, þó að verðið á síldinni væri stórlega lækkað frá því, sem áður hafði verið. Umboðsmaður síldarútvegsnefndar í Bandaríkjunum, Hannes Kjartansson ræðismaður Íslands í New York, gerði allt, sem hægt var, til að selja síld til Bandaríkjanna á s. l. ári, en hann gafst bókstaflega upp, þar sem hann taldi, að sala á íslenzkri síld þar væri útilokuð, eins og málin stóðu þá. Ég býst ekki við, að neinn leyfi sér að draga í efa söluhæfni þessa ágæta manns, enda viðurkenndur sem dugandi verzlunarmaður. Englendingar t. d. hafa aldrei keypt af okkur eina einustu síld. Um eitt skeið var Þýzkaland stór kaupandi að íslenzkri síld, en eftir síðari heimsstyrjöld hefur reynzt mjög erfitt að selja síld til Vestur-Þýzkalands, og hefur ekki tekizt að selja þangað saltsíld eða sérverkaða síld nema í mjög smáum stíl. Það hafa því aðeins verið tvær þjóðir á vestursvæðinu, þ. e. Svíþjóð og Finnland, sem hafa verið kaupendur að íslenzkri saltsíld í stærri stíl. Þessi tvö lönd hafa keypt af okkur allt að 110 þús. tunnum árlega samtals. En langstærsti kaupandi okkar að síld hafa verið og eru Sovétríkin. Þau hafa verið kaupendur að síld að magni 120—150 þús. tunnur árlega. Það eru Sovétríkin, sem á undanförnum árum hafa hvað eftir annað bjargað síldarsölunni. Um þetta er ekkert að villast. Án þessara viðskipta hefði ekki verið að tala um að salta nema rúmar 100 þús. tunnur af síld. Geta því allir séð, hvað slík viðskipti hafa þýtt fyrir þennan atvinnuveg og hvernig þau mál hefðu staðið, hefðum við ekki getað selt jafnmikið magn saltsíldar til Sovétríkjanna og raun ber vitni.

Á s. l. ári hafði í vertíðarbyrjun ekki tekizt að selja Rússum nema 40 þús. tunnur af saltsíld. Síldarsaltendur voru vitanlega mjög uggandi yfir því, að ekki tækist að selja þangað meira magn síldar. Á miðju sumri hafði þegar verið búið að salta að langmestu leyti upp í gerða samninga. Útlitið með frekari sölu var sannarlega uggvænlegt. Þá var það, sem síldarútvegsnefnd ásamt fulltrúum frá saltendafélögunum sneri sér til fulltrúa Sovétríkjanna og óskaði eftir viðræðum um frekari sölu á saltsíld þangað. Viðræðum um þessi mál lauk svo á þann veg, að Sovétríkin keyptu til viðbótar þeim 40 þús. tunnum, sem þau höfðu áður keypt, 80 þús. tunnur saltsíldar, og gátu Íslendingar ráðið því sjálfir, hvort það yrði Norðurlandssíld eða Faxasíld, sem gengi upp í samningana. Verð síldarinnar var það sama og áður hafði verið, en það hefur verið talið mjög hagstætt miðað við verð á síld, sem seld hefur verið til annarra landa.

Ég minnist þess, þegar það var upplýst, að tekizt hefði að selja til Rússlands allmikið magn saltsíldar til viðbótar fyrri samningum, þá var þeirri fregn ekki tekið af neinum fögnuði í herbúðum ýmissa ágætra sjálfstæðismanna. Hinir nýju samningar voru m. a. stimplaðir sem mútutilboð af hendi Rússa og Íslendingum legið á hálsi fyrir að hafa gert slíka samninga. Hins ber svo að geta, að síldarsaltendur, sem að miklum hluta eru hinir ágætustu sjálfstæðismenn, fögnuðu samningunum, enda urðu þeir til þess að forða fjölmörgum saltendum frá gífurlegu tapi, og sjómenn og verkafólk juku tekjur sínar að miklum mun.

Á undanförnum árum hefur tekizt að selja allmikið magn af vorveiddri síld, sem hefur verið fryst og seld þannig út úr landinu og þá fyrst og fremst til Austur-Evrópulandanna. Nú hefur tekizt að selja til Austur-Þýzkalands 1400 tonn af fyrra árs frystri síld og til Vestur-Þýzkalands 400 tonn. Verðið er nú 1/3 lægra en í fyrra. Það verður þó að teljast sérstaklega heppilegt, að tekizt hefur að selja þessa síld, jafnvel þó að verðið sé þetta lágt. Um það, hvort tekst að selja meira magn af frystri síld til Austur-Evrópulandanna nú í vor og til Vestur-Þýzkalands, er allt í óvissu. Þess væri þó mikil þörf, þar sem talið er, að geysilegt magn síldar sé nú á miðunum hér við Suðvesturland. Eina leiðin til þess, að slíkt geti tekizt, er, að við kaupm vörur í staðinn frá þessum löndum. Þannig eru það óumdeilanlegir hagsmunir útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks, að viðskiptin við Austur-Evrópulöndin haldi áfram og geti gengið án nokkurra árekstra. Það hlýtur þess vegna að vera almenn krafa til hæstv. ríkisstj., að allt verði gert, sem hægt er, til þess að halda þessum hagstæðu viðskiptum áfram.

Tékkar hafa verið, eins og áður er bent á hér í umr., kaupendur að niðursuðuvörum frá Íslandi í allstórum stíl. En því miður eru nú allmiklar líkur fyrir því, að sú sala sé að mjög miklu leyti að dragast saman, vegna þess að viðskiptin við Tékkóslóvakíu hafa stórlega dregizt saman. Það má segja, að þau liggi að mestu leyti niðri eins og er. Þannig stefnir allt í sömu áttina, þrátt fyrir allar yfirlýsingar hæstv. viðskmrh. um, að hæstv. ríkisstj. vilji viðhalda og vernda viðskipti Íslendinga við Austur-Evrópuþjóðirnar.

Hv. 6. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., talaði um hagsmuni launastéttanna í sambandi við frjálsa verzlun. Mér er spurn: Eru það hagsmunir launastéttarinnar að gera tilraun til að eyðileggja þá viðskiptasamninga, sem við höfum haft að undanförnu við Austur-Evrópulöndin? Vill þessi hv. þm. virkilega halda því fram, að það sé til hagsbóta fyrir síldarsaltendur, sjómenn og verkafólk, ef síldarsöltunin kynni að dragast saman, t. d. um 2/3 hluta frá því, sem verið hefur, en á því er mikil hætta, ef sú stefna, sem hann er hér aðalforsvarsmaður fyrir, verður ofan á? Ég vil leyfa mér að benda honum og öðrum á þá staðreynd, að ef Austur-Evrópuþjóðirnar og þá fyrst og fremst Sovétríkin hefðu ekki keypt af okkur Faxasíldina, hefði svo að segja engin söltun á þeirri síld átt sér hér stað, vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að Vestur-Evrópuþjóðirnar og Bandaríkin hafa reynzt ófáanleg til þess að kaupa þessar vörur. Heldur þessi hv. þm., að það séu hagsmunir sjómanna og verkafólks á Suðurnesjum að verða að hætta að fiska síld við Faxaflóa? Ég held ekki. Vitanlega er það mikið hagsmunamál, ekki eingöngu útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks hér við flóann, heldur og allra landsmanna, að þessar veiðar geti haldið áfram og geti aukizt stórlega frá því, sem nú er. En því aðeins verður hægt að halda áfram að fiska Faxaflóasíld, að hægt sé að selja síldina. En nú er það staðreynd, eins og ég hef áður bent á, að aðalkaupendur að þessari síld eru Austur-Evrópuþjóðirnar, en því aðeins kaupa þær þessa síld af okkur, að við kaupum af þeim vörur í staðinn. Þetta liggur alveg ljóst fyrir, og er óþarft að deila um það. Þá hafa Pólverjar og Austur-Þjóðverjar, eins og ég hef áður bent á, keypt af okkur um 50—60 þús. tunnur, og á s. l. ári tókst að selja til Rúmeníu í fyrsta skipti 5000 tunnur af síld.

Nú bendir því miður margt til þess, að stefnt sé að því að eyðileggja að meira eða minna leyti þessi viðskipti, m. a. vegna þess, að vörukaup frá þessum löndum hafa að mestu leyti legið niðri nú um langan tíma. Því er borið við, að það sé verið að ganga frá frílista, og það vita allir, að um það, hvernig hann verði, hafa verið og standa, að ég held enn, mjög harðvítug átök á milli vissra innflytjenda. Það þarf ekki frekar orðum um það að fara, hvaða þýðingu það mundi hafa fyrir síldarútveginn og fyrir atvinnulíf kaupstaðanna og sjávarþorpanna á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi og jafnvel um allt land, ef salan dregst saman um máske 200 þús. tunnur, en á því er yfirvofandi hætta, ef sú stefna, sem nú er stefnt að, verður ofan á, sem sé að eyðileggja austurviðskiptin.

Hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að hæstv. ríkisstj. væri einmitt mjög á því, að halda bæri áfram þessum viðskiptum. Ég vil óska þess, að þetta sé mælt af heilum hug, og vonast þá til þess, að þær hömlur, sem hafa hingað til verið á því, að menn gætu keypt vörur frá þessum löndum, verði afnumdar. Þeir menn, sem beita sér fyrir slíkri óheillastefnu, sem sé að útiloka eða eyðileggja þá samninga, sem við höfum þegar fengið við austurblokkina, taka á sig sannarlega mikla ábyrgð. Það er vitað, að Austur-Evrópuþjóðirnar kaupa því aðeins vörur af okkur, að við kaupum af þeim vörur í staðinn. Um önnur viðskipti er ekki að ræða. Allt tal um, að vöruval sósíalistísku landanna sé ekki samkeppnisfært við framleiðslu vesturríkjanna, er að langmestu leyti tilbúningur. Það er á allra vitorði, að öll Austur-Evrópuríkin eru að byggja upp hjá sér mjög mikinn og fjölbreyttan iðnað, sem á margan hátt er nú þegar orðinn samkeppnisfær að gæðum og útliti því bezta, sem fæst frá vesturblokkinni.

Það, sem menn verða að gera sér ljóst, er sú staðreynd, að 1/3 hluti heims hefur tekið upp áætlunarbúskap og stefnir óðfluga að því að verða stærsta viðskiptablokk heimsins, ef hún þá er ekki þegar orðin það. Að ætla sér að ganga fram hjá því að eiga viðskipti við þessi lönd er hreinasta glapræði og stefnir að hreinum voða fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem á allt sitt undir því að geta selt sem flestum þjóðum framleiðsluvörur sínar, sem eru yfir 90% sjávarafurðir. Kaupendur að þessari framleiðslu okkar eru ekki annars staðar

betri en einmitt í Austur-Evrópu. En Vestur-Evrópulöndin og Bandaríkin virðast ekki hafa neinn sérstakan áhuga á því að auka þau viðskipti, sem þau hafa haft við okkur með kaupum á þessum vörum.

Íslendingar hafa ekki getað og munu ekki geta selt alla sína framleiðslu á vestursvæðinu. Það að eyðileggja þá markaði, sem við nú höfum í Austur-Evrópu, er þjóðhættulegt og stefnir að stórkostlegum samdrætti í framleiðslu okkar, sem aftur á móti mundi hafa í för með sér atvinnuleysi með öllum þess hörmungum. Að láta nokkra innflytjendur erlendra vara ráða því, hvort þeir kaupa vörur t. d. til landsins að austan eða vestan, er algerlega útilokað, eins og öllum þessum málum er nú fyrir komið. Að stagast alltaf á frjálsri verzlun í tíma og ótíma er hrein fjarstæða. Hvernig er það t. d. með frjálsræðið í útflutningnum héðan. Það er allt bundið. Þar fær enginn einstaklingur að flytja út t. d. síld, hraðfrystan fisk eða saltfisk nema í gegnum ákveðnar stofnanir og söluhringi. Ég er ekki alveg viss um, að útvegsmenn kæri sig um, að allur útflutningur á innlendum vörum, sjávarafurðum, væri gefinn frjáls. Þeir hafa nefnilega sjálfir rekið sig á frjálsa samkeppni í útflutningi sjávarafurða, og ég fullyrði, að þeir óska ekki eftir því ástandi, sem þá var. Að tala um frjálsræði og frjálsa verzlun, án þess að frelsið nái þá jafnt til útflutnings sem innflutnings, er hrein fjarstæða. Slíkt frelsi í verzlun sem hér er stefnt að er aðeins frelsi fyrir fáa og stóra heildsala á kostnað alls þorra þjóðarinnar. Slíku verzlunarfrelsi mótmælir allur almenningur í landinu. Okkur ber að sjálfsögðu að gera allt, sem hægt er, til þess að selja útflutningsvörur okkar til hvaða lands sem er, hvort sem er í austri eða vestri. Og við verðum að forðast alla pólitíska fordóma í sambandi við slík mál. Vitanlega væri það mjög æskilegt, að tækist að auka söluna t. d. á íslenzkri síld til Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna. Á því er hin mesta nauðsyn, og það má vel vera, að það takist. Við skulum vona, að það takist. En við verðum að forðast það glapræði að eyðileggja hina ágætu markaði okkar í Austur-Evrópu vegna hagsmuna örfárra einstaklinga, en til óbætanlegs tjóns fyrir allan þorra þjóðarinnar. Slík stefna í viðskiptum stefnir beint til glötunar og mundi hafa í för með sér minnkandi atvinnu og jafnframt atvinnuleysi, minnkandi gjaldeyristekjur, sem mundi þýða stórfelldan samdrátt á öllum sviðum atvinnulífsins. Á móti slíkri samdráttarstefnu munum við Alþb.-menn nú sem ætíð áður beita okkur. Við vörum þjóðina við þeim hættum, sem nú eru á næsta leiti, ef stefna hæstv. ríkisstj. verður ofan á í þessum málum, stefna, sem mundi leiða fátækt og atvinnuleysi yfir alþýðu þessa lands. Á móti slíkri hrunstefnu munum við berjast, þar til yfir lýkur.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 2. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að ræða einstök atriði þessa mikla máls, enda hafa þeim málstað, sem ég ber fyrir brjósti, verið gerð ákaflega glögg skil af hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn., hv. 6. landsk. (BK). Ég hygg, að málefnalega geti ég þar engu við bætt, og það er ekki minn háttur að taka hér þátt í umr. til að halda einhverjar maraþonræður, heldur frekar ef ég þarf eitthvað sérstakt að segja.

Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs, er ein og eingöngu ein. Mér finnst, að það hafi komið fram nokkur uggur hjá einstökum mönnum fyrir því, að afleiðing þessa frv., ef samþ. verður, kynni að verða sú, að eitthvað mundi draga úr viðskiptum okkar við hin austrænu jafnvirðiskaupalönd. Það hefur að sönnu komið greinilega fram, bæði hjá hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn., hv. 6. landsk., að allar slíkar ágizkanir séu úr lausu lofti gripnar, og mér sýnist, að einnig hafi verið borin fram af þeim báðum alveg skýr rök fyrir því, að slíkur ótti er ástæðulaus. Það mætti miklu frekar segja, að með þessu frv. og því, sem því fylgir, séu þessi viðskipti meira löghelguð og lögtryggð en nokkru sinni fyrr, þannig að hvorki meira né minna en 87% af viðskiptunum við þessi lönd, eins og þau voru 1958, er nú tryggt og aðeins 13% af þessum viðskiptum þarf að byggja á samkeppnishæfni þessara landa. Og það er mikil vantrú á samkeppnishæfni þeirra, ef þau eru ekki álitin megna að halda uppi þessum hlut sínum, þegar eingöngu er um að ræða 13%.

Ég er hingað kominn til að lýsa því yfir, að þessi skoðun, sem hér hefur komið fram frá þessum tveimur hv. virðulegu alþm., sem ég hef nefnt, hæstv. ráðh. og hv. 6. landsk. þm., eru ekki neinar einkaskoðanir þeirra, heldur er þetta skoðun ríkisstj. í heild og þeirra flokka, sem hana styðja. Ég tel þess vegna ekki, að af þessum ráðstöfunum leiði neina hættu á því, að þessi viðskipti réni svo, að einhver skaði verði að, annaðhvort fyrir okkur eða þær aðrar þjóðir, sem hér eiga hlut að máli. Við óskum eftir, Íslendingar, að þessi viðskipti megi haldast. Þau hafa reynzt þjóð okkar gagnleg, og enda þótt við séum margir því mjög andvígir, að of mikill hluti viðskipta okkar byggist á kaupum eða sölu til einstakra landa, eins og þessara sem hér um ræðir, þá erum við jafnhvetjandi þess, að verulegur hluti sé tryggður með viðskiptum við þau, alveg eins og við erum því hlynntir, að verulegur hluti okkar afurðasölu sé tryggður með viðskiptum við önnur ríki.

Ég segi þess vegna, og ég bæti því við, að eftir takmarkaðri þekkingu minni, sem þó er ekkert minni en flestra annarra hér á landi, hef ég enga ástæðu til þess að ætla, að gagnaðili okkar, þær viðskiptaþjóðir, sem hér eiga hlut að máli, vilji slíta þessum viðskiptum, — ekki minnstu ástæðu. Ef þær vita, að Íslendingar vilja, að viðskiptin standi, og muni ekki fremja sjálfráðan verknað, sem spilli þeim, og

ef við vitum eða höfum ástæðu til að halda, að viðskiptaþjóðirnar hafi sama áhuga á áframhaldandi viðskiptum og við höfum, — þá segi ég: Þá eiga þessi viðskipti að vera tryggð. Og ef eitthvað kemur fyrir í þeim efnum, sem ég vona að verði ekki, þá er það af annarlegum ástæðum, sem við berum ekki neina sök á.

Þetta vil ég, að liggi alveg ljóst fyrir. Það er engum til góðs, að menn séu hér á Alþingi að gera því skóna, að hér eigi af Íslands hálfu að hefja einhverjar aðgerðir til að slíta þessi tengsl, sem ég tel að hafi orðið þjóð okkar til góðs. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að slíkar bollaleggingar gætu vakið einhverjar grunsemdir í okkar garð, sem leiddu til tjóns fyrir þjóðina. Við skulum þess vegna ekki gera leik að því, og ég hef staðið upp sem forsrh. þjóðarinnar til þess að bæta við yfirlýsingar þessara merku manna, sem hér hafa talað f. h. stjórnarinnar, Alþfl. og Sjálfstfl., annars eða beggja og vanalega beggja, — ég er að bæta þessu við til þess að taka af öll tvímæli, að þetta er sameiginlegur vilji okkar og við viljum ekkert gera í þessum efnum, sem gefur ástæðu til að halda, að við séum að reyna að slíta sundur þessa þræði, sem við höfum talið leiða til viðskipta, sem báðum hafa verið til farsældar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. s. l. föstudag, komst hæstv. viðskmrh. að orði á þá leið, þar sem rætt var um viðskipti okkar við Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, að þegar við gerðumst aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu fyrir 12 árum, þá skuldbundum við okkur til þess að gefa verzlunina frjálsa við þau ríki önnur, sem eru aðilar að þessari stofnun, sem næmi 80—90%. Hann tók það enn fremur fram, að við hefðum aldrei staðið við þessa skuldbindingu hingað til, vegna þess að við hefðum ekki haft tök á að gera það. En hann tók enn fremur fram, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hæstv. ríkisstj. gerir nú og byggir raunverulega stjórnarstefnu sína á, ættu að gera okkur fært fremur en nokkru sinni fyrr að efna þessa skuldbindingu.

Ég ætla nú, að þetta sýni dálítið inn í þann tilgang, sem er ásamt öðru með þessum ráðstöfunum öllum saman. Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, gaf hún yfirlýsingu um það, að hún ætlaði að taka upp algerlega nýtt efnahagskerfi, og aðalefni þessa efnahagskerfis, sem hún ákvað að taka upp, var það, að tekin yrði upp ný gengisskráning og afnumdar þær útflutningsuppbætur allar, sem verið hafa í gildi um langan tíma, má segja mikið til síðan í stríðslok, skattakerfinu skyldi breytt og verzlunarhöftum skyldi aflétt, og að síðustu, að gjaldeyrisverzlunin skyldi gefin frjáls að verulegu leyti eða svo mikið sem unnt væri. Ég skal ekki ræða mikið um fyrri atriðin þrjú, sem orðin eru að lögum, en aðeins benda á, að það virðist þó svo sem verkanir þeirra ætli fljótlega að sýna sig að verða nokkuð aðrar en til var ætlazt eða látið var í veðri vaka að verða mundi. Það sýnir m. a. deila þeirra aðila, sem hafa með að gera framleiðslu útflutningsvaranna og aftur sölu þeirra, — ég á við hraðfrystihúsin og smáútgerðina, — og sýnist, að þar muni ætla að koma nokkuð annað út en til átti að vera stofnað í fyrstunni, og lítil hrifning virðist vera hjá sumum þeim aðilum yfir þeim ráðstöfunum.

En það var ekki þetta, sem ég ætlaði að minnast á fyrst og fremst, heldur hitt, að manni þurfti kannske ekki að koma að öllu leyti á óvart, þó að þessi ríkisstj. gerði einhverjar ráðstafanir, sem hnigu í þessa átt. Og það er einmitt í sambandi við þessa margumtöluðu stofnun, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Við vitum vel, að á vegum þeirrar stofnunar er búið að ræða mikið um skipulag viðskipta í Vestur-Evrópu, og íslenzkir hagfræðingar og þar með hæstv. viðskmrh. hafa sótt margar þessar ráðstefnur og gefið margar skýrslur um það, þegar heim kom. Samt hefur ekki, þrátt fyrir allar bollaleggingar um fríverzlunarsvæði Evrópu og tollabandalag og annað því um líkt, tekizt betur fyrir þessari stofnun en svo, að það er búið að mynda tvö fjandsamleg viðskiptabandalög í Vestur-Evrópu, sem virðast núna bókstaflega stefna út í viðskiptastríð hvort við annað, og fyrir utan þau tvö eru nokkur ríki og þ. á m. Ísland, sem hafa ekki treyst sér að ganga í þessi bandalög. Svona erfiðlega virðist nú ganga að samræma stefnu þessara ríkja allra í viðskiptamálum, og það er kannske ekki svo undarlegt, og þó er Ísland líklega það ríkið, sem allra erfiðast mun eiga með að samræma hagsmuni sína við hagsmuni þessara ríkja allra vegna þess, hversu aðstæður á Íslandi eru ólíkar því, sem þær eru í flestum eða öllum öðrum löndum Vestur-Evrópu.

Mér hefur virzt, að þær umr., sem farið hafa fram hér á Íslandi um þessi mál, af þeirra hálfu, sem telja okkur sérstaklega til þess fallna að vera með í þessum bandalögum, sýni fremur skilningsleysi á því, hversu Ísland er að mörgu leyti ólíkt og skilyrði hér að mörgu eða flestu leyti ólík því, sem er í þessum löndum. En í sambandi við það, sem líka hefur borið á góma í þessum umr. og hæstv. forsrh. ræddi einmitt um nú á undan mér, að algerlega væru úr lausu lofti gripnar þær bollaleggingar, sem koma fram um, að hér væri að einhverju leyti stefnt að því að minnka viðskiptin við vöruskiptalöndin í Austur-Evrópu, þá vildi ég minna á, að það er ekki lengra síðan en í nóv. s. l., árið 1959, að hér var staddur uppi á Íslandi sjálfur forstjóri Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, OEEC. Forstjóri þessarar stofnunar hélt hér fyrirlestur í hátíðasal háskólans, og það, sem hann ræddi um, voru viðskiptahorfur Íslendinga í Vestur-Evrópu, og þessi fyrirlestur var síðan birtur orðrétt í síðasta hefti Fjármálatíðinda árið 1959. Þegar lesið er efni þessa fyrirlestrar,

þá er hann mikið um það, hvað Íslendingar þurfi að gera til þess að geta fært sín viðskipti einmitt til landanna í Vestur-Evrópu, og í sambandi við það vil ég minna á, að rétt í byrjun fyrirlestrarins kemst hann svo að orði sem ég skal lesa upp nú, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil fyrst af öllu taka það fram, að við hörmum það mjög," — þ. e. a. s. leiðtogar Efnahagssamvinnustofnunarinnar, — „hversu utanríkisviðskipti Íslands hafa í síauknum mæli beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Fyrir stríðið fór um 80% af útflutningi Íslands til Vestur-Evrópulanda og greiðslusvæða, sem þeim voru tengd. Árið 1949 var ástandið mjög svipað. En síðan hefur utanríkisverzlun ykkar beinzt mjög ört að vöruskiptalöndum, svo að nú fara ekki nema 40% af útflutningi ykkar til Vestur-Evrópulanda eða bandalagslanda þeirra, og jafnframt því sem útflutningurinn hefur minnkað, hefur innflutningur ykkar frá Vestur-Evrópulöndum einnig minnkað. Þetta er auðvitað eðli vöruskiptaverzlunar."

Svo mörg eru þau orð forstjóra Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og hann fann ástæðu til þess að byrja erindi sitt með því að lýsa harmi þeirra herra í Efnahagssamvinnustofnuninni yfir því, að viðskipti okkar við lönd þeirra hefðu minnkað og færzt í aðra átt síðan 1949, þ. e. á síðastliðnum 10 árum. Ég vil nú raunar bæta því hér við, að þetta er ekki að öllu leyti rétt hjá honum, að viðskipti okkar við þessi lönd hafi svo mjög mikið minnkað eins og tölurnar benda til. Framleiðsla okkar hefur aukizt, og það er sú framleiðsluaukning, sem að verulegu leyti og kannske að öllu leyti eða rúmlega það hefur farið til vöruskiptalandanna í Suður- og Austur-Evrópu, og þess vegna verður hlutfallið þetta, þó að hin beinu viðskipti við Vestur-Evrópu hafi ekki minnkað eins mikið og tölurnar benda til. Það er ekki algerlega rétt með farið hjá forstjóranum þetta, en því fremur sýnir það, hvert stefnt er, að hann telur þetta mikið harmsefni, að svona skuli þróunin hafa verið hjá okkur. Og skyldi það harmsefni vera eingöngu okkar vegna? Nei, ég vildi ímynda mér, að það væri ekki síður vegna annarra landa, sem telja sig hafa að einhverju leyti misst spón úr aski við það að hafa ekki haldið viðskiptunum 80% við Ísland eins og áður var.

Síðan tekur forstjórinn að ræða nokkuð um þróunina og fer nokkuð mörgum orðum um ástandið í Vestur-Evrópu og kemst þó ekki hjá að viðurkenna beinum orðum, að málefnin þar hafi tekið mjög óæskilega stefnu með stofnun þessara bandalaga tveggja. Og þegar hann heldur áfram að ræða um þetta, kemur fram, að hann getur ekki sagt neitt ákveðið um, hvernig þróunin muni verða í framtíðinni. Mest voru það óákveðnar bollaleggingar, segir beinlínis, að það sé mjög erfitt að segja, hver hún verði, segir að vísu frá því, hver hún eigi að verða og heppilegast sé að verði hún frá sínu sjónarmiði, og kemur svo að endingu að því að ræða um, hvaða möguleikar séu fyrir Íslendinga að kippa þessum viðskiptaháttum í lag, færa þá aftur í það horf, sem var árið 1949, það æskilega horf, sem þá var, og þá er niðurstaðan þessi eina: „Fiskneyzla í Vestur-Evrópu", segir hann, „er nú minni á íbúa heldur en var fyrir stríð." Ekki virðist það nú beinlínis vera neitt ákaflega glæsilegt fyrir okkur að reka viðskipti við þau lönd. En til þess að bæta úr því, fer hann að ræða um það, að efnahagur almennings muni batna á næstu árum í þessum löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar og þá muni fólk fara að neyta meiri fisks og það muni skapa Íslendingum möguleika á því að færa viðskiptin fremur í gamla horfið. Ég verð nú að segja, að mér finnst þarna vera um ákaflega lítilsvert atriði að ræða hvað okkur snertir. Og niðurstaðan er svo sú, tekin orðrétt úr fyrirlestrinum: „að það sé von um aukinn markað með betri afkomu í þessum löndum og nokkrir möguleikar á auknum útflutningi til Bretlands og vaxandi markaði í Vestur-Þýzkalandi."

Þetta er það, sem hann hefur upp á að bjóða fyrir hönd Efnahagssamvinnustofnunarinnar til okkar, jafnframt því sem hann segist harma það mjög, að viðskipti okkar séu nú ekki nema 40% við lönd Efnahagssamvinnustofnunarinnar og bandalagsmenn þeirra, í staðinn fyrir 80% árið 1949. Mér finnst þetta sýna nokkuð, að hér sé um að ræða allmikla pressu frá þessari stofnun til þess að taka upp þessar efnahagsráðstafanir, sem hér á nú að taka upp samkvæmt þessu frv. og öðrum, sem sumpart eru orðin að lögum og sumpart eiga líklega eftir að verða að lögum á þessu þingi.

Þá ræðir forstjórinn nokkuð hinar íslenzku aðstæður sérstaklega, og verð ég að segja, að þar þykir mér kenna nokkuð mikillar vanþekkingar á því, hverjar þær séu. Það, sem hann tekur sérstaklega til athugunar, er, að við festum of mikið fé í landbúnaði og íbúðarhúsum, og telur hina mestu fjarstæðu, að við skulum festa meira fé í þessum hlutum en gert sé í löndum Vestur-Evrópu almennt. Hér er sýnilega um gersamlega vanþekkingu á því að ræða, hvernig aðstæður voru hér, við skulum segja í stríðslok, að skilja það ekki, að við þurfum að festa meira fé í þessum hlutum en gert er í háþróuðum löndum, þar sem búið er að vera í marga áratugi eða jafnvel aldir að vinna að uppbyggingarverkefni, sem við höfum unnið og erum að reyna að vinna á miklu styttri tíma. Þetta finnst mér benda skýrt til þess, að við megum vara okkur á því að taka allt of beint upp tillögur þessara erlendu hagfræðinga, þótt góðir kunni að vera á sínu sviði heima fyrir, þegar þeir ætla að fara að færa sína reynslu heiman að yfir á okkar aðstæður hér.

Þegar forstjórinn var búinn að ræða um þessi mál, kom hann með tillögur um, hvað við þyrftum að gera til þess að koma okkar efnahagskerfi á þann grundvöll, að við gætum verið færir um að taka upp þessa gömlu

viðskiptahætti í Vestur-Evrópu, þ. e. að færa viðskiptin þangað, eins og greinilega kom fram hjá honum í erindinu öllu saman. Og það er alveg furðulega mikil líking með þessum till. hans þar og þeim ráðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp í sambandi við sitt nýja efnahagskerfi hér. Hann segir t. d. að útgjöld til neyzlu verði að aukast hægar en verið hefur. Það er sýnilega verið að reyna að gera með þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið gerðar. Hann segir, að það þurfi að lagfæra fjárhagskerfið þannig, að þeir, sem framleiði til útflutnings, beri ekki skarðan hlut og þarfnist ekki aðstoðar ríkisins, m. ö. o.: þessi till. er beinlínis tekin upp í sambandi við það að afnema útflutningsuppbæturnar. Og svo segir hann: „Gera verður innflutninginn frjálsan, að svo miklu leyti sem frekast er unnt. Ég endurtek, að þetta skilyrði er bráðnauðsynlegt og við höfum reynsluna.“ Það er þetta frv., sem hér er um að ræða, sem beinlínis á að verða til þess að fullnægja þessu skilyrði frá Efnahagssamvinnustofnuninni. En því gerði ég þennan fyrirlestur forstjórans einmitt svo mjög að umtalsefni, að ég vildi sýna fram á, hversu mikil líking er með ráðstöfunum ríkisstj. og þessu nýja efnahagskerfi. Það, sem hann var að sýna okkur fram á, var það, hvað við þyrftum að gera til þess að geta komizt á það sama viðskiptastig og við vorum á 1949, þegar við höfðum 80% af viðskiptum við Vestur-Evrópu og þau lönd, í staðinn fyrir 40% núna. Það er þess vegna ekki tóm fjarstæða eða a. m. k. ekki undarlegt, þó að menn spyrji, hvort hér sé ekki verið að stefna að því að breyta viðskiptunum í þetta horf.

En hvernig er svo reynsla okkar af því, sem forstjórinn var að harma? Hann var að harma það, að við skyldum ekki vera enn á því stigi, sem við vorum á 1949. En hvernig var ástandið hér þá? Það á nú auðvitað ekki að þurfa að rifja það mikið upp, því að ég ætla, að öllum hv. þm. sé það í nokkuð fersku minni, að fyrst eftir stríðið hófust veruleg viðskipti við Sovétríkin og stóðu aðeins í 2 ár, árin 1946 og 1947. Síðan, þegar við gengum í Marshall-kerfið, féllu þessi viðskipti niður, og þau urðu engin 1949. Upp úr því skapaðist líka markaðskreppa, sem gekk svo langt, að þegar rétt eftir að gengislækkunin var gerð 1950, þrátt fyrir hana, varð þáverandi ríkisstj. að gefa út fyrirskipun um að veiða ekki nema visst magn af okkar helztu útflutningsvöru, þorski og ýsu, til þess að offylla ekki markaðinn, en svo var markaðskreppan orðin mikil. Ef leitað er í Morgunblaðinu frá þessum árum, má finna þar stórar fyrirsagnir yfir þverar síður, þar sem þetta boð ríkisstj. er tilkynnt. Þetta var ástandið, sem við bjuggum þá við, þegar við höfðum um það bil 80% af viðskiptum okkar við lönd Efnahagssamvinnustofnunarinnar og þau lönd, sem þeim voru tengd.

Þegar svo var komið, að sýnilegt var, að stefndi til beint hruns hér á Íslandi, var það fyrst, sem farið var að leita eftir viðskiptum austur á bóginn aftur, og þau tókust. Ég ætla, að það hafi verið fyrst árið 1953, og þá er það fyrst, sem fer að rakna úr með markaðsmöguleikana hjá okkur. Þegar vinstri stjórnin síðan tók við völdum árið 1956, var tekin upp þessi stefna í enn aukinni mynd með því að fara að gera viðskiptasamninga til margra ára í einu, — viðskiptasamninga, sem tryggðu framleiðsluna þannig, að það var alveg öruggt um það að mega framleiða, það var samið um það fyrir fram.

Það er þetta, sem við höfum grætt á því að færa og auka viðskiptin til vöruskiptalandanna, og það er þetta, sem forstjóri Efnahagssamvinnustofnunarinnar var að harma við okkur í hátíðasal háskólans 26. nóv. 1959.

Þegar litið er á þetta allt saman, höfum við reynslu fyrir því, að það er ekki heppilegt allt, sem okkur er boðað úr þessari átt, og það verður að taka það með mjög mikilli varasemi.

Ég ætla líka að benda á eitt enn þá, sem sýnir, að það er ekki af tilviljun hreinni eða neinum vilja til þess að vera með illar getsakir, að hér kemur fram í þessum umr. sá ótti, að þessar ráðstafanir, sem nú á að gera í viðskiptamálum okkar, kunni að leiða til þess, að við töpum þessari mikilvægu aðstöðu, sem við höfum verið að vinna allt síðan 1953 í vöruskiptalöndunum í Austur- og Suðaustur-Evrópu, og ég skal bara vitna í sjálft stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, nú fyrir örfáum vikum. Ég hef ekki dagsetninguna að vísu, en það skiptir ekki máli, en þar stendur með stórri fyrirsögn: „20 þús. tunnur af síld í gúanó.“ Þetta er viðtal við helzta útgerðarmann við Faxaflóa, Sturlaug Böðvarsson á Akranesi, þar sem hann segir m. a.:

„Hætta er á því, að 15—20 þús. tunnur af freðsíld fari í gúanó, ef ekki tekst að selja það mjög fljótlega. Hefur skyndilega tekið fyrir sölu síldar til Austur-Evrópu, og blasir nú við vandræðaástand, ef ekki rætist úr fljótlega.“

Síðan segir blaðið:

„Eitthvað á þessa leið fórust Sturlaugi Böðvarssyni útgerðarmanni á Akranesi orð í viðtali við blaðið í gær. Sturlaugur sagði, að síld þessi hefði einkum veiðzt í desember og væri hún feit, þyldi hún því ekki mikla geymslu. . . . Sturlaugur sagði, að freðsíldin hefði alltaf undanfarin ár selzt jafnóðum og hefði hann búizt við, að eins yrði þetta nú. En nú væri skyndilega ókleift með öllu að selja þessa síld austur á bóginn og mundi ástæðan vera sú, að dregið hefði verið úr innflutningi frá vöruskiptalöndum í Austur-Evrópu. Munu innflytjendur vera að bíða eftir væntanlegum frílista og halda að sér hendinni um innflutning að austan á meðan, en afleiðing þess er svo sú, að ekki er unnt að selja vörurnar austur. Mun þar einnig tregara um sölu freðfisks og fiskimjöls af sömu ástæðum.“

Þetta sýnir, að það eru ekki, eins og ég sagði, tómar illar getsakir, þó að nokkuð

beri á þeim ugg, að hér sé ekki stefnt í heppilega og rétta átt í viðskiptamálum Íslands með þessu frv.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég líka minnast örfáum orðum á það atriði, sem gert er ráð fyrir að eigi sérstaklega að hjálpa okkur til þess að taka upp þessa nýju viðskiptahætti, og það eru þau 800 millj. kr. lán, sem er gert ráð fyrir að taka hjá lánastofnunum erlendum, til þess að við getum byrjað meiri innflutning frá þessum löndum Vestur-Evrópu og annars staðar og aukið síðan möguleikana á því að halda þeim áfram. Og ég man það, að hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu um þetta mál fyrir fáum dögum, að það, sem hefði verið aðalástæðan til þess, að áhrif gengislækkunarinnar 1950 tókust ekki eins og til var stofnað, hefði verið sú, að þá vantaði okkur að taka svipað lán til þess að geta byrjað að fitja upp á þessum nýju efnahagsráðstöfunum.

Hvað liggur nú fólgið í því að taka þetta lán, sem yfirlýst er að ekki megi nota til fjárfestingar að neinu leyti, heldur aðeins til neyzlu, ekki til þess að byggja upp atvinnuvegi fyrir framtíðina og auka framleiðsluna í framtíðinni, heldur til þess að kaupa með neyzluvörur? Það liggur í því nánast það, að við megum vera búnir fyrir fram að eyða því fé, sem við ætlum að kaupa fyrir neyzluvörur, áður en útflutningsvörurnar móti því eru framleiddar. Og hver getur afleiðingin svo orðið önnur en sú, að þegar við erum búnir að binda okkur með því að eyða þessu fyrir fram, þá erum við jafnframt bundnir á þann klafa að verða að selja framleiðsluvörurnar upp í þetta lán, einkum þar sem það á ekki að vera nema til örstutts tíma.

Nei, ég ætla, að það hefði skeð annað, ef við hefðum farið þessa leið 1950. Þá hefði líklega skeð annað. Við hefðum líklega bundið okkur svo fast á þann vestræna viðskiptaklafa, að við hefðum aldrei komizt úr þeim kút. Árin 1954—58 óx verðmæti útflutnings okkar um 200 millj. kr., og það varð enn aukning 1959. Ég hef ekki tölurnar hjá mér núna, en ég ætla, að það sé ekki of mikið sagt, að á þessum árum, 1954—59, hafi verðmæti útflutningsins vaxið um 30%. En skyldi það hafa gerzt, ef við hefðum verið fyrir fram bundnir af álíka skuldaklafa og þetta lán virðist munu binda okkur nú? Ég efast um það. Og ég held, að það megi færa dæmið dálítið lengra út. Hefðum við verið þrælbundnir á þennan viðskiptaklafa öll þessi ár og aldrei getað komizt verulega að þeim mörkuðum, sem hafa skapað okkur möguleika til þessarar miklu útflutningsframleiðsluaukningar, þá hefðum við líklega ekki getað staðið okkur eins vel í landhelgismálinu og við höfum gert. Það hefði líklega getað farið svo, að við hefðum ekki treyst okkur til þess að halda út beinlínis hernað við Breta jafnlangan tíma og okkur tókst að gera, þangað til við fengum þá tiltölulega heppilegu lausn á nýafstaðinni landhelgisráðstefnu eins og við fengum. Ég held, að þetta sýni, að þegar þessi saga er rakin öll og skoðuð í samhengi og þegar virkilega er borið saman, hvað það er, sem háttv. leiðtogar Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu eru að leggja að okkur að gera og hæstv. ríkisstj. er að gera, að það sé óhætt að slá því nokkurn veginn föstu, að hér sé verið að leggja inn á verulega hættulega braut, verulega hættulega fyrir okkur, ekki sízt þegar hún er skoðuð í því ljósi, að einmitt aðalleiðtogi Efnahagssamvinnustofnunarinnar hér harmaði það, að við skyldum komast úr þeim efnahagslega kút, sem við komumst úr við það, að við tókum upp viðskiptin austur á bóginn og höfðum ekki haldið nema 40% af viðskiptum okkar við lönd Efnahagssamvinnustofnunarinnar nú allra síðustu árin.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði hér langt mál fyrir helgina og kom víða við, allt frá andvökunóttum sínum á árunum 1943 og 1944, þegar hann var að velta fyrir sér því vonlausa verki, hvernig hann ætti að koma lífsneista í íslenzkt haftakerfi, til atburða líðandi stundar. Obbinn af þessum fjölbreytilegu bollaleggingum kemur því máli, sem hér er til umr., svo lítið við, að ég mun leiða hjá mér að lengja umr. með því að andmæla þar ýmsu, sem ég þó er ósammála 3. þm. Reykv. um og tel enda frekar mótað af frómum óskum hans og þráhyggju. Ég mun því að mestu leyti takmarka mig við vissar staðhæfingar hv. 3. þm. Reykv., enda þótt ég óttist, að hann sé svo sæll í sinni krepputrú, að kufl hans sé algerlega skotheldur fyrir flestum rökum, hversu skynsamleg sem þau kunna að vera.

Í fyrsta lagi gat 3. þm. Reykv. þess sem sönnunar fyrir ágæti haftabúskaparins, að allar framfarir á Íslandi væru að þakka þeim litla votti af áætlunarbúskap, sem hér hefði verið rekinn, og á tímum hafta- og gervibúskaparins hefði alþýða landsins lifað betur en nokkru sinni áður. Þessi ár hefðu verið ár stórkostlegustu efnahagsframfara, sem þessi þjóð hefði upplifað. Í öðru lagi fullyrti 3. þm. Reykv., að privatkapítalisminn væri dauður og raunar óframkvæmanlegur með öllu á Íslandi. Í þriðja lagi fullyrti 3. þm. Reykv., að efnahagskerfi sósíalístísku landanna hefði sýnt yfirburði yfir efnahagskerfi kapítalístísku landanna. Í fjórða lagi fullyrti 3. þm. Reykv., að öryggi og festa fylgdi hagkerfi sósíalístísku landanna og viðskipti við þau mundu skapa Íslendingum trygg viðskipti og öryggi á komandi árum. Í fimmta lagi fullyrti 3. þm. Reykv., að íslenzkir atvinnurekendur væru óhæfir til samkeppni á heimsmarkaðinum. Og í sjötta og síðasta lagi fullyrti 3. þm. Reykv., að efnahagslegt lýðræði væri ekki framkvæmanlegt eða tryggt nema með sósíalístísku hagkerfi.

Ég ætla nú að víkja fáeinum orðum að hverju þessara sex atriða fyrir sig og kem þá að fyrsta atriðinu, því, að haftabúskapurinn hafi skapað bætt lífskjör.

Það er alveg rétt, að það hafa miklar framfarir í efnahagsmálum átt sér stað á Íslandi á síðustu 15—20 árum og lífskjör manna hafa verið hér góð. Hvort sem sagan á eftir að telja þetta tiltölulega mesta framfaratímabilið eða ekki, hefur þetta vissulega verið mikið framfaratímabil. En við skulum ekki heldur gleyma því, að áður hafði þungum steinum verið lyft hér úr vegi, og það eru fleiri kynslóðir, sem hafa verið dugmiklar, en sú, sem nú lifir, og kapítulinn frá aldamótum og fram til 1918 verður vafalaust komandi kynslóðum ekki heldur rýrt söguefni, þegar frá líður, svo að við skulum ekki ofmetnast af því, sem við erum að framkvæma og höfum gert á síðustu áratugum. Um framfarirnar hér á landi á síðustu 15 árum vil ég annars segja þetta: Þær eru miklar, og þær hafa fært þjóðinni betri lífskjör en hún áður bjó við. Það afsannar hins vegar ekki, að misvægi hafi verið í búskaparstarfseminni og framfarirnar hefðu getað vegna hagstæðari ytri skilyrða orðið enn þá meiri, ef misvægið hefði ekki verið fyrir hendi og ekki hefði þurft að reka hafta- og gervibúskap og viðhafa óæskileg ríkisafskipti. Þessar framfarir hafa einmitt átt sér stað þrátt fyrir, en ekki vegna haftabúskaparins. Þetta rökstyð ég með því, að framfarirnar á þessu tímabili eru ekkert einsdæmi fyrir Ísland. Allur heimsbúskapurinn hefur á þessu tímabili verið í örri framþróun, og ákaflega víða hefur þjóðarframleiðslan vaxið, ekki einungis jafnmikið og á Íslandi, heldur mun meira en á Íslandi. Á Norðurlöndum jókst þjóðarframleiðslan á árunum 1948—57 eitthvað svipað og hér á landi, í Kanada mun hún hafa vaxið um 60%, og í Vestur-Þýzkalandi óx hún um hvorki meira né minna en 100%, enda var athafnalífið þar frjálsara en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu. Tel ég þetta allt færa sönnur á það, að þær framfarir og þau góðu lífskjör, sem við hér höfum búið við, hafa ekki verið að þakka höftunum, heldur þrátt fyrir höftin.

Við lifðum hér, eins og ég sagði, vel á þessum árum, en lífskjörin voru að vissu leyti gervibúskapur. Þau voru lánslífskjör, vegna þess að þau voru fengin að láni erlendis. Þau voru nefnilega ekki framkölluð með eðlilegri framleiðslu, heldur var þeim haldið uppi með stríðsgróða, gjafafé og erlendum lánum, sem námu hvorki meira né minna en 5000 millj. kr. frá ófriðarlokum og fram til síðustu áramóta.

Ég vík þá að annarri staðhæfingu hv. 3. þm. Reykv., um það, að privatkapítalisminn sé dauður hér á landi. Ég skal játa það, að einkarekstur og einkafjármagn hefur verið hart leikið í þessu landi á undanförnum árum, eins og ég raunar hef áður bent á. En engu að síður er privatkapítalisminn ekki dauður úr öllum æðum hér á landi, enda finnst mér hv. 3. þm. Reykv. ekki alltaf vera mjög staðfastur í þeirri trú. Nú staðhæfir hann að vísu, að privatkapítalisminn sé aldauður á Íslandi og eigi sér engrar viðreisnar von. En það er ekki nema ár liðið síðan hv. þm. fullyrti, svo að orðrétt sé haft eftir þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta: „Það eru 650 milljónerar á Íslandi og aðeins 29 þeirra eiga 250 millj. í skuldlausum eignum.“ Ég fæ nú satt að segja ekki skilið, hvernig privatkapítalisminn á bæði að vera dauður á Íslandi, en samt eiga að vera hér um 650 milljónerar. Hv. 3. þm. Reykv. verður að afsaka það, að menn taka það ekki alvarlega, þegar hann að hætti dávalda tekur 650 milljónera upp úr töfrahattinum og segir svo hókus pókus og lætur þá hverfa. Sannleikurinn mun vera sá hér sem oftar, að það fer nokkuð bil beggja. Einkafjármagnið er nefnilega hvorki útdautt né tala hinna voldugu milljónera svo há hér á landi sem hann vill vera láta. Og það er trú mín og von og okkar raunar, sem styðjum að þeim efnahagsbreytingum, sem verið er að gera í þessu landi, að það megi einmitt takast að fá einkafjármagnið til aukinna þjóðnýtra starfa. Það hefur verið sú reynsla í öðrum löndum, að þegar allt er um þrotið eftir hafta- og nefndafargan, þá hefur það einmitt verið einkareksturinn, hið frjálsa framtak, sem brotið hefur brautirnar og komið til bjargar. Og þetta er ekki einungis saga hinna kapítalistísku landa. Þessi saga hefur einnig átt sér stað í sjálfu Rússlandi, í föðurlandi sósíalismans. Þess er ekki svo ýkjalangt að minnast, það var árið 1921, sem Lenin sá fram á hrun hins kommúnistíska þjóðskipulags og varð þá að grípa til privatkapítalismans. Það var NEP-tímabilið: þá var skömmtuninni hætt, þá var vinnuskyldan afnumin, þá var gefið frjálsræði í verzlunar- og iðnaðarrekstri. Þetta gerði Lenin. Hann fórnaði kommúnismanum til þess að bjarga hinu rússneska ríki. Hins vegar virðist 3. þm. Reykv. hafa meiri áhuga á því að bjarga kommúnismanum á kostnað hins íslenzka ríkis.

Ég kem þá að þriðju staðhæfingu 3. þm. Reykv. um yfirburði hins sósíalistíska efnahagskerfis. Þeirri staðhæfingu leyfi ég mér að mótmæla og bendi á því til sönnunar, að jafnvel í okkar litla og fátæka þjóðfélagi hafa á ýmsum sviðum orðið miklu meiri og hlutfallslega örari efnahagslegar framfarir en í hinu stóra, auðuga og volduga föðurlandi sósíalismans og að enn í dag lifum við hér í hinum kapítalistíska heimi við almennt betri og jafnari lífskjör en menn eiga enn að fagna í Rússlandi.

Lítum t. d. á einstök atriði eins og þróun þjóðarteknanna. Við skulum gera samanburð á þeim í Sovét-Rússlandi og á Íslandi. Við skulum búa okkur til vísitölu, sem hefur grundvöllinn árið 1913: látum það ár gilda sama og 100. Ef við skoðum þá tölu, hvernig hún mundi líta út árið 1958 í þessum tveim ríkjum, þá mundi rússneska talan sýna 2208 stig, en íslenzka talan 3500 stig. Þannig hafa þjóðartekjurnar á Íslandi vaxið miklu meir en í Rússlandi.

Við getum tekið aðra tölu, sem varðar virkjanir og raforkuframleiðsluna. Við getum búið

okkur til sams konar vísitölu fyrir þessa raforkuframleiðslu. Við skulum taka árið 1913 aftur sem grundvallarár. Hvað segir þá vísitalan í Rússlandi árið 1958 og hvað segir hún á Íslandi? Í Rússlandi sýnir hún 233 stig, en á Íslandi 445 stig. Virkjanirnar hér hjá okkur, þótt fáir séum, smáir og fátækir, hafa sem sagt orðið hlutfallslega miklu meiri en hjá hinu stóra Sovét-Rússlandi.

Við skulum ekki gera lítið úr þeim framförum, sem orðið hafa í Sovétríkjunum. Ég efast ekki um, að þær hafi verið miklar og þær hafi fært þeim betri lífskjör en þeir bjuggu áður við. En við skulum ekki heldur gera lítið úr því, sem við og okkar forfeður hafa verið að gera í þessu landi og það við ólíkt erfiðari skilyrði en Rússar hafa við að búa.

Ég vil líka segja, að ef hv. 3. þm. Reykv. er svona sannfærður um yfirburði hins sósíalistíska efnahagskerfis, því í ósköpunum treystir hann þá ekki hinum sósíalistísku ríkjum til þess að keppa í frjálsri samkeppni við kapítalistísku löndin á hinum litla íslenzka markaði? Ef efnahagskerfi sósíalistísku ríkjanna er fremra efnahagskerfi kapítalistísku ríkjanna, þá getur þetta kerfi framleitt betri og ódýrari vörur, sem þarfnast ekki neinnar verndar á íslenzkum markaði, því að þær eiga þá að geta verndað sig sjálfar. Eitt af tvennu sem sagt er, að hið sósíalistíska kerfi er ekki eins fullkomið og hv. 3. þm. Reykv. vill vera láta eða allur ótti hans um minnkandi viðskipti við þessi lönd er ástæðulaus. Hvort tveggja fær a. m. k. ekki staðizt samtímis.

Ég kem þá að fjórða atriðinu, og það er um öryggi hinna sósíalistísku markaða. Það er vissulega mikilsvert fyrir Íslendinga að eiga góða markaði í Austur-Evrópu, og við höfum átt góð viðskipti við þau lönd. Við höfum e. t. v. ekki lagt alla þá alúð við þau viðskipti, sem nauðsynlegt er, því að markaður fyrir t. d. um 50 þús. tonn af 75—80 þús. tonna freðfisksframleiðslu okkar er sannarlega hlutur, sem hirða þarf um, einmitt af því að þessi markaður er ekkert öruggari en aðrir útflutningsmarkaðir okkar. Sósíalistísku markaðirnir eru nefnilega alls ekkert öruggari eða þeirra samningur öruggari en viðskipti við önnur lönd. Á þetta skal ég færa sönnur. Tökum t. d. síldina. Þjóðviljinn var einmitt nú fyrir helgina að fræða lesendur sína á því, að hv. 11. landsk. (GJóh) hefði flutt þinginu mikinn fróðleik í þeim efnum og þá í leiðinni tekið rösklega í lurginn á mér. Sá hv. þm. minntist m. a. á síldarsölu til Póllands. Við skulum rétt hyggja að því máli. Pólverjar sömdu við okkur um kaup á 20 þús. tunnum af síld fyrir s. l. samningstímabil, en keyptu ekki eina einustu tunnu af því, sem þeir höfðu samið um. En Pólverjar keyptu samt síld, og það var ekki af okkur. Þeir keyptu síld af Rússum. Og það skyldi nú ekki vera, að sú síld hafi þó verið fiskuð einhvers staðar á Íslandsmiðum? Þannig var um öryggi þess markaðar.

Svo eru það Austur-Þjóðverjar. Við höfum haft góðar vonir um síldarsölu þangað. En hvernig fór um þann trygga markað? Þeir keyptu enga síld af okkur, en þeir keyptu síld og meira að segja Íslandssíld. Rússar létu nefnilega afskipa nokkru af þeirri síld, sem þeir höfðu samkvæmt samningum keypt af okkur, beint til Austur-Þýzkalands.

En það er ekki einungis, að þessir útflutningsmarkaðir hafi reynzt ótryggir. Innflutningurinn þaðan hefur líka reynzt ótryggur. Við höfðum t. d. á síðasta samningstímabili samið við Pólverja um kaup á 5000 tonnum af áburði þaðan, sem áttu að afgreiðast nú í vor. Ekki svo mikið sem tonn af þessum áburði kemur. Við höfðum samið við Pólverja um 1000 standarda af byggingartimbri, sem áttu að afgreiðast fyrir sumarið. Ekki einn standard kemur af þessu timbri. Þetta sósíalistíska land er þó ekki neitt einsdæmi. Við Tékka höfðum við samið um kaup á miklu magni af járni, en svo til ekkert verður afgreitt af því. Fyrir öllu þessu geta verið óviðráðanlegar ástæður, og skal þessum viðskiptavinum okkar ekkert hallmælt fyrir þessar vanefndir á að standa við gerða samninga, enda þótt það geti vissulega verið mjög óþægilegt og valdið miklu tjóni að losna ekki við síld, sem lofað hefur verið að kaupa, og fá ekki áburð, sem átti að nota í vor, eða fá ekki timbur og járn, sem átti að smíða úr í sumar. Þetta getur allt haft sínar afsakanir, en við skulum bara ekki vera að hæla þessum vinnubrögðum. Og vissulega sanna þau okkur, svo að ekki verður á móti mælt, að þessi viðskipti eru hreint alls ekki traustari eða öruggari en skipti við aðrar þjóðir annars staðar í Evrópu.

Ég kem þá að fimmta atriðinu. Hv. 3. þm. Reykv. lét í ljós mikið vantraust á íslenzkum atvinnurekendum, hæfni þeirra og möguleikum til þess að taka þátt í samkeppni á frjálsum útflutningsmarkaði og líkti þeim nánast við óþekka krakka, sem þörfnuðust móðurverndar í umferð götunnar. Ég vil eindregið mótmæla þessu vantrausti. Ég ber fullt traust til íslenzkra atvinnurekenda og útflytjenda, að þeir muni færir og hæfir til þess að kappkosta að notfæra sér þá nýju markaði, sem gengisbreyting og bættur samkeppnisgrundvöllur gefur þeim. Það er og vitað, að ýmsir nýir möguleikar eru þar að opnast, eftirspurn eftir skreið fer stöðugt vaxandi. Sama er að segja um saltfiskinn. Portúgal, Kúba og Brasilía vilja öll kaupa verulega meira af saltfiski en þau hafa áður keypt, og í Vestur-Evrópu eru ábyggilega stórir og góðir freðfiskmarkaðir í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss og Þýzkalandi. Það mun að vísu kosta bæði vinnu, fyrirhöfn og fé að komast inn á þessa markaði, en íslenzkum útflytjendum er fyllilega treystandi til þess að leysa þennan vanda og komast vel frá þessu vissulega mikla verkefni, sem er fram undan.

Ég kem þá að sjöttu og síðustu staðhæfingu hv. 3. þm. Reykv., og hún er um það, að efnahagslegt lýðræði verði ekki tryggt nema með hagkerfi sósíalismans. Ég skal ekki fjölyrða um þessa fullyrðingu, því að hún er hrein öfug-

mæli, og ég held, að henni verði bezt svarað með því, að ég geri orð manns, sem hv. 3. þm. Reykv. talaði allmikið um hér fyrir helgina, að mínum orðum. Maðurinn er Ludvig Erhard, efnahagsmálaráðh. Vestur-Þýzkalands, og orðin, sem ég leyfi mér að tilfæra, með leyfi hæstv. forseta, eru þessi: „Neyzlufrelsi og athafnafrelsi eiga í hugum allra þegna að vera óskerðanleg mannréttindi. Að brjóta í bág við þau ætti að teljast tilræði við þjóðfélagið. Lýðræði og frjáls efnahagsstarfsemi eru jafnóaðskiljanleg og einræðið og ríkisreksturinn er samloðandi."

Hv. 3. þm. Reykv. telur þetta frv., frv. um fríverzlunina, hættulegasta málið, sem ríkisstj. hefur flutt. Ég spyr: Hættulegt hverjum? Hann fullyrðir, að með því að leggja niður innflutningsskrifstofuna hverfi allt aðhald um að reka íslenzkan þjóðarbúskap af einhverju viti. Hann harmar það, að menn verða ekki lengur háðir ákvörðunum ríkisvaldsins um kaup á skófatnaði og öðrum nauðþurftum. Ég er sannfærður um, að borgararnir, alþýða manna í landinu, telur sér þessar ráðstafanir ekki hættulegar, heldur hagstæðar. Þessar aðgerðir geta þó kannske verið einum og aðeins einum aðila hættulegar, og það er Sósfl. Að koma hér á heilbrigðu og hagstæðu atvinnulífi mun veikja og draga úr fylgi Sósfl., en efla traust og tiltrú manna til stjórnarflokkanna og stefnu þeirra.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að kjarabætur í Austur-Evrópu væru nú almennt ekki framkvæmdar sem kauphækkanir, heldur í formi lækkaðs vöruverðs. Það er von mín og trú, að þetta frv. muni, þegar frá líður, einmitt hafa slík áhrif í för með sér hér á landi, færa almenningi kjarabætur í formi hagstæðara vöruverðs. Og það er einnig alger misskilningur hv. þm., að aukið vöruval sé fyrst og fremst gert fyrir þá ríku. Það eru ekki fyrst og fremst þeir ríku, sem geta keypt vörur hvaða verði sem er, sem þurfa á vöruvalinu að halda, það er einmitt sá fátæki neytandi, sem þarfnast vöruvals, svo að tekjurnar nýtist honum betur, og að því á þetta frv. að stefna.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur verið með mjög ákveðnar spár um, að viðreisnarstefna hæstv. ríkisstj. muni mistakast með öllu og að fram undan sé efnahagslegt hrun innan fárra mánaða og þá muni það verða hlutskipti þeirra sósíalista að taka við forustunni í efnahagsmálum þjóðarinnar. Enda þótt ég sé á öndverðri skoðun við hv. 3. þm. Reykv. í þessum efnum og fleiri og telji mig engan spámann, þá væri vissulega fróðlegt að heyra, hverjar þær aðgerðir í efnahagsmálum væru, sem stjórn sósíalista mundi þá grípa til, og ég leyfi mér því að beina nokkrum spurningum varðandi þetta efni til hv. 3. þm. Reykv.

Það er í fyrsta lagi: Mundu sósíalistar þá að nýju endurreisa innflutningsskrifstofuna og gera allan innflutning háðan leyfum, þ. e. a. s. endurreisa haftakerfið og gera höftin strangari en nokkru sinni áður?

Það er í öðru lagi: Mundu sósíalistar beita sér fyrir því, að vöruskömmtun yrði tekin upp á ýmsum sviðum, m. a. skömmtun á brauði, sykri, kaffi og fleiri nauðsynjum?

Það er í þriðja lagi: Mundu sósíalistar gangast fyrir því, að fjárfestingarhöft yrðu tekin upp að nýju og öll fjárfesting verulega skorin niður?

Það er í fjórða lagi: Mundi Sósfl. beita sér fyrir því, að menn yrðu að nýju sviptir frjálsum umráðum yfir húsnæði sínu?

Það er í fimmta lagi: Mundu sósíalistar keppa að því, að allt að 50% af utanríkisverzlun landsmanna yrði bundið clearingsamningum við löndin í Austur-Evrópu til langs tíma?

Það er í sjötta lagi: Telja sósíalistar, að við eigum að sníða efnahagskerfi okkar fyrst og fremst eftir óskum og þörfum viðskiptalandanna í Austur-Evrópu?

Það er í sjöunda lagi: Telja sósíalistar, að þau lönd í Vestur-Evrópu, sem hafa mörgum sinnum umfangsmeiri viðskipti við Austur-Evrópulöndin en við, hafi þurft að sníða utanríkisverzlun sína eftir þessum viðskiptum og taka upp ströng viðskiptahöft þeirra vegna?

Það er í áttunda og síðasta lagi: Mundi Sósfl. beita sér fyrir stórum lántökum í Sovétríkjunum?

Þessar átta spurningar snerta flestar að einhverju þau mál, sem sósíalistar gagnrýna núverandi stj. fyrir að hafa aðra stefnu í en æskilegt sé. Ég leyfi mér því að óska eftir, að hv. 3. þm. Reykv. svari hverri þessara spurninga beint og afdráttarlaust, en skjóti sér ekki undan með einhverjum almennum yfirlýsingum um áætlunarbúskap eða önnur ámóta óljós hugtök. Kjósendur í landinu eiga kröfu til þess að vita, hver stefna sósíalista í efnahagsmálum er, og stefnan, ef einhver er, hlýtur að fela í sér afstöðu til hvers og eins af framangreindum atriðum.

Ég hef hér hrakið sex af höfuðröksemdum hv. 3. þm. Reykv. gegn því frv., sem hér er til umr., og ég hef jafnframt borið fram átta grundvallarspurningar, sem ég vænti að fá svar við.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í ræðum þeirra hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hlutans hafa komið fram nokkur atriði í tilefni af því, sem ég sagði hér við 1. umr., og finnst mér rétt að gera nokkrar athugasemdir við þau.

Ég ætla þá fyrst að víkja að því, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh. og snerti afstöðu Framsfl. til innflutningshafta almennt, og því, sem hann sagði varðandi það atriði í hinni sameiginlegu stefnuskrá, sem Framsfl. og Alþfl. lögðu fram fyrir þingkosningarnar 1956. Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að í þeirri stefnuskrá var því lýst yfir, og er það í fullu samræmi við það, sem framsóknarmenn hafa jafnan haldið fram, að stefnt skyldi að því, að ekki þyrfti að beita innflutningshöftum. Það hefur jafnan verið afstaða Fram-

sfl., að stefnan ætti að vera sú, þó að óhjákvæmilegt kynni að vera að hafa innflutningshöft um skeið, að þá eigi að draga úr þeim, eftir því sem hægt er. En til þess að draga úr innflutningshöftum eða gjaldeyrishöftum er um tvær leiðir að ræða. Önnur leiðin er sú að draga úr kaupgetu og torvelda framkvæmdir og fjárfestingu og reyna að draga úr eftirspurn eftir gjaldeyri á þann hátt. Það er sú leið, sem hæstv. núv. ríkisstj. fer. Hennar aðalstefna í þessum efnum er sú að skerða kaupgetuna, einkum hjá almenningi eða láglaunastéttum og millistéttum, gera allar framkvæmdir dýrari í landinu og draga þannig úr uppbyggingu og framförum. Með þessum hætti hyggst ríkisstj. draga úr eftirspurn eftir gjaldeyri og geta dregið úr innflutnings- og gjaldeyrishöftum vegna þess. Í raun og veru eru þetta, eins og sýnt hefur verið fram á, ekki annað en höft í nýrri mynd. Það eru höft fátæktar og skorts, sem eru látin koma í staðinn fyrir venjuleg innflutningshöft. En þetta er sem sagt sú leið, sem ríkisstj. fer til að draga úr innflutningshöftunum, þetta er sú leið, sem á sínum tíma var harðlega mótmælt af forustumönnum Alþfl. hér á Alþingi, þeim Jóni heitnum Baldvinssyni, Héðni Valdimarssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni og öðrum, vegna þess að afstaða þeirra var sú, að ef um það tvennt væri að velja að beita gjaldeyrishöftum eða að draga úr kaupgetunni hjá alþýðustéttunum, þá væri fyrri leiðin betri. Hæstv. viðskmrh. og þeir, sem nú ráða Alþfl., virðast hins vegar á annarri skoðun og komnir á þá sömu skoðun sem sjálfstæðismenn héldu hér fram, þegar þeir voru að deila við Jón Baldvinsson, Héðin Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

Hin leiðin til þess að draga úr gjaldeyrishöftum og sú leið, sem Framsfl. er fylgjandi, og sú leið, sem Framsfl. taldi að fælist í stefnuyfirlýsingu bandalags Alþfl. og Framsfl. á sínum tíma, er sú að vinna að aukinni framleiðslu og uppbyggingu, auka gjaldeyristekjurnar á þann hátt og gera gjaldeyrishöft eða innflutningshöft óþörf af þeirri ástæðu, að nægur gjaldeyrir sé fyrir hendi. Að þessu var unnið mjög kappsamlega í tíð vinstri stjórnarinnar með margvíslegri uppbyggingu, sem þá átti sér stað. Þá var t. d. unnið að því að bæta stórkostlega aðstöðu útvegsins, með þeim árangri, að menn sóttust eftir því síðari hluta valdatímabils vinstri stjórnarinnar að afla aukinna fiskiskipa og bæta aðstöðu til fiskverkunar í landi, í staðinn fyrir að það hafði ríkt kyrrstaða í þessum efnum á árunum þar á undan. Þá var sementsverksmiðjan fullbyggð, og þá var síðast, en ekki síst ráðizt í þá merku framkvæmd að færa út fiskveiðilandhelgina, sem sennilega meira en nokkuð annað á eftir að verða undirstaða aukinnar gjaldeyrisöflunar hér á komandi árum. Og þá var stutt að margs konar annarri uppbyggingu í landinu, með það fyrir augum annars vegar, að hægt væri að draga úr ýmsum innflutningi, vegna þess, að framleitt væri í landinu sjálfu það, sem áður hafði verið keypt utanlands frá, eða með því að auka gjaldeyristekjurnar, útflutninginn. Þetta er sú stefna og sú leið, sem Framsfl. vill fara til þess að draga úr innflutnings- og gjaldeyrishöftum. Og það er hér eins og á ýmsum öðrum sviðum, sem koma fram glögg stefnumörk á milli Framsfl. annars vegar og núv. ríkisstj. hins vegar. Núv. ríkisstj. stefnir t. d. að því að draga úr allri uppbyggingu í landinu með því að gera allar framkvæmdir miklu dýrari en þær hafa áður verið. Að sjálfsögðu verður þetta til þess að lama framleiðsluna og verkar þannig, að framleiðsluaukningin og gjaldeyrisöflunin verður miklu minni á komandi árum en hún hefði þurft að vera og mundi hafa orðið, ef uppbyggingarstefnu vinstri stjórnarinnar hefði verið haldið áfram.

Þetta held ég að sýni það alveg nægilega ljóst, að það getur fullkomlega staðizt, sem stóð í áður nefndu ávarpi eða stefnuskrá umbótabandalagsins svokallaða, og það, sem Framsfl. heldur fram, að það er hægt að vinna að því að draga úr innflutnings- og gjaldeyrishöftum á annan og farsælli veg en þann, sem núv. ríkisstj. hefur farið inn á.

Þá hafa þeir gert allmikið að því, hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl., að tala um það, að núv. ríkisstj. fylgdi sömu stefnu og fylgt væri í efnahagsmálunum í nágrannalöndum okkar. Þetta er algerlega rangt. Í nágrannalöndum okkar flestum er fylgt þeirri stefnu, sem mætti kalla verðstöðvunarstefnu eða beinist að því að halda verðlagi sem mest niðri og tryggja bætt kjör almennings á þann hátt. Hér er nú undir forustu hæstv. ríkisstj. fylgt alveg gerólíkri stefnu, eða stefnu, sem mætti kalla verðhækkunarstefnu. Hér er markvisst stefnt að því að hækka verðlag meira en nokkru sinni hefur átt sér stað. Hæstv. ríkisstj. þótti það ekki einu sinni nægjanlegt að hækka verðlagið með gengislækkuninni, heldur bætti við margs konar sköttum til þess að hækka verðlagið. Það er fylgt gegndarlausari verðhækkunarstefnu en nokkru sinni hefur áður átt sér stað hér á landi og hefur átt sér stað í nokkru nágrannalanda okkar að minnsta kosti um langt skeið. Þess vegna er það algerlega rangt, þegar hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl. eru að halda því fram, að hér sé verið að fylgja sömu stefnu og í nágrannalöndum okkar, þar sem fylgt er verðstöðvunarstefnu. Hér er alveg gagnstætt því fylgt gegndarlausri verðhækkunarstefnu.

Ég held, að ef maður heldur áfram með þennan útlenda samanburð, þá sé ekki hægt að finna þess dæmi nema í tveimur löndum í Evrópu, þar sem á síðari missirum hefur verið tekin upp svipuð stefna og sú, sem nú er verið að framfylgja hér. Í báðum þessum löndum var sú stefna tekin upp í samráði við Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Annað þessara landa, sem hefur tekið þessa stefnu

upp, var Frakkland, þar sem ríkisstj. gerði margs konar samdráttarráðstafanir á síðastliðnu ári. Þetta hefur haft það í för með sér, að lífskjör almennings þar í landi hafa stórversnað. Og það, sem hefur valdið því, að ekki hafa átt sér stað stórkostleg verkföll í Frakklandi á undanförnum mánuðum, er, að verkföll mega í raun og veru heita þar bönnuð. Hins vegar hefur þetta þrengt svo að bændastéttinni í Frakklandi, að hún hefur boðað hvað eftir annað til stórkostlegra fjöldagangna til borganna og haldið þar stóra fundi og m. a. fengið því framgengt, að meiri hluti franska þingsins skoraði nýlega á stjórnina að kalla þingið saman. En stjórnin eða forsetinn beitti hreinu einræðisvaldi til að koma í veg fyrir, að á þetta væri fallizt. Og það er alveg víst, að sú þróun er fram undan í efnahagsmálum Frakklands, að hún er ekki neitt til fyrirmyndar og eftirbreytni. Og það má líka minna hæstv. viðskmrh. alveg sérstaklega á það, að sá flokkur, sem hann telur sennilega standa næst sér í Frakklandi, franski jafnaðarmannaflokkurinn, sem hefur verið talinn íhaldssamasti jafnaðarmannaflokkurinn í Evrópu, byrjaði á því að styðja núv. stjórn í Frakklandi og átti ráðherra í henni, en eftir að stjórnin hneig að þessari efnahagsstefnu, skarst jafnaðarmannaflokkurinn úr leik, sagði upp sinni hollustu við ríkisstj., dró ráðherra sína úr henni og stendur nú fyrir því í franska þinginu, að það sé borið fram vantraust á frönsku stjórnina vegna þeirrar efnahagsmálastefnu, sem hún fylgir. Það er líka álit kunnugra manna, að vegna þess, hvernig haldið hefur verið á efnahagsmálunum í Frakklandi, sé það ekki raunverulega nema líf eins manns, ef svo mætti segja, sem stendur í vegi þess, að þar brjótist út jafnvel blóðug bylting. Það er það traust, sem núverandi forseti Frakklands hefur, sem á meginþátt í því, að það er hægt að halda þessu stjórnarkerfi uppi, en ef hann félli frá af einhverjum ástæðum, þá mundu skapast harðari og alvarlegri stéttaátök í Frakklandi en hafa sennilega átt sér þar stað um langt skeið. Og í því á m. a. sinn þátt sú efnahagsmálastefna, sem þar var tekin upp á s. l. ári. Annars má það segja núverandi forseta Frakklands til hróss, að hann virðist gera sér grein fyrir því, að þessi stefna hafi verið eitthvað meira en lítið misheppnuð, því að hann lét þann mann, fjármálaráðherra eða efnahagsmálaráðherra, fara úr ríkisstj. á s. l. vetri, sem hafði meginforustuna um það, að þessi stefna var tekin upp, og þess vegna getur vel svo farið, vegna hygginda núv. Frakklandsforseta, að það verði tekin upp stefnubreyting þar, sem beinist frá því, sem gert var á s. l. ári.

Hitt ríkið, sem hefur tekið upp samdráttarstefnu fyrir fáum missirum að tillögu Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, er Tyrkland. Tyrkland fór inn á þá braut fyrir fáum missirum að gera ekki ósvipaðar ráðstafanir í efnahagsmálum og nú hafa verið gerðar hér og fékk til þess tilstyrk frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, m. a. talsverð lán til þess að geta haldið uppi innflutningi með líkum hætti og hæstv. ríkisstj. virðist ætla að gera hér. Ég man það í vetur, þegar þetta barst dálítið í tal, að þá var bent á það hér af hálfu stjórnarsinna til fyrirmyndar, að Ísland væri nú alls ekki eina ríkið, sem hefði farið inn á þessa braut, að taka upp samdráttarstefnu að ráðum hinna erlendu sérfræðinga, heldur hefði t. d. Frakkland gert það og ekki sízt Tyrkland, og þar virtist þetta ætla að ganga alveg ljómandi vel, þ. e. í Tyrklandi. En við sjáum árangurinn eða niðurstöðuna af því nú þessa dagana á þeim fréttum, sem eru að berast frá Tyrklandi og rekja fyrst og fremst rætur til þeirrar óánægju og þeirrar andspyrnu, sem efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa valdið. Ég tel mig ekki þurfa að fara að rifja þær fréttir upp hér, vegna þess að ég hygg, að þær séu öllum, sem hér eru, nokkurn veginn kunnar. En ég held, að þær fréttir séu hins vegar með þeim hætti, að hæstv. núv. ríkisstj. ætti að hugsa sig um tvisvar, áður en hún heldur áfram lengra á sömu brautinni og tyrkneska stjórnin hefur gert eða áður en það kann að leiða til svipaðs ástands hér og nú ríkir í Tyrklandi.

Þess vegna held ég, að hv. stjórnarsinnar, viðskmrh. og frsm. meiri hl., ættu ekki að vera að vitna til erlendra dæma um, að það sé heppilegt, sem nú er verið að gera hér á landi, því að ef þeir skírskota til okkar nágrannalanda, þá er þar fylgt allt annarri stefnu en þeirri, sem núv. ríkisstj. fylgir. Þar er fylgt verðstöðvunarstefnu, í staðinn fyrir það, að núv. ríkisstj. fylgir hér stórkostlegri verðhækkunarstefnu, og einu tvö löndin, sem eru t. d. aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og hafa farið inn á sömu braut og hæstv. ríkisstj. hefur gert hér, eru Frakkland og Tyrkland, og ég held, að dæmin þaðan séu sannarlega ekki til fyrirmyndar.

Það kom fram hjá bæði hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl., að ég hefði látið í ljós hér við 1. umr., að með þessu frv. væru ekki gerðar neinar meiri háttar breytingar, heldur væru höft látin koma í stað hafta. Ég held, að þetta sé ekki að öllu leyti rétt eftir haft, því þó að það sé alveg rétt eftir mér haft, sem ég sagði þá, að hér séu höft látin koma í stað hafta, eins og ég benti líka á, þá álít ég breytinguna samt mikla og slæma, vegna þess að þau höft, sem eru tekin upp í stað þeirra hafta, sem lögð eru niður, eru svo miklu verri en höftin, sem búið var við, þó að þau hefðu — það skal fullkomlega viðurkennt — marga ókosti. En þrátt fyrir það eru þau höft, sem búið var við, miklu betri en þau höft fátæktarinnar, sem nú er verið að innfæra og ná sérstaklega til láglaunastéttanna og millistéttanna, og miklu betri en vaxtahöftin eða vaxtaokrið, sem er rétta nafnið á því, og takmarkanir á bankaútlánum og aðrar svipaðar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert og stefna í þessa átt. Og þegar menn athuga öll

þessi höft, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að innleiða undanfarna mánuði, þá er það náttúrlega alger fjarstæða að tala um, að hér sé verið að gefa verzlunina frjálsa og bæta aðstöðu manna til þess að njóta bættra verzlunarkjara, því að það leiðir af sjálfu sér, að þegar kaupgetan dregst eins stórkostlega saman og hér er stefnt að og þegar vaxtahöftin eða vaxtaokrið og útlánahöftin koma til viðbótar, þá þrengir stórlega að verzluninni. Það verður erfiðara hjá henni að veita góða þjónustu heldur en áður. Það verður til þess, að hún mun þurfa á hækkandi álagningu að halda, eins og vafalaust mun koma á daginn, áður en langt um líður. Og þetta verður jafnframt til þess, að hún mun eiga erfitt með að geta haft eins mikið vöruúrval á boðstólum eða haft eins miklar vörubirgðir og hún hefur þó getað haft að undanförnu. Þess vegna stefnir þetta í þá átt að þrengja að verzluninni, skapa henni verri aðstöðu til þess að láta almenning njóta heppilegra viðskiptakjara og verkar þess vegna alveg gagnstætt því, sem hv. stjórnarsinnar eru hér að halda fram. Og það er þó sérstaklega rangt í sambandi við þessi höft að framkvæma þau með þeim hætti, að þau bitni langsamlega þyngst á láglaunastéttum og millistéttafólki í landinu. Eins og hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt dýrtíðaruppbæturnar, þá eru það efnamennirnir og hátekjumennirnir, sem fá langsamlega drýgstan hluta þeirra og fá þá skerðingu nokkurn veginn að fullu eða öllu bætta, sem þeir verða fyrir vegna annarra ráðstafana ríkisstj., en hins vegar kemur til með að vanta stórkostlega á, að láglaunastéttir og millilaunastéttir fái þær dýrtíðaruppbætur, sem nægi á móti kjaraskerðingunni.

Þá var hv. frsm. meiri hl. að tala um, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, væru gerðar í þágu einkaframtaksins og einstaklinganna. Ég held, að þetta sé mikil misögn hjá honum, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, hvað snertir meginþorra allra einstaklinga í landinu. Þessar ráðstafanir verða tvímælalaust til þess að skerða möguleika meginþorra einstaklinganna í landinu til athafna og framkvæmda frá því, sem verið hefur, eins og glöggt sést á því, að allar framkvæmdir eru nú gerðar miklu dýrari en þær voru áður. Þetta verður t. d. til þess að lama alveg stórkostlega framtak bændastéttarinnar. Þetta verður til þess að lama framtak láglaunastétta og millistétta í bæjunum, t. d. möguleika manna þar til að koma sér upp eigin húsnæði o. s. frv. Þess vegna er það algerlega rangt, að þessar framkvæmdir séu gerðar til þess að styrkja og styðja hið almenna einkaframtak í landinu. Hins vegar er það alveg rétt, að þessar ráðstafanir geta orðið til þess, að mestu stóreigna- og gróðamennirnir hafi betri aðstöðu en áður til þess að koma ár sinni fyrir borð. Og að því er líka fyrst og fremst stefnt með þessu frv. Það hefur líka komið alveg greinilega fram hjá hv. frsm. meiri hl., að aðaltilgangurinn með þessu sé að koma upp stóreignamönnum í landinu. En að sjálfsögðu leiðir það af sér, ef hér rísa upp margir stóreignamenn í landinu, að þá verða aðrir menn fátækari í staðinn, því að það er þó aldrei hægt að skipta meira, — svo að maður noti þá samlíkingu, sem heyrist hér oft, — það er þó aldrei hægt að skipta meira en því, sem þjóðin aflar, og ef á að skipta þessum afla þannig, að hann lendi mjög mikið hjá einstöku mönnum, þá verður þetta til þess, að allur fjöldinn ber minna úr býtum. Og það er líka það, sem að er stefnt með þessum ráðstöfunum.

Það er ekki úr vegi að benda á það í þessu sambandi, hvílíkur munur er á afstöðu aðalflokkanna í landinu, Sjálfstfl. og Framsfl., til einkaframtaksins, vegna þess að það kemur mjög skýrt fram í sambandi við þessar ráðstafanir. Stefna Framsfl. er sú að stuðla að því, að sem allra flestir einstaklingar í landinu geti orðið efnalega sjálfstæðir og bjargálna, og þess vegna vill Framsfl. miða efnahagsráðstafanir fyrst og fremst við það, að þeim tilgangi verði náð. Sjálfstfl. vill fyrst og fremst hlaða undir fáa, sem hann kallar hina „sterku“ einstaklinga í landinu, láta þá njóta fyrst og fremst þess arðs, sem þjóðin aflar, þó að það verði hins vegar til þess að skerða möguleika alls fjöldans til efnalegs sjálfstæðis og bjargálna.

Þá hafa fulltrúar stjórnarflokkanna, sem hér hafa talað, talað mjög digurbarkalega, þegar þeir hafa verið að ræða um fjárfestingareftirlitið og að það væri nú alveg látið hverfa úr sögunni og með því væri stigið spor í rétta átt. Ég hef látið það í ljós hér áður og vil endurtaka það, að ég tel, að þetta sé algerlega rangt. Það má til sanns vegar færa, og ég skal ekki bera á móti því, að það hefur mátt ráðstafa þeirri fjárfestingu, sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum árum, kannske á ýmsan hátt hyggilegar en gert hefur verið. En úr þeim ágöllum verður ekki bætt með því að gefa þetta allt saman frjálst, eins og nú er stefnt að, heldur var það, sem þurfti að gera, að reyna að tryggja enn betur en að undanförnu, að fjármagninu og fjárfestingunni væri beint að hinum réttu framkvæmdum. Ég nefni það aðeins sem dæmi í þessu sambandi, að þjóðinni kemur til með að fjölga mjög mikið á næstu áratugum og hún verður sennilega orðin allt að því helmingi fjölmennari um aldamótin en hún er nú. Það er eitt stærsta vandamálið, sem við þurfum að horfast í augu við í þessu sambandi, hvernig við ætlumst til, að búsetu landsmanna verði t. d. háttað í landinu um næstu aldamót. Ætlumst við til, að landsmenn verði þá aðallega búsettir á litlum bletti í landinu, ellegar ætlumst við til, að byggðinni verði hagað þannig, að gæði landsins verði nytjuð sem bezt um landið allt? Að því eigum við að sjálfsögðu að stefna. En það er alveg tvímælalaust, að ef við ætlum að stefna að því, þá verðum við að hafa mjög gott aðhald að fjárfestingunni, þeirri takmörkuðu fjárfestingu, sem við ráð-

um yfir, og beina henni að þeim réttu viðfangsefnum, þannig að byggðin rísi upp á þeim stöðum, þar sem hún þarf að vera með tilliti til nýtingar náttúruauðæfanna í framtíðinni. Við þurfum þá að byggja upp ýmsa staði úti á landi, og þetta verður ekki gert öðruvísi en þannig, að hið opinbera hafi forgönguna, beini fjármagninu þannig, hafi forgönguna um ýmsar helztu framkvæmdirnar, því að það er ekki hægt að ætlast til þess, að einkaframtakið taki sér fyrir hendur að hafa forustu um slík verkefni, sem oft og tíðum eru þannig, að þau gefa ekki arð fyrr en eftir langan tíma. En einkaframtakið leitar sér að sjálfsögðu verkefna fyrst og fremst þar, sem það hefur von um að fá fljótfenginn arð. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að það hagi sér á þann hátt. En ég álít líka, að þó að við hefðum að ýmsu leyti meira fjárfestingaraðhald og eftirlit en við höfum núna, þá þarf það ekki að vera neitt til þess að skerða möguleika einkaframtaksins í landinu og félagsframtaksins, vegna þess að það getur fundið sér nóg verkefni, þó að hið opinbera hafi heildarstjórnina og heildarforustuna með höndum. Hins vegar innan þess ramma, sem slíkur áætlunarbúskapur mundi hafa í för með sér, á einkaframtak og félagsframtak að geta fundið sér alveg næg verkefni.

Ég veit nú ekki, hvort það er ástæða til þess að fara að eltast hér við ýmis minni háttar atriði, sem hafa komið fram í umr. og eru röng, eins og t. d. það, þegar hv. frsm. meiri hl. fjhn. var að tala um, að framsóknarmenn væru feður haftanna hér á landi. Þetta skýtur dálítið skökku við, vegna þess að þeir menn, sem höfðu forustu um fyrsta haftafrv., sem hefur verið samþykkt á Alþingi, þegar stríðstímar eru undanskildir, það eru hinir gömlu leiðtogar núverandi Sjálfstfl., Jón Magnússon og Magnús Guðmundsson. Fyrstu haftalögin voru sett á þingi 1920, þegar þessir menn höfðu stjórnarforustuna og höfðu líka forustu um setningu þessara laga, og það var vegna þess, að þeir litu þannig á, að þær aðstæður gætu skapazt, að það væri nauðsynlegt að grípa til innflutnings- og gjaldeyrishafta, og vildu þess vegna hafa löggjöf um þetta. Og þannig hafa sjálfstæðismenn, þegar þeir hafa látið skynsemina ráða, unnið oft og tíðum á undanförnum árum. Og ég held, að það sé miklu hyggilegra af Sjálfstfl. að fara að ráðum þessara gömlu leiðtoga sinna, því þótt þeir væru íhaldssamir, þá viðurkenndu þeir, að undir ýmsum kringumstæðum væri óhjákvæmilegt að grípa til hafta og jafnvel betra að grípa til hafta en kjaraskerðingar, eins og nú er stefnt að. Og ég held, að það mundi gefast Sjálfstfl. betur að láta skynsemina þannig ráða heldur en fara eftir einhverjum trúaratriðum og ismum.

Hv. frsm. meiri hl. var einnig að tala um, að Framsfl. hefði verið með höftum og væri með höftum, vegna þess að hann vildi tryggja forgangsrétt samvinnufélaganna. Ja, maður hefur heyrt þetta áður. En aldrei hef ég heyrt nefnt eitt einasta dæmi því til sönnunar, að Framsfl. hafi beitt aðstöðu sinni í sambandi við gjaldeyris- og innflutningsmál til þess að tryggja sérstaklega aðstöðu samvinnufélaganna, enda er það þannig, að Framsfl. hefur aldrei haft meiri hluta í þeim nefndum, sem um þessi mál hafa fjallað, og þó að hann hefði viljað — sem hann hefur alls ekki viljað — tryggja einhver slík forréttindi, þá hefur hann ekki haft aðstöðu til þess, og þar með fellur þessi málflutningur alveg um sjálfan sig. Og ég er nú alveg hissa á því, að hv. frsm. meiri hlutans, sem er greindur maður og getur verið öfgalaus, skuli vera að fara hér með í deildinni annan eins þvætting eins og þetta, sem hann veit að er algerlega ósatt.

En það vildi ég svo segja að síðustu eða endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég álít, að heildarstefnan í þessu frv. beinist að því að taka upp ný höft, sem séu verri og óheppilegri almenningi en þau, sem áður var búið við. Og ég vil að endingu mega gefa hæstv. ríkisstj. eitt ráð í sambandi við allar þessar ráðstafanir hennar. Þm. hafa sennilega lesið það í blöðunum, að hæstv. ríkisstj. gerðist allathafnasöm fyrir nokkrum dögum. Það var með mikilli skyndingu kvaddur saman stjórnarfundur fyrir hádegi uppi í stjórnarráði og þar tekið fyrir, að því er ráðh. álitu, mikið stórmál, sem var það, að þjóðleikhúsráð, þar sem menntmrh. á sæti, var búið að ákveða að halda eitthvert stórt ball í Þjóðleikhúsinu 17. júní. Það gerðist á þessum fundi, að ríkisstj. samþ. alveg einróma, að þessu balli skyldi aflýst, og hæstv. menntmrh. var sendur í skyndi á fund þjóðleikhúsráðs, sem líka var kallað saman í skyndi, til þess að koma því til vegar, að þessu balli yrði aflýst. Og það var líka gert. Ég skal alls ekki gagnrýna ríkisstj. fyrir að hafa gert þetta. Það má vel vera, að þetta sé rétt ráðið hjá henni, þó að ég dragi það í efa. En hæstv. ríkisstj. hefur byrjað á öðru og miklu verra balli en því, sem þarna var um að ræða, og það er það ball, sem hún hefur byrjað á í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og ég er alveg viss um, að það bezta, sem ríkisstj. gæti gert, væri að aflýsa því balli sem fyrst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Frá því að ég flutti hér mína framsöguræðu um þetta mál, hafa orðið hér nokkrar umr. og ýmislegt komið fram í þeim, sem nauðsyn er að ræða.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. viðskmrh. rætt nokkuð af því, sem ég flutti fram af gagnrýni í minni ræðu, og gert nokkra grein fyrir afstöðu ríkisstj. og sínu áliti á því, hvernig hún hygðist að framfylgja þeirri stefnu, sem fælist í þessu frv.

Hæstv. viðskmrh. ræddi í fyrsta lagi, hver væri tryggingin fyrir því efnahagslega sjálfstæði, sem hann kvað ríkisstj. vilja viðhalda, en ég hefði efazt um að mundi haldast með þeirri pólitík, sem nú væri upp tekin. Og hann

sagði í fyrsta lagi, að tryggingin fyrir slíku efnahagslegu sjálfstæði yrði ströng bankapólitík, m. ö. o. þegar ég talaði um, að það mikla lán, sem ríkisstj. nú tæki, mundi stofna efnahagslegu sjálfstæði Íslands í hættu, vegna þess að það gæfi of mikið undir fótinn með að flytja inn vörur til landsins og gæfi undir fótinn þeirri tilhneigingu að setja meira fé í veltu en heilbrigt væri, þannig að eftirspurnin eftir útlenda gjaldeyrinum og getan til að afla sér hans yrði þannig hlutfallslega meiri en rétt og eðlilegt væri. Hann áleit, að sú stranga bankapólitík mundi vera þarna stór og nokkurn veginn nægileg hindrun til að koma í veg fyrir slíkt undanlát.

Ég kom með eina fsp. einmitt í sambandi við þá ströngu bankapólitík í minni fyrstu ræðu, sem hæstv. viðskmrh. kom ekki inn á. Ég minnti á, hvernig ástandið mundi vera núna í Vestmannaeyjum í lok vertíðarinnar. Ég kastaði því fram, að það mundi vanta í Vestmannaeyjum 7, 8 eða 9 millj., jafnvel meira, til þess að það væri hægt að gera þar upp. Ég kastaði því fram, að einn einasti aðili og það einmitt aðili, sem á sjálfur sæti hér á þingi nú, hv. 3. þm. Austf. (EinS), mundi skulda jafnvel helminginn af þessu, þannig að svo framarlega sem ætti ekki að gera upp bæði vissa eigendur hraðfrystihúsa, sem væru meðal ríkustu manna landsins, og vissa útvegsmenn í Vestmannaeyjum núna, þá yrðu bankar landsins að fara inn á að lána meira en eðlilegt væri eftir þeirri ströngu bankapólitík, sem ríkisstj. hefur látið í ljós að ætti að reka. Hæstv. viðskmrh. treystist ekki til að svara þessu. Ég er alveg viss um, að hins vegar verður að svara þessu í reyndinni nú næstu dagana. Það er alveg vitanlegt, að verði þarna látið undan, þá er um leið verið að hverfa frá þeirri ströngu bankapólitík, sem hæstv. viðskiptamálaráðherra segir að sé önnur höfuðstoðin undir efnahagslegu sjálfstæði Íslands, ef eigi að halda við þá stefnu, sem nú er farið inn á.

Ég álít ákaflega hæpið að halda við þessa stefnu, ég álít hana ranga. Ég álít, að það sé enginn vegur að framfylgja hér á Íslandi þeirri bankapólitík, sem er framkvæmd í auðvaldslöndunum hér í kringum okkur. Það er alveg tvennt ólíkt, hvers konar ráðstafanir sterkir privatbankar gera gagnvart iðnrekendum, sem eiga stórar verksmiðjur og lenda í vandræðum með þeirra rekstur, eða hvers konar ráðstafanir ríkisbankar í þjóðfélagi eins og okkar gera gagnvart útvegsmönnum og hraðfrystihúsaeigendum, þegar afli verður miklu minni en eðlilegt er, þegar það er alls ekki sök þessara manna, sem þarna er um að ræða. Við erum að það miklu leyti veiðimannaþjóðfélag, að við getum alls ekki, ef við ætlum að halda einhverju viti í okkar þjóðarbúskap, farið inn á að virða og framkvæma hrein-kapítalistískar viðskiptareglur. Iðnaðarþjóðfélag er upplagt fyrir slíkt. Það er mjög eðlilegt að framkvæma slíkt í iðnaðarþjóðfélagi. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, sem byggjum allan okkar útflutning einvörðungu á afla, einvörðungu á fiski, og það er mismunandi mikið, hvað við getum fiskað af honum, — það er nauðsynlegt fyrir okkur að taka tillit til slíks. Það er ekkert vit af okkur, þó að einn útvegsmaður í Vestmannaeyjum, einn formaður, sem á bát og er óheppinn á einni vertíð, en er ágætis formaður, — það er ekkert sérstakt vit af bönkunum að taka af honum bátinn, þó að hann hafi tapað á einni vertíð. Það verður hvorki betra fyrir manninn, fyrir bankann né þjóðarbúskapinn, að það sé gert.

Við verðum að taka allt öðruvísi tillit í okkar þjóðfélagi en gert er úti í Frakklandi eða Englandi gagnvart hinum og þessum verksmiðjueigendum, sem geta alltaf reiknað með öllum sínum rekstri og verða bara að taka tillit til, við skulum segja viðskiptalegra sveiflna, verðsveiflna, kreppna og annars slíks. Það er allt, allt annað. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. verði það mjög erfitt að framkvæma þessa ströngu bankapólitík. Og það verður prófsteinn á hana, hvort hún mundi þora t. d. að gera Einar Sigurðsson upp, hvort hún mundi álíta það rétt, — einn ríkasta mann landsins, — jafnvel þó að hann ætti miklu meira en fyrir skuldum, bara af því að hann væri í einhverjum vandræðum með að geta borgað út, sérstaklega ef illa gengi t. d. á einhverjum ákveðnum stað. Þess vegna er ekki til neins að ætla að yfirfæra þá pólitík, sem getur tíðkazt í löndum hér í kringum okkur, yfir á okkar þjóðfélag.

Hins vegar virtist hæstv. viðskmrh. meina, að bankahöftin annars vegar og hallalaus fjárlög hins vegar, það væru þau tvö höfuðráð, sem ríkisstj. ætlaði að beita.

Nú vil ég benda hæstv. viðskmrh. á annað í þessu sambandi. Hann talar um að beita strangri bankapólitík. Jú, slíku er mjög eðlilegt að sé beitt, við skulum segja í löndum eins og Vestur-Þýzkalandi, Englandi og öðrum slíkum. Bankarnir eru þar allir privatbankar. Á síðustu 60 árum hafa bankarnir, — við skulum taka bara Vestur-Þýzkaland eða það gamla Þýzkaland, — og stóriðjufyrirtækin vaxið saman, þannig að þar eru að miklu leyti sömu stóru samsteypurnar, sem eiga, ef við tökum það gamla Þýzkaland, 4 stærstu banka Þýzkalands og ráða efnafræðihringnum, kemíska hringnum I. G. Farben, þeim gamla, og stálhringnum, þannig að þetta er alveg samgróið. Og frá sjónarmiði þessara einkabanka er það alveg eðlilegt að reka harðvítuga viðskiptapólitík, sem m. a. gengur út á að gera þessa stóru hringa sem allra hæfasta til allrar samkeppni. Og eitt af því, sem er alveg eðlilegt þess vegna fyrir þá hringa, er, að þeir geri sér háða alla þá smáu eða jafnvel troði þá undir fótum og útrými þeim.

Er nú hægt í ríki eins og okkar, þar sem bankarnir eru raunverulega allir ríkisbankar, að reka slíka pólitík? Hefur hún verið rekin á undanförnum árum, og mundi vera hægt

að reka hana, mundi nokkur flokkur, meira að segja Sjálfstfl., treysta sér til þess? Ég held, að sú bankapólitík, sem rekin hefur verið á undanförnum áratugum á Íslandi, — það má margt um hana segja og margt í henni gagnrýna, og ég hef ekki síður gert það en aðrir hér, — en ég held, að það megi segja, að eitt gangi þó eins og rauður þráður þar í gegnum, og það er, að ríkisbankarnir hafi gjarnan viljað viðhalda allmiklum sjálfstæðum atvinnurekstri á Íslandi. Það hefur ekki verið fjandskapur af hálfu ríkisbankanna við þá smáu, sjálfstæðu atvinnurekendur, þeim hefur frekar verið haldið uppi en hitt. Bankarnir hafa ekki beinlínis verið að setja þá á hausinn og vinna að því að mynda hér stóra hringa. Hins vegar vitum við, að meðan efnahagsástandið á Íslandi var frjálst, þá var sú þróunin. Árið 1929 var þróunin á Íslandi orðin sú, að Kveldúlfur og Alliance hafa 90% af okkar útflutningi, og bankarnir eru þannig staddir þá, eins og sýnir sig rétt á eftir að kreppan skellur á, að jafnmikið fé og samfara er seðlaveltunni, ef ég man rétt, sem var þá 12 millj. kr., — ég bið velvirðingar, ef ég man ekki tölurnar rétt, — var sama upphæðin og Landsbankinn hafði lánað Kveldúlfi. Nú mun seðlaveltan vera 400 milljónir eða þar í kring, svo að við getum séð á þeim samanburði, hvað mikið þetta var.

M. ö. o.: meðan frjáls efnahagsþróun er á Íslandi, gengur það í sömu áttina og í ríkjunum í kringum okkur. Það er einn hringur, sem meira og minna sölsar þetta allt saman undir sig og reynir að einoka bankana fyrir sig.

Þessi þróun hefur ekki verið á Íslandi síðustu 30 árin. Það hefur raunverulega verið af hálfu bankanna miklu frekar viðhaldið sjálfstæðum atvinnurekstri hinna smáu atvinnurekenda. Og ég spyr hæstv. ríkisstj.: Ætlar hún að gerbreyta þessu ástandi? Ef á að taka hér upp stranga bankapólitík, ef það á að reka hér sams konar bankapólitík og rekin er í löndunum kringum okkur, Englandi og Vestur-Þýzkalandi, þá þýðir það, að hér verða á næstu árum allir þessir smáatvinnurekendur settir á hausinn og það verða örfáir stórir, sem drottna. Og ég spyr hæstv. viðskmrh.: Er það þessi bankapólitík, sem ríkisstj. ætlar að reka? Það má vel vera, að með því að reka slíka bankapólitík sé hægt að stuðla dálítið að því, sem hann talaði um, að draga úr innkaupunum. Það er vitanlegt, að hér í Rvík hefur t. d. verið mjög stór millistétt, mjög mikið um þessa smáu, sjálfstæðu, bjargálna, jafnvel efnuðu atvinnurekendur. Ef það er meiningin að setja þessa millistétt á hausinn, þá minnkar mjög tilfinnanlega kaupgeta Íslendinga, þá minnkar um leið mjög tilfinnanlega það, sem við kaupum inn frá útlöndum, og þá er hægara að koma á þessum verzlunarjöfnuði.

M. ö. o.: ef ríkisstj. annars vegar, eins og ég kem að á eftir, ætlar að minnka kaupgetuna hjá verkalýðnum og heldur virkilega, að hún geti haldið henni niðri, og ef hún ætlar hins vegar að setja þá tiltölulega ríku eða a. m. k. efnuðu millistétt Reykjavíkur á höfuðið, þá er hugsanlegt, að henni takist það að einhverju leyti. En þá er bezt, að hún sé ekki að fara neitt í felur með það, að þetta sé hennar pólitík. Það er alveg skiljanlegt, að ef það verða þarna 10 menn á við t. d. hv. 3. þm. Austf., sem ráða megininu af öllum atvinnutækjum Íslands eftir 2—3 ár, af því að hinir séu komnir á hausinn, þá verður náttúrlega kaupgetan hjá millistéttinni á Íslandi allt önnur en hún er í dag. Ef ríkisstj. ætlar að reka þessa pólitík, þá er bezt fyrir hana að viðurkenna það strax. En þetta þýðir stranga bankapólitík, okurvexti, harðvítugt uppgjör, svo framarlega sem menn standa sig ekki, og annað slíkt. Ég hef heyrt raddir í þessa átt. Ég hef heyrt raddir um það frá hálfu nokkurra stórlaxa hér nú, þeir hafa sagt: Hvað gerir það til, þó að einhverjir útvegsmenn í Vestmannaeyjum og í Ólafsvík fari á hausinn. Látum þá bara fara á hausinn. Lofum bara hraðfrystihúsunum að kaupa upp bátana þeirra. — Ef það er meiningin að reka þessa pólitík, þá er bezt að viðurkenna það strax, þannig að við getum rætt það núna og að ríkisstj. komi ekki á eftir og segist verða voðalega hissa á, að þetta urðu afleiðingarnar af hennar stefnu.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að hitt aðalráðið, sem ríkisstj. ætlaði að beita, væri að hafa fjárlögin hallalaus. Það hefur verið gert síðustu 10—12 árin, alltaf öðru hvoru a. m. k., og ég held, að það ráði ekki úrslitum um að tryggja þetta, þó að það sé viss hemill, og ekki sýndist mér við fjárlagaafgreiðsluna vera mikil tilhneiging til þess að tryggja það jafnvægi, sem væri skilyrði fyrir að framfylgja þessari ströngu jafnvægispólitík, sem látin er í veðri vaka.

Hins vegar minntist hæstv. viðskmrh ekki á það atriði, sem hefur þó öðru hvoru verið mikið hampað af hálfu ríkisstj., og það var sjálf kaupgetuminnkunin, og ég vil í því sambandi koma með eina fsp. til hæstv. ríkisstj. Fyrst hann taldi aðeins upp þessi tvö atriði, sem ættu að tryggja þetta efnahagslega jafnvægi út á við eða tryggja efnahagslegt sjálfstæði landsins, bankahöftin og hallalausu fjárlögin, hvað segir hann þá viðvíkjandi kaupgjaldinu? Svo fremi sem kaupgjaldið er hækkað, — af því að hann minntist á það einu sinni í sinni fyrstu ræðu, að ríkisstj. vildi ekki, að kaupið hækkaði, — svo fremi sem kaupgjaldið er hækkað, ætlar þá hæstv. ríkisstj. að láta það afskiptalaust, eins og hún lýsti yfir upphaflega, að það væri einkamál atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, atvinnurekendur yrðu aðeins að gera það upp á sínar eigin spýtur, þannig að þeir yrðu sjálfir að borga þetta? Er það meining ríkisstj.? Eða eins og hefur líka komið fram, án þess að það væri samræmi þarna á milli, í ræðum stjórnarliðsins hér stundum, væri það meining ríkisstj., svo framarlega sem kaup væri hækkað, að

það yrði gripið til þess að lækka gengið á ný? Eins og við vitum, var tilætlun Marshallstofnunarinnar 1950, þegar gengislækkunin var ákveðin þá, að miklu leyti að undirlagi sömu stofnana og nú hafa haft frumkvæði um þessa gengislækkun, — eins og hæstv. viðskmrh. man, þá stóð í því lagafrv., sem útbúið hafði verið í Washington, í 2. gr., að Landsbanki Íslands skyldi taka til endurskoðunar gengisskráninguna, því að það var hann, sem átti að fá gengisskráningarvaldið samkv. lagafrv. 1950, jafnóðum og almenn breyting yrði á kaupgjaldi á Íslandi. Ef þetta er skoðun þeirra aðila, í París og Washington, sem hafa haft hér nokkurt frumkvæði um þá efnahagspólitík, sem nú er upp tekin, þá vildi ég gjarnan fá að vita, hvort heldur væri, sem sé að ríkisstj. léti það afskiptalaust, hvernig verkamenn og atvinnurekendur semdu, eða hins vegar, hvort hún, svo framarlega sem verkamenn kynnu að knýja fram svo og svo miklar kauphækkanir, gripi til þess að endurskoða gengisskráninguna. Þetta tvennt fer ekki saman, en þetta hvort tveggja hefur komið í ljós í sambandi við þær umræður, sem fram hafa farið.

Það er hins vegar vitanlegt, að sú kaupgetuminnkun, sem skipulögð hefur verið með gengislækkuninni og afnámi vísitölunnar, mun ekki haldast. Það er vitanlegt, að verkalýðurinn í landinu mun hækka sitt kaup og er þegar byrjaður á því, og það verkalýðsfélag, þar sem stjórnarliðið hefur sjálft meiri eða minni forgöngu, þannig að það er alveg greinilegt, að kaup verkamanna og launþega kemur til með að hækka. Enn fremur er annað, sem ekki er minna atriði hvað snertir kaupgetu en tímakaupið sjálft, og það er lengd vinnudagsins. Er það meining hæstv. ríkisstj., að hennar efnahagsráðstafanir eigi að miða að því að afnema eftirvinnu eða jafnvel að koma að einhverju leyti á svokölluðu hæfilegu atvinnuleysi? Ég vil minna á, að í þeim kapítalistísku löndum hér í kringum okkur, eins og Vestur-Þýzkalandi og slíkum, hefur allmikið atvinnuleysi verið skilyrði fyrir því, að hægt væri að halda niðri því kaupgjaldi verkalýðsins, sem hefur skapað þann mikla gróða, sem atvinnurekendurnir hafa haft þar, og það svokallaða jafnvægi í þeim kapítalistíska þjóðarbúskap, sem þar hefur komizt á. Það er nokkurn veginn gefið, að full atvinna, styrkleikur verkalýðssamtakanna og sæmileg afkoma almennings sprengir það venjulega borgaralega bankaeftirlit, sem ríkisstj. hér virðist treysta á.

Ég held þess vegna, að það væri heilbrigt að ræða þetta atriði alveg hreinskilnislega í upphafi þessa máls, vegna þess að það er miklu verr farið en heima setið, ef farið er inn á þá stefnu, sem þetta frv. markar, undir fölskum forsendum og þannig að ríkisstj. geri sér einhverjar tálvonir eða gyllivonir, sem ekki rætist.

Þá kom hæstv. viðskmrh. að útflutningseinokuninni, og hann kvað vera nauðsynlegt að viðhalda útflutningseinokuninni til þess að hindra undirboð. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að það eru til aðrar aðferðir til þess að hindra undirboð en að viðhalda einokuninni á þennan máta. Það er t. d. hægt að setja lágmarksverð á alla vöru, sem seld er út úr landinu, setja alveg ákveðið lágmarksverð og gera síðan öllum þeim, sem út flytja, að skyldu að gera upp við hver áramót, skulum við segja, allt sem þeir flytja út, og skila gjaldeyri, eða að svo miklu leyti sem þeir þá fengju að ráðstafa sínum gjaldeyri sjálfir, eins og væri það eðlilega í frjálsu, kapítalistísku skipulagi, gera upp með a. m. k. þessu lágmarksverði gagnvart ríkinu og bönkunum fyrir öll slík viðskipti, það er alveg jafnmögulegt. Við vitum, að ef við á annað borð eigum að fara inn á það að aðhyllast þá hörðu, frjálsu samkeppni, sem vissulega skapar mjög mikið aðhald að mönnum, þá er annaðhvort að duga eða drepast, og náttúrlega gildir það lögmál jafnt í sambandi við útflutninginn og innflutninginn.

Náttúrlega ýtir sú harða, frjálsa samkeppni mönnum til þess að undirbjóða ekki hver annan. En ef við af gamalli reynslu óttumst undirboðin, vegna þess að íslenzkir útflytjendur yrðu háðir útlendum hringum, — og það var þess vegna upphaflega, að farið var inn á það að setja þessa einokun á, þeir urðu of miklir leppar fyrir þá útlendu hringa, og útlendu hringarnir fengu vöruna óþarflega ódýrt, — þá er sem sé alveg hægt að koma í veg fyrir þetta með lágmarksverði, setja bara lágmarksverð, sem menn verða síðan að gera upp fyrir, og samkeppni síðan um, hver selji mest. Og ef ríkisstj. trúir virkilega á sína stefnu í þessu, ætti hún að gera slíkt. Ég held, að það sé alveg ótækt að taka upp eitt efnahagskerfi fyrir útflutninginn og annað fyrir innflutninginn. Ég er á því, að það eigi að vera sama kerfið fyrir hvort tveggja. Þjóðnýting á hvoru tveggja er sem sé það, sem ég álít að væri heppilegasta aðferðin. En þeir, sem trúa á þá frjálsu samkeppni í þessu, eiga að þora að hafa hana jafnt í útflutningnum og innflutningnum. Útflutningseinokunin er þess vegna þarna ekki rökrétt hjá hæstv. ráðherra, það er hægt að gera þetta bara með lágmarksverði. Og ég held fast við mína fyrri fullyrðingu, að útflutningseinokuninni sé við haldið til þess að skapa sérréttindi fyrir ákveðna, volduga aðila núna.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og aðrir hringar, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Skreiðarsamlagið, þetta eru hringar á þessum sviðum, og meðan þeir eru sem privatökonómiskir hringar, sem einkahringar í þessu, með eins konar stuðningi ríkisvaldsins, fá að vera þarna að verki í krafti svona einokunar, þá er svo að segja ómögulegt að taka upp baráttuna gegn þeim. Til þess að taka upp baráttu gegn þeim, bjóða hærra verð en þeir, verða menn frá upphafi að geta verið

frjálsir, verða menn að geta skipulagt þau hraðfrystihús, sem vilja standa saman um að berjast og selja án þess að þurfa að sækja nokkuð undir öfl hjá ríkisvaldinu, án þess að þurfa að óttast það, að ríkisvaldið standi á bak við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Og svo framarlega sem ríkisstj. trúir eins mikið á frelsið í þessu og hún segir, þá á hún að þora að gera þetta.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að það hefði ekki tekizt að fá samkomulag við Alþb. í vinstri stjórninni um þá stefnu, sem gerði mögulegt að afnema höftin. Hann var að verja sig gagnvart ásökunum Framsóknar í þessum efnum.

Það var að vísu aldrei stefna Alþb. að vilja sérstaklega afnema höftin, vegna þess að Alþb. vildi stefna í þá áttina að reyna að koma á meiri áætlunarbúskap á Íslandi. En hins vegar býst ég við, að það, sem hæstv. viðskmrh. meini með þessu, sé, að frá sjónarmiði Alþfl. og Framsóknar hefði þurft að nást samkomulag í vinstri stjórninni um að minnka nokkuð kaupgetuna hjá almenningi með gengislækkun, eins og bæði Alþfl. og Framsfl. lögðu hvað eftir annað til í vinstri stjórninni, og um það fékkst ekki samkomulag við Alþb., það er rétt.

Hins vegar voru náttúrlega aðrir möguleikar til, sem líka gátu komið í staðinn fyrir slíka minnkun kaupgetunnar og hefðu getað gert jafnvel afnám hafta mögulegt. Það var annars vegar minnkun kaupgetu hjá yfirstéttinni í landinu og hins vegar sparnaður hjá því opinbera og viss sparnaður í vissri fjárfestingu. Hins vegar var okkar afstaða í vinstri stjórninni, Alþb., að knýja fram framfarir og kjarabætur fyrir almenning, og það var alveg greinilegt, að slíkt var ekki mögulegt nema með því að fara miklu meira inn á heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, svo að það var ekki von, að það næðist slíkt samkomulag við okkur um að afnema þó þessi litlu höft, sem voru. Við vildum hins vegar reyna að beita þeim skynsamlegar en var. Ég á satt að segja erfitt með að skilja út af fyrir sig, að það sé takmark í sjálfu sér að afnema höftin, hvort heldur eru viðskiptahöftin eða viðskiptafrelsið. Hvort tveggja er þó ekki neitt takmark í sjálfu sér. Takmarkið í sjálfu sér hlýtur að vera velferð almennings, og það, hvort tækið, hvora aðferðina maður notar, viðskiptahöft eða viðskiptafrelsi, það hlýtur einvörðungu að fara eftir því, hvort þeirra er aðferð til þess að ná slíku takmarki.

Þá kom hæstv. viðskmrh. inn á það að svara spurningu minni um, hvort ríkisstj. hefði tekizt á hendur nokkra skuldbindingu viðvíkjandi þeim lánum, sem ríkisstj. hefði tekið nú. Og hann svaraði því, sem er vafalaust alveg rétt hjá honum, að það væri skuldbinding sú, sem Ísland gekkst undir 1948 um að gefa 80—90% af innflutningnum frjálsan, sem Ísland þá hefði gert í sambandi við Marshall-aðstoðina, sem nú er raunverulega verið að framkvæma, þessi skuldbinding sé enn á okkar herðum, við hefðum nú í 12 ár ekki farið eftir henni. Hin nýja ríkisstj. hafði þess vegna ekki undirgengizt neinar nýjar skuldbindingar, heldur ekki í sambandi við núverandi lán, hún væri raunverulega aðeins að takast það á herðar að framkvæma þá skuldbindingu, sem gerð var 1948. Og þetta ætla ég að sé alveg rétt. En það er líka allalvarlegur hlutur. M. ö. o.: sú skuldbinding, sem við undirgengumst 1948 í sambandi við stórgjafir og lán, sem þá voru veitt á vegum Marshall-stofnunarinnar, hún á nú allt í einu að fara að verða áþreifanleg, hún á nú að fara að komast til framkvæmda. Og ég er hræddur um, að þetta þýði, að fjötur, sem hefur verið tiltölulega laus á okkur þessi 12 ár, geti herzt að okkur núna. Hvað um það, ef við vildum fara að segja okkur úr OEEC nú, ef okkur líkaði ekki það, sem þar væri að gerast? Skyldi ekki vera kallað að okkur með greiðslu á ýmsu af þessu. Ég er þess vegna hræddur um, að í þessu, sem nú er verið að gera raunhæft, felist þarna nokkuð hættuleg skuldbinding.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að ef viðskipti sósialistísku landanna minnkuðu vegna þessara ráðstafana, þá væri það bæði óheppilegt og skaðlegt, en bætti við: En afleiðingarnar verða ekki slíkar. Það, sem okkur, sem fylgjumst með í viðskiptalífinu og framleiðslulífinu hér í dag, virðist hins vegar einsætt, er, að afleiðingarnar séu þegar að verða slíkar, að það séu að byrja að detta niður þau viðskipti, sem hafa verið við löndin þar austur frá, og ég rakti nokkuð í minni framsöguræðu, hvað þegar hefði minnkað, og skal að lokum koma aftur inn á það til þess að minna á það. En ég verð að segja það, að mér finnst ekki nægilegt, að hæstv. ráðherrar gefi hér yfirlýsingar um, að þessi viðskipti megi ekki minnka, það sé slæmt, ef þau minnki, ef þeir svo haga sér eins og strúturinn og stinga höfðinu í sandinn, þegar þau eru að minnka, vegna þess að það hefur verið dregið úr innkaupunum þar eystra.

Hæstv. viðskmrh. kom inn á að svara minni aths. viðvíkjandi þeim 13%, sem beinlínis væri gert ráð fyrir að viðskiptin við sósialistísku löndin gætu minnkað um eingöngu vegna frílistans. Við höfum áður getið um, að viðskiptin við Sovétríkin ættu samkv ráðstöfunum hvað frílista snertir mjög lítið að minnka, ef aðrar orsakir kæmu ekki til, ekki nema um 1/2% miðað við 1958, en við hin sósialistísku löndin, Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkaland, gætu þau minnkað niður í 72%, ef ekkert af því, sem gert er nú alveg frjálst, kæmi þá þaðan. Og hæstv. viðskmrh. vildi verja þetta með því, eins og hann sagði orðrétt: „Þessi lönd geta ekki búizt við, að við getum gert meira til að vernda innflutninginn frá þeim.“ Og hann sagði beint til mín, að honum dytti ekki í hug, að stjórnarvöldin í þessum löndum ætluðust til þess, að við verndum meira en 87% af innflutningnum frá þeim, og vildi jafnvel gefa í skyn, að ég mundi vera þarna áhugasamari fyrir þessum inn-

flutningi en sjálf stjórnarvöldin í þessum löndum. Í þessum orðum hæstv. viðskmrh. kemur fram reginmisskilningur, sem líka gengur í gegnum ræðu hv. 6. landsk. og kom líka fram í ræðu hæstv. forsrh. Spurningin, sem hér stendur, er alls ekki sú, hvort við séum að vernda innflutning frá þessum löndum eða hvort ríkisstjórnirnar í þessum löndum geti ekki ætlazt til þess, að það sé verndaður meiri innflutningur frá þeim en þetta og þetta. Það er alls ekki sú spurning, sem þarna liggur fyrir. Spurningin, sem liggur fyrir okkur, er sú: Hvað viljum við gera mikið að því að vernda íslenzkan útflutning? Hvað viljum við gera mikið að því að tryggja alveg íslenzkan útflutning? Ráðstafanirnar, sem við höfum verið að gera með sölu austur á bóginn, hafa verið trygging, bókstaflega hafa verið undirstaða fyrir íslenzkan útflutning, og vegna þess að við getum aðeins verzlað við þessi lönd með jafnvirðiskaupum, eru fastir samningar við þessi lönd trygging fyrir íslenzkum útflutningi. Það er þetta, sem við verðum að gera okkur ljóst. Það kemur ekkert málinu við í því sambandi t. d., hvort þessi lönd séu samkeppnishæf. Við skulum segja, að þau væru samkeppnishæf með allar þær vörur, sem við keyptum af þeim, og með miklu fleiri vörur, að þeirra iðnaðarþróun væri komin það hátt, að þau væru samkeppnishæf með þetta allt saman. Þetta eru lönd, sem haga sínu efnahagskerfi þannig, að hjá þeim eru ekki markaðsvandræði. Sjálf markaðsbaráttan, sjálft hugtakið markaður, framleiðsla fyrir markað, sem í mörg hundruð ár er búið að vera einkennandi í því hagkerfi, sem við miðum við, það er ekki til hjá þeim. Það, sem þessi lönd eru að skapa, er framleiðsla, sem sé samkv. ákveðinni áætlun, þar sem markaður og framleiðsla fyrir markað er smátt og smátt að hverfa úr sögunni. Á meðan sá kapítalistíski heimur enn þá er til og viðskipti þess sósíalistíska hluta heimsins við hann haldast, þá verður það hvað snertir viðskiptin við þann kapítalistíska markað, en hugtakið „framleiðsla fyrir markað“ sem slíkt, með allri þeirri óvissu, sem það þýðir, hverfur smátt og smátt úr sögunni. Þarna verður ekki, þegar fram í sækir, um annað að ræða en ákveðna, skipulagða, fyrir fram áætlaða framleiðslu, þar sem markaðsvandræði, kreppur og annað slíkt, sem af því leiðir, geta aldrei skapazt og geta aldrei orðið til. Þess vegna verðum við að gera okkur ljóst, að það, sem við höfum verið að gera með því að reyna að afla okkur viðskipta við þessi lönd, hefur verið að reyna að tryggja svo og svo mikinn hluta af okkar útflutningi, með því að gera hann óháðan markaði og óháðan markaðssveiflum, óháðan kreppum, með því að losa hann út úr markaðskerfi kapítalismans, og tryggja þennan útflutning okkar með beinum, stórum fyrirframsamningum, helzt til margra ára, við þann sósíalistíska heimsmarkað. Og meðan stjórnarvöldin skilja ekki þessa aðstöðu, geta þau í sínu skilningsleysi gloprað út úr höndunum á okkur þessum viðskiptum. Haldið þið t. d., að Sovétríkin væru ekki samkeppnisfær með olíu og gætu ekki, ef þau vildu, keppt við okkur á frjálsum grundvelli, keppt við hringana í heiminum, ef þeim byði svo við að horfa? En það, sem við höfum áhuga á, er að tryggja okkar eigin útflutning með því að gera þannig viðskiptasamninga, helzt til margra ára, að við seljum okkar fisk og fáum m. a. olíu í staðinn. Hefðum við hagsmuni af því að segja á morgun við Sovétríkin: Seljið þið olíu hingað til Íslands eins og þið viljið, við skulum reyna að selja hjá ykkur fisk, — og láta svo slag standa um, hvað við getum selt og hvað við getum keypt? Okkar hagsmunir eru að gera fyrirframsamninga í stórum stíl, í sem allra stærstum stíl, vegna þess að við erum yfirleitt alltaf í vandræðum með markaði, og því meiri markaði sem við höfum, því meira getum við eflt okkar flota, aukið okkar fiskveiðar og framleitt og þar með aukið velgengni okkar þjóðar. Þess vegna má hæstv. ríkisstj. ekki gera þá kórvillu í sínum hugsanagangi að leggja þetta tvennt að jöfnu, segja bara: Já, þeir þarna austur frá, þeir eiga að taka upp þann hátt að keppa hér á Íslandi, rétt eins og hringarnir gera í Englandi eða Þýzkalandi. — Þá er ríkisstj. að gera sig seka um kórvillu í þessum efnum. Þvert á móti, hún á að gera allt annað. Hún á að segja við stjórnirnar í hinum sósíalistísku löndum: Ég vil semja við ykkur til eins árs, til þriggja ára, til fimm ára, um eins mikið og þið getið keypt af okkar fiski, og ég skal finna út þær vörur, sem við viljum gjarnan kaupa af ykkur í staðinn. Og við skulum semja um þetta alveg fast og tryggja okkur þannig. Og þegar við erum búnir að tryggja okkur þannig, þá sláumst við síðan á þeim kapítalistíska heimsmarkaði, eins og okkur er mögulegt, til þess að ryðja okkar vörum þar braut. Þá stöndum við þannig að vígi á Íslandi, að t. d. af 75 þús. tonna framleiðslu á freðfiski erum við búnir að tryggja okkur með 50 þús. og eigum aðeins 25 þús. á hættu. Haldið þið, að það væri gaman fyrir okkur á morgun að eiga að slást með 75 þús. tonn, að selja það? Væri í raun og veru nokkur stjórnandi á Íslandi svo vitlaus, að honum dytti í hug í dag að vilja sleppa þeim fyrirframsamningum, sem við höfum? En þessir fyrirframsamningar eru sérstaks eðlis. Þeir eru fyrirframsamningar við lönd, sem eru ekki rekin á grundvelli þeirrar frjálsu samkeppni, heldur á grundvelli allt annars fyrirkomulags, á grundvelli sósíalismans, sem smám saman er að útrýma vörumarkaðinum sem fyrirkomulagi og kerfi hjá sér og gera öll viðskipti háð áætlunum, sem að vissu leyti koma fram gagnvart okkur sem fyrirframsamningar. Þess vegna þarf hæstv. ríkisstj. að gera sér það alveg ljóst, að það er enginn að biðja hana um að vernda neinn innflutning frá Sovétríkjunum eða þessum ríkjum. Það er aðeins verið að biðja hana um að vernda íslenzkan útflutning, og hún er að neita að gera það. Hún er að minnka verndunina á íslenzkum út-

flutningi. Hún er að draga úr því, sem við getum selt til þessara landa. Hví að draga þarna úr um 13%? Hví ekki að selja þessi 13% líka með fyrirframsamningum og reyna svo þar að auki að selja meira?

Þetta þarf að reyna að fá inn í heila hæstv. ríkisstj., því að ef hún skilur þetta ekki, gloprar hún þessum viðskiptum út úr höndunum á sér. Þá kemur hún til með að koma hér til okkar á eftir, þegar hún er búin að glata þessum viðskiptum, og segja: Nú, þeir voru ekkert að keppa þarna austur frá, — verða kannske aldeilis hissa á því, að þeir skuli ekki vera að slást um hitt og þetta. Ég veit ósköp vel, að það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. segir, að þeir verzlunarerindrekar, sem hér eru fyrir þessi ríki, hafa vafalaust áhuga á að selja hér. Það er þeirra starf, þeir eiga að gera það. En bara á sama tíma, einmitt með þá vöru, sem er samkeppnisfærust og þess vegna kannske mest eftirsótt, þá eru allt annars staðar í heiminum menn, sem segja við Sovétríkin eða Austur-Þýzkaland eða Tékkóslóvakíu: Heyrið þið, viljið þið ekki selja mér ritvélarnar ykkar eða reiknivélarnar ykkar, helzt tveggja ára framleiðslu fyrir fram. — Og viðskiptaráðunautar Sovétríkjanna eða Austur-Þýzkalands eða Tékkóslóvakíu hér eiga þá til með að koma eftir nokkra daga til viðskiptamannanna hérna, sem hafa verið að spyrja þá um hitt og þetta, og segja: Því miður er það komið svoleiðis, að við erum búnir að selja alla framleiðsluna. — Ég veit, að hvað eftir annað á markaðinum í Leipzig hefur það verið svoleiðis, að það hafa verið gerðir samningar jafnvel fyrir alla framleiðsluna í einstökum greinum fyrir eitt og tvö ár fram í tímann, og við höfum svo ekki getað fengið vöru, sem okkur hefur langað í, af því að við höfum ekki passað upp á að gera þessa samninga eitt til tvö ár fram í tímann. Það er þetta, sem þarf að komast inn í heilann á hæstv. ríkisstj., að það er ekki þarna um venjulega samkeppnisaðstöðu að ræða. Það er um skipulagningu á framleiðslu að ræða. Þessi ríki ráðstafa sinni framleiðslu fram í tímann, og jafnvel það, sem við mundum sækjast mest eftir að fá frá þeim, ættum við á hættu, ef við ekki pössuðum okkur í tíma, að vera búnir að missa út úr höndunum á okkur. Og missum við það út úr höndunum á okkur, þá erum við að missa markaði fyrir íslenzkar útflutningsafurðir um leið.

Mér fannst hæstv. viðskmrh. vera hálfgerður fangi þessara samkeppnishugmynda. Við verðum að setja okkur inn í, að það eru tvenns konar heimskerfi, sem við stöndum frammi fyrir, og ef við einblínum bara á annað og látum hugsunarhátt þess móta okkur, þá fer illa fyrir okkur. Við verðum að geta lagað okkur að því að skipuleggja okkar framleiðslu og okkar sölu hvað snertir þau sósíalistísku ríki og berjast á grundvelli frjálsrar samkeppni með allri þeirri harðvítugu skipulagningu, sem slík samkeppni heimtar, á mörkuðum þess svokallaða frjálsa kapitalisma. Ég verð að vekja athygli á því, að jafnvel þótt einstakir verzlunarráðunautar í sendiráðum, eins og hæstv. viðskmrh. kom inn á, þessara sósíalistísku ríkja hafi áhuga á að vinna að útbreiðslu ýmissa vörutegunda þar, þá ræður það ekki viðskiptapólitík þessara ríkja. Sjálf þessi sósíalistísku ríki hafa áhuga á viðskiptunum við Ísland, að svo miklu leyti sem þetta eru jafnvirðisviðskipti, þau kaupa af okkur jafnmikið og við kaupum af þeim, og á meðan við þess vegna getum aukið okkar viðskipti við þau, þá getum við um leið aukið okkar sölu til þeirra. Þetta verður að haldast í hendur. Það þýðir, að við þurfum að skipuleggja þetta. Við skulum ekki láta okkur detta það í hug, að við ætlum að fara að kenna sósíalistísku stjórnunum í þessum löndum samkeppniskerfið. Þær hafa sitt kerfi og þær halda því áfram, og við verðum, ef við ætlum að halda þessum viðskiptum, annars vegar að laga okkur að þeirra kerfi með þessum stóru fyrirframsamningum, eins og við hins vegar, þegar við viljum halda okkar viðskiptum við þann kapítalistíska heim, verðum við að laga okkur að þeirra kerfi þar. Við verðum að geta vegið þannig með báðum höndum.

Svo kom hæstv viðskmrh. inn á eitt atriði, sem ég minntist á, og svaraði því alveg nákvæmlega. Það var viðvíkjandi þeim 500 bílum. Hann upplýsti, að samið væri um 500 bíla í rammasamningum við Sovétríkin, hins vegar hefðu verið gerðir kaupsamningar um 250 bíla og við þá kaupsamninga yrði auðvitað staðið. Hvað hitt snertir, þá er auðséð, eins og ég held að hæstv. viðskmrh. hafi gefið í skyn, að við verðum að bíða og sjá, hvernig viðskiptin halda áfram. Mér skildist það eiginlega vera hans viðhorf viðvíkjandi hinum. Nú vil ég spyrja: Er það ekki svo viðvíkjandi þessum 250 bílum, sem þegar hafa verið keyptir, að það gengur erfiðlega með sölu á þeim, — alveg eins og er með jeppana, sem ég var að minna hv. 6. landsk. á, eftir að jeppanefndin var lögð niður og frelsið kom, að jeppainnflutningurinn mundi að öllum líkindum detta úr 300 umsóknum niður í 10 raunverulega selda jeppa, þegar viðreisnin á efnahag almennings færi að láta til sín taka hjá þeim, sem kaupa vildu jeppa? Mér sýnist m. ö. o., eftir því sem hæstv. viðskmrh. upplýsti, að þó að íslenzka ríkið nú kaupi 250 bíla, þá muni ekki vera einu sinni öruggt með söluna hér innanlands á þeim, og í öðru lagi muni ríkisstj. í dag engan veginn vera örugg um, að það verði gerður kaupsamningur um hina 250 bílana, sem gert var ráð fyrir í rammasamningnum. M. ö. o.: rammasamningurinn var samningur, sem gerði ráð fyrir, að hve miklu leyti Ísland gæti flutt út til Sovétríkjanna. Kynni að fara svo, að það minnkaði um 250 eða um helming bílanna, sem hér yrðu fluttir inn, þýðir það þá ekki um leið, að það komi til með að minnka fiskurinn, sem við seljum til Sovétríkjanna? Hins vegar það, sem hæstv. viðskmrh. svaraði ekki viðvíkjandi viðskiptunum við Sovétríkin, var í fyrsta lagi: Minnkar ekki innflutningur-

inn til Íslands vegna minnkaðrar fjárfestingar á Íslandi og þar að auki minnkaðrar eftirspurnar, t. d. á járni, stáli og öðru slíku? Í öðru lagi: Minnkar ekki innflutningurinn frá Sovétríkjunum vegna minnkaðrar neyzlu, sem ríkisstj. gengur út frá að skipuleggja? Það var meiningin að minnka innflutninginn til Íslands um a. m. k. 200 millj. kr., ef ég man rétt, eftir gamla genginu, og að einhverju leyti mundi það koma niður á þessum vörum. Hvorugu þessu svaraði hæstv. viðskmrh. En ef það reyndist svo, að það minnkaði innflutningur á vörum, bæði neyzluvörum og fjárfestingarvörum, frá Sovétríkjunum og öðrum sósíalistískum ríkjum, þá kemur það til með að þýða um leið, að það minnkar útflutningurinn á íslenzkum fiskafurðum til þeirra landa, vegna þess að allt byggist þetta á jafnvirðiskaupaprinsipinu.

Þá kom hæstv. viðskmrh. heldur ekki inn á að svara þeirri spurningu, sem ég beindi til hans viðvíkjandi Matborg, framleiðslunni á sjólaxi, sem framleiddur hefur verið í verksmiðju hér í Reykjavík og seldur til Tékkóslóvakíu á undanförnum árum, þar sem verið hefur öruggur markaður, en virðist vera alveg stöðvað núna og hér liggja birgðir upp á 2½ millj. kr., og verksmiðjueigendurnir eru í vandræðum, vegna þess að það hefur dregið svo mikið úr innkaupunum frá Tékkóslóvakíu, að Tékkarnir virðast vera að kippa að sér hendinni um kaup á þessu. Er þetta ekki eitt af því, sem er að koma fram sem dæmi einmitt um það, að austurviðskiptin eru að minnka vegna þessara ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar? Og það kom einmitt fram í Alþýðublaðinu, í hans eigin blaði, í viðtali við Sturlaug Böðvarsson á Akranesi, að hann sagði beinlínis frá því, eins og hv. 4. þm. Austf. minnti á í sinni ræðu í dag, að það hefði af hálfu kaupmanna verið dregið úr innkaupum frá Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi vegna umtalsins um frílistann.

Í því sambandi vil ég líka minna hæstv. viðskmrh. á, að hann svaraði ekki heldur minni spurningu viðvíkjandi vorsíldinni núna, þeirri miklu vorsíld, sem hér er fyrir utan, og hvað ríkisstj. hyggist gera í sambandi við hana og möguleikana á að hagnýta hana. Hingað til hefur það verið svo, að menn hafa reynt að selja þessa vorsíld fyrir fram, og hún er einvörðungu seljanleg fyrir fram til þessara sósíalistísku landa, svo framarlega sem jafnmikil kaup eru gerð um leið á vörum þaðan. Um þetta er ekki hugsað nú. Ég get að vísu trúað því, að einhverjir áhugasamir útvegsmenn leggi máske í það að reyna að veiða þessa síld og salta hana eða frysta eða eitthvað slíkt, upp á von og óvon, en ólíkt meira yrði að slíku gert, svo framarlega sem búið væri að selja fyrir fram. Og af því að ég hef sjálfur einmitt upplifað það og séð, hvað það þýðir, þegar ráðleggingar manns um stóra fyrirframsamninga einmitt í síld eru ekki teknar til greina, þá finnst mér ákaflega hart að horfa upp á það nú, að það skuli ekki vera skeytt um, hvað þarna eigi að gerast, það sé sem sé látið undir höfuð leggjast að reyna að tryggja þessa markaði. Hins vegar verða þessir markaðir ekki tryggðir nema með afskiptum ríkisstj., skipulagningu ríkisstj.

Þá talaði hæstv. forsrh. hér í dag og lýsti því yfir, sem einhvern tíma hefði þótt merkilegt, að hæstv. viðskmrh. hefði gert málstað hæstv. forsrh. svo góð skil, að hann þyrfti þar engu við að bæta. Það gerist nú margt á langri ævi, og fátt sýnir betur samruna þessara tveggja flokka en þessi mikla ánægja hæstv. forsrh. með málsvörn hæstv. viðskmrh. í þessum málum.

Hæstv. forsrh. sagði, eins og hæstv. viðskmrh. hafði sagt, að óttinn um austrænu viðskiptin væri alveg ástæðulaus, en færði hins vegar engin rök fram fyrir því. Mér virtist satt að segja, að ræða hæstv. forsrh. ætti aðeins að vera eitt, hún ætti aðeins að vera undirstrikun af hálfu ríkisstj. á því, að ríkisstj. vildi ekki, það væri ekki hennar vilji, að þessi viðskipti brotnuðu niður. En hæstv. forsrh. sagði í því sambandi eitt, eina setningu, sem er rétt að vekja athygli á. Hann sagði, að ef þessi viðskipti minnkuðu, þá væri það af einhverjum annarlegum ástæðum. Og það er vert að vekja athygli á þessu. Það er slæmt, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér, en ég get ekki verið að draga það að svara honum, þó að hann sé ekki við.

Ég vil taka greinilega fram, að það er ekki til neins fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla eftir á, ef hún með vítaverðu gáleysi, svo að ekki sé verra sagt, — ekki með ásetningi, — brýtur niður þessi viðskipti, að kenna neinum annarlegum ástæðum þar um. Það er bezt fyrir hana að taka tillit til þeirra aðvarana, sem hér og nú koma þegar fram, og þeirra ábendinga, sem hér hafa verið gerðar, og þeirra tilhneiginga, sem þegar koma fram í okkar viðskiptalífi, áður en þetta frv. nær fram að ganga.

Hæstv. forsrh. endurtók alveg sömu rakaleysuna og hæstv. viðskmrh. var með. Hann sagði, að það væri vantrú á samkeppnishæfni sósíalistísku landanna, ef það væri ekki óhætt að gefa svo og svo mikið frjálst til þeirra. Þessu átti auðsjáanlega að vera beint til mín, hvort ég hefði einhverja vantrú á þessum löndum, og ef ég segði honum, að ég hefði trú á samkeppnishæfni þeirra, mundi hann líklega á morgun setja allt á frílista, — væri það ekki það eina rökrétta af honum? — setja allt á frílista. Og það einasta, sem þá vantaði, það væri, hvort sósíalistísku löndin hefðu nokkurn sérstakan áhuga á að vera að keppa hér á Íslandi, hvort t. d. Norðmenn byðu þeim ekki að gera stóra fyrirframsamninga um sölu á síld, eða jafnvel einhverjar aðrar þjóðir, og kaupa svo og svo mikið í staðinn. Þetta gera allar þessar þjóðir. Við skulum þess vegna gá að því, af því að það hefur komið einu sinni fyrir áður, að þessi viðskipti hafa verið brotin niður af íslenzkri ríkisstj., að það fari ekki eins nú.

Hæstv. forsrh. sagði, að Íslendingar vildu halda þessum viðskiptum. En það er ekki nóg að segja svona. Menn verða líka að gera það. Ég get vitnað hér í, ef ég færi að lengja hér mál mitt, ótal yfirlýsingar frá forustumönnum OEEC og öðrum slíkum um andúðina á þessum viðskiptum, yfirlýsingar einmitt í sambandi við Marshall-samninginn um, hvernig beinlínis þyrfti að brjóta niður þessi viðskipti, hvernig einn aðaltilgangur Marshall-aðstoðarinnar væri sá að eyðileggja þessi viðskipti. Ég vil þess vegna segja við hæstv. forsrh.: Það er ekki til neins að vera með svona yfirlýsingar. Það eina, sem verður nokkurs metið í þessum efnum, er verknaðurinn. Og verknaðinn er ríkisstj. þegar búin að sýna og það er þegar búið af hálfu Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að gera aths. við frílista ríkisstj. um, að miðað við 1958 séu viðskiptin við þessi lönd minnkuð um 55 millj. eða 13%, þannig að það, sem liggur fyrir þegar, er vilji ríkisstj. að fara að minnka þessi viðskipti, og eina vörnin, sem hæstv. ráðh. hafa hér fram að færa, er, að þessi lönd eigi að vera samkeppnishæf. Út frá því sjónarmiði væri hægt að minnka það eins um 50%. Það væri hægt að setja alla olíuna á frílista. Líklega efast ekki hæstv. ríkisstj. um, að Sovétríkin séu samkeppnisfær í henni. Þess vegna er þarna um hættulega hluti að ræða. Það er að ræða um það kerfi, sem ríkisstj. er að taka upp, að byrja að brjóta þessi viðskipti niður, og það er ekki til neins fyrir hana að reyna að fela sig á bak við neinn þar. Og af því að ég veit, að það er hjá ýmsum mönnum í ríkisstj. enn þá góður vilji í þessu, ber þeim ráðh., sem hafa einhvern góðan vilja í þessum efnum, að ræða þessi mál af fullri alvöru, og það gildir alveg sérstaklega um hæstv. forsrh., sem nú er ekki við og ætti þá a. m. k. við 3. umr. þessa máls að sýna sig hér og taka þátt í umr. Hins vegar hefur hæstv. viðskmrh. gert það, en hann reynir að koma sér hjá því að svara sumu af því, sem nauðsynlegt er að ræða í þessum efnum.

Hv. 4. þm. Austf. hélt hér mjög eftirtektarverða ræðu í dag, þar sem hann jafnframt beinlínis sýndi fram á, að lærifaðir hæstv. ríkisstj., þessi legáti frá Efnahagsstofnuninni í París, sem var pantaður hingað í haust og átti víst að setja einhvern vísindablæ á þetta hrófatildur, sem nú er verið að hrófa hér upp, hann tók sérstaklega fram í sinni ræðu, að hann harmaði, hvað við hefðum mikil viðskipti austur á bóginn. Hann var ekki að lýsa ánægju sinni yfir því, maðurinn, að fátæk fiskimannaþjóð hefði getað tryggt sér viðskipti, að hún hefði getað aukið viðskipti, að við hefðum getað á 6 árum þrefaldað okkar framleiðslu á hraðfrystum fiski, úr 25 þús. tonnum upp í 75 þús. tonn, í krafti þessara viðskipta, á sama tíma sem öll freðfiskframleiðsla Noregs er 20 þús. tonn. Hann var ekki að lýsa ánægju sinni yfir því, hvað okkur hafi tekizt þetta vel. Nei, hann var að harma þessi viðskipti. Og þar talar hann frá hjartanu. Þessir herrar í París hatast við þessi viðskipti. Þeir vilja þau feig, af því að þessir menn og auðhringarnir í Vestur-Evrópu eru af pólitískum ástæðum að reyna að draga Ísland algerlega inn í sinn áhrifafahring, þó að það kunni að kosta fyrir Ísland hrun á sjávarútveginum, hrun á fiskvinnslustöðvunum. Þeir eru ekki að skeyta um slíkt. Þeim er sama. Þeir mundu kannske tala um, ef mikið væri í húfi, hvort þeir ættu að reyna að fara að koma upp þungavatnsframleiðslu eða einhverju slíku hérna, e. t. v. að bjóða að bjarga okkur, þegar atvinnuleysið væri komið, með einhverri alúmíníumverksmiðju eða einhverju þess háttar, með því að við gengjum alveg í greiparnar á þeim.

Við skulum gera okkur ljóst, hvað þarna býr á bak við. Okkar framfarir, okkar stórkostlega aukning á útflutningnum og ekki sízt á freðfiskinum hefur byggzt á viðskiptunum við sósíalistísku löndin. Og voru það kannske þessir vondu kommúnistar, sem juku þetta svona stórkostlega, — eða jafnvel kratarnir, svo að farið sé að gruna þá um eitthvað ljótt í sósíalistískum efnum? Ónei. Það var eitthvað illt að vísu. Það var Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksstjórnin 1952, sem fór til Sovétríkjanna og bað þau um að gera stór viðskipti í freðfiski. Af hverju? Af því að England, bandamaðurinn England, okkar viðskiptavinur í OEEC, sem hefur heitið því með samningi að hafa efnahagslega samvinnu við okkur, það setti bann á fiskinn hjá okkur. M. ö. o.: sjálfir aðalborgaraflokkarnir á Íslandi hafa til þess að bjarga sér undan hrammi brezka ljónsins, brezku auðhringanna leitað til sósíalistísku landanna til þess að stórauka kaup þeirra frá Íslandi og forða okkur undan árásum og lífskjaraskerðingu og banni þessara efnahagssamvinnuþjóða, sem standa með okkur í OEEC.

Þá ræddi hv. 6. landsk. þm., frsm. meiri hl. fjhn., hér nokkuð um ýmis atriði í minni ræðu. Hann sagði í fyrsta lagi, að ég hefði sagt eða meint, að haftabúskapurinn hefði skapað hin góðu lífskjör. Að vísu verð ég að biðja hann afsökunar á, að ég hef náttúrlega ekki alltaf getað skrifað orðrétt upp það, sem hann sagði, en ég held, að hann hafi gert mér það orðalag upp, að ég héldi, að haftabúskapurinn hefði skapað þetta. Það er ekki rétt, og ef ég hef með mínum ummælum gefið honum þá hugmynd, hefur mér tekizt klaufalega. Það, sem hefur skapað þau sæmilegu lífskjör, sem íslenzkur verkalýður hefur búið við á síðustu 20 árum, er ekki haftabúskapurinn, heldur barátta verkalýðshreyfingarinnar. Það er barátta verkalýðshreyfingarinnar, mjög harðvítug barátta hennar á þessum tíma, sem hefur skapað þessi tiltölulega sæmilegu lífskjör, sem eru frábrugðin því, sem var fyrir stríð. Við vitum allir, að það var meining aðalborgaraflokkanna hér í landinu, að alþýða Íslands ætti að búa við sömu kjör eftir stríðið og hún hafði búið við áður. Þess vegna voru gerðardómslögin sett á sínum tíma. En okkur tókst að brjóta þau á bak aftur 1942 og hækka

kaupið og halda því á árunum á eftir og bæta við, og lífskjörin urðu með þeirri stökkbreytingu það góð, að þau hafa ekki síðan verið betri og vart lafað í því. Hins vegar er gefið, að allan þennan tíma hefðu þessi lífskjör ekki getað haldizt án þessa haftabúskapar, hefði hér verið frjáls verzlun þennan tíma allan, hefði verið hér atvinnuleysi, þannig að hér hefði verið svipuð fátækt og var fyrir stríð. Það er alveg gefið, að án þeirra ráðstafana, sem verkalýðurinn sumpart gat gert með nýsköpuninni, og þar var skilyrði, að svokölluðum höftum væri beitt á jákvæðan hátt, með eftirliti og stjórn á innflutningi, og hins vegar með viðskiptunum við sósíalistísku löndin, — án þessara tveggja ráðstafana hefði ekki haldizt full atvinna á Íslandi mestallan þennan tíma, að undanteknum árunum 1950—1952, og án þessarar miklu atvinnu hefðu ekki heldur lífskjörin getað verið eins góð og kaup verkalýðsins haldizt eins hátt og það var. M. ö. o.: það var óhjákvæmilegt vegna þeirrar faglegu og pólitísku baráttu, sem verkalýðurinn háði, að hafa hér haftabúskap. Hins vegar var þessum höftum mestallan þennan tíma beitt fyrst og fremst af Framsfl. og Sjálfstfl. Það eru þessir tveir flokkar, sem hafa verið valdamestu flokkarnir allan þennan tíma og hafa ráðið því, hvernig þessum höftum hefur verið beitt, og jafnvel um langt skeið ráðið því svo algerlega einir, að þeir gerðu sérstakar ráðstafanir til þess í 6—7 ár, að engir aðrir gætu fylgzt með því, hvernig þeir beittu þessum höftum, hið svokallaða tímabil hinna alræmdu helmingaskipta.

Það er á vissan hátt rétt hjá hv. 6. landsk. þm., að lífskjörin hafa verið góð þennan tíma, þrátt fyrir þau höft, sem Framsókn og Sjálfstfl. hafa beitt, þrátt fyrir það að ekki hafi tekizt nema um stutt skeið að umhverfa þessum höftum í t. d. þau jákvæðu, skapandi afskipti hins opinbera af fjárfestingunni á Íslandi, sem gert var á nýsköpunartímanum. Við urðum t. d. um tíma, Sósfl., að berjast mjög harðvítuglega á móti þessum höftum Sjálfstfl. og Framsóknar. Það var á þeim tíma, þegar þessir flokkar innleiddu það á Íslandi, sem aldrei hafði tíðkazt áður, að menn máttu ekki byggja hús á Íslandi nema sækja um leyfi til Reykjavíkur, og þá upplýstist það, þegar ég var hér m. a. í fjhn. eins og oftar að berjast fyrir því, að menn fengju frelsi til þess að byggja sín íbúðarhús, að það lá hvorki meira né minna við — það var 1952 — en að sjálf efnahagsstjórnin í Washington mundi jafnvel hætta aðstoðinni við okkur, beita sérstökum ráðstöfunum í sambandi við jafnvirðissjóð, svo framarlega sem Nd. dirfðist að samþykkja þá till., sem ég hafði í góðri trú fengið sjálfstæðisþm. í fjhn. með á, nefnilega um að gera íbúðarhúsabyggingar frjálsar. Það var Benjamín Eiríksson, þáverandi eftirlitsmaður Ameríkumanna með þjóðarbúskap Íslendinga, sem upplýsti þetta, og ég upplýsti það síðan í mínu nál. og var þetta lengi á árunum á eftir notað sem dæmi um, hve náin afskipti rentukammersins í Washington voru af efnahagsmálum okkar Íslendinga. Þrátt fyrir þessi höft Sjálfstfl. og Framsóknar gátum við gert hitt og þetta á þessum tíma, þó að við yrðum stundum að berjast á móti þessum höftum, þegar okkur fannst þau ganga svo langt, að það var þjarmað meira að Íslendingum en danska einokunarverzlunin hafði gert nokkurn tíma á öllum þeim öldum, sem hún réð yfir okkur, því að hún bannaði okkur þó aldrei beinlínis að byggja, þó að hún léti okkur kannske fá fúinn við og annað slíkt.

Ef við viljum vera alveg sanngjarnir viðvíkjandi þessum höftum, sem vissulega hafa orðið illræmd, þá hafa þau verið og voru í upphafi viðleitni fátæks borgaralegs þjóðfélags á Íslandi til að bjarga sér út úr þeirri kreppu, sem kapítalisminn hafði leitt yfir það. Og þau voru jafnt innleidd á þeim tíma sem slík haltrandi björgunarviðleitni af Sjálfstfl. hvað útflutning snerti og Framsfl. hvað innflutning snerti, og lengst af skiptu þeir því bróðurlega á milli sín að stjórna þessu og jafnvel að úthluta til sinna gæðinga í helmingaskiptum bæði innflutnings- og útflutningsleyfum eins og lánum úr bönkunum. Þótt ég hafi lent í því að verða að neyðast til þess að verja ýmislegt af þessum höftum, þá er það ekki vegna þess, að ég sé með þeim, heldur vegna hins, að mér er ljóst, að það, sem nú á að taka við, er helmingi verra. Ég hef allan þennan tíma gagnrýnt þessi höft, gagnrýnt spillinguna, sem hefur verið í sambandi við þau, gagnrýnt skammsýnina og þröngsýnina í sambandi við beitingu þeirra. En ég hef reynt að láta beita þeim þannig, að það mætti að einhverju leyti verða íslenzku þjóðinni til góðs, sem sé að umskapa þau í áætlunarbúskap, og er hann þó jafnframandi höftunum og þeirri frjálsu samkeppni.

Hv. 6. landsk. sagði, að það hefði verið lánsbúskapur, sem hefði haldið okkur uppi. Það er ekki rétt, við höfum ekki lifað af lánum. Hitt er annað mál, að við höfum tekið lán til framkvæmda. Það út af fyrir sig er ekki það sama og lifa á þeim. Það, sem hefur aftur á móti verið óskynsamlegt hjá okkur í sambandi við slík lán, það er, hvernig við höfum varið þeim, og það stafar aftur af því, að við höfum ekki haft hjá okkur áætlunarbúskap, þannig að við ráðstöfuðum þessum lánum til þeirra hluta, sem nauðsynlegastir væru fyrir okkar þjóðarbú. Það hef ég hins vegar rakið svo ýtarlega, að ég þarf ekki að gera það nánar.

Þá sagði hv. 6. landsk. í öðru lagi, að ég hefði verið að segja, að privatkapítalisminn væri dauður hér á Íslandi, og vildi mótmæla því. Ég held, að ég hafi ekki sagt, að hann væri dauður, — ég veit að vísu, að hann mun deyja, en ég held, að ég hafi ekki sagt það, — ég held, að ég hafi sagt, að hann hafi orðið að starfa hér í banni laganna, og það hef ég sagt hér oft og það hafa jafnvel aðalfulltrúar privatkapítalismans eða einkaauðvaldsins nokkurn veginn gengið inn á, að í skjóli gjald-

eyrissvika og skattsvika hafi einkaauðvaldið myndazt á Íslandi. Það kunna að vera þar örfáar heiðarlegar undantekningar, sem sanna regluna, en í aðalatriðum býst ég við, að við séum nokkurn veginn sammála um þetta, menn hafi orðið að starfa í þessu banni og einmitt þetta bann sé meiningin nú að brjóta með því skattfrelsi og með því gjaldeyrisfrelsi, sem verið sé að koma á, þannig að héðan í frá skuli privatkapítalisminn á Íslandi geta starfað alveg löglega, og veit ég þó ekki, hvort megi treysta því fyllilega, að héðan í frá muni íslenzkir kapítalistar aldrei svíkja skatt. En betur væri, að rétt væri. Hins vegar kann að vera, að ég hafi sagt annað í sambandi við mínar hugleiðingar um privatkapítalismann, og það er, að hann mundi ekki eiga langt eftir, ef hann legði í þessa frjálsu samkeppni sína, eða væri sem sé sama sem dauður. Ég hef nefnilega stundum borið dálitla umhyggju fyrir privatkapítalismanum á Íslandi, þótt undarlegt megi virðast, vegna þess að hann hefur lengst af verið svo aumur síðustu 30 árin, að hann hefur varla getað séð fyrir sér sjálfur. Ég held satt að segja, að við höfum að sumu leyti orðið að endurreisa hann hér 1944, því að þau ár voru sjálfir privatkapítalistarnir orðnir svo vantrúaðir á sjávarútveg og togaraútgerð, að þegar við í nýbyggingarráði fórum að tala við þá um að kaupa nú togara og gera út, þá svöruðu þeir okkur með því, að í fyrsta lagi vildu þeir alls ekki kaupa togara fyrst um sinn, það dytti þeim ekki í hug fyrr en eftir hálft annað ár, og í öðru lagi vildu þeir ekki líta við öðru en kolatogurum. Og þeir voru svo vonlaust komnir aftur úr öllu og svo vantrúaðir á sinn eigin kapítalisma, að það var alveg ótrúlegt, þegar maður miðar við þær framfarir, sem þeim hefur verið draslað út í síðan, hvað svartnættið í þeirra huga og heila var mikið þá. Ég hef þess vegna alltaf þá hugmynd, að okkar veika einkaauðvald hér á Íslandi, 650 milljónamæringa, að það mundi drepast í samkeppninni við þá útlendu auðhringa, strax og því væri hætt út í ólgusjó privatkapítalismans hér í kringum okkur. Ég hef nefnilega orðið var við þá hugmynd hjá helztu forsvarsmönnum privatkapítalismans hér á Alþingi, bæði í hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðinu, að þeir halda, að heimurinn í kringum okkur, Vestur-Þýzkaland, Bretland, sé eins og hann var fyrir 50—60 árum, það séu ósköp litlir karlar hver með sína verksmiðju að dunda þar við að framleiða eitthvað og hver sé að keppa við hinn og þess vegna geti okkar íslenzku kapítalistar ósköp vel farið að taka upp samkeppni um að selja alla mögulega hluti, sem við framleiddum hér, til Bretlands eða Vestur-Þýzkalands. Það er nú eitthvað annað. Þessir kapítalistar, sem eru á borð við okkar íslenzku kapítalista hér heima, eru löngu dauðir í öllum þessum löndum. Mér er sem ég sjái Ragnar okkar í Smára eða þá í sápuframleiðslunni hér heima eiga að fara að keppa við Unilever úti í Bretlandi, við Bláa bandið eða eitthvað slíkt.

Ég hef ofur litla hugmynd um aðfarir þessara hringa við að keppa. Ég hef sjálfur átt þátt í því að reyna að fá allt íslenzka ríkið í baráttu við þá, og ég hef lýst því hér og skal ekki gera aftur, eins og þegar við keyptum inn vélarnar til þess að koma hér upp lýsisherzluverksmiðju, hvernig þetta fór. Það, sem drottnar í Vestur-Þýzkalandi, Englandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu og þessum löndum, eru voldugir auðhringar, risar, þar sem þessir litlu íslenzku kapítalistar eru eins og peð. Þeim finnst þeir vera voðastórir hérna, ef þeir eru milljónamæringar, jafnvel þótt þeir skuldi kannske meginið af milljónunum og séu í vandræðum með að borga út á föstudögum. En ef þessir veslings íslenzku kapítalistar okkar hér eiga svo að fara að slást þarna úti, þá eru þeir troðnir undir þegar í stað. Ég hef horft á þá troðna undir. Ég hef vitað þessa íslenzku kapítalista okkar gera samninga við útlend auðfélög, sem við höfum orðið að rifta, sem íslenzka ríkið og þess „organisasjónir" hafa orðið að eyðileggja, af því að þeir voru búnir að selja þannig íslenzkar afurðir, að það var ekki hægt að framleiða þær með því verði. Þeir voru búnir að undirbjóða allt, hálfgjaldþrota braskarar, sem gera óforsvaranlega samninga, sem íslenzka ríkið raunverulega verður að rifta með því að koma á einkasölu. Nei, við skulum ekki láta þá fara að eiga við þetta.

Íslenzka ríkið hefur allan tímann, í 30 ár, sem þessir íslenzku kapítalistar okkar hafa starfað, verið sá aðili, sem hefur bjargað þeim. Ég er ekki að segja, að þetta væri sérstaklega ánægjulegt, að íslenzka ríkið skuli hafa verið að bjarga þeim. Ég skal bara taka smádæmi, — það er verst, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera við. Þegar t. d. fulltrúi Gismondi kemur til Íslands og býðst til að kaupa fisk af Íslendingum fyrir hærra verð en fiskhringurinn Kveldúlfur og Alliance gaf, hvað er gert? Það er ekki aðeins gert það, að það er reynt að múta Gismondi á Ítalíu til þess að hætta að bjóða hátt verð í fisk á Íslandi. Nei, það er líka gert annað, það er hert á einokuninni á útflutningnum á fiski frá Íslandi, til þess að íslenzki fiskhringurinn hafi aðstöðu til þess að geta mútað suður á Ítalíu og geta hindrað útlenda kapítalista í því að bjóða í fisk á Íslandi. Hann hefði ekki getað það, hefði hann ekki haft það á bak við sig, að íslenzka ríkið bannaði íslenzkum fiskimönnum að flytja út sinn fisk. Meira að segja stærstu og voldugustu og ríkustu kapítalistar á Íslandi voru svona veikir, að þeir stóðust ekki snúning, þegar þeir útlendu hringar fóru að keppa við þá hér heima. Það er bezt að hafa þetta fyrir augum.

Alveg sama gildir um innflutninginn. Hvað ætli stæðist af þessum veslings iðnaði hérna hjá okkur heima, ef við ætlum að opna þetta allt saman fyrir þessum voldugu útlendu auð-

hringum? Við vitum, að það er ein höfuðregla allra þessara auðhringa, að raunverulega svo að segja okra þeir á sínum heimamarkaði og selja heldur ódýrara á þeim mörkuðum, sem þeir eru að vinna sér.

Nei, það er nauðsynlegt að hafa stjórn á innflutningi og útflutningi á Íslandi, m. a. vegna okkar íslenzku atvinnurekenda, til þess að þeir séu ekki drepnir í samkeppninni við stóru útlendu auðhringana. Það er vegna þess, að ég vil hafa efnahagslífið hér íslenzkt, að Íslendingar ráði því, að ég sé enga aðra leið en yfirstjórn ríkisins á innflutningi og útflutningi, ekki aðeins til að vernda það, sem væri af ríkiseinkasölu, ekki aðeins til þess að vernda það, sem væri af samvinnufyrirtækjum, heldur beinlínis líka til þess að vernda það, sem til er af íslenzkum privatkapítalistum, vegna þess að ég kæri mig ekki um að láta trampa þá niður af útlendum auðhringum, sem drottna síðan yfir okkar atvinnulífi. Ég álít, að íslenzki privatkapítalisminn, svo veikur sem hann er, mundi drepast í samkeppninni við útlendu auðhringana, og kæri mig ekkert um það.

Viðvíkjandi tölu milljónamæringanna, þá er þetta alveg rétt hjá mér. Að vísu hef ég þetta upp úr Tímanum. En engu að síður býst ég við, að það sé nokkurn veginn rétt, vegna þess að Tíminn mun hafa þetta upp úr skattskýrslunum um stóreignaskattinn. Og náttúrlega vitum við ósköp vel, sem þekkjum til hér í Reykjavík, þó að þetta hljómi ákaflega flott með 650 milljónamæringa, að mjög mikið af þessum mönnum eru menn, sem eiga t. d. húseign, kannske á góðum stað í bænum, og slík húseign er náttúrlega ákaflega fljótt komin upp í eina millj. með núverandi verðgildi, — ég tala nú ekki um, ef ætti að meta það núna, eftir að hæstv. núverandi ríkisstj. er tekin við völdum, þá er náttúrlega ekki lengi fyrir einn mann að verða milljónamæringur, sem á sér gamalt, gott hús, t. d. í miðbænum, og skuldar ekkert út á það. Hins vegar er rétt að geta þess, að 29 þeir ríkustu eiga 250 millj. í skuldlausum eignum, en 5 eiga um 50 millj. Ég held, að ég muni þessar tölur rétt.

Þá talaði hv. 6. landsk. þm. um, að einkaframtakið hefði þó getað eitthvað dálítið á Íslandi, fyrst það væru til svona margir milljónamæringar. Ég veit nú ekki, hvort það er ekki meira hitt, að verðbólgan hafi fyrir tilstilli þeirra flokka, sem ráðið hafa á Íslandi á undanförnum 30 árum, Sjálfstfl. og Framsfl., gengið það hratt, að í krafti verðbólgunnar hafi margir orðið ríkir og færri farið á hausinn. Hún hefur áreiðanlega hjálpað þarna til. — Svo vildi hann segja, að einkaframtakið hefði brotið brautina. Ég skal ekki draga úr því, að það hefur gerzt á vissum stöðum á landinu, að framtakssamir einstaklingar hafi byrjað á hinum og þessum framkvæmdum, en venjulega hafa þeir ekki brotið hana langt, venjulega hafa þeir gefizt upp mjög fljótt. Ef við förum hringinn í kringum landið, blasa við okkur þau fyrirtæki þessara einkaframtaksmanna, sem hafa hrunið saman einmitt undan þunga þeirrar frjálsu samkeppni, kreppunnar, sem af henni leiðir, og síðan hefur fólkið á þessum stöðum orðið að taka við og reyna að bjarga. Þannig var það á Ísafirði á árunum 1920—30. Einkaframtakið hafði byrjað þarna og gafst upp, þegar fór að kreppa að, og flutti burt með skipin. Alþýðan varð að mynda sér samvinnuútgerð til þess að hafa eitthvað að lifa af. Sama sagan var í Hafnarfirði. Brezka einkaframtakið hafði byrjað, en fór burtu og alþýðan í Hafnarfirði varð að skapa sér bæjarútgerðina. Og hvernig fór á landsmælikvarða um þetta? Jú, mestu framtaksmennirnir, sem mest hefur verið talað um, eins og þeir Jensensynir, eins og þá var kallað, hlutafélagið Kveldúlfur, það hafði rutt heilmikla braut með togaraútgerð, — og hvar endaði það? Það endaði með því, að þetta sama félag varð að koma til ríkisvaldsins 1932 og núv. hæstv. forsrh. varð að setja ríkiseinkasölu á útflutning á saltfiski til að bjarga þessu fyrirtæki frá gjaldþroti, og raunar ekki bara að bjarga þeim frá gjaldþroti, heldur að bjarga Landsbankanum frá gjaldþroti líka og þjóðfélaginu þar með.

Nei, einkaframtakið hefur að vísu reynt að brjóta brautina á Íslandi, en brotnað sjálft á því, og íslenzka ríkið og íslenzka alþýðan hefur víðast hvar orðið að taka við til þess að bjarga sér, bjarga atvinnunni og jafnvel bjarga þessum fyrirtækjum. Þess vegna hefur þetta einkennilega ástand skapazt á Íslandi í þessi 30 ár, að við höfum orðið að hafa hér sambland af bæjarfyrirtækjum, ríkisfyrirtækjum, samvinnufyrirtækjum og einkafyrirtækjum, öllu saman meira eða minna studdu af ríkinu, vegna þess að einkaframtakið hafði brotnað niður sjálft og gat ekki valdið þessu.

Svo sagði hv. 6. landsk., að eitthvað væri ég nú hræddur við kapítalismann og miklu hræddari en sá mikli lærifaðir Lenin hefði verið, hann hefði þó þorað að nota sér NEP-kapítalismann, eins og það er kallað, nýja ökonómíska pólitík, 1921. Það er alveg rétt, sem hv. 6. landsk. vitnaði í, að það var mjög skynsamlega gert af Lenin, af kommúnistaflokki Sovétríkjanna að taka upp þá aðferð þá, þegar allt var komið í auðn í Rússlandi. Iðnaðarframleiðsla Rússlands mun árið 1921 hafa eftir 4 ára stríð og 4 ára borgarastríð og innrásarstríð 14 kapítalistískra ríkja hafa verið orðin 1/6 hlutinn af því, sem var 1913 í því keisaralega Rússlandi, og var það þó ekki stórt, og Lenin sagði sem svo: Nú verður að nota öll ráð til þess eins að koma atvinnulífinu í gang aftur, meira að segja brask privatkapítalismans, auk samvinnufyrirtækja, ríkisfyrirtækja, bæjarfyrirtækja, og allt annað slíkt er sjálfsagt að hagnýta sér, ef það getur bara orðið til þess að koma einhverju af stað, — vegna þess að hungrið blasti við eftir eyðileggingarnar, sem kapítalisminn hafði valdið í Sovétríkjunum. Þetta var rétt pólitík, sem hjálpaði til þess að reisa Sovétríkin þá

við. Heldur nú hv. 6. landsk., að við hér heima séum voðalega hræddir við að gera einhverja slíka hluti?

1944 stóðum við frammi fyrir því, að það var búið í 17 ár að láta undir höfuð leggjast að fjölga togurum á Íslandi, og þeim hafði stöðugt farið fækkandi frá því 1927, og það virtist sem okkar íslenzku kapítalistar væru uppgefnir á því yfirleitt að leggja í nýjan togararekstur. Ég man eftir því, að allt árabilið 1930—40 voru það kröfur, t. d. af hálfu Alþýðusambandsins, að það væru keyptir, þó að það væru ekki nema kannske örfáir nýir togarar, en var aldrei gert, var aldrei aukið neitt við togaraflotann. Hvað gerðum við, hvað gerði verkalýðshreyfingin hér 1944? Hún ákvað að beita sér fyrir því að byggja upp íslenzkt atvinnulíf, sem var komið í þetta ófremdarástand eftir kreppuna og alla óstjórn kapítalismans. Var íslenzka verkalýðshreyfingin nokkuð hrædd við að beita öllum aðferðum í þessu sambandi? Nei, hún var alveg ósmeyk. Hún sagði: Það er sjálfsagt að reisa við atvinnulífið á Íslandi með öllum þeim hætti, sem menn eru til í að beita, með ríkisrekstri, með bæjarrekstri, með samvinnurekstri, með einstaklingsrekstri. — Og við buðum þeim jafnvel sérstaklega, kapítalistunum okkar, upp á það að kaupa togara. Þeir vildu það að vísu ekki, þegar við buðum þeim það, en við keyptum þá samt, þó að það væri enginn kapítalisti á Íslandi, sem óskaði eftir neinum þeirra þá til að byrja með. Við keyptum þá — 30 létum við ríkið kaupa. — Við vorum alveg ósmeykir við að hafa sömu aðferðirnar og Lenin, þó að við værum ekki í annarri eins neyð og sovétþjóðfélagið var þá. Og okkur tókst þetta tiltölulega vel. Sá var munurinn, að verkalýðurinn hafði ekki völdin á Íslandi. Hann gat ekki haldið áfram að framkvæma þá áætlun, sem hann gerði sér þá um að koma alls upp 50 togurum a. m. k., jafnvel setti markið við 75. Því gat hann ekki ráðið. Tiltölulega fljótt tóku amerísku kapítalistarnir að segja okkur fyrir um það hér á Íslandi í krafti Marshall-aðstoðarinnar, hvort við mættum kaupa togara og meira að segja hvort við mættum byggja hús. Og þeir voru svo miklir harðstjórar, að meira að segja þegar sú stjórn, sem Alþfl. myndaði 1948 og fannst, að hún yrði að halda áfram að kaupa togara og keypti 10 togara, náttúrlega í trausti þess að fá Marshall-lán, en þegar hún ætlaði að fá Marshall-lánið fyrir þeim 10 togurum hjá Ameríkönunum sínum, þá sögðu Ameríkanarnir: Nei, við lánum ykkur ekki okkar góðu amerísku dollara til þess að fara að kaupa togara til Íslands. — Og hvað varð þessi Alþfl.-stjórn að gera? Hún varð smátt og smátt að borga alla togarana út í Bretlandi, af því að hún fékk ekkert Marshall-lán til að kaupa togara, vegna þess að Bandaríkjamenn vildu ekki, að það yrðu keyptir togarar til Íslands, og neituðu að lána Marshall-lán til slíks.

Þess vegna höfum við verið — verkalýðshreyfingin á Íslandi — alveg óhræddir við að hagnýta okkur líka kapítalistana íslenzku, ef svo bæri við að horfa, og gefa þeim slík tækifæri. En svona voru þeir nú aumir og trúlitlir á íslenzkt atvinnulíf og framtíð íslenzks togaraútvegs, að þegar meiri hl. Sjálfstfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur bauð að selja einstökum atvinnurekendum alla togarana, sem við í nýbyggingarráði úthlutuðum Reykjavík, þá neituðu einkaatvinnurekendurnir í Reykjavík að kaupa þá, nema bara nokkra þeirra. Sjálfur Sjálfstfl. sem meirihlutaflokkur í bæjarstjórn Reykjavíkur neyddist til að setja upp bæjarútgerð, af því að okkar góðu privatkapítalistar höfðu enga trú á togaraútgerð. Og samt höfðum við, sósíalistarnir, orðið að knýja það fram hér á Alþ., að þeim væru veitt lánskjör, þannig að þeir fengju 75% af andvirði togaranna lánað til 20 ára með 2½% vöxtum, og þetta urðum við að keyra í gegn.

Svona er nú sú barátta, sem við höfum orðið að heyja, sumpart til þess að reyna að koma vitinu fyrir privatkapítalistana hér heima, svo að þeir keyptu togara, helzt ekki kolatogara, og til þess að pína þá inn á að taka á móti lánum upp á 75% af andvirði togaranna, og samt var ekki hægt að fá þá til að kaupa þá togara, sem Reykjavík voru ætlaðir, og samt var svo að segja allt fjármagnið, sem til var í einkaeign á Íslandi, einmitt hér í Reykjavík.

Svo talaði hv. 6. landsk. þm. um, að ég hefði verið að ræða um yfirburði hins sósíalistíska kerfis yfir kapítalismann. Það yrði nú líklega of langt mál, ef við færum út í að ræða það hér, ég væri reiðubúinn til þess. Það eru mjög ýtarlegar skýrslur, sem ég gæti lesið yfir honum í því sambandi um alla þróunina, annars vegar í Sovétríkjunum og hins vegar í Bandaríkjunum, voldugasta iðnaðarlandi kapítalismans. En fyrst ég á nú eina ræðu til, þá held ég, að ég fari ekki út í það nú, en það er sem sé velkomið.

En eitt atriði vil ég minnast á við hann, og það er þar sem hann ræddi framfarirnar hér á Íslandi. Það er alveg rétt hjá honum, að framfarirnar hér á Íslandi hafa orðið miklar, mjög miklar, og ég hef einmitt í þessum umr. orðið að undirstrika þær framfarir, því að jafnvel honum sjálfum hefur hætt við að vera stundum að tala um einhvern gervibúskap hér hjá okkur á Íslandi, og því vil ég alveg mótmæla.

En hvernig stendur á þessum miklu framförum á Íslandi, þessum miklu framförum á þessum síðustu 20 árum? Þær framfarir eru sérstaklega tvennu að þakka: Í fyrsta lagi þeirri sósíalistísku verkalýðshreyfingu Íslands, hvað verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur verið sterk, hvað hún hefur verið sósíalistísk, hvað hún hefur verið vígreif í baráttunni við auðvaldið hér, hvað hún hefur verið djörf í því að hafa áhrif á íslenzkan þjóðarbúskap, hvort heldur væri með samvinnu við Framsóknarfl. eða Sjálfstæðisfl., og hvað hún hefur megnað að hafa mikil áhrif á íslenzkan þjóðarbúskap. Annars vegar hefur einmitt sósíalistíska verka-

lýðshreyfingin á Íslandi með sinni stéttabaráttu bætt hér kjörin og hins vegar hefur hún með því að leiðbeina þjóðinni á úrslitastundum stórbætt okkar þjóðarbúskap, annars vegar á nýsköpunarárunum með samvinnunni við Sjálfstfl. og þeirri stóraukningu, sem þá var gerð á þjóðarbúskapnum, og hins vegar með samvinnunni við Framsfl. á tímabili vinstri stj. og þeirri stóru aukningu, sem þá var gerð á íslenzkum þjóðarbúskap og við enn búum að, þegar hver báturinn á fætur öðrum nú siglir hér í höfn frá útlöndum. Það eru þessi miklu áhrif hinnar sósíalistísku verkalýðshreyfingar Íslands, sem hafa valdið því, að framfarirnar hér á Íslandi hafa orðið svona miklar, og svo hitt, að Ísland hefur meira en nokkurt annað ríki í allri Vestur-Evrópu notið þess sósíalistíska heimskerfis, sem myndazt hefur.

Ísland hefur, eins og talað hefur verið um og eins og er alltaf fleinn í holdi vorra vestrænu vina í París, — Ísland hefur meiri viðskipti við þann sósíalistíska heim en nokkurt annað kapítalistískt ríki, og þar hafa komið til greina alveg sérstaklega einmitt áhrif sósíalistísku verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, þó að borgaraflokkarnir hafi líka tekið sér það stundum til fyrirmyndar. Í krafti þessara miklu viðskipta, sem hafa tryggt okkur með fyrirframsamningum, jafnvel til nokkurra ára, svona og svona mikil viðskipti og þar með möguleika á að auka okkar framleiðslu svona og svona mikið, — með þessu höfum við aukið okkar framleiðslu, þegar aðrir hafa staðið í stað. Þegar Norðmenn hafa hjakkað t. d. í því farinu að framleiða bara 20 þús. tonn af freðfiski, höfum við getað farið úr 25 þús. tonnum 1952 upp í 75 þús. tonn á síðustu tveimur árum og selt þar af 50 þús. tonn til sósíalistískra landa. Einmitt í krafti þeirra áhrifa, sem sósíalisminn hefur hér á Íslandi, og þeirrar hagnýtingar, sem íslenzkir stjórnmálaflokkar svo að segja allir hafa verið sammála um að hafa í frammi hvað snertir viðskipti við hin sósíalistísku lönd, í krafti þessa höfum við getað skapað þessar miklu framfarir á Íslandi. Hitt er svo aftur annað, að vegna þeirrar óstjórnar, sem verið hefur á þjóðarbúskapnum, af því að þar hafa Sjálfstfl. og Framsfl. ráðið, hefur fjárfestingin verið ósköp vitlaus þennan tíma, og það hefur hins vegar þýtt, að verkalýðurinn á Íslandi hefur orðið að vinna miklu meira og lengur en verkalýður allra annarra landa til þess að hafa hins vegar þau lífskjör, sem miðað við vinnutíma eru sambærileg við löndin hér í kring.

Við hér á Íslandi höfum einmitt í þeim framförum, sem orðið hafa, notið yfirburða sósíalismans yfir kapítalismann. Og það er einmitt ein hættan í sambandi við pólitík núverandi hæstv. ríkisstj., þegar hún sviptir okkur þessu, að við getum hagnýtt okkur yfirburði þess sósíalistíska kerfis, sem sérstaklega kemur fram í því, að við það getum við gert stóra fyrirframsamninga, sem geta um leið verið grundvöllur að stórum fyrirætlunum hér hjá okkur. T. d. með stórum viðskiptasamningum við Sovétríkin um freðfisk hefur verið lagður grundvöllur að því að geta aukið hér framleiðsluna úr 25 þús. tonnum upp í 75 þús. tonn.

Þá minntist hv. 6. landsk á, að við höfum þó hér búið við erfiðari skilyrði en Sovétríkin. Þar held ég að hann hafi ekki aðgætt, hvað hann var að segja. Í þau 43 ár, sem verkalýðurinn í Sovétríkjunum hefur haft valdið í sínum höndum, hefur hann í 20 af þessum 43 árum orðið að standa í stríði og það ægilegum stríðum, eða þá verið að byggja upp það, sem eyðilagt var í þeim stríðum. Við Íslendingar höfum að vísu upplifað stríð, en við höfum beinlínis grætt á þeim stríðum, þannig að við skulum ekki láta okkur það um munn fara, að við höfum orðið að byggja upp okkar land við erfiðari skilyrði en Sovétríkin, þar er himinhrópandi munur á, og það veit ég líka að hv. 6. landsk. þm. hefði ekki sagt, ef hann hefði athugað það. Það er vafalaust annað, sem hann hefur haft í huga, hversu auðveldara væri á ýmsan hátt fyrir stórt ríki að byggja upp móts við hins vegar lítið og fátækt land eins og okkar. Við Íslendingar megum vera stoltir af okkar uppbyggingu. Það, sem hins vegar hefur vantað í þá uppbyggingu, er, að hún hafi verið sósíalistísk. Ef við hefðum byggt hér upp á þessum 20 árum með sósíalistískum búskaparháttum, byrjað, eins og við vorum ofur lítið byrjaðir 1944, gert þetta skipulega, haldið áfram með þær áætlanir, sem þá voru, þá liti öðruvísi út á Íslandi. Þá værum við búnir að virkja svo og svo mikið af okkar stærstu fossum, búnir að koma hér upp stóriðju, sem þjóðin ætti, og þá væri hér 7 eða 8 tíma vinnudagur, sem gæfi okkur betri lífsskilyrði en við höfum í dag með þeim 10—11 stunda vinnudegi, sem nú er orðinn hér algengur.

Þá talaði hv. 6. landsk. um öryggi hinna sósíalistísku markaða og vildi gera frekar lítið úr því. Hann viðurkenndi, að það hefði ekki verið lögð alúð við þá, og það er rétt, það hefur ekki verið lögð alúð við þá. Ég skal alveg viðurkenna hans gagnrýni hvað snertir einstakar misfellur í viðskiptum við þessi lönd. Það er ýmislegt, sem gengur á tréfótum hjá þeim, og það eru þeirra eigin stjórnir sjálfar vafalaust fyrstar með að viðurkenna, og slíkt kemur oft fyrir í þeim viðskiptum, og með því þurfum við að reikna í þessum viðskiptum. Þetta eru þjóðir, eins og sérstaklega t. d. Pólverjar, sem eru að byggja upp gamalt bændaland á skömmum tíma og reyna að gera það að stóriðjulandi, og þá gengur náttúrlega ýmislegt misjafnlega. En höfuðatriðið í sambandi við þetta er, að sem heild eru þessir sósíalistísku markaðir öruggir fyrir okkur. Við getum gert við þá fyrirframsamninga til margra ára. Við þurfum að reyna að sjá til þess, að úr því, sem kann að ganga eitthvað erfiðlega á einu árinu, sé bætt á því næsta, og það, sem nú er hins vegar að gerast í þessu efni, það er, að sjálf okkar sala til þess-

ara landa, sem er það dýrmætasta, er að grotna niður, vegna þess að við kaupum ekki nóg frá þessum löndum, og við kaupum ekki nóg frá þessum löndum vegna þess, að við höfum verið að ræða um það á undanförnum tíma að fara að gera okkar viðskipti frjáls, eins og kallað er, og okkar kaupmenn og okkar innflytjendur hafa haldið að sér höndum og minnkað þess vegna að sínu leyti þessi viðskipti, og í því felst hættan.

Þá talaði hv. 6. landsk. þm. um vantraust mitt á íslenzkum atvinnurekendum, að ég treysti þeim ekki til að keppa á erlendum mörkuðum. — Það er ekki vegna vantrausts á íslenzkum atvinnurekendum sem slíkum. Þeir geta hver um sig verið jafnslyngir og atvinnurekendur af sömu stærð og þeir eru úti í heimi. Það er hitt: Þeir geta ekki barizt upp á að sigra við þá stóru hringa, sem einoka yfirleitt markaðina úti í heimi, og þess vegna er það ekki vantraust á þeim, heldur bara raunsæi. Alveg eins og enskir og þýzkir atvinnurekendur af sömu stærð og okkar atvinnurekendur hér heima hafa verið trampaðir niður af þeim voldugu hringum þar í löndum á undanförnum 50—60 árum, eins mundu okkar íslenzku atvinnurekendur verða trampaðir niður. Hann talaði um, að þeir yrðu bara að keppa á mörkuðum þar úti. Jú, það kostar líka fé. Hvað er verið að gera núna í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna? Ríkið er að ábyrgjast 15 millj. kr. fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna bara til að koma upp sölumiðstöð í Hollandi. M. ö. o.: það er verið að leggja stórfé í að reyna að berjast þarna. Er verið að veita þessar ábyrgðir og takast þær á hendur af vantrausti á íslenzkum atvinnurekendum? Nei, er það ekki hitt, að íslenzka ríkið gerir sér ljóst, hvað þeir eru veikir, hvað þeir eru lítils megnugir, þannig að það verði raunverulega að halda í höndina á þeim, hvar sem þeir ganga? Og hættan er, þegar þeir fara að reyna að keppa svona, að þeir komi kannske eftir nokkur ár og segi: Nú er bara með samkeppni frá þessum og þessum fiskhring alveg verið að setja okkur á hausinn, nú verður ríkið að hlaupa undir bagga. — Mér er sem ég sjái í 6 ríkja samsteypunni, þegar þeir voldugu hringar, sem eiga þýzka togaraflotann, fara að slást á öllum þessum sviðum, hvernig afstaðan muni verða. Ég er hræddur um, að það, sem vofir yfir á þessum sviðum, sé, að þessir litlu karlar okkar hér heima, og jafnvel þó að þeir séu eins stórir og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, verði bara gleyptir. Það vildi a. m. k. stundum verða reynslan af baráttunni um saltfiskinn.

Þá kom hv. 6. landsk. þm. inn á það, að efnahagslegt lýðræði væri tryggt með privatkapítalisma. Ég býst nú við, að við sannfærum ekki hvor annan um þetta. Ég hélt því fram, að efnahagslegt lýðræði væri aðeins hugsanlegt með sósíalisma. Og hvað þýðir kapítalismi? Kapítalismi þýðir það, að einn einstakur aðili, hlutafélag eða einstaklingur, eigi t. d. verksmiðju eða verksmiðjur eða námur eða togara eða önnur framleiðslutæki og hann hafi í sinni þjónustu svo og svo marga verkamenn, — við skulum taka bara dæmi í landi eins og Svíþjóð, demókratísku landi, stærsta kapítalistíska fyrirtækið þar hefur jafnmarga menn í sinni þjónustu og allir verkamenn á Íslandi eru, um 30 þús. Hvert er nú það efnahagslega lýðræði þessara verkamanna í þessum verksmiðjum? Þeir hafa í þjóðfélaginu það pólitíska lýðræði að mega kjósa, hvaða flokka þeir vilji hafa á þingi, en þeir hafa í efnahagsmálunum ekki það lýðræði að mega ráða því sjálfir og sameiginlega, hvernig verksmiðjan er rekin, sem þeir hafa alla sína lífsframfærslu af og þeir eiga alla sína atvinnu undir, heldur eiga þeir það undir einum einasta aðila eða einu hlutafélagi, hvernig þessu er stjórnað, hvort þeim er sagt upp einn góðan veðurdag, hvort verksmiðjunni er lokað, hvort minnkuð er framleiðslan frá henni, hvort forstjórarnir fyrir henni láta undir höfuð leggjast að selja það, sem hægt væri máske að selja af afurðum verksmiðjunnar, og sitja þess vegna uppi með afurðirnar og verða að loka verksmiðjunni. M. ö. o.: þeir eru háðir einræði atvinnurekandans yfir verksmiðjunni.

Mótsetningin í kapítalismanum, í því borgaralega lýðræði, er, að í efnahagslífinu er verkamaðurinn háður einræði atvinnurekendanna, en hefur, á meðan borgaralegt lýðræði á annað borð ríkir í kapítalismanum, pólitískt lýðræði, almennan kosningarrétt. Hinu höfum við svo reynsluna fyrir, að svo framarlega sem þeim auðmönnum, sem eiga þessar verksmiðjur, finnst hætta á, að verkalýðurinn ætli að nota slíkan kosningarrétt til að gefa þeim flokkum meiri hl. á þingum þjóðanna, sem mundu t. d. þjóðnýta þessar verksmiðjur, þá eiga þeir til með að þurrka það borgaralega lýðræði út og koma á einræði, líka pólitísku einræði, eins og t. d. með fasismanum. Fasisminn var að framkvæma það sama á því pólitíska sviði og kapítalisminn gerir sjálfur á efnahagssviðinu. Einræði kapítalismans á efnahagssviðinu samsvarar í fasistíska skipulaginu einræði á því pólitíska sviði. Þess vegna verður í sífellu mótsetning, meðan borgaralegt lýðræði helzt, á milli lýðræðisins í því þjóðfélagi, því borgaralega þjóðfélagi, og einræðisins í atvinnufyrirtækjunum. Og m. a. þess vegna hefur hjá þjóð eins og Íslendingum, sem er eins lýðræðissinnuð og eins frjálshuga og hún er, verið svo erfitt fyrir privatkapítalistana að komast upp og verða voldugir, að þjóðinni hefur frá upphafi þótt það óeðlilegt, að einn einstakur maður, einn einstakur auðhringur eða slíkt gæti raunverulega ráðið yfir lífsafkomu t. d. þúsunda verkamanna. Þess vegna á sósíalisminn svona sterk ítök á Íslandi.

Þessi mótsetning á milli einræðis atvinnurekendanna í efnahagslífinu og borgaralega lýðræðisins á stjórnmálasviðinu leysist að okkar áliti, sósíalista, með því, að samsvarandi því lýðræði, sem er á því pólitíska sviði, verði

líka skapað það efnahagslega lýðræði á því efnahagslega sviði með þjóðnýtingu eða samvinnurekstri á fyrirtækjunum, sem nú eru í einstaklingseign.

Hv. 6. landsk. þm. talaði í þessu sambandi um athafnafrelsið. Spurningin er: athafnafrelsi fyrir hverja, og hvað er athafnafrelsið fyrir sjómennina og verkakonurnar í hraðfrystihúsunum? Þær fá ekki, verkakonurnar, eða sjómennirnir, þeir fá ekki að ráða því, hvert fiskurinn þeirra er seldur. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna stjórnar því. Ef Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á morgun tæki þá ákvörðun að hætta viðskiptum austur á bóginn og skella nú öllu saman í umboðssölu til Bandaríkjanna, til Frakklands og sitt hvað annað, þá ákveður hún þetta með sínu einræðisvaldi yfir þeim atvinnutækjum, sem hún hefur þarna tök á. Það mundu máske ýmsir rísa upp, það mundu máske ýmsir, t. d. þar sem bæjarfélögin réðu hraðfrystihúsunum, rísa upp og segja: Við viljum ekki missa þessa markaði þarna austur frá. — Það mundi verða barátta um þetta, það mundi verða uppreisn á móti þessu einræði þessara einstöku atvinnurekenda. En þetta athafnafrelsi, sem þarna væri verið að framkvæma, er aðeins frelsi þeirra örfáu, sem þarna ráða. Það, sem við erum að berjast fyrir í þessu efni, er, að fjöldinn sjálfur fái að ráða þessu, verkamennirnir, sem eiga sína lífsafkomu undir þessu, sjómennirnir, sem eiga sína lífsafkomu undir þessu, og þetta viljum við gera með því m. a., að ríkið stjórni þessu, og til ríkisins eða til Alþingis kjósum við með þeim almenna kosningarrétti. Þess vegna er það lýðræði, sem við framkvæmum með því, og þar með um leið athafnafrelsi fyrir alla sjómennina og verkamennina og verkakonurnar, sem kjósa með sínum kosningarrétti til þingsins, sem það lætur stjórna þessum hlutum. Hitt athafnafrelsið, sem hv. 6. landsk. þm. talar um, er aðeins athafnafrelsi fyrir peningavald.

Svo talaði hv. 6. landsk. um, að ég hefði sagt, að þetta frv. væri hættulegt, og fór að ræða um það: hættulegt hverjum, hvort þetta mundi nú ekki vera hættulegt, eins og hann sagði, fyrir Sósfl. Jæja, það var nýlega einn kaupmaður að tala hér við einn af okkar þingmönnum, og hann var að bölsótast út í ríkisstj. Okkar þm. svaraði því, að allt þetta væri nú verið að gera fyrir þá, kaupmennina. Ja, það væri nú helzt, svaraði kaupmaðurinn. Hann sagði, að það væri alveg greinilegt, að ríkisstj. væri bara að gera þetta fyrir kommana. Út af hverju heldur nú hv. 6. landsk., að þessi kaupmaður, og það er mjög stór kaupmaður, sá stærsti í sínu byggðarlagi, hafi sagt þetta? Hann sagði það vegna þess, að honum hefur fundizt stemmningin hjá almenningi út í aðgerðir ríkisstj. vera slík, að það væru engir aðrir en stjórnarandstaðan og alveg sérstaklega Alþb., sem mundi græða á þessu. Hvað hefur hv. 6. landsk. sýnzt um þær kosningar, sem fram hafa farið í verkalýðsfélögunum, síðan þessar aðgerðir hófust? Og eru þær samt ekki nema rétt að byrja. Hvað hefur honum sýnzt með 1. maí hér í Reykjavík og annars staðar á landinu núna? Ætli við séum ekki að reka okkur á það, að það er að rísa upp alda einmitt fylgjandi Alþb., fylgjandi þeirri róttæku verkalýðshreyfingu, á móti þessum aðgerðum? Það er enginn efi á því, að ef við ættum að meta þetta svona pólitískt, hvað fylgi snerti og slíkt, þá væru þessar aðferðir mjög hagstæðar okkur. En okkur hefur aldrei langað til þess, að það væri leidd yfir Ísland kreppa og efnahagsleg vandræði og atvinnuleysi, þó að það geti orðið okkur til pólitísks framdráttar. Við höfum beitt öllum þeim áhrifum, sem við höfum getað, hvort sem við höfum verið í ríkisstj. eða utan ríkisstj., til þess að reyna að afstýra slíku frá okkar landi.

Þá kom hann inn á það, að í sósialistísku ríkjunum tíðkaðist það að koma fram kjarabótum með verðlækkunum. Það er alveg rétt. Og mér heyrðist jafnvel á honum, að hann vonaðist eftir einhverju slíku hérna. Má ég bara spyrja: Hvar er hann eiginlega með hugann? Hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera eina einustu höfuðráðstöfun allan þennan tíma, síðan hún komst til valda, og það eru verðhækkanir. Hver verðhækkunin dynur yfir á fætur annarri.

Svo spyr hann að lokum, — og ég held nú næstum því, að hann hafi þá verið farinn að sannfærast um, að líklega mundi þetta allt saman hrynja rétt strax, — hvaða aðgerðir við mundum þá gera, og beindi nokkrum einstökum spurningum til mín í því sambandi. Ég gat því miður ekki skrifað þær orðrétt, en ég skal reyna að svara þeim, eftir því sem ég gat hripað þær upp.

Hann spurði mig í fyrsta lagi, hvort við mundum endurreisa innflutningshöftin. Í kosningastefnuskrá Alþb. nú við kosningarnar í október er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið taki í sínar hendur ýmist beina yfirstjórn á eða eftirlit með allri innflutningsverzluninni, í því skyni að koma á hallalausum gjaldeyrisviðskiptum og tryggja landsmönnum jafnframt sem hagkvæmast verð. Ríkið annist sjálft verzlun með olíur, benzín, kol, salt og byggingarefni. Einnig getur verið réttmætt, að ríkið taki sjálft einkasölu á ýmsum lúxusvörum til ágóða fyrir ríkissjóð.“

Þetta er mjög skýrt svar viðvíkjandi því efni.

Þá spurði hann, hvort við mundum koma á vöruskömmtun, og ég held, að hann hafi spurt út frá því, hvaða afstöðu ég hefði tekið persónulega 1945. Viðvíkjandi vöruskömmtun var það alveg rétt hjá honum, að það er yfirleitt óvinsæl ráðstöfun. T. d. í þeim sósialistísku ríkjum var eftir stríðið mjög víða vöruskömmtun út af þeirri neyð, sem ríkti eftir stríð. Hún mun nú í þeim öllum hafa verið afnumin. Ég áleit satt að segja, að þegar við vorum að byggja okkur upp eftir stríðið, þá hefðum við

vel getað haldið skömmtuninni lengur en við gerðum þá. Ég mundi alveg óhikað þora, hvenær sem væri, ef ég áliti það nauðsynlegt, að segja við okkar þjóð, ef við værum að leggja hér í virkilega stóra hluti, ef við værum t. d. að virkja okkar fossa og þyrftum að leggja að okkur um tíma: Við skulum skammta okkur sjálfir fyrst og fremst. Sá stjórnmálamaður á Íslandi, sem ætlar að stjórna þessari þjóð, verður að geta talað við hana á sama hátt og góður heimilisfaðir talar við sína fjölskyldu. Við erum ekki stærri en það, Íslendingar. Við verðum að gera slík sameiginleg átök, að það er nauðsynlegt fyrir okkur, ef við ætlum að haldast sem ein þjóðarheild, að geta verið þannig hverjir við aðra. Þetta eru nú almennar hugleiðingar viðvíkjandi vöruskömmtun. Það var ein einasta skömmtun, sem var raunverulega við haldið, en nú verður afnumin, það var smjörskömmtunin. Ég skal segja fyrir mitt leyti, — það er engin afstaða tekin t. d. í Alþb. viðvíkjandi því, — ég álít, að það væri ekkert óhugsandi út af fyrir sig að hafa smjörskömmtun á einhverju ákveðnu magni, ef það væri nauðsynlegt. En hins vegar er langt frá því, að vöruskömmtun sé nokkur sérstök þörf þannig, og ég gæti bezt trúað almennt, að þá mundi t. d. Alþb. ekki vera með því að taka hana upp, nema þá einhverjar alveg sérstakar ástæður væru fyrir hendi.

Þá spurði hv. 6. landsk. í þriðja lagi um okkar afstöðu til fjárfestingar, hvort við vildum taka upp fjárfestingareftirlit. Þar tókum við líka, Alþb., fyrir kosningar, alveg ákveðna afstöðu, og í kosningastefnuskrá okkar var sagt svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. álítur nauðsynlegt, að tekin sé upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fjárfestingin sé skipulögð með hag alþjóðar fyrir augum samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum til lengri og skemmri tíma, starfsemi bankanna samræmd þessum þörfum þjóðarinnar, útflutningsverzlunin tekin undir stjórn og eftirlit ríkisins og að verulegu leyti í þess hendur, innflutningsverzlunin sé undir yfirstjórn og eftirliti ríkisins, og ríkið annist sjálft verzlun með olíur, benzín, kol, salt og byggingarefni. Með þessu móti sé tryggð alhliða hagnýting erlendra markaða og full atvinna handa öllum landsmönnum."

Ég býst við, að þetta sé alveg greinilegt svar líka við þessu.

Þá spurði hv. 6. landsk., hvaða afstöðu við vildum taka viðvíkjandi húsnæði og umráðarétti manna í þeim efnum. Þar var líka í stefnuskrá Alþb. fyrir kosningarnar tekin alveg ákveðin stefna. Hún var sú, sem hér greinir, með leyfi hæstv. forseta:

„Breytt verði um stefnu í húsnæðis- og húsbyggingamálum, þannig að íbúðarhúsabyggingar og leiga íbúðarhúsnæðis lendi ekki í braski, eins og nú á sér allt of oft stað, heldur sé bygging íbúða miðuð við þarfir almennings og gróðasjónarmið milliliða útilokuð: a) Stefnt verði að því að gera mönnum kleift að fá sómasamlegar íbúðir til umráða fyrir 10% af mánaðarlaunum sínum, og sé vaxtaafsláttur veittur barnmörgum fjölskyldum. b) Stefnt sé að því að útrýma óhæfu íbúðarhúsnæði við sjó og í sveitum með samstilltu átaki þjóðarinnar á næstu 4 árum. c) Aukin séu lán til verkamannabústaðanna, svo að fljótar gangi um byggingar. Verkalýðssamtökin fái meiri hluta í stjórn byggingarsjóðs verkamanna. d) Efldir séu húsbyggingarsjóðir hins opinbera, m. a. með erlendri lántöku, til þess að gera þjóðfélaginu kleift að beina byggingarstarfseminni inn á heilbrigðari brautir. e) Lækkaðir séu vextir til íbúðarhúsabygginga. f) Yfirráð bæjar- og sveitarfélaga yfir lóðum séu tryggð og mönnum gert kleift að fá lóðir til þess að byggja á."

Ég vona, að hv. 6. landsk. taki eftir því, að við vorum ekki á því að hækka vexti til íbúðarhúsabygginga, ekki á því að gera mönnum ókleift að byggja yfir sjálfa sig, eins og Sjálfstfl. og Alþfl. nú eru að gera, þannig að t. d. í einu þorpi hér nærri okkur, þar sem menn um þetta leyti í fyrra voru að byrja að byggja 40 íbúðir, þar eru menn ekki að byrja að byggja neina núna. Stefna okkar er sú að reyna að hjálpa mönnum, aðstoða menn við að byggja, en ekki okra á þeim eða gera þeim það ómögulegt.

Ég held, að hv. 6. landsk. hafi spurt sérstaklega um yfirráð manna yfir sínu húsnæði. Ég álít fyrir mitt leyti eðlilegt, að menn hafi yfirráð yfir sínum eigin íbúðum, sem þeir búa í. Og meira að segja Sjálfstfl. hefur, ef ég man rétt, einhvern tíma sett það á stefnuskrá sína, að hver einasti maður ætti sjálfur að eiga sína íbúð. Það þýðir, að enginn maður ætti að eiga íbúð, sem annar býr í, þannig að ég geng út frá, að Sjálfstfl. sé inn á því, að eigi einhver maður íbúð, sem annar býr í, þá megi gjarnan setja hinar og þessar kvaðir á þann karl, því að hann er alveg á móti stefnu Sjálfstfl. Hitt skal ég taka fram sem mína persónulegu skoðun, að ég álít ákaflega mikla vitleysu hafa verið gerða með því, þegar Framsfl. og Sjálfstfl. gáfu lausa alla sölu á íbúðum raunverulega 1950, sem þýddi, að það hljóp gífurlegt brask í sölu íbúðarhúsa, að gömul hús þutu upp í gífurlega hátt verð, og þetta varð einn af helztu þáttunum til verðbólgumyndunar, sem gerzt hefur í íslenzku efnahagslífi. Og ég skal bara minna á í því sambandi, að t. d. Danir viðhalda enn þá verðlagi á húsaleigu miðað við byggingu húsa, þannig að t. d. hús, sem byggð eru til 1914, það má ekki vera hærri leigan í þeim en alveg ákveðin hækkun frá því, sem húsaleigan var 1914. Eitt af því, sem hefur hleypt dýrtíðinni hér gífurlega upp, er, að öllum höftum var sleppt í þessum efnum. En það er mín einkaskoðun.

Þá spurði hv. 6. landsk. um afstöðu mína til, hve mikið mætti fara til hinna sósíalistísku landa. Ég náði ekki orðrétt upp því, sem hann spurði þar að, en ég held, að hann hafi meint

t. d., hvort ég áliti það varasamt, þótt t. d. 50% af okkar útflutningi færu til sósialistísku landanna. Ég álít, að við eigum að afla markaða alls staðar, þar sem við getum, og ég hef einmitt oft orðað það hér þannig, að ég áliti, að við ættum að vinna alveg jöfnum höndum að því að afla okkur markaða í þeim kapítalistísku löndum og þeim sósialistísku. Og ég get sagt það sem mína persónulegu skoðun, að ég álít, að það væri mjög heppilegt fyrir Ísland upp á þess efnahagslega sjálfstæði, að okkar viðskipti við þessa tvo heimshluta stæðust þannig nokkuð á. Ég álít það jafnvægi t. d., sem nú er, mjög heppilegt. Ég álít, að það væri engin hætta hins vegar, þó að viðskipti við sósialistísku löndin ykjust, það væri áreiðanlega gott fyrir okkur. Hins vegar vitum við það, að við þurfum mjög mikið á frjálsum gjaldeyri að halda, og við ættum ekki að gera það þannig, að við dræjum beinlínis úr hinu, heldur nota eflinguna á mörkuðunum í sósialistísku löndunum til þess að undirbyggja eflinguna á okkar eigin framleiðslu hér heima. Hins vegar vil ég engan veginn takmarka þetta eingöngu við fisk, heldur, eins og ég hef lýst hér áður, álít ég í sambandi við okkar stöðju, að þá ættum við líka að hafa þetta jafnvægi á milli heimskerfanna fyrir augum.

Þá spurði hv. 6. landsk. þm. í sjötta lagi, hvort við þyrftum að sníða að einhverju leyti okkar viðskipti hér heima eftir þörfum sósialistísku landanna. Ég náði því ekki almennilega upp, sem hann spurði að, en það, sem ég held að hann hafi meint, var þetta, hvort við þyrftum að hafa sérstakt skipulag á okkar útflutningsverzlun hér heima vegna þess kerfis, sem sósialistísku löndin hafa, því að þau hafa einokun á allri utanríkisverzluninni. Ég álít, að við verðum að sníða okkar utanríkisverzlun og þann hátt, sem við höfum á henni, eftir þörfum Íslands. Þarfir Íslands eru hins vegar þær að geta barizt fyrir því að koma sínum vörum inn jafnt á mörkuðum sósíalismans sem kapítalismans. Ísland stendur því aðeins sterkt að vígi í slíkri baráttu, ef þess kaupgeta annars vegar og sölumöguleikar hins vegar er sameinað á örfáar eða eina hönd. Við erum því aðeins sterkir í þeim kapítalistíska heimi, að okkar máttur sé sameinaður svo að segja á einn stað, eða kannske einn eða tvo staði, sem hefðu samstarf, vegna þess að við verðum að berjast þar við svo volduga aðila, að við stöndum okkur ekki í slagnum annars. Þetta viðurkennir ríkisstj. óbeint með því að viðhalda einokun á útflutningnum. Þess vegna álít ég, að þegar ég legg til og við í Alþb., að við höfum helzt utanríkisverzlunina alveg í höndum ríkisins, þá sé það ekki vegna þess, að við séum að gera það út frá sósialistísku sjónarmiði, að sósialistísku löndin geri slíkt, heldur vegna þess að Ísland er svo smár aðili í þessu stríði fyrir sínum viðskiptum, að það verður að vera eins sterkt og nokkur möguleiki er á með því að sameina allt á eina hönd. Þetta getur það aðeins með tvennu móti: Annaðhvort með því, að það sé einn hringur hér á Íslandi, einn auðhringur, sem hefur allan útflutning og innflutning, að Kveldúlfur og Alliance, eins og þeir höfðu verið 1929, tækju að sér innflutninginn á allri olíunni og öllu slíku. Slíkt skipulag mundum við á Íslandi ekki sætta okkur við út frá okkar lýðræðiskennd. Þá er ekki um annað að ræða en ríkið sem fulltrúi almennings sé slíkur sterkur aðili. M. ö. o.: til þess að geta samið við þau sósialistísku ríki og til þess að geta barizt á þeim kapítalistíska markaði þurfum við að hafa utanríkisverzlun Íslands á einni hendi, í höndum ríkisins. Það eru þarfir Íslands, sem heimta það. Við getum ekki hugsað okkur að gera þetta á kapítalistíska hringa vísu, þá færi lítið fyrir okkar frelsi gagnvart okkar eigin auðjöfrum. Þess vegna verðum við að gera það á þá vísu að sameina þetta í höndum ríkisins.

Svo spurði hv. 6. landsk. í sjöunda lagi: Af hverju verðum við Íslendingar að gera þetta, fyrst þær þjóðir, sem hafa hvað snertir magn miklu meiri viðskipti við Sovétríkin en við, eins og Vestur-Þýzkaland, Frakkland, Bretland eða slík, þurfa ekki að gera það? Í þessum löndum eru svo voldugir hringar, að þeir framkvæma þetta sjálfir. Hringar og bankar, sem þarna ráða og drottna í þessum viðskiptaheimum, sameina annars vegar kaupmátt, hins vegar söluaðstöðu þessara landa það vel í sínum höndum, að þeir beita þannig því sama valdi, sem við Íslendingar, svo smáir sem við erum, verðum að reyna að beita með því að sameina þetta í höndum ríkisins. Þess vegna þurfa þau ekki endilega að taka upp slíka utanríkisverzlunareinokun eins og okkar. Þau hafa í höndum sinna hringa upp undir 90% af stjórninni á þeirra eigin atvinnu- og framleiðslulífi og alveg sérstaklega á útflutningnum.

Þá spurði hv. 6. landsk. í síðasta lagi, hvort við værum fylgjandi því að taka lán í Sovétríkjunum, ef þau stæðu til boða. Ég er eindregið fylgjandi því og Alþb. var fylgjandi því í síðustu ríkisstj. Okkur í ríkisstj. stóð til boða að taka 400 millj. kr. eftir því gamla gengi í Sovétríkjunum með 2½% vöxtum og möguleikum á að borga það í fiski. Ég álít, að það hafi verið mikil vitleysa að taka ekki slíkt lán, þó með þeirri forsendu, að við verðum slíku láni á skynsamlegan hátt. T. d. vorum við þá að tala um að verja því til togarakaupa. Það hefði verið skynsamlegt. En það hefði líka verið hægt að verja því t. d. til framkvæmda eins og Sogsvirkjunarinnar, eða til einhvers, sem eykur okkar framleiðslu. Það hefði verið skynsamlegra fyrir okkur en að taka þau lán, sem við tökum í Bandaríkjunum, í fyrsta lagi vegna þess, að þau lán eru dýrari, sem við tökum þar, í öðru lagi vegna þess, að við erum ekki öruggir um að geta borgað þau lán í okkar afurðum og getum þess vegna orðið háðari þessum ríkjum eða orðið að selja okkar vörur lágu verði, og enn fremur vegna þess, að okkur hefur undanfarið

skort hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri, þannig að það var ópraktiskt að taka lánin þar og verða að borga vexti og afborganir í þeirri mynt. Ég álít, að það væri alveg óhætt fyrir Ísland, og hef sagt áður í þessum umr., að taka slík lán, ef þau væru fáanleg. En það gildir það sama um þau lán, — það vil ég leggja áherzlu á, — eins og öll þau lán, sem til mála kæmi fyrir okkur að taka: við eigum ekki að taka svona lán, nema við verjum þeim til þess, sem eykur okkar gjaldeyrisframleiðslu eða sparar okkar gjaldeyrisframleiðslu, og við eigum að hnitmiða hagnýtingu slíkra lána, við eigum að auka með þeim okkar íslenzka þjóðarbúskap, auka með þeim okkar útflutning, auka með þeim okkar þjóðarauð. Þess vegna álít ég þá pólitík, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur farið inn á, að taka 20 millj. dollara lán, 800 millj. kr. lán, í útlandinu og taka þetta lán raunverulega þannig, að þetta verður eyðslulán, — ég álít, að með slíku móti sé ríkisstj. að fara inn á alveg rangar brautir, slíkt sé fjárglæfrapólitík, eins og öll sú pólitík, sem stefnt er inn á með þessu frv., og þess vegna sé það lífsspursmál, ef við eigum að geta þróað okkar þjóðarbúskap áfram og eflt hann og bætt kjör manna hér í landinu, að það sé staðar numið. Það er nóg að gert með gengislækkuninni og öðrum slíkum víxlsporum, sem ríkisstj. hefur stigið, þó að því sé ekki bætt ofan á að fara nú að eyðileggja viðskiptin austur á bóginn, steypa okkur í 800 millj. kr. skuldir erlendis og ætla svo okkur að fara að taka við á eftir og verða svo að borga allar þessar óreiðuskuldir ykkar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar framsögumenn hv. fjhn. höfðu lokið máli sínu í upphafi þessarar umr., svaraði ég því, sem ég taldi helzt hafa komið fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem voru frsm. hv. fjhn. Síðan ég tók til máls fyrr við þessa umr., hafa þrír hv. stjórnarandstæðingar flutt ræður, hv. 4. þm. Austf. (ÁS), hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) og nú síðast hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Í ræðum þessara hv. þm. hafa enn komið fram nokkur atriði, sem mér þykir ástæða til þess að gera að umtalsefni í ég vona ekki allt of löngu máli.

Hv. 4. þm. Austf. ræddi í ræðu sinni aðallega um Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og aðild Íslendinga að þeirri stofnun. Hann taldi Efnahagssamvinnustofnun Evrópu hafa verið og vera stórskaðlega stofnun, sem Ísland hefði haft illt eitt af að hafa nokkur afskipti af eða samskipti við. Ég vil í þessu sambandi, að gefnu þessu tilefni, aðeins benda á, að það er vissara fyrir þennan hv. þm. og raunar aðra þingmenn Alþb. hér í þessari hv. d. að tala með nokkurri varfærni um Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Það gæti vel verið, ef þeir eru of stórorðir í fordæmingu sinni á þessari stofnun, að þeir þyrftu að gera þar breytingu á og yfirbót innan skamms. Vil ég því vinsamlega beina því til þeirra, að þeir notuðu ekki jafnstór orð um þessa stofnun og hv. 4. þm. Austf. gerði í ræðu sinni hér í dag. Ástæðan er einfaldlega sú, að nú fyrir einni til tveimur vikum hafa fulltrúar Sovétríkjanna í efnahagsstofnun Sameinuðu þjóðanna í Genf lýst því yfir fyrir hönd stjórnar sinnar í tilefni af þeim umr., sem farið hafa fram í París undanfarið í framhaldi af ráðherrafundi þar í borg í janúarmánuði s. l., að Sovétríkin vildu taka það til fullrar og vinsamlegrar íhugunar að gerast aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

Þegar sendinefnd Sovétríkjanna í Genf lýsti þessu yfir nú fyrir nær tveimur vikum, vakti það að sjálfsögðu mikla athygli þar í borg og í heimsblöðunum yfirleitt. Þetta var tekið sem svar Sovétríkjanna við þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um það að endurskipuleggja Efnahagssamvinnustofnun Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada. Stjórn Sovétríkjanna virðist hafa tekið þá afstöðu, að eigi á annað borð svo að fara, að Bandaríkin og Kanada verði fullgildir aðilar að Efnahagssamvinnustofnuninni, geti verið eins gott fyrir Sovétríkin að gerast það líka eða a. m. k. að hafa sagt það alveg skýrt, að þau vildu gjarnan gera það eða kæmi til mála, að þau gerðu það. En svo sem kunnugt er, var Sovétríkjunum í upphafi, þegar Efnahagssamvinnustofnunin var stofnuð 1958, boðið af Bandaríkjastjórn, sem hugmyndina átti, að gerast aðili að þessari nýju stofnun í Evrópu, en Sovétríkin höfnuðu því boði. Og þau gerðu meira en hafna því boði, þau beittu sér beinlínis fyrir því, að þau ríki í Austur-Evrópu, sem höfðu í hyggju að gerast aðilar að Efnahagssamvinnustofnuninni, — og á það fyrst og fremst við Tékkóslóvakíu, sem var búin að tilkynna aðild sína að stofnuninni, — Sovétríkin beittu sér fyrir því, að þau hættu við það og samtökin því miður, — ég segi og undirstrika: því miður — urðu samtök vestrænu lýðræðisríkjanna í Evrópu einvörðungu.

Með hliðsjón af þeirri þróun, sem þarna er e. t. v. fram undan, vil ég endurtaka og undirstrika, að varlegast er fyrir hv. þm. Alþb. hér að fordæma stofnunina ekki með mjög sterkum orðum. Ég veit, að þeir mundu ekki gera það, eftir að Sovétríkin væru orðin aðili að henni.

Þá var það annað atriði í ræðu hv. 4. þm. Austf., sem ég vil leiðrétta. Hann sagði, að René Sergent, forstjóri Efnahagssamvinnustofnunarinnar, sem kom hingað á s. l. sumri, ekki til þess að gefa íslenzku ríkisstj. leiðbeiningar eða verða lærifaðir hennar, heldur á leið sinni frá Bandaríkjunum til Parísar, þar sem hann býr, hefði harmað mjög viðskipti Íslendinga við Austur-Evrópuríkin, og hv. 3. þm. Reykv. endurtók þetta og herti enn á, sagði, að það hefði komið fram, að því er mér skildist, í ummælum René Sergents, að Efnahagssamvinnustofnunin beinlínis hataðist við þessi viðskipti. Þetta er á algerum misskilningi byggt, svo sem bezt

verður séð, ef texti ræðu René Sergents, sem birzt hefur í Fjármálatíðindunum, er lesinn, og nægir að vitna þar í nokkrar setningar, til þess að þessi miskilningur verði alveg augljós. Ég vil leyfa mér að gera það, með leyfi hæstv. forseta. Sergent sagði m. a. þetta, og það er það, sem er tilefni ummæla hv. 4. þm. Austf.:

„Ég vil fyrst af öllu taka fram, að við hörmum það mjög, hversu utanríkisviðskipti Íslands hafa í síauknum mæli beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar."

En með því að harma, að viðskipti Íslands hafi beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar, þarf að sjálfsögðu engan veginn að vera átt við það, að þeir harmi viðskiptin við Austur-Evrópulöndin, og það kemur greinilega fram nokkrum setningum síðar, þegar hann útlistar þessa hugsun sína nánar, að hann á ekki við það. Hann segir rétt á eftir:

„Ég skil mætavel þau vandamál, er þið hafið átt við að etja, og hversu girnilegir sumir markaðir á vöruskiptasvæðinu hafa verið. Auk þess hafa fiskmarkaðir Evrópu ekki verið ykkur sérlega aðgengilegir á síðustu árum, því valda stjórnmálalegir erfiðleikar, og í Vestur-Evrópu hefur ekki náðst sami árangur í afnámi innflutningshamla á landbúnaðar- og fiskafurðum eins og á sviði iðnaðarvara. Enn fremur veit ég, að ykkur er hagkvæmast að flytja út fryst fiskflök, en í mörgum löndum hefur orðið lítil þróun á dreifingarkerfi því, sem nauðsynlegt er fyrir slíka vöru, og þar að auki hefur fiskneyzla í Vestur-Evrópu lítið aukizt."

Af þessum setningum er alveg augljóst, að það, sem René Sergent er að harma, er, að Íslendingum skuli ekki hafa tekizt að selja viðbótarframleiðslu sína á fiski á hinum gömlu mörkuðum Íslendinga í Vestur-Evrópu. Hann hefði gjarnan viljað, að Íslendingum hefði getað tekizt að selja viðbótarframleiðslu sína á fiski í löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og það er eðlilegt, að valdamikill maður frá þessum löndum hefði gjarnan viljað, að viðskiptin við þau lönd, sem hann er í ábyrgðarstöðu hjá, hefðu ekki aðeins getað haldizt, heldur einnig aukizt. Þetta er að sjálfsögðu allt annað en hv. 4. þm. Austf. gaf í skyn, að legið hefði í orðum hans, að hann harmaði hin nýju viðskipti við Austur-Evrópulöndin, að hann harmaði, að okkur hefði tekizt að finna nýja markaði fyrir útflutningsvörur okkar í Austur-Evrópu, hvað þá að hann hatist við þau viðskipti. Því fer víðs fjarri. Þetta vildi ég aðeins leiðrétta, því að slíkur misskilningur er ekki aðeins óþarfur, heldur getur hann einnig verið skaðlegur.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann sagði, að það væri um að ræða tvær leiðir til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum. Hin fyrri væri sú að draga úr kaupgetunni og hin seinni væri sú að auka framleiðsluna. Það, sem núverandi ríkisstj. vildi gera til þess að gera kleift að afnema gjaldeyrishöft, væri að draga úr kaupgetunni. Það, sem Framsfl. vildi gera til þess að geta afnumið innflutningshöft, — hann játaði, að það væri stefna hans, eins og ég líka hafði sýnt honum og þdm. fram á með tilvitnun í sameiginlega stefnuskrá Alþfl. og Framsfl. árið 1956, — stefna Framsfl. væri sú að gera kleift að afnema gjaldeyrishöft með því að auka framleiðsluna. Hér leikur hv. þm. enn sama bragðið og hann leikur, þegar hann segir, að stefna stjórnarinnar sé ekki fólgin í því að afnema höft, heldur taki hún eina tegund hafta í stað annarra, að hann notar hér orð í annarri merkingu en tíðkast og eðlilegast er að nota orðin í og villir þannig um fyrir þeim mönnum, sem hlusta á mál hans, án þess að gera tilraun til þess að kryfja það til mergjar. Höfuðgallinn á röksemdafærslu hv. þm. eða höfuðvillan í röksemdafærslunni, hvort sem hún er viljandi eða óviljandi, er sú, hvernig hann notar orðið kaupgeta, þar sem hann kennir stefnu núverandi ríkisstj. við það, að hún vilji gera kleift að lina á eða afnema innflutningshöftin með því að draga úr kaupgetunni.

Hvað eiga menn við, þegar menn tala venjulega um „kaupgetu"? Algengasta merkingin í orðinu kaupgeta kemur fram í staðhæfingu eins og þeirri, þegar menn tala um, hvort kaupgeta Dagsbrúnarmanns hafi aukizt eða minnkað, hvort kaupmáttur launa Dagsbrúnarmanns, — sem er það sama, menn nota orðið kaupmáttur í sömu merkingu og orðið kaupgeta, — hvort kaupmáttur launa Dagsbrúnarmanns hafi aukizt eða minnkað. Kaupgeta eða kaupmáttur er það magn af vörum eða þjónustu, sem menn geta keypt fyrir ákveðna krónuupphæð. En með því að segja, að það sé stefna þessarar ríkisstj. að draga úr kaupgetunni, á þm. við, að það sé stefna ríkisstj. til að geta losað um innflutningshöft að draga úr kaupmætti launa launþega í landinu. Ef það væri rétt, að það væri stefna þessarar ríkisstj., eða yfirleitt hægt eða nauðsynleg skilyrði fyrir því að afnema innflutningshöft að draga úr kaupgetunni í þessari einu og réttu merkingu orðsins, ættu höft að geta aukið kaupgetuna. Það segir sig alveg sjálft, að ef það er leið til þess að losna við höft að draga úr kaupgetunni, ættu höft að geta aukið kaupgetuna. En það má öllum vera alveg augljóst, að engin höft geta aukið kaupgetu eða kaupmátt, kaupgetu almennings eða kaupmátt launa almennings. Það, sem hér er um að ræða, er, að hv. þm., viljandi eða óviljandi, ruglar saman kaupgetu almennings og peningamagninu í umferð, sem þarf ekki að vera hið sama, því að það er alveg augljóst mál, að þó að peningamagn í umferð aukist, þá leiðir auðvitað ekki af því aukningu á raunverulegri kaupgetu. En það, sem gerir gjaldeyrishöft nauðsynleg, er, að peningamagn í umferð hefur aukizt umfram gjaldeyristekjur, eins og þær koma fram í skráðu gengi á krónunni. Gjaldeyrishöft geta aldrei verið nauðsynleg af því, að kaupgeta

í réttri merkingu orðsins sé of mikil. Kaupgeta getur yfirleitt aldrei orðið of mikil. Kaupmáttur launa getur aldrei orðið of mikill, en peningamagn í umferð getur orðið of mikið, miðað við gjaldeyristekjur, eins og þær koma fram í skráðu gengi. Það, sem hefur gerzt undanfarið hér á landi, er einmitt það, að peningamagn í umferð hefur verið of mikið og aðallega beinzt að óeðlilega mikilli fjárfestingu, en sumpart líka valdið of mikilli eftirspurn eftir neyzluvörum. Það, sem hefur þurft að gera, er að samræma peningamagnið í umferð gjaldeyristekjunum frá útlöndum, og það er það, sem verið er að gera. En það þyrfti engan veginn fræðilega séð að valda minnkandi eftirspurn eftir neyzluvörum, hvorki innlendum né erlendum. Það er fræðilega séð vel hugsanlegt, að öll minnkun peningamagns í umferð komi fram í minnkaðri fjárfestingu. M. a. af þeim sökum er augljóst, að engan veginn má blanda saman þessu tvennu: peningamagninu í umferð og kaupgetunni, sem — ég segi það aftur til þess að undirstrika þetta enn skýrar — kemur greinilegast fram í því, að engum dettur í hug, að hægt sé að auka raunverulega kaupgetu manna með því að auka peningamagnið í umferð. Nákvæmlega með sömu rökum má segja og hlýtur að vera hægt að segja, að raunveruleg kaupgeta manna, kaupmáttur þjóðarinnar minnkar ekki, þó að peningamagn í umferð sé dregið saman.

Það er ekki aukin kaupgeta, sem hlýzt af því, að peningamagn vex vegna óheilbrigðrar aukningar á útlánum. Ef útlán vaxa í sambandi við aukinn sparnað, er samfara hinni auknu útlánaaukningu aukin raunveruleg kaupgeta, en ef útlán vaxa umfram aukningu eðlilegs sparnaðar, er um að ræða aukningu á peningamagni í umferð, sem veldur verðbólgu, en ekki aukna kaupgetu í landinu. Þess vegna er alger misskilningur, að nokkrum detti í hug, að það sé grundvallarleið til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum að draga úr kaupgetu, því að of mikil kaupgeta veldur aldrei nauðsyn á gjaldeyrishöftum. Vaxandi kaupgeta gerir þvert á móti kleifara en ella að afnema gjaldeyrishöft. Ef einhver heil brú væri í þessari röksemdafærslu, hefði hin aukna kaupgeta t. d. í Vestur-Evrópulöndum á s. l. 10 árum átt að valda nauðsyn á auknum gjaldeyrishöftum þar. Allir vita, að samfara hinni stórauknu kaupgetu í Vestur-Evrópulöndum hafa einmitt farið skilyrði til þess að draga úr gjaldeyrishöftum þar, og styður þetta að sjálfsögðu það, sem ég hef verið að segja.

Hitt er líka misskilningur hjá hv. þm., að það sé svo einhver önnur leið til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum út af fyrir sig að auka framleiðsluna. Framleiðsluaukning ein saman getur aldrei verið nóg til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum, sem fyrir hafa verið. Ef samfara aukinni framleiðslu heldur áfram óeðlileg útþensla á bankaútlánum, eru gjaldeyrishöftin jafnnauðsynleg eftir sem áður, þrátt fyrir auknu framleiðsluna. Þetta sýndi greinilega reynslan í stjórnartíð Hermanns Jónassonar, sem hann síðar í ræðu sinni einmitt vitnaði til. Hann sagði, að það væri stefna Framsfl. að halda áfram stjórnarstefnunni frá stjórnartíð Hermanns Jónassonar, þeirri stefnu að auka framleiðsluna. En þá liggur beint við að spyrja: Það tókst að auka framleiðsluna, það er alveg rétt, en hvers vegna tókst þá ekki að afnema gjaldeyrishöftin, fyrst það tókst að auka framleiðsluna? Þetta sýnir einmitt það, sem ég er að segja, að framleiðsluaukning er ekki nóg til þess að gera kleift að afnema gjaldeyrishöft eða innflutningshöft, ef þeim ágöllum stjórnarstefnunnar eða fjármálastefnunnar almennt er haldið, sem upphaflega gerðu gjaldeyrishöftin nauðsynleg. En gjaldeyrishöft eru þá nauðsynleg, þegar meira peningamagn er í umferð innanlands en svarar til gjaldeyristeknanna út á við og reynt er til bráðabirgða að koma í veg fyrir, að þetta ástand leiti jafnvægis í hækkuðu verðlagi innanlands, sem aldrei tekst til lengdar, eins og ég raunar hef rætt áður fyrr, ræddi um í framsöguræðu minni fyrir þessu frv.

Þess vegna er það alger miskilningur hjá hv. þm., þegar hann lýsir því, að valið sé á milli þessara tveggja leiða: að draga úr kaupgetu og að auka framleiðslu. Hvorugt þetta er ráð út af fyrir sig til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum. Það er aðeins ein leið til þess að vinna gegn gjaldeyrishöftum, og hún er sú að kippa burt þeim forsendum, sem kölluðu á gjaldeyrishöftin, sem er ójafnvægið í fjármálakerfinu innanlands miðað við gjaldeyristekjurnar frá útlöndum, eins og þær birtast í gengisskráningunni.

Hv. þm. sagði, að núverandi ríkisstj. lamaði uppbyggingu í landinu með því að gera allar framkvæmdir dýrari. Þar á hann við, að gengisbreytingin hefur gert fjárfestingarvörur allar dýrari en þær voru áður og hlutfallslega dýrari en t. d. neyzluvörur. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi átt við þetta, og það er rétt. Það, sem núverandi ríkisstj. gerði með gengisbreytingunni, að því er snertir fjárfestingarvörurnar, var einfaldlega að hætta að greiða fjárfestingarvörur niður, að hætta að örva fjárfestingu í landinu með því að greiða bókstaflega allar fjárfestingarvörur í landinu niður. Frá því hefur oft áður verið skýrt í umr. um efnahagsmál hér í þessari hv. d., að þegar gengisbreytingin var gerð, var meðaltal allra innflutningsgjalda 68.5%, en nær allar fjárfestingarvörur voru fluttar til landsins með 55% innflutningsgjaldi. M. ö. o.: fjárfestingarvörur voru 13% undir því meðaltali, sem var á gjöldum á öllum innflutningi. Þetta er mjög veruleg niðurgreiðsla á allri fjárfestingu í landinu.

Er heppilegt að örva fjárfestingu með slíkum niðurgreiðslum? Svo mjög sem má um það deila, hversu heppilegt sé að örva neyzlu á vissum vörutegundum með niðurgreiðslum, er hitt þó margfalt umdeilanlegra, hvort sé

heppilegt að greiða bókstaflega alla fjárfestingu í einu landi niður jafnstórkostlega og hér á sér stað. Það er þetta, sem hefur verið hætt, og að þessu leyti hefur ríkisstj. haft áhrif á fjárfestingarfyrirætlanir manna. En ég mundi segja, að þau áhrif væru í heilbrigða átt, en ekki í óheilbrigða átt. Það er auðvitað sjálfsagt, að menn byggi sínar fjárfestingaráætlanir á raunhæfum grundvelli, að menn leggi ekki í framkvæmdir á öðrum grundvelli en þeim, sem er þjóðhagslega arðbær. En það segir sig sjálft, að meðan allar fjárfestingarvörur eru greiddar mjög verulega niður, eitthvað misjafnlega, en allar þó verulega niður, þá eru fjárfestingaráætlanir manna alls ekki þjóðhagslega séð á raunhæfum grundvelli. Ég hika því ekki við að staðhæfa, að sú breyting, sem hér varð einmitt á þessu sviði með gengisbreytingunni, er þjóðhagslega séð í mjög skynsamlega átt og mun stuðla mjög að því, að fjárfesting í landinu verði framvegis heilbrigðari og á miklu raunhæfari grundvelli frá almennu þjóðhagslegu sjónarmiði séð en var, meðan það skipulag hélzt, sem því miður var á þessum málum á stjórnarárum Hermanns Jónassonar og raunar allar götur síðan 1951.

Þá er að síðustu eitt atriði í ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um, þar sem ég tel — og þykir miður að þurfa að segja það, að hann hafi hallað mjög réttu máli. Hann sagði, að fyrir forgöngu Efnahagssamvinnustofnunarinnar hefðu tvö lönd önnur í Evrópu gripið til ráðstafana, sem væru svipaðar þeim ráðstöfunum, sem hér hefði verið gripið til, þ. e. Frakkland og Tyrkland. Þau eru raunar 3, Spáni hefði mátt bæta við. Það skiptir minnstu máli. Það, sem er aðalatriðið, er, að það, sem hann sagði um árangur þessara ráðstafana í Frakklandi og Tyrklandi, var mjög rangt, alrangt. Hann sagði eða það mátti skilja af orðum hans, að þessar ráðstafanir í Frakklandi hefðu misheppnazt að mjög verulegu leyti, ef ekki algerlega, og lífskjör í Frakklandi hefðu farið mjög versnandi undanfarið. Það er þvert á móti skoðun — ég vil segja flestra fjármálamanna í Frakklandi og Evrópu yfirleitt og Bandaríkjunum, að þær ráðstafanir, sem gripið var til í Frakklandi um áramótin 1958 og 1959, hafi í stórum dráttum heppnazt mjög vel. Sú gengisbreyting, sem þá var gerð á frankanum, varð til að auka útflutning alveg stórkostlega og bæta gjaldeyrisaðstöðu Frakklands skyndilega svo gífurlega, að Frakkland er nú að komast í hóp þeirra ríkja í Vestur-Evrópu, sem hafa hvað sterkasta fjárhagsaðstöðu. Það er misskilningur, ef menn halda, að þau auknu áhrif, sem Frakkar hafa nú í heimsmálum, séu eingöngu eða jafnvel fyrst og fremst því að þakka, að þar hefur komizt á sterkara stjórnarfar innanlands og þar er á oddinum maður, sem nýtur mikils trausts á alþjóðavettvangi, eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um. Ég mundi segja, að hitt ætti ekki minni þátt í þeirri auknu virðingu, sem Frakkland nú nýtur á alþjóðavettvangi, að Frakkar hafa komið fjármálum sínum á traustan og að ýmsu leyti heilbrigðan grundvöll, eða a. m. k. á miklu heilbrigðari grundvöll en þau voru á áður, sem hefur komið mjög greinilega fram í framleiðsluaukningunni í landinu á síðasta ári, í stórauknum útflutningi þeirra og í stórbættri gjaldeyrisaðstöðu þeirra út á við. Frá því að að vera hálfgerður sjúklingur á efnahagssviðinu, eins og Íslendingar hafa verið síðasta áratuginn, hafa Frakkar gerbreytt hag sínum á einu til tveim árum, þannig að nú standa þeir mjög sterkt.

Hv. þm. sagði, að Frakklandsforseti, de Gaulle, hafi fórnað fjármálaráðherra sínum, Pinay, vegna óánægju, sem hafi verið með stefnuna í efnahagsmálum. Þetta er alger miskilningur hjá hv. þm., og satt að segja furðar mig á því, að hann, sem án efa er einn fróðasti maður um erlend stjórnmál, sem hér situr á Alþ., og einn fróðasti maður um þau efni í íslenzkri blaðamannastétt, skuli segja hér þannig frá málavöxtum, því að ég hélt, að það væri á vitorði allra, sem þarna hafa fylgzt nokkuð með málum, að ástæðan til þess, að de Gaulle lét fjmrh. sinn, Pinay, víkja úr sæti, var ágreiningur um utanríkismál, var það, að fjmrh. hafði gagnrýnt stefnu de Gaulle gagnvart Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum. Pinay er einn traustasti fylgismaður Atlantshafsbandalagsins í frönskum stjórnmálum og hafði látið óspart í ljós innan ríkisstj. og utan hennar óánægju með þá sérstöðu eða þá gagnrýni, sem de Gaulle hafði látið í ljós á Atlantshafsbandalaginu, og þær kröfur um sérstöðu, sem stjórn hans hafði krafizt innan Atlantshafsbandalagsins. Það var af þessum ástæðum, sem Pinay kaus að hverfa úr stjórninni eða var látinn víkja úr henni, og einmitt til þess að undirstrika, að stefnan í efnahagsmálunum skyldi vera óbreytt, tilnefndi de Gaulle sem eftirmann Pinays aðalbankastjóra Frakklandsbanka, sem hvert mannsbarn í Frakklandi veit að er embættismaður og hefur sömu grundvallarskoðanir í þessum efnum og de Gaulle og Pinay höfðu sameiginlega.

Það er ekki dómur um þessar grundvallarráðstafanir í gjaldeyrismálum, bankamálum og innflutningsmálum Frakka, að mikil óánægja hefur verið hjá frönsku bændastéttinni. Franska bændastéttin hefur notið meiri verndar og meiri sérréttinda en líklega nokkur önnur bændastétt í Evrópu. Henni höfðu verið tryggð margs konar markaðssérréttindi í landinu og hún notið gífurlegra uppbóta og gífurlega víðtæks styrkjakerfis. Það var einn liður í stefnu hinnar nýju stjórnar í Frakklandi að draga mjög verulega úr þessum styrkjum til fransks landbúnaðar og draga mjög verulega úr þeim niðurgreiðslum, sem franskar landbúnaðarafurðir eru seldar með á frönskum markaði, og það er þetta, sem hefur valdið

hinni miklu andstöðu frönsku bændastéttarinnar gegn þessari stjórn í Frakklandi. En það er að sjálfsögðu enginn mælikvarði á það, hvort stefnan í gjaldeyrismálum Frakka eða í gengismálum Frakka hefur verið rétt eða ekki rétt. Ég vil segja, að ein sönnunin fyrir því, að þessar gengismálaráðstafanir Frakka heppnuðust, en misheppnuðust ekki, er svo einmitt fólgin í því, að þrátt fyrir þessar róttæku breytingar hafa engin verkföll orðið í Frakklandi síðan, og er þó verkalýðshreyfingin í Frakklandi ekki aðeins mjög sterk, heldur að meiri hluta undir mjög róttækri forustu, sem sagt undir forustu hins stóra og sterka kommúnistaflokks í Frakklandi. Það hafa engin verkföll, ekki einu sinni á einstökum sviðum, hvað þá allsherjarverkföll, verið sett á í Frakklandi til þess að hnekkja þessari stefnu í gengismálunum. Væri óskandi, að íslenzk alþýðuhreyfing bæri gæfu til þess að taka jafnábyrga afstöðu gagnvart ráðstöfunum ríkisstj. í gengismálum og franska verkalýðshreyfingin hefur á því meira en ári, sem liðið er síðan, tekið gagnvart þessum ráðstöfunum þar í landi. En þar virðast forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, hvort sem þeir eru í hópi kommúnista, sósialdemókrata eða hinna kaþólsku, það eru 3 stærstu verkalýðssamböndin þar, — þar virðast þeir hafa verið á einu máli um, að það væri ekki leið fyrir franskan verkalýð að svara gengisbreytingu frönsku stjórnarinnar og stefnu hennar í gjaldeyris- og innflutningsmálum með því að efna til verkfalla og knýja fram kauphækkanir.

Þó að ég hafi sagt þetta, sem ég nú segi, um stefnu frönsku stjórnarinnar í gengismálum og gjaldeyris- og innflutningsmálum, þýðir það að sjálfsögðu ekki, að ég, án þess að vera þó nokkur sérfræðingur í frönskum stjórnmálum, sé reiðubúinn til þess að styðja stefnu hennar í öllum málum eða mundi kjósa þá flokka, sem þá stjórn styðja, ef ég væri franskur kjósandi. Því fer auðvitað víðs fjarri. Það eru mörg önnur atriði í stefnu hennar, sem að mínu viti hafa verið mjög ámælisverð, stefna hennar t. d. gagnvart opinberum starfsmönnum, stefna hennar í Alsírmálinu og þar fram eftir götum, sem mundi gera það að verkum. Þó að ég telji fjármálaráðstafanir hennar, ráðstafanir í gengismálum og innflutningsmálum, hafa verið réttmætar og borið mjög góðan árangur, geta önnur atriði valdið því, að maður, sem væri þar í sveit, mundi ekki treysta sér til þess að styðja þá stjórn, heldur mundi kjósa að skipa sér annars staðar í flokk.

Þá var það hitt atriðið, sem hv. þm. vék að, þar sem einnig var, því miður, hallað réttu máli, þar sem hann vék að Tyrklandi. Hann sagði, að þær efnahagsráðstafanir, sem þar hefðu verið gerðar, hefðu einnig misheppnazt fullkomlega, eins og sæist, sagði hann, á þeim fregnum um uppreisn í landinu, sem nú gyllu í eyrum manna daglega í útvarpi og blöstu við augum manna í blöðum. Það er sem sagt alger misskilningur, að uppreisnin í Tyrklandi núna sé mótmælaalda gegn þessum næstum — ég held tveggja ára gömlu efnahagsráðstöfunum. Uppreisnin í Tyrklandi núna er krafa um frelsi á hendur stjórn, sem er hálfgerð einræðisstjórn. Stjórnarfarið í Tyrklandi er ekki lýðræðislegt, og það er það, sem þeir tyrknesku uppreisnarmenn eða mótmælendur eru að krefjast, að tyrkneska stjórnin fylgi meiri lýðræðisreglum en hún gerir, að hún t. d. létti af þeirri ströngu ritskoðun, sem hún hefur komið á, að hún afnemi þær takmarkanir á starfsfrelsi andstöðuflokkanna, sem hún hefur komið á, enda hafi menn hlustað á útvarpsfréttirnar í kvöld, þá fólst eiginlega í þeim svar við því, sem hv. þm. var að segja hér síðdegis í dag, því að þar var greint frá nokkrum vígorðum, sem voru á kröfuspjöldum í þeirri 2000 manna fylkingu, sem stefndi að höllinni, þar sem utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins var einmitt settur í dag, og vígorðin voru öllsömun um aukið frelsi, um afnám frelsisskerðingar, um afnám ritskoðunar og þar fram eftir götunum. Það, sem þarna er um að ræða, er frelsishreyfing, er krafa um aukið lýðræði, andmæli gegn nýlegum ráðstöfunum um frelsisskerðingu, en ekki andmæli gegn um það bil tveggja ára gömlum ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ég þó skal ekki fjölyrða mikið um, því að það verður að segjast eins og er, að þær hafa ekki tekizt eins vel og Frökkum tókst, og þó enginn vafi á því, að þær hafa í Tyrklandi verið spor í rétta átt.

Að því er snertir ráðstafanirnar á Spáni, sem hv. þm. vék ekki að, en eru nýlegastar, er það að segja, að það sem ég get um þær séð í útlendum blöðum og tímaritum, þá hafa þær einnig orðið til þess að stórauka utanríkisverzlun Spánar og bæta gjaldeyrisaðstöðu landsins.

Þá vildi ég víkja nokkuð að ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að hann óttaðist, að hin stranga bankapólitík, sem ég hefði boðað í fyrri ræðum mínum um þetta frv., mundi verða til þess að valda gjaldþroti ýmissa smáatvinnurekenda hér á Íslandi. Slík bankapólitík gæti verið eðlileg í Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi og öðrum háþróuðum iðnaðarlöndum, en hún ætti ekki við hér á Íslandi sem tæki til þess að ná þeim markmiðum, sem ég vildi ná með henni. Ég vildi aðeins segja, að þau efnahagslögmál, sem gilda í Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi, hljóta líka að gilda hér á Íslandi. Það er enginn sá eðlismunur á efnahagslífinu eða atvinnustarfseminni hér á landi og í þessum löndum, sem geri að verkum, að einhver allt önnur lögmál gildi hér en þar. Ef það er rétt, sem hv. þm. játaði, að ströng bankapólitík sé hagkvæmt og árangursríkt tæki til þess að hjálpa til að ná jafnvægi gagnvart útlöndum, ef það er rétt í Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi, þá hlýtur það líka að vera rétt hér á Íslandi og er það líka.

Ég óttast ekki, að sú stefna í bankamálum, sem þessi ríkisstj. fylgir, muni verða til þess

að setja nokkurn mann á höfuðið, hvorki smáan atvinnurekanda né heldur stóran. Eðli þeirrar stefnu í bankamálum, sem þessi ríkisstj. fylgir og ætlar að fylgja undir öllum kringumstæðum og undir engum kringumstæðum að vikja frá, — eðli hennar er svo einfalt í raun og veru, grundvallarsetningin er svo einföld, að það hlýtur hverjum manni að verða ljóst, að hún getur ekki orðið til þess að setja neinn mann, hvorki smáan né stóran, á höfuðið. Grundvallaratriði þessarar stefnu í bankamálum er einfaldlega og blátt áfram þetta: að lána út sparifé bankanna, lána út allt sparifé bankanna, en ekkert meira en sparifé, að auka útlán bankanna ekki um meira en sparifé vex, þetta og ekkert annað. Þetta er kjarninn í þeirri bankapólitík, sem hv. 3. þm. Reykv. kallar stranga og segir að muni verða til þess að setja einhvern á höfuðið. Ég segi: ef það er skilyrði fyrir því, að menn hér fari ekki á höfuðið, að bankarnir láni út meira en þeir fá til sín, er eitthvað meira en lítið bogið við þann atvinnurekstur, og þá er spurningin, hvort hann á nokkuð annað skilið en að fara á höfuðið.

Það er auðvitað hægt að halda öllum heilbrigðum atvinnurekstri í landinu gangandi með því, að bankarnir láni út það fé, sem lagt er inn í þá, og að þeir auki útlán sín um það peningamagn, sem innlánin vaxa um. Atvinnulífið í heild þarf ekki á meira lánsfé að halda en þessu. Ef útlánin eru aukin umfram þetta, leita þau eftir einhverjum krókaleiðum í fjárfestingu, sem ber ekki að halda uppi með slíkum lánveitingum, og eru þar af leiðandi óheilbrigð og eru ein hliðin, ein spegilmyndin af verðbólgu í landinu. Þetta er einfalt lögmál, og það er ekki hart. Að því leyti er algerlega óþarfi að kalla bankapólitík, sem fylgir þessum grundvallarlögmálum, harða. Hún kann að virðast hörð, meðan verið er að breyta óheilbrigðri bankapólitík í það horf, að hún verði heilbrigð. Meðan þeir atvinnurekendur, sem hafa notið þess fjár, sem bankaútlán hafa vaxið um umfram sparifjármyndun og veitt í einhvers konar fjárfestingu, eru að laga sig að þessari heilbrigðu stefnu í bankamálum, kann hún að virðast hörð fyrir þá, en til lengdar getur hún ekki verið það og er það ekki, því að einmitt á þessum grundvallarlögmálum byggja allir bankar í öllum heilbrigðum þjóðfélögum stefnu sína, hvort sem skipulag þeirra er kapítalistískt eða sósíalistískt, hvort sem það byggir á frjálsri samkeppni eða á áætlunarbúskap.

Hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín spurningu, sem hann óskaði mjög eftir að ég svaraði skýrt og ljóst, um það, hver stefna ríkisstj. væri í kaupgjaldsmálum, hvað ríkisstj. hygðist fyrir, ef kaupgjaldið hækkaði, hvort ríkisstj. ætlaði þá að láta það afskiptalaust. Ég skal með ánægju verða við ósk hv. þm. um að svara þessu með einföldum og ég vona skýrum og ljósum orðum.

Það er stefna ríkisstj. að hafa engin afskipti af kaupdeilum, sem verða kunna. Ef atvinnurekendur telja sig geta borgað meðlimum í stéttarfélögum hærra kaup, gera þeir það af sínum tekjum. Af því mun ríkisstj. engin afskipti hafa. En hún segir við atvinnurekendurna alveg skýrt og vill ekki, að á því sé nokkur minnsti vafi, ekki skuggi af vafa, að ríkisstj. mun engar verðhækkanir leyfa vegna kauphækkana, sem atvinnurekendur fallast á að greiða. Og ríkisstj. mun undir engum kringumstæðum taka upp aftur nokkrar tegundir af uppbótum til þess að bæta atvinnurekendum upp þær kauphækkanir, sem þeir kunna að semja um, — undir engum kringumstæðum.

Ég vil líka í viðbót við þetta svar eða í beinu framhaldi af því og í samræmi við það svara því, sem hv. þm. spurði um: Er það kannske ætlun ríkisstj., ef kaup þrátt fyrir allt hækkar, að bera fram till. við Alþingi um nýja gengisbreytingu? Ég ætla að svara þessu alveg skýrt líka: Nei, það er ekki ætlun ríkisstj. að bera fram við Alþingi till. um nýja gengisbreytingu. Þetta er jafnframt vitneskja fyrir atvinnurekendur um, að ef þeir semja við verkalýðsfélög um hækkað kaup, geta þeir ekki heldur átt von á því, að genginu verði breytt til þess að bæta þeim þá kauphækkun, sem þeir kunna að semja um. Ríkisstj. telur, eftir að hafa gert mjög ýtarlegar rannsóknir á málinu, að það gengi, sem hún lagði til við Alþingi að samþykkt yrði, sé nægilegt til að tryggja arðbæri íslenzkra útflutningsatvinnuvega, miðað við núverandi kaupgjald. Það er bjargföst sannfæring ríkisstj., að þetta gengi sé nægilegt til þess að tryggja arðbæri íslenzkra útflutningsatvinnuvega sem heildar, miðað við núverandi kaupgjald. Þess vegna verður þessu gengi haldið. Ef hins vegar íslenzkir atvinnurekendur telja sig geta borgað meira en þetta, er það þeirra mál, án afskipta af hálfu ríkisstj.

Hv. þm. spurði líka, hvort það væri stefna ríkisstj. að afnema eftirvinnu og koma á því, sem hann kallaði „hæfilegt atvinnuleysi". Það er ekki stefna ríkisstj., að vinnutími í landinu minnki frá því, sem nú er. Það er ekki stefna stjórnarinnar, að neinar þær breytingar verði í framleiðslumálum eða á vinnumarkaðnum, sem líklegar séu til þess að draga úr heildarframleiðslu þjóðarinnar. Hins vegar er það að sjálfsögðu, eins og kaupgjaldsmálið sjálft, samningsatriði á milli vinnuveitanda og verkamanna, hversu lengi er unnið.

Í framhaldi af þessum bollaleggingum eða þessum fyrirspurnum hv. 3. þm. Reykv. held ég, að gagnlegt geti verið að fara um það nokkrum orðum, hvernig kjarabætur gerast og hvernig íslenzkir launþegar geti búizt við því á næstunni, að sú kjaraskerðing, — sú kjaraskerðing, segi ég hiklaust, — sem nú á sér stað til bráðabirgða í framhaldi af þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, geti aftur snúizt upp í kjarabót, sem ég vona að muni verða og treysti að geti orðið innan ekki langs tíma. Sannleikurinn er sá, að menn gera sér ekki nálægt því alltaf nógu ljósa grein fyrir

því, hvernig kjarabætur verða í nútímaþjóðfélagi eins og hinu íslenzka. Menn þvert á móti hafa margir mjög rangar hugmyndir um það í grundvallaratriðum. En skilningur á því hjálpar einmitt til þess að gera sér ljóst, hvernig búast megi við því, að sú kjaraskerðing, sem nú í bráð á sér stað, geti aftur breytzt í kjarabót. Kjarabætur í þjóðfélagi eins og því íslenzka verða einkum af þremur orsökum, verða einkum af einni orsök af þessum þremur: viðskiptakjörin geta breytzt út á við, verðlag á útflutningi hækkað eða verðlag á innflutningi lækkað, framleiðsla þjóðarinnar getur aukizt, og í þriðja lagi getur framleiðni eða þjóðartekjurnar aukizt. En það er ekki víst, að kjarabótin, sem hlýtur að leiða af þessu fyrir þjóðfélagið í heild, komi fram á einn og sama hátt, og það er að mjög verulegu leyti komið undir stefnu ríkisvaldsins í efnahagsmálum, á hvern hátt kjarabótin kemur fram, þegar eitthvað af þessu þrennu gerist, að viðskiptakjörin breytast landinu í hag, að framleiðslan vex eða framleiðni eða þjóðartekjurnar vex.

Ef viðskiptakjörin breytast t. d. á þann hátt, að verð á innflutningi lækkar, þá lækkar verðlag í landinu og þá kemur kjarabótin fram á þann hátt, ef kaupgjald helzt óbreytt, að verðlag lækkar í landinu.

Ef viðskiptakjörin breytast á þann hátt, að verð á útflutningi hækkar, gerist það ekki sjálfkrafa, að bót verður á kjörum manna, þá þarf annað tveggja að koma til, að gengi sé hækkað, sem því miður er of sjaldan látið verða undir slíkum kringumstæðum, eða skilyrði skapast til kauphækkunar. Það er t. d. undir slíkum kringumstæðum, sem kauphækkun er eðlileg og sjálfsögð, þ. e. ef almenn verðhækkun verður á útflutningsvörum landsmanna, viðskiptakjörin breytast landinu í hag á þann veg. Undir þeim kringumstæðum er kauphækkun eðlileg og sjálfsögð, nema því aðeins að gengið sé hækkað, sem mundi leiða til lækkaðs verðlags í landinu.

Ef hagur landsins batnar, kjarabæturnar eru í heild á þann hátt, að framleiðsla landsins vex, afli vex, iðnaðarframleiðsla vex eða landbúnaðarframleiðsla vex, þá sigla í kjölfar þess beinlínis auknar tekjur hjá framleiðslustéttunum vegna þess kerfis í launamálum, sem við búum við hér á Íslandi. Tekjur sjómanna vaxa, tekjur bænda vaxa og þeirra ýmissa annarra, sem fá auknar tekjur vegna hinnar auknu framleiðslu. Hitt er svo annað mál, hvort hin sjálfkrafa tekjuaukning, sem verður af framleiðsluaukningunni, dreifi heildartekjuaukningunni réttlátlega. Það má mjög draga í efa. T. d. verða opinberir starfsmenn út undan, ef ekki er sérstaklega að gætt, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir. Ef heildarkjarabótin verður vegna aukinnar framleiðslu, þarf að gera sérstakar ráðstafanir t. d. til að bæta kjör þeirra og þeirra launamanna, sem vinna við innflutning og innlendu framleiðsluna. Kjör opinberra starfsmanna eru bætt þannig, að útflutningurinn, sem hefur hagnað, er skattlagður sérstaklega til að geta borgað opinberum starfsmönnum aukið kaup. Hliðstæðar ráðstafanir er hægt að gera gagnvart þeim launþegum, sem vinna við innflutning og innlenda framleiðslu. M. ö. o.: ef þjóðartekjurnar vaxa vegna aukinnar framleiðslu, þarf líka að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu launþegasamtaka og þá með hjálp ríkisvaldsins til þess að dreifa tekjunum af þessari auknu framleiðslu öðruvísi og jafnar en verður sjálfkrafa, en að mjög verulegu leyti verður tekjuaukningin sjálfkrafa, beinlínis í kjölfar sjálfrar framleiðsluaukningarinnar.

Mestur vandinn er hins vegar á höndum, þegar heildarkjarabótin gerist vegna aukinnar framleiðni, vegna aukins framleiðnivitets. Það er þá, sem eiginlegt hlutverk launþegasamtakanna er mest að fylgjast með því, hversu framleiðnivitetsaukningin er mikil, og tryggja, að hæfilegur hluti hennar, að réttlátur hluti hennar lendi í höndum launþega. Þar er mestur vandinn hjá launþegasamtökunum og ríkisvaldinu, sem að mínu viti á að styðja slíka þróun. Það, sem þó hjálpar hér til meira en menn hafa áttað sig á, er, með hvaða hætti kauphækkun gerist nú á tímum í nútímaþjóðfélagi, með hvaða hætti sú kauphækkun gerist, sem einkum og sér í lagi er afleiðing af aukinni framleiðni, en getur líka siglt í kjölfar aukinnar framleiðslu og jafnvel bættra viðskiptakjara. Kjarabótin, sem launþegar hljóta, á sér nefnilega alls ekki að meiri hluta stað, — ég segi þetta aftur: á sér í nútímaþjóðfélagi alls ekki að meiri hluta stað í hækkuðum töxtum launþeganna, heldur í því, að launþegarnir flytjast úr einu starfi, sem er lægra launað, í annað starf, sem er hærra launað. Þeir flytjast á milli taxta, ef svo mætti segja. Þeir flytjast úr einni stéttinni í aðra. Það er í þessu formi, sem kjarabótin í nútímaþjóðfélagi gerist að langmestu leyti. Þannig gerist kjarabótin að langmestu leyti, ekki aðeins í vestrænum ríkjum, heldur einnig í hinum austrænu ríkjum, og þannig hefur kjarabótin gerzt hér á Íslandi að langmestu leyti s. l. 25 ár, s. l. aldarfjórðung. Það er þess vegna, sem tölur um breytingu á taxtakaupi eru svo villandi um þá kjarabót, sem launþegastéttin sem heild hefur hlotið, því að þá er gleymt að taka tillit til þess, hversu mikill hluti af launþegastéttinni hefur flutzt frá lægra launuðu starfi í betur launað starf, flutzt frá lægri taxta í hærri taxta. Það er t. d. alveg augljóst mál, að mælikvarði á kjör Dagsbrúnarmanna er alls ekki hækkun hins almenna, lága Dagsbrúnartaxta sjálfs. Það er algerlega villandi mælikvarði á tekjur Dagsbrúnarmannsins að bera saman taxtann eins og hann var fyrir 20 árum og taxtann eins og hann er nú. Til þess að reikna dæmið rétt verðum við líka að taka tillit til þess, hversu mikill hluti Dagsbrúnarmanna er nú á þessum taxta og hversu mikill hluti þeirra er nú á hærri taxta. Og enn þarf að taka tillit til hins, ef við viljum taka þetta

sem einhvern mælikvarða á tekjur launþegastéttarinnar yfirleitt, hversu mikill hluti launþeganna er nú Dagsbrúnarmenn og hversu mikill hluti var áður Dagsbrúnarmenn. Það hlutfall hefur stórkostlega lækkað. Dagsbrúnarmenn eru nú miklu minni hluti af heildarlaunþegunum í landinu en þeir voru fyrir 25 árum, sem betur fer. Það er í þessu, sem kjarabót launþeganna hefur komið ekki hvað síst greinilega fram, að þeim mönnum, sem vinna fyrir hinn almenna Dagsbrúnartaxta, fer sífellt fækkandi. Í þessu eru fólgnar kannske mestu framfarirnar hér á landi. Sú kjarabót, sem hlýzt í nútímaþjóðfélagi af aukinni framleiðni, af auknu framleiðniviteti, kemur einmitt fyrst og fremst fram í þessu, að hlutfallstala þeirra manna, sem eru á lægstu launum, fer alltaf lækkandi. Án þess að skilja þessar staðreyndir, sem eru allt of lítið kunnar, geta menn ekki dæmt kaupgjaldsmálin eða launamálin af þeirri skynsemi og þeirri sanngirni, sem nauðsynlegt er.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi svo enn allmikið í ræðu sinni um viðskipti okkar við Austur-Evrópu. Hann sagði, að við í ríkisstj. yrðum að gera okkur ljóst, að hér væri alls ekki spurning um að vernda innflutninginn frá þeim, heldur útflutninginn þangað. Og hann sagði, að jafnvirðiskaupalöndin mundu kaupa jafnmikið og við af þeim. Þetta er því miður rangt. Við höfum því miður ekki tryggingu fyrir því, að þau kaupi jafnmikið af okkur og við af þeim. Honum er áreiðanlega jafnkunnugt og mér, að við höfum t. d. á síðasta ári gert tilraun til þess að selja meira, jafnvel til þess viðskiptalandsins, sem er stærst og bezt af jafnvirðiskaupalöndunum öllum, til Sovétríkjanna, af bæði freðfiski og síld sérstaklega heldur en við áttum kost á að selja þangað, og ég treysti því, að ef við hefðum getað fengið að selja þangað meira en við fengum samninga um, þá hefði okkur tekizt að kaupa þaðan á móti. En það tókst því miður ekki að fá markað í Sovétríkjunum fyrir jafnmikið af freðfiski og síld, sérstaklega ekki af síld, eins og við hefðum kosið að selja þangað. Þegar af þessu sést, að það er því miður ekki rétt, að við höfum vissu fyrir því, að þessi lönd kaupi jafnmikið af okkur og við af þeim. Við höfum notað markaðinn í Austur-Evrópu fyrir okkar útflutningsvörur í eins ríkum mæli og við höfum átt kost á að nota hann. Við höfum yfirleitt samið um allt, sem hægt hefur verið að selja til þessara landa. Það hefur yfirleitt ekki staðið á Íslendingum að selja, með minni háttar undantekningum um sérstakar vörur, en yfirleitt hefur ekki staðið á Íslendingum að selja til þessara landa, heldur hefur það verið takmarkað, sem okkur hefur tekizt að finna markað þar fyrir, þó að aukningin á undanförnum 8 árum hafi verið gleðilega mikil, sérstaklega að því er snertir freðfiskinn. Þetta vildi ég segja alveg skýrt til þess að undirstrika, að það er ekki rétt mynd, sem menn fá af ræðum hv. þm. um þetta, a. m. k. ekki þegar þetta er bakgrunnurinn, sem hann byggir ummæli sín að öðru leyti á. Ég vil þó ekki segja, að höfuðvandi austurviðskiptanna væri sá, að það hafi skort mikið á, að við höfum getað fengið að selja þangað það, sem við höfum viljað selja þangað. Vandi þessara viðskipta hefur ekki verið fólginn í því. Vandinn hefur hins vegar verið fólginn í því að finna vörur til þess að kaupa frá þessum löndum í staðinn fyrir það mikla magn, sem við höfum getað selt þangað, sem henti okkur og séu sambærilegar í verði við þær vörur sams konar, sem við höfum getað fengið fyrir frjálsan gjaldeyri frá vestrænum löndum. Það hefur verið meginvandi viðskiptanna. En það verður sannarlega ekki sagt um íslenzk stjórnarvöld, hvorki þau, sem setið hafa hér, áður en núv. ríkisstj. tók við, né heldur um þessa ríkisstj., að þau hafi ekki gert svo að segja allt, — ég segi aftur: svo að segja allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að finna vörur í þessum löndum, hagkvæmustu vörurnar, sem völ hefur verið á í þessum löndum, til þess að kaupa í staðinn fyrir það magn, sem við höfum átt kost á að selja þangað. Mér er ekki kunnugt um neina ríkisstj. síðan 1952, að þessi miklu viðskipti hófust, sem hefur ekki verið öll af vilja gerð til þess og hefur sýnt það í verki í ráðstöfunum sínum, að hún hefur beinlínis lagt sig fram um að finna vörur í þessum löndum, sem hentuðu Íslendingum einna bezt, til þess að gera sérhverja þá sölu til þessara landa mögulega, sem unnt hefur verið að gera sölusamning um. Vandinn hefur verið mikill, og hann hefur verið á innflutningshliðina. Hann hefur verið sá, að þær vörur, sem við höfum orðið að kaupa í staðinn, eftir að hafa farið yfir allan þann langa lista yfir vörur, sem þaðan er völ á, hafa sumar hverjar, neðstu vörurnar á listanum, síðustu vörurnar á listanum, því miður oft verið þannig, að þær annaðhvort henta okkur ekki eða þá eru ekki sambærilegar í verði eða þá eru þannig, að við eigum ekki kost á þeim í sams konar fjölbreytni og við getum fengið þær annars staðar frá. Samt sem áður höfum við keypt þær. Eina breytingin, sem nú er að gerast, er sú, að um það bil 13% af innflutningnum 1958 á nú að mæta samkeppni frá frjálsum gjaldeyrislöndum, og þær vörur, sem valdar hafa verið til þess að mæta samkeppninni, eru allt saman vörur, sem mjög litlar líkur eru til að unnt sé að gera þá stóru fyrirframsamninga um, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur fjölyrt svo mikið um. Hinir stóru fyrirframsamningar eru gerðir um stóru vörukaupin, um kol, olíu, járn og stál og timbur og því um líkt. En stórir fyrirframsamningar eru ekki gerðir um fullunnar vefnaðarvörur, þeir eru ekki gerðir um búsáhöld og aðrar slíkar neyzluvörur, sem þurfa að vera fyrir hendi í mjög miklu vöruúrvali og með mikilli fjölbreytni og þar sem framleiðslan er miklum breytingum undirorpin frá ári til árs, jafnvel frá mánuði til mánaðar. En það eru fyrst

og fremst slíkar vörur, sem við höfum talið að þessi lönd væru þegar búin að byggja upp svo traustan markað fyrir hér á landi, að þau væru ekki í neinni óeðlilegri hættu, — ég segi viljandi og að yfirlögðu ráði: væru ekki í neinni óeðlilegri hættu, þó að þau þyrftu að mæta samkeppni frá öðrum löndum. Ef næstum áratugs viðskipti, þar sem íslenzki markaðurinn hefur verið verndaður mjög rækilega fyrir útflytjendur í þessum löndum, sérstaklega í Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi, hafa ekki dugað til þess að koma hér á viðskiptasamböndum og byggja hér upp markað fyrir slíkar vörur sem þessar, þannig að þær þoli samkeppni annars staðar frá, þá eru viðskiptin ekki heilbrigð. En þau verða kannske heilbrigð, ef slík samkeppni kemst á á þessum sviðum.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., að í aðalatriðum verða þessi viðskipti vegna efnahagskerfisins, sem í þessum löndum ríkir, að grundvallast á stórum sölusamningum. Alveg eins og sala okkar til þeirra á freðfiski og síld grundvallast á stórum samningum, verða nokkrir stórir samningar að koma á móti, og það hefur ekki staðið á Íslendingum að gera slíka samninga, og til þess eru þeir að sjálfsögðu reiðubúnir áfram. En það er ekki heppilegt og ekki æskilegt, að bókstaflega öll viðskiptin séu á þessum grundvelli, enda heldur alls ekki framkvæmanlegt að öllu leyti. Og þegar slíkir stórfyrirframsamningar eru ekki framkvæmanlegir, eins og með ýmsar af þessum neyzluvörum, er eðlilegast, að viðskiptin við þessi lönd komist á þann heilbrigða grundvöll, sem ég vona að þau komist, þegar um nokkurt aðhald af samkeppni verður að ræða.

Af því að hv. þm. nefndi enn í þessari ræðu sinni nokkuð bílana og vandamálið með þá, eru þeir í raun og veru gott dæmi um þann vanda í innflutningshliðinni, sem við er að etja í þessum viðskiptum. Hann vitnaði í þær upplýsingar, sem ég gaf, að í rammasamningnum við Sovétríkin hefði verið gert ráð fyrir kaupum hingað á 500 bifreiðum, en það væri ekki búið að gera fasta kaupsamninga um nema 250 bíla, og hafi ég sagt, að við það yrði að sjálfsögðu staðið, og það endurtek ég hér. En hann spurði: Hvað verður um hina 250 bílana? Verða þeir teknir? Og ef þeir verða ekki teknir, minnkar það þá ekki möguleika okkar til sölu á flökum og síld í Sovétríkjunum? Nú held ég, að hv. þm. viti áreiðanlega, hver vandi er hér á ferðum, og sá vandi er einmitt alveg greinilegur, hann er týpískur um þann vanda, sem við stöndum oft frammi fyrir í þessum viðskiptum. Hv. þm. veit eflaust, að aðalbílategundin, sem hér er um að ræða, Moskvits-bílarnir, kosta nú eftir gengislækkunina um 130 þús. kr., og þeir virðast ekki vera seljanlegir á því verði. Ríkisstj. er reiðubúin til þess að gera þær ráðstafanir til þess að gera þá seljanlega að halda innflutningi á bílum frá Vestur-Evrópu og Ameríku niðri í algeru lágmarki, hafa á þeim nær innflutningsbann, t. d. á þeirri bílategund, sem keppir einna harðast á þessum markaði, sem er þýzki fólksbíllinn. Hann kostar um 100 þús. kr. eftir gengisbreytinguna. Eftir honum er gífurleg eftirspurn á 100 þús. kr., að því er innflytjendurnir segja. Innflytjendurnir á Moskvitsbílunum segja, að það sé engin eftirspurn eftir þeim á 130 þús. kr. Nú spyr ég hv. þm. í fullri vinsemd, — þetta er sameiginlegt vandamál, sem við eigum við að etja, og er mikið vandamál: Hvað mundi hann gera í þessum sporum? Það er auðvitað ekki nóg að segja, að ef við kaupum ekki þessa 250 bíla, sem þarna er um að ræða, þá sé ríkisstj. að stefna ísfisksmarkaði okkar eða saltfisksmarkaði okkar í Sovétríkjunum í hættu. Það þarf að vera hægt að selja þessa 250 bíla, sem munu kosta 130 þús. kr. Ef þeir eru óseljanlegir, er það ekki ríkisstj., sem hefur spillt ísfisksmarkaði eða saltfisksmarkaðinum eða saltsíldarmarkaðinum í Sovétríkjunum, heldur er það sú staðreynd, að þessi vara, sem við viljum gjarnan kaupa, er ekki seljanleg á íslenzkum markaði, í fyrsta lagi ekki í samkeppni við aðra, og þó að við útilokum samkeppnina algerlega, eins og við erum reiðubúnir til að gera, þá er varan samt sem áður ekki seljanleg, að því er innflytjendur telja. Hér er mikið vandamál á ferðinni. Hvað á að gera til að gera bílana seljanlega? Á að lækka gjöldin á þeim? Á að lækka verðlagið á þeim til að gera þá seljanlega? Nú er ekki hægt að lækka verðið á einni bílategund, það yrði þá að lækka verð á öllum bílum eða t. d. litlum bílum, Moskvits-bílarnir eru lítil bílategund. Þá mundi verðið á Volkswagen-bílunum lækka í sama hlutfalli. Eftirspurnin eftir þeim mundi þá náttúrlega vaxa enn meira. En kannske er það leiðin. Ekki veit ég, hvort hv. þm. mundi vilja mæla með því, að dregið yrði úr lúxusgjöldunum á bifreiðainnflutningnum. Þó er það leið, sem verður að athuga í fullri alvöru.

Nokkuð svipað er að segja um annan stóran vöruflokk, sem komið hefur til greina að kaupa frá Sovétríkjunum, sem eru vélar. Þar stendur engan veginn á íslenzkum yfirvöldum að greiða fyrir innflutningi á vélum frá Sovétríkjunum hingað til landsins. Það stendur á því að finna kaupendur hér á landi fyrir vélarnar við því verði, sem þær eru boðnar fram á í Sovétríkjunum. En þess má kannske geta í sambandi við bílana, að það er vitað mál, að bílar frá Sovétríkjunum eru seldir hingað við hærra verði en t. d. á frjálsum markaði í Bandaríkjunum. Þeir eru seldir hingað á svipuðu verði og þeir hafa verið seldir, að því er ég bezt veit, í öðrum skandinavískum löndum. En verðið er mun hærra hingað og t. d. til Noregs en þeir eru seldir á til Bandaríkjanna. Ég er í engum vafa um, að ef bílarnir eru seldir hingað á sama útflutningsverði og þeir eru seldir til Bandaríkjanna, mundi skapast stór markaður fyrir þessa bíla hér og þá um leið tilsvarandi markaður fyrir okkar útflutningsvörur í Sovétríkjunum.

Ég segi þetta aðeins til þess að sýna, að það er hvorki rétt né heldur sanngjarnt að lýsa vandamálinu þannig, að erfiðleikarnir, sem geta komið upp og koma upp í slíkum viðskiptum, séu allir saman heimatilbúnir af íslenzkum stjórnarvöldum. Því fer víðs fjarri. Slík vandamál eru venjulega þannig, að það geta báðir aðilar gert sitt til að leysa þann vanda, sem að steðjar, og ég vona, að sá vandi, sem að vísu er smávægilegur, sem er nú á ferðinni í sambandi við viðskiptin við Sovétríkin að þessu leyti og hv. þm. var að gera að umtalsefni, leysist. En ég vil segja, að það er eindregin von mín, að hann leysist þannig, að ekki þurfi að verða um að ræða einhliða tilslakanir af íslenzkra stjórnarvalda hálfu, heldur komi þar einnig á móti nokkrar tilslakanir af rússneskra stjórnarvalda hálfu, sem sýni, að þeim sé annt um að hafa markað á Íslandi, alveg eins og okkur er annt um að hafa markaði í Sovétríkjunum. Ég vil segja aftur, að ég vona, að við þær viðræður, sem sumpart fara fram og sumpart munu fara fram um þessi atriði og ýmis önnur hliðstæð, sem upp kunna að koma og ástæðulaust er að gera að umtalsefni hér, þau leysist öllsömun, og þau munu leysast, ef af beggja hálfu er góður vilji fyrir hendi.

Hv. þm. saknaði þess, að ég hefði ekki í fyrri ræðu minni svarað þeirri fsp. frá honum, hvort ekki væri líklegt, að innflutningur frá Sovétríkjunum minnkaði vegna minnkandi fjárfestingar hér og vegna minnkandi neyzlu hér. Um þetta er það að segja, að við getum að sjálfsögðu ekki haldið uppi fjárfestingu hér á landi út frá því sjónarmiði fyrst og fremst, hvað þá því sjónarmiði einu, að við þurfum að flytja inn fjárfestingarvörur frá Sovétríkjunum eða einhvers staðar annars staðar frá. Það eru önnur sjónarmið, sem hljóta að ráða því, í hversu mikla fjárfestingu við leggjum hér. Ef fjárfesting hér minnkar svo mikið, að það komi fram í minnkuðum innflutningi frá Sovétríkjunum, efast ég ekki um, að okkur muni kleift að kaupa frá því landi aðrar vörur í staðinn, sem okkur sé jafnhagkvæmt að kaupa og fjárfestingarvörurnar, sem við kaupum þaðan núna. Svipað er um það að segja, þótt ég að vísu geri ekki ráð fyrir því í neitt svipuðum mæli og hv. 3. þm. Reykv., að innflutningur til landsins frá Sovétríkjunum muni minnka verulega vegna minnkaðrar neyzlu hér. Þá er og um það að segja, að ef svo yrði að einhverju leyti, þá er ég í engum vafa um, að frá því landi er unnt að kaupa vörur okkur hagkvæmar, sem til þess mundi svara. Ég mundi segja, að höfuðvandinn í viðskiptum við Sovétríkin, fyrir utan þetta minni háttar mál, sem ég var að tala um áðan, sé sá, að við eigum þar ekki kost á öllum þeim markaði, sem við vildum gjarnan eiga kost á þar. Að vísu urðu þau gleðilegu tíðindi nú fyrir skömmu, að það eru líkindi til þess, að Sovétríkin muni kaupa 2000 tonn af frystum fiskflökum til viðbótar, þannig að heildarsalan þangað gæti farið upp í allan kvótann, 32 þús. tonn, og engum hefur dottið annað í hug en hægt sé að kaupa vörur þaðan á móti því útflutningsmagni.

Ég mundi segja, að höfuðvandamálið í viðskiptunum við Sovétríkin væri þveröfugt við það, sem hv. þm. vill telja höfuðvanda austurviðskiptanna yfirleitt. Höfuðvandinn í viðskiptunum við Sovétríkin og þá um leið við alla austurblokkina er sá, að þar er minnkandi markaður fyrir saltaða síld, og Sovétríkin eru ekki reiðubúin, því miður, til þess að kaupa af okkur alla þá söltuðu síld, sem við erum reiðubúnir og viljum fegnir geta fengið að selja þangað. Þetta mundi ég segja að væri kjarninn í vandanum í viðskiptunum við austurblokkina, og hann er þveröfugur við það, sem hv. þm. lýsir honum hér.

Hv. þm. nefndi einnig aftur í ræðu sinni vandamálið um sölu á sjólaxi til Tékkóslóvakíu og taldi útflutningsfyrirtækið hér liggja með allmiklar óseldar birgðir af sjólaxi, en hafa áður haft örugga markaði í Tékkóslóvakíu. Ég vona eindregið, að innan skamms muni innkaup frá Tékkóslóvakíu aukast aftur svo verulega, að þessi markaður haldist a. m. k. að mestu leyti. Sá samdráttur, sem varð á innkaupum frá því landi á fyrstu mánuðum ársins, á sér áreiðanlega alveg sérstakar orsakir vegna þeirrar óvissu, sem innflytjendur telja að hafi skapazt í innflutningsmálunum. En eftir að frílistinn varð í raun og veru kunnur, eins og hann varð við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d., hefur þess þegar orðið vart, að menn hafa farið að gera ráðstafanir til innkaupa, sérstaklega í Tékkóslóvakíu og raunar í fleiri af Austur-Evrópulöndunum, þannig að ég á von á því, að mjög fljótlega komist þau viðskipti í aðalatriðum í eðlilegt horf, þannig að þessi markaður muni ekki vera í hættu.

Að síðustu, að því er snertir þá fsp. hv. þm., hvað ríkisstj. hygðist fyrir að því er snertir vorsíldina, þá er rétt að skýra frá því hér, að það hefur þegar verið ákveðið. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur þegar ákveðið að frysta 2000 tonn af þessari síld, þó að ekkert hafi veiðzt upp í það enn þá, og vonir standa því til þess, ég vona rökstuddar vonir, að hægt muni vera að selja þá vöru einmitt í Tékkóslóvakíu. 2000 þús. tonn eru að vísu ekki mikið magn, en samt sem áður má segja, með hliðsjón af því, að það er ekki rétt hjá hv. þm., að fyrir vorsíldarmarkaðnum sé ekki hugsað af hálfu þeirra, sem ábyrgðin á því hvílir fyrst og fremst á.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú búið að hafa svo langa kennslustund hér í Rússlandsviðskiptum, að það er eiginlega hálfgleymt, sem hæstv. viðskmrh. sagði í upphafi ræðu sinnar, þar sem hann vék nokkuð að því, sem ég hafði sagt hér fyrr í dag eða við fyrri umr. En það eru ekki nema fá atriði, sem ég þarf að svara af því, sem hann sagði.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð mikið um gjaldeyrishöft og um orsakir þeirra og hvaða ráðstafanir mætti helzt gera til þess að losna við þau. Til þess að átta sig á því, er það einna auðveldast á þann veg, að menn geri sér grein fyrir því, hver er orsök haftanna eða hvers vegna verður að grípa til gjaldeyrishafta. Orsökin er sú, að eftirspurnin eftir gjaldeyri er of mikil, og þess vegna verður að grípa til ráðstafana til að takmarka hana. Til þess að mæta þessum orsökum eða draga úr þeim er um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú að gera ráðstafanir til að draga úr eftirspurninni, en orsök hennar er kaupgetan, og hin er sú að reyna að afla aukins gjaldeyris og draga úr gjaldeyrisskortinum á þann veg. Hér er bersýnilega um tvo aðalmöguleika að ræða. Allt hið fræðilega tal hæstv. viðskmrh. um þessi mál breytir ekki því, sem ég sagði um þessar tvær meginstefnur til þess að draga úr gjaldeyrishöftum. Hitt er svo alveg rétt hjá honum, að það þarf fleiri ráðstafanir til viðbótar en þessar tvær meginleiðir, ef tilætlaður árangur á að nást. En ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það nánar hérna, vegna þess að þetta breytir ekki þeim meginatriðum, sem ég dró fram.

Það var sérstaklega það, sem ráðh. sagði hér um Frakkland og Tyrkland, og það, sem ég hafði sagt um þau mál, sem gaf mér tilefni til að segja hér nokkur orð að nýju.

Hæstv. ráðh. vildi draga mjög í efa, að það, sem ég hafði sagt um þessi mál, væri rétt. Ég ætla ekki að fara að deila lengi við hann um þetta efni nú. T. d. í sambandi við Frakkland mun ég láta það alveg nægja að vísa til aðila, sem eiga að vera dómbærir um þessi mál, og ég álít, að hæstv. ráðh. ætti ekki síður að geta sætt sig við úrskurð þeirra en ég, og það eru þeir menn í Frakklandi, sem hæstv. ráðh. telur flokksbræður sína, jafnaðarmennirnir. Ég veit ekki betur en þeir hafi sagt sig úr núverandi ríkisstj. Frakklands vegna andstöðu gegn þeirri efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. fylgir. Hins vegar eru þeir sammála ríkisstj. í öðru aðalmálinu, sem nú er efst á baugi í Frakklandi, sem er Alsírmálið. Þeir sögðu sig úr ríkisstj. vegna ágreinings um efnahagsmálastefnuna og halda nú uppi harðri andstöðu gegn stjórninni vegna stefnu hennar í efnahagsmálunum. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að þeir telja, sem líka rétt er, að þessar ráðstafanir hafi skert lífskjör almennings í Frakklandi alveg stórkostlega. Ástæðan til þess, að það hefur ekki enn orðið mikið um verkföll í Frakklandi, er sú, að í raun og veru óttast verkamenn það og ekki að ástæðulausu, að ef þar yrði um einhver meiri háttar verkföll að ræða, þá mundi ríkisstj. láta herinn grípa í taumana, svo að Frakkland er ekki neitt venjulegt lýðræðisríki í þessum efnum. Ef þessi ótti væri ekki yfirvofandi, væru að sjálfsögðu þegar hafin stórfelld verkföll í Frakklandi vegna þess ástands, sem þar hefur skapazt. Frönsku bændurnir hafa líka vakið stórkostlega mótmælaöldu. M. a. hefur hún náð þeim árangri, að meiri hl. þingmanna óskaði þess fyrir nokkru, að þingið yrði kallað saman til að ræða þau vandamál þeirra, sem hefðu risið af efnahagsmálastefnu ríkisstj. En um þetta eigum við hæstv. ráðh. ekki að þurfa að deila. Við eigum að geta sætt okkur við dóm flokksbræðra hans í Frakklandi um þessi mál. Ég skal a. m. k. fullkomlega gera það fyrir mitt leyti, og ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. vilji líka beygja sig fyrir úrskurði flokksbræðra sinna þar um þessi mál.

Það sem hæstv. ráðh. sagði um Tyrkland, þá er það að vísu rétt hjá honum, að kröfur manna nú í Tyrklandi beinast fyrst og fremst að því að fá aukið frelsi og afnumdar þær einræðisráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert. En hver er ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur gripið til þessara ráðstafana? Það eru þær óvinsældir, sem hún á við að búa núna í landinu og eru sprottnar af þeim efnahagsráðstöfunum, sem hún nú hefur gert. Það eru kosningar skammt fram undan í Tyrklandi, og stjórnin óttast, að í þeim kosningum muni hún bíða fullkominn ósigur vegna þeirrar andúðar, sem efnahagsráðstafanir hennar hafa skapað. Og til þess að komast hjá því, að þessi úrskurður kjósenda verði felldur um efnahagsráðstafanir ríkisstj., hefur hún gripið til þeirra einræðisráðstafana, sem nú valda mestum átökum í Tyrklandi. Þess vegna er það fullkomlega rétt, sem ég sagði, að þeir atburðir, sem nú eru að gerast í Tyrklandi, reki að verulegu leyti eða að mestu leyti rætur sínar til efnahagsaðgerða ríkisstj., og það, sem stúdentar og aðrir frjálslyndir menn fara fram á í Tyrklandi núna, er að fá frelsi til þess í kosningum að geta hnekkt þessari efnahagsmálastefnu ríkisstj. Það er það, sem er barizt um.

Ég held, að það hafi svo ekki verið önnur atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég sé ástæðu til þess að elta ólar við að þessu sinni. En ég vil aðeins segja að lokum, og það er það, sem mér finnst mestu skipta, að í ræðu sinni kom ráðh. ekkert inn á þá megingagnrýni gegn þessu frv. eða þeirri stefnu, sem það hefur boðað. Hann gerði ekkert til þess að andmæla því núna, að í raun og veru væri verið að taka upp ný og verri höft með þessum ráðstöfunum en þau, sem fyrir voru. Hann bar ekkert á móti því, að með þeirri kjaraskerðingu, sem nú á sér stað, er í raun og veru verið að innleiða ný höft. Hann andmælti því ekki neitt heldur, að vaxtahækkunin eða vaxtaokrið væri ekkert annað en ný höft. Og sama gildir um útlánastarfsemi bankanna. Þetta er ný sönnun þess, þessi afstaða ráðh. sýnir, að það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að með þessum ráðstöfunum sé síður en svo verið að auka frjálsræði í landinu eða gera ráðstafanir til þess að bæta verzlunina og bæta verzlunarkjörin, heldur miða heildarráðstafanir ríkisstj. allar í þá átt að auka höftin og gera þau raunverulega miklu þungbærari en þau þó hafa áður verið. Þessu

fór ráðh. líka alveg fram hjá nú í seinustu ræðu sinni, ræddi aðallega um Rússlandsviðskipti, frönsk stjórnmál og tyrknesk, og það álít ég að hafi verið alveg rétt hjá honum, vegna þess að sú stefna, sem ríkisstj. hefur boðað með þessu frv. og er raunverulega að framkvæma, — sú stefna er þannig vaxin, að það er miklu betra fyrir hæstv. ráðh. að tala um flest annað en þau mál.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í fyrri ræðu minni við þessa umr. um frv. benti ég á það m. a., að í frv. væru engin ákvæði um aukið frelsi í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Enn þá er haldið óbreyttum höftunum á vöruútflutningnum til annarra landa. Verði þetta frv. samþ., hefur ríkisstj. sömu heimild og hún hefur í núgildandi lögum um það að hafa afskipti af útflutningnum. Það er ákveðið, að ríkisstj. geti mælt svo fyrir, að vörur megi ekki flytja úr landi nema með hennar leyfi. Þetta er í lögum nú. Frv. boðar enga breytingu viðkomandi gjaldeyrisverzluninni. Enn sem fyrr á öllum þeim, sem afla erlends gjaldeyris, að vera skylt að selja hann bönkunum fyrir lögákveðið verð. Það er engin breyt. í frv. að þessu leyti. Það er heldur engin breyt. í frv. viðkomandi innflutningnum. Verði það samþ., hefur ríkisstj. sömu heimild og hún hefur nú í lögum til þess að ákveða, hvort eða hve mikið af innflutningnum verði á svokölluðum frílista og fyrir hvaða vörum þurfi innflutningsleyfi. Stjórnin þarf því ekki að fá þetta frv. samþ. til þess að geta farið sínu fram í viðskiptamálum, þetta frv. segir allt það sama og núgildandi lög.

En hitt er annað mál, að það eru ýmsar aðrar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert og er að gera til breytinga frá því, sem verið hefur, en það er ekki byggt á þessu frv. Í þessu frv. eru þó nokkrar breytingar að öðru leyti, eins og t. d. sú, að nú eiga þeir, sem ráða yfir peningum, að fá að framkvæma það, sem þeim sýnist. Áður þurfti til þess leyfi. Þetta snertir ekki verzlun með innfluttar eða útfluttar vörur eða gjaldeyrisverzlunina. Þeir eiga að fá að framkvæma það, sem þeim sýnist, en eins og ég áður hef bent á, er ekki víst, að sé einmitt það, sem gagnlegast er og nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið á hverjum tíma. Þá er sú breyt. ráðgerð samkv. þessu frv. að fela öðrum mönnum framkvæmd haftanna en verið hefur. Þeir, sem eiga að gera þetta eftirleiðis, eru tveir bankar, og það er ríkisstj. sjálf og það eru sérstakir trúnaðarmenn hennar, sem hafa ekki fengizt upplýsingar um, hvað verði margir. Kannske er ekki ákveðið heldur enn, hve margir þeir kunna að verða. Það er því algerlega rangt, sem hæstv. ráðh. hélt fram, að það, sem ég sagði um þetta, væri úr lausu lofti gripið. Það er auðvelt fyrir hvern mann að sjá, að það, sem ég sagði um þessa hluti, er rétt. Það þarf ekki annað en bera saman ákvæði frv. um verzlunina við núgildandi lög til að sannfærast um það.

Hæstv. ráðh. kann því illa, að minnzt sé á það, að með verðhækkununum miklu, sem orðið hafa og eru enn að verða, með vaxtahækkuninni, með lánasamdrættinum, sé verið að leggja höft á almenning. Hann segir, að þetta sé hugtakaruglingur. Ég fæ ekki betur séð en þetta séu höft, mikil höft, þegar vegna ráðstafana stjórnarvaldanna eru kallaðar fram það miklar verðhækkanir á ýmsum nauðsynjavörum, að menn hafa ekki möguleika til að kaupa þær. Vitanlega eru þetta höft í vissu formi. En það virðist svo, að hæstv. stjórn vilji telja fólki trú um það, að ef hún kaupi vörur, ýmiss konar vörur, eða geri ráðstafanir til þess að kaupsýslumenn geti flutt inn vörur fyrir yfirdráttarlánið, sem hún hefur tryggt sér, þá sé öllu borgið, þá þurfi menn ekkert að kvarta. Það kom fyrir hér fyrr á öldum, þegar harðindi og ýmiss konar óáran gekk hér yfir okkar land, að fólk féll úr hungri og harðrétti. Sagan segir, að einu sinni, þegar slíkar fréttir bárust til annarra landa héðan frá Íslandi, hafi drottning nokkur sagt: „Ósköp eru að heyra þetta. Hvers vegna borðar fólkið ekki brauð og smjör heldur en deyja úr sulti?“ Mér finnst þetta vera dálítið svipað með núverandi hæstv. ríkisstj. eins og þessa drottningu. Ef einhver leyfir sér að kvarta yfir ýmsum ráðstöfunum ríkisstj., þessari miklu dýrtíð, sem nú fer sívaxandi, vaxtaokrinu og ýmsu slíku, þá segir stjórnin: „Verið þið bara róleg, það verður nóg til af vörum. Þið getið fengið allt, sem hugurinn girnist. Við ætlum að sjá um það. Hér á að vera frjáls verzlun, og það er einmitt það, sem fólkið þarf að fá.“ Hvers vegna borðar fólkið ekki brauð og smjör? sagði drottningin. Hvers vegna kaupir fólkið ekki þessar vörur, sem nóg er til af? segir hæstv. ríkisstj.

Hæstv. viðskmrh. talaði einnig í fyrri ræðu sinni um kostnaðinn við framkvæmd haftanna. Ég hafði bent á, að það væri ekki gert ráð fyrir því, að sá kostnaður væri minni en áður, því að samkv. frv. ætti að innheimta jafnhátt gjald af veittum gjaldeyrisleyfum og nú er gert. Ráðh. sagði, að það væri ætlazt til þess, að allur kostnaður við verðlagseftirlitið yrði greiddur af þessu gjaldi. En þetta er ekkert nýtt. Það hefur verið svo undanfarið. Samkv. ríkisreikningnum fyrir 1957, sem nýlega var afhentur þingmönnum, var kostnaðurinn við verðlagseftirlitið á því ári ásamt kostnaði við innflutningsskrifstofuna greiddur af þessu 1% gjaldi, og þá varð afgangur æði mikill, eitthvað á 3. millj. kr. af gjaldinu, sem greitt var inn í ríkissjóð.

Hæstv. viðskmrh. hefur nú nýlega lokið við að flytja langa ræðu, og kom hann þar víða við. Hann talaði um kaupmátt og kaupgetu, um peningamagn í umferð og höft og ekki höft og fjöldamargt fleira. Ég tók eftir því, að hann sagði í ræðu sinni m. a.: Kaupmátturinn minnkar ekki, þótt peningamagnið dragist saman. — E. t. v. er það ætlun hæstv. ráðh. og stjórnarinnar að halda því fram, að þeir séu aðeins að draga úr peningamagninu í

umferð, en kaupmátturinn haldi sér. En því fer auðvitað víðs fjarri. Kaupmáttur þeirra tekna, sem menn hafa, er stórum minni nú en hann hefur áður verið og fer minnkandi vegna þeirra aðgerða í efnahagsmálum, sem samþykktar hafa verið á þessu þingi og nú er verið að framkvæma. Ég gat þess fyrr, að ég hefði spurnir af því úr fleiri en einu landbúnaðarhéraði, að 9 af hverjum 10 bændum, sem ætluðu að fá sér dráttarvélar, hefðu orðið að afturkalla pantanir sínar, og það er fyrir það, að kaupmáttur þeirra tekna, sem þeir hafa fyrir sínar framleiðsluvörur, er miklu minni en hann áður var, þegar miðað er við innfluttar vörur. Hæstv. ráðh. sagði líka í þessari seinni ræðu sinni, að vaxandi kaupgeta gerði unnt að draga úr gjaldeyrishöftunum. En mér sýnist ljóst af ráðstöfunum ríkisstj., að hún hafi komið auga á það, að minnkandi kaupgeta gerði líka mögulegt að draga úr gjaldeyrishöftunum, því að það er það, sem hæstv. ríkisstj. er að framkvæma. Hún er að slá niður kaupgetuna til þess m. a. að geta dregið úr gjaldeyrishöftunum, sem hún segist ætla að gera. Þetta telur hæstv. ríkisstj. vera spor í rétta átt. En aðrir halda því fram, að svo sé ekki, og ég tel, að hér hefðu allt aðrar ráðstafanir átt að koma til.

Með þessum ráðstöfunum, — ekki endilega þessu frv., sem hér liggur fyrir, því að það út af fyrir sig, eins og ég benti á, felur ekki í sér miklar breytingar, — en með öðrum ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. er að gera, er verið að ýta þjóðinni aftur á bak. Það er verið að draga úr möguleikum landsmanna til þess að halda áfram uppbyggingu og eflingu atvinnuveganna. Það verður ekki annað séð en þessar ráðstafanir ýmsar verði til þess að draga úr framleiðslunni, minnka framleiðsluna og þá að sjálfsögðu minnka um leið tekjur þjóðarinnar og lífskjörin versna. Þetta er það hættulega við það, sem nú er verið að gera. Þess vegna er það, að ég tel, að það, sem nú þurfi einmitt sérstaklega að taka til athugunar, sé, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera til þess, að ekki verið samdráttur í framleiðslunni, og til þess, að nauðsynleg og gagnleg uppbygging á öllum sviðum geti haldið áfram. Ég hef einmitt í nál. mínu. um þetta frv. lagt fram till. um það. Í þeirri till. til rökst. dagskrár, sem ég flyt þar, er gert ráð fyrir því, að nefnd manna frá öllum þingflokkum taki sérstaklega til athugunar fyrir næsta þing, hvaða ráðstafanir þarf að gera og hvaða ráðstafanir er mögulegt að gera til þess að halda uppbyggingunni áfram og eflingu atvinnuveganna. Þetta er aðkallandi að gera, en hins vegar engin þörf að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þó að ríkisstj. vilji eitthvað auka frílistann, sem svo er kallaður, þá getur hún það eftir þeim lögum, sem nú gilda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 3. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 318, n. 343, 347 og 362).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 347 felld með 18:14 atkv.

1. gr. samþ. með 19:13 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 19:3 atkv.

8. gr. samþ. með 20:4 atkv.

9.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 343 samþ. með 20:3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:13 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 379, 380).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil, áður en þetta mál fer frá hv. deild, láta falla um það nokkur orð og þó kannske öllu heldur um þá efnahagsmálastefnu, sem þetta frv. er einn liður í, eða raunar, eftir því sem hv. stjórnarflokkar túlka, þá sé þetta frv. eins konar afleiðing þeirra ráðstafana í efnahagsmálum, sem nú sé búið að leggja grundvöll að. Á hinn bóginn mun ég ekki fara mjög langt út í þessi efni, því að þetta hefur mjög verið rætt áður og gefst tóm til að ræða það enn, áður en hv. Alþ. lýkur.

Því er haldið fram, að þetta frv. sé í raun og veru um aukið frelsi til athafna og viðskipta. Ég sé, að það er að einu leyti hreinlega um afnám leyfisveitinga að ræða eða hafta, getum við sagt, í frv. og það er að því leyti, að fjárfesting á ekki að verða háð leyfum framvegis. Menn eiga ekki að þurfa að sækja um leyfi til þess að ráðast í fjárfestingarframkvæmdir. Ég býst við, að stjórnarliðið muni vilja túlka þetta sem mjög þýðingarmikið skref í áttina til aukins frelsis, eins og það er orðað, athafnafrelsis. Og satt er, að þetta sparar einhverjum einstaklingum og félögum einhverja fyrirhöfn við að leita leyfis yfirvaldanna um þær framkvæmdir, sem þeir hafa í huga. En hér er ekki nema lítið brot af sögunni sagt. Það þarf að skyggnast dýpra í þetta til þess að sjá, hvað hér er raunverulega að gerast.

Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til þess að skapa það ástand í landinu, að hún leggur nú til að afnema með öllu fjárfestingareftirlitið? Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert til þess að skapa jarðveg fyrir þetta? Hvað er það, sem þjóðin á að gjalda, — það mætti orða það þannig, — hvað er það, sem þjóðin á að gjalda fyrir það, að fjárfestingareftirlitið er afnumið? Það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, til þess að henni fyndist auðið að stíga þetta skref, er í stuttu máli það að gera ráðstafanir til þess að gera allar framkvæmdir í landinu sem allra dýrastar, gera skipulegar ráðstafanir til þess að hækka verðlag í landinu og gera allar framkvæmdir í landinu sem dýrastar.

Og það er meira, sem gert hefur verið. Það hafa einnig verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að torvelda mönnum að ná í fé til þess að ráðast í framkvæmdir. Það hefur verið gert með því að taka upp stórfelldan samdrátt í útlánum bankanna. Það hefur verið gert með því að innleiða okurvexti, bæði á föstum lánum og lausum lánum. Með þessu og með mörgu öðru móti hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að leggja stein í götu þess, að almenningur í landinu geti haldið áfram þeirri framfarasókn, sem hann hefur haldið uppi síðustu áratugina. M. ö. o.: ríkisstj. hefur tekið öll þau stórbjörg, sem hún hefur getað fundið og bifað, og lagt þau í götu framkvæmdamannanna í landinu, til þess að reyna þannig að koma í veg fyrir, að framkvæmdastarfið geti haldið áfram eins og verið hefur, bæði, eins og ég hef sagt, með því að magna dýrtíðina á allar lundir og kostnaðinn við sjálfar framkvæmdirnar og enn fremur með því að draga stórkostlega úr allri lánastarfsemi í landinu og loks með því að svipta almenning ýmsum opinberum stuðningi, sem menn hafa haft, til þess að standa undir þessum framkvæmdum.

Þetta er það gjald, sem þjóðinni er ætlað að gjalda fyrir þessa lagabreytingu, sem hér er stungið upp á, og í staðinn á að koma, að menn þurfi ekki að sækja um fjárfestingarleyfi. M. ö. o.: stjórnin hefur unnið að því markvisst og skipulega að fjötra þá, sem vilja áfram og vilja byggja upp, á höndum og fótum, og þegar því er lokið, þegar búið er að ganga þannig frá þessum málum, að stjórnin þykist alveg viss um, að almannaframkvæmdirnar í landinu hljóti að dragast stórkostlega saman, þegar stjórnin þykist orðin alveg viss um, að mikill fjöldi manna verður að hætta við fyrirætlanir sínar um að byggja íbúðir t. d., að meginþorri manna verður að hætta við fyrirætlanir sínar um að koma á stórfelldum endurbótum á jörðum sínum eða í atvinnurekstri yfir höfuð, þegar stjórnin er búin að ganga þannig frá þessum málum, að hún þykist nokkurn veginn viss um, að hún sé búin að fjötra menn svo og leggja þá steina í götu manna, að menn geti ekki komizt fram hjá þeim, þá kemur frelsið í framkvæmd, sem er fólgið í því að breyta þessum lagastaf, sem hér á nú að breyta, að nú eiga menn ekki lengur að þurfa að sækja um fjárfestingarleyfi.

Þetta er um þann kafla frv., sem fjallar um hið nýja frelsi í framkvæmdamálum. En sannleikurinn er sá, að það, sem hér er að gerast, er einfaldlega þetta: að ríkisstj. hefur með margvíslegum ráðstöfunum lagt stein í götu þess, að menn geti ráðizt í framkvæmdir, en síðan er afnumið lagaákvæði um, að það skuli þurfa að leita leyfis til framkvæmda. Þetta þýðir, að þeir, sem eiga nægilegt fjármagn, þeir, sem hafa auðinn í landinu í sínum höndum, og þeir, sem eiga að verða í sérstakri náð hjá lánastofnunum landsins, bönkunum, á næstunni, þeir geta verið frjálsir að því að gera það, sem þeim sýnist.

Þetta er framkvæmd þeirrar stefnu, sem á s. l. sumri var í sambandi við kjördæmamálið túlkuð þannig, að það þyrfti að draga úr hinni pólitísku fjárfestingu í landinu, en stórauka hina efnahagslegu fjárfestingu. En pólitísk fjárfesting í landinu er sú fjárfesting, sem alþýða manna hefur haft með höndum og hefur verið studd á einhvern hátt af ríkisvaldinu, annaðhvort með beinum stuðningi með lágum vöxtum eða þá með því að greiða rösklega fyrir lánsútvegunum til þessara framkvæmda eða þá opinberar framkvæmdir yfir höfuð. Þetta eru þær pólitísku framkvæmdir, sem núverandi ríkisstj. hefur lagt allt kapp á að hefta, en hinar efnahagslegu framkvæmdir í landinu eru þær framkvæmdir, sem hinir ríku geta ráðizt í óstuddir og þeir telja að muni borga sig frá þeirra eiginhagsmuna sjónarmiði eða þá langar til að koma upp og hafa fjármagn til að standa undir sjálfir. Það er sú fjárfesting, sem nú á að sitja í fyrirrúmi í þjóðfélaginu og koma í staðinn fyrir hina pólitísku fjárfestingu, sem talað var svo mikið um í sambandi við kjördæmamálið. Og framkvæmdin á þessum þætti er nokkuð komin áleiðis með þessum mörgu ráðstöfunum, sem ég hef verið að lýsa, til þess að leggja stein í götu almennings og síðan með því að gefa þeim, sem fjármagnið hafa með höndum, lausan tauminn, og það er sá liður, sem verið er að framkvæma nú með þessu frv.

En ætli almenningur í landinu, sem nú verður að leggja til hliðar yfir höfuð áætlanir sínar um framfarir, sé ekki ákaflega lítið hrifinn af þessu frelsi núverandi stjórnarflokka og þessari frelsiskenningu Sjálfstfl., t. d. eins og hún verður í framkvæmdinni að þessu leyti? Sannleikurinn er sá, að með öllum þessum ráðstöfunum hefur Sjálfstfl. t. d. algerlega kastað grímunni. Hann hefur á undanförnum árum og áratugum raunar haldið því fram, að hann hafi sérstakan áhuga fyrir því að styðja einstaklingsframtakið í landinu, jafnvel einstaklingsframtak fjöldans, einstaklingsframtak hvers einasta manns, jafnvel þó að hann væri ekki sérstaklega fjáður, og hafi haft mikinn áhuga á því, að sem flestir gætu orðið sjálfstæðir atvinnurekendur og jafnvel eignazt sjálfstæð heimili. — En núna, þegar flokkurinn fær aðstöðu til þess að hafa áhrif á þjóðmálin og hefur fengið með sér flokk eins og Alþfl., sem lætur Sjálfstfl. algerlega ráða, í fyrsta skipti síðan 1927, þá sést, hvað það er, sem raunverulega vakir fyrir Sjálfstfl. Það er ekki það að styðja einstaklingsframtak hinna mörgu. Það er ekki það að stuðla að því, að sem flestir landsmenn geti í raun og veru orðið sjálfstæðir atvinnurekendur eða eignazt sjálfstæð heimili. Það er ekki þetta. Í götu þessara manna eru lögð, eins og ég hef sagt, þau þyngstu björg, sem hægt er að finna og hægt er að hnika. En að sama skapi er ætl-

unin, að þeir, sem hafa fjármagnið aðallega með höndum, og þeir, sem eiga að verða í náðinni hjá bönkunum, geti tekið að sér framkvæmdirnar. Það á að vera sú efnahagslega fjárfesting, sem á að eiga sér stað, þ. e. a. s. sú fjárfesting, sem hinir auðugu eða hinir ríku telja að borgi sig fyrir þá.

Gegn þessari stefnu mun Framsfl. berjast, eins og hann hefur gert, síðan hann fékk aðstöðu til þess að hafa nokkur áhrif á þjóðmál Íslendinga. Hér er farið alveg í öfuga átt við það, sem flokkurinn vill. Flokkurinn telur, að nú hefði þurft að halda fjárfestingareftirlitinu og draga úr þeirri fjárfestingu, sem helzt gat beðið, þegar litið var á almannahag í landinu, en greiða fyrir því, að fjárfestingarframkvæmdir almennings gætu haldið áfram á svipaða lund og áður, uppbygging almennings í landinu gæti haldið áfram á svipaða lund og verið hefur.

Þetta er um þann kafla frv., sem fjallar um afnám fjárfestingareftirlitsins.

Þá er að öðru leyti efni þessa frv. í raun og veru að breyta um fyrirkomulag á þeim afskiptum, sem verið hafa af verzluninni, stokka upp nefndirnar og ráðin og losna við áhrif stjórnarandstæðinga úr þeim málum. Það er í raun og veru aðalefni frv., að því er lýtur að verzluninni. Það á að leggja niður innflutningsnefndina, en í staðinn kemur nefnd eða ráð á vegum Útvegsbankans og Landsbankans. Ríkisstj. er heimilað að tilnefna trúnaðarmenn sína til þess að annast einstaka þætti þessara mála, ótiltekið, bæði tala og hversu margir hóparnir skuli vera, og vafalaust líður ekki á löngu, þangað til fullt verður orðið af nýjum nefndum og trúnaðarmannahópum á vegum ríkisstj. til þess að framkvæma hin margvíslegu og flóknu afskipti, sem ríkisstj. er ætlað að hafa af viðskiptum landsmanna eftir sem áður, þótt þetta frv. verði samþ.

Þetta atriði hefur verið rætt það ýtarlega við þessar umr., að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög út í það. Ég vil aðeins slá því föstu, af því að það er svo víðs fjarri, að með þessu frv. sé stefnt að því að afnema ríkisafskipti af verzluninni, að ríkisstj. er þvert á móti í þessu frv. ætlað alræðisvald um allar greinar verzlunarinnar, alveg eftir því sem henni býður við að horfa að beita því valdi, og til þess að skipa menn og nefndir eftir þörfum og geðþótta til að starfa að þessum efnum.

Því hefur verið haldið fram, að með þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur tekið upp í efnahagsmálum, væri stefnt að meira frjálsræði um atvinnu og minni höftum en áður og minni afskiptum ríkisvaldsins en áður hefur verið, og þetta hefur verið fært fram sem ein aðalástæðan fyrir því, að menn yrðu að taka á sig þær gífurlegu búsifjar, sem fylgja efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj. Það væri stefnt að stórauknu frelsi, minni höftum og minni afskiptum ríkisvaldsins en áður hefur verið. Ég hygg, að segja megi, að varla hafi nokkru sinni meira öfugmæli verið mælt en þessar fullyrðingar, sem hv. stjórnarliðsmenn hafa flutt í þessa átt. Sannleikurinn er sá, að með því, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gert og ætlar sér að gera og fengið sér lagaheimildir til að gera, er stefnt að meiri ríkisafskiptum af efnahags-, atvinnu- og viðskiptalífi Íslendinga en nokkru sinni áður hefur þekkzt eða átt sér stað, og fruntalegri aðgerðir ýmist verið framkvæmdar eða fyrirhugaðar gagnvart einstaklingum og félögum en nokkru sinni hafa áður komið til mála. Það er fróðlegt í þessu sambandi að rifja upp aðeins örfá atriði til að sýna, hvaða fjarstæður það eru, sem haldið er fram að þessu leyti.

Hvernig er það með vaxtahækkunina stórkostlegu, sem sett hefur verið á, bæði á fjárfestingarlánum, til uppbyggingar í sjávarútvegi, landbúnaði og til íbúðabygginga, stórkostlega vaxtahækkun og styttingu lána, er þessi vaxtahækkun komin á eftir einhvers konar náttúrulögmáli, alveg af sjálfu sér, eða hvaðan er hún komin? Hér er um hrein ríkisafskipti að ræða. Þessi vaxtahækkun, sem er hugsuð til þess að torvelda mönnum framkvæmdir og svipta þá stuðningi, sem þeir hafa haft, er framkvæmd samkvæmt vilja og frá ríkisstj. komin. Hér er um hrein ríkisafskipti að ræða. Hvernig er um hækkunina á almennu útlánavöxtunum í bönkunum upp í 11%? Ætli sú hækkun hafi orðið samkvæmt einhverju óviðráðanlegu náttúrulögmáli? Það er alveg sama um þessa vaxtahækkun að segja, að hún er einnig fram komin vegna fyrirskipunar ríkisstj. Hér er um hrein ríkisafskipti að ræða í þá átt að draga saman atvinnu- og viðskiptalíf í landinu með því að gera lánsfé miklu dýrara en áður hefur verið. Og hvernig er það með nýja söluskattinn, sem innleiddur hefur verið, bæði nýr söluskattur innanlands og tvöfaldaður söluskattur á aðfluttum vörum? Ætli þar sé ekki um aukin ríkisafskipti að ræða? En þetta fé er dregið inn í ríkisbúskapinn, sumpart til þess að standa undir stórauknu styrkjakerfi, þar sem eru hinar nýju fjölskyldubætur og stórauknar niðurgreiðslur, þannig að þetta fjármagn er dregið inn í fjárhirzlu ríkisins með auknum ríkisafskiptum, þ. e. a. s. stórauknum álögum og til þess að stórauka styrkjakerfið, sem ríkisstj. þóttist upphaflega vera að draga saman eða jafnvel að afnema. En sumpart eru þessar nýju álögur lagðar á beinlínis til þess að hækka verðlagið og til þess að koma á þeim samdrætti, sem ríkisstj. stefnir að, til þess að innheimta, ef svo vill verða, stórum meiri ríkistekjur en notaðar verða til þess að standa undir útgjöldum ríkisins, og þannig eru þessi afskipti beinlínis hugsuð í samdráttarskyni. Þessar álögur eru hugsaðar að verulegu leyti og hreinlega á lagðar í samdráttarskyni, til þess að gera mönnum erfiðara fyrir, bæði um framkvæmdir og einnig til þess að draga úr því, sem menn geta veitt sér til þess að uppfylla heimilisþarfir.

Hvernig er það með hinar nýju ráðstafanir, sem nú hafa verið fyrirskipaðar til þess að

draga sparifé landsmanna inn í seðlabanka landsins? Ætli þar sé um eitthvert náttúrulögmál að ræða, eða ætli þar sé um aukin ríkisafskipti að ræða? Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þar er um stórkostlega aukin ríkisafskipti að ræða, alveg ný hér hjá okkur, og þar er gengið svo langt, að það er hugsunin að draga t. d. helminginn af því fé, sem félagsmenn í kaupfélögunum leggja inn í félögin sem rekstrarfé handa félögunum, — það er gengið svo langt að lögbjóða það, að helmingurinn af þessu fé skuli tekinn út úr þessum félögum og lagður inn í Seðlabankann. Hér er þó ekki um fé að ræða, sem lagt er inn í þessi félög til þess að það verði þar að útlánafé, heldur eingöngu um fé að ræða, sem félagsmenn þessara félagssamtaka leggja félögum sínum sem starfsfé eða sem rekstrarfé, og það mætti nákvæmlega með sama rétti — eða öllu heldur órétti — setja næst lagaákvæði um, að ef einhver maður leggur fé inn í fyrirtæki sitt eða í félagsrekstur í hlutafélagsformi, í atvinnurekstur sinn, þá skuli hann skila jafnmiklu inn í Seðlabankann og því, sem hann leggur í atvinnurekstrinn eða inn í hlutafélag það, sem hann myndar með öðrum mönnum. Það væri nákvæmlega hliðstæð ráðstöfun þeirri, sem nú hefur verið gerð gagnvart kaupfélögunum.

Á þessu sjáum við, hvað hér er um ósvífna árás á frelsi manna til félagsstarfsemi og efnahagsstarfsemi að ræða, ósvífnari árás en nokkru sinni áður hefur komið til greina, svo að mér sé kunnugt um, og þetta gæti sem sagt hreinlega verið, eins og ég segi, upphaf að því, og væri alveg nákvæmlega hliðstætt, að einstaklingum, sem legðu fé sitt sem rekstrarfé inn í önnur félög eða í atvinnurekstur yfirleitt, yrði gert skylt að skila jafnháum fúlgum inn í Seðlabankann.

Það dylst náttúrlega engum, að þetta eru hreinlega aukin ríkisafskipti frá því, sem áður hefur verið, og þetta fjármagn á svo ýmist, að því er manni skilst, að leggjast fyrir í Seðlabankanum til þess að stuðla þar að þeim samdrætti á framkvæmdum og atvinnu, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að koma í framkvæmd, á að liggja þar til þess að stuðla að þeim samdrætti. Það á með því að koma í veg fyrir, að þetta fé geti orðið til þess að standa undir framkvæmdum úti um byggðir landsins eða hjá almenningi í landinu. Það á að leggja það inn í Seðlabankann, til þess að það geti orðið þar liður í samdráttaráætlun ríkisstj., eða þá að þetta fé á að lána í gegnum aðra banka gæðingum ríkisstj., þeim sem eiga að erfa landið, þeim sem eiga að sjá um uppbygginguna, þegar búið er að stöðva uppbyggingu almennings í landinu.

Og þar komum við að því, sem ég hef áður minnzt á hér í vetur, og það mun vera hugsjón þeirra, sem standa að þessari efnahagsmálastefnu, að með þessu fjármagni, að svo miklu leyti sem það verður lánað út, en ekki notað í þágu samdráttarins, verði studd hin nýja uppbygging, sem á að verða, hin efnahagslega uppbygging, þ. e. a. s. sú uppbygging, sem þeir vilja helzt koma í framkvæmd, sem hafa ráð yfir mestu fjármagni, og þeir telja borga sig bezt fyrir sig. Það verða þessir gæðingar stjórnarliðsins, sem munu fá í sinar hendur þetta fjármagn, sem dregið verður frá sparisjóðunum og innlánsdeildum kaupfélaganna, ef það verður lánað út á annað borð.

Ég hef nefnt hér aðeins örfá dæmi af mýmörgum, sem mætti nefna um aukin afskipti ríkisvaldsins samkvæmt þeirri efnahagsmálastefnu, sem nú hefur verið tekin upp. Það er því fullkomið öfugmæli, að hér sé stefnt að minni afskiptum ríkisvaldsins en áður hefur verið, heldur eru þau aukin í fjölmörgum greinum, og allt er þetta miðað við það eitt, allt hnígur að sama brunni, að gerbreyta þeirri þjóðfélagsstefnu, sem fylgt hefur verið hér, síðan íhaldið tapaði meiri hl. 1927. Það er allt miðað við að gerbreyta þeirri stefnu, stöðva uppbygginguna á vegum þeirra, sem hafa minna fjármagn undir höndum, hinna mörgu, torvelda hana með öllu hugsanlegu móti, sumpart til þess að koma á samdrætti og sumpart til þess að ná saman fjármagni til þess að styðja hina efnahagslegu fjárfestingu, sem kölluð hefur verið, þ. e. a. s. þá fjárfestingu, sem eingöngu á að miða við gróðasjónarmiðið og fyrst og fremst á að fara fram á vegum þeirra, sem hafa fjármagnið nú undir höndum eða eiga að verða sérstakir gæðingar lánastofnananna.

Þá kemur spurning upp í sambandi við þetta mál. Er þessi stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, líkleg til þess að styðja verzlunarfrelsið í landinu? Er hún líkleg til að verða til þess, að hér verði á næstu árum nægilegur gjaldeyrir handa þjóðarbúinu, til þess að hægt sé að halda uppi verzlunarfrelsi? Er þessi efnahagsmálastefna, þessi samdráttarstefna ríkisstj., líkleg til þess að skapa grundvöll að frjálsum viðskiptum? Ég segi nei. Ég svara þeirri spurningu alveg hiklaust neitandi.

Ef erfiðleikar eru á því að halda uppi frjálsum viðskiptum, þá er hægt að fara tvær leiðir til að reyna að ráða bót á því. Önnur leiðin er leið samdráttarins og fátæktarinnar, sem núv. ríkisstj. er að reyna að fara. Það er leið samdráttarins og fátæktarinnar. En hin leiðin, sem kemur til greina, er leið uppbyggingarinnar. Það er sú leið að reyna að gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að auka framleiðsluna og bæta lífskjörin. Og ég segi: Ég hef enga trú á því, að leið samdráttarins og fátæktarinnar verði til þess, að hér geti á næstu árum þróazt verzlunarfrelsi eða yfirleitt nokkurt frelsi. Og ég vil færa fyrir þessu örfáar ástæður umfram það, sem leiðir af því, sem ég nú þegar hef sagt, bæði nú og áður í vetur.

Með þeirri samdráttarstefnu, sem nú er tekin upp, hlýtur framleiðslan á næstu missirum og næstu árum að fara minnkandi. Hún hlýtur að fara minnkandi. Hún getur staðið í stað,

framleiðslan í vetur, vegna þess að í vetur og við skulum segja á þessu ári njóta menn góðs af þeirri stórfelldu uppbyggingu, þeim stórkostlegu tækjakaupum og uppbyggingu, sem búið var að koma í framkvæmd, áður en samdráttarstefnan kom til greina, áður en núv. ríkisstj. náði völdum og sneri við blaðinu.

Í sjávarplássunum t. d. víðs vegar um landið njóta menn þess nú, hvað gerðar voru djarflegar ráðstafanir á undanförnum áratugum til þess að byggja upp í öllum greinum fiskiðnað og fiskiskipaflota með stuðningi hins opinbera, með stórfelldum fjárútvegunum af hendi hins opinbera, sem hafa verið fordæmdar af núv. stjórnarherrum, með ríkisábyrgðarpólitík, sem líka hefur verið fordæmd af núv. stjórnarherrum. En það er þessi uppbyggingarstefna, sem er grundvöllurinn að þeirri stórkostlegu framleiðslu, sem nú á sér stað og stendur undir gjaldeyrisöfluninni í landinu. Það er þessi stórfellda uppbygging, sem hefur orðið ávöxtur þeirrar meginstefnu í atvinnumálum og efnahagsmálum, sem Framsfl. hefur stutt að á undanförnum áratug og hefur miðað að því fyrst og fremst, með tilstuðlan ríkisvaldsins á allan hugsanlegan hátt, að gera sem allra flestum mönnum í landinu kleift að koma undir sig fótunum sjálfstætt efnalega, bæði í sveit og við sjó, koma sér upp framleiðslutækjum og eignast sjálfstæð heimili. Og það er þessi stórkostlega uppbygging, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, sem er undirrót þeirrar miklu framleiðslu, sem nú er.

En hver halda menn að verði afleiðingin af þeirri stefnu, sem nú hefur verið tekin upp og öll miðar að því að leggja stein í götu þess, að þessi uppbygging geti átt sér stað áfram? Og hvað verður það lengi að segja til sín? Hvað verður þessi stefna ríkisstj. lengi að segja til sín? Halda menn, að það verði spaug á næstu missirum og næstu árum t. d. að eignast myndarleg fiskiskip, þegar verð á 75 tonna mótorbát erlendis frá er komið upp í 4½ millj. og útborgun sú, sem útgerðarmenn eiga að standa skil á, er komin upp í 1½ millj. og þegar þar að auki er búið að hækka vextina í fiskveiðasjóðnum, stytta lánin og koma vöxtunum af því, sem menn kynnu að þurfa að fá hjá bönkunum þar til viðbótar, upp í 11%, og ofan á allt þetta að lækka atvinnuaukningarféð og draga úr útlánum yfir höfuð? Halda menn, að þessar ráðstafanir verði lengi að segja til sín í sjávarútvegi landsmanna, þannig að uppbyggingin dragist stórkostlega saman? Eða ef tekinn er landbúnaðurinn, — hvernig verður það í landbúnaðinum, þegar búið er t. d. að koma verðinu á dráttarvélunum og öðrum tækjum, sem menn þurfa að hafa til landbúnaðarins, upp í það, sem það er orðið nú, og á sama tíma er búið að hækka vextina, stytta lánin og draga úr því lánsfé, sem hægt er að fá til þess að byggja upp búin og stækka þau á ýmsar lundir? Halda menn, að þessar ráðstafanir verði lengi að segja til sín, þessi kyrrstaða verði lengi að segja til sín? Það er kannske hægt fyrir núv. ríkisstj. að lifa hátt á þeim framleiðslutækjum, sem búið var að afla, og jafnvel gorta af einhverjum gjaldeyrisafgangi eftir tvo mánuði, eins og kom fram hjá hæstv. viðskmrh. hér í umr. En ég hugsa, að það verði dálítið annað upplitið á þeim eftir nokkur ár, ef haldið verður áfram þeirri stefnu, sem þeir nú hafa tekið upp. Ég býst við því.

Og þannig mætti lengi telja. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi litla grein gert sér fyrir því, hvað þeir voru að fara með þeirri kollsteypu, sem þeir lögðu út í með öllum þessum ráðstöfunum, sem þeir hafa staðið að til þess að koma á stórkostlegum samdrætti í landinu og koma fyrir kattarnef þeirri tiltölulega hraðstígu uppbyggingarstefnu, sem fylgt hefur verið hér á síðustu áratugum, eða nánar tiltekið síðan íhaldið missti meiri hlutann 1927. Síðan íhaldið missti meiri hlutann 1927, hefur verið látlaus framfarasókn má heita í landinu, stundum gerð nokkuð erfið vegna ýmissa utanaðkomandi erfiðleika, en ævinlega þó verið sótt fram.

Eins er það, sem lýtur að því að minnka kaupgetuna hjá fólki og gera mönnum ókleift að kaupa jafnmikið af lífsnauðsynjum og áður hefur verið. Hvað halda hæstv. ráðh., í alvöru að tala, að þetta geti staðið lengi, eins og það er nú að þessu leyti, og er þó ekki allt komið fram? Gera þeir ráð fyrir því, að það geti orðið til frambúðar? Því hefur ekki verið mótmælt, enda er ekki hægt að mótmæla því, að með öllum þessum ráðstöfunum er gert ráð fyrir að færa til í landinu a. m. k. 1100 millj. kr. á einu ári, sumt kemur það fram í minnkaðri fjárfestingu og samdrætti og minnkaðri atvinnu, en að verulegu leyti á þetta að koma fram hreinlega sem kjaraskerðing fyrir heimilin, þ. e. a. s. í minnkaðri neyzlu, eins og kemur glöggt fram á innflutningsáætlun þeirri, sem ríkisstj. hefur gert fyrir árið 1960. Og ég held, að það þurfi mikla bjartsýni, ef maður á að vera að skemma það orð með því að nota það í þessu sambandi, — mér sýnist, að það þurfi einkennilegan hugsunarhátt til þess að geta gert sér vonir um, að þetta geti staðizt, eins og ríkisstj. hefur gengið frá því og virðist enn þá reikna með eða ætlast til að verði.

Það er því alveg sama, hvar litið er á þetta. Það ætti að vera augljóst hverjum manni, sem hefur nokkurn verulegan kunnugleika á atvinnu- og efnahagsmálum landsins, að þessi stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp og ég hef leyft mér að kalla stefnu samdráttar og fátæktar, getur ekki leitt til aukins frelsis í viðskiptum á næstu árum. Slíkt er að mínu viti hrein fjarstæða. Þessi stefna hlýtur, ef ekki verður algerlega breytt um og það fyrr en síðar, að leiða til þess, að framleiðslan í landinu minnkar stórkostlega tiltölulega miðað við fólksfjölda og aðrar ástæður, í stað

þess að hún þarf sífellt að vaxa. Uppbyggingin hlýtur að minnka, framleiðslan hlýtur að minnka, og af því hlýtur að leiða, þegar frá líður, stórkostleg gjaldeyrisvandræði og meiri þvinganir og höft í viðskiptum en menn hafa máske nokkurn tíma áður reynt, auk þess sem það er nokkurn veginn augljóst mál, að af ráðstöfunum ríkisstj. til dýrtíðaraukningar í landinu hlýtur að leiða nýja dýrtíðarholskeflu, áður en langt um líður, sem kemur til með að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir gjaldeyrisástandið og möguleikana til þess að halda uppi frjálsum viðskiptum.

Hæstv. viðskmrh. var að tala um það í gær, að það færi vel af stað í þessum málum, og nefndi í því sambandi, að gjaldeyrisástandið hefði stórbatnað síðustu tvo mánuðina eða svo. Ég vil í þessu sambandi minna menn á það í öllu bróðerni, að það mun hafa verið s. l. haust, sem því var haldið að mönnum með mjög miklu kappi af þeim, sem þá réðu málefnum landsins, að það hefði alls ekki orðið neinn verulegur halli í viðskiptunum við útlönd í fyrra og gjaldeyrisástandið hefði ekki versnað neitt að ráði. Nú er enn byrjað, — hæstv. viðskmrh. byrjaði í gær, og það er sjálfsagt upphaf að nýju tímabili í þessum málum, — að lýsa því, hvað gjaldeyrisástandið hefði nú skyndilega batnað, og manni skildist, að það væri alls ekki geigvænlegt. Þetta kemur manni til að minnast þess, að gjaldeyrisástandið var sem sé aldrei vont, nema á meðan verið var að koma efnahagslöggjöfinni í gegnum þingið! Áður en kosið var í haust, virtist ekki vera neitt athugavert við gjaldeyrisástandið að dómi þeirra, sem þá fóru með þessi mál, og þegar bent var á, að það hallaði undan, voru látin koma fram vottorð frá þjóðbankanum, sem sýndu, að svo væri alls ekki. En þegar búið var að kjósa og núverandi samsteypa hafði hugsað sér að koma á alveg nýrri efnahagsmálastefnu, þeirri, sem ég nú hef farið um nokkrum orðum, samdráttarstefnunni, þá var boðið út stórkostlegu liði til þess að lýsa því, að Ísland væri í raun og veru alveg orðið gjaldþrota, væri gersamlega komið í þrot og gjaldeyrisástæður landsins og búskapur allur út á við væri þannig, að það þyrfti að gera gífurlegt átak og menn yrðu að leggja á sig stórkostlegar fórnir til þess að koma þeim í betra horf. Nú er efnahagslöggjöfin ekki fyrr komin á en farið er að lýsa því, hvað þetta sé allt saman miklu betra en menn hafi álitið að það mundi vera og stórbatnandi, eins og hæstv. viðskmrh. gerði í gær.

Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei verið að marka neitt af því, sem þessir menn hafa sagt um gjaldeyrisaðstöðu Íslands. Ekki vil ég þar með segja, að þeir hafi farið skakkt með tölur, heldur hefur þetta verið túlkað eftir því, sem þeim sjálfum hefur boðið við að horfa. Á meðan verið var að koma þessari efnahagslöggjöf í framkvæmd, voru framkvæmdalánin til Sogsvirkjunarinnar og önnur slík talin greiðsluhalli við útlönd og reynt að nota þau til þess að hræða þjóðina til að taka á sig þær búsifjar, sem ríkisstj. vildi koma fram til að koma á þessari nýju stefnu í efnahagsmálum. Þetta var gert, á meðan verið var að koma þessu á. En fyrir þessu var aldrei neinn fótur, að það væri nein hætta á ferðum að þessu leyti, eins og grandgæfilega var upplýst af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, á meðan það mál var hér til meðferðar. Þá var allt úr lagi fært og teygt og togað til þess að reyna að skjóta stoðum undir þessa fullyrðingu. T. d. var þá ekkert tillit tekið til þess, þó að það lægi fyrir, að stórkostlegar birgðir útflutningsvara hefðu safnazt fyrir og að raunverulegur greiðsluhalli á árinu 1959, sem hafði orðið, var að mestu leyti vegna þess, að birgðir höfðu aukizt. Nú er á hinn bóginn ætlunin að túlka þetta á hinn veginn og sýna fram á, hvað þetta sé allt að verða betra en það áður var.

Í þessu sambandi er ástæða til að skoða það a. m. k., þó að mér hafi ekki gefizt tóm til þess enn þá, hvort eitthvað af þessari breytingu, sem orðið hefur og hæstv. viðskmrh. talaði um, stafar ekki einmitt af því, að það hafi verið fluttar út hinar miklu birgðir frá fyrra ári, útflutningsvörubirgðir frá fyrra ári.

En hvað sem því líður, þá vil ég einnig skjóta því hér fram, svona til íhugunar, að ef ráðstafanir ríkisstj. væru nú búnar að draga svo saman vöruinnkaup þjóðarinnar og framkvæmdir, bara á þessum tveimur mánuðum, að farinn væri að myndast verulegur gjaldeyrisafgangur strax, mundi það þá ekki gefa hæstv. ríkisstj. ástæðu til að hugsa um, hvort þessar ráðstafanir hafi ekki verið umfangsmeiri en þær þurftu að vera, — þessar „paník"-ráðstafanir og samdráttarráðstafanir, sem núv. ríkisstj. hefur gert? Vitanlega skyldi enginn undrast, þó að það kæmi fyrir, að einhverja mánuði skapaðist gjaldeyrisafgangur, ef neyzla landsmanna er minnkuð svo stórkostlega eins og gert er ráð fyrir með ráðstöfun ríkisstj. og framkvæmdir dregnar saman á öllum sviðum, eins og ríkisstj. hefur efnt til. Það getur auðvitað orðið einhver gjaldeyrisafgangur í bili af slíkum ráðstöfunum. En það er engin sönnun fyrir því, að slíkar ráðstafanir hafi verið réttmætar, heldur alveg þvert á móti. Slík útkoma getur einmitt sýnt það skýrar en nokkuð annað, að hér hafi verið gerðar „panik"-ráðstafanir, sem hafa gengið allt of langt og munu verka öfugt við tilgang sinn, þegar lítils háttar líður frá, eins og ég hef aðeins vikið að í þeim fáu orðum, sem ég hef um þetta sagt nú. Ef þessar ráðstafanir verka þannig, eins og hæstv. ríkisstj. hefur ætlazt til, að meginþorri manna verður að hætta við framkvæmdir sínar og innkaup manna á nauðsynjum til heimilanna verða að dragast stórkostlega saman frá því, sem verið hefur, þá kemur það vitanlega fram, meðan framleiðslan getur gengið í skjóli þeirra ráðstafana, sem búið var að gera til þess að auka framleiðslutækin, áður en stöðvunarstefna ríkisstj.

kom til greina, — þá kemur það fram fyrst í bættri gjaldeyrisaðstöðu. En slíkt verður bara allt á kostnað framtíðarinnar, vegna þess að þessi samdráttar- og fátæktarstefna ber ósigurinn í sjálfri sér. Hún getur aldrei staðizt til lengdar, því að með þessum ráðstöfunum er verið að grafa undan því, sem mestu máli skiptir, og það er, að stöðug framfarasókn þjóðarinnar haldi áfram, að stöðug uppbygging og öflun nýrra framleiðslutækja haldi áfram og aldrei verði hlé á, til þess að tryggja þau beztu lífskjör, sem unnt er að ná. Ef það kemur í ljós, að framkvæmdastöðvunin verður svo stórkostleg og minnkun á innkaupum á neyzluvörum vegna aukinnar fátæktar og minnkunar tekna hjá almenningi verður svo stórkostleg, að það myndast verulegur gjaldeyrisafgangur á næstu mánuðum, þá er það bezta sönnunin, sem fram getur komið fyrir því, hversu ríkisstj. hefur farið heimskulega að ráði sínu, því að einmitt það, hversu þessar ráðstafanir eru fruntalegar og stórkostlegar, mun valda því, að þær munu fara úr böndunum, hversu miklir gjaldeyrissjóðir sem kunna að safnast á fyrstu mánuðunum.

Það hefði verið miklu heppilegra, og það hefði verið hið eina rétta í þessum málum að halda áfram þeirri öflugu uppbyggingarstefnu, sem framkvæmd hefur verið hér á síðari árum, og efla almenning með ráðum og dáð, eins og gert hefur verið, til þess að efna til aukinnar framleiðslu á öllum sviðum. Og það hefði verið hægt að ráða fram úr þeim vandkvæðum, sem voru á viðskiptunum við útlönd, með miklu minni háttar ráðstöfunum en þeim, sem hæstv. ríkisstj. hefur efnt til, enda hafa ráðstafanir hæstv. ríkisstj. alls ekki fyrst og fremst verið miðaðar við það að jafna viðskiptahalla við útlönd eða verið hugsaðar sem nein sérstök bjargráð í því efni. Þessar ráðstafanir hafa verið miðaðar við að breyta grundvellinum að öllum okkar þjóðarbúskap, draga úr þeim stuðningi, sem almannavaldið hefur veitt fólkinu í landinu til þess að byggja upp á sínum vegum, draga úr honum á öllum sviðum, draga þannig saman, en búa sig undir að veita fjármagninu yfir í allt aðra farvegi og efla það, sem stjórnarliðið hefur kallað hina efnahagslegu fjárfestingu í landinu, m. ö. o., að koma á einhvað svipuðum atvinnuháttum og þjóðlífsháttum og Íslendingar bjuggu við, á meðan ihaldið réð fyrir 1927, eins og hér voru áður en aðrir flokkar gátu haft nokkur veruleg áhrif á meginstefnuna í þjóðmálunum. Það er þetta, sem raunverulega vakir fyrir með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera.

Ég sé ekki ástæðu til þess að láta falla um þessi efni fleiri orð. En ég vildi láta þessi orð falla í sambandi við þetta mál, vegna þess að það má segja með fullum rétti, að þetta frv. er einn liðurinn í þessum framkvæmdum öllum saman, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir. Ég tel, að efnahagsmálastefna ríkisstj. sé mjög ólíkleg til þess að stuðla hér á næstu árum að frjálsum viðskiptum, hún muni þvert á móti verða undirrót nýrrar verðbólguþróunar í landinu og gjaldeyrisskorts, og það engu síður þótt svo kunni að verða nú á næstu mánuðum, að það komi fram einhver gjaldeyrisafgangur í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, sem fenginn er á kostnað framtíðarinnar með því að draga saman framkvæmdir í landinu og með því að slá niður kaupgetuna langt umfram það, sem nokkur rök standa til.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það má segja, að það sé á vissan hátt að bera í bakkafullan lækinn að auka við þær umr., sem orðið hafa um þetta frv., sem hér er til umr., við 1. og 2. umr. Þó er það svo, að við stjórnarsinnar höfum ekki tekið nema lítinn tíma af öllum þessum langa umræðutíma, og enn fremur er það svo, að mikið af umr. hefur í raun og veru farið langt fyrir utan ramma þess frv., sem hér liggur fyrir, þess máls, sem það tekur til, eins og t. d. ræða hv. 1. þm. Austf. (EystJ), sem nú var að ljúka máli sínu, sem var eiginlega um miklu meira og næstum því að öllu leyti um ýmsa aðra löggjöf, sem samþ. hefur verið hér á þingi, og aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í peningamálunum að undanförnu. Engu að síður hefur málið verið mjög rækilega rætt og miklu meira en oft hefur átt sér stað um önnur mál, og það er sjálfsagt vegna þess, að hér er um veigamikið mál að ræða og mikils virði, að hv. þm. geri sér grein fyrir undirstöðuatriðunum og megininnihaldi þess máls, sem hér liggur fyrir.

Það hefur verið rakinn aftur í tímann gangur verzlunarmálanna, bæði af hæstv. viðskmrh. og hv. 6. landsk. þm. (BK), og má segja, að í báðum tilfellum hafi þar verið um mjög nákvæmar og greinargóðar lýsingar að ræða. Ég ætla samt sem áður að líta nokkuð um farinn veg í þessum málum að undanförnu í þeim höfuðtilgangi, að með því móti skiljist betur, hvað í raun og veru er verið að gera hér og hverju ýmsir og þá ekki sízt Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn hafa stefnt að á mörgum undanförnum árum, án þess að þeir hafi þar fengið við ráðið.

Það hefur réttilega verið bent á, að höftin voru hér á sínum tíma tekin upp eftir 1930, fyrst smávægilega með reglugerðarákvæðum 1931, en síðar mjög stranglega og í vaxandi mæli, eftir því sem á leið. Og það er rétt að gera sér grein fyrir því, að þá voru höftin ill nauðsyn vegna lélegrar gjaldeyrisaðstöðu og efnahagsaðstöðu hér á landi, þar sem landið var þá ekki við því búið að taka þeim mörgu og þungu afleiðingum heimskreppunnar, sem þá skall yfir, og mörg önnur lönd en Ísland gripu þá einnig til innflutningshafta með margvíslegum hætti og þá sem bráðabirgðaráðstafana og neyðarúrræða.

Höftin fóru fyrst verulega að segja til sín hér á árinu 1934, með bráðabirgðalögum, lögum frá 8. marz 1934, um innflutnings- og

gjaldeyrismál. En þó er ekki í þessum lögum, og það er eftirtektarvert, rætt um annað en að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að til þess að flytja vissar vörur eða vöruflokka til landsins, þurfi leyfi gjaldeyrisnefndar. En með þessum lögum voru úr gildi felld lögin frá 8. marz 1920, sem fólu í sér heimild fyrir ríkisstj. til þess að banna innflutning á óþarfavarningi. Engar aðrar hömlur höfðu verið í lögum fram til þessa tíma varðandi innflutning til landsins, annað en það, að ríkisstj. hafi verið heimilt að banna innflutning á óþarfavarningi. Þessi fyrsta innflutnings- og gjaldeyrisnefnd átti að vera skipuð 5 mönnum, og það voru þá bankarnir, sem tilnefndu 2 menn, og fjmrh. skipaði hina 3.

Það er skömmu seinna, eða í byrjun árs 1935, sem sett eru ný lög um þetta, frá 9. jan., um gjaldeyrisverzlun o. fl., eftir að hv. 1. þm. Austf. hafði tekið við fjármálastjórninni, og þá er enn verulega hert á, og stjórnarframkvæmdirnar upp úr því einkenndust af haftapólitík og framkvæmd slíkrar stjórnmálastefnu hér á landi. Þá er beinlínis ákveðið í 2. gr., að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Þá er ekkert hálfkák í þessu lengur, þá má engar vörur flytja inn nema með leyfi þessarar nefndar, sem er skipuð áfram 5 mönnum, 2 mönnum frá bönkunum, en ráðh. skipar þá alla.

Þetta má svo segja að sé grundvöllurinn lengi vel í gjaldeyrislöggjöfinni hjá okkur. Og eitt annað veigamikið atriði kom hér til greina. Það var, að í þessum lögum, í 3.—6. gr., voru numdar úr lögum 3.—6. gr. l. nr. 48 frá 4. júní 1924, um gengisskráningu, en með þeim l. var mönnum gert skylt að afhenda bönkum erlendan gjaldeyri. Þá var mönnum fyrst með lögum gert skylt að afhenda bönkunum erlendan gjaldeyri, með þessum lögum frá 1924, en þó ekki, ef þeir þurftu á honum að halda til kaupa á nauðsynjum í sambandi við framleiðslustörfin. Hér var alveg skorið yfir í þessu sambandi eins og með innflutninginn, að skyldan er alveg ótvíræð, hverjum er gert skylt að skila að öllu leyti og takmarkalaust þeim gjaldeyri, sem til fellur. Þó að nokkrar breyt. yrðu síðar á þessum l., eins og 1937, þegar þau eru gefin út í nýrri heildarmynd, þá má segja, að sami grundvöllurinn sé og áður, aðeins er gengið enn lengra í þá átt að herða eftirlitið á ýmsum stöðum, ekki aðeins á hinum stærri sviðum, heldur einnig á ýmsum minni sviðum í sambandi við ferðagjaldeyri og skýrslur og grg., sem menn þurftu að gera og lýsa yfir fyrir opinberum aðilum, hvernig þeir ætluðu að lifa á gjaldeyrinum erlendis o. s. frv., o. s. frv.

Við þetta situr svo, og ég skal ekki rekja gang þessara mála núna, hvernig þessar framkvæmdir heppnuðust. Ég mun koma nokkuð að því síðar, hvert var einkenni þessarar haftastefnu og framkvæmdarinnar á henni.

Þegar stríðið skellur á, fer fljótt upp úr því að breytast verulega aðstaða hjá okkur, og það eru sett brbl. um viðauka við l. frá 1936 á árinu 1941, og þau lög voru með allt öðrum hætti en áður var, því að þá var aðstaðan í okkar þjóðfélagi orðin þannig, að framboðið á erlendum gjaldeyri var miklu meira en eftirspurnin, og það var þar með alveg brostinn grundvöllurinn undir þessari haftapólitík í gjaldeyrismálunum og innflutningsmálunum að öðru leyti en því, að þá var stríðsástand og því opinbera var nauðsynlegt af þeim sökum að hafa eftirlit og fylgjast með því og stuðla að því, að náð yrði nægilegum vörubirgðum til landsins. Í þessum l. frá 1941 var ríkisstj. heimilað að ákveða, að bankarnir skyldu leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað var til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir eigendur gjaldeyrisins og á þeirra áhættu, og þessi viðaukalög voru rökstudd með því, eins og ég sagði áðan, hversu mjög framboðið á erlenda gjaldeyrinum var komið fram úr eftirspurninni.

Svo er næsti áfanginn í þessum málum í sambandi við löggjöfina 1943. Þá eru sett lögin um innflutnings- og gjaldeyrismeðferð, og þá er stofnað viðskiptaráðið svokallaða, 5 manna viðskiptaráð. Það má segja, að þetta viðskiptaráð hafi í meginatriðum haft sömu verkefni og gjaldeyris- og innflutningsnefndin hafði. Það átti skv. 1. tölulið 2. gr. að ákveða, hvaða vörur skuli flytja til landsins. En það er þó eitt eftirtektarvert ákvæði í þessum lögum, sem kemur fram í 2. mgr. 8. gr., sem hljóðar þannig, að lög þessi falli úr gildi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að núverandi Evrópustyrjöld er lokið. Og þetta ákvæði var síðan endurtekið tvisvar, þrisvar sinnum í löggjöfinni, eftir að Evrópustyrjöldinni var lokið, og frestað til síðari tímamarka, eins árs eða svo, að þá skyldu þessi lög ganga úr gildi, lögin um þessa ströngu haftapólitík, bæði innflutningshöft og gjaldeyrismeðferð. Ég bendi á þetta vegna þess, að þeir, sem stóðu að þessari löggjöf og síðari löggjöf á þessum grundvelli, — Björn Ólafsson var viðskmrh., þegar þessi lög voru sett 1943, síðan Pétur Magnússon, — að þeir menn gerðu ráð fyrir því, og það var í samræmi við þeirra grundvallarstefnu í þessum málum, að það væri lagt á það kapp og að því stefnt að afnema þetta, þegar þær kringumstæður væru ekki lengur fyrir hendi eða aðstæður, sem upphaflega höfðu knúið Íslendinga til þess að fara inn á þessar brautir. En þá kemur í ljós, að það eru miklu fleiri öfl í þessu þjóðfélagi, sem virðast vilja höftin haftanna vegna, en ekki sem neyðarráðstöfun af öðrum ástæðum, erfiðleikum í okkar efnahags- og gjaldeyrismálum. Og þess er svo skemmst að minnast, að þegar aðrar þjóðir vestan járntjalds eru að losa sig úr hinum þröngu viðjum, — margar þessar þjóðir voru búnar að afnema löngu fyrir stríð öll innflutningshöft, sem sumar þeirra höfðu lögfest hjá sér í byrjun heimskreppunnar, og svo truflaðist auðvitað efnahagslíf þessara þjóða gersamlega í heims-

styrjöldinni, — en þegar þessar þjóðir fara hver á fætur annarri að losa sig úr viðjunum, sem heimsstyrjöldin hafði á þær lagt, þá virðumst við Íslendingar festast í raun og veru fyrst í stað æ meira og meira í þessu haftakerfi og þá aðallega vegna þess, sem kemur ljósast fram, þegar lögin um fjárhagsráð eru sett, vegna þess að menn halda þá, að það sé með áætlunarbúskap, nógu gagngerðum áætlunarbúskap, hægt að komast út úr örðugleikunum.

Lögin um fjárhagsráð eru sett árið 1947 undir stjórnarforustu Stefáns Jóh. Stefánssonar, og í þeirri stjórn tóku þátt bæði Sjálfstfl. og Alþfl. Það er alveg óhætt að slá því föstu, að þessi lög voru að mörgu leyti enn harðsvíraðri haftalög en við höfðum áður þekkt, og spurningin er þá sú: Hvernig stóð á því, að Sjálfstfl. gat verið þátttakandi í því að setja þessa löggjöf? Og það er í raun og veru ekki nema sú eina skýring á því, að Sjálfstfl. hafði ekki aðstöðu til að koma sínum málum á þessum tíma betur fyrir borð en svo, en af honum þá talið nauðsynlegt, hvort sem það hefur verið með réttu eða röngu, að freista þess að vera þátttakandi í þessari tilraun til að framkvæma þennan áætlunarbúskap, vafalaust í þeirri trú, að ekki mundi hann verða verri, þó að Sjálfstfl. hefði einhverja hönd í bagga með framkvæmdunum. En þá er sett á laggirnar fjárhagsráð, 5 manna, skipað af ríkisstj., og undir því er svo innflutnings- og gjaldeyrisdeild og undir því verðlagseftirlit, og í kjölfarið á öllu þessu sigldi svo sá argasti svarti markaður og vöruskömmtun, sem við Íslendingar höfum nokkurn tíma þekkt. Í 5. gr. fjárhagsráðslaganna var mælt svo fyrir, að til hvers konar fjárfestingar, einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á því, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirka, þarf leyfi fjárhagsráðs. Og það er loksins nú, um 13 árum síðar, sem allar leifarnar af þessari lagasetningu eru felldar niður, eins og hv. síðasti ræðumaður vék réttilega að, þar sem fjárfestingarhömlurnar eru með þessu frv., sem hér liggur fyrir, algerlega úr gildi numdar.

En það er eftirtektarvert, að það stendur mjög skamma hríð sú tilhneiging, sem vissulega verður að játa að fram kemur í fjárhagsráðslögunum, til áætlunarbúskapar á Íslandi, sem sumir menn eru að tala um nú og einmitt í sambandi við þetta frv., að hér sé ekki rétt stefnt, eina leiðin sé að taka upp áætlunarbúskap að nýju. En það er eftirtektarvert, að það stendur mjög skamma hríð tilhneigingin og möguleikinn til þess að framkvæma þennan áætlunarbúskap hjá okkur. Og strax að tveimur árum liðnum er þetta stjórnarsamstarf farið út um þúfur. Og ég vil leggja áherzlu á, að þegar það stjórnarsamstarf rofnar, tekur Sjálfstfl. alveg ákveðna og nýja stefnu í þessum málum, fyrir kosningarnar um haustið 1949, og gerir þjóðinni grein fyrir því: Það er búið að gera þessa tilraun með áætlunarbúskapinn, og það mega þeir muna, sem vilja taka hann upp á ný, að það gengur ekki, og hér verður að skipta um stefnu.

Aðdragandinn að þeim átökum, sem urðu hér, og þeim kosningum að ófyrirsynju 1949, áður en kjörtímabilinu var lokið, var sá, að Framsfl. sýndi þá eins og oft áður leikni sína í því að rjúfa stjórnarsamstarf, sem hann hafði tekið þátt í, rauf þetta stjórnarsamstarf um sumarið 1949 og út af ágreiningi um verzlunarmálin, eins og oft endranær, og þá var það höfuðmarkmið Framsfl. að herða nú til stórra muna á verzlunar- og viðskiptahöftunum í landinu, sem sérstaklega kom fram í því, að skömmtunarseðlarnir í landinu áttu að vera ávísun á innflutningsleyfi fyrir vörum til landsins. Var í sjálfu sér þar með lagt til, að lagt væri inn á þær brautir, að við hefðum aldrei kynnzt neinu líku í sambandi við innflutningshöft og annað slíkt, ef á þetta hefði verið fallizt. En Sjálfstfl. einn gerði þá grein fyrir í kosningunum alveg nýrri stefnu, sem hann vildi fylgja og taldi grundvöllinn og undirstöðuna undir því, að okkur mætti lánast að komast út úr þeim erfiðleikum, sem þjóðin þá var í eins og oft endranær, bæði í efnahags- og viðskiptamálum. Það var eiginlega enginn ágreiningur um það þá, að Alþfl. vildi halda áfram áætlunarbúskapnum, sem lagður var grundvöllurinn að í stjórnartíð Stefáns Jóhanns, og það kom greinilega í ljós í tilraunum til stjórnarmyndunar eftir kosningarnar 1949, að Framsfl. spurðist fyrir um það hjá Sjálfstfl., hvort hann væri reiðubúinn til þess að styðja eða veita hlutleysi, eins og þá var beðið um, stjórn, sem Alþfl. og Framsfl. mynduðu á grundvelli þess haftakerfis, þeirrar verzlunarstefnu, sem Framsfl. hafði stofnað til stjórnarrofsins vegna á sumrinu 1949.

Það er mjög veigamikið atriði í sambandi við það, sem nú er að gerast, að rifja dálítið upp þau meginsjónarmið, sem fram komu í stjórnmálunum einmitt á árinu 1949 og svo í framhaldi af því þeirri gengisfellingu, sem átti sér stað upp úr því, á árinu 1950.

Í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. frá 23. okt. 1949 er m. a. vikið að því, að það hafi verið og sé komið allt of langt um afskipti ríkisins af verzlun og viðskiptum, of langt inn á þessa braut, og viðurkennt, að flokkurinn hafi sjálfur verið þátttakandi í þessu, en hins vegar sé honum ljóst, að það verði ekki við svo búið áfram haldið, og segir m. a. í framhaldi af þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Telur flokkurinn, að nú hafi svo langt verið gengið í þessum efnum, að í óefni sé komið. Reynslan og rás viðburðanna hefur sýnt á ótvíræðan hátt, að núverandi efnahagsörðugleikar þjóðarinnar eru í meginatriðum sprottnir af því, að grundvallarstefna Sjálfstfl. hefur ekki fengið að ráða. Þess vegna telur flokkurinn þjóðarnauðsyn, að héðan af gæti stefnu hans í ríkari mæli en verið hefur hin síðari ár og að breyting verði gerð á mörgum höfuð-

þáttum þjóðmálanna, og vill hann í því sambandi taka þetta sérstaklega fram.“ Og þar koma einmitt mörg þau meginsjónarmið, sem nú eru almennt miklu viðurkenndari og grundvöllur undir þeim mörgu ráðstöfunum, sem nú er verið að gera og gerð var tilraun til þess að gera þá með samvinnu við Framsfl., eins og ég mun víkja að síðar, á árinu 1950. En svo segir í framhaldi af því, sem ég las áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstfl. lítur svo á, að frumskilyrði þess, að Íslendingum geti farnazt vel í landi sínu, sé að athafnaþrá manna fái sem víðtækast verksvið, en sé ekki reyrð í viðjar, svo sem gert hefur verið langt úr hófi fram og í vaxandi mæli á undanförnum árum. Flokkurinn telur, að skerðing á athafnafrelsi landsmanna með víðtækri lögskipaðri ríkisíhlutun á öllum sviðum atvinnurekstrar og tilheyrandi nefndum og ráðum sé orðin óþolandi og valdi stórkostlegri rýrnun á afköstum þjóðarinnar. Fyrir því telur flokkurinn óumflýjanlega nauðsyn, að tafarlaust verði snúið af braut ríkjandi ofstjórnar, losað um höft á verzlun og athafnalífi og fækkað opinberum nefndum og ráðum, út frá því meginsjónarmiði, að landsmönnum verði sem fyrst fengið aftur það athafnafrelsi, sem þeir þrá og þjóðarhagsmunir krefjast. Sjálfstfl. er ljóst, að í einni svipan verður þetta ekki gert, enda er forsenda þess, að það takist, að ráðið verði fram úr vandamálum verðbólgunnar. Ástæðan til þess, að Sjálfstfl. hefur þolað höft þau og hömlur og hinar auknu skattabyrðar, sem nú þjaka landslýðinn, er, að ekki hefur fram að þessu verið á annan veg hægt að ná samkomulagi um ráðstafanir til hindrunar því, að meinsemdir dýrtíðarinnar stöðvuðu atvinnuvegina. Hallann á rekstri þeirra hefur orðið að bæta upp með ríkisstyrkjum, sem ekki hefur verið hægt að greiða nema með nýjum sköttum, og hefur þessi háttur einnig leitt til síaukinna ríkisafskipta. Með þessu hafa þjóðartekjurnar í heild sízt aukizt, heldur aðeins verið látið í annan vasann það, sem tekið hefur verið úr hinum, og starfræksla útflutningsatvinnuveganna verið torvelduð frá því, sem verið hefði, ef þeim hefði verið gert fært að starfa styrkjalaust. Ef þessa aðferð á að hafa áfram, hlýtur hún á næsta ári að leiða til þess, að enn verður að stórhækka skatta og álögur á almenning og leggja á ný höft og hömlur. Sjálfstfl. telur, að snúa verði af þessari braut. Hann telur, að ekki megi dragast, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að atvinnuvegirnir geti starfað styrkjalaust í sæmilegu árferði og með skaplegum aflabrögðum og þannig verði greitt fyrir því, að hin mikla nýsköpunartækni verði starfrækt, svo að allir landsmenn geti haft fulla vinnu við eðlilega starfrækslu atvinnuveganna. Hallalaus búskapur ríkissjóðs og honum samræmd starfsemi lánastofnana landsmanna er grundvallaratriði þeirra aðgerða, sem framkvæma verður. Verðlag og framleiðslukostnaður í landinu verður að samræmast markaðsverði útflutningsafurðanna í viðskiptalöndunum. Sjálfstfl. telur gengisbreytingu í því skyni algert neyðarúrræði, en vekur athygli á, að skráning á gengi gjaldeyrisins hlýtur að miðast við, að hún greiði fyrir starfrækslu atvinnuveganna, fullri atvinnu og lífvænlegum kjörum almennings. Þetta er markmiðið, sem allar ráðstafanirnar ber að miða við.“

Og um verzlunina er þetta sagt:

„Mikilvægur þáttur í því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum er að gefa verzlunina frjálsa, og verður að gera það sem fyrst, þó að það geti ekki orðið til fulls, fyrr en fullkomið jafnvægi er fengið, enda mun svartur markaður og margs konar óheilbrigði í verzlunarháttum ekki hverfa, fyrr en þessu marki er náð. Meðan svo er ekki, leggur flokkurinn áherzlu á, að meira réttlæti og jöfnuður ríki við innflutning og dreifingu vara til landsins og einstakra landshluta en nú er. Auka verður hið bráðasta innflutning nauðsynlegustu neyzluvara, sem í senn mundi bæta hag almennings og draga úr verðbólgunni, enda er þá hægt að afnema með öllu skömmtun á slíkum neyzluvörum.“

Ég hef hér vitnað nokkuð í kosningastefnuskrá flokksins frá 1949 og gert það, eins og ég sagði, m. a. vegna þess, að þar eru reifuð mörg þau undirstöðuatriði, sem liggja til grundvallar því, sem nú er verið að gera í efnahags- og peningamálum, og lágu svo til grundvallar því, er gerð var tilraun til að gera verzlunina frjálsa 1950, eftir gengisbreytinguna, en þá í samvinnu við Framsfl.

Ekkert stjórnarsamstarf tókst á milli flokka, eins og kunnugt er, eftir kosningarnar 1949, og þá var það, að Sjálfstfl. tók að sér að mynda minnihlutastjórn á þingi, og hann lagði síðan fyrir, eftir að hann hafði haft nokkurt tóm til þess, frv. sitt um gengisbreytingu og aðrar ráðstafanir, sem þá voru lagðar til í sambandi við gengisbreytinguna. Sá háttur hafði þá verið á hafður, að Sjálfstfl. sendi lýðræðisflokkunum, Alþfl. og Framsfl., tillögur sínar til þess að þreifa fyrir sér um möguleika til samstarfs um þessar till., en þær fengu ekki stuðning þessara flokka, og sérstaklega vildi Framsfl. ekki svara því, hvort hann vildi styðja þessar till., fyrr en minnihlutastjórn Sjálfstfl. væri búin að segja af sér.

Það þótti ekki ástæða til þess, og ég skal fara fljótt yfir þessa sögu, en niðurstaðan varð sú, að frv. um gengisbreytinguna var lagt fyrir í þinginu, held ég í byrjun marzmánaðar, og eftir að það kom fram, flutti Framsfl. vantraust á Sjálfstfl.-stjórnina, sem var svo samþ., en síðan var mynduð stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. undir forustu þess síðartalda um framkvæmd þess frv. í meginatriðum, sem Sjálfstfl. hafði lagt fram og hlotið vantraust Framsfl. fyrir, og er það saga út af fyrir sig. En það kom þó hér fram, að Framsfl. vildi, þegar á reyndi og a. m. k. þegar hann var með í stjórninni og hafði forsæti hennar,

vera með í því að gera tilraun til þess að framkvæma í meginatriðum þá stefnu, sem Sjálfstfl. hafði markað, að koma á frjálsri verzlun í landinu m. a. og jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Það er svo rétt og mætti segja nú í dag: Af hverju er þm. að rifja þetta upp allt saman? Mislukkaðist þetta ekki allt saman? Og eru það eiginlega ekki rök á móti því að vera nú á ný að reyna að gera svipaðar ráðstafanir? Við þessu vil ég segja það, að það komu mörg óvænt viðhorf inn í gang þessara mála, sem torvelduðu framkvæmd þeirra. Þá urðu miklar verðhækkanir á erlendum vörum og viðskiptakjörin í útflutningum einnig óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Vegna Kóreustríðsins urðu stórkostlegar verðhækkanir á veigamiklum innflutningi, eins og veiðarfærum, olíu, kolum, kaffi, timbri, pappír, ullarvörum og skófatnaði, sem á þeim tíma var talið að orsakaði a. m. k. þriðja partinn af hækkun framfærslukostnaðarins, sem þá varð hér á landi. Þetta var náttúrlega þáverandi stjórnarflokkum erfitt og m. a. átti sinn þátt í því, að framkvæmdirnar fóru ekki eins og ráðgert hafði verið. Það má segja, að ýmislegt annað hafi verið látið undir höfuð leggjast að gera þá, sem nú er gert, ýmsar aðrar ráðstafanir í peningamálum og fjármálum, og menn séu nú reynslunni ríkari og þess vegna líklegt, að þær fyrirætlanir, sem nú eru uppi, eigi betur að geta lánazt. En þó er á það að líta, að upp úr þessu skapaðist hér verulega aukið frelsi frá því, sem áður hafði verið í innflutnings- og viðskiptamálunum. Viðskiptanefndin, sem var deild úr fjárhagsráði, var lögð niður í janúarmánuði 1950. Þetta var, eins og ég sagði áðan, ein deild úr fjárhagsráði, og tveir menn úr fjárhagsráði áttu þá að vinna það verk, sem þessari deild hafði verið falið. Það var byrjað að afnema skömmtunina í júnímánuði 1950, og skömmtunarskrifstofan var lögð niður í september 1950. Síðan var dregið úr þeirri skömmtun, sem eftir stóð og að sumu leyti var þá í sambandi við annað en vöruskortinn, eins og upphaflega var, í sambandi við niðurgreiðslu á vörum eins og smjörlíki og annað því um líkt. Það var gefinn út fyrsti frílistinn af þessari stjórn í ágústmánuði 1950, og það var talið, að sá frilisti tæki til um 17% af innflutningnum, sem þá skyldi vera frjáls, og annar frílisti var svo gefinn út 7. apríl 1951, og þá var talið, að innflutningurinn væri með þeim frílista a. m. k. 50—60% orðinn frjáls.

Þetta kom auðvitað fram í því, að það var hægt að draga úr þessum nefndum og starfsliði þeirra og var þannig fækkað starfsliði fjárhagsráðs á árinu 1951 um 40 manns, og ég man nú ekki, hvað voru margir eftir, en fækkunin var um 40 manns, og starfsliði verðgæzlustjóra var þá fækkað um helming, hafði verið 14 manns, niður í 7 manns. Hér er sem sagt ótvírætt gerð tilraun til þess og haft frumkvæði um það af mönnum, sem vilja ekki höftin haftanna vegna og töldu þess vegna, að það yrði að reyna að losa um höftin sem allra fyrst, — tilraun til þess að koma á sjálfstæði í viðskiptum hjá okkur.

Næsti áfanginn í þessu er sá, að það er mynduð stjórn eftir kosningarnar 1953 og þá undir forsæti Sjálfstfl., stjórn þessara tveggja áðurgreindu flokka, og þá voru sett lögin, sem nú er verið að afnema, lögin frá 24. des. 1953, þar sem 1. gr. hljóðar á þá leið, að „stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan". Og með þeim l. var fjárhagsráð lagt niður og innflutningsskrifstofunni falið að taka við þeim verkefnum fjárhagsráðs, sem eftir stæðu. En samhliða þessu voru gerðar ráðstafanir til þess að rýmka mjög fjárfestingarhömlurnar og í 8. gr. l. ákveðið, að frjálst skyldi vera að byggja íbúðarhús 520 rúmmetra, og ýmsar minni framkvæmdir, eins og peningshús og heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur og annað slíkt, voru algerlega gefnar frjálsar. Þessi lög hafa svo staðið óbreytt þar til nú, nema hvað það voru tveir menn, sem fjölluðu um verkefni innflutningskrifstofunnar, en var breytt 1957 í, að það skyldu vera fjórir menn.

Hitt er svo rétt, þegar á þetta er litið, að þegar komið er fram á s. l. ár, þá er meira og minna orðið óvirkt af þeirri tilraun, sem gerð hafði verið til frjálsrar verzlunar, og þó að menn vildu kaupa frílistavörur frá útlöndum, urðu fyrirtæki og innflutningsverzlanir að bíða mjög lengi oft og tíðum eftir því, að bankarnir gætu látið þeim í té gjaldeyri fyrir þessum frílistavörum, vegna þess að þá var ekki nægilegur gjaldeyrir fyrir hendi.

Ég hef m. a. rifjað allt þetta upp, til þess að menn gætu nokkuð af því lært, sem mér finnst veigamikið, og það er rétt, að það komi fram gagnvart öllum almenningi, að það er eins og rauður þráður í pólitík Sjálfstfl. á þeim tíma, sem höftin hafa verið hér á landi í gildi, að reyna að komast út úr haftafarganinu. Það má segja, að það hafi verið breyttar baráttuaðferðir í þessu sambandi. Ég man t. d. eftir því, þegar ég fór fyrst að skipta mér af stjórnmálum og gerðist erindreki Sjálfstfl. 1939, að það, sem þá var langmest deilt um, bæði hér á þingi, í blöðum og á opinberum vettvangi í sambandi við innflutningshöftin, var ekki, hvort það væri þá hægt að afnema höftin, en þá var mest deilt um misbeitingu haftanna, og það er misbeiting á höftunum, frá því að þau virkilega taka að sauma að landsmönnum frá 1935 og til 1939, sem er aðaldeiluefnið í verzlunarpólitík okkar Íslendinga frá þessum tíma. Þetta sjá menn alls staðar eins og rauðan þráð í gegnum allar deilur um þessi mál, þegar litið er yfir þetta tímabil. Og það er vegna þess, að þá eru höftin af ásettu ráði af Framsfl. notuð — ekki sem neyðarráðstöfun vegna afleiðinga kreppunnar, heldur, þegar búið er að koma þeim á af þessum sökum, sem tæki til þess að mismuna verzluninni í landinu, lyfta undir samvinnuverzlunina og leggja stein í götu frjálsrar verzlunar og einkaframtaks í landinu. Og það

kvað svo rammt að þessu á árunum 1937 og 1938, þessari misbeitingu haftanna, að ég býst við, að margir þm., sem hér eru, muni eftir því. Það var ekki mikil gróska í atvinnulífinu, en ef stofnað var fyrirtæki, þá var spurt: Hver er framsóknarmaðurinn í fyrirtækinu? Menn voru hættir að gera ráð fyrir því, að hægt væri með þessari beitingu haftanna, eins og hún var, að koma á fyrirtæki nema ná sér í einn framsóknarmann og hafa hann með í stjórn fyrirtækisins eða innanbúðar þar, svo að þá væru líkur til, að hægt væri að koma þessu í framkvæmd.

Þetta má segja að hafi verið það, sem á þessum tíma var mest deilt um, og fyrst eftir að Sjálfstfl. og Framsfl. fóru að vinna saman í stjórn, þegar gamla þjóðstjórnin var mynduð 1939 og Alþfl. var með í spilinu líka, þá voru deilurnar mest á milli þessara flokka um það, hvernig hægt væri að jafna þessar deilur og draga úr þessari misbeitingu, sem þá var haldið fram af sjálfstæðismönnum að væri langt úr hófi fram og óviðeigandi.

Aftur á móti upp úr stríðinu breytast viðhorfin. Þá kemur meira í ljós í þeim umr., sem fara fram manna á milli eða milli stjórnmálaflokkanna, skoðanamismunur um nauðsyn og gildi haftanna, — ekki svo mikið um misbeitingu haftanna, eins og áður var, heldur það, hvort höftin nái þeim tilgangi, sem að var stefnt, hvort þau þjóni nokkurri nauðsyn í okkar verzlunar- og efnahagsmálum, og þar komu auðvitað fram mjög skiptar skoðanir um þetta. Og eins og ég sagði áðan, á árunum upp úr stríðinu og fram undir 1950 má segja kannske, að hafi verið um þetta atriði meiri ágreiningur á milli Alþfl. og Sjálfstfl. og Alþfl. og Sósfl. eða kommúnista heldur en þá virtist vera á milli Framsfl. og Sjálfstfl.

Þegar á það er litið, sem ég hef nú rakið, er það ekki neitt einkennilegt, að Sjálfstfl. sem annar stjórnarflokkurinn og í þessu tilfelli stærri stjórnarflokkurinn, sem nú er, hafi átt veigamikinn þátt í því að móta það, sem nú er orðið. Er að vísu ekki eftirsóknarvert að móta það, ef allt væri rétt, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austf., sem hér talaði áðan, og verður ekki heldur eftirsóknarvert, ef rætast spár hv. 3. þm. Reykv. (EOl), en ég skal víkja að því síðar.

Þegar vinstri stj. hrökk upp af klakknum í árslok 1958 og í sambandi við tilraunir til stjórnarmyndunar þá markar flokksráð Sjálfstfl. í desembermánuði mjög ákveðna meginstefnu í sambandi við verzlunarmálin og efnahagsmálin, og ég skal aðeins taka nokkra punkta úr því, með leyfi hæstv. forseta, til þess að mönnum sé ljóst, að hverju Sjálfstfl. stefndi þá, þó að honum tækist ekki að mynda stjórn á þessu augnabliki, en þar segir, í þessari flokksráðssamþykkt, m. a.:

„Stefnt verði að því að afnema uppbótakerfið, svo fljótt sem unnt er, með því að skrá eitt gengi á erlendum gjaldeyri og gera útflutningsatvinnuvegunum kleift að standa á eigin fótum án styrkja. Jafnframt verði lagður grundvöllur að frelsi í atvinnurekstri og viðskiptum, svo að hægt sé að afnema þau höft, sem nú eru á viðskiptum og framkvæmdum.“ Fjölskyldubætur átti að auka og lækka beina skatta. „Taka þarf fjármál ríkisins til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum, að ýtrasta sparnaðar sé gætt og útgjöldum ríkissjóðs haldið innan hæfilegra marka. Framkvæma þarf heildarendurskoðun á tolla- og skattakerfinu í því skyni að koma í veg fyrir, að skattaálögur hindri eðlilega uppbyggingu atvinnuveganna, tryggja jafnrétti skattgreiðenda, örva menn til starfa við útflutningsframleiðsluna og gera kerfið einfaldara og ódýrara í framkvæmd. Sett verði ný og heilsteypt löggjöf um Seðlabanka Íslands, er tryggi örugga yfirstjórn peningamála. Bankalöggjöfin sé að öðru leyti endurskoðuð og samræmd.“

Þegar dró til kosninga á sumrinu 1959 og landsfundur Sjálfstfl. kom saman, markaði hann einnig afstöðu flokksins um það, sem verða vildi, einmitt í þeim málum, sem við nú erum að ræða, og vildi ég mega minna á örfá atriði þar, með leyfi hæstv. forseta. Um verzlunarmálin var ályktun landsfundarins í marzmánuði 1959 á þessa leið:

„Landsfundurinn telur frjálsa verzlun vera eitt af frumskilyrðunum fyrir góðri afkomu þjóðarinnar í heild. Þess vegna hefur flokkurinn ávallt unnið að því að gera verzlunina sem frjálsasta. Í samræmi við þessa stefnu Sjálfstfl. telur fundurinn höfuðnauðsyn, að þess sé ávallt gætt, að jafnvægi haldist í efnahagsmálum þjóðarinnar, því að án þess verði eigi til lengdar haldið uppi frjálsum og heilbrigðum viðskiptum. Ber því að vinna markvisst að stöðvun verðbólgunnar, sem undanfarin missiri hefur fært verzlun og annan atvinnurekstur úr skorðum.

Fundurinn telur sjálfsagt, að einkaverzlun og samvinnuverzlun starfi hlið við hlið í frjálsri samkeppni og á jafnréttisgrundvelli, ekki sízt að því er snertir skatta, útsvarsmál og aðgang að lánsfé í lánastofnunum.

Fundurinn leggur áherzlu á það, að frjálst verðlag verði ráðandi í landinu, þar sem hann telur, að frjáls samkeppni og eðlilegt vöruframboð tryggi almenningi hagstæðasta vöruverðið.

Fundurinn telur, að eðlilegt sé, að gjaldeyrisbankarnir annist þau störf, sem innflutningsskrifstofan hefur nú með höndum viðkomandi innflutningsverzluninni, enda verði að því stefnt að leggja innflutningsskrifstofuna niður.

Fundurinn vekur athygli á því, að til þess að verzlunin geti þjónað hagsmunum almennings á sem beztan hátt, þá verður hún að ráða yfir nægilegu fjármagni og fá aðstöðu til að byggja upp eigið fjármagn, eins og nauðsyn ber til um allar atvinnugreinar þjóðarinnar.

Fundurinn telur eðlilegt, að Verzlunarspari-

sjóðnum verði breytt í Verzlunarbanka Íslands, sem væri efldur til að verða fær um að gegna því hlutverki, sem honum er ætlað.“

Þannig hefur í raun og veru fyrr og síðar vakað þetta eitt og sama fyrir Sjálfstfl., sem hann nú er að reyna að framkvæma í samstarfi við Alþfl., og mig langar alveg sérstaklega til að víkja að þeim breyttu viðhorfum, sem felast í því samstarfi, sem nú er milli Alþfl. og Sjálfstfl.

Ég tel, að enda þótt Sjálfstfl. hefði fengið t. d. hreinan meiri hl. í kosningunum 1953, skulum við segja, eða við skulum segja í kosningunum 1956, þá hefði verið miklu veikari aðstaða fyrir Sjálfstfl. til þess að geta framkvæmt þessa stefnu, sem ég hef verið að lýsa, heldur en eins og nú er komið, að hann vinnur að þessari framkvæmd í fullu samkomulagi við annan flokk. Og það, sem ég tel að hafi gerzt á þessu tímabili, er, að aðstaða og viðhorf manna hafa breytzt, vafalaust fyrir áhrif úr hinum vestræna stjórnmálaheimi og af ýmsu öðru, sem við höfum séð í kringum okkar á undanförnum árum. Og það er alveg rétt, að þær skoðanir, sem uppi voru hjá stjórnmálaflokki einhvern tíma, fyrir 20—30 árum, þurfa ekki og eiga auðvitað ekki að binda stjórnmálaflokk á síðari stigum og í framtíðinni. Eins má líka gera ráð fyrir því og gera því skóna, að vissar skoðanir, sem annar stjórnmálaflokkur hefur haft á öðrum tímum, hefðu kannske ekki náð þeim tilgangi, sem þær síðar geta náð, þegar öðruvísi horfir við.

En nú er sú aðstaða, að Sjálfstfl. og Alþfl., tveir flokkar, eru algerlega sammála um þá stefnu, sem verið er að reyna að framkvæma með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og öðrum till. stjórnarflokkanna í peningamálum og fjármálum. Og það hefur líka gerzt, að næstum því allir hagfræðingar og sérfræðingar úr hinum vestræna heimi — annars þekkjum við lítið til hér — hafa á síðari árum eða skoðanir þeirra hneigzt í þessa sömu átt, að það beri að stefna í meginatriðum að því frjálsræði, sem nú er verið að reyna að koma hér á, og þeim öðrum ráðstöfunum í peninga- og fjármálum. Þetta er mjög mikil breyt. frá því, sem áður var, þegar fáir hagfræðingar voru annað en sósíalistar og áætlunarbúskaparmenn. En það eru fáir nú, sem finnast í hópi þeirra, sem eru lengur áætlunarbúskaparmenn.

M. ö. o.: tilhneiging á síðari árum virðist hafa færzt mjög í þá átt, að hún yrði sterkari og efldist, sú stefna frjálsræðis og einkaframtaks með jafnvægi í þjóðarbúskapnum sem grundvöll, sem sjálfstæðismenn fyrr og síðar hafa barizt fyrir. Og það er í sjálfu sér mjög ánægjulegt, að Sjálfstfl. og Alþfl. skuli hafa verið alveg sammála um þann eftirmála um höftin, sem fram kemur í grg. ríkisstj. fyrir efnahagsmálafrv., sem mig langar til að taka örfáar setningar upp úr, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir, í þessu stjfrv. og grg. fyrir því:

„Höftin gera það að verkum, að framleiðslan beinist í aðrar áttir en þær, sem hagkvæmastar eru. Tilraunir til að takmarka eða stöðva innflutning sumra vörutegunda leiða til þess, að hafin er framleiðsla, sem annars gæti ekki þrifizt. Þessi framleiðsla dregur síðan vinnuafl og fjármagn frá annarri framleiðslu, sem byggð er á heilbrigðari grundvelli. Þar við bætist, að höftin torvelda eðlilegan gang framleiðslunnar, þar sem þau geta orðið til þess, að efnivörur og aðrar rekstrarvörur berist ekki að jafnt og eðlilega. Fyrirtækjum er gert erfiðara að afla sér framleiðslutækja, og tilviljanir og annarleg sjónarmið geta ráðið því, hvaða atvinnurekendum eða framleiðslugreinum er leyft að þróast. Einkum og sér í lagi á þetta við, þegar beinlínis verður að nota höftin til að ýta undir innflutning þeirra vörutegunda, sem greiða há gjöld, og takmarka innflutning þeirra vörutegunda, sem lág gjöld greiða, eins og orðið hefur að gera hér á landi. Undanfarin ár hefur orðið að setja miklar takmarkanir á innflutning vörubifreiða, á sama tíma sem reynt hefur verið að flytja inn sem mest af fólksbílum. Strangar hömlur hafa verið á innflutningi hvers konar véla, á sama tíma sem innflutningur þeirrar neyzluvöru, sem menn helzt teljast geta verið án, hefur verið að mestu leyti frjáls. Það þarf ekki miklum getum að því að leiða, hvaða afleiðingar slíkt fyrirkomulag hlýtur að hafa á atvinnulíf þjóðarinnar, þegar fram í sækir. Þá er hitt ekki síður þýðingarmikið, að höftin takmarka eðlilega samkeppni í innflutningsverzluninni og stuðla þannig beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur en ella mundi. Það er ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, hversu gagnlegt sem verðlagseftirlitið annars kann að vera. Á s. l. 10 árum hafa orðið geysimiklar framfarir í vesturlöndum í vörudreifingu. Rutt hafa sér til rúms nýir verzlunarhættir, sem hafa í för með sér minni verzlunarkostnað og stóraukin þægindi fyrir neytendur. Það á sér sjálfsagt margar orsakir, hversu lítið þessara framfara hefur enn gætt á Íslandi, en ein þýðingarmesta orsökin er einmitt innflutningshöftin.“

Ég held einnig, að þessi skilningur á höftunum og gagnsemi þeirra sé útbreiddur langt út fyrir raðir Sjálfstfl. og Alþfl. Ég veit, að hans gætir mjög ríkulega innan raða framsóknarmannanna, þó að þeir hafi gerzt andmælendur þessa frv. nú og finnist þá vegna ýmissa annarra ráðstafana, að eigi sé sem réttast að farið. En hitt er svo annað mál, að ég geri ekki ráð fyrir, að þessi skilningur eigi marga formælendur innan Alþb. og hjá kommúnistum.

Það hafa greinilega komið í ljós, sem er eftirtektarvert í sambandi við þetta mál hér, sem nú er til meðferðar, hin mjög svo mismunandi viðbrögð andstöðuflokkanna tveggja. Mér er ekki alveg ljóst, hvað vakir fyrir Framsfl. Ég held mér sé alveg ljóst, hvað fyrir Alþb. eða kommúnistunum vakir í þessu

sambandi. Mér er þetta síður ljóst með Framsfl., vegna þess að Framsfl. lagði hönd á plóginn með okkur sjálfstæðismönnum, eins og ég gerði grein fyrir, árið 1950 í sambandi við gengisbreytinguna þá, og Framsfl. lagði á það mjög mikla áherzlu fyrir þingkosningarnar 1953, sem menn kannske muna eftir, að nú væri orðið svo og svo mikið frjálsræði í verzluninni fyrir tilstuðlan Framsfl., og hældist mjög um að eiga annaðhvort þátt í eða frumkvæði að þessu verzlunarfrelsi. Frá samtökum samvinnumanna, þar sem eru miklir ráðamenn Framsóknar, eins og við vitum, og nær einvörðungu frá Sambandinu, hafa á undanförnum árum æ ofan í æ verið gerðar ályktanir á aðalfundum um það, hversu nauðsynlegt væri að losna við innflutningshöftin og koma á frjálsri verzlun. Og hv. frsm. 1. minni hl. fjhn., 1. þm. Norðurl. v. (SkG), hefur oft skrifað um það og skrifaði um það á þessum tíma, hversu ánægjulegt það væri, að tekizt hefði að létta höftunum af verzluninni og stefna til fríverzlunar.

En það er eins og endranær, því miður, að það er ekki alveg sama um afstöðu framsóknarmanna, hvort þeir eru með í framkvæmdinni, þ. e. a. s. í stjórn eða ekki í stjórn. Það getur vel verið, að fleiri flokkar séu háðir þessum breyskleika, en hann gerist nú mjög áberandi í sambandi við afstöðu framsóknarmanna til þessa máls. Þeir gera lítið úr því og segja, að hér sé í raun og veru engu verið að breyta frá því, sem verið hefur. Að vísu viðurkenndi hv. 1. þm. Austf. áðan, að það væri nú verið að breyta um fjárfestinguna, það ætti að afnema allar fjárfestingarhömlur, annars væri þetta eiginlega ekkert nema nýjar hömlur og nýjar nefndir o. s. frv. En ef þetta er svona, þá hefði ég skilið betur afstöðu Framsóknarfl., ef hann hefði komið og gagnrýnt þetta á þeim grundvelli, að hér væru of miklar hömlur á öðrum sviðum í sambandi við þetta, og bent þá á, hvernig ætti að gefa þetta frjálst, hvað það væri, sem honum fyndist of bundið og mætti frjálsara gera í þessu sambandi. En það hefur flokkurinn ekki gert eða talsmenn hans hér. Og þegar þeir segja sem svo: Hér er í raun og veru engu verið að breyta í sambandi við það að gefa frjálsan innflutning og afnema höft o. s. frv., þá hafa þeir ekki fyrr sleppt orðinu en hv. 3. þm. Reykv. tekur við og vill leiða þeim fyrir sjónir, að þetta sé mikill misskilningur hjá þeim, ef þeir átti sig ekki á því, þó að kannske munurinn sé ekki mikill á orðalagi á eldri lögum og þeim, sem nú er verið að leggja til að samþykkt verði, að þá sé auðvitað hér um veigamikla stefnubreytingu að ræða og eitt af undirstöðumálum núv. ríkisstj., sem felist í því, að framkvæmd verði ákvæði þessa frv.

Meginuppistaðan í viðbrögðum hv. 3. þm. Reykv. við þessu hefur verið sú, að við stefndum okkar utanríkisverzlun og viðskiptum í voða, mundum draga úr viðskiptunum við austurblokkina, ef svo má kalla. Hæstv. viðskmrh. og forsrh. einnig og aðrir talsmenn stjórnarinnar hafa mótmælt þessu og ekki getað fallizt á þá skoðun, að við værum að hverfa frá meira öryggi, sem við hefðum með viðskiptunum við austurblokkina, og til öryggisleysis með þeim till., sem hér eru gerðar. Í fyrsta lagi er á þetta að líta: Hvert er nú öryggið? Hversu mikið er öryggi okkar Íslendinga í viðskiptum við jafnkeypislöndin, ef aðstaða okkar er sú, að við erum í æ ríkari mæli að færast með viðskiptin yfir til þeirra, á sama tíma sem efnahagskerfi okkar er þannig, að okkur er ómögulegt að drífa upp markaði fyrir vöruna fyrir vestan járntjald, ef svo skyldi fara, að einhverjum góðum herrum fyrir austan þóknaðist að segja sem svo: Nei, nú skulum við láta þessum viðskiptum lokið í bili? Þetta hafa kommúnistar séð, og á þessa hörpu hafa þeir slegið. Þeir hafa sagt við fólkið í þessu landi: Kommúnistar verða að vera með í ríkisstj., vegna þess að annars verður lokað þessum mörkuðum fyrir austan og við erum á flæðiskeri staddir. Þetta er ekki öryggi í viðskiptamálum, ef nokkuð er að marka það, sem kommúnistar sjálfir hafa sagt og boðað landslýðnum í þessu sambandi. Þetta er það hættulegasta öryggisleysi, sem þjóðin getur lent í. Þjóðin verður efnahagslega og viðskiptalega að vera þannig stæð, að hún sé samkeppnisfær í hinum frjálsa viðskiptaheimi, en geti hins vegar engu að síður haldið uppi viðskiptum við austurblokkina og hafi vilja til þess að halda uppi þessum viðskiptum, þ. e. a. s. vilja til þess að selja útflutningsvöru okkar hverjum sem vill kaupa hana með hagstæðustum kjörum og beztu verði. En það er algert öryggisleysi að vera háður viðskiptum austur á bóginn, ef það er undir þeim kringumstæðum, að okkar efnahagskerfi að öðru leyti er þannig, að það er kippt undan okkur fótunum, að svo miklu leyti sem drægi snögglega úr þessum mörkuðum, sem eru þess eðlis, að þeir geta allir horfið á einum degi, af því að þetta eru pólitískir markaðir í miklu ríkari mæli en í hinum frjálsa heimi, þar sem þeir byggjast á framboði og eftirspurn og vilja og smekk almennings í viðkomandi löndum.

Það er þess vegna mín skoðun, að við höfum stefnt inn í mikið öryggisleysi á undanförnum árum, þegar við hugsum um verzlunarviðskipti okkar við önnur lönd og höfum til hliðsjónar efnahagsuppbygginguna, eins og hún hefur verið innanlands. En það er mikil trygging fyrir okkur, ef við getum haldið áfram, — og við viljum halda áfram, og það eru líkur til, að við getum haldið áfram viðskiptum við austurblokkina og aukið þau jafnvel, ef því er að skipta, en á sama tíma haldið uppi blómlegu viðskiptalífi og verið samkeppnisfærir á hinum frjálsu mörkuðum í hinum vestræna heimi.

Varðandi afstöðu framsóknarmanna, sem fram kom í síðustu ræðu, er það eiginlega þetta, sem þeir allir hafa sagt: Það er ekki verið að koma á frelsi, heldur öðrum höftum, og þessi önnur höft, sem þeir kalla,

er það, að verið er að draga úr kaupgetunni og þess vegna getur ekki eftirspurnin eftir innflutningnum orðið meiri en svo og svo. Ef maður reynir að kryfja til mergjar þá hugsun, sem í þessu felst, þá finnst mér, að nánast leiði hún að því, — það er kannske nokkuð gróf skýring, en í raun og veru segir hún þetta: Við eigum að haga okkar þjóðarbúskap þannig, að það sé nógu mikið peningamagn í umferð, kaupgetan sé þess vegna í ríkum mæli fyrir hendi. Hins vegar hlyti það að vera fölsk kaupgeta, sem er ekki í samræmi við framleiðslugetu þjóðarinnar. — Þegar búið er að ná þessu marki og hin falska kaupgeta spyr eftir erlendum gjaldeyri, alveg botnlaust, og erlendum vörum, þá setjum við á nefndir, til þess að úthluta, og þá segja þeir: þá úthlutum við auðvitað þeim, sem hafa mestar þarfirnar, látum þær framkvæmdir, sem mest liggur á, ganga fyrir o. s. frv. Svona á þetta að vera, þetta virðist í dag vera það „ideala" þjóðskipulag, sem framsóknarmenn eru að tala fyrir: fölsk kaupgeta, nógu mikil eftirspurn, svo ríkisskipaðar nefndir til þess að úthluta fólkinu, og þá gæti ég ímyndað mér, að Framsfl. vildi gjarnan vera með í stjórn og ráða einhverju í þeim nefndum, sem þessa úthlutun eiga að taka að sér. Og þá kemur það, sem núverandi stjórnarsinnar segja, hin pólitíska fjárfesting. En hvað er hin pólitíska fjárfesting? segja þeir. Það eru framkvæmdir almennings, það eru framkvæmdir fólksins. Framkvæmdirnar eiga ekki og fjárfestingin á ekki að byggjast á efnahagskerfinu, ekki á efnahag einstaklinganna, ekki á efnahag fyrirtækjanna, ekki á efnahag þjóðarinnar í heild og aðstöðunni út á við. Nei, hún á að byggjast á þessari pólitísku fjárfestingu, að það sé látið ganga fyrir, sem þarfast er, — þannig er það orðað, — á hverjum tíma, og þá séu framkvæmdir almennings látnar sitja í fyrirrúmi fyrir framkvæmdum auðkýfinga og peningamanna. Þarna skín í þá mestu pólitísku spillingu, sem við höfum orðið varir við, þann pólitískt spillta hugsunarhátt, sem við höfum rekið okkur oft á á undanförnum árum hér á landi.

Það er kannske engin tilviljun, að þegar atvinnuaukningarfé er úthlutað í milljónatali, 10 og 15 millj. kr., — það er ekki svo lítil upphæð hjá okkur Íslendingum, í ekki stærra þjóðfélagi, — þá hafa það alltaf verið ráðherrar, pólitískir ráðh., einn eða tveir, sem hafa átt að mylgra þessu út um landið. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til fyrir lifandi löngu, að um þetta væri sett löggjöf og stofnaður atvinnuaukningarsjóður og yfirstjórn hans skipuð á eðlilegan hátt, þannig að þetta væri ekki allt saman mergsogið af misrétti og pólitík. Hvernig stendur á því, að þegar hv. 1. þm. Austf. og samþingismaður hans (LJós) eru í ráðherrastóli, þá koma Austfirðirnir út með langsamlega mest atvinnuaukningarfé af öllum fjórðungum? Á sama tíma er þó gífurlega miklu og kannske hlutfallslega meira en annars staðar af öðru fé, af fé bankanna og annarra peningastofnana, varið til annarrar atvinnuaukningar og uppbyggingar á síldarverksmiðjum og síldariðnaði á Austfjörðunum. Kannske geta hv. aðilar skýrt þetta. En ég tel, að þarna sé spegilmynd af þessari pólitísku fjárfestingu, þegar pólitískir ráðherrar eiga að úthluta fé til manna til þess að kaupa báta og önnur verðmæti. Fyrst var slagurinn um leyfin. Menn sækja í tuga- og hundraðatali um leyfi til innflutnings á bátum. Svo byrjar úthlutunin á leyfunum. Svo þegar búið er að úthluta þeim þannig, að þeir fá helzt leyfi, sem enga getu hafa til þess að kaupa bát, eins og mörg dæmi eru fyrir hendi, þá hefur samt sem áður þessum viðkomandi aðila verið gerður töluverður greiði, því að annars staðar er maður, sem kaupir þetta leyfi fyrir kannske hundruð þúsunda króna og verður í framkvæmdinni eigandi bátsins. Það lætur vel í munni að segja: Þær framkvæmdir, sem þarfastar eru og mestar fyrir almenning, eiga að sitja fyrir, og við ætlum að sjá um það með haftakerfinu. En við höfum allt of mörg dæmi til þess úr okkar þjóðlífi, að það hefur ekki gengið, og hv. 3. þm. Reykv. sagði m. a., að á 30 árum haftanna hér á landi hefðu menn verið að úthluta spillingunni í þjóðfélaginu. En samt vill hann ekki losna við höftin, því að hann segir: Þetta voru bara spillt höft, þetta var bara spilling, af því að Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. framkvæmdu þetta svo illa. En ef við hefðum verið þarna að verki, þá skylduð þið nú hafa séð, eins og mátti sjá á nýsköpunartímunum, þegar við lögðum hönd á plóginn. Það er þetta, að vilja fá höft og geta notað þau sjálfur til valdbeitingar í þjóðfélaginu.

Það er svo eitt atriðið, að það er talað um, að þeir fái frelsið, sem eigi peningana eða verði aðnjótandi lánanna hjá bönkunum. Þetta sagði hv. 1. þm. Austf., þegar hann talaði hér áðan. Ég vil í þessu sambandi segja, að það er mikill munur á lánveitingum, eins og bankakerfi okkar er hér eða þegar tveir pólitískir ráðh. eru að úthluta milljónum í lánum til manna, sem verða kannske aldrei endurgreidd og bera lága vexti. Og flestir okkar bankar, eða þeir, sem nokkuð kveður að, þetta eru allt saman ríkisbankar, og er yfirstjórn þeirra þannig fyrir komið, að í aðalbönkunum eru þrír bankastjórar, a. m. k. í Landsbankanum og Útvegsbankanum, og þannig, að þetta eru menn og hafa jafnan verið meira og minna frá mismunandi stjórnmálaflokkum, og auk þess eru yfir þeim bankaráð. Og eitt er þó víst, að þegar menn eru að tala um lánin frá bönkunum, sem gæðingar stjórnarinnar, eins og hér er nú talað um, verði aðnjótandi, þá er það staðreynd, að í framkvæmdinni, hvorki fyrr né nú, hefur verið nein pólitísk togstreita um lánveitingar bankanna. Ég gerði grein fyrir þessu mjög ýtarlega, þegar bankalöggjöfin var hér á dagskrá í þinginu árið 1957. Það var aldrei hægt að benda á þá pólitísku misbeitingu sjálfstæðismanna á bönkunum, sem þá var mest talað

um. Það var glamrað um þetta, en hvergi voru nein atriði til að benda á. Það voru settir þá bankastjórar frá þáverandi stjórnarflokkum inn í bankana og meiri hluti í öll bankaráðin. Síðan hafa heldur aldrei verið nein pólitísk átök í bönkunum, svo sem ætla mætti af þessu tali manna hér fyrr og síðar um þá, sem af einhverri náð verða aðnjótandi þess fjármagns, sem bankarnir geta úthlutað. Hitt er svo annað mál, að það er einn stór banki hér í landinu, Búnaðarbankinn, sem mjög hefur eflzt á undanförnum árum og ekki sízt vegna þess, að alþingismenn úr öllum flokkum hafa verið ósínkir á að efla sjóði þessarar stofnunar, og það er eini bankinn, þar sem er einn bankastjóri, af þessum stóru bönkum, og þar sem alger pólitísk yfirráð Framsfl. hafa verið í bankaráðinu, alltaf haft 2 menn af 3 og formaður flokksins verið formaður bankaráðsins. Og það þótti engin ástæða til þess að breyta þessu árið 1957, þegar verið var að breyta bankalöggjöfinni. Mér er alveg ljóst af þeirri reynslu, sem ég hef í þessum efnum, að það má segja sem svo: Duglegur maður gæti kannske komizt af einn að stjórna þessum banka, og þá þyrfti ekki marga bankastjóra. Hann hefði þá auðvitað fleiri ábyrga starfsmenn undir sér til þess að vinna verkin. — En þar sem er um ríkisbanka að ræða, horfir þetta öðruvísi við en þar sem er um að ræða einkabanka, og er gagnólíkt, og hefur þess vegna færzt í þetta horf, að við höfum komið á því bankakerfi hjá okkur, að það sé nokkurn veginn öruggt, að stjórn á hverjum tíma og þing geti haft veruleg áhrif um það, hvernig bönkunum er stjórnað, með kosningu bankaráðanna og bankastjóranna, eins og þær reglur liggja fyrir.

Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Ég hef kannske þreytt hv. þm., vegna þess að menn eru búnir að hlusta áður á margar og langar ræður. En þó vildi ég, áður en málið færi út úr d., að þetta kæmi greinilega fram. Ef þessi mál mistakast, bera náttúrlega þeir flokkar, sem að þeim standa, höfuðábyrgð á þeim. Þeir gera enga tilraun til þess að firra sig neinni ábyrgð af framkvæmd þessara mála nú. Þeir hafa mikla trú á því, að það takist að framkvæma bæði þetta mál og aðrar ráðstafanir í peningamálum, sem gerðar hafa verið, með þeim hætti, að þjóðin komist úr því öngþveiti og sjálfheldu, sem hún var komin í. Og þá megum við að lokum ekki gleyma því, að þegar vinstri stjórnin hafði setið hér að völdum frá 1956, á miðju sumri, og hafði lofað varanlegum úrræðum og gagngerðum breytingum í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá lýsti forsrh. því yfir hér á þessum stað, þegar hann baðst lausnar, í árslok 1958, að innan þeirrar ríkisstj. væri ekki samstaða um nein úrræði til lausnar vandamálunum í efnahagsmálum þjóðarinnar, verðbólgualdan væri yfir skollin, en innan stjórnarinnar ekki samstaða um nein úrræði til lausnar og við blasti því alger uppgjöf vinstri stjórnarinnar og vandræði, ef ekki væri gripið sterklega í taumana.

Það er enginn vafi á því, að það er mikils virði fyrir almenning í þessu landi, að sú tilraun til nýrrar stjórnarstefnu í efnahags- og peningamálum, sem nú er verið að reyna að framkvæma, mistakist ekki vegna bráðabirgðaskammsýni í byrjun, þannig að hún fái ekki tækifæri til þess að láta reynsluna kveða upp nokkurn dóm um það, hvernig hún gefist. Ég tel ekki á þessu stigi neina verulega hættu á því, eins og viðhorf almennings virðist vera í þessu landi, að menn átti sig ekki á því, að það er veigamikið, að þessar ráðstafanir fái að reyna sig. Hitt er svo annað mál, að ef þær að fengnum eðlilegum tíma hafa ekki gefið þá raun, sem ætlazt er til, þá verður auðvitað þessi stjórn, eins og allar aðrar stjórnir, að hlíta dómi kjósendanna í þessu landi, þegar þar að kemur. En við stöndum andspænis mikilvægum tímamótum í íslenzku þjóðlífi, og það er einlæg skoðun og trú þeirra manna, sem að þessum málum standa, að við séum í staðinn fyrir að horfast í augu við algert öngþveiti í efnahagsmálunum, eins og í árslok 1958, að koma okkur út úr vandanum, að leggja grundvöllinn að því, að við getum verið liðtækir til samvinnu í fjárhags-, efnahags- og viðskiptamálum í hinum vestræna heimi, á sama tíma sem við sköpum okkur aðstöðu til þess og eigum að geta haft sterkari aðstöðu til þess að halda uppi viðskiptum engu að síður en í hinum austræna heimi, eða m. ö. o. við hverjar aðrar þjóðir, sem við okkur vilja skipta.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Enda þótt umr. þessar séu um innflutnings- og gjaldeyrismálin, hafa mörg önnur mál blandazt inn í þær. Hv. frsm. fjhn. hefur líka tekið sérstaklega fram, að þetta væri einn þátturinn af mörgum í efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Mun ég því ræða þessi mál nokkuð almennt, eins og tilefni hefur gefizt til.

Gjaldeyrishöft hafa verið í gildi hér á landi s. l. 30 ár. Þau voru upphaflega sett eftir heimskreppuna miklu eftir 1930, þegar Íslendingar fengu að kenna harkalega á því, að aðalframleiðsluvara þeirra, saltfiskurinn, féll stórlega í verði og var erfitt um sölu á honum oft og tíðum. Höftin tryggðu þjóðinni lífsnauðsynjar, bægðu hinum lítt nauðsynlegu vörum frá og gerðu þjóðinni kleift að nota sín takmörkuðu fjárráð til að byggja atvinnulífið upp á nýjum grundvelli og taka tillit til gerbreyttra markaðsskilyrða. Einmitt á árunum 1934 og til stríðsins var lagður merkilegur grundvöllur að frystihúsaiðnaði þjóðarinnar, sem lengi bjó að, og ýmsum öðrum nýjungum í framleiðslunni, sem bættu upp það mikla tap, sem hrun saltfiskmarkaðarins leiddi yfir þjóðina. Ef hlutlaust er litið á ráðstafanir þær, sem þá voru gerðar, held ég, að engum blandist hugur um, að þær voru skynsamlegar og vörn var snúið í sókn í atvinnulífi þjóðarinnar. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og fjölbreytnin aukizt mjög í atvinnulífinu og þjóðinni fjölgað um tugi þúsunda. En ein-

hver innflutningshöft og nokkurt fjárfestingareftirlit hefur alltaf verið til öll þessi ár, og hafa allir flokkar komizt til valda þennan tíma í hinum ýmsu samsteypustjórnum, sem setið hafa að völdum í þessu landi undanfarin 30 ár. Frílistinn hefur ekki alltaf verið jafnstór, fjárfestingarhömlurnar ekki jafnviðtækar, en engin stjórn hefur lagt út á þá braut áður að leggja stofnun þessa niður að fullu og öllu. Nafni hennar hefur líklega fjórum eða fimm sinnum verið breytt áður og breytingar gerðar á starfsliðinu. Forstjórum hefur verið fækkað eða fjölgað, skipt um menn o. s. frv., en stofnunin sjálf hefur verið furðu lífseig. Enginn hefur þó gert það að gamni sínu að viðhalda henni, heldur hefur reynslan sýnt áþreifanlega, að það er erfitt fyrir þjóð með jafneinhæfa útflutningsframleiðslu og Íslendingar hafa, þar sem yfir 95% alls útflutnings eru sjávarafurðir, að sleppa þessum málum algerlega lausum. Hins vegar er þörfin fyrir innflutning ákaflega mikill, þar sem rekstrarvörur aðalatvinnuveganna verður að flytja inn og óvenjulega mikið af nauðsynjavörum þjóðarinnar. Þó hefur þetta færzt nokkuð í rétta átt með framleiðslu áburðar og sements og enn fremur með mjög auknum iðnaði í landinu.

Í þessum umr. hefur á það verið bent, að höftin verði ekki lögð niður, heldur séu bankarnir látnir taka við verkefnum þeim, sem innflutningsskrifstofan hefur áður haft, og einhverjir sérstakir trúnaðarmenn ríkisstj. eigi að taka við störfum jeppanefndarinnar og jafnvel að fá viðtæk völd í ýmsum öðrum efnum, en fjárfestingarhömlur hins vegar lagðar niður. Það er staðreynd, að hluti af innflutningnum er bundinn við vörukaupalöndin eins og áður. Þegar þetta er athugað, er alveg furðulegur allur sá hallelúja-frelsisboðskapur, sem fluttur er af talsmönnum stjórnarliðsins.

En eitt er víst, stjórnin hefur tekið lán eða tryggt sér lán til að taka á móti yfirdrættinum, sem hún býst við að myndist við hina frjálsu verzlun sína. Er lán þetta sagt rúmlega 20 millj. dollara eða 800 millj. kr. íslenzkar. Hæstv. viðskmrh. sagði hér í þingræðu fyrir skömmu, að lán þetta hefði gert það mögulegt að gefa verzlunina frjálsa. Þetta hefði ekki verið fyrir hendi árið 1950 og því hefði sú gengisbreyting mistekizt. Og hæstv. ráðh. hefur sagt meira, hann hefur sagt: Ef þetta lán nægir ekki, verður að leita eftir viðbótarláni. — Þannig vill hæstv. viðskmrh. taka eyðslulán á eyðslulán ofan, meðan verið er að berja niður kaupgetuna í landinu, en það er annar þáttur þessa máls.

Þó að hinn svonefndi Alþfl. geti haldið út á þá braut, er vandséð, hvernig hinn stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., getur varið slík vinnubrögð fyrir þjóðinni. Meðan vinstri stjórnin sat að völdum, sagði Sjálfstfl. öllum erlendum lántökum stríð á hendur. Hefur sennilega aldrei á þessari öld verið rekinn óþjóðhollari né ábyrgðarlausari stjórnarandstaða en Sjálfstfl. rak á árunum 1956—58, er hann hikaði ekki við að senda í sífellu út fréttaskeyti til erlendra blaða til ófrægingar íslenzku ríkisstjórninni, og þau voru síðan birt aftur í íslenzkri þýðingu sem álit útlendinga á íslenzku stjórnarfari. Öll þessi lán ríkisstj. voru svo kölluð mútur í sambandi við varnarliðið og sníkjur til þess að halda þjóðarbúskapnum uppi. Eru vinnubrögð þessi löngu kunn að endemum.

Þá er einnig kunnugt það, sem annar hv. forvígismaður Sjálfstfl. sagði, að það yrði að finna önnur ráð til þess að koma ríkisstj. frá völdum en þau, að hún fengi ekki erlend lán. Og þessi ráð fundust. Alþfl. var boðið upp á ofur hátt fjall, og þar var honum sagt, að ef hann félli fram og tilbiði Sjálfstfl., þá skyldi Sjálfstfl. tryggja honum líf. Þetta var forsaga að kjördæmabreytingunni, og það, sem síðan hefur komið á eftir, staðfestir þetta eins rækilega og verið getur, því að allar þessar ráðstafanir eru fyrst og fremst hreinar og ómengaðar íhaldsráðstafanir og alveg óskiljanlegt, að flokkur, sem kennir sig við alþýðu landsins, geti staðið með þeim, eins og hann hefur gert að undanförnu.

En um hvaða lán var að ræða hjá vinstri stjórninni, og hve há voru þau? Erlendar lántökur vinstri stjórnarinnar handa ríkinu, ýmsum stofnunum þess og lán með ríkisábyrgð voru að upphæð um 450 millj. kr., og þau voru notuð til eftirfarandi framkvæmda: Í Sogsvirkjunina, raforkusjóð, rafmagnsveitur ríkisins, í ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð, sementsverksmiðju ríkisins, til kaupa á flökunarvélum, hafnargerðar á Akranesi, frystihúsa, Flugfélags Íslands, til kaupa á 12 skipum, til framkvæmda hjá Landssíma Íslands, og fleira mætti nefna af slíkum þýðingarmiklum framkvæmdum. Sömu mennirnir, sem ætla að ærast út af þessum 450 millj., sem allar gengu til framkvæmda, sem ýmist juku gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar eða spöruðu gjaldeyri í stórum stíl, hrósa sér nú af því að hafa komizt yfir hér um bil helmingi hærri upphæð, ekki til framkvæmdalána, heldur til eyðslu í stuttan tíma, og lýsa því jafnframt yfir, — því að ég ætla, að hæstv. viðskmrh. túlki skoðanir allrar ríkisstj., — að dugi ekki þetta eyðslulán, verði að leita eftir öðru í viðbót og þannig verði síðan haldið áfram, eftir því sem þörf krefur. Hér er eyðslan og ráðleysið leitt til öndvegis.

Einstaklingur eða fjölskylda í þessu þjóðfélagi, sem hagaði sér þannig að taka stöðugt lán fyrir daglegum þörfum og safna eyðslu- og vanskilaskuldum, mundi missa fjárræði sitt eftir nokkurn tíma. Á sama hátt hljóta íslenzkir kjósendur að svipta núv. stjórn völdum, sem hún notar til að glata lánstrausti þjóðarinnar, safna stórfelldum eyðsluskuldum, en vanrækir flest aðkallandi framfaramál, sem þjóðin bíður eftir og þráir. Þjóð, sem sótt hefur fram til betri lífskjara og háð merkilega

framfarabaráttu í meira en 30 ár, á nú að stöðva ferð sína.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er einn þátturinn af mörgum að því marki, sem hæstv. núv. ríkisstj. stefnir að. Hér er áreiðanlega mjög freklega komið aftan að kjósendum landsins. Hefðu stjórnarflokkarnir sagt þeim í haust það, sem nú er komið fram í dagsljósið og er að koma fram, þá eru litlar líkur fyrir því, að ráðherrastólarnir væru skipaðir eins og nú er. Þeir hafa setzt í stólana á alröngum forsendum. Alþfl. gekk þarna lengra en nokkur annar flokkur mun áður hafa gert. Hann sagði kjósendum, að meinsemd fjármálalífsins væri læknuð, fjárlög hefðu verið sett og útflutningssjóði tryggðar nægar tekjur og það þyrfti ekki að leggja á neina nýja skatta og engra nýrra tekna að afla. Óbreytt verðlag og óbreytt ástand, það var kjörorð þeirra. Og sem dæmi um hetjulega baráttu þeirrar stjórnar var á það bent, að menntmrh. hefði fallið frá hækkun á útvarpsgjaldinu, sem hann raunar, sá sami menntmrh., hafði sett á, að lyfsalar hefðu verið skornir niður við trog, að slátrið hefði verið selt á sama verði og árið áður o. s. frv., bændurnir hefðu verið stöðvaðir í auknum kröfum fyrir sínum verðlagsmálum, og þannig mundi verða haldið áfram, kjörorðið væri: óbreytt verðlag og óbreytt ástand, og við það mættu allir una og sætta sig vel. Margir héldu, að dýrtíðin hefði með þessum loforðum og þessum hreystiyrðum verið stöðvuð og núverandi stjórnarflokkar, þó einkum Alþfl., hefðu lagt töfrasprota sinn á efnahagslíf þjóðarinnar. Margir menn í kaupstöðum fóru að undirbúa íbúðarhúsabyggingar sínar fyrir næsta ár, tryggja sér lóðir, útvega teikningar og vinna önnur undirbúningsstörf. Þeir, sem höfðu auk þess í handbæru fé 50—60 þús. kr., þóttust einnig góðir og væntu þess að geta séð fokhelt hús sitt rísa upp haustið 1960. Þessar vonir hafa nú hrunið í rúst fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Alls staðar berast þær fréttir úr kaupstöðum og kauptúnum landsins, að menn hafi hætt við að taka lóðir þær, sem þeir voru búnir að fá úthlutað, þeir hætti við byggingarframkvæmdir sínar, þær dragist saman mjög mikið. Og það er víst svipað hlutfall þar og með þantanir bændanna á búvélum, en 85—88% allra bænda, sem pantað hafa dráttarvélar á þessu sumri, hafa afturkallað pantanir sínar, enda hafa litlar dráttarvélar hækkað úr 52 þús. upp í 87 þús. kr., og er það 65% hækkun. Maðurinn, sem í fyrra hafði sparað sér saman 50 þús. kr., á nú ef til vill aðeins fyrir hækkuninni. Það er sama og hann hefði byrjað í fyrra með tvær hendur tómar. Sá, sem fékk víxla, meðan byggingin var að verða lánhæf, þurfti í fyrra að greiða af þeim 7—8%, en þarf nú að greiða af þeim 11—12%. Sá, sem keypti sementstonnið í fyrra, þurfti að borga fyrir það 750 kr., en sá, sem kaupir sementstonnið í ár, þarf að borga 1153 kr. eða 55% hærra. Svipað er að segja um annað byggingarefni eða hækkun á því. Hækkunin á byggingarkostnaðinum er svo gífurleg, að stöðvun hlýtur að koma til hjá mörgum. Allt þetta verður til þess, að byggingarframkvæmdir einstaklinga, sem hafa takmörkuð fjárráð, dragast stórlega saman eða stöðvast með öllu.

Þeir, sem hafa yfir peningunum að ráða, láta sig ekkert muna um það að halda áætlunum sínum, og einkum og sér í lagi, þegar allar fjárfestingarhömlur eru afnumdar, þá nota þessir menn vitanlega tækifærið að koma framkvæmdum sínum áfram. Ágætt dæmi um það er, að Seðlabankinn ætlar í sumar að byggja stórhýsi upp á margar hæðir á Laugavegi 7 hér í Reykjavík, og þeir, sem aka um Suðurlandsbraut, sjá, að þar eru margar stórbyggingar í smíðum á ýmsu stigi, og vafalaust munu þær halda áfram. Þetta eru yfirleitt verzlunar- og skrifstofuhús. Það eru peningamennirnir, sem nú byggja, og það eru þeir einu, sem geta byggt og verða enn ríkari en áður, og eina till., sem hv. fjhn. gerði við þetta frv., var á þá lund að afnema lög frá 1957 um afnot íbúðarhúsnæðis. Í kjölfar þessarar byltingar skal mönnum, sem eiga íbúðarhúsnæði núna, heimilt að breyta því í verzlunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og taka það yfirleitt til hverra nota sem þeim sýnist. Það er athyglisvert, að þetta var það eina, sem hv. fjhn. Nd. sá að bæta þurfti við frv. það, sem hér liggur fyrir.

Þessi verður þróunin í fjárfestingarmálunum, ef áætlun hæstv. ríkisstj. kemst óhindruð í framkvæmd og heldur velli um sinn. Um þessa breyt. sagði hæstv. viðskmrh. orðrétt — eða svo til orðrétt — hér í umr. s. l. mánudagskvöld: Stefna ríkisstj. hefur áhrif í heilbrigða átt. Fjárfestingin í landinu er miklu heilbrigðari eftir breytinguna. — Mig undrar, að maður, sem talar fyrir flokk, sem kennir sig við alþýðu þessa lands, skuli leyfa sér að viðhafa slík ummæli, kalla það stefnt í heilbrigða átt, að allur almenningur verður neyddur til að hætta við áform sín um byggingarframkvæmdir, en þeir einir, sem hafa komizt yfir peninga í gegnum ýmiss konar viðskipti, eru nánast löggiltir eigendur allra nýbygginga í þessu landi, eins og nú horfir. Þeir eiga að byggja íbúðirnar og leigja síðan þeim fyrir okurleigu, sem nú verða að hætta við byggingar sínar, það húsnæði, sem þarf ekki fyrir skrifstofur og verzlun. Einnig þetta er öfugt við þróun undanfarinna áratuga, sem stuðlaði að því, að sem flestar fjölskyldur ættu sjálfar húsnæði fyrir sig. Þetta er einn árangurinn af „bættum lífskjörum almennings".

Þó er versti þáttur þessa máls eftir, og hann er sá, að þeir, sem þegar eru búnir að byggja íbúðarhús eða hafa verið að byggja á undanförnum árum og skulda vitanlega allháar upphæðir, verða nú margir hverjir að borga 11% vexti af öllum sínum íbúðarlánum. Mun þetta vera mjög algengt í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins, og ástæðan er ofur einföld. Hún er sú, að lán frá húsnæðismálastjórninni hafa ekki náð eins

langt og þurft hefði að vera og afgreiðsla þeirra hefur líka gengið nokkuð seint. Aftur á móti hafa allstöndugir sparisjóðir gripið inn í þessa lánastarfsemi og lánað húsbyggjendum sams konar lán og þeir fengju hjá húsnæðismálastjórninni. Menn hafa þess vegna á undanförnum árum hugsað um það eitt, að fyrstu peningar væru beztir, og tekið lán í sparisjóðunum, í góðri trú, að þau væru ekki dýrari en lánin frá húsnæðismálastofnun ríkisins og kæmu miklu fyrr. Þannig fengu margir menn lán allt upp í 70 þús. eða kannske meira á undanförnum árum víðs vegar í kaupstöðum landsins. En þegar þeir nú eftir aðgerðir hæstv. ríkisstj. fara að borga vexti af lánum sínum fyrir næsta ár, þá verður ekki krafið um 7%, eins og þeir héldu að þeir ættu að borga, heldur eru þeir krafðir um 11% af lánum sínum, og þetta er eðlilegt, vegna þess að allt fé sparisjóðanna er innstæðufé, sem sparisjóðirnir nú verða að greiða 9% og 10% af, og þess vegna er þeim ógerlegt annað en innheimta 11% af þessum lánum, ef fjárhagur þeirra á að geta haldið velli. Þetta er mjög alvarlegt atriði og kannske það alvarlegasta, að þannig sé ráðizt aftan að þeim mönnum, sem þegar eru búnir að koma framkvæmdum sínum áfram. Það er vont að stöðva menn, áður en byrjað er, en það er enn þá verra, að þeir skuli fá slíkan rýting í bakið, þegar þeir eru fluttir inn í íbúðir sínar. Ég býst ekki við því, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið þetta atriði með, þegar hún reiknar út kostnað hjá hinni svonefndu vísitölufjölskyldu.

Trúi hæstv. ríkisstj. á það, að frv. þetta geti breytt einhverju frá því, sem verið hefur, er það ekki aukið frelsi, heldur ófrelsi og skipulagsleysi. Og þá er það fyrsta, að gífurlegt eyðslulán myndast erlendis, sem lítil von er til að hægt verði að greiða á næstunni, og eykur þá ófrelsi þjóðarinnar og bindur hana á skuldaklafa erlendis. Í öðru lagi, að þar sem álagning er mest á ónauðsynlegri vöru, er hætt við því, að hún sitji í fyrirrúmi og skortur nauðsynjavöru geti orðið, ef ekkert eftirlit er haft með innflutningnum. Og í þriðja lagi, horfur á sölu á ýmsum framleiðsluvörum núna eru ekki hvetjandi til aukins frelsis, t. d. verðlag á síldarlýsi og síldar- og fiskimjöli o. s. frv. Það er talið t. d., að hið mikla framboð á fiskimjöli í Perú hafi þau áhrif fyrir Íslendinga, að þeir tapi um 150 millj. kr. í lækkuðu útflutningsverði bara á þessari einu vörutegund. Í fjórða lagi, það er með öllu rangt að viðhalda 1% leyfisgjaldi, eftir að búið er að leggja innflutningsskrifstofuna niður. Bankarnir taka sína „prósisjón", og það er óeðlilegt að halda upp verðlagseftirliti með slíkum tekjum, því að 1% leyfisgjald er lagt á svo margt, sem verðlagseftirliti er óviðkomandi, t. d. námskostnað, sjúkrakostnað, afborganir og vexti af erlendum lánum, ferðakostnað og margt fleira, sem er verðlagseftirliti gersamlega óviðkomandi. Væri sýnu nær að leggja hæfilegt gjald á verðlagsútreikninga þá, sem eftirlitið samþykkir eða verður að samþykkja samkv. lögum um það. Þá hljóta þessar ráðstafanir einnig að minnka mjög rekstrarfé og þrengja þannig að öllum viðskiptum og framförum í landinu. Í sambandi við það atriði sagði hæstv. viðskmrh. á mánudagskvöldið, að meginregla ríkisstj. væri mjög einföld og hún væri í stuttu máli þessi að efni til: að lána út sparifé bankanna og ekkert meira. Það er kjarninn í bankapólitíkinni. Atvinnulífið í heild þarf ekki á meira lánsfé að halda, og þau atvinnufyrirtæki, sem fylgdu ekki slíkri bankapólitík, mættu fara á hausinn. Sumt af þessu endurtók hæstv. viðskmrh. hér í almennum umr. í Sþ. í gær. Ég verð nú að segja um þessi ummæli, að það er nokkuð annað teoría eða raunveruleiki. Þeir, sem eitthvað þekkja til atvinnurekstrar, vita vel, að það skiptast á skin og skúrir, og jafnvel á einu ári getur komið velgengnismánuður og miklir erfiðleikamánuðir. Menn, sem reka frystihús, og menn, sem reka báta, vita vel, að það þarf oft miklu meiri lán, þegar illa gengur, meira en afurðirnar segja til um, og er stytzt að minnast þess, að í fyrravetur á vertíðinni t. d. var byrjað yfirleitt að gera út hér við Faxaflóa um áramótin, en vertíðin gekk mjög illa í janúar, febrúar og fram eftir marz. Aflinn, sem kom á land, var tiltölulega lítill, og hefði lánið þá verið skorið nákvæmlega við aflann, hefði það auðveldlega getað leitt til þess, að allur atvinnurekstur hefði stöðvazt á miðri vertíðinni. Síðan kom hrotan í aprílmánuði, og þá lagaðist þetta mjög. Nei, ég held, að það sé alveg óframkvæmanlegt að binda nákvæmlega við sparifjárinnstæður útlán til margvíslegra atvinnutækja, því að það gæti orðið til þess, að þau stöðvuðust, — og hvað tekur þá við? Þá tekur það við, sem allir vita, atvinnuleysi og skortur, og ég tel víst, að hæstv. ráðh. óski ekki eftir slíkum afleiðingum af þessum ráðstöfunum.

Ríkisstj., sagði sami ráðh., mun ekki taka upp neinar uppbætur í neinu formi, og hún ætlar engin afskipti að hafa af kaupdeilum. Það var upplýst hér í hv. Alþ. í gær, að ríkisstj. er þegar farin að úthluta uppbótum, að vísu heita það uppbætur fyrir s. l. ár, 22 aurar á hvert kg af veiddum fiski á togurum, allt upp í 850 þús. kr. á skip. En það var minnzt á það líka, að það mætti réttlæta þetta m. a. vegna þess, að 5% af öllum útflutningnum kæmu aftur í sérstakan sjóð og væri þetta þess vegna ekki svo fráleit aðferð. Ég er ákaflega hræddur um, að ef atvinnulífinu gengur illa vegna ráðstafana ríkisstj. eða af öðrum ástæðum, komist ríkisstj. ekki hjá því að láta þessi mál að einhverju til sín taka. Þess vegna er ég hræddur um það, að þetta séu hreystiyrði, sem eigi eftir að breytast af reynslu næstu mánaða og næstu ára.

Ég held, að það hefði verið vissast fyrir hæstv. viðskmrh. og stjórnarliðið að samþykkja dagskrá þá, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti. Gæti verið hyggilegt að láta íhuga þessi mál, á meðan séð verður, hvernig öðrum þátt-

um efnahagstillagna ríkisstj. reiðir af, því að undirstaða þeirra er ekki alls staðar sem traustust.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er enn þá ekki mættur, og af því að ég mun nú koma að því, sem hann hefur sagt, þætti mér vænt um, ef það væri komið skilaboðum til hans, hvort hann gæti verið við. (**Forseti:** Það verður athugað.)

Það eru tveir höfuðþættir, sem segja má að komi fram í stefnu hæstv. ríkisstj. Önnur höfuðstefnan er greinilega sú að grafa undan efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og atvinnuöryggi almennings, og þetta frv. er höfuðþátturinn í þeirri stefnu, með því að grafa undan þeim samböndum, sem skapazt hafa við þann sósialistíska heimsmarkað. Hinn þátturinn í stefnu hæstv. ríkisstj., sem hæst ber við hliðina á þessum, er að koma á alræði peningavaldsins í landinu á kostnað verkamanna og annarra launþega og bænda, m. ö. o.: það er að koma á efnahagslegu alræði auðmannastéttarinnar, svo að segja með lögskipaðri fátækt og skorti. Gengislækkunarfrv. og það, sem gert var í sambandi við það viðvíkjandi bankamálunum og öðru slíku, var höfuðatriðið í þeirri stefnu, og þetta frv. fer raunverulega aðeins að litlu leyti inn á það, þó að afleiðingarnar að vísu af því svokallaða frelsi, sem eigi að innleiða í viðskiptamálunum, séu líka nokkur þáttur í þeirri stefnu.

Viðvíkjandi því, sem ég taldi fyrr sem höfuðatriði, sem gerir okkur í Alþb. svo andstæða stefnu núv. ríkisstj., því að grafa undan efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og sérstaklega því atvinnuöryggi almennings, sem skapazt hefur með samböndunum við sósialistísku markaðina, þá hafa nú komið fram, bæði af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., nokkrar yfirlýsingar í þeim málum, þar sem tekið er fram, að það sé ekki vilji þessara hæstv. ráðherra að stefna að því að draga úr þeim viðskiptum. Hæstv. forsrh., sem annars hefur tekið lítinn þátt í þessum umræðum, kom hér alveg sérstaklega til þess að gefa slíka yfirlýsingu, til þess að menn skyldu ekki halda, að hæstv. viðskmrh. væri einn um þá stefnu, og ég lét hæstv. forsrh. vita það í morgun, að ég mundi koma nokkuð aftur inn á hans ræðu, og óskaði eftir, að hann væri við, en hann gat því miður ekki orðið við því. En þessar yfirlýsingar, sem fram hafa komið, sýna, að ríkisstj. leggur nokkurt kapp á að láta líta svo út sem hún vilji viðhalda þessum viðskiptum, og þessar umræður hafa orðið svo miklar, sérstaklega við 2. umr. þessa máls, sökum þess, að ég hef haldið því fram, að eðlileg, rökrétt afleiðing af þeirri stefnu, sem upp er tekin með þessu frv., sé að draga úr þessum viðskiptum, og ég hef enn þá ekki getað fengið þá hæstv. ráðherra, sem hér hafa talað, til þess annars vegar að hnekkja þeim rökum mínum eða þá að fallast á þau, þannig að ég verð enn að reyna að sýna þessum hæstv. ráðherrum fram á, að svo framarlega sem þeir meina það, sem þeir lýsa yfir, þá vita þeir ekki, hvað þeir eru að gera, og svo framarlega sem hugur hins vegar fylgir máli hjá þeim og þeir geta ekki hnekkt mínum rökum, þá eiga þeir að stöðva þetta frv.

Ég skal nú taka eitt atriði enn þá sem rök fyrir mínu máli.

Þegar fjárlögin voru rædd og innflutningsáætlun var lögð fyrir um innflutning þeirra vörutegunda, sem ríkið fengi sína tolla af, þá kom í ljós, að það var gengið út frá því að minnka innflutninginn í kringum 200 millj. eða í kringum 20%. Það er alveg eðlileg afleiðing af slíku, að svo og svo mikið af þessum minnkuðu viðskiptum eða minnkaða innflutningnum um 20% af því, sem var 1959, það hlýtur að koma niður á viðskiptunum við þau sósialistísku lönd, þannig að beinlínis með sjálfri þeirri stefnu, sem ríkisstj. tekur upp, sem hún kallar að skapa hagstæðari viðskiptajöfnuð, safna gjaldeyrissjóði erlendis, minnka innflutninginn frá öðrum löndum, þá verður alveg eðlilega ein afleiðingin af því, að þessi viðskipti við sósialistísku löndin hljóta að minnka. 20% minnkun innflutnings fer ekki fram hjá þeim, ekki sízt þegar þessi 20% minnkun er að miklu leyti knúin fram á þann hátt að draga úr kaupgetu almennings sem þessu svarar.

Ef við höfum ætlað að minnka um 20% innflutninginn til Íslands, en ætlað að bæta okkar aðstöðu hvað snertir frjálsan gjaldeyri og ætlað að tryggja hins vegar okkar austurviðskipti, þá er það alveg gefið mál, að eina ráðið, sem við gátum haft, var að halda ströngum innflutningshöftum eða hvað sem við viljum kalla það, hvað snertir allar þær vörutegundir, sem hugsanlegt var að við vildum hafa viðskipti með austur á bóginn, ekki sízt til innflutnings, og um leið, þar sem sá neikvæði viðskiptajöfnuður, sem við höfum síðasta ár upp á 500 millj. kr., sem sé verzlunarjöfnuðurinn, er fyrst og fremst við frjálsu gjaldeyrislöndin, þá hefði legið fyrir okkur að taka upp enn þá strangari viðskiptahömlur við þau en aðra, Vestur-Þýzkaland, England og Bandaríkin. Aðeins á viðskiptum við þau, með því að gera þau að jafnvirðisviðskiptum, gátum við bætt okkar viðskipti í frjálsum gjaldeyri um 200 millj. kr., því að það eru um 200 millj. kr. neikvæð viðskipti við þessi þrjú lönd. Ef við ætlum að ná þeim tilgangi hæstv. ríkisstj. að skapa gjaldeyrissjóð í frjálsum gjaldeyri, en halda austurviðskiptunum, verðum við að taka upp skarpari höft en áður, bæði austur á bóginn og vestur á bóginn, og draga úr innkaupunum frá Englandi, Vestur-Þýzkalandi og Bandaríkjunum, en auka og leggja enn meira kapp á söluna þangað, vinna betur að henni. Þannig er hugsanlegt að skapa jákvæðan viðskiptajöfnuð við þessi lönd.

Aftur á móti þær ráðstafanir, sem gerðar eru með þessu frv., ganga í þveröfuga átt.

Þær sleppa svo að segja alveg verzlunarhöftunum við frjálsu gjaldeyrislöndin og draga úr viðskiptunum við sósialistísku löndin, beinlínis um 13%, sem þegar er viðurkennt, eða um 28% hvað snertir önnur lönd en Sovétríkin, og verða svo vegna þeirra óbeinu áhrifa, sem minnkandi fjárfesting og minnkandi neyzla hefur, til þess að draga enn þá meira úr því en það.

Þess vegna vil ég segja það, að þegar hæstv. forsrh. gefur hér yfirlýsingar, þar sem hann kemur með og hans stjórnarblöð síðan slá því allmikið upp, að vilji ríkisstj. sé svo mikill að viðhalda þessum viðskiptum, að svo framarlega sem þau minnki, þá séu það einhverjar annarlegar ástæður, sem þar séu að verki, þetta er ósæmileg aðdróttun af hálfu hæstv. forsrh. og hans blaða. Hann hefur sjálfur ekki tekið þátt í þessum umræðum hérna og ekki hlustað á þau rök og ekki reynt að svara þeim rökum, sem ég hef hér flutt fram viðvíkjandi þessum málum, og það hefur ekki heldur af hæstv. viðskmrh. verið hægt að hnekkja þeim.

Ég vil þess vegna enn einu sinni leggja áherzlu á það, að svo framarlega sem hugur fylgir máli hjá þessum tveimur ráðherrum, sem þarna hafa talað, og út frá þeirra sjónarmiði eru það góð áform, er þeir vilja viðhalda þessum viðskiptum, sem fyrir þeim vaka, þá vil ég minna þá á það gamla orðtak, að vegurinn til vítis er lagður góðum áformum, sem aldrei eru framkvæmd.

Það eru þess vegna síðustu forvöð fyrir þá úr hæstv. ríkisstj., sem hefðu vilja á því að viðhalda þessum viðskiptum, að stinga við fæti, áður en þetta, sem nú er verið að stefna að, að gefa þessi viðskipti frjáls, er gert.

Hér hafa ekki verið flutt fram nein rök fyrir því, að við hefðum einhverja möguleika á auknum viðskiptum í þeim vestrænu löndum, ekkert nema almennar vonir, og ekkert, sem hefur gert líklegt, að við gætum aukið þau viðskipti árin 1960 eða 1961, að það væri að einhverju leyti betra en var á árunum 1958 eða 1959. En ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að okkar útflytjendur hafi ekki alltaf unnið eins vel að því og þeir hafa getað að auka markað fyrir sínar útflutningsvörur í þeim frjálsu gjaldeyrislöndum, svo miklu meiri áhuga hafa þeir haft á viðskiptunum við þau lönd en við austursvæðið, þannig að það virðist síður en svo vera þar nokkur breyting á, ef það væri ekki bara þvert á móti öfugt, vegna þess að það eru þó að myndast nú tvö fríverzlunarbandalög í Vestur-Evrópu, sem voru ekki til áður og að öllum líkindum skapa nokkrar hömlur og auka erfiðleika á viðskiptum við þau lönd. Og ég hef heyrt það alveg greinilega á þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, að vísu hjá ýmsum öðrum stjórnarsinnum en hæstv. ráðherra fyrst og fremst, að þetta frv. og það, sem stefnt er að með því, sé raunverulega aðeins fyrsta stóra skrefið í átt til beinnar innlimunar og beinnar þátttöku í fríverzlunarsvæði, kannske sexveldanna, kannske, ef það yrði sameinað í eitt, í fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu sem heildar.

Hæstv. viðskmrh. kom inn á það, að innflutningurinn frá sósialistísku löndunum væri einmitt vandinn, sem ríkisstj. ætti við að stríða, og mér finnst hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið ekki gera sér ljóst, í hverju þessu vandi liggur. Hann liggur í fyrsta lagi í því, að þessi lönd gera um alla sína framleiðslu og þar með líka um sinn útflutning fyrirætlanir alllangt fram í tímann. Þetta þýðir það fyrir okkur, að ef við erum að hugsa um innflutning frá þessum löndum, þá þurfum við að gera líka okkar áætlanir langt fram í tímann.

Þegar hæstv. viðskmrh. bendir á eitt atriði núna, — mig minnir, að það hafi verið viðvíkjandi timbrinu, þá segir hann, að það hafi verið dálítið erfitt að fá þennan innflutning t. d. frá Sovétríkjunum á öllum þeim sviðum, sem við vildum. Eins og ég benti á áður í minum ræðum, eru þetta lönd, sem gera mörg ár fram í tímann sínar ákvarðanir, vegna þess að þau eru ekki að framleiða fyrir markaði, heldur fyrir áætlunarbúskap. Við getum því aðeins tryggt okkur innflutninginn frá þessum löndum, sérstaklega á þeim vörum, sem mest eru eftirsóttar og við oft leggjum mest upp úr, að við gætum þess að laga okkar eigin innflutning að þessu, hugsum fram í tímann, komum ekki á síðasta augnabliki og segjum: Nú vantar okkur þetta og þetta byggingarefni í sumar. Nú þurfum við endilega að fá það. — Þá eru þau búin að gera ráðstafanir kannske fram í tímann, ekki bara um það ár, heldur jafnvel næsta. Eðli þeirra viðskiptahátta er þetta, og til þess að geta haft viðskipti við þau þurfum við hvað þetta snertir að semja okkur að þeirra háttum. Það getur að vísu gilt annað um ýmislegt smærra, sem þarna er um að ræða. Það getur gilt eitthvað annað kannske um eina eða tvær vélar af einhverri tegund eða eitthvað þess háttar. En þegar um er að ræða vörur, sem er eitthvert verulegt magn af, ég tala nú ekki um, sem eru sérstaklega samkeppnishæfar og eftirsóttar, þá verðum við að gæta þess að taka tillit til þeirra hátta, sem þeir hafa á sínum búskap.

Í öðru lagi, til þess að ná innflutningnum frá þessum löndum, sem við þurfum, þurfa innflytjendurnir á Íslandi að vinna að því að afla sér þessara vara. Þeir þurfa að kanna markaði í þeim löndum, hvað til sé, hvar þau muni vera samkeppnishæfust með sína framleiðslu, á hvaða sviðum viðskiptin við þessi lönd væru heppilegust fyrir okkur. Þetta hefur verið gert að hverfandi litlu leyti. Áhugi okkar, t. d. heildsala hér á Íslandi, sem hafa meginið af þessum innflutningi, hefur alltaf í ríkum mæli fyrst og fremst verið sá að afla viðskiptanna frá vesturlöndunum, m. a. vegna þeirra sérstöku sambanda, sem þeir hafa þar, í sambandi við frjálsa gjaldeyrinn, sem ég hef oft komið að áður.

Gerir nú ríkisstj., sem segist vilja viðhalda

þessum viðskiptum, eitthvað til þess að ýta undir okkar eigin heildsala hér heima og aðra slíka innflytjendur um að auka viðskiptin við þessi lönd? Nei, þvert á móti. Ríkisstj. segir með þessu frv. við heildsalana og við innflytjendurna: Þið getið fengið allar þær vörur svo að segja, sem þið viljið, frá Vestur-Evrópulöndunum. 60% af innflutningnum til Íslands er frjáls, og ef þið getið fengið greiðslufrest, ef þið getið útvegað ykkur lán erlendis til þriggja eða sex mánaða, þá megið þið jafnvel nota það líka. M. ö. o.: ríkisstj. gerir beinlínis ráðstafanir hvað snertir 60% af innflutningnum til þess, að okkar heildsalar fylli búðirnar hér af þessum vörum, jafnvel sem lánsvörum, í staðinn fyrir að reyna að skapa áhuga hjá þessum mönnum á að reyna að finna út vörur þar austur frá, sem heppilegt væri fyrir landið að flytja inn. Og ég mun síðar koma að því, hvað þetta hefur raunverulega þýtt fyrir okkur.

En ég vil aðeins taka þetta fram sérstaklega út af yfirlýsingu hæstv. forsrh. um annarlegar ástæður og annað slíkt: Í þeim miklu umr., sem nú hafa farið fram um þetta mál, stendur ríkisstj. uppi svo rökþrota, að þó að hún gefi fallegar yfirlýsingar um, að hún vilji vel þessum viðskiptum, þá er hennar stefna að brjóta þau niður, þá er afleiðing af hennar stefnu sú að brjóta þau niður. Það þýðir ekki að koma á eftir og segja við Sovétríkin eða slík ríki, að þau vildu ekki kaupa af okkur, eða segja: það var ekki hægt að kaupa það, eða segja: þau vildu ekki keppa, eða eitthvað annað slíkt. Spurningin, sem þarna er, er sú, hvort íslenzk ríkisstj. vill skipuleggja viðskipti við þessi lönd eða ekki. Þessi lönd hafa skipulagðan þjóðarbúskap, og við getum ekki náð eins gífurlega miklu og við höfum aflað okkur þar af mörkuðum og af innflutningi þaðan nema með því að skipuleggja okkar eigin utanríkisverzlun þannig, að við getum hagnýtt okkur þetta. Ég veit, að hjá sumum í stjórnarliðinu, sem eru harðvítugastir í þessum efnum, er um vítaverðan ásetning að ræða, þann ásetning að brjóta niður þessi viðskipti, og að hjá voldugum aðilum á vesturlöndum er þessi ásetningur líka fyrir hendi. Hann kom kannske allra greinilegast fram upphaflega, þegar við gengum í Marshallstofnunina, í öllum þeim yfirlýsingum, sem þá komu fram um, hve hættuleg viðskiptin austur á bóginn væru. Hins vegar hjá þeim, sem standa með þessu frv., gefa yfirlýsingar um, að þeir vilji viðhalda þessum viðskiptum, er um vítavert gáleysi að ræða eða ótrúlega blindni, og það dugir ekki að skýla sér á bak við það, sem þeir kalla annarlegar ástæður, á eftir, ef þeir með þessari stefnu sinni verða til þess að brjóta þetta niður. Ég vil minna á það, að einmitt innflutningsskrifstofan hefur með sínu starfi á undanförnum árum alveg sérstaklega hjálpað til þess, með þeirri sérþekkingu, sem þeir menn hafa haft, sem þar hafa starfað, á viðskiptamöguleikum Íslands, að byggja upp og viðhalda þessum viðskiptum. Og þegar henni er sundrað núna og þegar þeir menn eiga að taka við, sem stjórna Seðlabankanum og jafnvel í viðskmrn., þegar þeir eiga að fara að taka við og þar á meðal þeir menn, sem mest hafa gengið fram fyrir skjöldu, ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., aðalbankastjórinn í Seðlabankanum, í því að berjast fyrir því, sem þeir telja svo að segja einvörðungu frjáls viðskipti svokölluð, þá er alveg greinilegt, hvert stefnt er með þessu.

Þeir menn í ríkisstj., sem vilja viðhalda þessum viðskiptum, ættu, áður en það er orðið um seinan, að sjá sig um hönd með, hvað þeir eru nú að gera.

Hæstv. viðskmrh. kom í sinni svarræðu við 2. umr. þessa máls inn á það, að við mættum ekki tala allt of ljótt, Alþýðubandalagsmenn, um OEEC, það væri hugsanlegt, að Sovétríkin gengju í það bráðlega. Ég skal minna hann á, að Sovétríkin voru líka fyrir ári eða tveim að bjóðast til þess að ganga í Atlantshafsbandalagið. Ég er ákaflega hræddur um, að við höldum áfram að vera miður góðir í garð Atlantshafsbandalagsins. Hitt er annað mál, að ég býst við, að bæði OEEC og Atlantshafsbandalagið mundu breytast allmikið hvað innihald snertir, ekki bara frá sjónarmiði okkar, þessara voðalegu komma, heldur alveg sérstaklega frá sjónarmiði Ameríkana og þeirra, sem nú hafa mótað OEEC og Atlantshafsbandalagið, svo framarlega sem þau færu í það. Og hvort OEEC yrði eftir það aðalfrumkvöðull frjálsra viðskipta í veröldinni, eftir að Sovétríkin væru komin þar inn í, það vildi ég ofur lítið efast um. A. m. k. um það OEEC, þá Efnahagsstofnun Evrópu, sem verið hefur til fram að þessu, held ég, að við getum haft alveg sömu skoðanir sem við höfum haft fram að þessu, hvaða myndbreytingum, sem hún ætti eftir að taka í framtíðinni.

Þá lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir, að það væri ákveðin bankapólitík ríkisstj., að það yrðu aðeins veitt lán sem samsvaraði aukningu sparifjár. Ég hef oft komið inn á það, og ég skal koma inn á það einu sinni enn þá, að ég álít þetta alveg óhugsandi stefnu fyrir Ísland, og ég vil einungis beina einni spurningu til hæstv. viðskmrh. í þessu sambandi: Ef á að takmarka veitingu lánsfjár við sparifjáraukningu og við skulum segja, að það kæmi Hvalfjarðarsíld, eins og hér um árið, 1948, Hvalfjörðurinn yrði fullur af síld og við gætum haldið áfram að moka þar upp, og við skulum segja, að okkur tækist að útvega markaði fyrir allt saman, sem ég býst nú ekki við að hæstv. ríkisstj. mundi gera, hún léti náttúrlega síldina synda þar í Hvalfirði og eiga sig, — en við skulum nú segja, að það væri ekki hægt fyrir hana að komast hjá því að játa, að það væri hægt að fá markaði fyrir hana, þá er náttúrlega alveg gefið, að sparifjáraukning á Íslandi stendur ekki í neinu sambandi við það, hvort

við getum haft Hvalfjörðinn fullan af síld í nokkra mánuði og mokað þar upp svo að skiptir kannske hundraða milljóna króna verðmæti. Þessu yrði ekki mokað upp, svo framarlega sem bankarnir ykju ekki útlán sín til þeirra, sem eru að framkvæma söltunina eða bræðsluna eða hvað sem gert er við síldina, frystinguna og annað slíkt. Og ætti þá að fara að takmarka þessa lánafúlgu við það, að þegar sparifjáraukningin væri uppurin, þá væri hætt að lána, jafnvel þótt hægt væri að útvega gjaldeyri fyrir síldina, en kæmi náttúrlega ekki strax, af því að þetta mundi liggja nokkuð lengi áður? Það er alveg óhugsandi fyrir þjóð, sem byggir á fiskveiðum, eins og okkur, að ætla að framkvæma pólitík, sem stóriðjuþjóðir geta lagt til grundvallar hjá sér, alveg óhugsandi, og það væri glæpur gagnvart þeim möguleikum, sem við hefðum, að gera slíkt. Og ég býst við, að hæstv. viðskmrh. geti ekki lýst yfir öðru en því, að ef eitthvað svona kæmi fyrir, að eitthvað slíkt bærist upp í hendurnar á okkur, þá hlyti að verða að gefa undanþágu frá slíku, m. ö. o.: sú bankapólitík, sem talað er um að móta nú í þessum stranga engilsaxneska skilningi, eigi ekki við á Íslandi.

Þá gaf hæstv. viðskmrh. það svar við fsp. minni viðvíkjandi afskiptum af kaupdeilum og hvort gengið yrði lækkað, svo framarlega sem kaup væri hækkað, ég held orðrétt, að ríkisstj. mundi engin afskipti hafa af kaupdeilum, er verða kynnu, m. ö. o.: ef kapítalistarnir vildu hækka kaupið, yrðu þeir að borga það, það yrðu engar verðhækkanir vegna kauphækkana. Gengið yrði ekki fellt, þótt kaupið hækkaði.

Nú skulum við segja, að það verði vinnudeilur milli verkamanna og atvinnurekenda og hvorki gangi né reki í slíku. Heldur þá virkilega hæstv. ríkisstj., að henni eða nokkurri annarri ríkisstj. á Íslandi héldist það uppi að láta atvinnulíf á Íslandi stöðvast án þess að skipta sér nokkurn skapaðan hlut af slíku? Heldur hæstv. viðskmrh., að ríkisbankarnir, sem hafa lánað atvinnurekendunum hér á Íslandi, birgt þá að fé, — ég held, að 90% af öllum þeim, sem gera út hér á Íslandi, verði að fá lán hjá ríkisbönkunum, áður en þeir fara að byrja útgerð, — heldur hæstv. viðskmrh., að það sé mögulegt fyrir ríkisstj. og bankana að horfa á það, að atvinnulífið stöðvist, án þess að skipta sér af því, og að þjóðin mundi yfirleitt þola mánuðinum lengur nokkra ríkisstj., sem sæti þannig og gerði ekki neitt? Það hefur verið skoðun manna nú í meira en 20 ár og raunar lengur á Íslandi, að ríkisstj. væri fyrst og fremst kosin til þess að stjórna þjóðarbúskapnum. Og sá hugsunarháttur er ekki horfinn, og hann hverfur ekki fyrst um sinn, m. a. vegna þess, að það er óhugsandi að ætla að stjórna, ætla að reka þjóðarbúskapinn á Íslandi nema með svo margfalt meiri afskiptum ríkis og ríkisbanka en nokkur önnur þjóð í þeim kapítalistíska heimi hefur, að fólk sættir sig ekki við það, að ein ríkisstj. allt í einu leggi hendur í skaut og komi hvergi nærri slíku. Ég held þess vegna, að slíkar yfirlýsingar, þótt þær séu út af fyrir sig merkilegar, mundu ekki standast raunveruleikann, þegar farið yrði að reyna á þær.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um, að það væri þrenns konar aðstaða, sem hann áliti að gæti leyft út frá hans sjónarmiði eðlilegar kauphækkanir. Í fyrsta lagi nefndi hann, ef viðskiptakjör breyttust þjóðinni í hag. Nú hefur það gerzt t. d., ef ég veit rétt, að t. d. olíuverðið til Íslands frá Sovétríkjunum hefur lækkað. Ég held, að það hafi líka gerzt, að jafnvel eitthvað af fisktegundunum hafi hækkað, þannig að viðskiptakjör á vissum sviðum hafi batnað. Í hvert skipti, sem slíkt gerðist, ætti sem sé að skapast möguleiki fyrir því, að kaup mætti hækka á Íslandi. Svo hefur það hins vegar gerzt, að fiskimjöl hefur fallið í verði eða verið fellt í verði. Fiskimjölsbirgðir, sem voru seljanlegar í fyrra á sæmilegu verði, t. d. til Tékkóslóvakíu fyrir tæpu ári eða í fyrrasumar, voru ekki seldar, en eru nú seldar á miklu lægra verði á þeim svokallaða frjálsa markaði. Þessi atriði hafa oft komið fyrir okkur áður, í gamla daga líka, meðan hér var frjálst fyrir 1927 um öll viðskipti. Ætlast hæstv. ríkisstj. til þess, að verkalýður á Íslandi, að launþegar á Íslandi eigi að taka tillit til þessara sveiflna, þegar þeir fá engu að ráða um það sjálfir, hvert hlutirnir eru seldir, og þeirra fulltrúar geta máske sýnt fram á, að það hafi verið hægt að selja fyrir svona og svona gott verð, en þeir fésýslumenn, sem þarna hafi ráðið, hafi hindrað það og hafi þannig valdið stórkostlegri verðlækkun? Nei, það er ekki hægt að ætlast til þess, að verkamenn og launþegar á Íslandi sætti sig við að eiga að borga svo að segja út í hönd í launalækkunum það, sem braskararnir á Íslandi valda með skorti á forsjálni í sinni verzlunarpólitík. Svo framarlega sem þetta ætti að gilda og verkalýðssamtökin ættu að taka eitthvert tillit til slíks, þá yrðu verkalýðssamtökin að sínu leyti að ráða um samningana, um viðskiptakjörin, um sölurnar, um innkaupin, jafnmiklu og kapítalistarnir á Íslandi. Öðruvísi er ekki hægt að ætlast til þess, að verkalýðurinn taki tillit til þessa.

Í öðru lagi minntist þá hæstv. viðskmrh. á kjarabætur, ef framleiðsla eykst. Nú hefur framleiðslan aukizt stórkostlega á Íslandi á síðustu 12 árum. Verkalýðurinn hefur ekki fengið hækkað kaup. Það þýðir m. ö. o., að verkalýðurinn ætti kröfu á því í dag, að kaup væri hækkað og það allríflega nú þegar. En hvað er það, sem hefur gert það að verkum, að þótt framleiðslan hafi aukizt, þá hefur verkalýðurinn ekki fengið hækkun? Það hefur verið tvennt: Annars vegar hefur verið sett af stað af hálfu yfirstéttarinnar í þjóðfélaginu svikamylla verðbólgunnar til þess að snuða verkamenn jafnóðum um þær kauphækkanir,

sem þeir hafa knúið fram. Og svo hitt, að þótt framleiðslan hafi aukizt, þá hefur fjárfestingin hjá þjóðfélaginu verið meira eða minna röng, vegna þess að fjárfestingin, eins hlutfallslega miklu af þjóðartekjunum og hefur verið varið til hennar, þá hefur allt of mikið farið í neyzlufjárfestingu og allt of lítið í framleiðslufjárfestingu. Og reynslan er sú, að sérstaklega þegar fjárfestingin hefur verið gefin meira eða minna frjáls, eins og eftir 1950, þá hefur þetta hlutfall orðið hvað verst. Þegar ríkið hefur hætt að skipta sér af því, hvernig fjárfestingin yrði, hafa auðmennirnir á Íslandi ráðstafað hvað vitlausast því fé, sem þeir hafa ráðið yfir. Á árunum 1950—56 kaupa þeir ekki einn einasta nýjan togara, lítið af bátum. Ríkið verður hins vegar að ráðast bæði í sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna. Það er ríkið, sem verður að hafa frumtak um aðalfjárfestinguna til framleiðslu, en auðmennirnir aftur á móti nota því meira af sínu fé í lúxusvillur og lúxusbíla. Og það er verið að gefa undir fótinn því sama með því að sleppa fjárfestingareftirlitinu nú. M. ö. o.: ef verkalýðurinn ætti að taka tillit til þess viðvíkjandi sínu kaupgjaldi, hvort framleiðsla eykst, þá yrði hann að fá að stjórna því að meira eða minna leyti, hve miklu af þjóðartekjunum væri varið til fjárfestingar, sem yki framleiðsluna. 1600 millj. kr. á ári er varið til fjárfestingar á Íslandi, og auðmannastéttinni, sem ræður, þóknast að hafa meiri hluta þess í neyzlufjárfestingu og segja svo á eftir við verkalýðinn: Þið getið ekki fengið neina kauphækkun, og það er ósvinna að fara fram á hana, því að framleiðslan eykst ekki nóg. — Það getur enginn ætlazt til þess, að verkalýðurinn sætti sig við það. Hann segir við þessa auðmannastétt: Þið gátuð stjórnað þessu af viti, sett miklu meira af fjárfestingarfénu í skynsamlegar framkvæmdir, sem juku framleiðsluna, og fyrst þið ekki gerið það, þá verður ykkur að gera svo vel og blæða fyrir það. — Þess vegna er engin sanngirni í því að ætlast til þess, að verkalýðnum og launþegunum eigi að blæða fyrir vitlausa fjárfestingarpólitík auðmannastéttarinnar í landinu.

Það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að þegar þjóðartekjurnar vaxa og framleiðslan eykst, þá er mjög eðlilegt, að verkalýðurinn geri kröfur til stærri hlutdeildar. En þótt auðmannastétt stjórni svo vitlaust, að hvorugt vaxi, vegna þess að hún kýs að eyða í vitleysu svo og svo miklu af sínum gróða, þá á alþýðu manna ekki að blæða fyrir það. Þá er bezt að taka eitthvað dálítið af þeim gróða frá auðvaldinu m. a. með því að hækka kaup verkalýðsins. En sem sagt, hvað þetta snertir hefur framleiðslan aukizt og verkalýðurinn getur þess vegna frá því sjónarmiði gert kröfu til kauphækkunar.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um, að í þriðja lagi væri grundvöllur fyrir kauphækkun, ef það væri aukin framleiðslugeta. Framleiðslugetan hefur aukizt á Íslandi og það mikið. Gamla skýrslan frá Marshallárunum um afköst okkar sjómanna var, ef ég man rétt, að hver íslenzkur sjómaður framleiddi að meðaltali 70 tonn af fiski á ári, og vorum við þá sjöfalt hærri en sá sjómaður, sem næst kom, norski sjómaðurinn, með 10 tonn á sjómann. Ég býst við, að framleiðslugeta síðasta ár hjá okkar sjómönnum hafi verið um 100 tonn á mann á ári. Hún hefur stóraukizt, þannig að líka hvað það snertir hefur orðið breyting, sem ætti að vera grundvöllur fyrir kauphækkun.

M. ö. o.: allt það, sem hæstv. viðskmrh. talar um, gefur raunverulega verkalýðnum ástæðu til nú þegar að segja: Ég krefst kauphækkunar. — Og hæstv. ríkisstj. lýsir því samt yfir, að hún sé á móti öllum kauphækkunum.

Hins vegar gleymir hæstv. viðskmrh. að taka fram það, sem er jafnvel aðalatriðið í því, sem skapar grundvöll að kauphækkunarmöguleikum, gróði hjá atvinnurekendastétt landsins, hjá yfirstétt landsins. Getur hún borgað eitthvað af sínum gróða? Er svo mikil eyðsla hjá henni, að það megi gjarnan draga úr þeirri eyðslu hennar og láta það koma fram sem neyzlu verkalýðsins í dag?

Mér næstum heyrðist á hæstv. viðskmrh., að hann gengi út frá því, að á þessu herrans ári 1960 hefði hæstv. ríkisstj. eiginlega verið búin að reikna það út og lagt það til grundvallar fyrir sínum frumvörpum, að það hafi í fyrsta lagi verið komið á fullt réttlæti um skiptingu arðs á Íslandi, m. ö. o., það hefði enginn gróði verið hjá atvinnurekendastétt Íslands, hún gæti ekki fórnað neinu af sínu og ekki skipulagt neitt betur hjá sér. Ég held, að það sé mjög fjarri því, að svo sé. Í öðru lagi finnst mér hann ganga út frá því í þessum hugleiðingum sínum, að á því herrans ári 1960 hafi verið komið á hápunkt skynsamlegrar skipulagningar á bæði ríkisbúskapnum og þjóðarbúskapnum á Íslandi, þannig að þar væri ekki hægt að skipuleggja betur, spara svo og svo mikið á öllum sviðum, þannig að launþegar landsins gætu fengið betri kjör. Ég held, að hvorugt hafi verið fyrir hendi, hvorki fullt réttlæti í skiptingu arðsins né skynsamleg skipulagning á ríkisbúskapnum og þjóðarbúskapnum, þannig að þegar launþegar landsins krefjast hærra kaups, þá geti það gengið út yfir bæði gróða atvinnurekendanna og gengið út yfir skipulagsleysið, stjórnleysið og eyðsluna í ríkisbúskapnum og þjóðarbúskapnum. Og það vitum við báðir, að einmitt kaupkröfur verkalýðs og annarra launþega eru um leið sá framfaramáttur í þjóðfélaginu, sem knýr atvinnurekendurna til þess að skipuleggja sinn eigin búskap betur og knýr ríkisbáknið sömuleiðis til þess að spara meira. Þess vegna er grundvöllurinn fyrir kauphækkanir í ríkum mæli fyrir hendi.

Hæstv. viðskmrh. kom inn á það, að vel gæti farið svo, að launþegarnir flyttust úr einni launþegastéttinnni í aðra. Er það t. d. meiningin viðvíkjandi við skulum segja inn-

flutningsskrifstofunni, að þeir eigi að fara í hraðfrystihúsin, sem þar voru? Ég sá Alþýðublaðið nýlega vera að tala mikið um, að stúlkurnar, sem ynni á skrifstofunum, hefðu gott af að fara í hraðfrystihúsin og mennirnir á togarana. Kannske ríkisstj. hafi eitthvað verið að bollaleggja um það undanfarna daga.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um, að það yrði sú breyt. á launþegastéttinni, að það ykist sá hluti launþegastéttarinnar, sem væri hærra launaður, en fækkaði þeim, sem væru lægra launaðir. Það er ekki að öllu leyti rétt, því miður. Hvaða félög heldur hæstv. viðskmrh. að það séu, sem aukast hvað mest núna, t. d. hér í Reykjavík? Það var rétt hjá honum, að t. d. félag eins og Dagsbrún stendur mjög mikið í stað, þar sem einmitt eru þeir verkamenn, sem vinna við höfnina og við byggingarvinnu og slíkt. Aftur á móti það, sem hefur aukizt sérstaklega, er t. d. Iðja, félag verksmiðjufólks, sem er með lélegast launaða verkafólkinu, sem til er í Reykjavík, og Verzlunarmannafélagið, þar sem er líka mjög lélega launað, þannig að það er því miður langt frá því, að tilhneigingin sé í þá átt.

Svo kom hæstv. viðskmrh. í sinni svarræðu til mín við 2. umr. þessa máls með nokkrar yfirlýsingar viðvíkjandi viðskiptunum austur á bóginn. Hann sagði: Við reyndum að selja meira af fiski og síld til Sovétríkjanna heldur en við fengum að selja. — Nú verð ég að segja hæstv. viðskmrh., að ég er nokkuð tortrygginn í sambandi við þessi mál. Ég hef fylgzt vel með þessum samningum á undanförnum árum. Ég hef tekið eftir því og hef undirstrikað það hér, að þeir, sem sérstaklega eiga að annast þessa sölu, það eru náttúrlega sjálfir útflytjendurnir, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og aðrir slíkir, þeir hafa verið gersamlega sinnulausir og áhugalausir um að vinna að sölunni á þessum stað. Það er eins og þeir hafi alltaf kastað öllum sínum áhyggjum upp á ríkisstj., ríkisstj. eigi að útvega þeim stóra samninga, ef þeir þurfi á þeim að halda, en sjálfir gera þeir bókstaflega ekki neitt og hafa aldrei reynt, og þetta hef ég bæði í tíð vinstri stjórnarinnar og endranær hvað eftir annað bent á. Það er ekkert gert til að reyna að sjá um í sambandi við meðhöndlun vörunnar að koma henni út og vinna að því að gera hana vinsæla hjá viðskiptavinunum, hjá þeim, sem endanlega borða hana. Það er eins og það sé alltaf treyst á það, að stjórnarvöldin rússnesku eða sovétstjórnarvöldin segi við sína neytendur: Hérna er íslenzkur freðfiskur, hann eigið þið að borða. — En að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hugsi um það, að á borðum í búðunum í Moskvu og annars staðar liggi fallegir bæklingar á rússnesku með myndum af því, hvernig menn eigi að fara með þetta og annað slíkt, að það séu gefnar út leiðbeiningar um, hvernig menn eigi í kælistöðvunum að geyma þessar vörur og fara með þær, og annað slíkt, það er ekki til. Það eru mörg ár síðan farið hefur verið fram á þetta við þá. Það hefur ekki einu sinni verið svo mikill áhugi, að neinn sérfræðingur hafi verið hafður við sendisveitina í Moskvu, og ég held, að hafi þó ekki skort áhuga frá hálfu sendiherrans þar fyrir því að fá slíkt, og hafa þó verið hafðir alls konar legátar um allan heim frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og ekki svo lítið kostað til þess. Og það er líklega ekki svo lítið af þeim kostnaði, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna leggur í út um allan heim, sem einmitt er lagt á fiskinn, sem seldur er í Sovétríkjunum. Mér er kunnugt um, að það hefur verið svikizt um að vinna að því að selja þennan fisk í Sovétríkjunum. Það hefur verið algert áhugaleysi um að koma honum út til fólksins þar af hálfu íslenzku ráðamannanna, þeirra, sem eiga Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þeir hafa kastað öllu sínu upp á stjórnarvöldin í þessu efni.

Í öðru lagi hefur verið sú slæma tilhneiging að gá ekki nógu vel að vörunni, og það skal ég ekki ræða meira um.

En svo í þriðja lagi, það er mér alveg sérstaklega vel kunnugt um, kom hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna strax á árinu 1958, — held ég, að það hafi verið, þó skal ég ekki fullyrða það, það getur verið, að það hafi verið 1957, — fram sú tilhneiging að minnka þessi viðskipti, stórdraga úr þeim. Við höfðum í vinstri stjórninni getað selt 32 þús. tonn til Sovétríkjanna með þeim samningum, sem gerðir voru 1956. Næst þegar átti að gera samninga, vissi ég, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna vildi setja viðskiptamagnið niður í 20 þús. tonn. Þá hafði lítið út eitthvað ofur lítið blómlegar í augnablikinu viðvíkjandi markaðnum í Ameríku, og þá átti undireins að nota tækifærið til þess að brjóta þessi viðskipti niður. Skilyrði til þess að gera svona viðskipti hins vegar raunverulega örugg eru þau, að þetta sé ár frá ári. Þá geta neytendurnir treyst því að fá þennan fisk, og ekki sízt ef við hefðum áhuga á því að stuðla frekar að því en hitt, að Sovétríkin væru ekki mjög mikið að auka sinn flota til þess að verða að byggja á sínum eigin fiskveiðum. Þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, átti í miklu stríði við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um að fá hana til þess að hækka þennan kvóta, hækka þetta magn. Hann vildi fá hana til þess að reyna að halda því föstu í 32 þús. smálestum. Það tókst að lokum að fá hana til að hafa í samningnum 26 þús. smál. En svona komu sem sé strax fram tilhneigingarnar að draga úr þessu, og þetta eru erfiðleikarnir. Þessi afstaða, sem kemur fram, þessi braskhneigð hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna veldur því, að þeir aðilar, sem við semjum við í Sovétríkjunum og þar eystra, eru miklu erfiðari viðfangs fyrir okkur. Það er miklu erfiðara að koma á eftir og ætla að koma þessu aftur upp í 32 þús. tonn, þó að það kunni öðru hvoru að takast, þegar búið er, ef þeir hafa lagt áherzlu á að fá þetta, að draga svona úr því.

Svo segir hæstv. viðskmrh.: Vandinn er hins

vegar að finna vörur til þess að kaupa. — Það er rétt. Hvað þýðir það? Það þýðir, að íslenzk stjórnarvöld þurfa að hafa aðgát til þess að nota þarna öll tækifæri, og þau eru gífurleg. Það er nokkurn veginn skiljanlegt, að þeir í þessum löndum vilji ekki kaupa meira af okkur en þeir sjá nokkurn veginn, að við höfum tilhneigingu eða vilja til þess að kaupa frá þeim, og það sýnist mér hæstv. viðskmrh. einmitt viðurkenna. Hann hefur að vísu kvartað yfir, að þeir hafi reynt að selja meira og hafi gengið illa, en hann segir þó: Vandinn er hins vegar á innflutningshliðina. Vandinn er að skipuleggja innflutninginn frá þessum löndum til Íslands. Og þar er höfuðvandinn í þessu. Það er þar, sem kemur til með að keyra um þverbak núna, einmitt vegna þessarar stefnu, sem ríkisstj. nú er að taka upp. Og það vil ég upplýsa, hvernig þetta stendur nú þegar, hvaða afleiðingar þessi stefna ríkisstj. þýðir, áður en farið er að framkvæma hana, bara þegar umtalið um hana er komið í gang. Við skulum bera saman gjaldeyrisafstöðu okkar til þessara Austur-Evrópulanda, eins og hún var í marzlok 1959 og eins og hún er í marzlok núna. Þá sjáum við nokkurn veginn, hvernig okkar aðstaða er með innkaup frá þessum löndum. Í marzlok 1959 var gjaldeyrisafstaða bankanna sú, að í Tékkóslóvakíu skulduðum við 7½ millj., í Sovétríkjunum skulduðum við 49 millj., í Póllandi áttum við inni 18½ millj., í Austur-Þýzkalandi áttum við inni 34 millj. Það þýddi, að við skulduðum í tveimur af þessum löndum rúmlega 56 millj. og við áttum inni í tveimur af þessum löndum 52 millj. M. ö. o.: heildargjaldeyrisafstaðan gagnvart þessum löndum þá var, að við skulduðum þar um 4 millj. Við höfðum keypt heilmikið frá þessum löndum. Innflutningshliðin var sem sé ekki aðalvandinn fyrir okkur. Við höfðum séð um að kaupa allmikið í þessum löndum. Hvernig stöndum við núna, í marzlok 1960, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum nokkra mánuði, eftir að umtalið um hennar fríverzlunarstefnu er farið að hafa sín áhrif á heildsalana hér á Íslandi? Hvernig stöndum við þá? Það sýnir tilhneiginguna, sem kemur fram í þessum viðskiptum öllum. Þá stöndum við þannig, að í Tékkóslóvakíu eigum við inni 37½ millj. í marzlok, í Sovétríkjunum eigum við inni 1½ millj., í Póllandi eigum við inni 32½ millj., í Austur-Þýzkalandi eigum við inni 49½ millj., m. ö. o.: við eigum inni í þessum löndum 121 millj. kr. Við höfum minnkað innkaupin. Við höfum getað selt til þessara landa, það er ekki það, sem hefur staðið á, en við höfum dregið úr innkaupunum frá þessum löndum með þeim afleiðingum, að við eigum inni í þessum löndum núna 121 millj. í marzlok, í staðinn fyrir að í fyrra skulduðum við í þessum löndum 4 millj. kr. Einmitt það, sem við höfum verið að deila um, hvort stefnan hjá hæstv. ríkisstj. væri sú að draga úr viðskiptunum austur á bóginn, er farið að sýna sig, áður en þetta frv. er komið til framkvæmda, bara í því, hvernig heildsalarnir hér í Reykjavík búast við. Þeir hafa farið að framkvæma það, sem býr á bak við í stefnu hæstv. ríkisstj., áður en búið er að samþykkja frv. Þeir eru búnir að koma okkur í þá aðstöðu, við eigum þarna gjaldeyrisvarasjóð, en við erum að brjóta niður viðskiptin við þessi lönd, vegna þess að þau verða ekki lengi með því móti, að við höldum ekki nokkurn veginn jafnvirðisviðskiptum, því að á þeim byggjast þau öll. Tilhneigingarnar, sem þetta frv. skapar í viðskiptum Íslendinga austur á bóginn, eru nú þegar farnar að koma í ljós. Hæstv. ríkisstj. ætti að geta lært af því, að viðbrögð heildsalanna í Reykjavík sanna það algerlega, hver verður afleiðingin, ef þessi stefna er látin sigra með þessu frv., ef þetta verður sem sé framkvæmt.

Ég er alveg viss í því, að það er hægt að gera á bæði vélum, vefnaðarvörum og öðru slíku stórsamninga við þessi lönd. En það þýðir, að við verðum að hafa meira eða minna eftirlit eða yfirstjórn á innkaupum þeirra vara hér heima. Það þýðir ekki að setja það á einhverja frílista, þá er búið að eyðileggja það.

Svo kom hæstv. viðskmrh. sérstaklega að því að svara mér viðvíkjandi bílunum og beindi þar fsp. til mín. Hann talaði um annars vegar Volkswagen-bílana og hins vegar Moskvits-bíla, og hann segir, að nú gangi þeim illa að selja Moskvitsbílana, þeir kosti svo og svo mikið hérna, þeir séu ekki seljanlegir. Árið 1959 voru viðskiptin við Vestur-Þýzkaland þannig, að við fluttum þaðan inn fyrir 155 millj. og við seldum þangað fyrir 53 millj., m. ö. o.: það var um 100 millj. neikvæður verzlunarjöfnuður við Vestur-Þýzkaland. Hvað þýðir það, ef við erum að hugsa um sjálfstæði Íslands til þjóðarbúskapar? Það þýðir það, að við höfum ekki efni á að kaupa inn eins mikið og við gerum. Það þýðir, að við verðum að skera niður viðskipti við þetta land, á meðan það kaupir ekki meira af okkur, ef við ætlum að sjá okkar fótum forráð, ef við ætlum að halda efnahagslegu sjálfstæði landsins. Það þýðir, að ef Moskvitsbílar eru eitt af því, sem við álítum heppilegt að kaupa frá Sovétríkjunum til þess að viðhalda markaði þar, þá verðum við að kaupa Moskvits-bíla þaðan og stöðva algerlega innflutning á öllu, sem heitir Volkswagen eða einhverjir bílar frá Vestur-Þýzkalandi, þá höfum við ekki efni á að kaupa þá bíla. Við verðum að taka þessi mál alveg raunhæft. Við eigum ekki að taka stórlán í París eða Washington til þess að kaupa inn svo og svo mikið af bílum frá löndum, svo að viðskiptajöfnuðurinn við þau, eins og Vestur-Þýzkaland, fari kannske frá því að vera neikvæður um 100 millj. í það að vera neikvæður um 150 millj., og brjótum svo niður á sama tíma jafnvirðiskaupin við Sovétríkin. Slíka viðskiptapólitík nær ekki nokkurri átt að reka fyrir þá, sem hugsa um efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Fyrir þá, sem ætla að

innlima Ísland í eitthvert fríverzlunarsvæði, kemur náttúrlega allt annað til greina. — Hann spurði mig, hvað ég mundi gera í þessum sporum. Ég mundi skipuleggja innkaupin þannig, að ég kaupi á þeim stöðum handa Íslandi, þar sem við eigum peninga til að kaupa fyrir, og ég kaupi ekki þar, sem við eigum enga peninga til þess að kaupa fyrir. Það mundi hver einasti heimilisfaðir gera, sem væri að hugsa um sitt heimili og hvernig það kæmist af, ef hann ætlar að halda sínu sjálfstæði.

Hvað hitt snertir, viðvíkjandi verðlaginu á þessum hlutum, þá er náttúrlega sjálfsagt fyrir okkur að prútta niður verðinu eins og við mögulega getum. Við verðum að reyna að gera sem hagstæðust innkaup á hverjum tíma. En innkaupin takmarkast náttúrlega alltaf af því, að við höfum peninga til þess að kaupa fyrir. Og peninganna verðum við að afla okkur með því að selja okkar eigin vörur. Ef það eru einhverjir menn, sem vilja að vísu selja okkur gjarnan, en vilja ekki af okkur kaupa, þá verðum við að segja við þá: Ég get ekki verzlað við þig meira, mér þykir það mjög leitt, nema þannig, að þú kaupir af mér jafnmikið í staðinn.

Hæstv. viðskmrh. sagði einmitt í sambandi við þetta: Það er ekki ríkisstj., sem spillir markaðinum fyrir bílana. — Það er einmitt ríkisstj., sem spillir markaðinum fyrir bílana. Svo framarlega sem hún er að hleypa þarna einhverjum öðrum bílum inn, þá er hún að spilla markaðinum. Við Íslendingar höfum horfzt í augu við svo alvarlega hluti í sambandi við okkar viðskiptamál, að við skulum ekki láta eins og við höfum himin höndum tekið, ef við höfum getað slegið okkur lán, jafnvel þó að það lán sé 800 millj. Það kemur að skuldadögum á því láni eins og öllu öðru. Og ef við ætlum að lifa eins og greifar og kaupa okkur Volkswagen og annað slíkt, allt upp á lán, og getum ekkert selt í þessum löndum, þá verða skuldadagarnir því verri fyrir okkur. Og ég er farinn að taka eftir því, að fésýslumennirnir hér í Reykjavík eru nú farnir að reikna með því, að hún standi líklega ekki lengi, þessi dýrð. Maður er þegar farinn að heyra það hérna, að þeir segja: Það er víst bezt, þó að það sé ekki gott útlit, að byrja á sem flestum stórbyggingum í sumar, því að það verður víst sett fjárfestingareftirlit aftur með haustinu, svo að það er bezt að hafa byrjað, þá fær maður að halda áfram, bezt að nota tækifærið. — Það er nú ekki meiri trúin á þessari pólitík hjá þeim, sem hún þó fyrst og fremst er gerð fyrir.

Við höfum ekki efni á að flytja inn bíla, nema að svo miklu leyti sem við getum borgað þá. Og þegar við hugsum um bílainnflutning, eigum við að vísu að setja hann sem nr. 2, við eigum að byrja á að hugsa um þá hluti, sem við gætum fengið, sem ykju okkar framleiðslu. Það má vel vera, að ríkisstj. fyndist praktískt að kaupa bíla frá Sovétríkjunum. En ég vil benda henni á, að það er líka hægt að fá í Sovétríkjunum bæði skip og togara og annað slíkt. Það yrði mögulegt fyrir ríkisstj. að láta byggja þess háttar hluti. Það þarf ekki endilega að halda sér bara við bíla og annað slíkt. Það er hægt að framkvæma þar allmargt af framleiðslu slíkra tækja, stórra verksmiðjuvéla og annað slíkt, sem við viljum leggja í, rafstöðva í okkar rafvirkjanir og annað þess háttar, — alla þessa hluti er líka hægt að kaupa þar, ef það er bara hugsað um að reyna að vinna eitthvað að þessu.

Um það, sem ég spurði viðvíkjandi Matborg og viðvíkjandi vorsíldinni, þá sagði hæstv. viðskmrh. bara, að hann vonaði, að úr þessu rættist. Og ég er hræddur um, að þau verði svörin um ákaflega mikið af þessum hlutum, sem sé það verður von og von, en engin vissa. Og það er það, sem Ísland kemur til með að vanta, eftir að farið verður inn á þessa leið, sem ætlunin er með þessu frv., það er vissan, það er öryggið um sína afkomu. Það er glæfrapólitík, sem farið er inn á, það er óforsjál skuldasöfnun, sem farið er inn á.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á í sinni ræðu áðan, að áætlunarbúskapur hefði verið reyndur hér og ekki gengið vel, talaði um fjárhagsráð í því sambandi. Það er ekki rétt hjá honum. Áætlunarbúskapur hefur aldrei verið reyndur hér. Það hefur verið sett í lög, að það ætti að gera það. Það hefur verið reynt smáræði af því í sambandi við nýsköpunarstjórnina. Það voru sett að vísu strangari lög en sett voru um nýbyggingarráð í sambandi við fjárhagsráð, en aldrei reynt að framkvæma neitt af því, þannig að af honum er engin reynsla. Það eina, sem við höfum reynslu af, eru höft, mismunandi skynsamlega eða óviturlega framkvæmd. Meira að segja þau atriði, sem voru bæði í lögum um fjárhagsráð og nýbyggingarráð á sínum tíma, að það ætti að leggja til hliðar allt frá 15 upp í 25% af gjaldeyri landsins til innkaupa á framleiðslutækjum, — meira að segja þau voru aldrei framkvæmd.

Þá minntist hv. 5. þm. Reykv. á það, að kommúnistar segðu, að kommúnistar þyrftu að vera í ríkisstj., til þess að það væri keypt þarna austur frá. Það er að vísu ekki rétt, þeir segja það ekki, enda væri það mjög rangt hjá þeim. Eins og vitað er, var það einmitt ein afturhaldssamasta stjórnin, sem hér hefur setið að völdum á síðasta áratug, helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsóknar 1952, sem tók upp að nýju viðskipti við Sovétríkin og virtist ganga það allvel, og eins var það eftir að Alþb. fór út úr ríkisstj. og Alþfl.-stjórnin hóf allmikla samninga við Sovétríkin, þá held ég, að þeir samningar hafi gengið yfirleitt mjög sæmilega, og ég held, að það sé óhætt að segja, að við, sem tilheyrum Alþb., höfum að okkar leyti, að svo miklu leyti sem til okkar hefur verið kallað, reynt að vinna að því, hvort heldur við höfum ver-

ið utan ríkisstj. eða í ríkisstj., að koma á þeim samböndum. Ég hef, eins og ég hef rakið hér áður í þessum umr. og skal ekki rekja aftur, átt þátt í því að vinna að þessum viðskiptum eiginlega allt frá því á árinu 1927, bæði í samráði við ráðh. gamla Íhaldsflokksins, Magnús Guðmundsson, síðar í samráði við Harald Guðmundsson, þegar hann var í stjórn, og á hverjum tíma hefur aldrei staðið á því, að við vildum, að svo miklu leyti sem til okkar væri kallað, gera allt, sem við gætum, til þess að koma þessum viðskiptum á, af því að það hefur vakað fyrir okkur allan þennan tíma að reyna að auka sem mest atvinnuna í landinu og tryggja atvinnuöryggi Íslendinga, einmitt með því að koma á viðskiptasamningum við hinn sósíalistíska heim, þar sem við værum ekki háðir markaðssveiflum kapítalismans. Það, sem við hins vegar segjum við ríkisstj., er þetta í sambandi við slíkt: Þið eruð að glopra þessum dýrmætu mörkuðum út úr höndunum á þjóðinni, í fyrsta lagi með ykkar stefnu, þeirri stefnu, sem þið eruð að taka upp núna, hvort sem þið gerið ykkur það ljóst eða ekki, — þið eruð að glopra þessum mörkuðum út úr höndunum á þjóðinni með þessari stefnu, vegna þess að með því stjórnleysi á útflutningnum og innflutningnum, sem þið eruð að taka upp, er ekki hægt að skipuleggja þessi viðskipti. Það er ekki hægt að skipuleggja þessi viðskipti eins og nauðsynlegt er, það eru afleiðingar af ykkar stefnu að brjóta þetta niður. Við munum vafalaust gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess, þrátt fyrir þessa röngu og skaðlegu stefnu ykkar, að reyna að viðhalda þessum viðskiptum, alveg eins og ég reyni nú og við aðrir að koma vitinu fyrir ykkur um að taka ekki upp þessa stefnu. Og svo í öðru lagi, þið eruð að glopra þessum viðskiptum út úr höndunum á ykkur með þeirri óvild, sem viss hluti af stjórnarliðinu hefur á þessum viðskiptum. Við þurfum ekkert að fara í neinar felur með, að það er fjandskapur gegn viðskiptunum austur á bóginn hjá stórum hluta í stjórnarliðinu og hefur lengi verið. Það er þar beinlínis andstaða gegn því. Menn álíta, að þeir verði eitthvað sérstaklega háðir með þessum viðskiptum, og berjast gegn, hatast við það. Hæstv. viðskmrh. fékk sjálfur að heyra það hjá núverandi samstarfsmönnum hans í Sjálfstfl., einmitt þegar verið var að reyna að bjarga síldarvertíðinni í fyrra, hvers konar gífurleg andúð kom fram á samningunum, sem þá fóru fram við Sovétríkin, frá hálfu þeirra manna, sem lengst standa til hægri í Sjálfstfl. Þess vegna er það, að því sterkari sem slíkir afturhaldsmenn verða innan Sjálfstfl. og jafnvel innan Alþfl., menn, sem vilja brjóta þessi viðskipti niður, því meiri hætta er á, að þeim takist það. Þess vegna höfum við alltaf sagt: Það er hætta á því, þegar okkar áhrif, Alþb., verkalýðshreyfingarinnar, Sósíalistaflokksins, — hann átti hér sína fulltrúa sem Sósíalistaflokksmenn á þingi, — það er hætta á því, þegar okkar áhrif eru ekki nægilega rík, að þeir menn, sem með stjórnina fara, glopri þessu út úr höndunum á sér, sumpart af andúð á þessum viðskiptum, sumpart, jafnvel þótt menn vilji viðhalda þeim, af því, að stefnan, sem þeir taka upp, eins og sú stefna, sem hér er rætt um, leiðir það af sér, ber það í sjálfri sér, að þetta stjórnleysi á viðskiptum, þetta frelsi, sem kallað er, það brýtur niður það skipulag, sem er nauðsynlegt til þess að viðhalda þessum viðskiptum austur eftir og auka þau. Það er t. d. alveg greinilegt núna, ef innflutningsskrifstofan verður lögð niður, þar sem þorrinn af mönnunum, sem þar hafa verið, hvaða flokki sem þeir svo hafa tilheyrt, hefur haft mikla ábyrgðartilfinningu í þessum efnum, hefur haft mikla þekkingu í þessum efnum og unnið að því að viðhalda þessum viðskiptum, — þegar svo á að fara að sjá um þetta ýmist í ráðuneytinu sjálfu eða sérstaklega í Seðlabankanum, þá eru þar einmitt áhrifamestu mennirnir, máske að hæstv. ráðh. sjálfum undanskildum, sem beinlínis vilja brjóta þessi viðskipti niður, vilja koma á frjálsum viðskiptum, vilja setja þessi lönd frammi fyrir því að eiga að borga í frjálsum gjaldeyri, strax og einhver inneign er orðin þar, draga úr þeim skuldaviðskiptum og lánsviðskiptum, sem verið hafa fram að þessu. Og yfirleitt stefna þeir að því að reyna að koma viðskiptunum við sósíalistísku löndin í frjálsan gjaldeyri, sem er eins og hver önnur vitleysa að tala um.

Þessu vildi ég aðeins skjóta inn í viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um í þessu efni. Hitt er vafalaust rétt, sem hann sagði síðast í sinni ræðu og minntist á tilganginn með þessu frv., að við Íslendingar yrðum liðtækir til samvinnu í hinum vestræna heimi. Það er það, sem vakir fyrir þeim, sem ráða, í sambandi við þetta frv. Íslendingar eiga að verða liðtækir til samvinnu í hinum vestræna heimi. M. ö. o.: þetta er pólitískt mál til þess að koma Íslandi almennilega inn á þá kapítalistísku markaði, með öllum þeim sveiflum, sem það þýðir fyrir lítið og fátækt land, gera okkur undirorpna aftur kreppunum og verðsveiflunum, atvinnuleysinu og öllu, sem slíku fylgir. Það er þetta, sem er einmitt hættan, í staðinn fyrir að reyna að gera Ísland þannig, að það sé sem óháðast, það sé sem sjálfstæðast, geti jafnt skipt við löndin austur frá, sósíalistísku löndin, eins og löndin hér vestur frá, kapítalistísku löndin.

Ég var að rekast á það nú nýlega, — ég held, að það hafi verið í Morgunblaðinu, eða í einhverju blaðinu var það í dag eða í gær, — að það var verið að ræða um viðskipti Norðmanna. Það var verið að kvarta yfir því, að portúgalski markaðurinn væri að stórminnka fyrir þá, og hvað eftir annað hefur það komið greinilega fram, að þeir eru dauðhræddir um þennan freðfiskkvóta, sem þeir hafa í Bretlandi. Manni virðist ekkert sérstaklega girnilegt hvað fiskmarkaðinn snertir að eiga allt

of mikið undir þessum aðilum. Og ég er hræddur um, að það dugi ekki að ætla að stjórna efnahagsmálum Íslands bara með það mark fyrir augum, að við eigum að vera liðtækir til samvinnu í hinum vestræna heimi. Við verðum að stjórna viðskiptamálum Íslands með það fyrir augum, að þjóðin komist sem bezt af, að hún nýti alla þá möguleika, sem henni bjóðast, hvar sem er, jafnt í þeim kapítalistíska sem þeim sósíalistíska heimi.

Ég hef nú talað mikið um þessi viðskipti við hinn sósíalistíska heim í ræðum, sem hér hafa verið fluttar, vegna þess að þetta er frv., sem fyrst og fremst snertir verzlunina og viðskiptin, og vegna þess að það hafa komið hér strengilegar yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum um, að þeir hafi svo og svo góðan vilja í þessum efnum. Ég hef þess vegna flutt og jafnvel endurtekið hér þau rök, sem ég álít vera fyrir því, að afleiðingin af þessu frv. verði að brjóta þessi viðskipti smátt og smátt niður. Og reynist það rétt hjá mér, þá er það vegna þess, að bak við þetta frv. búa annarlegar ástæður. Þar búa þær ástæður, að Vestur-Evrópuríkin, kapítalið í Vestur-Evrópu og Ameríku, það vill draga úr viðskiptum Íslands við þann sósíalistíska heim, af því að það álítur þau pólitískt hættuleg sér, — að Ísland sé eins óháð og það hefur verið, það álítur það pólitískt hættulegt sér, að Ísland geti staðið uppi í hárinu á stórveldi eins og Bretum, eins og það gerði 1952, þegar þeir settu bann á okkur. Það vita allir í dag, að það þýðir ekkert fyrir Breta að setja bann á Ísland í dag. Þeir eru núna hræddir við það sjálfir, vegna þess að þeir vita, að það þýðir bara, að við mundum fara kannske til Sovétríkjanna og auka enn meira viðskiptin þangað, og vesturveldunum er ekkert vel við það. Hitt er svo annað mál, að það er líka annar þáttur í sambandi við þessi viðskipti, í sambandi við þetta frv. og það viðskiptafrelsi, sem á að gefa með því. Það er þáttur, sem er í samræmi við höfuðstefnuna, sem kom fram í gengislækkunarfrv., sá þáttur að koma á alræði peningavaldsins, sem líka hefur komið fram í sambandi við allar ráðstafanirnar viðvíkjandi bönkunum. Það er talað um að afnema skrifstofuvaldið. Ég er að vísu hræddur um, að það skrifstofuvald, sem hingað til hefur verið undir eftirliti þingflokkanna eða Alþingis á einhvern máta, verði nú flutt inn í bankana, þar sem það er fjær Alþ. að geta fylgzt með því. En í stuttu máli sýnist mér höfuðþróunin hvað slíkt snertir vera sú, að það er dregið úr þessu vissa skriffinnskuvaldi, sem hefur sína galla og sína kosti, en um leið hefur viss tengsl við almannavaldið í landinu, og peningavaldið gert að aðalatriðinu á Íslandi. M. ö. o.: það er verið að skapa einokun handa voldugustu auðmönnunum og á sama tíma skipulagður skortur hjá fólkinu. Þetta einræði og einokun hjá voldugustu auðmönnunum verður ekki aðeins fyrir þá íslenzku auðmenn, heldur líka fyrir þá útlendu og fyrir þá íslenzku auðmenn, sem hafa bezt samband við þá útlendu, eins og á að koma fram í því, að stærstu heildsalarnir hér eiga að geta haft svo og svo mikil lánsviðskipti við þá útlendu viðskiptavini sína. Jafnframt er greinilegt, að ríkisbankarnir eru einokaðir undir þetta peningavald. Það er vitanlegt, að ríkisbankarnir hafa fram að þessu veitt stórlán alveg sérstökum stofnunum, sérstökum gæðingum ríkisstjórnarflokkanna, og þeir halda þessari sérstöku aðstöðu áfram, á sama tíma sem öllum öðrum er neitað. Það er þess vegna engin tilviljun, að ein af fyrstu afleiðingunum, sem kemur fram í sambandi við stefnu ríkisstj., er, að það dregur stórkostlega úr íbúðabyggingum almennings, þannig að jafnvel til atvinnuleysis horfir, en fésýslumenn hyggjast byggja allmikil bákn, og jafnvel sjálfur Seðlabankinn, sem vissulega skortir ekki fé, mun ætla sér hið sama. Ég sagði nýlega frá því hérna, að á stað eins og Selfossi, þar sem 40 íbúðir hafa verið byggðar í fyrra, sem sótt var um um þetta leyti, þar hefði nú nýlega, þegar ég spurðist fyrir um þetta, tveir menn verið að hugsa um að byggja og var ekki búið að sækja þá um neitt. Og þannig hefur það verið víða í bæjunum hér í kring, og jafnvel er farið að bera á því sama í Reykjavík, þótt að vísu sé ákaflega mikið af hálfbyggðum íbúðum, sem eftir er að fullgera. En ég sé það meira að segja af samþykkt Múrarafélagsins, sem nýlega hefur verið gerð, að þeir eru farnir að óttast atvinnuleysi, múrararnir.

M. ö. o.: inntak þeirrar stefnu, sem í þessu frv. felst og fólst líka í gengislækkunarfrv., var raunverulega frelsi fyrir auðinn og þá, sem auðinn hafa, og fátækt fyrir fjöldann. Og hæstv. viðskmrh. virtist líta svo á, að það væri eitt það ægilegasta, sem skeð gæti, ef sá fjöldi, sem nú á að fá skortinn sem skömmtunarstjóra, risi upp og segði: hingað og ekki lengra, og bylti þessu kerfi um. Það er samt það, sem að lokum mun verða. Þetta kerfi er ekki aðeins hættulegt fyrir almenning, þetta kerfi er um leið herferð auðvaldsins í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á hendur efnahagslegu sjálfstæði Íslands, til þess að brjóta niður það atvinnulega öryggi og það efnahagslega sjálfstæði, sem Ísland hefur skapað sér á undanförnum áratugum. Þess vegna verður það í senn nauðsyn, bæði fyrir okkar þjóð vegna hennar efnahagslega sjálfstæðis og fyrir okkar alþýðu vegna hennar afkomu, að brjóta þetta kerfi á bak aftur. Það er ekki nóg að hækka kaupið, þegar þar að kemur, þó að það sé nauðsynlegt, sjálfsagt og réttlátt. Það þarf að brjóta þetta kerfi á bak aftur, vegna þess að þetta kerfi er Íslandi stórskaðlegt. Það sviptir Ísland að geta notað sér möguleika til viðskipta, sem við gætum notað okkur, ef við kæmum á hjá okkur áætlunarbúskap, ef við tryggðum góða yfirstjórn ríkisins á utanríkisverzluninni og

stjórnuðum okkar fjárfestingu þannig, að nægilega mikið væri lagt í þá framleiðslufjárfestingu, sem gefur okkur auknar afurðir og þar af leiðandi batnandi lífskjör í aðra hönd.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 379, 380, 397, 398).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til þess að bæta svo sem neinu við þær almennu athugasemdir, sem ég flutti fram við þessa 3. umr. í gær varðandi stefnu ríkisstj., sem þetta frv. byggist á. Á hinn bóginn verð ég að segja nokkur orð út af sumu af því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), þar sem hann rakti nokkuð frá sínu sjónarmiði sögulega viðskiptamálin. En ekki mun ég gera þetta ýtarlega, heldur drepa aðeins á örfá atriði, þar sem mér finnst, að það þurfi að koma fram skýringar og að sumu leyti leiðréttingar.

Hann sagði, að löggjöf sú um gjaldeyris- og innflutningsmál, sem sett var 1935, hafi verið mjög víðtæk og gert ráð fyrir miklum afskiptum af þeim málum af hendi stjórnarvaldanna. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Hins vegar vil ég af þessu tilefni taka fram, að ég hygg, að enginn sá, sem setur sig inn í ástæður landsins, eins og þær voru þá, dragi í raun og veru í efa, að það var brýn nauðsyn að setja þessa löggjöf. Þá hafði þjóðin nýlega orðið fyrir því áfalli að missa að mestu leyti markaðinn fyrir beztu útflutningsvöru sína á Spáni, og skyndilega drógust gjaldeyristekjurnar þannig saman, að það var óhugsandi, að hinir ýmsu þættir efnahagslífsins gætu á stuttri stundu lagað sig eftir því. Hlaut því að koma fram mikið ósamræmi í viðskiptamálum út á við, og það var óhugsandi að mæta þessu viðhorfi með öðru en því að setja upp þessi afskipti. Um þetta hygg ég að þurfi nú í raun réttri alls ekki að deila.

Ég vil þá einnig, um leið og ég strika undir þetta, leiðrétta það, sem hv. þm. sagði, að höftin hefðu þá verið sett á haftanna vegna og til þess að beita þeim til óhagræðis fyrir suma, en til óeðlilegs framdráttar fyrir aðra eða misbeita þeim, eins og hann sagði í sinni ræðu, og vil ég mótmæla þessu alveg. Framkvæmd þessara hafta var alls ekki hagað þannig. Það var á hinn bóginn mikið um framkvæmdina deilt, það var alveg rétt hjá honum. En þær deilur stóðu um, hvort það ætti að miða alveg við viðhorfið í viðskiptamálum, eins og það var, þegar höftin voru fyrst sett, eða hvort það skyldi reynt að finna reglur til þess að taka tillit til þeirra breytinga, sem voru að verða á verzluninni. En sú breyting var á þá lund, að verzlunin hneig nokkuð yfir til samvinnufélaga. Sú þróun varð, og komu upp ný félög og efldust þau, sem fyrir voru, að fólkstölu, og þá kom upp deilan um, hvort það skyldi taka þetta að einhverju leyti til greina varðandi skiptingu innflutningsins eða ekki. Og um það voru, eins og hann réttilega tók fram, miklar deilur í mörg ár. En ég mótmæli alveg, að þessi höft, sem voru sett af illri nauðsyn, hafi verið á nokkurn hátt hugsuð til þess að hafa áhrif í þá átt að færa verzlun yfir til samvinnufélaganna, og mín skoðun er sú, að höftin hafi á þessu tímabili stórlega heft þróun samvinnufélaganna. Og sú hefur yfirleitt verið skoðunin innan samvinnuhreyfingarinnar, að viðskiptahöft væru ekki æskileg, eins og hv. 5. þm. Reykv. raunar benti á í sinni ræðu, og væri æskilegast, að þeim þyrfti að beita sem minnst, þó að þar hafi jafnhliða oft verið ríkur skilningur á því, að þannig hefur mörgum sinnum verið ástatt í þjóðarbúskap okkar, að það gat ekki orðið um annað að ræða en hafa nokkur opinber afskipti af viðskiptunum, og stundum verið þannig ástatt, að það hefur tvímælalaust verið miklu betra að taka þann kostinn að efna til slíkra afskipta en önnur úrræði, sem til greina gátu komið.

Þá rakti hv. 5. þm. Reykv. söguna þannig, að Sjálfstfl. hefði ætíð verið skeleggur baráttuflokkur fyrir því að hafa frelsið sem mest í atvinnu- og sérstaklega viðskiptamálum, en aðrir flokkar hafi verið dragbítar á þeirri stefnu, og Sjálfstfl. hefði oft orðið að taka þátt í haftabúskapnum vegna afstöðu hinna flokkanna. Þetta var a. m. k. blærinn á því, sem hv. þm. flutti. En ekki vil ég viðurkenna, að sagan sé rétt sögð á þessa lund, og vísa í því sambandi til laganna um fjárhagsráð, sem sett voru 1947, eftir tímabilið 1944—46, þegar Sjálfstfl. réð ákaflega miklu og réð raunar líka miklu 1947, þegar lögin um fjárhagsráð voru sett. Þá hafði Sjálfstfl. haft þau afskipti af efnahags- og gjaldeyrismálum, að ástæður landsins voru þannig, að það var alls ekki um neitt annað að ræða en setja á veruleg höft 1947. Ég skal ekki fara að efna hér til neinna deilna um það tímabil núna. Það má margt um það segja, jákvætt og neikvætt. En staðreynd er, að þá var gjaldeyrisástandið svona og Sjálfstfl. mjög miklu ráðandi. Að dómi þess flokks, eins og annarra flokka, var ekki um annað að ræða en að setja mjög stranga löggjöf um íhlutun, bæði um viðskipti og fjárfestingarmál, og það var gert með lögunum um fjárhagsráð. En þau lög gengu, eins og hv. þm. réttilega tók fram, lengra en áður hafði tíðkazt, því að þá kom til líka fjárfestingareftirlitið. Mér virðist þess vegna, að það sé alls ekki mögulegt fyrir Sjálfstfl. að halda því fram, að það hafi verið fyrir annarra verk og tilstuðlan og að honum þvernauðugum, að ætíð af og til hefur verið gripið til opinberra afskipta af viðskiptamálum, heldur eigi þeir þar fullkomlega óskilið mál við aðra flokka.

Þá kom hv. 5. þm. Reykv. nokkuð inn á samstarfsslit 1949 og þær kosningar, sem þá urðu um ágreining í efnahagsmálum. Og til þess að fá það til að passa inn í þá mynd, sem hann vildi sýna af Sjálfstfl. sem baráttu-

flokki fyrir frelsi í viðskiptum, lét hv. þm. þannig um mælt, að Framsóknarflokksmenn hefðu klofið það stjórnarsamstarf af því, að þeir hafi viljað herða á höftunum. En þetta er alveg rangt, því að ágreiningurinn þá í ríkisstj., höfuðágreiningurinn 1949 var um það, að Framsfl. lagði þá fram till. um, að annaðhvort yrði gengisbreyting framkvæmd eða almenn niðurfærsla til þess að koma á meira jafnvægi í efnahagsmálum en þá ríkti. Flokkurinn sá fram á, að það var óhjákvæmilegt að gera slíkar ráðstafanir, og vildi setja það á oddinn, að þær ráðstafanir yrðu gerðar þá strax um haustið. En slíkar ráðstafanir hefðu, ef á þær hefði verið fallizt, alls ekki orðið til þess, að þurft hefði að herða höft eða þvílíkt, heldur orðið miklu fremur undirstaða að meira frelsi í viðskiptum en áður átti sér stað. Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm., að inn í þessi málefni komu nokkrar deilur um, hvernig skyldi úthluta innflutningsleyfum, á meðan höftin væru á annað borð, en það var algert aukaatriði þá við samstarfsslitin. — Höfuðágreiningurinn var um, hvort flokkarnir gætu þá strax haft samstöðu um að gera ráðstafanir til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum. En það fékkst ekki samstaða um það, og þá rofnaði stjórnin og fóru fram kosningar haustið 1950. Síðan varð eftir þær kosningar talsvert þóf fram og aftur, og varð úr samstjórn, sem stóð að gengisbreytingunni 1950. Var sú löggjöf sumpart í framhaldi af því, sem Sjálfstfl.-stjórnin, sem hafði verið sett upp eftir kosningarnar, hafði gert uppástungur um, og sumpart í framhaldi af þeim till., sem Framsfl.-menn höfðu gert fyrir kosningarnar um sumarið 1949, en þá hafði ekki verið fallizt á. Um þetta mættust svo flokkarnir.

Till. sjálfstæðismanna, sem höfðu verið lagðar fram í þinginu, var breytt í verulegum atriðum og í einu mjög veigamiklu atriði, sem sýnir stefnumuninn, sem ætíð hefur verið á milli þessara flokka, Sjálfstfl. og Framsfl. Það var sett inn í stjórnarsamning, sem þá var gerður, ákvæði um að tryggja fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna verulegt fjármagn. M. ö. o.: Framsfl. vildi ekki fallast á gengisbreytinguna þá, nema jafnframt væru gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að almennur samdráttur í landinu fylgdi í kjölfarið, koma sem sagt í veg fyrir, að gengisbreytingin yrði til þess að valda stöðvun á þeirri framfarasókn, sem þjóðin hafði þá haldið uppi. Þess vegna voru gerð skilyrði um, að nýtt fjármagn yrði fengið þessum sjóðum, um leið og gengisskráningunni var breytt. Þetta sýnir stefnumuninn mjög glögglega, vegna þess að nú, þegar Framsfl. hefur ekki aðstöðu til þess að ráða stjórnarstefnunni, er allt gert í senn, stórfelld gengislækkun framkvæmd, gífurlegar nýjar álögur lagðar á þjóðina og ráðstafanir gerðar til þess að minnka með öllu hugsanlegu móti það fjármagn, sem getur gengið til uppbyggingarinnar í landinu. Það er m. ö. o. samdráttarstefnan, sem nú hefur verið tekin upp, en þeirri stefnu hafnaði Framsfl. 1950 og ætíð áður og síðar, þegar efnahagsmálin hafa komið til úrlausnar.

Það er mjög athyglisvert, að það hefur einmitt komið fram hér í vetur oftar en einu sinni, bæði af hendi hv. talsmanna Alþfl. og Sjálfstfl., að ástæðan til þess, að Framsfl. hafði aldrei verið talinn vel liðtækur í efnahagsmálum eða í þjóðmálastarfinu, hafi verið sú, að flokkurinn hafði aldrei skilið, að það hefði þurft að efna til samdráttar í efnahagslífinu og framkvæmdalífinu, um leið og ráðstafanir væru gerðar til þess að jafna hlut sjálfra atvinnuveganna. Og þarna kemur stefnumunurinn mjög greinilega fram.

Hv. 5. þm. Reykv. komst svo að þeirri niðurstöðu í sinni ræðu, að það, sem nú væri verið að gera með þessu frv. og öðrum ráðstöfunum, sem ættu sér stað nú í vetur, væri að framkvæma þessa stefnu eða hugsjón Sjálfstfl., sem hann hefði á undanförnum áratugum alltaf viljað koma í framkvæmd, þ. e. a. s. það, sem þeir kalla meira frelsi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þetta væri æskilegur og glæsilegur áfangi, sem nú væri lokið í framhaldi af áratugabaráttu Sjálfstfl. fyrir stefnu sinni.

Og það var mjög eftirtektarvert, að hann komst að þeirri niðurstöðu, að það hefði kannske verið að sumu leyti veikara fyrir Sjálfstfl. að hafa meiri hluta á Alþingi til að framkvæma þessa stefnu. Það væri kannske enn þá æskilegra að hafa þetta eins og það er núna, að hafa annan flokk með sér til þess að framkvæma þessa stefnu. En stefnan væri ljós, hún væri stefnan, sem Sjálfstfl. hefði ætíð barizt fyrir. Í þessu er fólginn mikill sannleiki hjá hv. þm. Það, sem nú er verið að gera, er í raun og veru að innleiða aftur þá stefnu, sem Sjálfstfl. hélt uppi, á meðan hann gat ráðið fram að 1927 og hann síðan ekki nema að litlu leyti hefur getað fengið tekna til greina, vegna þess að hann hefur skort meiri hlutann til, og að fram að þessu hefur enginn flokkur viljað framkvæma hreina stefnu Sjálfstfl. með honum, fyrr en nú, að Alþfl. hefur orðið til þess.

Það má kannske taka undir það líka með þessum hv. þm., að það sé ekki óæskilegra fyrir Sjálfstfl. að gera þetta á þennan hátt, með Alþfl., heldur en gera það einn, vegna þess að það villi sennilega einhverjum sýn um það, hvað raunverulega er að gerast, að Sjálfstfl. stendur ekki einn að þessari stefnubreytingu. En samt sem áður held ég, að það verði nú ekki þannig í reyndinni. Ég held, að þjóðinni sé alveg ljóst, hvað það er, sem raunverulega er að gerast, og að það verði nú sem fyrr þannig, að hvað sem um Alþfl. er að segja að öðru leyti, muni hann enn sem fyrr reynast of lítill til þess, að Sjálfstfl. geti skýlt sér á bak við hann, og þess vegna muni menn glöggt sjá, hvað nú er að gerast.

Hv. þm. tók það mjög greinilega fram, að þessir tveir flokkar væru algerlega sammála um þessa meginstefnu í þjóðarbúskapnum, sem nú væri verið að innleiða, og var það

raunar ekki annað en það, sem menn vissu áður af því, sem fram hafði komið hér á hv. Alþingi, því að menn hafa ekki getað orðið varir við neinn mun á viðhorfi flokkanna til þess, sem verið er að gera.

Hv. þm. ræddi nokkuð um sumt af því, sem ég hafði tekið fram, en í raun og veru ekki þannig, að það gefi ástæðu til þess að vera að fara út í kappræður um það fram og aftur. Hann minntist á það, sem ég sagði um pólitíska fjárfestingu og um að almannafram-kvæmdir skuli sitja fyrir, og talaði einmitt um pólitíska spillingu í því sambandi, hv. þm. Við höfum nú heyrt þetta áður, að talað hafi verið um pólitíska spillingu í sambandi við það, sem þeir hafa kallað pólitíska fjárfestingu. En ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé pólitísk spilling að beita sér fyrir því, að Alþingi og ríkisstj. styðji almenning í land-inu með ýmiss konar löggjöf og afskiptum ríkisvaldsins til þess að koma á ýmsum fram-kvæmdum, sem mönnum riður mest á. Ég tel það t. d. ekki pólitíska spillingu að vinna að því, að ríkið stuðli að því, að vextir séu sem lægstir og lánskjör séu sem bezt, til þess að sem allra flestir geti komið sér upp bygg-ingum í þarfir framleiðslunnar og eignazt báta og framleiðslutæki. Ég tel það ekki heldur pólitíska spillingu að vinna að því, að menn geti átt kost á hlunnindalánum til þess að koma sér upp íbúðum. Og ég tel það ekki heldur pólitíska spillingu að veita atvinnu-aukningarfé. En hv. þm. talaði í þá átt, að það var varla hægt að misskilja það, að það væri ekki mikil eftirsjón að atvinnuaukningar-fénu, vegna þess að því hefðu stundum verið hlutdrægt úthlutað. Ég skal ekki fara að ræða hér um úthlutun atvinnuaukningarfjár-ins, en ég vil halda því fram, að aldrei hafi neinir tveir ráðherrar haft ráð á því að út-hluta atvinnuaukningarfénu, eins og hv. þm. tók fram. Í annan stað vil ég halda því fram, að þegar á heildina er litið, hafi atvinnu-aukningarféð komið að stórkostlegu gagni til margvíslegrar uppbyggingar í flestum sjávar-plássum landsins og menn muni eiga eftir að finna stórkostlega fyrir þeim samdrætti, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir nú, að því leyti. Og ég mótmæli því alveg, að það sé pólitísk spilling að taka nokkurn hluta af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar til þess að greiða fyrir uppbyggingu og öflun fram-leiðslutækja t. d. í þeim sjávarplássum, þar sem lítið fjármagn er fyrir.

En á hinn bóginn skil ég, að stefna núv. stjórnarflokka, — og þetta staðfestir það, — að kjarni hennar er fólginn í því, að öll svona afskipti eigi að hætta og það sem fyrst og eins hratt og þeir treysta sér að draga í land. Við það eru allar þeirra ráðstafanir á hv. Alþingi miðaðar. Í staðinn á svo það eitt að koma til greina, sem þeir vilja gera og telja sér hag í að gera, sem hafa peningana undir höndum eða lánstraust hjá bönkunum til þess að fá þaðan lán. Það er sú eina fjárfesting og þær einu framkvæmdir, sem eru ekki taldar óalandi og óferjandi af þeim flokk-um, sem nú standa að ríkisstj. Og þetta er meginkjarni þessarar nýju efnahagsmála-stefnu.

En sannleikurinn er sá, að þessar ráðstaf-anir allar, sem núv. ríkisstj. beitir sér fyrir og stjórnarflokkar, eru ekki fyrst og fremst miðaðar við það eitt að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það hefði ekki þurft nema lítið brot af því, sem gert hefur verið, til þess að jafna þann skakka, sem var í þjóðarbú-skapnum út á við eða inn á við, — ekki nema lítið brot af þessum ráðstöfunum. Það er verið að nota tækifærið, að það þurfti að gera eitt-hvað, til þess að gera stórfelldar ráðstafanir, sem eru ekki fyrst og fremst miðaðar við jafnvægi, heldur miðaðar við það að breyta algerlega þróun íslenzkra þjóðmála, breyta al-gerlega til um uppbyggingu þjóðfélagsins frá því, sem áður hefur verið. Og það þarf ekki að ræða þetta nema örstutta stund í hvert sinn við hv. stuðningsmenn stjórnarinnar eða ríkisstj., til þess að þeir staðfesti þetta í öll-um greinum, eins og glöggt kemur fram, þeg-ar farið er að ræða um hin opinberu afskipti, í hvaða formi sem þau hafa verið. Þá er ætíð talið fram, að þau hafi verið óheppileg, þeim hafi fylgt spilling og annað þvílíkt og þess vegna þurfi að hætta þeim og þetta verði allt að vega sig sjálft, eins og kallað er.

Hér er um grundvallarmun að ræða á lífs-skoðun og grundvallarstefnu. Framsfl. hef-ur ætíð verið þeirrar skoðunar, að það væri ekki heppilegt að byggja íslenzkt þjóðfélag algerlega upp eftir gróðasjónarmiðinu, og það hefur ekki heldur verið gert. Og það er að verulegu leyti fyrir áhrif frá Framsfl., að svo hefur ekki verið gert.

Það þarf ekki lengi að kynna sér, hvernig ástatt er í þessum efnum hér hjá okkur og svo á hinn bóginn annars staðar, í ýmsum löndum í kringum okkur, til þess að sjá það, að hér byggist atvinnurekstur t. d. og önnur þvílík starfsemi miklu minna á tiltölulega fáum stórauðugum einstaklingum og stór-auðugum auðfélögum en í öðrum löndum. Það er miklu meira um það hér en nokkurs staðar annars staðar, að almenningur hafi með hönd-um sjálfstæðan atvinnurekstur og sé óháður að því leyti. Og það er sennilega leitun að landi, þar sem jafnmargir t. d. eiga sínar eigin íbúðir eins og á sér stað hér. Annars staðar er það mjög tíðkað, að þessi stóru auðfélög, sem þurfa að ávaxta fjármagn sitt, og for-ríkir einstaklingar, sem þurfa að ávaxta fjár-magn sitt, eigi meginþorrann af þeim íbúð-um, sem fólkið býr í, og leigi þær út til þess að renta fé sitt. En hér er það lang-algengast, að menn eigi sínar eigin íbúðir.

Hvers vegna hefur þessi þróun orðið svona hér, allt öðruvísi en annars staðar? Að veru-legu leyti af því, að löggjöfin hefur verið höfð hér með allt öðru sniði.

Okkar þjóðfélag er byggt allt öðruvísi upp en þessi hákapítalistísku þjóðfélög, sem víða eru hér umhverfis okkur. Og Framsfl. er stolt-

ur af því að hafa átt meginþátt í því, að þessi háttur hefur verið á hafður. Auk þess er okkar búskapur að ýmsu leyti miklu meira byggður upp á frjálsum félagsskap almennings en á sér stað víðs vegar annars staðar, t. d. í samvinnufélögum, og mætti nefna um það ýmis dæmi. Og það er þá heldur engin tilviljun, að á sama tíma sem núverandi stjórnarsamsteypa ræðst með þessari líka litlu heift og brigzlum gegn fjölmörgum af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að styðja að þeirri þróun í atvinnulífinu, sem ég var að lýsa áðan, þá er einnig ráðizt af sams konar heift gegn þessum félögum almennings, sem hafa mjög þýðingarmikla þætti með höndum, bæði í atvinnurekstri og viðskiptum. Þetta eru árásirnar, sem fylgja á samvinnufélögin, sem eru þau öflugustu félög almennings, sem hafa þessi störf með höndum.

Hv. 5. þm. Reykv. vildi gera talsvert úr því, að með þessum ráðstöfunum væri verið að vinna að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og að við yrðum að sýna, að við værum liðtækir, Íslendingar yrðu að sýna, að þeir væru liðtækir til samvinnu í efnahagsmálum í hinum vestræna heimi. Mér dettur ekki í hug eitt einasta andartak, — og ég þekki þessi mál það vel, að ég get alveg sagt það af minni reynslu, — að það sé nokkurt skilyrði til að reynast liðtækur í efnahagsmálasamvinnu í hinum vestræna heimi að taka upp þá íhaldsstefnu, sem núv. ríkisstj. hefur gert með efnahagsmálalöggjöfinni og öðrum ráðstöfunum, sem þessu fylgja. Þetta er alger fjarstæða. Það er hægt að vera alveg fullgildur meðlimur í þessari samvinnu, þó að ekki sé breytt þjóðarbúskapnum í þá stefnu, sem nú er verið að gera, því að eins og ég hef margsinnis tekið fram, er hér ekki aðeins um ráðstafanir að ræða til þess að jafna þann skakka, sem var í okkar þjóðarbúskap út og inn á við, heldur eru hér einnig gerðar margvíslegar ráðstafanir til þess að gerbreyta um grundvallarstefnu og uppbyggingu þjóðfélagsins. Og ef einhverjar ráðleggingar hafa komið um slíkt einhvers staðar frá, þá var það náttúrlega skylda stjórnarvaldanna að hafa slíkar ráðleggingar að engu, vegna þess að það varðar engan um það, hvernig við búum í okkar húsi að þessu leyti.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hafa orðið miklar umr. um þetta frv., og er það að vonum. Þær hafa farið nokkuð víða og sjálfsagt ekki að tilefnislausu, en ég mun að mestu leyti halda mig við efni þessa frv. og ætla mér að víkja að því nokkrum orðum.

Ríkisstj. hefur oft haft um það mörg orð og stór, að það væri frelsið, fyrst og fremst frelsið, sem hún væri að gera hátt undir höfði og ætlaði að innleiða í efnahags- og viðskiptalífið með efnahagsmálaaðgerðum sínum. Og einkanlega mun það einmitt vera þetta frv., sem er hugsað til efnda á öllum frelsisfyrirheitunum. Það hefur a. m. k. aldrei verið sunginn annar eins frelsisóður hér í sölum Alþ., svo að ég minnist, eins og þegar hv. 6. landsk. (BK) var að mæla fyrir þessu frv. Má mikið vera, ef þeir, sem friða átti með öllu frelsisskrafinu, verða samt ekki fyrir vonbrigðum, þegar þessi mikla frelsisskrá ríkisstj. fer að koma til framkvæmda.

Mér kæmi það jafnvel ekki á óvart, að þegar til kastanna kæmi, hefði hæstv. ríkisstj. ekki einu sinni efni á að veita það viðskiptafrelsi til lengdar, sem hún þó gefur fyrirheit um í frv. Og þá gæti vel svo farið, að þeir, sem nú er ætlunin að reyna að gera ánægða með frelsishjalinu, yrðu fyrir því meiri vonbrigðum og kæmust, eins og flestir eru þegar komnir, yfir í raðir hinna óánægðu með alla stjórnarstefnuna. Og skyldi ég auðvitað ekki harma, þó að svo færi.

Ég les það út úr 1. gr. þessa frv., að innflutningur á vörum til landsins og gjaldeyrisgreiðslur til útlanda skuli vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða þá í reglugerð. Þannig eru fyllstu heimildir strax í 1. gr. frv. til þess að gera frelsisfyrirheitin í upphafsorðum frv. sjálfs að engu. Til hvers allar þessar heimildir til þess að ganga í berhögg við frelsið? Hvað út úr þessu kemur, hvort það verður verzlunarfrelsi eða haftabúskapur, líkt og verið hefur, get ég því alls ekki séð af frv., ekki einu sinni af 1. gr. þess, sem helzt fjallar þó um þær ráðstafanir, sem eigi að gera í frelsisátt. Ég er að þessu leyti nokkurn veginn sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Hann fékk ekki séð af frv., að stigin væru nein stórvægileg spor í frelsisátt í viðskiptalífinu með þessari lagasetningu. En hvort okkur missýnist báðum um þetta, úr því verður reynslan að skera.

Svo mikið er a. m. k. víst, að upphafsorð 2. gr. frv. og raunar sú grein öll fjallar um úthlutun leyfa og aftur úthlutun leyfa. Þar segir: „Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, skv. þeim reglum, sem ríkisstj. setur.“ Um þessar leyfisúthlutanir eiga bankarnir svo að gefa ríkisstj. skýrslur. Og skv. þessari sömu gr. er ríkisstj. auk þess heimilt að fela sérstökum trúnaðarmönnum sínum úthlutun tiltekinna leyfa. Um þessa sérstöku trúnaðarmenn segir í aths. við frv., að þeim muni fyrst og fremst verða falið að úthluta leyfum fyrir innflutningi á bílum. Þar virðist því eiga að koma sérstök stofnun, sem hafi það með höndum við hliðina á bönkunum að úthluta innflutningsleyfum fyrir bílum.

Þetta er allt frelsið. Af þessu get ég ekki skilið annað en það, að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fari ekki lengur fram uppi á Skólavörðustíg, heldur niðri í Landsbanka og Útvegsbanka, og það sé meginmunurinn frá því, sem nú er. Og svo koma enn fremur til þessir sérstöku trúnaðarmenn ríkisstj. og úthluta bílaleyfum, hvaða menn sem það

kunna nú að verða og hvar sem þeim kann svo að verða holað niður. Kannske það verði í einhverjum af bönkunum við Laugaveg?

3. gr. er sögð shlj. gildandi lagaákvæðum, og skal því ekki fjölyrt um hana.

Í aths. frv. segir líka um 4. gr., að efni hennar sé að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. En í henni segir þó, að allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eigi eða eignist fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skuldi seldur Landsbanka Íslands, seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem rétt hafi til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Um gjaldeyriseftirlit sé ég ekkert í frv. annað en það, sem segir í 6. gr., en þar stendur: „Landsbanki Íslands, seðlabankinn skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til er ætlazt."

Út af þessu langar mig til að spyrja hæstv. viðskmrh., ef hann mætti heyra mál sitt: Verður ekkert hert á gjaldeyriseftirlitinu? Verður frelsi manna og fyrirtækja til að stela undan gjaldeyri, fara fram hjá gjaldeyrisbönkunum í stórum stíl og verja gjaldeyrinum til allt annars en til var ætlazt, eins og mér virðist hafa átt sér stað að undanförnu, og hvert stórgjaldeyrissvikamálið á fætur öðru virðist sanna, að átt hafi sér stað? Eða verður gjaldeyriseftirlitið e. t. v. endurskipulagt og gert öruggara, og ef svo er, með hvaða hætti verður það þá gert?

Þetta eru forvitnisspurningar. Mig langar til þess að fá að vita um þetta, hvort eitthvað er afráðið um það að lappa örlítið upp á gjaldeyriseftirlitið í landinu. En það fyndist mér ekki óeðlilegt að gert væri í sambandi við slíka endurskipulagningu á viðskiptamálunum sem hér er sögð fyrirhuguð. Ég tel, að það væri hin fyllsta þörf á því. En máske er ekki hægt að ætlast til þess, að slík og þvílík frelsisskrá eigi að takmarka frelsi gjaldeyrissvikaranna.

II. kafli frv. er allur um eintóm höft í útflutningsverzluninni. Ríkisstj. er þar heimilað að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu stjórnarleyfi. Það er hægt að binda útflutningsleyfi sérhverjum skilyrðum, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að setja. Aðalbreyt. þessa kafla er sögð sú, að útflutningsnefnd sjávarafurða verði lögð niður og verði rn. falið verkefni hennar. Hér er m. ö. o. enn á ný aðeins um tilfærslu að ræða á úrlausn verkefna, en enginn er kominn til með að segja, að af breyt. leiði greiðari og betri þjónustu né heldur minni tilkostnað. Mætti heldur segja mér, að útkoman yrði hin gagnstæða, því að það mun flestra manna mál, að á skrifstofu útflutningssjóðs hafi verið vel unnið og afkastað ótrúlega miklu starfi með mjög fámennu starfsliði. En þessa stofnun á nú alveg sérstaklega að leggja niður, en afgreiða hennar mál í ráðuneytinu.

Það mun vera túlkað af stjórnarsinnum sem skref í frelsisáttina, að nú þurfi ekki lengur að sækja um fjárfestingarleyfi. En þó munu þeir óefað verða nokkuð margir, sem telja verðhækkanir á aðalbyggingarvörum, eins og sementi, timbri og járni, vaxtaokrið og lánahömlur vera öllu illvígara stöðvunarafl við að fást heldur en jafnvel fjárfestingaryfirvöldin hafa verið. Frelsið til að byggja er nú orðið einkaréttur til handa þeim, sem hafa fullar hendur fjár, enda er öll stjórnarstefnan í hvívetna — þessu frv. sem öðru — miðuð við peningamennina í landinu. Einstaklingsframtak alls fjöldans, hinna efnaminni, verður hins vegar höftum reyrt og fjötrum flækt á allan hátt. Slíku einstaklingsframtaki þarf ekki að viðhalda, það þarf ekki að efla, það má fara fjárans til! Það er einstaklingsframtak máttarstólpanna í þjóðfélaginu, hinna fáu og stóru, sem þarf að efla, og það eitt er eflt með þessari stjórnarstefnu. Í þessu er fólgin sú haftapólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gert að sínu leiðarljósi og lokatakmarki — í reyndinni a. m. k., þó að frelsið sé haft að yfirvarpi og sífellt á vörunum.

En þrátt fyrir stórfelldan samdrátt í allri mannvirkjagerð verður ekki séð, að ætlunin sé að draga neitt úr skriffinnskunni. Framkvæmdabankinn á að semja viðtækar skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstj. til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Einnig skulu allar byggingarnefndir og allir hreppsnefndaroddvitar auka stórlega skýrslugerðir sínar um byggingamál.

Í aths. með frv. segir svo: „Að því er snertir gjaldeyrisgreiðslur fyrir annað en innflutning munu þær enn um sinn háðar leyfum að verulegu leyti. Ætlunin er hins vegar sú að setja um þær leyfisveitingar fastar reglur," Og enn fremur segir: „Þessi breyt. gerir það að verkum, að hægt er að koma úthlutun leyfa fyrir á einfaldari og ódýrari hátt en verið hefur." Ég endurtek: Einfaldari og ódýrari hátt en verið hefur! Í þessu felst mikið fyrirheit. Þ. e. a. s. með því að flytja framkvæmdirnar ofan af Skólavörðustíg og niður í Austurstræti, í bankana, verður framkvæmdin miklu einfaldari og stórkostlega miklu ódýrari.

En hvað segir svo um skattheimtu af viðskiptunum vegna þessarar þjónustu nú og framvegis? Verður skattheimtan ekki lækkuð, vegna þess að framkvæmdin verði nú einfaldari og ódýrari en áður? Nei, því miður sést það ekki á frv. og ekki heldur af skýringunum, sem fylgja því, því að í 10. gr. frv. segir svo: „Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfin hljóða um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstj., ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlit." Í skýringum með frv. segir hins vegar þetta: „Innflutningsskrifstofan hefur innheimt 1% af

leyfisfjárhæð hverri, og hefur því gjaldi verið varið til þess að greiða kostnað af starfsemi skrifstofunnar og verðlagseftirlitsins.“

Hér er ekkert um að villast. Nú á að innheimta sama hundraðsgjald og áður, þ. e. miklu hærra að krónutölu. En framkvæmdin á að verða miklu einfaldari og ódýrari en áður — mikil ósköp! Gjaldið á nú að standa straum af kostnaði bankanna og verðlagseftirlitsins, áður innflutningsskrifstofunnar og verðlagseftirlitsins — 1% í báðum tilfellum. — Og hver er svo sparnaðurinn?

Í sjálfu frv. er ekki miklu meira efni en þetta, sem ég hef nú skýrt frá. En lokaákvæði þessa frv. eru nokkuð óvenjuleg. Þar segir: „Gert er ráð fyrir, að lögin taki gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem 1. gr. getur um, verður gefin út.“ Lögin taka gildi á þeim degi, sem reglugerðin verður gefin út! Á þeim degi mundi innflutningsskrifstofan og útflutningsnefnd sjávarafurða hætta störfum og hin nýja skipan koma til framkvæmda, — ekki þegar lögin verða afgreidd og staðfest, en þegar sjálf reglugerðin verður gefin út. Þá tekur hið nýja kerfi til starfa! Reglugerðin er sýnilega aðalatriðið, ekki lagasetningin. Sennilega er þm. ekki ætlað að fá að kynnast nema undan og ofan af því, sem til stendur, með lögunum sjálfum. Menn fá ekki heildarmyndina af því, hvað hér á að gerast í viðskiptamálum, fyrr en reglugerðin er komin, og það gerist sennilega ekki fyrr en þing hefur verið sent heim. Já, „lögin skulu taka gildi á þeim degi, þegar reglugerðin verður gefin út.“ — Ég man ekki eftir, að ég hafi nokkurn tíma séð svona ákvæði um gildistöku laga fyrr.

Þó að frelsishjalið hafi verið mest áberandi í sambandi við þetta frv., hefur sparnaðartal í sambandi við það líka verið nokkuð áberandi. Jeppanefndin verður lögð niður, innflutningsskrifstofan verður lögð niður og útflutningsnefnd sjávarafurða verður lögð niður, — þarna eru 3 stofnanir. Mikil hreinsun, mikil fækkun á starfsliði, mikill léttir á ríkinu á húsaleigukostnaði sjálfsagt? Eða slíkt er a. m. k. gefið í skyn með öllum þessum stofnunum, sem eigi að leggja niður.

Af þessu tilefni langar mig í öllu sakleysi að spyrja: Hefur húsnæði innflutningsskrifstofunnar við Skólavörðustíg verið sagt upp, og er ætlunin að sleppa því úr notkun ríkisins? Eða er hitt rétt, að efnahagsmálaráðuneyti Jónasar Haralz eigi að breiða dálítið úr sér, skapa sér dálítið meira olnbogarúm, taka við húsnæðinu, eða leggja undir sig efstu hæðina í Arnarhvoli og að aðrar ríkisskrifstofur, svo sem landlæknisskrifstofa, biskupsskrifstofa og einhverjar fleiri, eigi að flytja þaðan og upp á Skólavörðustíg í það húsnæði, sem innflutningsskrifstofan hefur nú haft, og húsnæðið verði þannig áfram í þjónustu ríkisins? Ef svo væri — það siðara, þá sé ég ekki sparnaðinn í sambandi við það.

En það getur verið, að þarna eigi að minnka skriffinnskubáknið stórlega og fækka fólki í opinberri þjónustu við að færa þessa starfsemi niður í Austurstræti. Af því tilefni vil ég þá spyrja: Hefur öllu starfsfólki innflutningsskrifstofunnar verið sagt upp, og er þannig ætlunin að spara laun, sem nema kannske launum 30—40 manna? Eða er hitt réttara, sem sagt er, að fólkið af Skólavörðustígnum eigi að flytjast með verkefnum innflutningsskrifstofunnar ofan í bankana? Er þetta mál orðið afgert, þannig að hægt sé að greina frá þeim sparnaði, sem af þessu verði? Eða hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja e. t. v. mælt með því nú þegar, að fólkinu verði kastað út á kaldan klaka öllu saman? Annað hvort er sjálfsagt staðreyndin.

Annars skiptir það meginmáli um þetta frv. ríkisstj., að það er liður í efnahagsmálaaðgerðum hennar. Auðvitað er því ætlað að þjóna sömu hagsmunum og öll hin efnahagsmálafrv. hafa stefnt að, nefnilega auðgun hinna auðugu, en jafnframt sé stefnt að kjaraskerðingu og atvinnusamdrætti, sem harkalegast bitnar á launastéttunum og á bændastéttinni ekki hvað síst. Öll þessi frv. ber því að dæma eftir þeim þjóðfélagsverkunum, sem nú þegar er sýnt að þau hafa.

Ég held, að það væri t. d. ekkert úr vegi, til þess að mynda sér skoðun um þær þjóðfélagsverkanir, sem efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj. hafa þegar haft, að maður spyrði t. d. útgerðarmennina, hvernig þeir standi nú fjárhagslega eftir aðgerðirnar, hvernig útlitið sé hjá þeim í næstu framtíð eftir lækninguna. Og það mætti sjálfsagt vonast til að heyra í þeim léttan tón og fá jákvæð svör: nú sé gaman að lifa, — því að lengi var látið í veðri vaka, að fyrir útgerðina og velgengni hennar væru þessar aðgerðir aðallega gerðar.

Hvernig ætli sé nú hljóðið í þeim, útgerðarmönnunum? Vægast sagt ekki gott, ekki mikið um bjartsýni. Það er síður en svo, að þeir nuddi saman lófunum ánægðir, nú sé allt í himnalagi hjá þeim, nú sé ekki uppbótakerfið að þjá þá og þjaka lengur, nú sé þeim borgið og þeir séu komnir í góða höfn. — Nei, sannleikurinn er sá, að hvaða útgerðarmann sem maður spyr, þá segjast þeir nú eiga í miklum þrengingum við fyrstu vertíðarlokin eftir aðgerðirnar, eftir lækninguna, og að þeir sjái ekki enn þá, hvernig þeim ásamt bönkunum takist að komast fram úr þessu.

Það væri kannske ráðlegt að spyrja bændurna, hvernig þeim lítist á blikuna, nú sé búið að tryggja þeirra lífsafkomumöguleika og fólksins í sveitunum. Það, sem ég hef getað heyrt austan af landi, norðan úr landi, af Suðurlandsundirlendinu, virðist mér alls staðar kveða við það sama, nefnilega þetta, að þar sem bændurnir hafa komið saman til mannfunda og rætt um efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj., þá hafi niðurstaðan verið ein og hin sama í öllum landshlutum hjá bændastéttinni, að nú sé búið að þjarma svo að bændum, að þeir séu ekki þess megnugir að kaupa tilbúinn áburð á túnin nú í vor, þeir sjái ekki fram á, að þeir geti keypt fóðurbæti undir haustið, þeir geti ekki séð fram á, að þeir

geti keypt neinar vinnuvélar, þeir sjái ekki fram á annað en að fleiri eða færri bændur flosni upp og verði að flytjast frá búum sínum. Í dag segir hér í einu dagblaðanna frá fundarhöldum hjá sunnlenzkum bændum: „Sunnlenzkir bændur mótmæla einróma vaxtahækkun á landbúnaðarlánum og skora á Alþ. að undanþiggja samvinnufélög bænda veltuútsvari.“ Önnur frétt um annan fund í sama blaði er um fund bænda hér á Suðurlandsundirlendinu, og þar er líka verið að barma sér undan þungum búsifjum, sem bændastéttin verði fyrir af efnahagsmálaaðgerðum hæstv. ríkisstj. Fyrir skömmu frétti ég af fundi norður í Þingeyjarsýslu, þar sem einn af þm. stjórnarliðsins var staddur, og voru þar gerðar svæsnar samþykktir gegn stjórnarstefnunni, — ekkert mótatkvæði, ekki einu sinni þm. úr stjórnarliðinu, svo algerlega var vörnin gefin upp, þegar bændur voru einróma að tæta í sundur öll rök, sem færð hafa verið fram fyrir þessari stjórnarstefnu. Svona koma þessar aðgerðir við bændastéttina.

En hæstv. ríkisstj. veit ekki neitt um þetta. Hún er borubrött og pattaraleg og ber sig vel, þylur hér talnadálka um það, hvað allt hafi nú snúizt af ógæfuhliðinni til gæfusamlegrar þróunar, og er hin ánægðasta með allt saman — allt úthaldið.

En eru það nokkrir fleiri en útgerðarmenn og bændur, sem bera sig illa undan afleiðingum stjórnarstefnunnar, eins og hún birtist núna strax á byrjunarstiginu? Spyrjum t. d. fólkið, sem hefur lífsframfæri sitt af iðju og iðnaði hér í Reykjavík. Jú, það liggja fyrir svör um afstöðu þessa fólks. Ég skal aðeins grípa niður á þeim stöðum, þar sem ég ætti sízt að vera sakaður um, að ég væri að flytja hlutdræg svör, sem væri ekkert að marka. Það er ekkert langt síðan, það var núna í aprílokin, að stéttarfélag þess fólks, sem vinnur við hvers konar iðju og iðnstarfsemi í Reykjavík, það var félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðja, sem var að halda aðalfund sinn, og það var 19. apríl, núna fyrir örskömmu. Það er vitað, að þetta er þriðja stærsta stéttarfélagið í Alþýðusambandi Íslands og er undir stjórn íhaldsmanna og Alþýðuflokksmanna, ekki stjórnarandstæðinga. Þau eru náttúrlega öll vitlaus, þau félög, sem eru undir stjórn andstæðinga stjórnarinnar, en hér er um krosstré að ræða, en ekki venjulega spýtu, sannkallað krosstré ríkisstjórnarinnar. Á þessum aðalfundi var gerð samþykkt um efnahagsmálaaðgerðirnar, og sú samþykkt var, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Aðalfundur Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, felur fulltrúa sínum í 1. mainefnd fulltrúaráðsins og verkalýðsfélaganna að vinna að því eftir megni innan nefndarinnar, að 1. maí í ár verði fyrst og fremst helgaður baráttunni gegn árásum ríkisvaldsins á lífskjör almennings.“

Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, gaf sem sé fulltrúa sínum í 1. mainefnd verkalýðsfélaganna í Reykjavík þetta veganesti, að stuðla að því, að 1. maí yrði fyrst og fremst helgaður baráttunni gegn árásum ríkisvaldsins á lífskjör almennings. Það er ekkert um að efast, þó að till. sé orðfá, þá býr því fólki, sem stendur að baki svona till., allmikið niðri fyrir og telur sig ekki vera í neinum vafa um það, hvers konar björg í bú stjórnaraðgerðirnar færi því.

Ég skal nú þessu næst minna á, hvernig hljóðið er í einni þeirri iðnaðarstétt innan verkalýðssamtakanna, sem einna bezt lífskjör hefur haft, vegna þess að hún hefur átt kost á að vinna myrkranna á milli og stundum meira en það, leggja á sig mikið strit, stundum ofurmannlegt erfiði. Það eru múrarar í Reykjavík. Ekki verður heldur sagt, að félagsskapur þeirra sé undir yfirráðum kommúnista eða kommúnistískra framsóknarmanna, eins og stundum er talað um. Nei, nei, formaður félagsins er góður og gildur íhaldsmaður, að því er ég bezt veit, studdur af Alþfl., á hans pólitíska mannorði er þannig hvorki blettur né hrukka, — maður úr liðssveitum stjórnarinnar. En á fundi í Múrarafélagi Reykjavíkur 26. apríl, nú rétt fyrir mánaðamótin seinustu, var samþykkt eftirfarandi till., einnig gegn efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj. Till. var, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Fundur í Múrarafélagi Reykjavíkur 26. apríl mótmælir efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., að því leyti sem þær rýra kjör launþega. Fundurinn telur, að ráðstafanir þessar muni leiða til samdráttar í byggingariðnaði og jafnvel stöðvunar, og telur óhjákvæmilegt að mótmæla þeim kröftuglega.“

Það lá síður en svo við borð, að þessi till. væri rétt marin í gegn, hún fékk 46 atkvæði á fundinum, en mótatkvæði voru 25. Nærri tvöfalt atkvæðamagn var með þessari till., þeir helmingi færri, sem vildu þjóna ríkisstj. gegnum þykkt og þunnt, þrátt fyrir útlitið í þeirra eigin atvinnugrein. Niðurstaðan er, að stjórnarstefnan leiði til samdráttar í byggingariðnaði og jafnvel stöðvunar, og þeir telja óhjákvæmilegt að mótmæla þeim aðgerðum kröftuglega. Þetta er sú rödd, sem við höfum heyrt frá Múrarafélagi Reykjavíkur aðeins fyrir rúmri viku.

Spyrjum þessu næst opinbera starfsmenn, hvað þeir hafi að segja um sjálfa stjórnarstefnuna. Um hana hafa þeir að vísu ekki gert samþykkt, svo að ég viti, í öðru formi en því, að formaður bandalags þeirra, þ. e. landssamtaka þeirra, sem rétti hér upp hönd með stjórnarstefnunni, hefur verið víttur í sínu eigin stéttarfélagi fyrir að hafa veitt stefnunni brautargengi. Það eitt segir nú ekki heldur svo lítið um afstöðu þessa fólks, enda er sannleikurinn sá, að opinberir starfsmenn, sem búa við lögbundið kaup í slíku dýrtíðarflóði, sem aðgerðir ríkisstj. hafa velt yfir þjóðina, eru ekki þar vel settir, hafandi hvorki samningsrétt né verkfallsrétt að grípa til sér til varnar. Ég held, að þetta eitt nægi. Vítur nar á formann Bandalags starfsmanna ríkis

og bæja í samþykktarformi í hans eigin stéttarfélagi gefa okkur alveg skýra hugmynd um það, hver sé afstaða opinberra starfsmanna til aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ég held líka, að sama afstaða hafi komið í ljós 1. maí í Reykjavík, eftir að Morgunblaðið, voldugasta málgagn stjórnarstefnunnar, vel stutt af aðstoðarmálgagni hennar, Alþýðublaðinu, hafði lýst því yfir, að yfirgnæfandi meiri hluti verkalýðssamtakanna hér í Reykjavík stæði ekki að fundinum á Lækjartorgi og ekki að kröfugöngu dagsins. En svarið var: Aldrei meira fjölmenni í kröfugöngunni í Reykjavík, aldrei meira fjölmenni á útifundi á Lækjartorgi, og meginkröfurnar voru andmæli gegn þeirri kjaraskerðingu, sem launafólkið í landinu hefur orðið fyrir, ásamt kröfunum um að hvika hvergi í landhelgismálinu. Um þetta fylkti fólkið sér, þrátt fyrir það, þótt símahringingar um allan bæ ættu sér stað til þess að biðja fólk um að sitja nú inni, fara ekki út á göturnar þennan dag, og málgögn eins og Morgunblaðið og Alþýðublaðið vöruðu fólkið við að taka þátt í hátíðahöldum dagsins, því að yfirgnæfandi meiri hluti verkalýðssamtakanna í Reykjavík kæmi þarna ekki nærri. Þetta er algerlega afdráttarlaust og skýrt svar.

En það mætti kannske stilla spurningunni eins almennt og unnt er og spyrja: Hvernig er að lifa í landinu í dag? Hvernig verður að lifa í landinu á morgun? Og ég er alveg viss um, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sagði: Útlitið er dökkt, það er dökkt í álinn. Stjórnarstefnan er búin að sýna okkur svo mikið, að okkur sýnist síður en svo bjart fram undan.

Nei, það ber allt að einum og sama brunni. Sjálfstfl. hefur með aðstoð Alþfl. komið hér í framkvæmd harðsvíraðri íhaldsstefnu, afturhaldsstefnu, og í gær lýsti hæstv. forseti þessarar deildar því yfir, að þetta væri fyrst og fremst stefna Sjálfstfl., draumur hans um mörg ár að koma slíkri stefnu í framkvæmd. En nú hefði hann fengið betri aðstöðu til að koma henni í framkvæmd en hann hefði jafnvel haft, ef hann hefði staðið einn að því, þó að hann hefði haft hreinan meiri hluta í landinu.

Af því, sem ég hef nú sagt, en í ræðu minni hef ég leitazt við að lýsa afleiðingum þessarar stjórnarstefnu og þar með því frv., sem hér er til umr., — þá vil ég vona, að mönnum sé ljóst, að niðurstaða mín er sú, að hér sé um háskastefnu að ræða, og þar sem þetta frv. er einn liður í þeirri stefnu, þá beri auðvitað að fella það.

Það er alkunugt úr dýrafræðinni, hvernig strúturinn er sagður haga sér, þegar hann telji hættu bera að höndum. Hann hyggst afstýra hættunum einungis með því að stinga hausnum niður í sandinn og sjá þannig ekki hætturnar. Ég held ég ljúki máli mínu með því að spyrja: Getur það verið, að hinir sjö hæstv. ráðh. hagi sér allir eins og strúturinn, sjái enga hættu færast að þjóðinni við framkvæmd stefnu sinnar, heldur séu þeir hinir öruggustu og ánægðustu, en til þess að vera þó alveg vissir um að sjá ekki það, sem allir aðrir sjá, og heyra ekki það, sem allir aðrir heyra, stingi þeir allir sjö hausnum djúpt í sandinn?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að svara fsp., sem hv. 4. landsk. þm. (HV) beindi til mín í máli sínu áðan. Hann spurði, hvort uppi væru nokkrar ráðagerðir um það að auka og bæta gjaldeyriseftirlitið, þegar sú nýskipun í gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, kemst á. Þessu svara ég játandi. Það eru uppi ráðagerðir um að auka og bæta gjaldeyriseftirlitið mjög verulega frá því, sem verið hefur. Því hefur ekki verið sinnt nægilega. Það skipulag, sem á því hefur verið, þarfnast endurbóta, og um þetta atriði hafa einmitt farið fram viðræður milli viðskmrn. og Seðlabankans, sem lögum samkvæmt fer með gjaldeyriseftirlitið.

Þá spurði hv. þm., hvað yrði um það húsnæði á Skólavörðustíg 12, sem innflutningsskrifstofan hefur haft til umráða, hvort nokkuð væri til í þeim sögusögnum, að efnahagsmálaráðuneytið mundi flytja þangað, þegar innflutningsskrifstofan hefði verið lögð niður, eða kannske hvort aðrar opinberar skrifstofur, — ég held, að hann hafi nefnt skrifstofu biskups eða landlæknis, — mundu kannske flytjast í þetta húsnæði. Allar þessar sögusagnir eru algerlega úr lausu lofti gripnar. Þegar innflutningsskrifstofan verður lögð niður og búið er að ganga þar frá öllum málum eins og nauðsynlegt er, þegar stofnunin hættir störfum, þá verður þetta húsnæði yfirgefið fyrir fullt og allt af ríkinu. Engin ríkisstofnun mun flytja inn í það aftur, húsnæðinu verður sagt upp, ríkið á það ekki, það hefur leigt það, og hvað sá húseigandi, sem þar er um að ræða, gerir við það, verður ríkinu að sjálfsögðu algerlega óviðkomandi mál.

Og þriðja spurningin var svo um það, hvaða ráðagerðir væru uppi varðandi það starfsfólk, sem unnið hefur á vegum innflutningsskrifstofunnar. Það mál hefur verið athugað rækilega nú undanfarnar vikur. Það er eðlilegt, að ríkisvaldið telji sig hafa skyldur gagnvart því starfsfólki, sem hefur unnið hjá hinu opinbera langan starfsaldur, sumir starfsmanna þarna hafa milli þriggja og fjögurra áratuga starf að baki í þágu ríkisins. Það er eðlilegt og við það hefur verið miðað að gefa því fólki kost á öðrum störfum sem sambærilegustum hjá ríkinu, þegar innflutningsskrifstofan verður lögð niður. Það er augljóst mál, að bankarnir munu þurfa á eitthvað auknu starfsliði að halda í sambandi við þær nýju skyldur, sem þeir takast á hendur í framhaldi af þessari endurskipulagningu, en það er líka augljóst mál, að bankarnir telja sig ekki þurfa á að halda neitt nálægt því jafnhárri tölu starfsfólks og starfað hefur í innflutningsskrifstofunni. Ég geri ráð fyrir því,

að eitthvað af fólkinu, sem á Skólavörðustígnum hefur starfað, muni fá í bönkunum svipuð störf og það nú hefur eða sambærileg störf og það hefur gegnt. E. t. v. mun enn annað fara til annarra ríkisstofnana, án þess þó að sé um að ræða fjölgun á starfsfólki þar, heldur sem liður í venjulegum tilflutningi á starfsmönnum. Heildarniðurstaðan mun samt sem áður verða sú, að allmörg störf munu beinlínis leggjast niður. Samkvæmt ákvæðum í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur ríkið ekki neina bótaskyldu gagnvart starfsmönnum, ef starf er hreinlega lagt niður, aðra en þá að greiða starfsmanninum eftirlaun samkvæmt ákvæðum laga eða samningum, og það mun að sjálfsögðu verða gert.

Það er því ekki um það að ræða, eins og hv. þm. lét liggja orð að, að hér mundi gömlum starfsmönnum með langan starfsaldur að baki verða kastað út á gaddinn. Þvert á móti telur ríkisstj. það vera sjálfsagða skyldu sína að greiða fyrir því, að þeir, sem lengi hafa starfað í þágu hins opinbera, geti fengið sambærileg störf og með svipuðum launakjörum. Að því er snertir hina, sem hafa ekki starfað nema nokkur ár, munu gilda venjuleg uppsagnarákvæði samkvæmt þeim samningum, sem þeir starfa eftir, og lögunum um opinbera starfsmenn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær almennu umr., sem hafa farið fram við þessa umr. um frv. Ég hef gert það áður og sé ekki ástæðu til þess að rekja það neitt nánar, sem ég hef áður um þetta sagt.

En það, sem ég vildi minnast á að þessu sinni, eru tvær brtt., sem ég hef lagt fram við þessa umr. Fyrri brtt. er í raun og veru ekki nema formsatriði, sem fjallar um það að fella ákvæði til bráðabirgða niður úr frv. Ég legg ekki neitt sérstakt kapp á það, að sú till. komi til atkv., heldur vildi aðeins með flutningi till. láta þá skoðun í ljós, að ég teldi, að það væri óþarft að láta þetta bráðabirgðaákvæði fylgja lögunum, vegna þess að það er vitanlega sjálfsagt, að þau leyfi, sem gefin eru út skv. gildandi lögum, haldi gildi sínu, þó að lögunum verði breytt, alveg eins og dómar, sem kveðnir eru upp skv. gildandi lögum, halda gildi sínu, þó að lögunum verði svo breytt síðar, eftir að þeir eru felldir. Af þessum ástæðum tel ég þetta bráðabirgðaákvæði vera óþarft og hef lagt þessa till. fram. En það er ekki vegna þess, að ég sé því mótfallinn í sjálfu sér. Og ef það virðist ríkjandi skoðun manna hér, að það sé öryggi fyrir leyfishafana, að slíkt bráðabirgðaákvæði sé í frv., þá mun ég ekki leggja neina sérstaka áherzlu á, að þessi till. komi til atkv., og mun því á síðara stigi draga hana til baka. Þarf svo ekki frekari orðum um það að fara.

Ég ætla þá að víkja að þeirri till., sem ég tel miklu meira máli skipta. Hún er um það að fella niður 10. gr., sem ákveður leyfisgjaldið. Ég álít eftir nánari athugun þessara mála, að það sé alveg óhætt og vel fært að fella þetta gjald niður, og skal færa nokkur rök að því.

Nú er þessu þannig háttað, að bankarnir leggja á sérstaka þóknun vegna yfirfærslu á gjaldeyri, og ég held, að það sé ½% á gjaldeyri, sem fer til vöruskiptalandanna, ⅝% á gjaldeyri, sem fer til sterlingspundasvæðisins, og ⅝% á gjaldeyri, sem fer til dollarasvæðisins. Nú er það að athuga, að þessi þóknun hefur verið miðuð við gömlu gengisskráninguna, en verður hér eftir miðuð við hina nýju gengisskráningu. Þetta þýðir það, að sá grundvöllur, sem þessi þóknun er miðuð við, eða sú velta, sem hún er miðuð við, hækkar raunverulega um 130% og bankarnir fá þarna þess vegna mjög verulega auknar tekjur og það svo mikið auknar tekjur, að þær ættu að geta nægt á móti þeim kostnaði, sem verður við þá starfrækslu, sem þeir taka að sér og innflutningsskrifstofan hefur áður haft með höndum. Hins vegar er óþarft í þessum lögum að vera að afla sérstakra tekna vegna verðlagseftirlitsins, vegna þess að síðar skilst mér, að verði lagt fram frv. um fyrirkomulag þess, og það er eðlilegt, að tekjuöflun vegna þess verði í því frv., en ekki þessu.

Hins vegar er það svo með þetta leyfisgjald, sem er áætlað í frv., að það verður í raun og veru miklu hærra en það leyfisgjald, sem nú er í gildi. Á seinasta ári námu leyfisgjöldin í kringum 8 millj. kr. Ég hef fengið kunnuga menn til að athuga fyrir mig, hvað leyfisgjöldin mundu verða há samkv. þessu frv., þegar búið er að taka til greina þær breyt., sem verða á frílistum. Niðurstaða þeirra er sú, að heildarupphæð leyfisgjalda, ef ákvæði þessa frv. yrðu notuð til fulls, verði ekki undir 16 millj. kr. Þessi hækkun liggur í því, að bæði í fyrra og eins núna er miðað við gengisskráninguna, en gengið hefur við gengisbreyt. hækkað um 130%, eða m. ö. o. sá grundvöllur, sem leyfisgjaldið er miðað við, hefur hækkað um 130%. Þess vegna má segja þetta m. ö. o. þannig, að leyfisgjald, sem nemur 1% á leyfi í ár, svarar til 2% á s. l. ári. Þess vegna gefur þetta 1%, sem er áætlað núna, í kringum 16 millj. kr. tekjur, í staðinn fyrir það, að það gaf ekki nema 8 millj. kr. í fyrra.

Nú mun mega reikna með því, ef maður miðar við þann kostnað, sem hefur orðið hjá innflutningsskrifstofunni, að sú starfræksla, sem bankarnir taka að sér og innflutningsskrifstofan hefur áður haft með höndum, muni kosta um 2 millj. kr. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að bankarnir fái helminginn af þeim tekjum, sem koma inn fyrir leyfisgjaldið, eða 8 millj. kr., ef heimildin, sem felst í frv., er notuð til fulls. Þetta þýðir það, að bankarnir eiga að fá fyrir þessa þjónustu um fjórfalda þá upphæð, sem innflutningsskrifstofan notaði til hennar á síðasta ári. Það sjá allir, að slíkt nær ekki nokkurri átt, og það hrekur það náttúrlega fullkomlega, sem hér hefur verið haldið fram af stjórnarliðum, að það muni hljótast sérstakur sparnaður af þessu

fyrirkomulagi, þar sem gert er ráð fyrir því, að bankarnir fái nú fjórfalda þá upphæð til að annast þessa starfsemi, sem innflutningsskrifstofan þurfti á að halda áður. En það mun láta nærri, að sá kostnaður, sem innflutningsskrifstofan hafði af þeim verkefnum, sem bönkunum er nú ætlað að taka að sér, hafi verið eitthvað rúmlega 2 millj. kr. En eftir frv. geta bankarnir fengið 8 millj. kr. til þess að mæta þessum kostnaði.

Þetta, sem ég hef nú nefnt, sýnir, að það er ekki aðeins óþarft að hækka þetta gjald eins mikið og raunverulega er stefnt að í þessu frv., heldur á að vera hægt að losna við það, því að þær auknu tekjur, sem bankarnir fá af sínu yfirfærslugjaldi nú vegna gengisbreytingarinnar eða vegna þess, að grundvöllur þess hækkar um 130%, ættu alveg að nægja til þess að standa undir þeim aukna kostnaði, sem þeir kunna að hafa af því að taka umrædda þjónustu að sér.

Af því, sem ég hef nú rakið, hef ég lagt það til, að 10. gr. verði alveg felld niður, leyfisgjaldið verði alveg fellt niður og almenningi sparaðar með því 16 millj. kr., sem á að vera fullkomlega auðvelt, eins og ég hef bent hér á.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Tölur þær, sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni áðan um það, hversu miklar tekjur mundu hljótast af innheimtu leyfisgjalda samkv. 10. gr., voru allar að því leyti á misskilningi byggðar, að hann gerir þar ráð fyrir því, að heimild 10. gr. verði notuð út í æsar. En það er sá munur á ákvæðum 10. gr. frv., sem hér liggur fyrir, og ákvæðum gildandi laga, að í gildandi lögum er skylt að innheimta 1% leyfisgjald af öllum veittum leyfum. Samkv. 10. gr. þessa frv. er um að ræða heimild til að innheimta allt að 1% leyfisgjald af leyfisfjárhæð, og ég vil taka það skýrt fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að það er ekki ætlun ríkisstj. að nota þessa heimild nema að því marki, sem nauðsynlegt er til þess að standast straum af kostnaði við verðlagseftirlitið og til þess að greiða bönkunum nokkra þóknun fyrir það starf, sem þeir taka að sér samkv. lögunum, svo að þær háu tölur, sem hann nefndi um þetta efni, eru á algerum misskilningi byggðar. Það hefur verið um það rætt að taka engin leyfisgjöld af leyfum til innflutnings frá vöruskiptalöndunum til þess að íþyngja ekki þeim viðskiptum miðað við vöruinnflutning landsins samkv. hinum almenna frílista, og þegar af þeirri ástæðu fellur niður innheimta leyfisgjalda af miklum innflutningi, miðað við það, sem nú á sér stað.

Ég vildi aðeins láta þetta koma skýrt fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning um þetta í framtíðinni, að heimildirnar samkv. 10. gr. munu aðeins verða notaðar eins og nauðsynlegt er til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnað við verðlagseftirlitið og til þess að greiða bönkunum þá upphæð, sem um semst við þá, að þeir skuli fá fyrir störf sín samkv. lögunum. En ég fullyrði, að það muni ekki verða nema brot af þeirri upphæð, sem innflutningsskrifstofan hefur kostað undanfarin ár.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nú eru í gildi lög nr. 88 frá 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, en ráð er fyrir því gert, að þau falli úr gildi, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. Í þessum lögum frá 1953 er ákvæði um það, að tveir bankar hér á landi, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands, hafi einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, og í þeim lögum er einnig ákveðin skipting á keyptum gjaldeyri milli þessara tveggja banka, þannig að Landsbankinn á að fá 2/3 gjaldeyrisins, en Útvegsbankinn 1/3. Þó segir í lögunum, að þessu hlutfalli geti ríkisstj. breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

Þannig eru ákvæðin, sem nú gilda um gjaldeyrisverzlunina og hafa verið framkvæmd að undanförnu. Í þessu frv. er hins vegar ekki ákvæði um, hvaða bankar það séu, sem eigi að annast gjaldeyrisverzlunina framvegis. Í 4. gr. segir, að allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skuli seldur Landsbanka Íslands, seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri. Í annarri gr. er einnig svo að orði komizt, að úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa skuli þeir viðskiptabankar annast, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri. Þar eru ekki heldur nafngreindir þessir bankar.

Í lögunum um Landsbanka Íslands, sem sett voru árið 1957, segir, að Seðlabankinn skuli hafa með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans, enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka, sem stjórn Seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs.

Nú vil ég í tilefni af þessari breyt., sem hér er um að ræða og ég hef minnzt á, sem er í því fólgin, að gjaldeyrisbankarnir eru ekki nafngreindir í frv., leyfa mér að spyrja hæstv. viðskmrh., hvort honum sé kunnugt um, að nokkur breyting sé fyrirhuguð viðkomandi gjaldeyrisverzluninni. Mér skilst, að eftir lögunum frá 1957 um Landsbanka Íslands geti Seðlabankinn falið öðrum bönkum að annast þessa gjaldeyrisverzlun, þ. e. kaup og sölu á erlendum gjaldeyri í umboði hans. Ekki geri ég þó ráð fyrir, að stjórn Seðlabankans gæti tekið þann rétt af Útvegsbankanum, sem hann nú hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, því að í útvegsbankalögunum, sem einnig voru sett árið 1957, er skýrt fram tekið, að sá banki hafi heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri. En mér skilst, að Seðlabankinn gæti veitt fleiri bönkum þennan rétt. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort það muni vera fyrirhuguð breyting á þessu, hvort ætlunin sé t. d. að veita Búnaðarbankanum eða Iðnaðarbankanum, öðrum eða báðum, heimild til gjaldeyris-

verzlunar, eða þá ef til vill nýjum banka eða nýjum bönkum, sem stofnaðir kynnu að verða. Þó að þetta virðist ekki samkvæmt lögunum vera háð beinlínis ákvörðun ríkisstj., þá þykir mér líklegt, að hæstv. ráðh., sá er fer með bankamál, geti svarað þessari fsp. Ég geri ráð fyrir, að honum sé um það kunnugt, ef fyrirhugaðar eru einhverjar breytingar að þessu leyti.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. þm. gat um í ræðu sinni, er það á valdi stjórnar Seðlabankans, en ekki ríkisstj., að ákveða, hvaða bankar skuli hafa heimild til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Af þessum sökum er orðalag frv. eðlilegra en orðalag gildandi laga, þar sem þeir tveir viðskiptabankar eru nefndir, sem hafa skulu rétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Það er eðlilegra að tala í þessu frv. einungis um gjaldeyrisbanka, vegna þess að stjórn Seðlabankans getur tekið ákvörðun um það hvenær sem er, að fleiri bankar, t. d. Búnaðarbankinn eða Iðnaðarbankinn, fái rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, og þá verða þeir eftir þá ákvörðun gjaldeyrisbankar í skilningi þessa frv., ef að lögum verður. Þess vegna þótti þessi breyt. á formshlið laganna, eins og þau eru nú, vera eðlileg. — En fyrirspurn hans um, hvort fyrir dyrum stæði að veita fleiri bönkum en þessum tveim viðskiptabönkum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, vil ég svara þannig, að um það eru ekki neinar ráðagerðir, og a. m. k. í sambandi við breyt., sem sigla mun í kjölfar þessa frv., ef að lögum verður, verður engin slík breyt.

Hv. þm. er efalaust kunnugt um, að uppi hafa verið málaleitanir bæði frá Búnaðarbankanum og Iðnaðarbankanum um, að þessir bankar fengju sams konar rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri og Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa. Stjórn Seðlabankans og ríkisstj. eru á einu máli um að gera þá breyt. ekki, a. m. k. ekki eins og nú standa sakir. Af því mundi hljótast kostnaðarauki, sem er óþarfur, a. m. k. eins og á stendur.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ummæli hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) í gær um bankamál gefa mér tilefni til nokkurra orða. Hv. þm. taldi ýmsa afkima í okkar þjóðfélagsbyggingu hafa verið mergsogna af misrétti og pólitík og nefndi sem dæmi úthlutun ráðherra á atvinnubótafé og öðrum fjármunum hins opinbera. Hann benti á, að það væri óæskilegt, að einn einstaklingur færi með ákvörðunarvald í peningastofnunum eins og stórum banka, eins og nú á sér stað t. d. í einum ríkisbankanna, Búnaðarbankanum. Hann taldi það algera andstæðu pólitískrar misbeitingar eða hættu á henni, þar sem tveir eða þrír bankastjórar vega og meta í hverju tilfelli umsóknir viðskiptamanna um lán, eins og á sér stað í hinum tveimur ríkisbönkunum. Ég stend aðeins upp til þess að vekja athygli hv. alþm. og annarra alþm. á öðrum banka, sem mér virðist ekki síður ástæða til að gefa gaum, og er þar átt við útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, þann banka, sem veltir stærstum fjárfúlgum allra banka utan Reykjavíkur. Vestmanneyingar hafa hvað eftir annað skorað á bankaráð Landsbanka Íslands að setja upp útibú í Vestmannaeyjum, en bankaráð hefur ekki talið sér fært að verða við þessari ósk. Til samanburðar er rétt að geta þess, að á Akureyri eru 3 bankar, útibú frá Landsbankanum, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum. Á Ísafirði, 2400 manna bæ, eru tveir bankar, útibú frá Landsbankanum og Útvegsbankanum. Öllum er þó ljóst, að í Vestmannaeyjum, sem eru einn stærsti útgerðarstaður landsins, sá bær, sem dregur í ríkisbúið einna hæstar fjárfúlgur miðað við íbúa, sé knýjandi nauðsyn á greiðum bankaviðskiptum og að það sé sjálfsögð réttlætiskrafa af Vestmanneyingum að fá þar sett upp útibú frá Landsbanka Íslands. Ég leyfi mér að leggja áherzlu á þessa ósk við hæstv. bankamálarh. og veit, að ég mæli þar fyrir hönd allra Vestmanneyinga. Til vara hafa þeir lagt til, að í Útvegsbankanum verði fjölgað um bankastjóra og hafðir þar tveir bankastjórar. Þessari málaleitan vil ég koma á framfæri við hæstv. forseta í þessari d., sem mun vera í bankaráði Útvegsbankans, bankastjóri þar og mikils ráðandi í bankamálum þjóðarinnar.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi vekja sérstaka athygli á í tilefni af ummælum hv. þm. varðandi bankamál. Ég tel, að bankaviðskipti útvegsins séu svo þýðingarmikil og að á þeim sé svo brýn nauðsyn, að það sé fullkomlega óforsvaranlegt, að allt lánveitingavald í Vestmannaeyjum, stærstu útgerðarstöð landsins, sé í höndum eins banka og eins manns. Samfara þessu er mikil hætta, sérstaklega eftir þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á skipun bankamála í landinu, og þau fyrirmæli, sem Seðlabankinn virðist hafa gefið bönkunum úti á landi um að lána ekki út nema hluta af sparifé því, sem kemur inn. Við höfum glöggt dæmi um hættuna, sem er þessu samfara, frá Vestmannaeyjum síðustu daga, þegar þar bregzt hluti af vertíðinni, páskahrotan, sem aldrei kom, þá lendir Útvegsbankinn nú í miklum vandræðum með lánsfé. Hefðu þarna verið tveir bankar, væri miklu betri aðstaða fyrir Vestmanneyinga og útveginn þar til að ráða bót á slíkum tímabundnum vandræðum.

Mér virðist þessi stirðleiki við Vestmanneyinga vera eitt sýnishorn af þeirri stefnu í fjármálapólitík og peningapólitík undanfarinna ára, sem illa hefur verið rekin. Ríkið hefur verið notað t. d. með ranglátri skattastefnu til þess að draga fjármagn úr einum landshlutanum, geipilegar fjárfúlgur frá stöðum eins og Vestmannaeyjum, þar sem hefur ríkt almenn velsæld og einstaklingarnir hafa haft geipiháar tekjur vegna mikillar vinnu, og varið þessu fé til þess að drita því austur og vestur um land í útkjálkahokur og afdalabasl, sem á

engan rétt á sér í þjóðfélagi, sem getur boðið þegnum sínum mikla atvinnu og góðar tekjur, eins og Vestmannaeyjabær getur. Þegar þeir Vestmanneyingar fara fram á sjálfsagða þjónustu eins og bankaútibú, er þeim neitað um þá smávægilegu ósk.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri um þetta mál, en vil aðeins að lokum víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 4. landsk. þm. (HV) og þeirri stefnu yfirleitt, sem komið hefur fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hafa haft hér frammi hótanir um að vinna á móti því, að þetta frv. um nýskipan innflutningsmála komist nokkurn tíma raunverulega í framkvæmd, eins og allt hið nýja efnahagskerfi, sem núv. ríkisstj. ætlar að koma á, og ætla sér að kollvarpa því öllu með aðgerðum utan þings. Hv. framsóknarmenn reyna í blöðum og á mannfundum að etja bændastétt landsins til andstöðu við bæjarbúa. Alþb.-menn reyna að hvetja verkalýðsstéttina til andstöðu og verkfalla, hvetja hana til að láta landið loga í verkföllum og mótmælum. Mig langar til þess að varpa þeirri spurningu fram við hv. 4. landsk. þm., forseta Alþýðusambands Íslands, hver eiginlegur tilgangur væri með slíkum aðgerðum í okkar þjóðfélagi að efna hér til innbyrðis átaka milli stétta og starfshópa. Dettur honum ekki í hug, að aðrir starfshópar muni fylgja á eftir með kröfur, ef t. d. verkamönnum heppnaðist eftir verkfallsbaráttu að knýja fram hærra kaup? Dettur honum ekki í hug, að starfshópar eins og afgreiðslufólk, iðnnemar, verkfræðingar, opinberir starfsmenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar muni fylgja í kjölfarið með kröfupólitík um hærra kaup? Og ef þessar stéttir allar fengju óraunhæfar kjarabætur eftir harða deilu, hversu miklu betur yrði þá íslenzk alþýða stödd eftir á en fyrir, sérstaklega ef þær ádeilur hv. Alþb.-manna eru réttar, að ríkisstj. sé svo illgjörn, að hún mundi strax eftir þessar aðgerðir gera þær að engu með nýrri gengislækkun og hækkuðu vöruverði um allt land? Verkföll eru sannarlega seinasta úrræði í kjarabaráttu nútíma-þjóðfélaga, og eftir að þær ásakanir hafa orðið háværar, eins og t. d. í tíð fyrrv. ríkisstj., svokallaðri vinstri stjórn, að það vopn verkalýðsstéttanna hafi verið misnotað í pólitískum tilgangi, fer þá ekki að verða hætta á því, að þessi rödd verði svo hávær, að fram komi kröfur um það, að þessu vopni verði ekki beitt til þess að skaða þjóðfélagið í heild, og um að draga úr því vopni með ráðstöfunum hins opinbera?

Íslenzkur þjóðarbúskapur þarfnast áreiðanlega ekki núna vinnudeilna, átaka og verkfalla. Íslenzkur verkalýður mun ábyggilega ekki ætlast til slíkra verka af sínum forustumönnum. Íslenzk alþýða mótmælir því, eins og t. d. hv. forseti Alþýðusambands Íslands hefur gengið fram í að undanförnu, að alið sé á tortryggni og kryt á milli verkalýðsstéttar og annarra stétta í landinu. Hann hefur alið á kryt og tortryggni gegn ráðunautum ríkisstj. í efnahagsmálum, hagfræðingum og verkfræðingum og öðrum svokölluðum lærðum mönnum. Hann hefur á fundi í verkalýðsfélagi sýnt með dæmi, hvernig verkefni verkfræðinga hafa mistekizt. Sem meðlimur í verkalýðsfélagi leyfi ég mér að mótmæla því, að þessi árátta og áróður sé fyrir hönd íslenzkrar alþýðu.

Fjöldi alþýðuheimila hér á landi hefur lagt hart að sér á undanförnum árum til að koma æskulýð landsins til mennta í trausti á því, að aukin menntun og tæknimenntun sérstaklega verði til lengdar til þess að skapa Íslendingum betri lífskjör og hraðari framfarir. Þó að skemmtilegt sé á fundum í verkalýðsfélögum að segja frá því, hvernig bryggjur hafi brotnað, hvernig stíflur hafi brostið og hvernig efnahagsaðgerðir fyrri tíma hafi mistekizt, þá vísa ég á bug þeirri fullyrðingu, að þau dæmi sanni það, að öll menntun sé fányt og að ráð t. d. hagfræðinga í efnahagsmálum séu gersamlega fányt.

Að síðustu þessi orð: þegar síðasta reglulegt Alþingi fór heim í fyrravor, biðu þrjú stór málefni óleyst í okkar þjóðfélagi, sem allir gerðu sér grein fyrir. Í fyrsta lagi: að leiðrétta rangláta kjördæmaskipan, leiðrétta rangláta aðild einstakra borgara í landinu til áhrifa á skipan Alþingis. Í öðru lagi lá fyrir deila okkar við erlent stórveldi um 12 mílna fiskveiðilögsögu. Og í þriðja lagi voru efnahagsmál þjóðarinnar í algerum ólestri, eins og Hermann Jónasson, fyrrv. forsrh., hafði lýst. Öll þessi mál hafa þokazt langt áleiðis síðan. Kjördæmamálið leystist svo vel, að mestur hluti þjóðarinnar virðist í dag telja, að sú breyt., sem gerð var, hafi verið fullkomlega réttmæt og tímabær. Í dag berast okkur þær fréttir, að landhelgisdeilan, annað stærsta málið, sé að leysast á þann hátt, sem öll íslenzka þjóðin hefur staðið einhuga að baki og vildi leysa. Tvö málin af þessum þremur stærstu eru frá. Við höfum unnið mál, þar sem við höfum átt í höggi við erlent stórveldi. Eitt hinna þriggja mála er eftir, og það er tvímælalaust stærsta málið af hinum þremur. Það er málefni, sem við eigum ekki undir að sækja erlent stórveldi. Það er málefni, sem er undir engum komið nema Íslendingum sjálfum, Alþ. og íslenzku þjóðinni. Látum tíðindi um sigur í landhelgismálinu verða til þess, að alþm. og þjóðin taki saman höndum um að leysa í einingu og friði það mál, sem er stærst og brýnast og er eftir. Hversu mikið gagn höfum við af 12 mílna fiskveiðilögsögu þá daga, sem íslenzki bátaflotinn liggur bundinn við landfestar vegna kjaradeilna? Látum sigur okkar í landhelgisdeilunni verða til þess að kenna þjóðinni að taka saman höndum um að leysa það mál farsællega, sem að henni einni snýr, að taka höndum saman um að efna ekki til innbyrðis styrjaldar með verkföllum og öðrum verkum, heldur að standa saman að varanlegri lausn efnahagsmála, sem gæti tryggt þjóðinni fjárhagslegt sjálfstæði og umfram allt efnahagslegar framfarir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér meir inn í deilurnar um þetta frv., en aðeins nota þetta tækifæri til þess að gera örstutta aths. við einn þátt í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. landsk. þm. (US), þar sem hann vék nokkuð að bönkunum út af ummælum mínum í gær og sérstaklega útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, og geri það einvörðungu vegna þess, að þessi ummæli hans gætu síðar valdið nokkrum misskilningi.

Ég talaði um það í gær, að bankarnir hefðu bæði fyrr og síðar verið ómaklega ásakaðir um pólitíska úthlutun. Það hefði mikið verið talað um þetta 1957, þegar vinstri stjórnin breytti bankalöggjöfinni, og þá átti það aðallega að vera vegna hinnar pólitísku úthlutunar sjálfstæðismanna, eftir því sem sagt var. Ég sagði, að það hefði aldrei komið til neins pólitísks ágreinings þá í bönkunum milli þeirra manna, sem þar voru og voru bankastjórar af öllum flokkum og fulltrúar í bankaráðum úr öllum flokkum, og svo hefðu heldur aldrei mér vitanlega verið nein pólitísk átök innan bankanna eftir þær breytingar, sem þá voru gerðar. En um leið og þetta var gert, þótti engin ástæða til að gera neinar varúðarráðstafanir í þessu sambandi, sagði ég, um þann eina ríkisbanka, þar sem var einn bankastjóri og þar sem var alger meiri hluti eins pólitísks flokks í bankaráðinu. Og ég vék að mismuninum á aðstöðu bankastjóra í einkabönkum eða ríkisbönkum. Einstaklingarnir ráða því, hvort þeir vilja einn eða fleiri bankastjóra. Í ríkisbönkum er bankastjórum raunverulega falið að ávaxta fé almennings og vinna að verulegu leyti sem embættismenn ríkisins. Og út af þessu talaði síðasti hv. ræðumaður, 3. landsk., og tók þá sérstaklega til, að samkv. því, sem ég hefði sagt, bæri sérstaklega að líta á útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, þar sem einn bankastjóri, útibússtjóri, væri í þessum banka í stærstu verstöð landsins. Nú skil ég ekki, vegna hvers það er eitthvað sérstakt með útibúið í Vestmannaeyjum, nema þá kannske, hvað það er stærra en önnur útibú. En það er svo í öllum útibúum bankanna, að það er einn útibússtjóri. En um útibússtjórana er það hins vegar að segja, að þeir eru undir yfirstjórn bankastjórnarinnar í aðalbönkunum. Þeir hafa eftirlit með útlánastarfsemi þeirra og aðalbankastjórarnir bera ábyrgð á þeirri útlánastarfsemi, ef einhverjar misfellur væru í henni, svo að ég álít, að athugasemdir hv. 3. landsk. séu byggðar á misskilningi.

Í sambandi við þær ráðstafanir í peningamálum, sem nú hafa verið gerðar og hafa viðtæk áhrif á bankastarfsemina og útlánastarfsemina, höfum við í Útvegsbankanum, bankastjórarnir þar, ekki alls fyrir löngu kallað alla útibússtjóra okkar til viðtals við okkur um þær stefnur, sem við teljum að þeim beri að fylgja í meginatriðum í útlánastarfseminni. En þó á þetta alveg sérstaklega við útibúið í Vestmannaeyjum, því að það er óhætt að segja, að það er ekkert útibú, sem aðalbankastjórnin hér í Reykjavík fylgist í raun og veru nákvæmar með en þetta útibú, og það er vegna þess, að þetta er stærsta útibúið í þessari stóru verstöð og erfiðust viðfangsefni í sambandi við útlánin hafa einatt verið á undanförnum árum í sambandi við útgerðina, vegna margvíslegra erfiðleika, sem í mismunandi mynd og á mismunandi tímum hafa steðjað að útgerðinni. En þó er svo á hinn bóginn um útibú það að segja, þar sem sjávarútvegur er aðalatriðið og sjávarútvegslán mestmegnis, að auðvitað hafa engin lán í sjálfu sér verið á undanförnum árum eins átomatísk, ef svo má segja, eða bundin föstum skorðuðum reglum, eins og þessi lán, þó að hins vegar nú sé að því stefnt að hverfa nokkuð frá því.

Ég vil alveg sérstaklega taka fram, og það hafa gefizt fleiri tilefni til að taka það fram hér í umr., að varðandi uppgjörið í Vestmannaeyjum nú eftir þessa vertíð, þá er útibússtjórinn búinn að vera hér s. l. viku til skrafs og ráðagerða við aðalbankastjórnina, og endanlegar ákvarðanir stóð til að taka nú einmitt í dag í sambandi við þau vandræði, sem þar eru á ferðinni. En þótt að formi til hafi orðið þær breytingar á útlánum, að hin sjálfkrafa lán, sem menn hafa getað gengið að, hafi minnkað, bæði frá Seðlabanka og viðskiptabönkum, eins og nú er í framkvæmdinni, þá hafa hins vegar orðið samráð milli viðskiptabankanna og Seðlabankans um viðbótarlán, eftir því sem þörf krefur að dómi bankastjórnar viðskiptabankans og Seðlabankans, hins vegar í einstökum tilteknum tilfellum þannig, að hvert mál sé skoðað út af fyrir sig, en ekki almennt hægt að ganga þar að sjálfkrafa lánum. Ég held þess vegna, að aðstaða Vestmannaeyjaverstöðvarinnar og annarra muni í reyndinni á engan hátt breytast til hins verra vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í sambandi við útlán bankanna eða ráðagerðir, sem uppi hafa verið um útlán bankanna nú að undanförnu, í samvinnu ríkisstj., Seðlabanka og viðskiptabanka. Hvort Vestmannaeyingar vilja fá annað útibú frá Landsbankanum, það er svo þessu máli óviðkomandi. En hitt get ég ekki skilið, að lánsfjármagnið í útibúi Útvegsbankans mundi aukast í Vestmannaeyjum, þótt bankastjórarnir væru tveir, og því hef ég aldrei heyrt neinn óska eftir eða fara fram á, að þar væru 2 bankastjórar. Ekki heldur hef ég heyrt hitt, að Vestmannaeyingar hafi þurft að kvarta undan stirðleika í sambandi við þá þjónustu, sem Útvegsbankinn hefur getað látið þeim í té, heldur þvert á móti, að það hefur einmitt vegna þeirrar miklu þýðingar, sem þessi verstöð hefur í þjóðarbúskapnum, og vegna þess, hversu útibússtarfsemin er ákaflega mikilvæg fyrir Útvegsbankann í heild, þá er það svo, að það hefur jafnan verið reynt að veita þá ýtrustu þjónustu, sem bankinn hefur á hverjum tíma getað veitt þessari mikilvægu verstöð.

Ég held, að þetta sé nægjanleg aths. við það, sem fram kom, en ræðumaður lauk máli

sínu einmitt með því, að það væri ekki varlegt og eðlilegt, að allt lánveitingavald í svona stóru útibúi væri í höndum eins manns. En samkv. því, sem ég sagði áðan, fer víðs fjarri, að það sé, heldur er þessi og aðrir útibússtjórar einmitt undir yfirstjórn og á ábyrgð aðalbankastjórnarinnar.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þegar gengislækkunin var lögfest árið 1950, hélt núv. hæstv. viðskmrh. því fram, að slík ráðstöfun ætti því aðeins rétt á sér, að jafnframt væri upprættur gróðinn í innflutningsverzluninni með því, að ríkið tæki hann í sínar hendur að meira eða minna leyti. Hæstv. ráðh. hefur fyrir skömmu staðið að og beitt sér fyrir stórfelldri gengislækkun, og nú hefur hann lagt fram frv. um innflutningsmál. Fjallar það þá ekki um upprætingu verzlunargróðans, þjóðnýtingu stærstu þátta innflutningsverzlunarinnar? Ónei, það er öðru nær. Í stað þess að nota verzlunargróðann til þess að draga úr verðhækkunum þeim, sem af gengislækkuninni leiðir, flytur hæstv. viðskmrh. þetta frv. í þeim tilgangi að gefa innflytjendum betra færi á að safna gróða. Auk gengislækkunarinnar á almenningur nú að standa undir auknum verzlunargróða. Þetta frv. miðar að því að veita innflytjendum meira olnbogarúm í þjóðfélaginu, betri aðstöðu til þess að draga til sín stærri hluta af þeim verðmætum, sem íslenzkir launþegar skapa með vinnu sinni. Það er hins vegar orðað svo á fegruðu máli í stefnuskrá Sjálfstfl., sem hv. 5. þm. Reykv. las upp úr í gær, að innflytjendum verði gert kleift að mynda eigið fjármagn. Í stað þess að gera almenningi gengislækkunina bærilegri með afnámi verzlunargróðans hefur hæstv. viðskmrh. skipt svo rækilega um skoðun, að í kjölfar gengislækkunarinnar leggur hann nú fram frv. um aukna gróðamöguleika verzlunarinnar.

Ríkisstj. hefur gert sérstakar ráðstafanir til þess, að unnt sé að framkvæma stefnu hinnar svokölluðu frjálsu verzlunar. Í þeim mikla gjaldeyrisskorti, sem notaður hefur verið til að réttlæta nauðsynina á kjaraskerðingu, hefur ríkisstj. tekið 800 millj. kr. eyðslulán, svo að hægt sé að fylla verzlanir með vörum, sem ella hefði ekki verið unnt að kaupa inn í landið. Árið 1951 sagði hæstv. viðskmrh., með leyfi hæstv. forseta: „Fylgjendur hinna frjálsu viðskipta telja það aðalatriðið, að búðirnar séu fullar, þótt almenningur geti lítið keypt. Það liggur við, að þeir telja velmegunina þeim mun meiri sem meira er af vörum í búðunum, en minna hjá almenningi. Það er þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstj. er nú að leiða yfir Íslendinga.“ Þetta voru orð ráðh. fyrir tæpum tíu árum. En svo rækilega hefur hann nú skipt um skoðun, að hann er nú orðinn helzti formælandi þeirrar íhaldsstefnu, sem hann fordæmdi áður, og berst nú dyggilega fyrir auknum verzlunargróða í kjölfar gengislækkunar, sem hann stendur að. Hæstv. ráðh. virðist ekki erfiðara um grundvallarskoðanaskipti en venjuleg fataskipti. Og við því er í sjálfu sér ekki mikið að segja að öðru leyti en því, að þingmenn Alþfl. misnota herfilega atkv. margs þess vinstri sinnaða alþýðufólks, sem í góðri trú fékk þeim umboð sitt í trausti þess, að þeir berðust gegn íhaldsstefnunni, sem hæstv. viðskmrh. lýsti fyrir 9 árum, en ekki fyrir henni.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um frelsi, frelsi verzlunarstéttarinnar til þess að ráðstafa gjaldeyri þjóðarinnar að eigin vild. Til þess að auðvelda framkvæmdina hefur þjóðin verið látin taka á sig 800 millj. kr. lán, sem hún verður síðar að endurgreiða, án þess að nokkuð af láninu sé notað til þess að auðvelda gjaldeyrisöflun til þess. Það er ekki litlu kostað til í þágu heildsalastéttarinnar. Lánið, sem tekið er í hennar þágu, nemur nærri 24 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þegar forráðamenn Hafnarfjarðar voru fyrir fáum dögum að reyna að ná saman endum á fjárhagsáætlun bæjarins, reyndist það ekki unnt, ef útsvör áttu ekki að hækka, án þess að taka til þess 1 millj. kr. lán, og satt að segja voru menn hálfragir við að byggja fjárhagsáætlunina þannig upp. En ef borið er saman við lánið, sem ríkisstj. hefur tekið til að tryggja frelsi heildsalanna, þá svarar það til þess, að í hlut Hafnfirðinga komi 32 millj. kr. til að endurgreiða af því láni. Það nemur því nærri allri útsvarsupphæð bæjarbúa í 2 ár. Það skal mikið á sig lagt, til þess að hv. Alþfl.-mönnum sé gert kleift að sjá í framkvæmd þá stefnu, sem þeir hafa til skamms tíma barizt gegn og kallað íhaldsstefnu.

Íslenzka þjóðin þarfnast vissulega þeirrar þjónustu, sem í því felst að breyta þeim gjaldeyri, sem hún vinnur sér inn, í nauðsynlegar vörur, sem ekki er unnt eða hagkvæmt að framleiða hér. Hins vegar á sú starfsemi sem þjónustustarfsemi að vera í höndum þjóðarinnar sjálfrar, að sem mestu leyti sem ríkisverzlun, en engan veginn að vera notuð af tiltölulega fáum einstaklingum til gróðamyndunar. Þessi starfsemi skapar engin verðmæti, og sá gróði, sem þar myndast og nú á að auka með þessu lagafrv., felst í því, að heildsalinn fær að selja almenningi vöruna fyrir hærra verð en hann kaupir hana á og kostar til hennar með þeim gjaldeyri, sem þjóðin afhendir honum. Það eigið fjármagn, sá gróði, sem nú á að tryggja heildsölunum í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr, er því hvergi annars staðar tekinn en frá almenningi og rýrir kjör hans að sama skapi. Takist því flm. þessa frv. að láta það ná tilgangi sínum í þessu efni, tekst þeim um leið að auka enn á þá kjaraskerðingu, sem þeir hafa þegar valdið launþegum með gengislækkuninni og stórhækkuðum söluskatti og vöxtum.

Meginhluti þjóðarinnar vinnur beint að gjaldeyrismyndun eða jafngildi þess, en það kemur í hlut fárra útvaldra að höndla með þann gjaldeyri, og fyrir þá er þetta frv. samið. Það er auðvitað fráleitt, að þeir, sem fá í hendur

þann gjaldeyri, sem alþýðan skapar með striti og erfiði, hirði til sín gróða og við ráðstöfun á hinum dýrmæta gjaldeyri eigi að ráða gróðasjónarmið einstakra heildsala, sem iðulega eru öndverð hagsmunum heildarinnar. Það er því ekkert eðlilegra en að eftirlit sé haft með því, hvernig gjaldeyrinum er varið, og innflytjendur fái ekki sjálfir að ráða því, hvernig honum er varið. Þeir hafa ekki unnið fyrir honum, og þeir eiga ekki að hafa verzlunarfrelsi til þess að nota hann til kaupa á þeim vörum, sem gefa þeim mestan gróða, og þeir eiga ekki að hafa verzlunarfrelsi til þess að kaupa vöruna þaðan, sem þeim kemur bezt, ef þeir með því torvelda þjóðinni að skipta einhæfum framleiðsluvörum sínum fyrir aðrar og draga þannig úr atvinnuöryggi landsmanna. Þjóðin verður í þessum málum að hegða sér eins og hver önnur fjölskylda. Heimilisfaðirinn, sem vinnur fyrir fjölskyldunni og fær einhverjum heimilismanninum peningana í hendur til innkaupa fyrir heimilið, mundi ekki lengi þola það, að sá hinn sami skipti við ákveðinn kaupmann vegna þess eins, að hann gæfi honum sælgæti eða annað slíkt í vasann, en bætti svo andvirði þess á vörurnar, sem heimilið fær. Þetta frv. stuðlar þó að slíkum verzlunarháttum í innkaupum fyrir þjóðarheimilið. Innflytjendum á að veita aukið frjálsræði til þess að kaupa inn vörur hjá þeim aðilum, sem leggja hluta af þeim gjaldeyri, sem greiddur er fyrir vöruna, inn á reikning heildsalans erlendis. Þessa upphæð má þjóðin greiða í vöruverðinu, og þetta er ein orsökin til þess, að nú á að beina viðskiptunum meira en áður til Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, þótt það, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í umr. í þessari hv. d., auki öryggisleysi í atvinnumálum og stefni framleiðsluatvinnuvegunum í hættu. Hér er því hagsmunum þjóðarinnar fórnað fyrir hagsmuni innflytjenda. Hagsmunir heildarinnar krefjast þess, að gjaldeyri þjóðarinnar sé varið til þeirra hluta, sem þjóðin þarfnast mest á hverjum tíma, en hjá innflytjendum, sem hafa eigin gróðavon að leiðarljósi, ræður það sjónarmið ekki, það hefur reynslan margsýnt.

Það er t. d. ekki ýkjalangt síðan fluttir voru inn 5000 bílar á stuttu tímabili, en enginn togari. Allir sjá, að í því efni var ekki þjónað hagsmunum heildarinnar, heldur heildsalanna, og sú er alltaf hættan, ef slakað er á eftirliti og aðgæzlu um ráðstöfun gjaldeyrisins í hendur innflytjenda. Þess vegna er þetta frv., sem er spor í átt til algers frjálsræðis innflytjenda, hagsmunamál fyrir þá, en hættulegt þjóðarheildinni.

Gróðavon einstaklinganna spyr ekki um þörf þjóðarinnar á framleiðslutækjum, uppbyggingu og atvinnuöryggi. Hver einstakur innflytjandi lætur þau sjónarmið ekki ráða, heldur það eitt, hvernig hann getur notað gjaldeyrinn, svo að hann gefi honum sem mestan gróða.

Það þarf engan að undra, þótt Sjálfstfl. berjist fyrir samþykkt frv., sem miðast við hagsmuni heildsalanna, og nú er svo komið, að fólk er hætt að undrast, að Alþfl. skuli gera það líka. Um skeið hafa landsmenn fylgzt með því, hvernig Alþfl. starfar á atómöld. Frumherjar flokksins börðust langvinnri baráttu undir hinum gömlu kjörorðum: „frelsi, jafnrétti og bræðralag“. Sú barátta var tafsöm, og frumherjana hefur áreiðanlega ekki dreymt um, að uppfylling þeirra kjörorða flokksins væri á næsta leiti. En á atómöld er þess krafizt, að hlutirnir gangi fljótt fyrir sig, og Alþfl.-menn á atómöld hafa nú tekið að sér að uppfylla á einni vertíð þessi kjörorð öll, sem áratuga stríð hafði áður ekki dugað til. Alþfl.-menn atómaldarinnar byrjuðu á því að snúa við röð kjörorðanna. E. t. v. hefur hin öfuga röð kjörorðanna tafið fyrir framgangi þeirra í öll þessi ár. Og nú var byrjað á bræðralaginu. Kjörorðið um bræðralag hefur nú fengið uppfyllingu í fullkomnu bræðralagi Alþfl. við íhaldið. Svona einfalt var að uppfylla það kjörorð, aðeins ef frumherjarnir hefðu haft hugkvæmni atómkratanna. Þetta bræðralag var svo fullkomið, að stefnuskrá Alþfl., sem áður hafði sannarlega ekki höfðað til bræðralags við atvinnurekendavaldið í landinu, var nú svo úr garði gerð, að Morgunblaðið lýsti yfir því, að hver einasti Sjálfstfl.-maður gæti skrifað undir hana.

Eftir þetta fullkomna bræðralag Alþfl. og íhaldsins reyndist Alþfl.-mönnum á atómöld ekki erfitt um uppfyllingu hinna kjörorðanna, þegar þeir höfðu haft vit á því að taka málin í réttri röð. Jafnréttið hefur nú í áframhaldi af bræðralaginu fengið sína uppfyllingu. Að vísu háðu Alþfl.-menn árangurslausa baráttu fyrir jafnrétti við Sjálfstfl. um tölu ráðh. í ríkisstj., en frá þeim ráðherrastólum, sem standa á ójafnri tölu, hafa þeir náð miklum árangri í öðrum jafnréttismálum. Sjálfstfl. hafði lengi bent á það ójafnrétti, sem í því fælist, að ekki borguðu allir landsmenn jafnháa skatta, heldur væru þar látin ráða ýmis annarleg sjónarmið, svo sem tekjuhæð manna og eignir, sumir væru jafnvel skattlausir með öllu, þegar ýmsir væru látnir borga skatta, sem námu eigi minna en tekjum annarra. Þarna fann Alþfl. verðugt hlutverk: jafna skatta fyrir alla, skattajafnrétti. Það má að vísu segja, að þrátt fyrir tekjuskattslög þau hin nýju, sem bræðralagsstjórnin hefur fengið lögfest, geti svo farið, að ríkir menn hafi enn nokkru hærri skatta en fátækir, en það er þó stór áfangi í jafnréttisátt, og í mörgum tilfellum næst algert jafnrétti með því, að þeir, sem stærri hafa fjölskylduna, borga þá þeim mun meira í óbeina skatta, svo að segja má, að annað kjörorðið hafi verið uppfyllt líka.

Og Alþfl.-menn á atómöld enda á frelsinu, sem áður var haft fyrst í röðinni.

Þetta frv., sem hér er til umr. og lagt er fram af viðskmrh. Alþfl., fjallar um hið síðasta kjörorðið, frelsi. Nú hefur Alþfl. upplifað þá stund að geta borið fram frv., sem tryggður hefur verið meiri hluti á Alþ. og fjallar um frelsi. Alþýðufólk, sem til þessa hefur ekki

notið svefns af áhyggjum, ekki um afkomu sína og atvinnuöryggi, heldur um hitt, hvort heildsalanum í Austurstræti mundi nú takast að fá innflutningsleyfi fyrir því vörupartíi, sem bezt gat tryggt honum gróðann í íslenzkum krónum, svo lítilfjörlegar sem þær eru, og í þeim mun dýrmætari gjaldeyri erlendis, er nú leyst frá áhyggjum sínum. Alþfl. ætlar með þessu frv. að tryggja frelsið í innflutningsmálum, og jafnvel bóndinn á teignum og sjómaðurinn á hafinu geta nú líka farið að flytja inn vörur í stórum stíl, ef þeir væru ekki af óskýranlegri þrjózku tengdir því eftirlætisstarfi að draga fisk úr sjó og raka hey á túni. En þeir eru nú a. m. k. leystir undan áhyggjum sínum um afkomu heildsalanna, því að Alþfl. er með þessu frv. að uppfylla hugsjón sína um frelsið. Það birtist í frelsi heildsalanna, frelsi þeirra til að ráðstafa að eigin vild þeim gjaldeyri, er fæst fyrir vinnu alþýðu manna.

Frelsinu hefur Alþfl. séð fyrir auk jafnréttisins og bræðralagsins, og sigur Alþfl.-mannanna er mikill. Á einni vetrarvertíð hafa þeir komið fram uppfyllingu á kjörorðum Alþfl. frá upphafi. Og ekki er sigurinn minni gagnvart þeim frumherjum flokksins, sem bösluðu við að uppfylla hin sömu kjörorð, en höfðu ekki þann atómkraft til að bera, sem nú er fyrir hendi, og skildu ekki, að bræðralagið átti að vera fyrst í röðinni, til þess að uppfylling hinna fengist fram. Frelsið og jafnréttið og bræðralagið er mikið, en bræðralagið er þó þeirra mest, og á því sérstaka bræðralagi Alþfl. og íhaldsins byggist árangur Alþfl. á atómöld. Það hefur verkalýður landsins fengið að reyna að undanförnu, og það mun hann finna á kjörum sínum á næstunni.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ef ég mætti nota tímann, þær tvær mínútur, sem tekur að sækja hv. þm., vil ég taka fram, að ummæli mín um Útvegsbanka-útibúið í Vestmannaeyjum mega ekki skiljast sem persónuleg ádeila á bankastjórann þar. Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að koma í veg fyrir allan misskilning. Ég hef enga ástæðu til þess að tortryggja neitt hans lánveitingavald, en gat þessa í tilefni af þeim orðum, sem hv. 5. þm. Reykv. hafði haft í gær, að það væri óeðlilegt, að einn maður hefði mikil völd um útlán í stórum banka, eins og t. d. í Búnaðarbankanum. Og sé það óeðlilegt, að það sé einn bankastjóri í banka í Reykjavík, þar sem eru margir bankastjórar og margir bankar í miðbænum og til margra að snúa sér um lán, hvað þá um einangraðan, stóran kaupstað, þar sem aðeins er einn banki og einn bankastjóri? Það var þetta, sem vakti fyrir mér. En ég vil taka fram, að í því felst ekki nein gagnrýni á störf bankastjórans þar.

Til þess að undirstrika það, sem ég sagði áðan um viðhorf verkalýðs til efnahagsmálaráðstafana, vil ég bæta við til þess að undirstrika sterklegar það, sem ég sagði, að ég átti ekki við, að alþýðan eigi að gera sig ánægða með þau kjör, sem hún býr við núna. Hún á auðvitað aldrei að gera sig fullkomlega ánægða með það, sem hún hefur. Hún á að krefjast aukinna framfara. En ef þær þjóðartekjur, sem við höfum úr að spila og til að ráðstafa núna, eru ekki nægilegar til þess að gera alla ánægða með sinn hluta, liggur þá ekki beinast við, að allir hinir sömu aðilar, sem eru óánægðir, taki höndum saman og vinni að því að auka þessar þjóðartekjur? M. ö. o.: í stað þess að halda áfram í endalausu stríði um að skipta þeirri köku, sem við höfum yfir að ráða, eins og hefur verið á undanförnum áratugum, þá verði öllum krafti beitt að því að stækka sjálfa kökuna með öllum tiltækilegum ráðum, til þess að þannig verði sem allra mest úr að spila.

Eysteinn Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka frekari þátt í þessum umr., en það voru aðeins örfá orð út af þeirri að mörgu leyti furðulegu ræðu, sem hv. 3. landsk. (US) flutti hér áðan, ekki nú síðast, heldur þar áður.

Því hefur verið fleygt, að það væru í raun og veru ekki nema þrír menn í stjórnarliðinu, sem hefðu trú á því, að þessar efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. gætu í raun og veru staðizt. En ég sé, að þetta muni vera misskilningur, þeir munu vera fjórir, og hefur það nú komið greinilega fram. (Gripið fram í.) Ég vil taka það fram, að hæstv. forsrh. var ekki talinn einn af þessum þremur. Ég heyri þetta m. a. á því, að hv. 3. landsk. þm. talar þannig um þessar ráðstafanir, að það jafngildi nær því landráðum að gagnrýna þær. Það varð ekki annað ráðið af þeim hörðu orðum, sem hann hafði um þá gagnrýni, sem fram hafði komið á þessari stefnu. En það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, voru þau orð, sem hann lét falla í garð Framsfl. í þessu sambandi, og þau voru eitthvað á þá lund, að framsóknarmenn vildu etja bændum til andstöðu við bæjarbúa. Þessu vil ég alls ekki láta ómótmælt.

Þessi hv. þm. hafði alls ekki fyrir því að rökstyðja þetta á einn eða neinn hátt. Hann bara sló þessu fram, að framsóknarmenn vildu etja bændum til andstöðu við bæjarbúa. Mér er alveg ráðgáta, hvað hv. þm. á við með svona fullyrðingu eða sleggjudómi eins og þessum. E. t. v. á hv. þm. við, að framsóknarmenn hafa bent bændum á, að það væri algerlega ástæðulaust fyrir þá að sætta sig við þau rangindi, sem viðhöfð voru í þeirra garð, t. d. s. l. haust, af flokki þessa hv. þm. og Sjálfstfl., þegar sett var löggjöf um, að þeir mættu ekki fá þær kjarabætur, sem þeim bar samkv. áður gildandi lögum.

E. t. v. á þessi hv. þm. við þetta, þegar hann talar um að etja bændum til andstöðu við bæjarbúa. En mikill er misskilningur hv. þm., ef hann heldur, að það sé í þágu bæjarbúa að sýna bændum rangsleitni eða rangindi og að það sé í óhag bæjarbúum að halda uppi

réttmætum málstað landbúnaðarins. En þessi virðist vera sá hugsunarháttur, sem hv. þm. byggir þessar slettur á. Eða hvað er það, sem hv. 3. landsk. þm. á við með þessu? Hvar hefur það komið fram, að framsóknarmenn vilji etja bændum til andstöðu við bæjarbúa? Hvar hefur það komið fram í málflutningi framsóknarmanna í sambandi við þessar efnahagsmálaráðstafanir eða í því, sem þeir hafa aðhafzt í því sambandi? Bændur hafa sjálfir mótmælt ýmsum þáttum í þessari löggjöf, sem þeir hafa verið á móti, og þeir hafa tekið það upp hjá sjálfum sér, og þeir hafa áreiðanlega enn þá fullt frelsi til þess að láta skoðanir sínar í ljós, svo að þeir ættu ekki að þurfa að eiga það á hættu, að neinir óviðeigandi sleggjudómar væru felldir í því sambandi. En hvað er það, sem þessi hv. þm. á við, þegar hann kastar þessu fram? Ég vildi mótmæla þessu alveg.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um þrjú mikilsverð mál, og ég skal ekki fara langt út í það. Hann virtist vera ákaflega ánægður með þá breytingu, sem orðið hefur á kjördæmaskipuninni. Ég skal ekki fara út í það hér. Þá virðist hann vera sá fjórði, sem hefur trú á því, að þessar efnahagsmálaráðstafanir geti orðið að gagni. Hann talaði um, að efnahagsmálin hefðu verið í algerum ólestri áður, en væru nú komin í gott lag. Það væri fróðlegt fyrir þennan hv. þm. að beita sér fyrir því t. d., að það færi fram skoðanakönnun í landinu á því, hversu margir það væru, sem teldu, að efnahagsmálum þjóðarinnar hefði verið komið í lag með þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að beita sér fyrir í vetur, eins og þær ráðstafanir koma nú fram daglega. Það væri fróðlegt fyrir þennan hv. þm. að efna til slíkrar skoðanakönnunar eða beita sér fyrir því t. d., að það færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þessi efni, og vita, hvað það væru margir, sem vildu taka undir þau ummæli hans, að með þessu öllu saman væri búið að koma þessum málum í æskilegt lag.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umræður, sem hafa farið hér fram um efnahagsmálin almennt eða frv., heldur aðeins minnast nokkrum orðum á það, sem hæstv. viðskmrh. sagði í sambandi við tillögu mína um að fella niður 10. greinina.

Sú starfsemi, sem innflutningsskrifstofan hefur haft með höndum og ráðgert er nú að bankarnir taki að sér, mun hafa kostað röskar 2 millj. kr. En það kemur þarna á móti, að það þóknunargjald, sem bankarnir hafa tekið fyrir yfirfærslu á gjaldeyri, hækkar um 130% vegna gengisbreytingarinnar, og þar fá bankarnir þess vegna stóraukna tekjur, sem vel eiga að geta nægt á móti þeim kostnaði, sem þeir verða fyrir, vegna þess að þeir taka umrædda starfrækslu að sér. Þess vegna tel ég enga ástæðu til þess, að hæstv. ríkisstj. fái í þessum lögum heimild til þess að mega leggja á gjald, sem getur numið a. m. k. 16 millj. kr., til þess að vega á móti þessum 2 millj. kr. kostnaði, sem bankarnir taka að sér og innflutningsskrifstofan hefur áður haft með höndum, þar sem þeir fá það raunverulega líka strax bætt með auknum tekjum af þóknunargjaldinu. Þó að hæstv. viðskmrh. lýsi því nú yfir, að hæstv. ríkisstj. ætli ekki að nota þessa heimild nema að takmörkuðu leyti, þá er ég ekki farinn að sjá, að það verði gert, því að reyndin hefur verið sú, að ríkisstjórnir hafa jafnan notað sér til hins ýtrasta þær heimildir, sem þær hafa haft til tekjuöflunar, og ég býst við, að þessi ríkisstj. verði ekki öðrum skárri í þeim efnum, nema síður sé.

Þess vegna finnst mér, að það liggi alveg fullgild rök til þess, að 10. greinin verði felld niður, þar sem, eins og ég áður sagði, bankarnir fá tekjur af þóknunargjaldinu, sem vel á að geta vegið gegn kostnaði af þeirri starfrækslu, sem þeir eiga að taka að sér samkvæmt þessu frv. og innflutningsskrifstofan hefur áður haft með höndum.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. sé búin að fá alveg nægar heimildir til þess að leggja á skatta og tolla, þó að henni sé ekki gefin heimild til þess hér að bæta við 16 millj. kr., sem hún hefur ekki minnstu þörf fyrir.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Það má segja um þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj., að veður sé ekki lengi að skipast í lofti. Við höfum heyrt það undanfarna daga, að hæstv. viðskmrh. hefur lýst því yfir, að lánareglur ríkisstj. séu mjög einfaldar, og ég þarf ekki að skýra frekar ummæli hæstv. viðskmrh., og í spurningatíma hér á miðvikudaginn var skýrði hann nákvæmlega, hverjar reglurnar væru um útlán til sjávarútvegs og landbúnaðar, og væri þar miðað við útlán undanfarinna ára. Í dag, tveim dögum síðar, kemur annar hæstv. stjórnarstuðningsmaður hér upp í ræðustólinn, hv. 5. þm. Reykv., og segir, að útibússtjóri bankaútibúsins í Vestmannaeyjum sé búinn að vera hér í viku til viðræðu við bankastjórnina til að leita lausnar á þeim vandræðum, sem nú væru á ferðinni í Vestmannaeyjum eftir vertíðarlokin. Og hver er þessi vandi? Hann er sá, að þessar lánareglur, þessar einföldu lánareglur, sem hæstv. viðskmrh. hefur gumað svo mikið af hér í deildinni undanfarna daga, standast alls ekki í Vestmannaeyjum og það verður að leita nýrra og annarra úrræða. Undirstrikað er, að það sé mikill vandi á höndum, sem bankastjórnin situr nú yfir. Það er þess vegna sennilegt, að það þurfi eitthvað að víkja frá þessum hörðu reglum, það þurfi þegar á fyrstu dögum efnahagsmálalöggjafarinnar að gera þarna einhverjar breytingar á.

Það er ósköp hætt við því, að gagnvart landbúnaðinum verði sömu sögu að segja. Verði þeirri stefnu haldið áfram, sem nú hefur verið mörkuð, þá er öruggt mál, að landbúnaðurinn stórdregst saman á næstu árum

og dregst ef til vill svo saman, að mjólk verður skömmtunarvara eftir 3—4—5 ár handa börnum og gamalmennum, — ef stefna ríkisstj. heldur áfram í landbúnaðarmálum, ef sú stefna heldur áfram, að enginn bóndi getur lengur flutt inn dráttarvél, að bændur verða að hætta ræktun, hætta byggingum, þar sem kostnaðaraukningin er um 60%, án þess að framleiðsluvörur bænda hækki sem máli skiptir. Kunnur kaupfélagsstjóri sagði mér nýlega, að á sínu verzlunarsvæði liti út fyrir það, að fjöldamargir bændur gætu ekki tekið allan áburð sinn í vor og yrðu að láta hann liggja. Ef þetta er rétt, að bændur landsins geti ekki tekið áburðinn vegna rekstrarfjárskorts, þá sjá allir, hvaða afleiðingar það hefur á mjólkurframleiðsluna þegar á þessu ári, og haldi sú þróun áfram hin næstu ár, þá fer eins og ég sagði áðan, að mjólkin verður skömmtunarvara handa börnum og gamalmennum, þegar fram líða stundir, — ef stefna hæstv. ríkisstj. í þessum lánamálum, bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar, fær að haldast, eins og hún hefur hugsað sér hana í framkvæmd.

Að lokum vil ég mjög taka undir tillögu hv. 7. þm. Reykv., að 1% leyfisgjald verði fellt niður. Það er algerlega ástæðulaust að vera að innheimta margar milljónir af innflutningi, t. d. til þess að standa undir verðlagseftirlitinu, sem væri miklu réttara að væri lagt á verðlagsútreikninga þá, sem verðlagsstjóri þarf að samþykkja, og eðlilegast að taka það upp í lögin um verðlagseftirlit.

Í sambandi við margs konar yfirfærslur, þá er það gersamlega óviðkomandi verðlagseftirliti, eins og ég minntist á í gær hér í hv. d., svo sem yfirfærslur vegna ferðalaga, námskostnaðar, sjúkragjaldeyris, yfirfærslur vegna afborgunar og vaxta af lánum og mörgu öðru, sem ekkert réttlæti mælir með að séu teknar af stórar fjárhæðir til þess að standa undir verðlagseftirliti í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 380 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 398 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GíslG, GJóh, HÁ, DÁ, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ.
nei: SB, GuðlG, US, JPálm, GÞG, IngJ, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SI, AGb, BGr, BF, BK, EI, EmJ, JóhH.
7 þm. (GeirG, EinS, SÁ, HB, GeirH, BP, IG) fjarstaddir.
Brtt. 397 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:14 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og farið hefur gegnum 3 umr. í hv. Nd., fjallar um mjög verulegar breytingar á skipan gjaldeyris- og innflutningsmála hér á landi. Sumpart eru þessar breytingar formlegs eðlis, þ. e. lúta að stjórn þessara mála, sumpart eru þær efnislegar og þó einkum og sér í lagi á þann veg, að verulegar breytingar munu verða á framkvæmd þessara mála í framhaldi af því, ef þetta frv. verður að lögum. Það er gert ráð fyrir, að á gildandi reglugerðum og þeim frílistum, sem heimilt er samkv. gildandi lögum og verður áfram heimilt að gefa út, muni verða gerðar mjög verulegar breytingar.

Ég skal nú gera nokkra grein fyrir helztu efnisbreytingum á skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, sem gerðar munu verða, ef þetta frv. nær samþykki hér á hinu háa Alþingi.

Svo sem kunnugt er, hafa nú um nokkurra ára skeið verið í gildi hér á landi tveir frílistar. Annar hefur veitt heimild til þess að flytja inn vörur án leyfis, hvaðan sem er, hinn hefur veitt heimild til þess að flytja inn vörur frá ákveðnum löndum, frá vöruskiptalöndum. En þó að þessir frílistar hafi verið í gildi og átt að veita innflytjendum rétt til hömlulauss innflutnings, hafa þeir ekki verið raunverulegir, sérstaklega ekki sá frílisti, sem veita skyldi rétt til leyfislauss innflutnings frá öllum löndum, því að gjaldeyrisbankarnir, sem þurft hafa að selja gjaldeyri til kaupa á þessum vörum, hafa skammtað þann gjaldeyri mjög verulega. Hins vegar hefur innflutningur verið raunverulega frjálsari frá þeim löndum, sem við höfum haft vöruskiptasamninga við. Sá gjaldeyrir hefur legið lausar fyrir og því í ýmsum tilfellum verið auðveldara, þegar á heildina er litið, að fá gjaldeyri til innflutnings frá vöruskiptalöndum en frá þeim löndum, sem selja hingað vörur gegn frjálsum gjaldeyri, ef allt er skoðað. Það hefur ekki aðeins verið þannig, að frílistarnir hafi ekki verið raunverulegir og þannig í raun og veru um höft á þeim innflutningi að ræða, sem að forminu til var talinn frjáls og skyldi vera frjáls, heldur hafa einnig þau leyfi, sem hin þar til skipaða nefnd, innflutningsskrifstofan, hefur gefið út og áttu að vera ávísun á gjaldeyri til kaupa á ákveðnum vörum, sem innflutningur er takmarkaður á, þessi leyfi hafa ekki heldur reynzt þau plögg, sem efni þeirra gaf til kynna að þau skyldu vera. Þótt innflytjandi hafi fengið gjaldeyrisleyfi eða innflutningsleyfi í sínar hendur, átti hann eftir að fá gjaldeyri til kaupa á vörunni samkv. innflutningsheimildinni, og það gat oft tekið langan tíma. Það var m. ö. o. einnig skömmtun á gjaldeyri af bankanna hálfu til kaupa á vörum samkvæmt innflutningsleyfum. Ég veit ekki, hvort ég á að segja að hafi verið óheppilegra, að engir frílistar skuli hafa verið í raun og veru, eða hitt, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi skuli ekki hafa verið raunveruleg leyfi til innflutnings eða til ráðstöf-

unar á gjaldeyri, en hvort tveggja þetta hefur að sjálfsögðu verið alls kostar óhafandi ástand.

Það er höfuðtilgangur þessa frv. að ráða bót á þessu ástandi. Það er höfuðmarkmið þess, að þeir frílistar, sem gefnir verða út, verði raunverulegir, þ. e. innflytjendur eigi kost á að kaupa gjaldeyri tafarlaust til innflutnings á öllum þeim vörum, sem á frílistunum verða. Það er hins vegar aðaltilgangur frv., að leyfisveitingarnar verði skipulagðar þannig, að tryggt sé, að vörur fáist fluttar inn eins og leyfin segja til um. Gert er ráð fyrir því, að um það bil 60% af vöruinnflutningnum, eins og hann var á árinu 1958, verði á almennum frílista, sem veiti heimild til innflutnings á þeim vörum hvaðan sem er. Það er kunnugt, að undanfarið höfum við flutt allt frá 20 og upp í 35% af þeim vörum, sem við höfum flutt til landsins, frá jafnvirðiskaupalöndum. Það er gert ráð fyrir því, að vörur, sem við höfum að mjög verulegu leyti flutt þaðan, verði á sérstökum frílista og ekki heimilað að flytja þær vörur frá öðrum löndum en jafnvirðiskaupalöndunum, og tekur þessi vörulisti til u. þ. b. 25% af innflutningnum, eins og hann var, miðað við árið 1958. En innflutningur á þessum vörum verður ekki takmarkaður að magni til. Þó að hann verði bundinn við vöruskiptalöndin, er innflutningsmagn hans ekki takmarkað, þannig að segja má með sanni, að engar magnhömlur, engin höft í bókstaflegri merkingu orðsins verði á sem svarar 85% af innflutningnum, eins og hann var árið 1958. Hins vegar er talið, að óhjákvæmilegt sé að binda leyfum innflutning á vörum sem svarar til um það bil 15% af innflutningsmagninu, eins og það var 1958. En nái þetta frv. fram að ganga, verður mjög breytt um tilhögun á veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir þessu vörumagni, sem háð verður leyfum, þessum 15% af innflutningnum. Tilætlunin er að taka upp það fyrirkomulag á veitingu leyfanna, sem á erlendum málum er kennt við glóbalkvóta og mjög tíðkast hjá þeim þjóðum öðrum í Vestur-Evrópu, sem hafa hjá sér hliðstæðar innflutningstakmarkanir og þær, sem gert er ráð fyrir að við komum til með að halda að því er snertir 15% af innflutningnum. En í sem styztu máli er þetta fyrirkomulag fólgið í því, að fyrir byrjun hvers árs ákveður ríkisstj., hversu mikið magn skuli heimilt að flytja inn á næsta ári af hverri einstakri vörutegund, sem þessi höft taka til, og ákveða það annaðhvort í magni eða verðmæti eða hvoru tveggja. Síðan er þeim aðila, sem með leyfaúthlutunina fer, falið að skipta úthlutun heildarársmagnsins á ákveðin tímabil, t. d. falið að úthluta 5 millj. kr. innflutningi á ákveðinni vefnaðarvöru í tveim, þremur eða fjórum hlutum og ákveðið, á hvaða dögum ársins þessi úthlutun skuli fara fram, og jafnframt eru úthlutunaraðilunum settar ákveðnar reglur um það, hvernig skiptingin skuli fram fara milli innflytjenda, og er þá algengast, að miðað sé við fyrri innflutning á einhverju ákveðnu árabili. Slíkar reglur, sem mikil og góð reynsla hefur fengizt af í nágrannalöndunum, t. d. á Norðurlöndunum hinum, er meiningin að taka upp hér, og ætti með því móti að vera hægt að komast hjá ýmsu handahófi, sem því miður hefur um of einkennt leyfaúthlutun hér á undanförnum árum, auk þess sem innflytjendum er þá gert kleift að vita fyrir fram, hvað heildarinnflutningurinn af hverri glóbalkvótavörutegund verður mikill, og vita fyrir fram nákvæmlega, hvenær því magni, sem í heild verður úthlutað, verður úthlutað, hvernig það skiptist á árið. Ef reglurnar, sem skiptingin milli innflytjenda fer fram eftir, eru líka opinberlega kunnar, eins og meiningin er að láta þær vera hér, þá getur hver innflytjandi vitað fyrir fram, þegar áður en árið byrjar, í öllum aðalatriðum, með hversu miklum innflutningi hann má reikna á árinu. Og ef ekki þurfa að verða snöggar breytingar, ef ekki verða þeir atburðir í viðskiptaheiminum eða á aðstöðu landsins út á við, sem gefa tilefni til snöggra breytinga, má gera ráð fyrir, að hér verði um að ræða fyrirkomulag, sem haldist í öllum aðalatriðum óbreytt frá ári til árs, þannig að öryggi innflytjendanna verður miklu meira en það hefur því miður verið um langan aldur undanfarið.

Að því er snertir gjaldeyrisgreiðslur fyrir öðru en innflutningi, er gert ráð fyrir, að þær verði háðar leyfum, t. d. gjaldeyrisgreiðslur fyrir námskostnaði, ferðakostnaði, eignayfirfærslu, skipaleigum og því líku, en reynt mun verða að setja sem almennastar reglur um þessi efni, þannig að leyfaúthlutunin beri sem minnstan keim af handahófi. Ég skal t. d. geta þess, að tilætlunin er að auka mjög verulega þá gjaldeyrisupphæð, sem menn geta fengið, ef menn hyggjast sigla til útlanda, hvort sem er í verzlunarerindum eða í sumarleyfi. Nú hafa menn fengið sem svarar 40 £ í slíku skyni. Gert er ráð fyrir, að það verði aukið upp í a. m. k. 70 £ og jafnframt verði flugfélögum og skipafélögum heimilað að selja hér á landi farmiða til hvaða lands í heiminum sem er, þannig að hér þurfi ekki að sækja um gjaldeyrisleyfi til greiðslu á ferðakostnaði erlendis, heldur geri flugfélögin eða skipafélögin það í einu lagi gagnvart gjaldeyrisyfirvöldunum. Með því móti á almenn regla um gjaldeyri til þeirra, sem fara til útlanda, að koma miklu sanngjarnar niður. Um greiðslu námskostnaðar og sjúkrakostnaðar verða að sjálfsögðu settar almennar reglur, þannig að sem minnst handahóf komist þar að.

Ég skal þá, eftir að hafa gefið þessa stuttorðu og almennu lýsingu á því kerfi, sem gert er ráð fyrir að taka upp, leyfa mér að skýra hv. þd. frá því í aðalatriðum, hvaða vöruflokkar munu verða háðir leyfum, en það eru fyrst og fremst þessir:

Kartöflur, mjölvörur og sykur. Þungavara alls konar, svo sem kol, olía, járn, stál og

timbur. Krossviður og hvers konar veggplötur. Vefnaðarvörur úr baðmull verða einnig yfirleitt háðar leyfum, enda er þar um að ræða einn þýðingarmesta þáttinn í viðskiptunum við jafnkeypislöndin, sokkar úr gerviþráðum og gólfábreiður. Enn fremur er gert ráð fyrir, að gúmmískófatnaður og hjólbarðar verði háðir leyfum. Sömuleiðis búsáhöld úr leir og gleri og rúðugler. Enn fremur járn- og trésmíðavélar, sem fluttar hafa verið inn frá jafnkeypislöndunum með góðum árangri. Þá ritvélar, rafmagnsmótorar, rafmagnsgeymar og spennar og jarðstrengur. Að síðustu verða bifreiðar háðar leyfum, að undanteknum vörubifreiðum, langferðabifreiðum og strætisvögnum.

Þá þykir mér rétt að skýra hv. d. frá því, hvaða vörur það eru helztar, sem áður hafa verið háðar leyfum eða verið á frílista frá jafnkeypislöndum, en verða nú á hinum almenna frílista, þ. e. verða nú frjálsar frá öllum löndum, þ. e. hvaða vörur það verða, sem innflutningur hefur hingað til verið háður höftum á, en verður nú frjáls frá öllum löndum. Ég tel það upp í sömu röð og það kemur fyrir í tollskránni:

Málning, handsápa og raksápa, björgunarbátar, ýmiss konar smíðaviður, síma- og raflagnastaurar, smíðatól og handverkfæri, dagblaðapappír og ýmiss konar annar pappír, þó ekki skrifpappír, pappírspokar, vefnaðarvörur úr ull, laufaborðar og leggingar, ýmiss konar tilbúinn karlmannafatnaður, skófatnaður úr leðri, reiknivélar, saumavélar, hvers konar vélar til iðnaðar og framleiðslu, að undanteknum járn- og trésmíðavélum, raflagningaefni, ljósaperur, vörubifreiðar, langferðabifreiðar og strætisvagnar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar og kranabifreiðar, skip og bátar, flugvélar og hlutar til þeirra, hljóðfæri, ljósmyndavélar og hlutar til þeirra.

Svo sem á þessari upptalningu sést, er hér um að ræða mjög verulega aukningu á hinum almenna frílista. Hins vegar hefur frá upphafi verið ljóst, að gefa verður þeim íslenzka iðnaði, sem á mest í húfi vegna aukinnar samkeppni, er af þessum breytingum í viðskiptamálunum mun hljótast, nokkurt svigrúm til þess að búa sig undir þá samkeppni. Þess vegna hafa í samráði við iðnmrn. og samtök iðnrekenda verið valdar nokkrar vörur af þessum almenna frílista, og munu þær verða á sérstökum frílista, sem mun ekki taka gildi fyrr en 6 mánuðum síðar en hinn almenni frílisti, og er þá ætlazt til, að iðnfyrirtæki geti notað þann tíma til að búa sig undir þá vaxandi samkeppni erlendis frá, sem gera má ráð fyrir. Frá þessum lista hefur ekki endanlega verið gengið enn þá, en á honum munu ekki verða margar vörutegundir, að innflutningsverðmæti varla meira en um 20 millj. kr., en ein helzta vörutegundin á þessum lista er leðurskófatnaður. Það hefur komið í ljós, að ef innflutningur á leðurskófatnaði yrði gefinn frjáls nú þegar með hinum almenna frílista, mundi íslenzkur skóiðnaður eiga í vök að verjast, en honum mundi hins vegar nægja hálfs árs tími til þess að framkvæma vissar endurbætur og skipulagsbreytingar til þess að geta staðizt erlenda samkeppni, einkum og sér í lagi ef til kæmu einnig nokkrar breyt. á tollskrá, nokkrar leiðréttingar á tollskrá hinum íslenzka skóiðnaði í vil, og eru þær breytingar í athugun hjá sérstakri sérfræðinganefnd, sem um endurskoðun tollskrárinnar fjallar.

Þó að ljóst sé af þessum vörutegundum, sem ég nefndi að muni bætast við hinn almenna frílista, að mjög mun rýmka um höft í innflutningsverzlun landsmanna, er þó aðalbreytingin ekki fólgin í þessari stækkun frílistans, sem ég nefndi, heldur verður aðalbreytingin fólgin í hinu, að frílistinn verður raunverulega frjáls. Nú er eðlilegt, að menn spyrji: Hvernig má það takast allt í einu að gera hvort tveggja í senn, bæði stækka frílistann og lofa því, að hann verði raunverulega frjáls, þegar slíkt hefur ekki tekizt þrátt fyrir ýmsar tilraunir, sem til þess hafa verið gerðar hér á landi öðru hverju s. l. 30—40 ár? Sérstaklega mun þá ef til vill í fersku minni reynslan 1951, þegar einnig var gefinn út frílisti, sem reyndist ekki raunverulegur, þegar fram í sótti. Skýringin á þessu er tvenns konar. Hin fyrri er sú, að jafnframt þessum ráðstöfunum, eða réttara sagt áður en þær koma til framkvæmda, hefur verið gripið til mjög gagngerðra ráðstafana í fjármálum landsmanna innanlands. Það hafa verið gerðar mjög róttækar ráðstafanir að því er snertir útlánastefnu bankanna og þeirra útlánsvexti, þannig að tryggt á að vera, ef sú stefna fær að haldast árið út og framvegis, að ekki verður um óeðlilegar verðbólgumyndanir í útlánaaukningu af hálfu bankakerfisins að ræða á þessu ári. Enn fremur hafa fjárlög verið afgreidd mjög varlega og örugglega hallalaus, þannig að úr þeirri átt á ekki heldur að þurfa að óttast verðbólgupressu á verðlagið innanlands og innflutninginn. En það er einmitt þetta tvennt, sem hefur gert það að verkum, sumpart samtímis, sumpart á víxl undanfarna áratugi, að þær tilraunir, sem hafa verið gerðar til þess að losa um höft á innflutningnum, hafa mistekizt.

Eftir heimsstyrjöldina fyrri var höfuðorsökin til þess haftatímabils, sem þjóðin bjó við frá 1920 til 1923—24, röng verðbólgumyndandi útlánastefna af hálfu Íslandsbanka. Hið sama má segja að hafi verið meginskýringin á þeirri haftastefnu, sem haldið var uppi áratuginn frá 1930 til 1939. Frumorsök haftanna þá var að vísu hið mikla verðfall, sem á skall í heimskreppunni miklu 1930 og 1931, það var frumorsök þess, að höftin voru tekin upp, og missir Spánarmarkaðsins átti síðan verulegan þátt í því, að höftunum var haldið lengur en bein áhrif sjálfrar kreppunnar gerðu nauðsynlegt. En ef litið er á seinni hluta áratugsins 1930—40, var höfuðástæða þess, að höftum var þá enn haldið og var nauðsynlegt að halda þeim að öllu öðru óbreyttu, að af hálfu íslenzkra banka

var haldið uppi útlánapólitík, sem var í engu samræmi við þá stefnu í innflutningsmálum, sem haldið var uppi, og gerði hana í raun og veru illframkvæmanlega, a. m. k. gerði henni ókleift að ná því marki, sem henni var ætlað að ná: að halda uppi gengi krónunnar, enda lauk áratugnum með því, að gengi krónunnar var fellt vorið 1939. Í annan tíma hefur hins vegar röng fjármálastefna ríkissjóðs verið ein af höfuðorsökum þess, að hér hefur orðið að halda uppi höftum. Þetta á fyrst og fremst við tímabilið 1947—49 eða 1950, þegar gífurlegur halli var á ríkisbúskapnum. Reynt var að sigrast á erfiðleikunum með höftum, þó að það tækist hins vegar ekki, enda gripið til mikillar gengisbreytingar enn vorið 1950. Um síðasta áratug, sem nú er nýliðinn, er það að segja, að bæði þessi atriði hafa átt nokkra sök á því, — ég segi sök á því, — að óhjákvæmilegt hefur reynzt að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi með aðstoð nokkurra hafta, en þó hefur það miklu frekar verið sök óeðlilegrar útlánastefnu af hálfu bankanna en rangrar fjármálastefnu af hálfu ríkissjóðs. Auk þess hefur síðan stefnan í kaupgjaldsmálum og það vísitölufyrirkomulag, sem við höfum búið hér við allar götur síðan 1939, átt sinn þátt í að auka á þann skrúfugang verðlags og kaupgjalds, sem einkennt hefur þróunina svo að segja allar götur síðan 1939 og gert það ásamt öðru girnilegt a. m. k. að reyna að sigrast á erfiðleikunum með aðstoð hafta.

Með allar þessar staðreyndir í huga hefur ríkisstj., sem nú situr, ákveðið að ráðast fyrst og fremst að rótum meinsins. Hún gerir sér ljóst, að höft er því aðeins hægt að afnema, að skilyrði séu sköpuð innanlands fyrir því, að hægt sé að komast af án haftabúskapar, og þau skilyrði eru fyrst og fremst heilbrigð útlánastefna af hálfu bankanna, þ. e. að þess sé vel gætt, að engin verðbólgumyndandi áhrif komi frá útlánum bankanna, og svo hins vegar heilbrigð fjármálastefna ríkisins, þ. e. ríkissjóður sé örugglega rekinn með tekjuafgangi eða a. m. k. ekki með halla. Þessar ráðstafanir eru grundvöllur stefnu ríkisstjórnarinnar. Af því að hún telur sig hafa gert þær ráðstafanir á þessum sviðum, sem geri henni kleift að afnema innflutningshöft, að því leyti sem hún hyggst afnema þau, hefur hún boðað þá stefnu og vill fá með þessu frv. aðstöðu til að framfylgja henni. Hitt atriðið, við hlið heilbrigðrar stefnu eða jafnvægis í fjármálum innanlands, sem nauðsynlegt er að hafa í huga, ef skapa á aðstöðu til þess að afnema höft að verulegu eða mestu leyti, er, að um sé að ræða, að landið hafi yfir að ráða nokkrum erlendum gjaldeyrisvarasjóði. Eins og gjaldeyrismálum okkar hefur verið háttað á þessum áratug, er öllum kunnugt, að landið hefur ekki yfir að ráða neinum slíkum sjóði, heldur hefur þvert á móti skuldað erlendis. Þess vegna taldi ríkisstj. alveg nauðsynlegt, áður en hún gerði till. til Alþ. um þær efnahagsráðstafanir, sem hún er nú að beita sér fyrir, að tryggja sér yfirráð yfir allverulegum gjaldeyrisvarasjóði erlendis, á þann hátt að afla sér heimildar til yfirdráttar í þeim alþjóðastofnunum, sem hún er aðili að og hafa það hlutverk að veita löndum, sem líkt stendur á um og Ísland nú, yfirráð yfir gjaldeyrisvarasjóði í yfirdráttarheimildarformi. Þess vegna var þess farið á leit í desember við Efnahagssamvinnustofnun Evrópu í París og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í Washington, að þessar stofnanir veittu Íslandi yfirdráttarheimild, sem nemur samtals um 20 millj. dollara, og tókst að ná slíkum samningum við þessar stofnanir og mega þeir teljast vera mjög hagstæðir. Íslandi eru þar að vísu ekki veitt nein sérréttindi umfram það, sem öll aðildarríki þessara stofnana eiga kost á hjá þeim. Samningar þeir, sem um þessa yfirdráttarheimild hafa verið gerðir, eru að öllu leyti hliðstæðir þeim yfirdráttarsamningum, sem þessar stofnanir hafa gert við fjölmörg önnur aðildarríki sín. En engu að síður telst mjög mikil fyrirgreiðsla í þessum yfirdráttarheimildarsamningum. Í þeim felst mjög mikil aðstoð af hálfu þessara alþjóðastofnana við Ísland, meðan það er að tryggja framgang þessara viðreisnartilrauna í efnahagslífi landsmanna. Árin 1950 og 1951 átti Ísland því miður ekki aðgang að neinum slíkum yfirdráttarheimildum erlendis eða neinum slíkum erlendum gjaldeyrisvarasjóðum, og það átti án efa mjög verulegan þátt í því, að þær fyrirætlanir, sem þá voru uppi um afnám hafta, tókust því miður ekki betur en raun bar vitni um.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um viðskipti Íslands við jafnvirðiskaupalöndin og þau áhrif, sem sú nýskipan mála, sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp, muni hafa á þau. Á hinum sérstaka frílista, sem á munu verða vörur, sem fluttar hafa verið aðallega frá jafnvirðiskaupalöndunum, munu verða vörur, sem nema um það bil 87% af innflutningnum frá þessum löndum eins og hann var 1958, þ. e. eftir sem áður mun verða óheimilt að flytja frá öðrum löndum en jafnkeypislöndunum 87% af þeim vörum, sem fluttar voru frá þessum löndum árið 1958, þannig að segja má, að innflutningur frá þessum löndum sé beinlínis verndaður að því er nemur 87% innflutningsmagnsins frá 1958.

Einhverjir kunna nú að spyrja, hvers vegna þetta sé nauðsynlegt og hvort þessi viðskipti séu ekki Íslendingum óhagkvæm, fyrst nauðsynlegt er að bægja samkeppnisvörum frá íslenzka markaðnum til þess að tryggja innflutning hingað á 87% af innflutningnum frá jafnkeypislöndunum. En þessu er ekki svo varið, að þetta sé neitt tákn þess, að þessi viðskipti séu landinu óhagkvæm. Langstærsti viðskiptaaðilinn af jafnkeypislöndunum eru Sovétríkin, og um það bil 97% af þeim vörum, sem við höfum flutt frá Sovétríkjunum, munu verða á hinum bundna frílista. Það mun því ekki verða hleypt til landsins svo að

segja neinum vörum til þess að keppa við þær vörur, sem við flytjum inn frá Sovétríkjunum. En þetta er engan veginn tákn þess, að innflutningur okkar á þeim vörum, sem við flytjum inn frá Sovétríkjunum, sé landinu eða þjóðarbúskapnum í heild óhagkvæmur. Hér er aðallega um að ræða olíur og benzín, járn og stál, timbur og aðrar slíkar stórar massavörur, sem á er alþjóðlegt gæðamat, tegundamat, ef svo mætti segja, og fluttar eru hingað inn á heimsmarkaðsverði. Ástæðan til þess, að þessar vörur þurfa að vera á hinum bundna frílista, þannig að samkeppnisinnflutningur sé útilokaður, er fyrst og fremst sú, að nauðsynlegt er að gera stóra heildarsamninga um innflutning á þessum vörum, og engin önnur sjónarmið en þau, að við getum fengið þær jafngóðar frá Sovétríkjunum og annars staðar frá á sambærilegu verði, mega ráða því, að við kaupum vörurnar þar.

Þetta sama sjónarmið gildir að vísu ekki í jafnríkum mæli um næststærsta viðskiptalandið, sem er Tékkóslóvakía, vegna þess að þaðan kaupum við miklu fjölbreyttara vörumagn en frá Sovétríkjunum. Það er þess vegna, að hlutfall þeirrar vöru, sem er á bundna listanum, er lægra en af þeim vörum, sem við höfum keypt frá Sovétríkjunum. Engu að síður getur verið nauðsynlegt að binda innflutninginn við þessi lönd, til þess að vörur verði keyptar þaðan, þó að gæði og verð séu í sjálfu sér sambærileg, einungis af því, að gerð vörutegundanna getur a. m. k. í bráð virzt þannig, að ef menn væru algerlega frjálsir að sínu vali, mundu þeir heldur kjósa vörur frá öðrum löndum, sem krefjast frjáls gjaldeyris fyrir útflutning sinn hingað. Þetta á við í mjög mörgum tilfellum og er í sjálfu sér ekki óeðlilegt með hliðsjón af því, að hér er um tiltölulega ný viðskiptalönd að ræða, sem nokkurn tíma getur tekið að vinna sig inn á markað eins og íslenzka markaðinn.

Þetta, sem ég hef nú sagt, hef ég sagt til þess að reyna að réttlæta nauðsyn þess að hafa um það bil 87% af innflutningnum frá jafnvirðislöndunum beinlínis sem bundinn lista, þ. e. beinlínis verja þennan innflutning samkeppni frá frjálsgjaldeyrislöndunum. Ég segi aftur og enn, að þessa vernd má ekki túlka þannig, að hún sé í sjálfu sér vottur um litla samkeppnishæfni þessara landa á markaðnum hér. Hitt er svo annað mál, að eðlilegt er, að viðskiptasambönd, sem þó eru orðin jafngömul og þau, sem hér er um að ræða við jafnkeypislöndin, séu ekki vernduð algerlega, að þau fái einnig aðhald nokkurrar samkeppni frá öðrum löndum, frá hinum svokölluðu frjálsgjaldeyrislöndum. Það er þess vegna, sem sú stefna hefur verið tekin að því er snertir 13% innflutningsins frá 1958, að sá hluti hans verði að mæta nokkurri samkeppni frá frjálsgjaldeyrislöndunum. Þær vörur hafa verið til þess valdar fyrst og fremst, þar sem mest reynir á smekk neytandans og mest reynir á fjölbreytni í vöruvali.

Ýmsir hafa látið í ljós ugg um, að þessi staðreynd, að um það bil 13% innflutningsins frá 1958 muni nú verða að sæta samkeppni frá frjálsgjaldeyrislöndum, muni valda því, að innflutningur frá þessum löndum muni minnka um þessi 13% a. m. k. og þar með útflutningsmöguleikar okkar til þessara landa að nákvæmlega sama skapi. Þetta held ég, að sé á algerum misskilningi byggt. Ég held, að þessi viðskiptasambönd séu þegar orðin svo gömul og gróin, að tekizt hafi að koma hér upp markaði á Íslandi fyrir vörur frá þessum löndum, sem fullkomlega standist samkeppni frá frjálsgjaldeyrislöndunum, og þess vegna þurfi ekki að óttast samdrátt á viðskiptunum sem þessu svarar. Það þýðir að sjálfsögðu harðari samkeppni en verið hefur, en ég vona það og ég treysti því, að útflutningsfyrirtæki í jafnkeypislöndunum séu reiðubúin til þess að taka þá samkeppni upp og að þau reynist hæf um að standast þá samkeppni. Ef þau reynast það ekki, ber það vott um, að viðskiptin hafi ekki verið eins hagkvæm og æskilegt hafi verið.

Þeir, sem láta í ljós ótta um, að þessi staðreynd, að nú verði um að ræða nokkurt samkeppnisaðhald gagnvart nokkrum hluta af innflutningnum frá jafnkeypislöndunum, þeir, sem halda, að sú staðreynd hljóti að þýða minnkandi viðskipti við þessi lönd, hafa minni trú á samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja þessara landa en ég hef.

Ég er því mjög eindregið þeirrar skoðunar og vildi undirstrika hana hér alveg sérstaklega, að ég tel ekkert í þeirri nýju skipan gjaldeyris- og innflutningsmálanna, sem væntanlega verður tekin upp, nái frv. fram að ganga, muni geta leitt til þess, að viðskipti við jafnkeypislöndin hljóti að dragast saman og þar af leiðandi útflutningsmarkaðir okkar þar að minnka. Ég tel þvert á móti, að afleiðingin af hinni nýju skipan muni verða sú, að þessi viðskipti muni haldast í öllum aðalatriðum óbreytt, en að samkeppnin muni vaxa í nokkrum hluta þeirra og það leiða til hagkvæmari verzlunarkjara fyrir almenning hér í lækkandi vöruverði og auknu og fjölbreyttara vöruframboði, sem þá jafnframt mun treysta okkar útflutningsmarkaði í þessum löndum, því að það eru sannarlega ekki tryggir útflutningsmarkaðir, sem byggjast á því einu, að fluttar séu inn vörur til landsins á óeðlilega háu verði eða með óhagstæðum hætti, vegna þess að innflutningur þeirra er beinlínis verndaður með innflutningshöftum. Hitt er heilbrigðara, að við flytjum inn í vaxandi mæli frá þessum löndum vörur, sem standast samkeppnina frá frjálsgjaldeyrislöndunum, þó að ég telji, að sú þróun eigi að koma hægt, og þegar innflutningur hingað frá þessum löndum er þannig og þess konar, að hann stenzt heilbrigða samkeppni við fyrirtæki frá frjálskeypislöndunum, þá fyrst er markaður okkar í þessum löndum orðinn fullkomlega tryggður, og að því ber að sjálfsögðu að keppa.

Þá skal ég fara fáeinum orðum um þá

skipulagsbreytingu á stjórn gjaldeyris- og innflutningsmálanna, sem verða mun, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég lýsti áðan því kerfi, sem mun verða á leyfisúthlutunum, og það er augljóst mál, að öll framkvæmd þess verður miklu einfaldari en þess kerfis, sem verið hefur í gildi um langt skeið undanfarið. Það verður svo miklu auðveldara að framkvæma þær minnkuðu leyfisveitingar, sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. hefur talið vera fært að leggja algerlega niður þá stofnun, sem undanfarið, eða raunar með nokkrum nafnbreytingum um nokkra áratugi, hefur annazt úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frv., að innflutningsskrifstofan verði lögð niður og úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa verði falin þeim viðskiptabönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri, þ. e. Landsbankanum og Útvegsbankanum. En auk þess er gert ráð fyrir, að fulltrúi úr viðskmrn. starfi að þessari gjaldeyrisúthlutun með fulltrúum gjaldeyrisbankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, sem þetta verkefni fá í hendur, til þess að tryggja daglegt samstarf gjaldeyrisbankanna og viðskmrn. Af þessu mun hljótast mjög verulegur sparnaður í mannahaldi og húsnæði, og þetta mun gera kleift að lækka mjög verulega þau gjöld, sem undanfarið hafa verið heimt af innflutningi til þess að standa undir leyfisúthlutunarkostnaðinum.

Samkvæmt gildandi lögum ber að innheimta 1% af öllum leyfum, sem gefin eru út. Skv. þessu frv. er ríkisstj. heimilað að leggja allt að 1% gjald á þau leyfi, sem gefin verða út. Útreikningar hafa sýnt, — og það er raunar í nánari athugun einmitt þessa dagana, — að líkur benda til, að ekki muni þurfa að innheimta nema sem svarar 1/2% af þeim leyfum, sem gefin verða út, auk þess sem gert er ráð fyrir, að ekkert leyfisgjald verði innheimt af leyfum til vöruinnflutnings frá jafnkeypislöndunum, enda væri það að heimta leyfisgjald af innflutningi þaðan, en taka ekkert leyfisgjald af innflutningi frá frjálsgjaldeyrislöndunum, í raun og veru að mismuna innflytjendum eða innflutningi frá þessum tveimur meginviðskiptasvæðum, og það má að sjálfsögðu ekki gera.

Af þessu, sem ég nú hef sagt, er augljóst mál, að þær upphæðir, sem teknar verða af innflutningnum til að standa undir kostnaði við leyfisúthlutunina, munu stórlega minnka frá því, sem verið hefur. Það væri raunar hægt að fara enn lægra, í raun og veru að afnema öll leyfisgjöld af innflutningi, ef ekki vantaði tekjustofn til að standa undir kostnaðinum við verðlagseftirlitið, en um mörg undanfarin ár hefur kostnaðurinn við verðlagseftirlitið einmitt verið greiddur af þessu leyfisgjaldi. Meginhluti af leyfisgjaldinu mun fara til greiðslu kostnaðar við verðlagseftirlitið. Ef annar tekjustofn yrði fundinn til að greiða þann kostnað, mætti fella leyfisgjald algerlega niður, því að kostnaður bankanna mun verða svo smávægilegur, að ég tel víst, að þeir mundu vera reiðubúnir til þess að taka hann á sig án nokkurs sérstaks endurgjalds, og veit raunar, að svo er.

Þá skal ég að síðustu fara fáeinum orðum um annað atriði frv. en sjálf innflutnings- og gjaldeyrismálin. Það er III. kafli þess, þar sem ákveðið er, að þeim höftum, sem um 13 ára skeið hafa verið á fjárfestingarframkvæmdum, skuli nú létt af. Ákveðið hefur verið, að í stað þess fjárfestingareftirlits eða fjárfestingarhafta, sem tekin voru upp með lögum frá 1947 og ekki hafa reynzt árangursrík, hvorki hvað það snertir að takmarka heildarfjárfestinguna né heldur að beina henni inn á þær brautir, sem æskilegastar kynnu að vera taldar frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, komi viðtæk skýrslusöfnun um fjárfestinguna, sem einnig verði látin taka til fyrirætlana um fjárfestingu, þannig að ríkisstj. hafi aðstöðu til þess, ef henni þykir fjárfestingarfyrirætlanir beinast inn á óheppilega braut í heild eða í einstökum atriðum, að grípa í taumana eða beita sér fyrir því, að bankar grípi í taumana.

Í sambandi við þetta stendur svo það, að ákveðið er í 7. gr., að hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar megi semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstj. Hér mundi að sjálfsögðu ekki geta verið um að ræða fjárfestingu í neinum stórum stíl, neina stórvægilega fjárfestingu, nema til komi erlent lánsfé eða þá að til komi stuðningur einhvers af ríkisbönkunum. Ef ríkisstj. getur með eftirliti með lántöku erlendis fylgzt með öllum stórvægilegum fyrirætlunum um fjárfestingu, auk þess sem náið samband er og á að vera milli ríkisbankanna og ríkisstj., þá hefur ríkisvaldið eftir sem áður aðstöðu til að fylgjast með fjárfestingunni í heild og einstökum atriðum, bæði með ódýrari hætti og með hagkvæmari hætti en tekizt hefur með því fjárfestingareftirliti, sem verið hefur hér s. l. 13 ár.

Að því er snertir ákvæði frv. um útflutninginn, er það að segja, að þau eru óbreytt frá gildandi lögum, nema að því leyti, að útflutningsnefndin er lögð niður, en störf hennar eru lögð undir það ráðuneyti, sem hafði þau með höndum, áður en útflutningsnefndin var stofnuð. Af störfum útflutningsnefndarinnar þykir ekki hafa orðið sú reynsla, að ástæða sé til að viðhalda henni. Hún hefur ekki fitjað upp á neinum þeim nýmælum, sem gera réttlætanlegt að halda henni. Þau verkefni, sem hún hefur unnið að, geta eins verið unnin og verða ódýrar unnin í því rn., sem áður hafði störfin með höndum.

Ég hygg, að ég hafi gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og meginrökunum, sem liggja til flutnings þess. Vildi ég að svo mæltu, herra forseti, leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég mun ekki tala langt mál að þessu sinni, en mun gera nokkrar dreifðar athugasemdir við það

frv., sem hér liggur fyrir, sem ég tel rétt að koma á framfæri á þessu stigi.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir greinargóða ræðu. Sú ræða var raunar allmiklu hógværari og málefnislegri en maður hefur séð í þeim skrifum, sem hægt hefur verið að lesa um þetta mál í stjórnarblöðunum að undanförnu, og enn fremur hygg ég, að hún hafi verið nokkru hógværari en þær umræður, sem hafa farið fram um þetta mál í hv. Nd.

Raunar var það svo, að ræða hæstv. viðskmrh. fjallaði ekki svo mjög um frv. það sjálft, sem hér liggur fyrir, heldur var hún að miklu meira leyti skýrslugjöf um það, hvað ríkisstj. hygðist gera, eftir að þetta frv. hefði náð samþykki og væri orðið að lögum. Nú er það að vísu ágætt og lofsvert í sjálfu sér, að hæstv. ráðh. skuli gefa Alþ. þannig skýrslu, til þess að það geti fylgzt með því, hvað ríkisstj. ætlar að gera. En það er bara sá galli á, að Alþ. hefur ekki neina tryggingu fyrir því, að ríkisstj. standi við þær fyrirætlanir í þessu efni, sem hæstv. ráðherra var að lýsa hér áðan. Við urðum vottar að því rétt áðan við umr. í hv. Nd., að það var verið að spyrjast fyrir um, hverju það sætti, að ríkisstj. hefði horfið frá því að innheimta lögboðið gjald, og það kom fram þar, að ríkisstj. hafði talið sér heimilt að hverfa frá innheimtu lögboðins gjalds, án þess að hún hefði þó við lagaheimild að styðjast. Það er nú hætt við því, að ríkisstj. telji sér því fremur heimilt að víkja frá slíkri skýrslugjöf, sem hún hefur gefið, án þess þó að vera bundin í lögum, og þar sem hún hefur í þessu frv. mjög víðtækar heimildir til þess að skipa þessum málum að sinni vild.

En það er einmitt svo, að í þeim umr., sem annars hafa farið fram um þetta mál, hefur það verið túlkað sem eitthvert sérstakt frelsismál. Það hefur verið sagt frá því á þá lund, að ætla mætti, að hér væru að hefjast einhver ný tímamót í verzlunar- og viðskiptasögu landsins. En ég fæ ekki séð, hvernig þetta frv. út af fyrir sig getur markað slík tímamót, og ég get ekki séð, að það felist neitt verulegt skref í þessu frv. í frelsisátt í viðskiptamálum Íslendinga, heldur jafnvel þvert á móti, eins og ég mun síðar koma nokkuð að.

Skv. þessu frv., ef að lögum verður, getur ríkisstj. gert innflutning og útflutning háðan leyfisveitingum. Það getur stjórnin gert. Hitt er annað mál, að hún segist ætla að framkvæma lögin á þá lund, að verulegur hluti innflutningsins verði frjáls, en í raun og veru hefði hún ekki þurft að sækja heimild til þess í þetta frv., því að hún hefði haft til þess út af fyrir sig alveg nægjanlega heimild í gildandi lögum um þetta efni. Breytingarnar, sem í þessu frv. felast frá gildandi l., eru þær, að nýjum aðilum, gjaldeyrisbönkum, ríkisstj. sjálfri og eftir atvikum sérstökum trúnaðarmönnum hennar, er falin úthlutun innflutnings-, gjaldeyris- og útflutningsleyfa í stað þeirra aðila, sem nú annast þessa úthlutun, innflutningsskrifstofunnar, útflutningsnefndar og úthlutunarnefndar jeppabifreiða. Enn fremur á skv. frv. að fella niður þá fjárfestingarstjórn, sem nú er, þ. e. a. s. að fjárfestingarleyfi þurfi til stærri framkvæmda.

Það aukna frelsi, ef svo má segja, sem þar í felst, er í raun og veru það eina aukna frelsi, sem felst í þessu frv. út af fyrir sig. En það leiðir svo af ástandi því, sem skapazt hefur hér í efnahagslífi og peningamálum þjóðarinnar fyrir aðgerðir ríkisstj., að það verður síður en svo í reyndinni um nokkurt aukið framkvæmdafrelsi að ræða. Það verður áreiðanlega ekki um auknar framkvæmdir að ræða, enda er það yfirlýst stefna ríkisstj., að draga þurfi úr fjárfestingu, og hún taldi það einmitt eina höfuðhættuna, sem hún yrði að kveða niður, að fjárfestingin væri of mikil í landinu, a. m. k. sú fjárfesting, sem hún eða talsmenn hennar gáfu heitið pólitísk fjárfesting. En ég fer ekki út í það hér að gera grein fyrir því, við hvað sé átt með þeirri fjárfestingu.

En hvað sem fjárfestingarstjórn og fjárfestingarleyfum líður, er það alger fjarstæða að halda því fram, að þetta frv. út af fyrir sig lögleiði hér á landi eitthvert nýtt og áður óþekkt verzlunarfrelsi, eins og fyrirsvarsmenn þessa máls hafa viljað vera láta.

Ég get ómögulega fallizt á, að þetta frv. sé þvílík frelsisskrá sem formælendur frv. hafa látið í veðri vaka. Og til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni ætla ég að taka frv. til nokkurrar nánari athugunar. Og ég ætla þá fyrst að víkja að þeim þætti frv., sem fjallar um innflutnings- og gjaldeyrismálin.

Það, sem fyrst og fremst felst í frv., að því er innflutnings- og gjaldeyrismálin varðar, er breytt skipan á stjórn innflutningsmála, og það viðurkenndi reyndar hæstv. viðskmrh. áðan. Stjórn þeirra mála, þ. e. a. s. úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, er lögð í hendur annarra stofnana en eftir núgildandi lögum. Aðalbreytingin frá núgildandi innflutnings- og gjaldeyrislöggjöf er sem sagt sú, að eftir frv. á innflutningsskrifstofan að leggjast niður, en hlutverk hennar er falið gjaldeyrisbönkunum eða þeim viðskiptabönkum, sem hafa rétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Í stað 5. og 6. gr. núgildandi laga, nr. 88 frá 1953, eins og þeim var breytt með l. nr. 62 frá 1957, kemur 2. gr. í frv. Það er öll breyt. að því er til innflutnings- og gjaldeyrismála tekur. Að því er þau málefni varðar, eru engar teljandi breytingar aðrar í frv. frá gildandi löggjöf. Réttmæti þessara ummæla minna má sannreyna með því að bera frumvarpsgreinarnar saman við gildandi löggjöf. Hver og einn getur með slíkum nákvæmum samanburði gengið úr skugga um, hvað er nýtt í þessu frv. Það fær þess vegna ekki staðizt, eins og ég sagði áðan, svo sem ýmsir stjórnarsinnar hafa haldið fram, að með þessu frv. sé út af fyrir sig verið að lögleiða hér nýtt og áður alveg óþekkt verzlunarfrelsi.

Sannleikurinn í þessu efni verður alls ekki dulinn, séu ákvæði l. og frv. borin saman um þetta atriði.

Í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga um innflutnings- og gjaldeyrismál, nr. 88 frá 1953, segir svo: „Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls. Enn fremur ákveður ríkisstj. með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli frjálsar. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur skulu háðar innflutnings- eða gjaldeyrisleyfum.“ M. ö. o.: eftir gildandi lagaákvæðum ákveður ríkisstj. það með reglugerð, á hverjum vörum skuli vera frjáls innflutningur. Í 1. mgr. 1. gr. frv. segir svo: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerð, sem ríkisstj. er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.“

Eins og öllum má vera ljóst, eru þessi ákvæði algerlega sama efnis. Á þeim er aðeins nokkur orðalagsmunur, ofur lítill blæmunur, getur maður sagt, en alls enginn efnismunur. Í upphafi beggja þessara ákvæða er stefnuyfirlýsing, sú stefnuyfirlýsing, að innflutningur til landsins skuli verða svo frjáls eða réttara sagt svo óháður leyfisveitingum, sem ástæður leyfa. Það má að vísu segja, að stefnuyfirlýsingin í frv. sé nokkru fortakslausar orðuð, en það skiptir út af fyrir sig ekki máli. Í báðum tilfellum er aðeins um stefnuyfirlýsingu að ræða, eins og ég áðan sagði, sem í hvorugu tilfellinu hefur raunverulega réttarlega þýðingu. Í báðum tilfellum er raunveruleg réttarleg þýðing ákvæðanna fólgin í framhaldinu, en þar er þó einmitt í báðum tilvikunum, bæði eftir l. og eftir frv., algerlega lagt í vald ríkisstj., hvort og að hve miklu leyti innflutningur til landsins skuli vera óháður leyfisveitingum. Í báðum tilfellum á ríkisstj. að ákveða með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls eða óháður leyfisveitingum. Orðalagsmunurinn skiptir engu máli, eins og ég áðan sagði. Að þessu sé svona háttað, er beinlínis viðurkennt í aths. ríkisstj. með þessu frv. Í aths. við 1. gr. frv. segir einmitt orðrétt svo, með leyfi forseta: „Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstj. ákveði með reglugerð, að hve miklu leyti innflutningur og aðrar gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfum. Rétt þykir, að samráð skuli haft við Seðlabankann, áður en sú reglugerð er gefin út, vegna þess sérstaka hlutverks, sem hann hefur í gjaldeyrismálum. Kveðið er á um þetta hlutverk í lögum um Landsbanka Íslands frá 1957, og gerir þetta frv. ekki ráð fyrir breytingum í því efni.“ Það er því eftir sem áður algerlega lagt í vald ríkisstj. að ákveða, hvort og að hve miklu leyti megi flytja vörur til landsins án innflutningsleyfa. Ríkisstj. hefur eftir þessu frv. engu ríkari heimild til þess að setja vörur á frílista en hún hefur eftir þeim lögum, sem nú gilda.

Í öðrum greinum frv., sem að innflutnings- og gjaldeyrismálunum lúta, eru ekki heldur neinar breyt., að því er þau málefni varðar, en um þau efni fjallar I. kafli frv. Þannig er t. d. 3. gr. í frv. algerlega samhljóða 2. gr. laganna. 4. gr. frv. er algerlega shlj. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 88 frá 1953, nema hvað þar er tekið tillit til nokkurra breytinga, sem síðan hafa orðið í lögum, og sama máli gegnir um 6. gr., sem er shlj. 2. mgr. 4. gr. gildandi laga, að því fráskildu, að í frv. er talað um Seðlabankann, þar sem í núgildandi lögum er talað um gjaldeyriseftirlit. En með landsbankalögunum frá 1957 er Seðlabankanum einmitt falið gjaldeyriseftirlitið. 5. gr. er að efni til arftaki laga nr. 42 frá 1948, og er ekki þar um neitt nýmæli að ræða. Sama er svo að segja um 7. gr., sem ákveður, að ekki megi semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstj. Hún kemur í stað 4. gr. l. nr. 105 frá 1945, en samkv. því ákvæði eru það að vísu aðeins opinberir aðilar, sem slíkt samþykki þurfa að fá. 7. gr. frv. er hins vegar einnig ætlað að ná til einkaaðila og má segja, að 7. gr. frv. sé að því leyti til víðtækari. En þetta ákvæði um lántökur einkaaðila erlendis er eitt þeirra ákvæða, sem er algerlega gagnslaust að setja í lög. Það er alveg eins haldlaust og það væri að ákveða í lögum, að einkaaðilar mættu ekki hér innanlands án leyfis einhvers stjórnvalds semja um lán til lengri tíma en eins árs. Slík lagaákvæði eru gersamlega gagnslaus. Þýðing þeirra gæti í hæsta lagi verið sú, að gjaldeyrisyfirvöld teldu sig ekki siðferðilega skuldbundin til að yfirfæra afborganir lána, sem til væri stofnað til lengri tíma en eins árs. En auðvitað er ekki heldur hægt að segja, að slík siðferðileg skuldbinding sé fyrir hendi nú, þótt einkaaðilar stofnuðu til lána erlendis, þar sem þeir gera það algerlega leyfislaust og þurfa ekki áður að sækja um neitt leyfi til slíkra hluta. Ég held því þess vegna fram, að breyt. sé að þessu leyti í raun og veru alls engin, vegna þess að þetta ákvæði er algerlega haldlaust að setja í lög og það er bara sett í lög til þess að sýnast.

Niðurstaða mín er því sú eftir athugun og samanburð á I. kafla frv. við gildandi lagaákvæði, að þar sé engin teljandi nýmæli að finna eða breytingar frá gildandi löggjöf, utan 2. gr. frv., sem kveður á um stjórn innflutningsmálanna. En samkv. henni er, eins og áður segir, gert ráð fyrir því eða ákveðið, að innflutningsskrifstofan skuli niður lögð og úthlutun leyfa falin þess í stað viðskiptabönkunum, sem hafa með höndum kaup og sölu erlends gjaldeyris. Er gert ráð fyrir því, að það verði gert samkv. nánari reglum, er ríkisstj. setur, og maður hafði heyrt, að þessu yrði á þann veg fyrir komið, að það mundi verða sett á stofn gjaldeyrisskrifstofa bankanna, þar sem forstöðumenn yrðu tveir menn,

hvor tilnefndur af sínum banka, og sá þriðji frá viðskmrn., og á þessu fékkst raunar staðfesting í ræðu hæstv. viðskmrh. hér áðan. En jafnframt er ríkisstjórninni, eftir þessu frv., og það er vissulega nýmæli, heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum sínum úthlutun tiltekinna leyfa. Og á þessari heimild er ekki nokkur minnsta takmörkun í frv. Það eru að vísu í aths. við þessa gr. frv. sérstaklega tilnefndir bílar sem sú vörutegund, sem ríkisstj. mundi hafa augastað á að úthluta sjálf eða fela sérstökum trúnaðarmönnum sínum að gera. En auðvitað er sú ráðagerð, sem þar felst í, ekki á neinn hátt bindandi fyrir ríkisstj. Hún getur tekið í sínar hendur úthlutun á hvers konar innflutningi, sem henni lízt, eftir þessu frv. eða falið hann sérstökum trúnaðarmönnum sínum.

Það er þessi breyt., sem mér finnst alveg sérstaklega varhugaverð, og það er kannske einna helzt í þessu atriði, sem kemur fram — reyndar kemur það fram víðar í frv. — sú höfuðstefna, sem er í þessu frv., en hún er á þá lund að draga valdið í þessum viðkvæmu málum meira en nokkru sinni hefur verið áður í hendur hins pólitíska valds, draga sjálfa úthlutunina, jafnvel úthlutun á einstökum vörum eða vöruflokkum, í hendur ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Menn muna, að það hefur komið fyrir hér áður, að einstakir ráðh. hafa fallið fyrir þeirri freistingu að fara að úthluta slíkum vörum. Menn minnast þess kannske, að fyrir nokkuð mörgum árum tók ríkisstj. eða fjmrh. að úthluta bifreiðum, og þeir, sem þá áttu leið um Arnarhvol eða það skrifstofuhúsnæði, sem þar er, minnast þess e. t. v., að þá sátu býsna margir gestir í fordyri þess húss, því að þá var þar oft svo þröngt, að það var vart hægt að komast inn. Það var biðröðin, sem beið eftir viðtali við ráðh. út af bifreiðaúthlutuninni. Og það er kannske slík skipan, sem meiningin er aftur að innleiða, að ráðh. eigi að fara að setjast við að úthluta bifreiðum, sem sérstaklega eru til nefndar í aths. við frv., og svo kannske öðrum vörum og vöruflokkum.

Breytingin er sem sagt sú, að í stað innflutningsskrifstofunnar kemur gjaldeyrisskrifstofa bankanna eða eftir atvikum sérstakir trúnaðarmenn ríkisstj. eða jafnvel ríkisstj. sjálf. Það er að sönnu engin nýlunda, að breytt sé um skipulag á stjórn innflutningsmálanna, eða réttara sagt, að skipt sé um þær stofnanir eða skipt sé um nafn á þeim stofnunum, sem hafa úthlutun leyfa með höndum, og að skipt sé um menn í þeim störfum. Það virðist því miður vera að færast í það horf, að hver ný ríkisstj. hér á landi beiti sér fyrir slíkum breyt. Einu sinni hét þessi stofnun gjaldeyrisnefnd, næst hét hún innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, síðan hét hún viðskiptaráð, svo nýbyggingarráð, svo viðskiptanefnd, svo fjárhagsráð og seinast bara innflutningsskrifstofa. Og stundum hafa setið í þessum stofnunum 2 menn, stundum 5 menn, stundum fleiri. Nú á þessi stofnun sem sagt að skipta enn um nafn, hafa enn fataskipti, og nú á hún að nefnast gjaldeyrisskrifstofa bankanna.

Það er nú sannast að segja, að þegar maður lítur yfir þessa sögu, þá er það að vísu svo og rétt og skylt að viðurkenna, að það hafa margir komið hér við sögu og það eiga margir hlutdeild í þessum stjórnarháttum, og þar er sjálfsagt ekki við einn stjórnmálaflokk fremur öðrum að sakast. En hvað sem um það er, þá verð ég að telja, að slíkir stjórnarhættir sem þessir séu óæskilegir og það sé óheppilegt, að það sé verið að hringla með þessi mál til og frá við hverja stjórnarbreytingu. Og sannast að segja er varla hægt að segja annað en þessar sífelldu breyt. á þessum stofnunum séu orðnar hálfspaugilegar.

Ég skal annars játa það, að frá mínu sjónarmiði séð er það alls engin fjarstæða, að gjaldeyrisskrifstofa bankanna hafi þetta með höndum. En ég mundi þó telja eðlilegt, að þegar þessu er á þann veg fyrir komið, að það er sérstök gjaldeyrisskrifstofa bankanna, sem á að hafa þetta vald með höndum, þá ætti sú stofnun eða sá bankinn, sem ber höfuðábyrgð á gjaldeyrismeðferðinni og hefur gjaldeyriseftirlitið með höndum, Seðlabankinn, aðild að þessari skrifstofu. En það er ekki gert ráð fyrir því, skilst mér, eftir þessu frv., þó að sjálfsagt sé það reyndar svo víðtækt, að það mætti koma því ákvæði inn í reglugerð. En í sambandi við þetta er náttúrlega sjálfsagt að hafa í huga, að það er ekki lögákveðið, að þessir 2 bankar, sem nú hafa rétt til þess að verzla með gjaldeyri, Landsbankinn og Útvegsbankinn, séu eða verði þeir einu bankar, sem hafa rétt til að verzla með gjaldeyri. Skv. gildandi lögum er það á valdi stjórnar Seðlabankans að ákveða, hverjir bankar skuli verzla með gjaldeyri. Og vel mætti það vera, að stjórn Seðlabankans ákvæði, að fleiri bankar skyldu fá þessi réttindi. Og þá skilst mér, að það mundi sjálfkrafa leiða til þess, að það fjölgaði í þessari gjaldeyrisskrifstofu bankanna, því að sjálfsagt hlytu þeir bankar, sem slík réttindi hlytu, þá af sjálfu sér að öðlast fulltrúa á þessari skrifstofu.

Það hefur með réttu verið að því fundið, að það hafi ekki verið að öllu leyti æskilegt lag á þessum málum að undanförnu, og kom það fram í ræðu hæstv. viðskmrh., þar sem það ástand hefur ríkt, að menn hafa getað fengið leyfi hjá innflutningsskrifstofunni, en það leyfi hefur ekki gefið út af fyrir sig neina tryggingu fyrir því, að þeir fengju gjaldeyri út á leyfið hjá bönkunum, og þeir hafa þess vegna oft orðið að fara í tvo staði, þ. e. a. s. þeir hafa orðið fyrst að fá leyfi hjá innflutningsskrifstofunni og síðan að sækja það undir millibankanefnd, hvort og hvenær yfirfærsla ætti sér stað. En þetta hefur einfaldlega stafað af því, að ástandið í gjaldeyrismálunum hefur verið þannig, að gjaldeyrir hefur ekki verið fyrir hendi til þess að yfirfæra skv. leyfum frá innflutningsskrifstofunni. Vitaskuld breytist gjaldeyrisástandið ekkert út af fyrir

sig, það eykst ekkert gjaldeyririnn við það, þó að innflutningsskrifstofan verði niður lögð og sett verði á fót þessi sérstaka úthlutunarskrifstofa hjá bönkunum. En það gæti verið eða er a. m. k. ekki óhugsandi, að hún hefði þá stefnu í sinni úthlutun að úthluta alls ekki innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrr en um leið væri hægt að yfirfæra. Og ef sá háttur væri á hafður, þá mætti e. t. v. segja, að þetta væri einfaldari og greiðari leið, þannig að ég skal ekkert dæma um það á þessu stigi, hvort úthlutunarvaldið sé í sjálfu sér betur komið hjá innflutningsskrifstofunni, slíku sjálfstæðu stjórnvaldi, eða hjá gjaldeyrisskrifstofu bankanna. Um það má lengi deila, og það getur sjálfsagt verið álitamál. Hinu verður aftur á móti ekki með réttu haldið fram sem röksemd fyrir því að leggja innflutningsskrifstofuna niður og setja á stofn þessa gjaldeyrisskrifstofu bankanna, að af því muni verða svo og svo mikill sparnaður, vegna þess að það er bert af þessu frv., að það á eftir sem áður að innheimta sama leyfisgjald og áður hefur verið innheimt, þannig að innflytjendur verða eftir sem áður að greiða sitt 1% leyfisgjald. Sá er munurinn, eins og viðskmrh. hæstv. benti réttilega á, að eftir gildandi l. ber að innheimta þetta, en í frv. er aðeins heimild til að innheimta þetta.

En nú spyr ég: Hefur nokkur hv. þm. nokkurn tíma heyrt um það, að gjald, sem veitt væri heimild til þess að innheimta með l., væri ekki innheimt að fullu? Ég held, að þau dæmi verði ekki mörg nefnd, og það er ekki nokkur vafi á því, að þetta gjald verður innheimt að fullu, og þá er sú röksemd alveg niður fallin, að af þessu muni nokkur sparnaður stafa, enda er það kannske út af fyrir sig ekki veigamikil röksemd í þessu efni.

En þó að ég segði áðan, að ég vildi engan dóm leggja á það út af fyrir sig á þessu stigi, hvort úthlutunarvaldið væri betur komið hjá innflutningsskrifstofunni eða hjá sérstakri gjaldeyrisskrifstofu bankanna, þá er hitt aftur á móti alveg sérstaklega varhugavert og beinlínis stórhættulegt réttaröryggi og jafnrétti því, sem á að ríkja milli þegnanna í þessu landi, að sérstakir trúnaðarmenn ríkisstj., sem raunverulega þýðir: sérstakir vikapiltar ríkisstj., eða jafnvel ríkisstj. sjálf fari að úthluta innflutningsleyfum fyrir vörum, bílum og öðrum vörum, sem hún hefur augastað á hverju sinni og sérstaklega kunna þá að vera eftirsóttar. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta ákvæði og þessi heimild, sem ríkisstj. er þarna veitt, getur orðið undirrót mikillar pólitískrar spillingar og getur orðið upphaf að mikilli rangsleitni, sem erfitt er að sjá fyrir endann á. En einmitt þetta ber glöggt vitni um það, sem ég sagði áðan að væri eða virtist vera höfuðstefnan í þessu frv., og það er, að verið er að draga valdið æ meira í hendur hinu pólitíska valdi. Í því sambandi er þetta frv. ekki neitt einstakt fyrirbæri, því að það gengur eins og rauður þráður í gegnum allar aðgerðir þessarar ríkisstj., sem nú situr, að hún vill draga valdataumana æ meir úr höndum Alþ. og í sínar eigin hendur, fá víðtækar heimildir til þess að gera eitt og annað með reglugerðum og fá Alþ. þannig smám saman til þess að afsala sér því valdi, sem það raunverulega hefur og á að hafa, æ meir í hendur ríkisstj.

En þetta, sem ég hef nú sýnt fram á, er sem sagt allt viðskiptafrelsið, sem þetta frv. felur í sér á sviði innflutningsmálanna. Það er þess vegna alveg auðsætt, að það er ekkert annað en skrum, þegar verið er að tala um þetta frv. sem einhverja sérstaka frelsisskrá á sviði innflutnings- og viðskiptamála.

Ef ríkisstj. ætlar sér að auka frílistann, og því lýsti hæstv. viðskmrh. yfir áðan, og það er ekki ástæða til að efast um, að það sé rétt, sem hann skýrði þar frá, að það vaki fyrir ríkisstj. að gera það, þá hefði hún ekki þurft á neinni nýrri lagasetningu að halda til þess, það hefði hún getað gert að óbreyttum lögum og það hefði hún þá getað verið búin að gera, ef skilyrði til þess eru á annað borð eða hafa verið fyrir hendi.

En hvað er þá um hina meginhlið viðskiptamálanna að segja, útflutningsverzlunina? Gerir ekki þetta frelsisfrv. ríkisstj. ráð fyrir nýju og auknu frelsi á því sviði? Það varðar vitaskuld engu minna máli, að sem mest frelsi ríki á því sviði og að sem allra minnst höft séu lögð á útflutningsverzlunina. En á þeim vettvangi hefur því miður alls ekki ríkt það frelsi hér hjá okkur sem skyldi. Útflutningsverzlunin hefur alls ekki verið svo óbundin sem æskilegt væri. Allt frá 1940 a. m. k. hefur sala útflutningsafurða verið háð leyfisveitingum, og eftir þessu frv. á að leggja niður útflutningsnefnd sjávarafurða, sem sett var á fót með l. frá 1957, en með þeim l. var einmitt meiningin að létta nokkuð af þeim höftum og þeirri einokun, sem útflutningsverzlunin hafði lotið. Þó var salan og útflutningurinn háður leyfisveitingum útflutningsnefndar. En nú á sem sagt að leggja þessa nefnd niður.

Þá skyldi maður ætla eftir öllu verzlunarfrelsinu, sem svo mjög er haft á orði á þessum dögum, að ríkisstj. gæfi útflutningsverzlunina algerlega frjálsa og að hver sem væri mætti nú fara að verzla með og bjóða vörur til útlanda og að sú verzlun væri gerð óháð leyfisveitingum. En það er eitthvað annað en að svo sé. Skv. 8. gr. frv. og eins og hæstv. viðskmrh. rakti hér áðan er ríkisstj. heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar. Enn er það í sömu áttina: að draga valdið úr höndum sjálfstæðra stjórnvalda og í ríkisstj. eigin hendur. Og þetta gengur svo langt, að það má ekki einu sinni bjóða vörur til sölu erlendis nema að fengnu leyfi ríkisstj. Þetta er allt frelsið á þessum vettvangi. Þetta er allt frelsið, þegar kemur að sölu útflutningsafurðanna. Og samkvæmt aths. við 8. gr. frv. er það ætlun ríkisstj. að fela tilteknu ráðuneyti þessar leyfisveitingar undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, eins

og tiðkaðist, áður en útflutningsnefndin var stofnuð, svo að það á ekki einu sinni að vera fyrir hendi það öryggi, að ríkisstj. í heild eigi þó að fjalla um þessi mál. Nei, heldur á bara einum ráðh. að vera falið þetta vald.

Ég er ekki talsmaður þess, að útflutningsverzluninni sé sleppt við allt aðhald og eftirlit, og ég veit, að viðskiptasamningar geta sett útflutningsverzluninni vissar skorður, hjá því verður ekki komizt. En ég held, að það mætti þó að skaðlausu létta af nokkru af þeim fjötrum, sem útflutningsverzlunin raunverulega er hneppt í, og ég bendi á það sem sagt, að þetta ákvæði frv. um útflutningsverzlunina er í ákaflega litlu samræmi við allt það frelsistal, sem á sér stað af hálfu stjórnarsinna í sambandi við þetta mál. Og það er ákaflega undarlegt, að þeir skuli ekki gera neina tilraun til þess að gera útflutningsverzlunina frjálsa. Og manni kemur það þeim mun kynlegar fyrir sjónir, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki einmitt nú grípa tækifærið, þegar hann er yfirmaður þessara mála, til þess að gera útflutningsverzlunina frjálsa eða gera tilraun til þess að gera útflutningsverzlunina frjálsa, óháða leyfisveitingum, því að ég man ekki betur en hann hafi einmitt áður hér á hv. Alþ., að vísu ekki í þessari deild, heldur í Nd., flutt till. í þá átt að gefa útflutningsverzlunina frjálsa. Ég man ekki betur en hann flytti einmitt brtt. þess efnis við frv. að núgildandi lögum um innflutnings- og gjaldeyrismál á Alþingi 1953. Hvers vegna hefur áhugi hans fyrir frjálsri útflutningsverzlun minnkað, eftir að hann komst í íhaldshreiðrið? Það væri nokkuð fróðlegt að heyra skýringar hans á því.

Það er svo nýtt í þessu frv., eins og ég hef áður nefnt, að fjárfestingarstjórnin, sem nú er, á að leggjast niður og það á ekki lengur að þurfa leyfi, sem nú þarf, til stærri framkvæmda. Það má segja um þessa fjárfestingarstjórn, að ég hygg, að hún hafi ekki þrengt beint að almenningi. Samt sem áður má segja, að það sé auðvitað út af fyrir sig æskilegt, að menn geti búið við sem mest frelsi í þessum efnum og geti framkvæmt það, sem þeir kjósa hverju sinni, án þess að þurfa að sækja þar um leyfi. En sá er galli á, að geta þjóðarinnar setur því nokkur takmörk, hversu mikið megi fara í fjárfestingu á hverjum tíma, hversu miklu fé megi verja til framkvæmda af þjóðartekjunum og hversu miklu fé megi verja af þjóðartekjunum til öflunar atvinnutækja, og meðan svo er, sýnist eðlilegt, að nokkur íhlutun af hálfu þess opinbera eigi sér stað um það, í hvað er lagt á hverjum tíma, og það sé látið ganga fyrir, sem gagnlegast er og mest nauðsyn er á hverju sinni. En nú á að afnema þetta. Og eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh., þá er ástæðan til þess, að talið er, að hægt sé að afnema þetta nú, að óhætt sé að sleppa þessu lausu, þær aðgerðir ríkisstj., sem gerðar hafa verið hér innanlands, þ. e. a. s. þær aðgerðir ríkisstj. eiga að tryggja það, að ekki verði ráðizt í það miklar framkvæmdir, að það sé hættulegt að afnema þetta fjárfestingareftirlit, og þessar aðgerðir ríkisstj., sem tryggja það, eru gengislækkunin og sú verðhækkun, sem af henni stafaði, vaxtahækkunin og takmörkun lána. Það voru einmitt þessi atriði, sem hæstv. viðskmrh. benti á í sinni ræðu og nefndi sem aðgerðir, sem m. a. gerðu það kleift að taka upp þá stefnu í þessum málum, sem ríkisstj. hyggst taka upp.

Ég hef nú sýnt fram á það, að ég tel, að það sé fjarri lagi, að það felist nokkurt frelsi út af fyrir sig í þessu frv. fyrir almenning. En í því felst hins vegar frelsi fyrir ríkisstj. Það er sannleikurinn í þessu máli, og það er kjarni þessa máls, að í þessu frv. felst frelsi fyrir ríkisstj., það gefur ríkisstj. nær ótakmarkað vald yfir innflutnings- og útflutningsverzlun landsmanna. Hún getur farið þar að eins og henni lízt. Hún getur farið þannig að, eins og hæstv. viðskmrh. hefur gefið yfirlýsingu um að hún muni gera. Hún getur aukið frelsið. Hún getur fjölgað þeim vörum, sem eru óháðar leyfisveitingum. En hún getur líka hneppt allt í fjötra. Hún hefur heimild til þess eftir þessum lögum. Hún getur gert útflutning jafnt sem innflutning háðan leyfisveitingum. Og hún getur jafnvel, eins og ég hef margtekið fram, sjálf tekið leyfisveitingavaldið í sínar hendur. Það er þetta víðtæka valdframsal í hendur ríkisstj., sem ég alveg sérstaklega gagnrýni, sem ég tel fela í sér sérstaka hættu, og ég óttast það einmitt mjög, að þetta vald í hendi ríkisstj. verði, eins og ég áðan sagði, mikil meinsemd, mikil undirrót að pólitískri spillingu og valdamisbeitingu.

Þetta, sem ég hef nú sagt, lýtur sérstaklega að þessu frv. En það er á þessa lund, sem lýst hefur verið, að það veitir ríkisstj. svo víðtækar heimildir. Það skiptir þess vegna höfuðmáli, hvernig ríkisstj. notar þær heimildir, hvernig hún ætlar að nota þær heimildir, og það var einmitt um það efni, sem ræða hæstv. viðskmrh. snerist mest. Ríkisstj. segist ætla að nota þetta vald, sem hún fær í þessu frv., til þess að draga úr eða fækka þeim vörum, sem háðar séu leyfisveitingu, fækka þeim stórlega, segir á sínu máli, að hún ætli að gera innflutningsverzlunina að meginhluta til frjálsa.

En í því sambandi, þegar menn eru að tala um frjálsa verzlun, þá er auðvitað rétt að gera sér grein fyrir því, í hverju frjáls verzlun sé fólgin. Og hæstv. viðskmrh. vék alveg réttilega að því, að frjáls verzlun væri ekki bara fólgin í því að afnema leyfisveitingar, að gera vöruinnflutning óháðan leyfisveitingum, frjáls verzlun væri líka undir því komin, að það væri fyrir hendi nægur gjaldeyrisforði til þess að fullnægja þeirri eftirspurn eftir vörum, sem væri á hverjum tíma og menn hefðu peninga til þess að kaupa, og jafnframt væri það skilyrði fyrir því, að frjáls verzlun gæti átt sér stað, — og það er vissulega skilyrði

fyrir því, að frjáls verzlun geti átt sér stað og frjáls verzlun sé meira en í orði, — að bankarnir bæði eigi nægan gjaldeyri og láti þann gjaldeyri í té nokkurn veginn viðstöðulaust.

Ríkisstj. segist ætla að fjölga vörum stórlega á frílista og gera þær þannig óháðar leyfisveitingum. En hvaða trygging er fyrir því, að þessar frílistavörur verði fremur eftirleiðis en hingað til fluttar viðstöðulaust inn? Hvaða trygging er fyrir því, að til sé nægur gjaldeyrir til þess að flytja inn vörur fyrir? Það felst ekkert í þessu frv., sem tryggir það. Hæstv. viðskmrh. hefur gert grein fyrir því, hvaða ástæður það séu, sem eigi að tryggja þetta, og hann nefndi þar til tvær höfuðástæður. Það voru annars vegar aðgerðir þær í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir innanlands og við allir þekkjum og ég skal ekki fjölyrða hér um, en eru fólgnar í því að draga saman framkvæmdir og draga stórkostlega úr kaupgetu. Það á að tryggja það, að eftirspurnin eftir innflutningnum verði ekki meiri en góðu hófi gegnir. Og önnur höfuðástæðan og annað höfuðatriðið, sem átti að tryggja það, að hægt væri að hverfa að því nú að gera frílistana að raunverulegum frílistum, eins og hæstv. viðskmrh. orðaði það, var lántaka sú, sem átt hefur sér stað nú fyrir nokkru, sú gjaldeyrislántaka, sem átt hefur sér stað. Um það efni er það að segja, að gjaldeyrisástandið var orðið svo slæmt, að í raun og veru var uppétinn af þessum gjaldeyrisvarasjóði, sem svo var kallaður, þegar það lán var tekið, þá var uppétinn af þeim gjaldeyrissjóði upp undir helmingur. Þannig var nú ástandið, svo að það er kannske ekki alveg til ráðstöfunar allur þessi gjaldeyrisforði, sem gert er ráð fyrir. Í annan stað er það svo, að þetta lán er tekið með þeim skilyrðum, að það á að greiðast upp innan mjög skamms tíma, og það er þess vegna ákaflega óeðlilegt, að hægt sé að festa það um lengri tíma. Og þó að það sé að vísu rétt, að gjaldeyrisástandið sé betra nú í augnablikinu en það var t. d. um síðustu áramót, — jafnvel betra en það var um síðustu áramót, — þó að maður taki ekki tillit til þessara gjaldeyrislána, þá er það svo, að frá mínum bæjardyrum séð er það mikið glæfraspil, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að stofna til alveg óhefts frelsis í þeim skilningi, sem hæstv. viðskmrh. virtist gera ráð fyrir, að menn gætu sem sagt með þennan raunverulega frílista, sem hann kallaði, farið í banka og krafizt þess að fá erlendan gjaldeyri viðstöðulaust út á hann. Ég tel það geysilega mikið glæfraspil. Ég álít, að það gæti svo farið, að eftir nokkurn tíma stæðum við andspænis því, að það væri búið að stofna til svo og svo mikilla skulda erlendis, án þess að við hefðum gert okkur grein fyrir því, og það gæti verið svo komið, án þess að við vissum í raun og veru af, að þessi gjaldeyrisvarasjóður, sem kallaður hefur verið, þetta gjaldeyrislán, sem tekið hefur verið, það væri uppétið og því væri öllu eytt, þegar kæmi að skuldadögunum, — þegar ætti að fara að greiða það, væri ekkert til að greiða með og þá væri svo komið, að skuldirnar við útlönd hefðu hækkað um 800 millj. kr. vegna þessarar gjaldeyrislántöku, vegna þessarar lántöku, sem ætlað er að fara í eyðslulán eða neyzlulán. En það var þó sú tíð, að það voru gagnrýndar ákaflega mikið þær aðgerðir af hálfu vinstri stjórnarinnar að taka lán til margvíslegra nauðsynlegra framkvæmda, þó að þær lántökur væru ekki hærri en sem svarar 450 millj. kr., til nauðsynlegra framkvæmda, og svo nokkuð þar fram yfir, sem aðrir aðilar tóku.

Ég óttast það sem sagt mjög, að ef ríkisstj. gerir tilraun til þess að framkvæma þessa stefnu, sem hún nú boðar, þá leiði það okkur í fullkomið öngþveiti í þessum efnum. Og ég vil spyrja hæstv. viðskmrh., hvert samráð hann hafi haft við bankana um þetta efni, hvert samráð hann hafi t. d. haft við Seðlabankann í þessu efni, hvort það liggi fyrir, að sá banki og sú stofnun, sem hefur mest um þessi mál að segja, telji nokkurt vit í svona ráðagerð, eins og hér er uppi höfð. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, og náttúrlega væri ekki nema sjálfsagt, að þetta frv. og þá sérstaklega sú fyrirætlun ríkisstj., sem hún gerir grein fyrir í sambandi við þetta frv., væri send stjórn Seðlabankans til umsagnar til þess að sjá, hvort þeir aðilar, sem eru því kunnugastir, hvar skórinn kreppir að í þessu efni, leggja til, að horfið sé inn á slíka braut, eins og ríkisstj. ráðgerir.

Ég verð nú því miður að fara að ljúka máli mínu, vegna þess að fundarhlé er að koma, svo að ég skal ljúka þá mínu máli. Það er náttúrlega margt fleira, sem mætti segja um þessi mál, ekki beinlínis í sambandi við frv. sjálft, sem ég hef tekið hér til athugunar, og ég tel ekki ástæðu til þess að bæta við það. Ég hef sýnt fram á, að þetta frv. er út af fyrir sig ekkert annað en sýndarfrv. En það er ástæða til þess að ræða miklu ýtarlegar um mörg atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh., og þær fyrirætlanir, sem ríkisstj. hefur í hyggju. M. a. er náttúrlega mjög mikið atriði, sem ég skal þó ekki ræða um í þessu sambandi, þar sem ég mun nú ljúka máli mínu, það eru viðskiptin við vöruskiptalöndin. Því er ekki að leyna, að það bera margir ugg í brjósti, og það kom glöggt fram hjá hæstv. viðskmrh., að hann hefur orðið var við þann ótta, sem er hjá mörgum um það, að af þeirri stefnu, sem ríkisstj. boðar í þessu efni, muni það leiða, að viðskipti við þessi lönd kunni að dragast saman. En hvað sem segja má um innflutning frá þessum löndum, þá er öllum ljóst, að það er lífsnauðsyn fyrir okkur að selja þangað mikið af okkar útflutningsafurðum.

Ég skal aðeins, áður en ég lýk máli mínu, benda á eitt atriði í þessu frv., sem gæti komið til athugunar hjá þeirri n., sem fær það til meðferðar, og ég veit satt að segja ekki, hvað fyrir ríkisstj. vakir í því efni. Í þessu frv. er á nokkrum stöðum talað um ríkisstj.,

að ríkisstj. er falið að gera þetta eða hitt og henni er veitt vald til þess að gera þetta eða hitt. Það er mjög títt í lögum, að það sé notað þannig orðalag, að ríkisstj. sé falið að gera þetta eða hitt. Ég held, að það sé viðtekin lögskýring, þegar þannig stendur í lögum, að þá er það ekki skilið á þá lund, að það sé ríkisstj. í heild, sem eigi að fara með þau mál eða fjalla um þau efni, sem þannig er til orða tekið um, heldur er átt við hlutaðeigandi ráðuneyti. Þetta var mönnum ljóst í sambandi við setningu l. nr. 88 frá 1953, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála. En það var ætlunin eftir þeim lögum, að þau mál heyrðu undir ríkisstj. alla í heild, og þess vegna var talið nauðsynlegt að taka það fram í 13. gr. þeirra laga, að „þar sem í lögum þessum er talað um ríkisstj., er átt við ríkisstj. í heild." Þetta ákvæði hefur verið fellt niður úr þessu frv. Það er ekki að finna í þessu frv., og þar af verður ekki önnur ályktun dregin en eftir venjulegum lögskýringarreglum, að þar sem nú er í frv. talað um ríkisstj., þá sé átt við hlutaðeigandi ráðuneyti. Ég veit ekki, hvort þetta er meining ríkisstj. eða hvort hér er um vangá að ræða. En ef það er ætlun ríkisstj., að hér eftir heyri þessi mál, svo viðkvæm sem þau eru og svo mikið vald sem þar er fengið ríkisstj. í hendur, aðeins undir hlutaðeigandi ráðuneyti og undir hlutaðeigandi einn ráðh., án þess að hann þurfi að hafa samráð um það við sína samráðh., þá er þetta frv. enn varhugaverðara þó en það annars væri, því að það er þó alltaf nokkurt öryggi í því fólgið, að það fjalli fleiri menn um mál sem þessi, en það geti ekki bara einn einstakur ráðh. ráðið þeim til lykta, t. d. einn einstakur ráðh. farið að úthluta leyfum eftir geðþótta sínum.

Ég skal svo, herra forseti, láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 10. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála er einn liður í þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir og sýnist þvinga áfram meira af kappi en forsjá. Frv. er því vart unnt að ræða í heild án þess að víkja um leið nokkuð að því, sem á undan er gengið hér á þingi í vetur, þeim málum, sem hæstv. ríkisstj. hefur barið í gegn.

Viðskiptahöftin verða afnumin og verzlunin gefin frjáls. Innflutnings- og gjaldeyrisskrifstofuna við Skólavörðustíg á að leggja niður. Hún hefur ekki lengur neinu hlutverki að gegna og verður því sett til hliðar eins og hver annar aflóga gripur. Þetta boða stjórnarflokkarnir af talsverðu steigurlæti, bæði á mannfundum og í blöðum að undanförnu. Afnám hafta og frjáls verzlun eru orð, sem klingja þægilega í eyrum og eru ekki ólíkleg til að vinna einhverja lýðhylli, enda hefur þess oft gerzt þörf í stjórnarherbúðunum, en þó líklega aldrei eins og nú. Það er rétt, að skrifstofan við Skólavörðustíg verður lögð niður, enda ekki sparað að segja frá því. Hins er minna getið, að um leið og þeirri skrifstofu verður lokað, á að opna nýjar skrifstofur sömu tegundar á öðrum stöðum í bænum. Þeirra verður líka full þörf, því að sannleikurinn mun reynast sá, að höftin verði ekki afnumin og verzlunin ekki gefin að fullu frjáls. Það sparast ekkert við að loka skrifstofunni við Skólavörðustíg, síður en svo. Nýju skrifstofunum, sem við eiga að taka, eru ætlaðar miklu hærri fjárhæðir í rekstrarkostnað en þeirri gömlu. Talið um óheft frelsi og talið um sparnað er ekki annað en leikaraskapur.

Það má raunar telja loddaraleik af þessu tagi næstum einkennandi fyrir núverandi valdhafa, og því til sönnunar skal ég rifja upp í örfáum orðum nokkur eldri dæmi. Bóta- og styrkjakerfið lofuðu stjórnarflokkarnir að leggja niður, og var svo látið heita, að hin gífurlega gengislækkun væri fyrst og fremst til þess gerð. Afnám bótakerfisins var eitt hátrompið á hendi stjórnarflokkanna í kosningaáróðrinum, eins og menn muna. Síðan settu þeir löggjöf og sögðu fólki, að með henni væri bótakerfið endanlega úr sögunni. Enn í dag streitast þeir við að halda því fram, að bótakerfið sé úr sögunni. Þó var niðurgreiðslum á vöruverði aldrei hætt, ekki einu sinni úr þeim dregið, heldur hafa þær þvert á móti verið stórauknar, og nú fyrir nokkrum dögum ákvað hæstv. ríkisstj. að hefja á ný bótagreiðslur til þeirra, sem útflutning sjávarafurða annast. Útflutningssjóður hefur aldrei hætt störfum og mun starfa áfram svo lengi sem hæstv. ríkisstj. sýnist. Þá heimild tryggði hún sér í l. um efnahagsmál. Gengið átti að lækka, til þess að unnt yrði að afnema bótakerfið. Gengið var lækkað, en bótakerfið ekki afnumið. Slíkur er hráskinnsleikurinn, sem hæstv. ríkisstj. leikur. Söluskatturinn gamli var ranglátur og orðinn býsna óvinsæll. Stjórnarflokkarnir hétu því fyrir kosningar að afnema hann og gerðu það raunar, enda hafa þeir haldið því afreki sínu mjög á lofti. Hitt ræða þeir helzt ekki að fyrra bragði, að í stað gamla söluskattsins lögleiddu þeir nýjan söluskatt og enn þá ranglátari. Þeir stóðu við loforðið, en innleiddu bara annað verra í staðinn. Afnám tekjuskatts af lágum launum var eitt loforðið, sem talið var freistandi og því óspart notað sem agn í síðustu kosningum. Nú hafa lög um afnám tekjuskatts af láglaunum verið samþ., svo að ekki eru svikin í því efni. Það er farið liðlega í kringum hlutina, ekki vantar það. Í stað tekjuskattsins er þegar lögleiddur annar skattur með öðru heiti, sýnu varhugaverðari og láglaunafólki miklu þyngri í skauti en gamli skatturinn.

Þetta eru aðeins fáein dæmi af mörgum um þær brellur, sem hæstv. ríkisstj. hefur í frammi við almenning. Ég vil frekar kalla þær grófar en fágaðar og tel þær bera meiri keim af óskammfeilni en kænsku.

Í stjórnarfrv. því, sem nú er til 1. umr. hér í hv. d., kemur óskammfeilnin glögglega í ljós. Í upphafi þess er fullyrt, að innflutningur til landsins skuli vera frjáls. Sú staðhæfing er blásin upp í yfirskriftum og í dálkum Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins, en þegjandi gengið fram hjá hinu, að meginmál frv. er ekki um annað en höft og heimildir hafta. Hvers vegna eru þessi loddarabrögð leikin? Hvers vegna er alltaf verið að sýnast? Hæstv. ríkisstj. getur bersýnilega leyft sér margt og gerir það. En eitt getur hún ekki leyft sér, og það er að vera hreinskilin. Þess vegna eru öll látalætin og undanbrögðin. Hún er hrædd við almenningsálitið og það ekki að ástæðulausu. Stefna stjórnarflokkanna er miðuð við hagsmuni fámennrar stéttar, og því er þeim erfitt um vik að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Þegar verkamannaflokkar og bændaflokkar berjast fyrir hagsmunum sinna umbjóðenda, þurfa þeir þess ekki með að dulbúa fyrirætlanir sínar. Þeir geta játað það undanbragðalaust, að þeir séu hlutdrægir fyrir hönd sinna stétta og vilji gera þeirra hlut í þjóðfélaginu sem mestan. Launþegar og bændur mynda langfjölmennustu stéttir landsins, og því þurfa flokkar þeirra ekki að fara í launkofa með áform sín. Þessu er öðruvísi háttað um íhaldsflokkana, sem gæta hagsmuna tiltölulega fárra manna, hagsmuna, sem að jafnaði rekast á hag og heill almennings. Það er því ekki undarlegt, að íhaldsflokkar öðrum fremur reyni eftir megni að dylja sinn sanna tilgang.

Fyrir 14 árum rituðu þeir Jónas Haralz og Torfi Ásgeirsson greinaflokk um dýrtíðarvandamálið, þar sem þeir bentu á leið út úr ógöngunum. Í þessu riti tóku þeir það skilmerkilega fram, að ekki sé til nein lausn, sem sé sú eina rétta frá hagfræðilegu sjónarmiði, — „hver sá, sem tekur sér slík orð í munn, veit annaðhvort ekki, hvað hann er að segja, eða talar mót betri vitund," segja þeir orðrétt. Þeir viðurkenna hreinskilnislega, þessir höfundar, að þeir ræði dýrtíðarvandamálið út frá sjónarmiði launþega, verkamanna, sjómanna, starfsmanna og annarra þeirra, er að mestu hafa afkomu sína undir eigin vinnu og afköstum hennar, eins og t. d. bænda og hlutarsjómanna. Og þeir bæta við þessum orðum: „Við erum vísvitandi hlutdrægir fyrir hönd þessara aðila, fyrir hönd yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar." Fyrir 14 árum gat Jónas Haralz játað umbúðalaust, hverra taum hann dró í lausn sinni á dýrtíðarvandanum þá, því að þá bar hann hag alls þorra þjóðarinnar fyrir brjósti. Nú hygg ég hins vegar, að hann telji sig ekki hafa efni á sömu hreinskilni. Nú mun hann láta óátalið, að stjórnarliðið talar æ ofan í æ um hina einu réttu lausn efnahagsvandans, og nú hefur hann víst ekki hátt um hlutdrægni sína. Fyrir 14 árum dró hann taum fjöldans, en nú dregur hann taum fárra útvalinna, það gerir gæfumuninn.

Stjórnarflokkarnir eru að leysa vandamál efnahagslífsins. Þeir gera það á sinn hátt sem íhaldsflokkar og sínum mönnum til hagsbóta. Ráðstafanir þeirra eru m. a. í því fólgnar að færa fjármagnið til á milli stétta, taka frá launþegum og bændum, en færa atvinnurekendum og kaupsýslumönnum. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, en þó erfitt við það að kannast opinberlega vegna þess, hve fjölmennar þær stéttir eru, sem frá er tekið. Ótti við þessar stéttir er eðlilegur, og það er hann, sem knýr hæstv. ríkisstj. til allra hinna klaufalegu loddarabragða, sem ég nefndi dæmi um áðan.

Því verður ekki neitað, að íhaldsflokkarnir, sem nú fara með stjórn landsins, kunna vel til verka að hygla sínum. Það sést m. a. á frv. því, sem nú liggur fyrir. Þar er ríkisstj. áskilinn allur réttur, hún getur veitt hverjum sem er í heildsalastétt þau fríðindi að gera vöruinnkaup á þeim stað erlendis, sem bezt hentar hans hagsmunum hverju sinni. Þannig verður heildsalinn óháðari en áður þeim hömlum, sem settar voru vegna hagsmuna þjóðarbúsins. Að hæstv. ríkisstj. ætli sér að veita stórkaupmönnum þessi sérstöku fríðindi, má marka af því, að hún hefur þegar tekið 800 millj. kr. erlent eyðslulán og heitir því að taka meira, ef á þurfi að halda. Stjórnarliðið hefur áður býsnazt mikið út af fjárfestingareyðslu þjóðarinnar og það ekki með öllu að tilefnislausu. Í þessu frv. er þó gert ráð fyrir, að síðustu leyfum fjárfestingarhafta verði nú útrýmt úr lögum. Skal eftirleiðis frjálst og hömlulaust að byggja svo stórar óhófsíbúðir sem vera skal og reisa hvers konar verzlunar- og viðskiptahallir og önnur skrauthýsi, en til þess hefur hingað til orðið að sækja um leyfi. Hverjum skyldi koma þetta nýja frelsi vel nema máttarstólpum Sjálfstfl., fjárgróðamönnunum?

Þrátt fyrir þessa tilslökun er það ætlun hæstv. ríkisstj. að hefta fjárfestinguna í landinu. En það verður gert með öðru móti, sem sé því að skerða lífskjör almennings nægilega mikið og torvelda honum auk þess lántökuleiðina.

Íhaldsflokkarnir gleymdu ekki heldur sínum mönnum, þegar hin fyrri efnahagsmálafrumvörp voru samin. Það var svo sem munað eftir hátekjumönnum við breyt. á lögum um tekjuskatt. Þá var nokkurra hundraða króna skatti létt af láglaunafólki, en um leið sluppu hátekjumenn við mörg þús. kr. skatt, og kannske var allur leikurinn einmitt til þess gerður. Þegar fjölskyldubætur voru auknar í vetur vegna hinnar gífurlegu kjaraskerðingar, sem gerir lægstu tekjur með öllu ónógar til lífsframfæris, þá voru auðmanninum ætlaðar jafnháar fjölskyldubætur og fátæklingnum. Allt, sem öðrum er veitt, skal milljónamæringurinn fá og að auki sitthvað þar fram yfir. Söluskatt á innfluttum vörum tvöfaldaði hæstv. ríkisstj. nýlega og ríflega þó, og í leiðinni rétti hún kaupmönnum smáglaðning. Hún leyfði þeim sem sé, bæði heildsölum og smákaupmönnum, að hækka álagningu sína vegna þessa háa söluskatts, leyfði þeim m. ö. o. að

hagnast ofur lítið aukreitis á skattpíningunni, en neytendur borga brúsann.

Þá er bönkum og öðrum peningastofnunum ekki gleymt frekar en gróðastéttunum. Er bönkunum hyglað á hinn margvíslegasta hátt, og í 10. gr. frv., sem hér er verið að ræða, eru þeim ætlaðar milljónir króna fyrir það eitt að úthluta leyfum, sem hæstv. ríkisstj. þykist ætla að gera óþörf. Það vill margt hjá þessari ágætu hæstv. ríkisstj. reka sig hvert á annars horn, en þó er tilhneigingin alls staðar hin sama, að færa þjóðartekjurnar sem mest yfir á fárra hendur.

Frv. til laga um innflutnings- og gjaldeyrismál er í 14 greinum. Eiga þessar 14 greinar að koma í stað fjögurra lagabálka minnst, og gæti það bent til, að víðar hygði hæstv. ríkisstj. á samdrátt en í efnahagslífinu. Þessarar stefnu gætti einnig í fyrri frv. hæstv. ríkisstj., svo að þetta er engin tilviljun. Virðist stefnan vera sú, að löggjafinn segi stjórninni sem minnst fyrir verkum og láti hana hafa sem frjálsastar hendur. Því skulu lög samin sem rúmust og sem losaralegust og hafa fátt annað að geyma en heimildarákvæði til handa framkvæmdavaldinu. Hv. þdm. minnast vafalaust umr. um söluskattsfrv. Þá var haft mjög á orði hið óvenjulega mikla vald, sem í því frv. var lagt í hendur ráðh. Svipuðu máli gegnir um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Í því er fátt beinharðra ákvæða, en því meira um heimildir. Nær því hver grein þess fjallar um heimild handa ríkisstj., skilyrði, sem hún getur sett, eða undanþágur, er hún ein má veita. Mun þetta þykja einkar hentugt fyrir ráðríka stjórn eða stjórn, sem hyggur á vafasamar aðgerðir, en sérstaklega lýðræðisleg er slík lagasetning ekki. Sem dæmi um þessi vinnubrögð má nefna, að samkvæmt frv. skulu lög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri frá 1948 numin úr gildi, en í þeirra stað kemur ein mgr., þar sem það eitt er ákveðið, að ríkisstj. sé heimilt að setja reglur um þessi efni að eigin geðþótta. Það hefur komið fram í öðru efni einnig, að þessari hæstv. ríkisstj. er sérstakur ami að afskiptum Alþingis af málum. Var það mikið rætt í þingbyrjun í vetur, eins og allir muna.

Það má segja, að upphafsorð frv. séu ekki með neinum aumingjasvip, og raunar eru þau ekki alveg laus við yfirlæti: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls.“ Munnurinn er strax tekinn fullur, en síðan er farið að spýta út í smágusum: „Innflutningur á vörum skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í reglugerð, er ríkisstj. gefur út.“ Þetta er fyrsta gusan af gúlsopanum, og síðan koma þær hver af annarri. Stjórninni er heimilt að setja skilyrði um innflutning og um gjaldeyrissölu, henni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela trúnaðarmönnum sínum úthlutun leyfa. Hún getur veitt undanþágu frá, að íslenzkir aðilar selji bönkunum erlendan gjaldeyri sinn o. s. frv. Ríkisstj. gefur og ríkisstj. tekur, hennar er valdið og dýrðin. Annars hefði ekki verið úr vegi að haga kaflaskiptingu frv. á annan veg en gert er. Hefðu tveir kaflar nægt fyllilega og hinn fyrri þá hljóðað á þessa leið: „Allur innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls.“ Síðari kaflinn hefði svo fjallað um allar undanþágurnar, fyrirvarana og skilyrðin og þar með að um innflutnings- og gjaldeyrismál skyldi fara eftir geðþótta ríkisstj. á hverjum tíma og á hverjum stað. Það var svo sem vitað fyrir fram, að allt tal stjórnarflokkanna um viðskiptalegt frelsi er alveg út í hött, enda sannar þetta frv. það ótvírætt. Innflutningur frá jafnkeypislöndunum svokölluðu er fyrir fram ákveðinn með samningum, og hann nemur a. m. k. þriðjungi alls innflutnings. Við það bætist, að allar þær vörur, sem ýmist eru keyptar austan járntjalds eða vestan, verða framvegis sem hingað til háðar leyfum. Þá kemur og þverrandi kaupgeta almennings bráðlega til með að verka sem höft á innflutninginn. Og loks verður þetta marglofaða viðskiptafrelsi um alla tíð háð útflutningsverðmætunum, gjaldeyrisöfluninni. Ég býst varla við, að hæstv. ríkisstj. ætli þjóðinni að lifa á yfirdráttarlánum um alla framtíð. Í sjálfum áróðurspésa hæstv. ríkisstj. er játað, að 40% innflutningsins verði áfram háð leyfum, og er það vafalaust of lág tala, enda ekki gert ráð fyrir því, sem þó er fyrirhugað, að ég hygg, að gefa ekki frjálsar þær iðnaðarvörur erlendar, sem hættulegar geta orðið innlendum iðnaði í samkeppni.

Almenningur eða þjóðin í heild græðir áreiðanlega ekki á þessu fyrirhugaða verzlunarfrelsi hæstv. ríkisstj. Hins vegar kunna voldugustu heildsalarnir og aðrir fjársterkustu menn þjóðarinnar að hagnast í bili á þeim breyt., sem ráðgerðar eru á skipan innflutnings- og gjaldeyris- og fjárfestingarmálanna. Það er líklegt, að þeir heildsalar, sem þess sinnis eru, geti með aðstoð yfirdráttarlánanna beint viðskiptum sínum í ríkara mæli en áður til þeirra erlendu fyrirtækja, sem bezt bjóða í umboðslaunum og faktúrufölsun, og er það þá auðvitað þeirra gróði, en tæpast eykst þjóðarhagur í heild við slíkt.

Það er svo, að alltaf græða einhverjir. Jafnvel í frumstæðustu og fátækustu þjóðfélögum eru fáeinir útvaldir, sem fleyta rjómann. Eins verður það hér, þótt stjórnarflokkunum takist að skapa almennt kreppuástand. Þeir sterkustu í gróðastéttunum fljóta ofan á, og þeir þrífast eftir sem áður og jafnvel ekki síður, þegar neyðin kreppir að fjöldanum. Minni spámenn í gróðastétt fara á hausinn, og viðskiptin safnast á hendur færri manna en áður og þeim vegnar vel. Fyrir þá verður innflutningsfrelsið og fjárfestingarfrelsið fyrst og fremst, en þorri þjóðarinnar þarf ekki svo mjög á því frelsi að halda, með því að hann skortir fé til þess að njóta þess. Það er svo sem flestu haganlega fyrir komið í bjargráðaráðstöfunum hæstv. ríkisstj.

Svipmót hæstv. ríkisstj. skýrist með hverju nýju frv., þrátt fyrir allan dulbúninginn. Það frv., sem nú hefur verið lagt fram hér í hv. d. og tekið til umr., er í rökréttu samhengi

við þau, sem áður eru komin. Fyrst er allt kaupgjald slitið úr tengslum við vísitölu og síðan gerðar róttækar ráðstafanir til verðlagshækkana, skattahækkana og vaxtahækkana. Afleiðingin er fyrir fram kunn: skert lífskjör og skert kaupgeta alls almennings í landinu. Þegar sú kaupgeta er orðin nægilega stýfð, er tíminn kominn til að boða frjálsan innflutning og frjálsa verzlun. Kaupið þið nú, góðir hálsar, er sagt við fólkið, þegar búið er að reyta það inn að skyrtunni.

Tilgangur valdhafanna er auðsær. Þjóðin hefur lifað um efni fram, segja hinir prúðu í þeirra hópi og þar fram eftir götunum, allt í hálfkveðnum vísum. Þeir reyna með orðum að villa á sér heimildir, en verkin koma upp um þá. Afdráttarlaus sannleikurinn um afstöðu stjórnarflokkanna var þó orðaður af einum íhaldsleiðtoganum. Hann komst þannig að orði: „Efnahagsörðugleikar þjóðarinnar stafa af því, að verkafólkið hefur tekið meira í sinn hlut en komið gat til skiptanna.“ Hér er stefna íhaldsflokkanna í hnotskurn. Svipað hefur nú nýlega verið sagt um bændurna. Þeir hafa með frekju hrifsað meira en þeim bar. Þetta þarf að leiðrétta, og það er hæstv. ríkisstj. nú að gera.

Fyrir kosningar í haust lofuðu núv. stjórnarflokkar því hátíðlega frammi fyrir alþjóð að vísa henni leiðina til bættra lífskjara. Hinn 14. okt. birti Morgunblaðið langa ræðu, sem einn íhaldsleiðtoginn hafði þá nýlega flutt á Óðinsfundi. Er þar lögð alveg sérstök áherzla á þá stefnu Sjálfstfl. að stöðva dýrtíð og tryggja kaupmátt launa. Nú sjá allir efndirnar á þeim loforðum. Þar var því líka heitið, að Sjálfstfl. skyldi tryggja næga atvinnu í landinu og vinna markvisst að aukinni útflutningsframleiðslu. Í dag óttast allir, að einnig þessi loforð verði svikin, enda bendir óneitanlega margt til þess, að atvinnuleysi og minnkandi framleiðsla sé á næsta leiti.

Hæstv. ríkisstj. gerir sér það nú orðið ljóst, að hún er búin að koma upp um sig og nú vantreystir þorri þjóðarinnar henni. Hvað gerir hún þá? Hún neyðist að vísu til þess að játa á sig dýrtíðaraukninguna og launaskerðinguna, en þó lætur hún ekki af blekkingatilraunum sínum. Nú ákallar hún þjóðina og biður um þolinmæði og langlundargeð. Veitið okkur frest í 1—2 ár, og þá skal hagur almennings batna, segja stjórnarliðarnir. Þeir reyna að kaupa sér frest til þess að geta haldið áfram iðju sinni, tilfærslu tekna frá fátækum til ríkra og samdrætti í atvinnu og viðskiptum.

Ég hef aldrei heyrt nein frambærileg rök færð fyrir því, að stefna hæstv. ríkisstj. geti með nokkru móti leitt til batnandi lífskjara eftir nokkur ár. Dýrtíðarskriðan, sem stjórnarflokkarnir hafa hrundið af stað, heldur enn lengi áfram, þótt hún kunni að stöðvast um síðir. Kaupgjaldinu er hins vegar af stjórnarvöldum ætlað að standa í stað, á hverju sem veltur, enda er það grundvöllurinn undir öllu saman. Lífskjörin eiga því enn eftir að versna, og eru engar líkur til, að þau geri síðar meir betur en standa í stað, svo aum sem þau verða þá orðin. Þetta er það, sem fram undan virðist vera, fái núv. stjórnarstefna að ráða. Að þessu miða líka allar ráðstafanir markvisst, og á þessu byggist allt kerfið. Annars vegar er skert kaupgeta almennings og minnkandi eftirspurn eftir vörum og vinnuafli og hins vegar tilfærsla fjármagns, viðskipta og atvinnutækja á fárra hendur.

Við búum ekki við íhaldsstjórn á Íslandi nú, heldur hreinræktaða afturhaldsstjórn, er reynir að sigla sem hraðast áratugi aftur í tímann. Í þessari viðleitni er hún kappsöm, en ekki forsjál að sama skapi. Hún rennir blint í sjóinn og rekur sig víða á. Erfiðleika sína, afglöp og skyssur reynir hún að dylja í lengstu lög, og í því skyni leikur hún alls konar loddarabrögð. En augu þjóðarinnar eru nú að opnast. Í dag eru þeir fáir, sem treysta hæstv. ríkisstj. Þjóðin er farin að líta í kringum sig spyrjandi, hvar sé hjálpar von. Hún óttast kreppu og hrun. Fleiri og fleiri renna nú vonaraugum til hinna stóru samtaka verkamanna, sjómanna og annarra launþega og til samtaka bænda. Þaðan telja menn nú helzt að vænta björgunar úr ógöngunum. Efnahagsmál þjóðarinnar varða þessi samtök mjög miklu máli, og geta samtökin með engu móti látið þau afskiptalaus til lengdar. Er það ein af mörgum skyssum hæstv. ríkisstj. að hafa með öllu sniðgengið þessi heildarsamtök vinnandi fólks í landinu og hafa aldrei samráð við þau haft um lausn hinna erfiðu og viðkvæmu efnahagsmála. Verður hún aldrei nóg vítt fyrir þessa skyssu, svo mjög sem það þó lá í augum uppi, að samvinna við vinnustéttirnar var óhjákvæmileg, ef sæmilega ætti til að takast.

Einn af höfuðpostulum Sjálfstfl., hagfræðingurinn Birgir Kjaran, sagði eftirfarandi orð rétt fyrir síðustu alþingiskosningar: „Það, sem úrslitum ræður í því, hvort verðbólguráðstafanir sjálfstæðismanna bera árangur eða ekki, er því, hvort takast megi að koma á samstarfi milli þeirra þriggja afla, sem fara með efnahagsvöldin í þjóðfélagi okkar, en þau eru Alþingi, eigendur atvinnutækjanna og hin stóru heildarsamtök stéttanna, Alþýðusambandið, Landssamband verzlunarmanna, Bandalag opinberra starfsmanna og fleiri.“ Þannig fórust þessum hv. alþm. orð fyrir kosningar, og þetta var skynsamlega mælt. En hvað varð eftir kosningar? Það var aldrei reynt að koma þessu samstarfi á við samtök stéttanna og því aldrei sannprófað, hvort það mætti takast eða ekki. Eftir kosningar virtist öll skynsemi stjórnarsinna rokin út í veður og vind. Við engan var talað, hvað þá samið, heldur öllu hagað með sama sniði og hér sæti einræðisstjórn að völdum. Er öll sú framkoma hæstv. ríkisstj. í senn ósæmileg, ábyrgðarlaus og fávísleg. Nú mæna sem sagt margra augu til hinna voldugu samtaka vinnustéttanna og ætlast til, að þau bjargi því, sem bjargað verður. Menn vona, að þau bregðist

ekki á úrslitastundu. Launþega- og bændasamtökin eru að vísu seinþreytt til stórræða, og er það vel, en þolgóð og sterk, þegar á reynir. Ætli hæstv. ríkisstj. sér að etja kappi við þau, bætir hún gráu ofan á svart, og yrði það raunar kórónan á glappaskotum hennar. Vonandi kemur ekki til þess.

Ég lýk nú máli mínu. Ég vil hæstv. ríkisstj. ekki illt, þótt ég gagnrýni hana. Ég óska henni góðs og hygg, að ég eigi, eins og nú er komið fyrir henni, enga ósk betri henni til handa en þá, að hún segi af sér hið allra bráðasta.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að benda á eitt ákvæði í þessu frv. til athugunar fyrir þá n., sem fær það til meðferðar, en mér vannst ekki tími til að ræða um það í gær. Það er ákvæði 12. gr. frv., en í þessari 12. gr. segir, að hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skuli sæta 50—500 kr. dagsektum. Síðan segir svo í framhaldi af þessu, að sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skuli sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga, og síðan eru svo ákvæði um viðurlög fyrir brot á þessum lögum. Þetta ákvæði er að vísu tekið óbreytt upp úr lögunum, sem fjalla nú um innflutnings- og gjaldeyris- og verðlagsmál, nr. 88 1953, en þetta ákvæði mun á sínum tíma hafa komizt inn í lögin um gjaldeyris- og innflutningsmál úr verðlagslögunum og var sérstaklega ætlað að eiga við um þá, sem gæfu verðlagsyfirvöldum ekki þær skýrslur, sem krafizt var, og var meiningin með því, að verðlagsyfirvöldin gætu með beitingu dagsekta knúið þessar skýrslur fram. En ég veit í fyrsta lagi ekki, hvort þessi ákvæði eiga svo vel við eða þeirra er svo mikil þörf í þessu frv., eins og það er úr garði gert, en í annan stað vildi ég spyrjast fyrir um það eða a. m. k. mælast til þess, að nefndin athugaði, hver það er, sem eftir þessu frv. á að leggja á dagsektir, ef skýrslur eru ekki inntar af hendi svo sem boðið er. Það er að sjálfsögðu svo, að þegar um slíkt févíti sem þetta er að ræða, sem allmörg dæmi eru um í íslenzkum lögum, þá er gert ráð fyrir því, að það sé það stjórnvald, sá framkvæmdarvaldshafi, sem í hlut á, þ. e. sem á að fá þessar skýrslur, sem geti beitt þessum dagsektum, sem geti lagt dagsektirnar við, ef ekki er staðið við og skýrslum skilað eins og fyrir er lagt. Dæmi slíks eru t. d. í skattalögum og lögum um hagstofu og fleiri lögum. En ef það er svo, að það séu stjórnvöld, sem eigi að leggja á þessar dagsektir, þá rís sú spurning hér, hver þau stjórnvöld séu. Eru það viðskiptabankarnir, sem eiga að annast úthlutun leyfa? Er það ríkisstj. eða sérstakir trúnaðarmenn hennar, þegar þeir eiga að annast úthlutun leyfa? Er það sjútvmrn., þegar það annast úthlutun leyfa til útflutnings o. s. frv.? Þannig má spyrja. Hitt getur varla verið meiningin, að með þessu ákvæði sé verið að lögleiða það, að dómstólum sé heimilað að leggja við dagsektir, því að það er í fyrsta lagi auðsætt, að það mundi út af fyrir sig kannske ekki flýta svo mjög fyrir skýrslugjöf, þó að leitað væri til dómstóla og dómur fenginn fyrir því, að menn væru skyldir til að skila þessum skýrslum að viðlögðum dagsektum, og í annan stað er það, að ef það eitt lægi í þessu ákvæði, þá væri það með öllu óþarft, því að sú heimild er gefin í eitt skipti fyrir öll í 2. mgr. 193. gr. einkamálalaganna, að dómstóll getur dæmt menn til þess að fullnægja skýrslum, til þess að fullnægja skyldu sinni, annarri en greiðslu peninga, með því að leggja við dag- eða vikusektir. Á þetta vildi ég aðeins benda, þannig að n. gæti tekið þetta til athugunar.

Annars hefði það auðvitað verið til hagræðis og flýtisauka, ef hæstv. viðskmrh. hefði verið hér viðstaddur og hefði getað gefið hér upplýsingar um það, hvað fyrir flytjendum frv. vakir í þessu efni. Og það verður að segjast eins og er, að það er heldur óviðkunnanlegt og lýsir heldur lítilli virðingu fyrir þessari hv. þd., að hæstv. viðskmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur, meðan umræður fara fram um þetta efni, og m. a. af þeim ástæðum, að ég í ræðu minni hér í gær beindi til hans ákveðnum spurningum, sem ég ætlaðist til að hann gæti gefið svör við á þessu stigi málsins, sem væri æskilegt að lægju fyrir, áður en n. tæki þetta málefni til meðferðar. En þar beindi ég m. a. þeim spurningum til hans, hvort það hefði verið leitað álits t. d. Seðlabankans á því, hvort hann teldi, að það væri framkvæmanlegt, sem ríkisstj. boðaði í þessu efni. Það hefði vissulega verið æskilegt, að hæstv. ráðherra hefði gefið ákveðið svar um það. Í annan stað beindi ég líka til hans þeirri spurningu, hvort það væri með vilja eða af vangá, að niður væri fellt það ákvæði í núgildandi lögum um þetta efni, þar sem svo er mælt fyrir, að þegar um ríkisstj. er talað í frv., þá sé átt við ríkisstj. í heild. Þetta ákvæði hefur verið fellt niður og ekki tekið upp í frv., og eftir öllum lögskýringarreglum yrði það ekki skýrt á aðra lund en þá, að nú sé það ekki ríkisstj. í heild, sem eigi að fjalla um þessi mál, heldur sá einstaki ráðh. og það einstaka ráðuneyti, sem hvert málefni heyrir undir.

Þetta er atriði, sem vissulega hefði átt að liggja alveg hreint fyrir og hæstv. ráðh. hefði mjög auðveldlega getað upplýst hér, hvort það var af vangá eða með vilja gert að haga þessu á þessa lund. Það er vægast sagt alveg óviðunandi, að þegar til umr. er hér í þessari hv. d. jafnmikilvægt mál og þetta er og jafnviðkvæmt, mál, sem varðar jafnt alla, að hæstv. ráðh. skuli ekki geta lagt það á sig að vera hér viðstaddur, þegar svona umr. fara hér fram. En það er eins og annað hjá þessari hæstv. ríkisstj., að hún leyfir sér það hvað eftir annað og með margvíslegu móti að óvirða Alþingi og alþm. Það væri þó áreiðanlega hægt að fletta upp í þingtíðindunum á mörgum stöðum, þar sem þessi sami hæstv. viðskmrh. hefur oftar en einu sinni talið það

sérstaklega sitt hlutverk, þegar hann sat á þingmannabekk, að koma með aðfinnslur í garð ríkisstj. og ráðherra einmitt út af þessu.

Í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., hafa stjórnarblöðin og sumir talsmenn stjórnarinnar þyrlað upp ákaflega miklu blekkingaryki. Blöðin hafa látið í veðri vaka, að hér væri á ferðinni eitt mesta frelsismál, og blöðin og jafnvel einstakir þingmenn, hv. alþm., hafa látið sér sæma að halda því fram, að með þessari fyrirhuguðu lagasetningu væru mörkuð tímamót í íslenzkri viðskiptasögu og íslenzkum viðskiptaháttum, verzlunin væri með þessu gefin alfrjáls.

Eins og ég sýndi greinilega fram á í ræðu minni hér í gær, þá er það hin mesta firra, að í því frv., sem hér er um að ræða, felist út af fyrir sig eitthvert nýtt og aukið verzlunarfrelsi. Það geymir ekkert frjálsræði eða möguleika stjórnarvöldum til handa til útgáfu frílista í ríkara mæli en gildandi löggjöf. Á hinn bóginn fær þetta frv. ríkisstj. sjálfri meira vald á innflutnings- og útflutningsmálum en hún nú hefur eftir gildandi lögum eða gefur henni a. m. k. meiri rétt og meiri möguleika til beinna afskipta af leyfisveitingum en áður, og það eru einmitt þau ákvæði eða sú stefna frv., sem birtist í þeim ákvæðum, sem í mínum augum er sérstaklega varhugaverð. En að því fráskildu er aðalbreyting frv. frá gildandi löggjöf í því fólgin, svo sem ég gerði grein fyrir í gær, að leggja niður þær stofnanir, sem nú fara með stjórn innflutnings- og útflutningsmála, stofnanir, sem í meginatriðum byggjast á lögum og er markað vald og verksvið í höfuðdráttum í lögum og eru því að meira eða minna leyti sjálfstæð stjórnvöld, og fá þetta vald í hendur aðilum: viðskiptabönkum, ríkisstjórn eða trúnaðarmönnum hennar, sem fá og lítilfjörleg ákvæði eru um í þessu frv., en eiga að fá sína mótun í hendi reglugerðargjafans og verða því hvað vald og verksvið snertir sem vax í hendi ríkisstj. Að því er stjórnarhætti þessara mála varðar eða fyrirkomulag þeirra virðist því spor stigið aftur á bak, og vil ég þó ekki, eins og ég áður hef sagt og tók fram í gær, fordæma það út af fyrir sig á nokkurn hátt, að stofnun skipuð af gjaldeyrisbönkunum hafi úthlutunina á hendi, ef hún væri stofnsett og henni markaður bás í lögum. Með tilliti til þess, hversu hér er um viðkvæm málefni að ræða, hygg ég, að sú skipan, sem nú er á innflutningsnefnd, að þar sitji menn sinn úr hverjum stjórnmálaflokki, enda þótt þeir séu ekki tilnefndir af flokkunum og ekki fulltrúar þeirra, sé að mörgu leyti skynsamleg og farsæl og til þess fallin að koma í veg fyrir tortryggni, en fyrir hana er ákaflega góður jarðvegur í sambandi við þessi mál.

En hvers vegna þá allt þetta frelsisskraf í sambandi við þetta mál og þennan frumvarpsflutning? Skýringin á því er einfaldlega sú, að með því á að reyna að stinga snuði upp í stjórnarstuðningsmenn, sem með hverjum degi sem líður láta til sín heyra æ háværari óánægjuraddir, og þær óánægjuraddir koma m. a. ekki hvað sízt frá verzlunarstéttinni, sem hefur tekið á móti ýmsum aðgerðum ríkisstj. með harla litlum fögnuði, svo sem kunnugt er, svo sem t. d. söluskattinum. Að því er einmitt stefnt með þessu frelsisskrafi og frílistatali að stilla þessar óánægjuraddir. En hinir auknu frílistar eru ekki ákveðnir í þessu frv., en allt frelsisskrafið gengur út á það, hvað ríkisstj. ætli síðar að gera í þessum efnum, hvað hún ætli að gera að frv. þessu samþykktu. Hin boðaða frelsissókn hæstv. ríkisstj. birtist ekki í þessu frv., nema síður sé, en hún á að birtast síðar í reglugerð og frílistum. Að þessu sé svo háttað, játaði í raun réttri hæstv. viðskmrh. réttilega í sinni frumræðu hér í gær, þar sem hann sagði beinlínis, að hinar boðuðu breytingar mundu koma í reglugerð og frílistum. Það hefði náttúrlega verið öruggara, a. m. k. fyrir þá, sem bera takmarkað traust til þessarar hæstv. ríkisstj., að það hefði verið eitthvað nánar ákvarðað um þetta efni í lögum og frelsið hefði verið eitthvað betur tryggt þar en raun ber vitni. En ríkisstj. hæstv. hefur nú kosið að fara þessa leið, og það er sem sagt eftir þeirri leið, sem ríkisstj. ætlar að fara, ekki nokkur trygging fyrir því, að stjórnin fylgi boðaðri stefnu um útgáfu frílista. Hún hefur í því efni alveg óbundnar hendur eftir þessu frv., eins og ég rækilega sýndi fram á í gær. En gerum nú ráð fyrir, að hún standi við boðaða stefnu og gefi út aukna frílista. Þá er það svo, að með þeirri aðgerð einni saman er ekki tryggt neitt aukið raunverulegt viðskipta- eða verzlunarfrelsi, eins og hæstv. viðskmrh. líka réttilega viðurkenndi í gær. Þar þarf meira til að koma. Nægur gjaldeyrir þarf að vera fyrir hendi, og bankarnir þurfa að láta hann viðstöðulaust af hendi.

Ég veit, að sumir stuðningsmenn stjórnarinnar ætlast ekki til, að lengra sé gengið í þessu efni en að út séu gefnir frílistar, en eftir sem áður verði svo að sækja undir bankana með gjaldeyrisyfirfærslur. Þeir segja, — og maður hefur heyrt þá segja það ýmsa, — að með þessu eigi hér að vera teoretískt verzlunarfrelsi, sem þeir kalla, hvað svo sem því líður í reyndinni, og þeir vitna til þess, að svona sé þetta í sumum öðrum löndum, sem afnumið hafi hjá sér innflutningshöft og óspart er stundum flaggað með hér sem fyrirmynd í þessum efnum. Ef svona ætti að framkvæma þetta, væri hér aðeins um ímyndað verzlunarfrelsi að ræða. Þá væri hér um fullkomnustu loddarabrögð að ræða og allt þetta umstang væri til eintómra málamynda. En ég þykist vita, að hæstv. viðskmrh. hugsar sér þetta ekki svona. Honum er það auðvitað fullvel ljóst, í hverju raunverulegt verzlunarfrelsi varðandi innflutninginn er fólgið, og hann tók það líka skýrt fram í gær, að frílistarnir ættu að vera raunverulegir frílistar, og ég efast ekki um, að fyrir honum sé þetta alvara. Á þeim grund-

velli vil ég aðeins segja fáein orð til viðbótar um þessa boðuðu verzlunarfrelsisstefnu, og á þó vissulega að hafa það heiti innan gæsalappa, og ég vil tala um það á þeim grundvelli, hvort sem nú hæstv. viðskmrh. fær ráðið þessari stefnu í ríkisstj. eða ekki. En sé boðskapurinn tekinn í alvöru, vaknar sú spurning, hvort hér séu fyrir hendi þær aðstæður, sem eru óhjákvæmilegar forsendur raunverulegs verzlunarfrelsis á sviði innflutningsverzlunarinnar, og það vaknar meira að segja sú spurning, hvort það sé forsvaranlegt, eins og allt er í pottinn búið í gjaldeyrismálum hér hjá okkur, að stofna til óheftrar sölu á erlendum gjaldeyri. Ég fyrir mitt leyti held, að það sé engin trygging fyrir því, að þær óhjákvæmilegu forsendur, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að taka upp svona stefnu, séu hér til staðar, og það er mín skoðun, að það sé, eins og málum nú er komið, á engan hátt forsvaranlegt.

Allir muna, að það var eitt af aðaláðeiluefnum á vinstri stjórnina á sínum tíma, að hún hefði stofnað til of mikilla erlendra lántaka, hún hefði stofnað til of mikilla erlendra skulda, skuldasöfnunin erlendis væri orðin viðsjárverð, gjaldeyrisástandið væri varhugavert og það væri hætta á því, að íslenzka þjóðin fengi ekki staðið undir öllum þeim skuldbindingum, sem stofnað hefði verið til í erlendri mynt. Það er vissulega alveg rétt, að á dögum vinstri stjórnarinnar var stofnað til mikilla skuldbindinga í erlendri mynt, enda þótt þau lán, sem þá voru tekin, væru til nytsamlegra framkvæmda, og það er alveg rétt, að það hljóta að vera takmörk fyrir því, hversu langt má ganga í því efni að stofna til erlendra lána. Það var sagt, að gjaldeyrisástandið væri ákaflega slæmt, þegar vinstri stjórnin fór frá, svo slæmt, að það var talin hætta á því, að íslenzka ríkið fengi þar ekki rönd við reist, og það þyrfti að gera skjótar og öruggar ráðstafanir til þess að bæta úr í því efni. Hvernig eru svo viðbrögðin til þess að bæta úr því? Maður gæti nú í einfeldni sinni haldið, að einfaldasta ráðið til að bæta úr hefði verið það að reyna að efla gjaldeyrisöflunina, en í öðru lagi og að hinu leytinu að draga eitthvað úr gjaldeyriseyðslunni. En þessar einföldu leiðir hafa ekki verið farnar af þessari hæstv. ríkisstj., heldur hefur hún fyrst neytt þess ráðs að taka stærra lán erlendis en dæmi eru til um áður og auka þannig skuldbindingar ríkisins í erlendri mynt meira en nokkru sinni hefur áður verið gert. Og svo er hitt læknisráðið þetta, sem nú er boðað, að gefa innflutningsverzlunina að verulegu leyti, að sagt er, frjálsa, sem þýðir það, að sala á erlendum gjaldeyri á að vera nokkurn veginn óheft, þegar um vöruinnflutning er að ræða.

Þetta er vægast sagt einkennileg pólitík, og ég efast um, að það séu margir menn, sem skilja svona pólitík, a. m. k. af brjóstviti einu saman, því að hún virðist stangast svo á við heilbrigða skynsemi, að það er erfitt að hugsa sér, að það sé hægt að gera það öllu rækilegar. En það virðist nú liggja nokkurn veginn í augum uppi, að aðalforsendurnar fyrir því, að hægt sé að auka frelsi í innflutningi, séu, eins og viðskiptaháttum Íslendinga er háttað, að auka gjaldeyrisöflunina, að auka þjóðartekjurnar og þar með erlendan gjaldeyri. Auðvitað er hitt ráðið hugsanlegt, a. m. k. í bili, að stofna til erlendra lána, að stofna til erlendra skulda, og sú leið, þó að hún hafi hér reyndar verið farin nú, er í litlu samræmi við þær ádeilur, sem haldið var uppi á sínum tíma á vinstri stjórnina. En hvernig er þetta þá hægt? Jú, hæstv. viðskmrh. segir, að það byggist á tvenns konar ástæðum, að hægt sé að taka nú upp óhindraða gjaldeyrissölu til vörukaupa, að undanskildum skiptum við jafnkeypisliðin. Hann segir: Í fyrsta lagi er það hægt vegna aðgerða ríkisstj. hér innanlands í efnahagsmálum, þ. e. a. s. vegna gengisbreytingarinnar og þar af leiðandi vöruverðshækkunar og vegna vaxtahækkunarinnar og takmörkunar á útlánum. Með þessu á að kippa það mikið úr vörueftirspurninni, að það er talið óhætt að gefa innflutninginn frjálsan að verulegu leyti, sem kallað er, eða það sem réttara er, að selja óhindrað þann erlenda gjaldeyri, sem þarf á að halda til þess að flytja vörurnar inn. Og í öðru lagi, segir hæstv. viðskmrh., er þetta hægt vegna þeirrar stórkostlegu lántöku, sem átti sér stað nú s. l. vetur hjá gjaldeyrisvarasjóðnum og Evrópusjóðnum. En eins og ég áðan sagði, voru þau lán, sem þá voru tekin, stórkostlegri en nokkrar erlendar lántökur, sem áður hafa verið teknar, þar sem tekin voru lán upp á nær 800 millj. kr. Ég held, að það hafi út af fyrir sig verið rétt að notfæra sér þá lánsmöguleika, sem þar opnuðust, því að þessi lán eru með hagstæðum vaxtakjörum. En ég álít það jafnrétt, að þessum lánum sé varið til þess að reyna að greiða upp nokkur óhagstæðustu lánin, sem nú hvíla þyngst á. Hins vegar er það að mínum dómi alveg fullkomin ráðleysa að fara að stofna til neyzluvöruinnflutnings út á þessi lán. Reyndar má segja, að nokkrum hluta hefur þegar verið varið til þess að greiða þau yfirdráttarlán, sem nauðsynlegt var að fá fyrir síðustu áramót og um síðustu áramót til þess að halda öllu hér á floti.

En svo að vikið sé ofur lítið nánar að þessum ástæðum, sem hæstv. viðskmrh. færir fram sem rök og færir fram sem einu rökin fyrir því, að þetta sé hægt og fært að gera nú, þá er það að vísu vafalaust rétt, að aðgerðir ríkisstj. valda samdrætti í framkvæmdum og minnkandi kaupgetu. Það er sennilegt, að af þeim sökum dragi eitthvað úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, og sennilega verður þörf á innflutningi eitthvað minni vegna samdráttar í framkvæmdum. En samdráttarráðstafanir ríkisstj. hafa ekki aðeins þessar verkanir. Þær valda einnig vafalítið samdrætti í útflutningsframleiðslunni og hafa af þeim sökum í för með sér minnkandi gjaldeyrisöflun. En eins og ég hef margtekið fram, þá er það

einmitt fyrsta skilyrðið fyrir óhindruðum innflutningi, að það sé aukinn útflutningur framleiðsluvara og þar með meiri gjaldeyrisöflun. En það er einmitt forsenda og hlýtur að vera forsenda fyrir auknu frelsi í innflutningi, að það sé örvað framtak í útflutningsframleiðslunni. En þessari staðreynd virðist hæstv. ríkisstj. algerlega gleyma, þegar hún kunngerir ráðagerðir sínar um stækkun frílistanna og um raunverulega frílista, þ. e. a. s. ráðagerðir um óhindraða sölu erlends gjaldeyris. Hún lítur aðeins á aðra hliðina eða aðra af tvenns konar verkunum, sem samdráttarstefna hennar óhjákvæmilega hlýtur að hafa í för með sér. Ég held, að það væri skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að bíða átekta um sinn og sjá, hverju fram vindur í þessum efnum, og sjá til, hverjar verkanir aðgerðir hennar hafa, áður en hún stofnar til óhindraðrar sölu á erlendum gjaldeyri til vörukaupa.

Og að því er hitt atriðið snertir, notkun hins mikla láns, þá er það svo, að því er að vísu haldið fram af hagfróðum mönnum, að þróunin muni verða sú, að það sé sem sagt óhætt að leggja þetta lán í þennan neyzluvöruinnflutning, vegna þess að þróunin muni verða sú, að markaðurinn muni verða mettaður innan skamms og þá muni draga úr eftirspurn á innflutningsvörum og því ekki verða nein hætta á ferðum í þessu sambandi. En þessi skoðun hinna hagfróðu manna er byggð á þeirri forsendu, að það haldist hér óbreytt kaupgjald og það verði engin verðbólgumyndun hér innanlands.

En það er nú svo, að frá mínum bæjardyrum séð er ekkert vit í því að nota einmitt þetta mikla lánsfé, sem fengið var nú í vetur, til þess að gera slíka tilraun eins og hér er um að tefla. Þar er allt of mikið í húfi. Hvar stæðum við, ef tilraunin mistækist, eins og hún raunar hlýtur að gera? Það er öllum, sem vilja líta með raunsæjum augum á málið, algerlega augljóst, að það er gersamlega vonlaust, að það verði hægt nema um mjög takmarkaðan tíma að halda hér á landi óbreyttu kaupgjaldi eftir þær stórkostlegu og gífurlegu verðhækkanir, sem átt hafa sér stað og eiga sér stað nær daglega. Þess vegna má það vera ljóst hverjum hugsandi manni, að aðgerðir ríkisstj. munu fyrr en varir leiða til þess, að hér brýzt út óðari verðbólga en áður hafa sögur farið af. Þess vegna er það alveg víst, að sú forsenda, sem hinir hagfróðu menn reikna með að sé til staðar, þegar þeir telja óhætt að verja hinu mikla lánsfé í þessu skyni, hún er og verður alls ekki fyrir hendi hér. Þess vegna er teflt hér á óhæfilega tæpt vað með þessu. Og þegar slík verðbólga verður komin hér, þá eru engar líkur til þess, að markaðurinn verði mettaður, og það eru allar líkur til þess, að við stöndum þá andspænis þeirri staðreynd, áður en varir, að skuldir okkar erlendis séu orðnar miklu meiri en áður var og miklu meiri en við fáum undir risið, að það sé þá, áður en menn hafa eiginlega áttað sig á því, hvað hefur verið að gerast, búið að binda þjóðinni þá skuldabagga, sem hún fær ekki undir risið. Og þeir skuldabaggar verða bæði vegna þessa láns og svo sjálfsagt vegna hins, að þegar slakað er svona á og innflutningur gefinn að mestu frjáls, þá er það vitað mál, að það verða einkaaðilar, sem stofna til skulda erlendis, alveg án tillits til þess ákvæðis í frv., sem þar er sett til þess að hindra þetta, og það kemur að því, að þær skuldir festast og við stöndum andspænis því, að föst lán og lausaskuldir hafa stórkostlega safnazt fyrir erlendis. Þetta eru hinar ískyggilegu afleiðingar, sem mér sýnast blasa við, ef horfið verður í raun og veru að þeirri stefnu, sem hæstv. viðskmrh. virðist í góðri trú boða, að hér eigi upp að taka.

Það er mikill barnaskapur að halda, að þó að gjaldeyrisástandið sé í dag eitthvað örlítið betra en það var fyrir nokkru, þá sé það vottur um nokkra varanlega úrbót í þessu efni. Það liggja til þess alveg sérstakar ástæður, sem hæstv. viðskmrh. veit um manna bezt, en það er alls ekki svo, að þar sé um nokkra varanlega úrbót að ræða, og það er alls ekki heldur svo, að sú breyting, sem þar hefur átt sér stað, eigi rætur að rekja til aðgerða ríkisstj. eða laganna um efnahagsmál. Það er að vísu oft vinsælt að tala um frelsi og það er hægt að tala hátt um frelsi og hins vegar óvinsælt að tala um höft. Og ég er vissulega því meðmæltur, að það sé reynt að afnema höft, eftir því sem hægt er, og menn fái að búa við það frjálsræði, sem unnt er, án þess að það skaði þó aðra. En ég verð að segja það, að hvað sem öllu frelsistali líður, þá álít ég það fullkomið ábyrgðarleysi að stofna til slíks háskaspils sem hér er gert. Og ég álít, að af mörgum óheillasporum, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur stigið og er að stíga, þá geti þetta óheillaspor orðið einna óheillavænlegast fyrir framtíðina, vegna þess að það getur haft í för með sér þær afleiðingar, sem verður ákaflega erfitt að bæta úr og verður ekki á valdi okkar nema að litlu leyti að bæta úr. En hitt má segja, að þegar um hreinar innanlandsaðgerðir er að ræða, þá sé það alltaf fremur á okkar valdi að breyta til og bæta úr, ef reynslan sýnir okkur, að skakkt var að farið.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vara enn á ný eindregið við því að fara inn á þá braut, sem hæstv. viðskmrh. hefur boðað að halda ætti inn á, þegar þetta frv. hefði verið samþ. Ég held, að eina úrræðið, sem að gagni getur komið í þá átt að gera innflutninginn frjálsari en verið hefur, sé að auka þjóðartekjurnar, að efla og auka útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar, auka útflutningsframleiðsluna, en að því stefnir hæstv. ríkisstj. vissulega ekki með aðgerðum sínum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir miður, að ég skuli ekki hafa getað verið við framhald þessarar umr. í hv. Ed., en til þess liggja þær ástæður, að ég þurfti

að mæla fyrir stjórnarfrv. í Nd. og um það urðu þar nokkrar umr.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) beindi í ræðu sinni í gær til mín tveim fsp., sem mér er ánægja að reyna að svara. Hann spurði í fyrsta lagi, hvort samráð hafi verið haft við Seðlabankann við undirbúning þessa frv. Því er til að svara, að frv. þetta er samið af nefnd sérfróðra manna, 5 manna, sem tilnefndir voru einn af Seðlabankanum, annar af Landsbankanum, viðskiptabankanum, þriðji af Útvegsbankanum, hinn fjórði af innflutningsskrifstofunni og hinn fimmti úr viðskmrn. Allt voru þetta sérstakir trúnaðarmenn þessara stofnana á sviði gjaldeyris- og innflutningsmála, einmitt þeir menn, sem ætla mætti að kunnugastir væru framkvæmd á þeirri löggjöf, sem í gildi var, og hefðu bezta aðstöðu til þess að gera till. um breytingar á löggjöfinni í samræmi við fyrirhugaða og yfirlýsta stefnu ríkisstj. Ég hygg, að það sé því ekki ofmælt að segja, að Seðlabankinn hafi haft aðstöðu til þess að fylgjast með undirbúningi þessa máls frá upphafi og allan þann tíma, sem það var til umr. í ríkisstj. Með þessu vil ég þó að sjálfsögðu engan veginn gera þessar stofnanir né heldur þá einstaklinga, sem í þessu starfi tóku þátt af hálfu þessara stofnana, ábyrga fyrir efni eða innihaldi frv. Það er að sjálfsögðu ríkisstj. ein, sem ber ábyrgð á gerð þessa frv., eins og það liggur fyrir.

Við Seðlabankann hefur svo að sjálfsögðu verið rætt sérstaklega um þau atriði frv., sem beinlínis gera ráð fyrir samstarfi ríkisstj. og Seðlabankans, en það er víða í frv., sem gert er ráð fyrir slíku samstarfi. Í 1. gr. er t. d. gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi samráð við Seðlabankann, áður en hún gefur út reglugerð um málið og frílista í samræmi við þá reglugerð. Í 6. gr. er einnig gert ráð fyrir, að Seðlabankinn hafi gjaldeyriseftirlitið. Í 8. gr. er gert ráð fyrir, að samráð sé haft við Seðlabankann, þegar útflutningsleyfi eru veitt, sem greiðast eiga í jafnkeypisgjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningur við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gerir ráð fyrir. Er þetta allt saman í samræmi við gildandi lagaákvæði um þetta efni, þó að því frátöldu, sem segir í 1. gr., að samráð skuli hafa við Seðlabankann, áður en reglugerð er gefin út. Um þessi atriði hefur verið sérstaklega rætt við Seðlabankann, og hann er reiðubúinn til þess samstarfs við ríkisstj., sem þessi lagaákvæði gera ráð fyrir.

Þá spurði hv. þm., hvað átt væri við, þegar talað væri um ríkisstj. í þessum lögum, og benti á, að í gildandi lögum um þessi efni er beinlínis talað um ríkisstj. í heild og gert ráð fyrir því, að ákvarðanir, sem teknar eru samkvæmt gildandi lögum, skuli teknar af ríkisstj. í heild. Það var ekki misgáningur, að þetta var fellt niður og ákvæðið haft eins og það er, að talað er um ríkisstj., og það er rétt hjá hv. þm., að þetta þýðir skv. venjulegri lögskýringu, að það vald, sem ríkisstj. er gefið í þessu efni, sé hjá hlutaðeigandi ráðherra, sem framkvæmd laganna heyrir undir skv. forsetaúrskurði um verkaskiptingu milli ráðherra, þannig að framkvæmd þessara laga mundi heyra undir viðskmrh., meðan þau eru í gildi, og ríkisstj. í þessum lögum merkir þar af leiðandi viðskmrh. Reglugerð, sem gefin er út skv. 1. gr., mundi vera gefin út af viðskmrh., svo og þær aðrar reglugerðir, sem gert er ráð fyrir að gefnar verði út, og þær aðrar ákvarðanir, sem lögin fjalla um. Hitt er svo annað mál, að hér er um svo mikilvægar ákvarðanir að ræða í ýmsum tilfellum, að a. m. k. ekki mér og ég geri ekki ráð fyrir neinum eftirmanni mínum í þessu starfi mundi detta í hug að taka mikilvægar ákvarðanir í þessum efnum án þess að hafa um það samráð við samstarfsflokk eða flokka í ríkisstj. Ef til þess kæmi, að ráðh. beitti því valdi, sem hann tvímælalaust hefur skv. frv., sem hér er um að ræða, ef hann beitti því valdi þannig, að það væri ekki með samþykki eða beinlínis gegn vilja samstarfsflokks eða samstarfsflokka, jafngilti það að sjálfsögðu því, að stjórnarsamstarfinu yrði lokið, og því skammvinnt gildi þeirra ákvarðana, sem þannig eru teknar. Þegar af þessari ástæðu liggur í hlutarins eðli, að enginn ráðherra eða a. m. k. ekki ég mundi beita valdi, sem frv. eins og þetta veitir, án þess að hafa um beitingu þess fullt samstarf við ríkisstj. í heild. Einhver þarf að sjálfsögðu að bera lögformlega ábyrgð á stjórnarathöfnunum, og samkvæmt eðli málsins getur það aðeins verið einn ráðherra og hlýtur þá að vera sá ráðherra, sem framkvæmd laganna heyrir undir samkvæmt verkaskiptingarúrskurði forseta.

Með þessu vona ég að mér hafi tekizt að svara kjarnanum í fsp. hv. þm.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhS, BGuðm, EggÞ, FS, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
nei: BjörnJ.
SE, KK, ÓlJ, PÞ greiddu ekki atkv.
5 þm. (AGl, ÁB, FRV, GTh, HermJ) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 437, 440 og 445, 446).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælum við þrír, sem að nál. meiri hl. stöndum, með því, að það verði samþ. óbreytt, en þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e. munu skila sérálitum.

Meginefni frv. er breyt. á framkvæmd innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmála í þá átt að afnema eða draga úr haftakerfi því, sem ríkjandi hefur verið um langt skeið

hér á landi, og er sú ráðstöfun í samræmi við gefnar stefnuyfirlýsingar hæstv. ríkisstj. Það eru efnahagsráðstafanir þær, sem gerðar voru í febrúar s. l., sem hafa gert kleift að stíga það skref, sem nú á að taka. Án þeirra hefði það verið tómt mál að tala um aukið viðskiptafrelsi, þannig að þá hefði samþykkt þessa frv. litlu getað breytt, þannig að raunhæfa þýðingu hefði í þessa átt.

Þó að mikið hafi verið um frv. þetta rætt og ritað, frá því að það var lagt fram hér á Alþ., tel ég frv. svo þýðingarmikinn lið í þeim heildarráðstöfunum í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið fyrir forgöngu hæstv. ríkisstj., að ég tel hlýða að fylgja þessu nál. úr hlaði með nokkrum orðum, en mun þó eftir föngum reyna að forðast endurtekningar þeirra röksemda, sem þegar hafa verið bornar fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar við umr. í hv. Nd. og annars staðar á opinberum vettvangi og ætla má að hv. þdm. sé yfirleitt fullkunnar.

Það eru aðallega tvær spurningar, sem mál mitt hér fjallar um. Hin fyrri er sú, hvort það, að höftunum sé aflétt, svo sem ætlunin er með þessu frv., sé ráðstöfun, sem sé þess verð, að nokkru verði fyrir hana fórnað. En hin síðari er sú, hvort líkur séu á, að tilraun sú, sem nú er verið að gera, heppnist, þannig að hér sé ekki verið að leggja út í glæfrafyrirtæki eitt, eins og það hefur verið orðað af hv. stjórnarandstæðingum hér í d. við 1. umr. Í því, að ég tek fyrri spurninguna til meðferðar, felst ekki, að það sé skoðun mín, að efnahagsráðstafanirnar hafi fyrst og fremst haft þann tilgang að skapa aukið viðskiptafrelsi, þannig að það sé einkum í þágu þess markmiðs, að þær byrðar hafa verið lagðar á þjóðina, sem af efnahagsráðstöfununum leiðir. Að vísu er það persónuleg skoðun mín, að verzlunarfrelsi sé þess vert, að verulegar fórnir séu færðar í bili í þágu þess. En hvað sem því líður, þá er það annar eldur, sem heitar hefur brunnið og verið höfuðástæða þess, að hæstv. ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að gera umræddar ráðstafanir, en það er fyrirsjáanlegt greiðsluþrot landsins gagnvart útlöndum innan fárra mánaða, ef sitja hefði verið látið við það, sem var. Þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt var að gera til þess að forðast greiðsluþrotið, hafa hins vegar jafnframt gert kleift að aflétta haftakerfinu að miklu leyti, og er það skoðun hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að afnám haftanna hafi þá hagkvæmni í för með sér, að sjálfsagt sé að nota það tækifæri, er nú hefur gefizt, til slíkrar ráðstöfunar.

Víkjum við þá aftur að fyrra meginatriðinu, er ég vil taka hér til meðferðar, eða því, hvort höftin hafi það óhagræði í för með sér, að vert sé að leggja á sig nokkrar fórnir til þess að fá þeim aflétt. Þá tel ég, að það sé einkum þrennt, er máli skiptir í því sambandi: í fyrsta lagi það atriði, hvort höftin nái þeim tilgangi, sem þeim er ætlað, í öðru lagi áhrif haftanna á framleiðsluafköst, þjóðartekjur og nýtingu gjaldeyrisins og í þriðja lagi hin siðferðilega hlið slíks fyrirkomulags.

Hver hefur verið tilgangur þess og orsök, að haftafyrirkomulagið hefur verið tekið upp og haldizt við? Tilgangurinn hefur fyrst og fremst verið sá að jafna halla á greiðsluviðskiptum við útlönd og koma í veg fyrir óhóflega skuldasöfnun erlendis og öngþveiti í gjaldeyrisverzluninni. Það er þá gjarnan sagt sem svo, að þar sem ekki sé nægur gjaldeyrir fyrir höndum til þess að fullnægja allri eftirspurn, sé þrautaminnsta leiðin til þess að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum sú að takmarka eða banna innflutning á þeim varningi, sem þjóðin geti helzt verið án, og tryggja þá jafnframt, að ekki skorti gjaldeyri til kaupa á því, sem telja má nauðsynlegt. Þetta kann að láta ekki illa í eyrum. En málið er engan veginn svo einfalt sem virðast kann við fyrstu athugun. Það er að vísu ekki ágreiningur um það, að í bili er hægt að forða öngþveiti í gjaldeyrismálum með því að taka upp innflutningshöft eða herða á þeim höftum, sem fyrir kunna að hafa verið, en heldur ekki nema í bili. Þegar frá líður, koma höftin ekki að gagni sem ráðstöfun til þess að jafna halla í greiðsluviðskiptum við útlönd.

Ég kem fljótlega að því að gera fyrir þessu nánari grein, en tel ástæðu til þess að víkja að því áður, að þetta sjónarmið, sem mér vitanlega er nú ekki ágreiningur um meðal hagfræðinga, er engan veginn nýtt á vettvangi hérlendra stjórnmála. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna til álitsgerðar mþn. í gjaldeyrismálum, sem sat á rökstólum í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar eða u. þ. b. á árunum 1940—41. Í n. þessari áttu m. a. sæti þeir hæstv. núv. viðskmrh. og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og stóðu þeir að sameiginlegu áliti. Niðurstaða þeirra var í stuttu máli sú, að innflutningshöft gætu komið að gagni og væru jafnvel hentugasta ráðstöfunin til þess að mæta halla í greiðsluviðskiptum við útlönd, er rót sína eigi að rekja til orsaka, er ætla mætti að yrðu skammvinnar. Ef um varanlegt misvægi væri hins vegar að ræða, væri ekki hægt að ráða bót á því með beitingu hafta, heldur yrði þá að grípa til róttækari ráðstafana, svo sem gengisfellingar eða niðurfærslu verðlags og kaupgjalds. Rökin fyrir því, að þessi niðurstaða hlýtur ávallt að vera rétt, eru þessi: Þegar menn eru með beitingu hafta hindraðir í því að kaupa erlenda vöru eða þjónustu, leitast menn eftir föngum við að fullnægja sams konar þörfum með kaupum á innlendri vöru og þjónustu. Ef bannaður er t. d. eða takmarkaður innflutningur á ávöxtum eða grænmeti, vex eftirspurn eftir slíku innanlands. Ef takmarkaður er innflutningur á skóm, rísa upp innlendar skógerðir o. s. frv. Ýmsir kunna nú að segja, að það beri einmitt að telja höftunum til ágætis, að þau geti þannig orðið til þess að efla innlendan iðnað, matjurtarækt o. s. frv. Ég ætla ekki hér að ræða þá hlið málsins, því að það, sem hér skiptir

máli, er sú staðreynd, að ef fullnægja á fleiri þörfum með innlendri framleiðslu vegna haftanna, þá verður auðvitað að nota meira af framleiðsluöflum, vinnuafli og fjármagni, en áður í þágu heimamarkaðarins. En hvaðan kemur það vinnuafl og fjármagn? Við skulum nú miða við þær aðstæður, sem verið hafa hér á landi óslitið s. l. 20 ár, að ekki hefur verið um ónotuð framleiðsluöfl að ræða, svo að neinu nemi, og raunar lengst af, eins og kunnugt er, skortur bæði á vinnuafli og fjármagni. Framleiðslan er annaðhvort fyrir erlendan eða innlendan markað, þriðji möguleikinn er ekki til. Það er auðsætt, að eigi undir þessum kringumstæðum að auka framleiðslu fyrir innlendan markað, getur það ekki orðið öðruvísi en á kostnað útflutningsframleiðslunnar. Af samdrætti útflutningsframleiðslunnar, vegna þess að aukin framleiðsla fyrir heimamarkað dregur framleiðsluöfl frá henni, leiðir svo, að sá árangur, sem náðst kann að hafa í bili af innflutningshöftunum til þess að bæta greiðslujöfnuðinn, rennur fljótlega út í sandinn. Þegar atvinnulífið hefur lagað sig eftir höftunum, hverfa hin hagstæðu áhrif, sem þau að jafnaði hafa í bili á greiðsluviðskiptin við útlönd.

Reynsla okkar Íslendinga í þessum efnum síðustu áratugi er kannske áþreifanlegasta sönnunin fyrir því, að hér er ekki um fræðikenningu eina að ræða, heldur raunhæf sannindi. Haftatímabil það, er nú hefur staðið óslitið í nær 30 ár, hófst haustið 1931, þegar ríkisstj. sú, sem þá sat að völdum, ákvað með reglugerð samkv. heimild í eldri lögum að banna eða takmarka innflutning á nánar tilteknum vörutegundum, en jafnframt var sett reglugerð, sem heimilaði bönkunum að takmarka gjaldeyrissölu. En þó að innflutningshöftunum væri ekki beitt af neinni hörku næstu 2—3 árin, var viðskiptajöfnuður hagstæður um 10 millj. kr. árið 1932, og má telja líklegt, að þessi bætta gjaldeyrisafkoma hafi átt rót sína að rekja til beitingar haftanna að talsverðu leyti. Þegar samstjórn Alþfl. og Framsfl. tók við völdum sumarið 1934, var mjög hert á höftunum fyrir tilstilli þeirrar ríkisstj. En þrátt fyrir þetta var gjaldeyrisafkoman mjög óhagstæð seinni hluta áratugsins 1930—40, þannig að erlendar skuldir hrúguðust upp, og 1939 var svo komið, að gengisfelling var óumflýjanleg, ef forða átti gjaldþroti þjóðarbúsins út á við. Ástæðan til haldleysis haftanna á þessu tímabili, þrátt fyrir það, þótt þeim væri beitt af meiri hörku en áður, var sú, að nú var atvinnulífið farið að laga sig að þeim, þannig að í stórum stíl reis upp iðnaður og önnur framleiðslustarfsemi, er framleiddi vörur, er áður höfðu verið keyptar erlendis frá. Slík þróun var óhjákvæmilega á kostnað útflutningsframleiðslunnar, þannig að það, sem vannst með því að minnka innflutninginn með höftum, tapaðist og meira til vegna tiltölulega minni útflutningsframleiðslu.

Það mætti líka nefna annað dæmi, sem liggur nokkru nær í tíma. Eftir gengisfellinguna 1950 var sem kunnugt er gerð tilraun til þess að slaka á höftunum, og árið 1951 var tekinn upp frílisti, sem að vísu var ekki eins víðtækur og hann er nú. Meðan verðlag hélzt nokkurn veginn stöðugt, svo sem var frá haustinu 1951 til vors 1955, mun frílistinn hafa verið nokkurn veginn raunhæfur. En með verðbólguöldu þeirri, sem skall yfir eftir verkfallið 1955, óx gjaldeyriseftirspurn svo, að henni varð ekki fullnægt að öllu óbreyttu. Þar sem ekki voru þá stjórnmálaleg skilyrði fyrir framkvæmd raunhæfra aðgerða í efnahagsmálum, var aukinni gjaldeyriseftirspurn mætt með því að hætta að framkvæma frílistann, þótt hann héldi að vísu óskertu gildi á pappírnum. Aukin höft í þessari mynd nægðu í bili til þess að forða skuldasöfnun eða gjaldeyrisöngþveiti. En ekki var þetta þó frekar en áður nema stundarfróun. Í árslok 1956 varð vinstri stjórnin að taka lán úr öryggissjóði Bandaríkjanna, sem kunnugt er, og hefur hún varla gert það að gamni sínu eftir það, sem á undan var gengið í varnarmálunum og hv. þdm. er kunnugra en svo, að rekja þurfi hér. Ekki dugðu þó þau lán, sem á þann hátt fengust, þannig að þrátt fyrir þau óx skuldasöfnun erlendis mjög næstu missiri á eftir. Varð að framkvæma stærri gengisfellingu vorið 1958 en þá, sem nú hefur verið gerð, þótt ekki væri það að vísu kallað sínu rétta nafni til þess að slá ryki í augu almennings.

Bæði fengin reynsla okkar Íslendinga og öll skynsamleg rök hníga því að því, að sú niðurstaða áðurnefndrar álitsgerðar þeirra hæstv. viðskmrh. og hv. 1. þm. Austf. frá 1941 sé rétt, að innflutningshöftin séu haldlaus ráðstöfun til þess að jafna greiðsluhallann við útlönd nema aðeins í bili. Hvað sem líður framkvæmdahlið haftafyrirkomulagsins og skoðunum manna á því, hvort þau séu æskileg út af fyrir sig eða ekki, ætti sú staðreynd ein, að þau geta aldrei nema skamman tíma náð höfuðtilgangi sínum, að vera næg til þess, að fyrirkomulagið ætti að vera fordæmt. Ef beita á höftum til langframa, getur afleiðingin aðeins orðin ein: óviðráðanleg skuldabyrði þjóðarinnar og greiðsluþrot gagnvart útlöndum.

En hver er þá skýringin á því, að haftakerfið hefur verið svo lífseigt hér á landi sem raun er á? Það er ekki vanþekking íslenzkra stjórnmálaleiðtoga, því að þeim hafa flestum verið ofangreind sannindi ljós um langt skeið. Orsökin er hins vegar sú, að hér hafa um langt skeið verið við völd óstöðugar samsteypustjórnir, sem vegna vonleysis um langa lífdaga hafa verið gagnsýrðar af þeim hugsunarhætti, sem fram kemur í hinum fleygu orðum Lúðvíks XV. Frakkakonungs: „Eftir mig kemur syndaflóðið."

Þá kem ég næst að því að ræða framkvæmd innflutningshaftanna. Það eru tvö vandamál, sem þeir þurfa að leysa, sem framkvæmd haftanna hafa með höndum. Fyrra atriðið er það, á hvaða vörum eigi að takmarka innflutn-

ing, en hið síðara er það, hverjir skuli fá gjaldeyrisleyfi og hverjir ekki. Við fyrri spurningunni kann í fljótu bragði að virðast að til sé einfalt svar eða það, að auðvitað eigi að láta innflutning nauðsynja sitja fyrir innflutningi þess, sem miður sé þarft. Þetta er þó engan veginn svo einfalt. Enginn algildur mælikvarði er nefnilega til á það, hvað sé þarft og hvað ekki þarft. Slíkt verður ætíð háð persónulegu mati, sem er mismunandi hjá einstaklingum. Það kann líka að virðast, að við síðari spurningunni, þeirri, hverjir eigi að fá innflutningsleyfin, sé til einfalt svar, nefnilega það, að þeir, sem geri hagkvæmustu innkaupin, eigi að sitja fyrir leyfunum. En gæðamunur varanna gerir það að verkum, að enginn hægðarleikur er að meta slíkt. Til þess þarf vöruþekkingu, sem verður ekki heimtuð af þeim, sem leyfin veita, og í sumum tilfellum mundi slíkt ekki einu sinni koma að haldi. Hvaða mælikvarða ætti t. d. að leggja á það, hvort innkaup á kvenskóm eða kvenhöttum séu hagkvæm eða ekki? Á að miða við endingu skónna eða hattanna eða eitthvað annað og þá hvað? Við karlmennirnir mundum kannske gjarnan vera því hlynntir, að miðað væri við endinguna á skónum og höttunum. En ekki er ég viss um, að þær, sem þá eiga að nota, mundu fallast algerlega á það sjónarmið. En fjöldamörg slík dæmi má auðvitað nefna.

Hvaða leiðarstjörnu ætli þeir fari nú eftir, sem falið er það vandasama verk að úthluta þessum leyfum? Þar sem alla mælikvarða vantar á það, hvað séu þjóðarhagsmunir eða þess háttar, verður það einkum tvennt, sem hlýtur að vera lagt til grundvallar ákvörðunum um veitingu leyfa. Annað er persónulegt mat þeirra, er úthlutunina annast. Hitt eru þeir hagsmunir, sem þeir telja sig fulltrúa fyrir. Ef söngelskir menn eiga t. d. sæti í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, má gera ráð fyrir, að innflutningur hljóðfæra verði ríflegur, en öfugt, séu þeir ekki gæddir þeirri náðargáfu. Ef áhugamenn um íþróttir eiga þar sæti, verður séð fyrir því, að íþróttatæki skorti ekki. Eigi þar aftur á móti sæti litlir íþróttavinir, skoðast slík tæki sem óþarfi, sem þjóðin hafi ekki efni á að flytja inn. Þó verður það samkvæmt þessu ekki þetta eitt, sem ræður þeim ákvörðunum, sem teknar eru, heldur auðvitað einnig tillit til þeirra hagsmuna, sem þessir menn telja sig eiga að gæta. Þar sem það eru stjórnmálaflokkarnir, sem að jafnaði ákveða það beint eða óbeint, hverjir þessi störf eigi að hafa með höndum, þá eru það fyrst og fremst pólitískir hagsmunir, sem þeim er ætlað að gæta. Hverjum einstökum trúnaðarmanni stjórnmálaflokkanna í slíkum nefndum er ætlað að beita áhrifum sínum til þess, að einstaklingar og fyrirtæki, sem á einhvern hátt eru tengd flokknum, fái sem mest af gjaldeyrisúthlutuninni. Það væri alger misskilningur, ef þetta væri tekið svo, að ég sé með þessu að dróttа spillingu eða misbeitingu valds að þeim mönnum, sem slíkum störfum gegna eða hafa gegnt. Ýmsir þessara manna eru mér að góðu kunnir, og ég þekki ekki annað til þeirra en samvizkusemi og réttsýni. Hitt er annað mál, að vegna þess að við höfum búið svo lengi við haftafyrirkomulagið og allir stjórnmálaflokkar hafa um lengri eða skemmri tíma átt þátt í framkvæmd þess, þá hefur skapazt um það eins konar samábyrgð að breiða hræsnishjúp yfir starfshætti hinna pólitísku úthlutunarnefnda og dylja almenning hins sanna um þá. Þótt þeim, er þessar nefndir skipa, sé þannig af umbjóðendum þeirra að jafnaði treyst til þess að sýna hlutdrægni, þá er að vísu vegna almenningsálitsins ekki gengið lengra en að vissu marki í þeim efnum. Ég býst t. d. ekki við því, að neinum okkar, sem sæti eigum hér í þessari hv. d., yrði neitað um gjaldeyrisleyfi, ef við þyrftum í einkaerindum til útlanda, og það þótt pólitískir andstæðingar væru einráðir eða hefðu meiri hluta í gjaldeyrisnefnd. Þeir, sem hafa bakhjarl í pólitískum flokki eða málgögnum hans, jafnvel þótt í andstöðu sé við ríkjandi stjórnarvöld, njóta þannig verndar að vissu marki. En hverjir verða það þá, sem verða fyrir barðinu á haftaráðstöfununum í framkvæmd? Hér gildir það, að óvinurinn hirðir þann síðasta. Það er hinn óbreytti, óþekkti borgari, sem fyrst og fremst fær synjanir um leyfi til gjaldeyriskaupa eða annars, sem opinber leyfi þarf til.

Ég man eftir því frá árunum laust fyrir 1930, þegar ég var unglingur í sveit á Norðurlandi, að nokkuð var um það, að bændur og allur almenningur þar pantaði stundum einstaka muni, sem var ekki hægt að fá í verzlunum þar, eftir dönskum eða jafnvel frönskum verðlistum. Að vísu eru nú ekki miklar líkur á því, að mikil brögð yrðu að slíkum viðskiptum, jafnvel þótt gjaldeyrisverzlun væri algerlega frjáls. Heildsali með sín viðskiptasambönd og sérþekkingu hefur auðvitað ólíkt betri aðstöðu til hagkvæmra innkaupa en Pétur og Páll, sem panta af handahófi eftir erlendum verðlista, er þeim berst í hendur. Samt sem áður getur það verið verzlunarstéttinni í heild mjög nauðsynlegt aðhald um að veita góða verzlunarþjónustu, að einstaklingarnir séu ekki útilokaðir frá því að gerast sínir eigin heildsalar, ef svo býður við að horfa. En það er þetta, gjaldeyriskaup hins óbreytta borgara, sem fyrst er alltaf tekið fyrir, þegar höft eru innleidd. Því fer þannig fjarri, að höftin eigi eitthvað skylt við lýðræði og jafnrétti. Þvert á móti eru þau alltaf í framkvæmdinni örugg brjóstvörn einokunaraðstöðu og forréttinda. Það eru m. ö. o. alltaf persónuleg sjónarmið þeirra, sem framkvæmd haftanna hafa með höndum, og pólitískir sérhagsmunir, sem ráða þessari framkvæmd.

Ég vil endurtaka það, að í þessu felst engin ádeila á þá menn, sem nú eða áður hafa haft þessa framkvæmd með höndum. Gallar kerfisins eru því sjálfu að kenna, en ekki mönnunum, sem eiga að framkvæma það, þannig

að það mundi engu breyta um þessar niðurstöður, þó að einhverjir aðrir hefðu framkvæmdina með höndum. En þessi framkvæmd kemur jafnan meira og minna í bága við það sjónarmið, að þarfir fólksins og hagkvæmni innkaupa eigi að ráða því, hvað flutt er inn og hverjir flytji inn. Það er ekki víst, að fólkið hafi sömu þarfir og smekk og þeir, sem innflutningsleyfunum ráða, þó að mætir menn séu, og ekki heldur víst, að fyrirtæki, sem njóta pólitískrar aðstöðu, séu alltaf þau, sem gera hagkvæmustu innkaupin. Því, að innflutningurinn sé í samræmi við þarfir og innkaup séu svo hagstæð sem verða má, verður aðeins fylgt með einu móti: að innflutningsverzlunin sé frjáls. Innflutningsfyrirtæki, sem við slíkar aðstæður flytja inn vörur, sem fólkið vill ekki kaupa, eða dýrari vörur en keppinautar þeirra, verða fyrir töpum og heltast úr lestinni sem slík. Hin þrifast, sem flytja inn hinn eftirsótta varning á hagstæðu verði. Sá gjaldeyrir, sem þjóðarbúið aflar hverju sinni, nýtist þannig betur við skipulag frjálsrar verzlunar en með höftum.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég tel að ekki megi sniðganga, þegar þessi mál eru rædd, en það er hin siðferðilega og réttarfarslega hlið þeirra. Það er í fyrsta lagi alltaf varhugavert að setja löggjöf, sem brýtur í bága við almenna réttarmeðvitund, svo sem að banna hluti, sem hinn almenni borgari telur eðlilegt að leyfilegir séu. En þetta er einmitt það, sem gerist, þegar sett er haftalöggjöf. Undanfarin ár hefur það alltaf verið þannig, að hafi maður komið um borð í skip eða flugvél á leið til útlanda, þá hefur það verið eitt algengasta umræðuefnið manna á meðal, að hver hefur spurt annan, á hvaða verði hann hafi keypt gjaldeyri á svörtum markaði umfram þann skorna skammt, sem fáanlegur hefur verið hjá innflutningsnefnd.

Ég man líka, að ég las það einu sinni í amerísku landbúnaðartímariti, að þar var talað um það, að ef einhver gerðist brotlegur við umferðarreglurnar, þá hrópuðu allir: Gripið fantinn! Aftur á móti ef einhver kaupir ófáanlega vöru á svörtum markaði, þá er sagt af hverjum sem verður þess áskynja: Hvar fékkstu þetta? Gæti ég keypt það? Þessi eðlismunur er á því, hvort þær reglur, sem settar eru, eru í samræmi við það, sem almenningur álítur réttmætt eða ekki. Í einræðisríkjunum er það oft gert af ásettu ráði að hafa í gildi slík lög, sem brotin eru af nær því hverjum einasta manni, því að slík löggjöf skapar oft kærkomið tækifæri til þess að ná sér niðri á þeim, sem stjórnarvöldin af stjórnmálaástæðum líta óhýru auga. Í þjóðfélagi, sem byggist á einstaklingsfrelsi, er slík löggjöf hins vegar varhugaverð, því að séu þar í gildi lög, sem brotin eru af nær hverjum manni, er almennri virðingu fyrir lögum og rétti hætta búin, þannig að þá má búast við því, að það fari í vöxt, að menn gerist einnig brotlegir við þá löggjöf, sem fullnægir því skilyrði að samrýmast almennri réttarmeðvitund.

Ég tel líka mjög vafasamt, að haftalöggjöfin samrýmist hinni vestrænu mannréttindahugsjón, að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum.

Í Austur-Þýzkalandi voru fyrir fáum árum í gildi tveir tekjuskattsstigar, annar fyrir vinnandi menn, eins og það var kallað, hinn, sem var til muna hærri, fyrir kapítalista. Hvort þessi lög eru enn í gildi, skal ég ekki segja um, þar eð ég hef ekki fylgzt svo með þróun skattamálanna þar í landi. En það er ekki aðalatriði í þessu sambandi, en fyrir nokkrum árum var það svona. En nú eru markalínur milli kapítalista og vinnandi manna ekki svo glöggar, að auðvelt er að framkvæma þetta þannig, að pólitísk sjónarmið ráði því, eftir hverjum stiga mönnum væri gert að greiða skatt.

Það var einnig sagt, að á stríðsárunum hefði gyðingum í Þýzkalandi verið ætlaður minni kjötskammtur en aríunum. En þar sem gyðingar höfðu verið búsettir svo að skipt hefur hundruðum þúsunda í Þýzkalandi um aldaraðir, er sjálfsagt erfitt að finna Þjóðverja, sem hefur ekki eitthvert gyðingablóð í æðum, svo að í framkvæmdinni þýddi þetta auðveldlega, að andnazistar fengu minni kjötskammt en nazistar.

Ég býst við, að hv. þdm. séu á einu máli um, að það tiltæki Hitlers að ætla andstæðingum sínum minni kjötskammt en fylgifiskunum hafi verið brot á mannréttindahugsjóninni. En brýtur það ekki alveg eins í bága við hin almennu mannréttindi, ef pólitískur litur eða þjóðfélagsleg aðstaða verður skilyrði fyrir því, að menn geti keypt erlendan gjaldeyri, eins og jafnan verður í framkvæmdinni, þegar slíkum höftum er beitt, og ég hef áður leitt rök að.

Það gerðist árið 1948, að ríkisstj. sú, er þá sat að völdum og að stóðu Alþfl. og Framsfl. og Sjálfstfl., greip til þess, af því að það þótti þá nauðsynlegt að herða á eftirliti með gjaldeyrissölunni, að banna m. a. flugfélögum og skipafélögum að selja mönnum farmiða til útlanda, nema þeir hefðu áður tryggt sér gjaldeyrisleyfi. Einn góður borgari hér í bænum tók sig þá til og kærði þessa ráðstöfun stjórnarvaldanna fyrir dómstólum á þeim grundvelli, að hún bryti í bága við ákvæði mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna um ferðafrelsi. Eigi er mér kunnugt um úrslit þess máls, en dæmið sýnir, að pottur getur verið brotinn hvað snertir framkvæmd haftanna, jafnvel hversu ágætt sem stjórnarfarið er að öðru leyti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur þó ekki eingöngu í sér aukið verzlunarfrelsi, heldur einnig afnám fjárfestingarleyfa. Um þau gegnir í meginatriðum sama máli og innflutningshöftin. Á sama hátt og auðvitað verður alltaf með einhverju móti að takmarka innflutning, svo að gjaldeyrisafkomu landsins sé ekki stofnað í voða, verður líka með einhverju móti að fyrirbyggja óhóflega fjárfestingu, ef koma á í veg fyrir hrun gjaldmiðilsins. En

svipuð rök og hníga að því, að gjaldeyrisafkoman verði ekki bætt til lengdar með innflutningshöftum, má færa fyrir því, að fjárfestingarhöft ná ekki tilgangi sínum. Það verður aldrei framkvæmanlegt að hafa eftirlit með allri fjárfestingu einstaklinga eða banna hana. Árangur af fjárfestingareftirliti verður gjarnan sá, er frá líður, að fjárfesting minnkar ekki svo sem til er ætlazt, heldur beinist hún inn á óhagkvæmari brautir. Sem dæmi um það má nefna óheppileg áhrif starfsemi fjárhagsráðs á sínum tíma á byggingarframkvæmdir hér í Reykjavík.

Ég tel mig þannig hafa fært rök fyrir því, að ágallar haftakerfisins séu svo margir og stórir, að það sé verulegrar fórnar vert og jafnvel meiri fórnar en þjóðin verður nú að færa að fá það afnumið.

Áður en ég lýk við að ræða þessa hlið málsins, get ég þó ekki stillt mig um að leiðrétta tvær firrur, sem komið hafa fram í sambandi við þetta og jafnvel talsvert hampað í málflutningi stjórnarandstöðunnar.

Önnur er sú, þegar sagt hefur verið, að út af fyrir sig geti það verið gott og blessað að losa um höft, en það sé of dýru verði keypt með þeirri rýrnun kaupgetunnar, sem orðið hafi vegna efnahagsráðstafananna. Hið sanna í þessu er það, að allar ráðstafanir til takmörkunar á innflutningi, hvort sem er gengislækkun, hækkun tolla eða strangari höft, rýra auðvitað getu þjóðarinnar til þess að kaupa erlendan gjaldeyri og erlendan varning. Ef minnka á t. d. innflutning um 10%, rýrnar kaupgetan alveg jafnmikið, hvort sem takmörkunin er framkvæmd með auknum höftum eða gengislækkun. Eina leiðin til þess að halda óskertri kaupgetu væri sú að taka nægilega stórt eyðslulán, til þess að innflutningurinn þyrfti ekki að minnka, en þá leið hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið færa af ástæðum, sem oft er búið að gera ýtarlega grein fyrir.

Hin firran er sú, þegar því er haldið fram, að efnahagsráðstafanirnar hafi alls ekki í för með sér neina raunverulega tilslökun á höftunum, heldur aðeins afnám hafta í einni mynd, jafnframt því að tekin séu upp höft í annarri og verri mynd, nefnilega þeirri, að kaupgetan sé rýrð. Við þessu er það að segja, að þegar talað er um höft, er venjulega átt við það, sem sett er af mönnum, ekki þær hindranir, sem náttúran setur því á hverjum tíma, að menn geti fullnægt öllum sínum þörfum. Við verðum auðvitað alltaf að búa við innflutningshöft í þeirri merkingu, að við getum ekki til langframa notað meiri gjaldeyri en við öflum, og fjárveitingarhöft í þeirri merkingu, að við getum ekki fest meira fé en við spörum, þannig að hér er í rauninni verið að rugla saman óskyldum hugtökum. Það væri t. d. út í bláinn að tala um það sem takmarkanir á ferðafrelsi, að það er ekki hægt enn sem komið er a. m. k. að ferðast til tunglsins.

Ég ætla þá að lokum að fara fáum orðum um mikilvæga spurningu, sem stjórnarandstæðingar hafa varpað fram í umr. þeim um málið, er hingað til hafa farið fram, en hún er sú, hvort nokkrar líkur séu á því, að kerfi það, sem hér sé verið að byggja upp, geti orðið til frambúðar. Hefur þar einkum verið bent á þá hættu, sem stafi af kauphækkunum umfram það, er efnahagsmálalöggjöfin gerir ráð fyrir. Ef þær verða, er þá ekki aðeins tjaldað til einnar nætur, þannig að þjóðin verði þá aðeins meira skuldum vafin en nokkru sinni fyrr? Um þetta er það að segja, að ég hef nú í fyrsta lagi ekki litið á það sem neinn sjálfsagðan hlut, að verkamenn muni sjá sér hag í því við núverandi aðstæður að stofna til svo og svo langvarandi vinnustöðvana til að hækka kaupið, og hefði í rauninni gaman af að heyra þær röksemdir, ef til eru. Almennar upphrópanir um óviðunandi kjaraskerðingu eru ekki skynsamlegur grundvöllur fyrir ákvörðunum, sem geta orðið örlagaríkar fyrir fjárhagsafkomu verkamanna næstu missiri. Réttur launþega til þess að semja um grunnkaupshækkanir er vitanlega óskertur, en hins vegar leiðir það af afnámi styrkja- og uppbótakerfisins, að afstaða ríkisvaldsins til kaupgjaldsmála hlýtur að breytast. Hér eftir hljóta atvinnurekendur og verkalýðsfélög að bera ábyrgð á því, að samningar, sem þessir aðilar gera um kaup og kjör, skapi atvinnuvegunum rekstrargrundvöll, en meðan atvinnuvegirnir voru á ríkisframfæri, gat ríkið varla skorazt undan slíkri ábyrgð.

Þessi nýja stefna hefur að mínu áliti verið skýrt mörkuð í 27. gr. laganna um efnahagsmál og grg. fyrir efnahagsmálafrumvarpinu, en í 27. gr. stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna. Sama gildir um aksturstaxta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og flutningsgjöld skipa og flugvéla.“ Þannig hljóðar það. En í þeim skýringum, sem hæstv. ríkisstj. lét fylgja efnahagsmálafrv., stendur líka, með leyfi hæstv. forseta: „Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana.“ Þetta tvennt, yfirlýsingin í grg. og umrædd lagagrein, virðist taka af öll tvímæli um það, að ætlunin er, að hér eftir verði atvinnurekendur sjálfir að standa undir kauphækkunum og öðrum hækkunum tilkostnaðar, er þeir kunna að semja um, en fá hvorki hækkað verð né auknar uppbætur af þeim sökum, enda er þetta einmitt skilyrðið fyrir því, að kauphækkanir, sem um þarf að semja, verði raunverulegar kjarabætur, og eru þessi breyttu viðhorf tvímælalaust verkamönnum í

hag. Gamla fyrirkomulagið gat að vísu gert það auðveldara að knýja fram hærra kaup að krónutölu, þar sem atvinnurekendur gátu í rauninni samið á kostnað ríkisins, og höfðu þeir því engra hagsmuna að gæta í sambandi við það, hvort samið var um hærra eða lægra kaup. En sé aftur litið á þróun kaupmáttar launa síðustu 10—15 árin, verður myndin önnur. Órækasti vitnisburðurinn um það er skýrsla, sem ég hef við annað tækifæri vitnað í hér í hv. d. og vinstri stjórnin lét semja fyrir síðasta Alþýðusambandsþing. Þar er m. a. upplýst, að meðalneyzla á einstakling, reiknuð á verðlagi ársins 1957, hafi árið 1948 numið 16640 kr., en árið 1957 hafi verðmæti neyzlunnar numið 15590 kr. eða um 6—7% lægri upphæð. Þessi er hinn raunverulegi árangur kjarabaráttu launþega á þessum tíma. Þeir hafa m. ö. o., sé á heildina litið, greitt sér allar kauphækkanirnar sjálfir og meira til.

Það er að vissu leyti fróðlegt, en ekki að sama skapi skemmtilegt að bera þetta saman við upplýsingar, sem ég sá nýlega að Viggo Kampmann, forsrh. Dana, gaf í blaðaviðtali um það, að kaupmáttur launa í Danmörku hefði á svo að segja nákvæmlega sama tíma aukizt um 50%. Ég veit því ekki, hvort það er almenn skoðun verkamanna nú, að afkoma atvinnuveganna sé svo góð, að þeir séu færir um að standa undir kauphækkunum, sem þeim að lögum er bannað að velta yfir á vöruverð. Sé svo, þá er víst, að þeir taka lítið mark á Þjóðviljanum, sem blaða mest hefur prédikað að undanförnu, að efnahagsráðstafanirnar séu á góðum vegi með að koma öllum atvinnurekstri á vonarvöl. En færi nú svo gegn vonum, að verkamenn létu til þess leiðast að stofna fjárhagsafkomu sinni í voða um ófyrirsjáanlegan tíma vegna ímyndaðra eða raunverulegra pólitískra hagsmuna og tækist eftir svo og svo langa vinnustöðvun að knýja fram meiri kaupgjaldshækkun en atvinnurekendur gætu staðið undir af eigin rammleik, hvað mundi þá ske? Atvinnurekendur ættu þá aðeins einn kost fyrir höndum, þann að fækka starfsfólki sínu og spara launagreiðslur á þann hátt. Það mundi þannig skapast ástand, sem enginn góðviljaður maður mundi óska eftir, og sízt af öllu ættu það að vera þeir, sem telja sig sér í lagi bera hagsmuni verkamanna fyrir brjósti. Það yrði m. ö. o. óhjákvæmilega meira eða minna tilfinnanlegt atvinnuleysi.

En þó að þetta væri út af fyrir sig mjög alvarlegt mál, sé ég ekki, að það mundi stofna í hættu verzlunarfrelsinu né hinum efnahagslegu ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið. Það væri hvorki rétt né nauðsynlegt að fara af þeim sökum að hverfa aftur að hafta- og styrkjakerfinu. Að mínu áliti væri það það versta, sem hægt væri að gera frá hagsmunasjónarmiði launþega sér í lagi.

Frv. þetta er að mínu áliti eðlilegur liður í þeim heildarráðstöfunum í efnahagsmálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að samþ. yrðu á þessu þingi. Að mínu áliti er hér um að ræða að vísu erfiðan, en nauðsynlegan áfanga á framfarabraut þjóðarinnar. En þegar sá áfangi er að baki, eru líkur fyrir því, að við getum á næstu árum tekið ekki skemmri skref en nágrannaþjóðir okkar í átt til betri lífsafkomu, gagnstætt því, að við að undanförnu höfum mjög dregizt aftur úr þeim vegna okkar sjúka efnahagskerfis.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sú lagasetning, sem varðar atvinnulíf þjóðarinnar og utanríkisviðskipti, hlýtur að verða metin út frá því sjónarmiði, hvort hún stuðli að eflingu framleiðslunnar, hvort hún tryggi atvinnu landsmanna og nýtingu framleiðslutækjanna, hvort hún beinist að því, að atvinnuleg uppbygging eflist, og jafnframt þá, hvort hún er líkleg til að skapa þjóðfélaginu í heild hagstæð og traust viðskipti með þá framleiðslu, sem það óhjákvæmilega þarf að láta í skiptum fyrir erlendar nauðsynjar. Hér er á ferðinni lagafrv., sem varðar í mikilsverðustu greinum meðferð þessara grundvallaratriða í þjóðarbúskap okkar, þ. e. a. s. meðferð innflutnings- og gjaldeyrismála, útflutningsmála, fjárfestingarmála og að nokkru verðlagsmála.

Þetta frv. verður óhjákvæmilega metið af þjóðinni í samræmi við þau grundvallarsjónarmið, sem ég nú greindi, á þessu stigi málsins með mælistiku dómgreindar hvers og eins og síðan reynslunnar, sem mun að sjálfsögðu ólygnust, en ég ætla þó að geti orðið helzt til dýrkeypt.

Nú hljóta menn fyrst að spyrja: Er líklegt, að þær lagabreytingar, sem hér ræðir um, efli framleiðslu okkar, og er sennilegt, að þær stuðli að truflanalausum rekstri atvinnutækjanna og fullri atvinnu? Treysta þær markaðina, sem útflutningsframleiðslan byggist á? Beina þær fjármagninu inn á þær brautir, sem þjóðarheildinni eru nauðsynlegastar? Stefna þær að því að tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar?

Það verður að telja, að þetta frv. stefni að því að afnema í bókstaflegasta skilningi verulegan hluta þeirra hafta á gjaldeyrissölu og innflutningi, sem hafa verið í gildi um langt skeið, eða kannske væri réttara að segja: þann vísi að stjórn, sem á þeim málum hefur verið. Að vísu er það svo, að nálega allar heimildir til áframhaldandi afskipta ríkisstjórnar eða ríkisstjórna í þessum efnum verða fyrir hendi eftir sem áður. En hinu er margyfirlýst, bæði munnlega og skjallega, að innflutningur og gjaldeyrissala verði að mestu leyti óhindrað af hálfu stjórnarvalda, og verður að reikna með því, að sú sé ætlunin, enda þótt heimildirnar til takmörkunar og afskipta gefi vísbendingu um, að í hugum stjórnarherranna leynist meiri eða minni efi á því, að fyrirætlanir þeirra fái til lengdar staðizt storma raunveruleikans og reynslunnar.

Því er mjög á lofti haldið, að afnám innflutnings- og gjaldeyrishafta í núverandi formi sé hið mesta hagsmunamál alls almennings.

Þetta er engin ný kenning. Árið 1950 var sagt, að sú frjálsa verzlun, sem sigldi í kjölfar gengisfellingarinnar, mundi vega á móti allri kjaraskerðingu af hennar völdum, og þessi kenning er nú endurtekin í ýmsu formi. Nú er okkur sagt m. a. af þeim manni, sem 1950 varaði hvað mest við þessari kenningu, núv. hæstv. viðskmrh., að aukin fjölbreytni í vöruvali muni rétta hlut launþega mjög.

Í ljósi þessara fullyrðinga er fróðlegt að athuga grg. ríkisstj. með frv. um efnahagsmál, þ. e. gengislækkunarfrv. Þar er því slegið föstu, að ein höfuðmeinsemd haftanna hafi verið sú, að þau hafi aldrei til lengdar megnað að draga úr heildarinnflutningi til landsins. Á þetta hefur verið lögð mikil áherzla og nú síðast í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn.

Nú er þessi fullyrðing að sjálfsögðu fásinna. En hún sannar það hins vegar ljóslega, að núv. ríkisstj. er út af fyrir sig ekki á móti því, að dregið sé úr innflutningi. Þvert á móti telur hún það vera grundvallarbjargræði og finnur núgildandi skipan það mest til foráttu, að hún hafi ekki verið nógu mikilvirk í því efni. Enn er hert á þessari kenningu með svofelldum orðum í þessari sömu grg., með leyfi hæstv. forseta: „Orsök greiðsluhallans er ekki sú, að útflutningsframleiðsla og gjaldeyristekjur séu ekki miklar.“ Sem sagt, gjaldeyrisstöðuna er ekki unnt að bæta nema með minnkun innflutningsins. Sú jákvæða lausn að auka gjaldeyristekjurnar og framleiðsluna er einskis virði, ef ekki er beitt hömlum gegn þeirri eftirspurn, sem skapast jafnframt með auknum tekjum innanlands. Það á að skera fyrir rætur meinsins að dómi ríkisstj. Það á sem sé að færa höftin af gjaldeyrissölu og innflutningi, en reyra þau þeim mun fastar að kaupgetu almennings og hindra þannig, að hann geti veitt sér aðkeyptan varning í sama mæli og áður.

Áður en það frelsi í orði, sem nú er boðað, er veitt, hefur nýr verðgrundvöllur verið skapaður í landinu. Allar erlendar vörur hafa verið hækkaðar í verði með löggjöf um 30—80%. Innlend iðnaðarframleiðsla hefur verið hækkuð um allt að 50%, landbúnaðarafurðir um allt að fjórðungi, skattheimta ríkisins aukin um hundruð milljóna, vextir hækkaðir um 50%. Í stuttu máli: hver lífsnauðsyn, sem til verðs er reiknuð, hefur verið hækkuð í verði meira en nokkur dæmi eru til um á skömmum tíma. En jafnframt hafa launamenn verið sviptir sínum samningshelgaða rétti til sjálfkrafa samræmingar á launakjörum sínum við hinn nýja verðgrundvöll, og hæstv. ríkisstj. hefur uppi hótanir um enn frekari verðhækkanir, ef láglaunamenn kynnu að ákveða að breyta verðlaginu á vinnu sinni, þótt ekki væri nema sem svaraði til lítils hluta af verðhækkunum lífsnauðsynja. Allar aðgerðir ríkisstj. til þessa: gengisfellingin, vaxtahækkunin, nýjar og þrengdar útlánareglur bankanna, niðurskurður aðstoðar við atvinnuuppbyggingu, hljóta að leiða af sér stórfelldan samdrátt í framkvæmdum og atvinnulífi og bjóða heim atvinnuleysi og minnkandi framleiðslu. Sjálf ríkisstj. hefur með þeirri innflutningsáætlun, sem hún hefur gert fyrir yfirstandandi ár, áætlað, að svo sé nú orðið þrengt að kaupmætti almennings, að reikna megi með 20% samdrætti í vörukaupum erlendis frá eða sem svarar rúmlega 500 millj. kr. vöruverðmæti á núverandi gengi, án þess að beinar hömlur af hálfu ríkisvaldsins komi til.

Hér er í öðru orðinu sagt, að verið sé að afnema höft og veita frelsi, en í hinu orðinu er viðurkennt, að þau nýju höft, höft getuleysisins, sem jafnframt er verið að hneppa almenning í, taki ekki aðeins að öllu leyti við hlutverki núverandi stjórnar á innflutningi, að því er snertir takmarkanir á vörukaupum almennings, heldur herði svo að, að takmarkanirnar verði raunverulega stórkostlega meiri en áður. Við er svo því að bæta, að þær hömlur, sem nú gilda um innflutning, skerða á engan hátt getu manna til að veita sér innlendar framleiðsluvörur, þjónustu og nauðsynjar, heldur jafnvel auka hana, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. kom hér inn á, að sumu leyti réttilega. En hin nýju höft gera þar lítinn eða engan greinarmun á og skerða stórlega alla möguleika til neyzlu þeirra gæða, sem við sjálfir framleiðum, og notkun þeirrar þjónustu, sem starfsstéttirnar veita hver annarri. Í því er höfuðmunurinn fólginn á þeirri stjórn, sem hefur verið á þessum málum, og þeirri stjórn getuleysisins, sem nú á að taka við.

Með ákvæðum þessa frv. um innflutningsmálin, eins og yfirlýst er að þau verði framkvæmd og eins og til hefur verið stofnað með öðrum aðgerðum ríkisstj., sem eru undanfari þessarar lagasetningar, er því beinlínis og markvisst stefnt að því að þvinga allan almenning til þess að takmarka við sig kaup á öllum vörum, erlendum sem innlendum, í miklu ríkara mæli en þekkzt hefur síðustu áratugina. Freklegra ófugmæli en það, að hér sé því um að ræða hagsbætur eða aukið frjálsræði, er því varla unnt að hugsa sér. Hér er ekki verið að afnema höft, heldur setja þau höft, sem verst eru og þungbærust öllum almenningi, hvað sem öllum orðaleikjum líður. En hér er annað að gerast. Það er verið að afnema þá ófullkomnu stjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem löggjafarvaldið hefur talið óhjákvæmilegt að hafa og allir flokkar hafa að meira eða minna leyti verið sammála um að ekki verði komizt hjá, og fá mikið af völdum þessarar stjórnar í hendur innflytjendum einum, en að nokkru í hendur gjaldeyrisbankanna, í báðum tilfellum í hendur aðila, sem að sumu leyti, að því er innflytjendur snertir, eru algerlega óábyrgir gagnvart almenningi, og að því er bankana snertir aðeins mjög óbeint. Þannig á að fjarlægja valdið í hinum mikilvægustu sameiginlegu málum þjóðarinnar, valdið til að ráðstafa

þeim gjaldeyri, sem þjóðin í heild aflar og á, — fjarlægja það almenningi og þeim stofnunum, sem ábyrgð bera gagnvart honum. Og það eitt fyrir sig sýnir inn í þann hugmyndaheim, sem núverandi valdhafar lifa í.

Hitt er svo annað mál, þótt ekki sé óskylt, hver áhrif þessi tilfærsla valdsins hefur fyrir þjóðarbúskapinn. Með þeim hömlum, sem settar hafa verið á kaupgetu almennings, verður vörusölu innflytjenda skorinn stakkurinn innan tíðar, en á hinn bóginn veitist þeim ótakmarkað frelsi til kaupa á meiri hluta allra hugsanlegra innflutningsvara. Til tryggingar þessu frelsi hefur svo ríkisstj. tekið 800 millj. kr. eyðslulán án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvernig unnt verði að endurgreiða það. Því til enn frekari tryggingar á svo að setja þriðjung þeirra vörutegunda, sem keyptar hafa verið til þessa frá jafnkeypislöndunum, öðrum en Sovétríkjunum, á frílista og leyfa ótakmörkuð kaup þeirra vara fyrir harðan gjaldeyri í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum.

Það væri því rangt að segja, að ekkert frjálsræði fylgdi hinni nýju skipan. Þegar til lengdar lætur felst þó frjálsræðið ekki í því, að fluttar verði inn meiri vörur eða betri vörur, því að kaupgetan setur þar skorðurnar. Frjálsræðið felst fyrst og fremst í því að beina vörukaupum í vaxandi mæli til Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna hlutfallslega, en draga að sama skapi úr innflutningi frá jafnkeypislöndunum. En kröfurnar um þetta hafa lengi verið uppi og fyrst og fremst frá þrem aðilum: Í fyrsta lagi hinum erlendu aðilum, sem nú ætla að lána ríkisstj. mesta eyðslulán, sem nokkru sinni hefur verið tekið í sögu þjóðarinnar, og ríkisstjórnum þeirra stórvelda, sem að baki þeim standa. Í öðru lagi frá heildsalastéttinni. Og í þriðja lagi frá þeim ofstækismönnum, sem telja nauðsynlegt af stjórnmálaástæðum að slíta með öllu þau viðskiptalegu tengsl, sem við höfum haft við sósialistísku löndin, og láta hatur sitt á þjóðfélagi þeirra hafa yfirhöndina yfir okkar þjóðarhagsmunum. Viljandi eða nauðug hefur núv. hæstv. ríkisstj. gerzt ambátt þessara afla allra í senn eða einstakra þeirra. Það skiptir í sjálfu sér minnstu, en hitt öllu, að þau hafa náð yfirhöndinni. Mennirnir, sem hrópuðu um þjóðarsmán og undirlægjuhátt á s. l. sumri, þegar síldarvertíðinni fyrir Norðurlandi var bjargað með aukinni sölu til Sovétríkjanna og þar með afkomu þúsunda verkafólks, sjómanna, útgerðarmanna og síldarsaltenda, geta nú vissulega að verulegu leyti hrósað sigri sinna hugsjóna. Og forstjóri Efnahagsstofnunar Evrópu, sem prédikaði hér á s. l. hausti nauðsynina á því að flytja viðskiptin meira til vesturs ins og setti Íslendingum kostina fyrir lánveitingum í því sambandi, getur vissulega unað erindislokum, enda hefur hann reitt af hendi gjaldið með skilum.

Hæstv. viðskmrh. hefur bæði hér í hv. d. og annars staðar fullyrt, að manni hefur virzt með barnslegri einlægni, að viðskiptum okkar við jafnkeypislöndin væri engin hætta búin af þessum ráðstöfunum. Hæstv. forsrh. hefur haft uppi þær staðhæfingar, að ef út af brygði með þessi viðskipti, væri það ekki að kenna ríkisstj. eða aðgerðum hennar, þessum eða öðrum. Og í blöðum stjórnarflokkanna erum við Alþb.-menn síðan barðir illyrðum fyrir það, að við skulum leyfa okkur að halda því fram, að hér sé stefnt út á hættulega braut hvað þessi viðskipti snertir, og okkur borin á brýn svívirðileg þjónkun við erlent vald. En nú vill svo til, að við erum ekki einir um þessar skoðanir. Mér er kunnugt um, að ríkisstj. hefur fengið mjög alvarlegar aðvaranir í sömu átt frá þeim aðilum, sem sízt verða sakaðir um sérstaka samúð með löndum sósialismans, en telja verður að beri jafnvel eins gott skyn á þessi viðskipti og þeir hagfræðingar, sem segja ríkisstj. fyrir verkum um allar aðgerðir hennar í efnahagsmálum, bæði í þessum efnum og öðrum. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga hafa t. d. bæði í erindum til ríkisstj. látið í ljós alvarlegar áhyggjur yfir því, að hætta sé á verulegum samdrætti á innflutningi frá jafnkeypislöndunum, ef frílistinn verði eins og ráð er fyrir gert, og þá að sjálfsögðu um leið á mörkuðum okkar í þessum löndum.

Þessar aðvaranir stærstu útflytjendanna eru sízt að ófyrirsynju. Enda þótt ráð sé fyrir því gert, að leyfalistinn verði notaður til hins ýtrasta til þess að vernda vörukaupin frá jafnkeypislöndunum, sem engan veginn er full trygging fyrir að verði gert, verða 13—14% af þeim, að því er ríkisstj. viðurkennir, sett á frílistann og leyfður hömlulaus innflutningur hliðstæðra vara annars staðar frá. Ef Sovétríkin eru fráskilin, er hér um að ræða um 30% af vöruinnkaupum frá jafnkeypislöndunum. Nú er það svo, að hér er farið með miklu frjálsræði með tölur, svo að ekki sé meira sagt. Þegar fullyrt er, að 87% af innflutningnum, miðað við 1958, sé nú verndað til fulls, er miðað við útreikninga, sem gerðir voru út frá fyrsta uppkasti frílistans. En síðan hefur hann tekið miklum breytingum og hefur verið aukið á hann vörutegundum að innflutningsverðmæti yfir 100 millj. kr., sem að þó nokkru leyti, sennilega ekki minna en 30 millj. kr., hafa verið fluttar frá jafnkeypislöndunum, og auk þess er svo í útreikningunum miðað t. d. við sementsinnflutning upp á 20 millj., sem var 1958, en nú er alveg úr sögunni af eðlilegum og alkunnum ástæðum. Ég hef ekki haft tök á því að reikna nákvæmlega út, hve miklu hér skakkar milli þeirra talna, sem ríkisstj. gefur upp í þessu sambandi, og raunveruleikans, en ég held, að varla geti verið um að ræða, að viðbótarskerðing við þá, sem ríkisstj. hefur gefið upp og reynt að sannfæra þingheim um, sé minna en 10% af heildarinnflutningi frá jafnkeypislöndunum og þó trúlega meira til viðbótar við það, sem hún hefur áður fyllilega viðurkennt. Jónas Haralz, aðalhöfundur þessa frv., viðurkenndi á fundi fjhn., er ég gerði fsp. í þessu sambandi, að

útreikningarnir um 87% verð, sem hæstv. viðskmrh. hefur hampað, væru byggðir á upphaflega frílistanum, en ekki á þeim, sem nú er ákveðinn, og þar með raunverulega viðurkennt, að um hreinar blekkingar væri hér að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj.

Af hálfu stjórnarflokkanna er því svo haldið fram, að svo framarlega sem þær nýju frílistavörur, sem áður voru keyptar frá Austur-Evrópu, standist samkeppnina við aðrar vörur hliðstæðar, hljóti þær að halda velli og muni verða fluttar inn eins og áður. Hér stendur þó spurningin um allt annað, ef betur er að gáð, og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er það svo, að öll tilhneiging innflytjenda er í þá átt að kaupa hliðstæðar vörur fremur frá Vestur-Evrópu en frá jafnkeypislöndunum, enda þótt verð og gæði standist algerlega á. Ástæðurnar eru m. a. þær, að umboðslaun frá framleiðendunum eru yfirleitt mun hærri og stundum gífurlega miklu hærri og geta jafnvel í einstökum tilfellum, hvað einstakar vörutegundir snertir, numið allt að 30—40%. Hitt er þó miklu mikilvægara, að öllum umboðslaunum frá seljendum í jafnkeypislöndunum er skilað hingað beint í gjaldeyrisbankana, og eru því öll undanbrögð um full skil þess gjaldeyris útilokuð og allt óeðlilegt brask eða jafnvel ólöglegt brask útilokað, sömuleiðis skattsvik. Umboðslaun frá vesturevrópskum eða bandarískum fyrirtækjum eru hins vegar lögð inn á einkareikning viðkomandi umboðsmanna erlendis, og íslenzk gjaldeyrisyfirvöld hafa engin tök á að afla sér um þá reikninga neins konar upplýsinga. Þar hefur hinn íslenzki umboðsmaður eða innflytjandi fullkomlega frítt spil. Enn kemur það til, að full vissa liggur ávallt fyrir um rétt og raunverulegt verð þeirra vara, sem keyptar eru frá jafnkeypislöndunum, þar sem um er að ræða millirikjasamninga. Annars staðar eru rangar upplýsingar um verð fyllilega hugsanlegar og hafa verið notaðar í stórum stíl til þess að blekkja verðlagsyfirvöld og draga á sviksamlegan hátt undan stórfelldar gjaldeyrisupphæðir og tryggja óhæfilega álagningu. Alþjóð eru kunn slík svikamál, sem upp hafa komizt, en slíkt heyrir auðvitað til hreinum undantekningum, því að jafnvel er tiltölulega auðvelt að búa svo um slík svik, að þau standist bókstaf laga.

Í sambandi við það gjaldeyrissvindl, sem þrífst í utanríkisverzluninni, og þær tilhneigingar, sem það skapar til þess að taka jafnvel óhagstæð viðskipti á vestursvæðinu fram yfir þau, sem bezt gerast við jafnkeypislöndin, er fróðlegt að minna á sem dæmi, lítið dæmi að vísu, skipasmíðarnar, en sá maður, sem um þau mál er fróðastur allra landsmanna, Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóri, hefur í skýrslu, sem ég veit að hæstv. viðskmrh. hefur í höndum, rakið hin miður heppilegu áhrif gjaldeyrisbrasksins á samninga við erlendar skipasmíðastöðvar. Bendir hann þar á, að margir þeir, sem látið hafa smíða skip erlendis, hafi tekið lélegar stöðvar, t. d. í Noregi og víðar, vanbúnar að tækjum og kunnáttu og illfærar um að skila traustu og góðu verki, fram yfir t. d. stöðvar í Austur-Þýzkalandi, sem hafa yfir að ráða fullkomnustu tækni og aðstöðu til þess að skila vel unnu verki, af þeim ástæðum einum, að skipinu, sem flutt var af vestursvæðinu, var hægt að sigla heim hlöðnu af húsgögnum og ýmsum öðrum torfengnum varningi, sem keyptur var fyrir meira eða minna illa fenginn gjaldeyri í sambandi við smíðasamningana. Það er á allra vitorði, að slík dæmi og þau ófá mætti taka um önnur viðskipti. En hin eru þó miklu fleiri líkrar tegundar, sem engar sögur fara af.

Enn er það að athuga, að fyrirtæki í sósíalistísku löndunum framleiða undantekningarlaust samkv. fyrirframgerðum áætlunum, en ekki til birgðasöfnunar fyrir óvissa markaði. Af því leiðir, að gera verður við þau fyrirframsamninga um öll vörukaup og þá um leið vörusölu eða ella búa við mjög langa afgreiðslufresti, ef viðskipti koma þá yfirleitt til greina. Það er því algerlega tómt mál að tala um, að unnt sé að byggja viðskipti við þau á því að grípa til þeirra af einhverju handahófi, eins og nú er verið að fullyrða að hægt sé að gera, og skiptir samkeppnishæfni út af fyrir sig ekki máli að því leyti.

Í þriðja lagi kemur það svo til, að í mörgum tilfellum hafa viðskiptasamningar, einkanlega við önnur jafnkeypislönd en Sovétríkin, verið þannig, að það verð, sem byggt hefur verið á, bæði á inn- og útflutningi, hefur verið nokkru hærra en heimsmarkaðsverð. Af því leiðir, svo lengi sem sú skipan helzt, að sumar vörur frá jafnkeypislöndunum verða dýrari hér á heimamarkaði en hliðstæðar vörur annars staðar frá, enda þótt þær hafi verið jafnvel miklu ódýrari í innkaupi, ef miðað er við það vörumagn, sem fyrir þær hafi verið greitt, og þjóðhagslegur hagnaður hafi því beinlínis verið af viðskiptunum, miðað við önnur hugsanleg viðskipti.

Þær þrjár ástæður, sem ég hef nú greint frá, leiða til þess, þegar þær koma allar saman, að þær vörur, sem áður voru keyptar frá jafnkeypislöndunum, en nú eru settar á frílista, verða framvegis að öllu eða a. m. k. svo til öllu leyti fluttar inn frá öðrum viðskiptalöndum. Enn kemur það svo til, sem kannske er ekki þýðingarminnst, að fullvíst er, að hinn skerti kaupmáttur almennings og samdráttur í notkun fjárfestingarvara mun hafa víðtæk áhrif til að draga úr vörukaupum leyfisvara frá jafnkeypislöndum og þar með í þá átt eins og hinar ástæðurnar að loka mörkuðum okkar þar fyrir jafnverðmætu útflutningsmagni. En jafnvel þó að samdrátturinn yrði nú að þessu leyti stöðvaður á þessu ári við 13 eða 14%, — eða við 30%, ef Sovétríkin eru tekin út úr, — þá má vissulega segja, að það sé efnileg byrjun á því að rífa niður markaði okkar í Austur-Evrópu að geta á einu ári saxað niður nær þriðjung viðskiptanna við lönd eins og Pólland, Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkaland. Ég geri varla ráð fyrir,

að verstu óþurftarmönnum austurviðskiptanna hafi komið til hugar, að nokkrir möguleikar væru til að ganga lengra í fyrstu lotu í þessu efni, ekki sízt þegar þess er gætt, að samningar fram í tímann voru frágengnir við sum Austur-Evrópulöndin, áður en þessar ráðstafanir allar komu til. Hitt mun ég svo draga í efa, að núv. ríkisstj. sé þess umkomin að afla annars staðar öruggra markaða, sem svara til þeirra, sem nú gloprast úr höndum hennar strax á fyrsta valdaárinu, hvort sem það hefur verið gáleysi eða bein ákvörðun.

En hvað mundi þá síðar reynast, ef áfram verður haldið á þeirri braut? Það er ekki vitað betur en að flestir möguleikar hafi á undanförnum árum réttilega verið notaðir til þess að efla markaði okkar í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, eins og okkur hefur verið lífsnauðsyn að gera. En árangurinn hefur þó ekki orðið meiri en svo, að markaðir í Austur-Evrópu hafa staðið undir mestallri þeirri miklu framleiðsluaukningu, sem orðið hefur á síðari árum, og það hafa verið markaðir, sem unnt hefur verið að byggja á að ekki sveifluðust til fyrir hverjum vindgusti, enda að miklu leyti tryggðir með allt að þriggja ára samningum í senn.

Það hefur verið gumað nokkuð af því, að efnahagsráðstafanirnar í heild hafi þegar haft áhrif í þá átt að bæta gjaldeyrisstöðuna, og í því sambandi hefur verið bent á hagstæðari verzlunarjöfnuð fyrstu 3 mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra. Í umr. í hv. Nd. sýndi hv. 3. þm. Reykv. fram á, að þetta hefur að stórum hluta gerzt með þeim hætti að fella niður að mjög verulegu leyti kaup frá jafnkeypislöndunum, þannig að þar hafa nú safnazt innstæður upp á nokkuð á annað hundrað millj. kr., þ. e. a. s. við höfum selt, en ekki keypt í staðinn. Mun nú svo komið, að komið er í algert hámark viðskiptasamninga að þessu leyti, og öllum er ljóst, að dragist vörukaup okkar frá þessum löndum saman, þýðir það jafnmikla rýrnun markaða fyrir okkar framleiðslu.

Við þessar athyglisverðu upplýsingar get ég svo bætt þeim, að á fyrstu 3 mánuðum fyrra árs voru vörukaup frá jafnkeypislöndunum 36% á móti 64% frá frjálsgjaldeyrislöndunum. En á sama tíma í ár hrapaði innflutningur okkar frá jafnkeypislöndunum í 29% á móti 71% frá frjálsgjaldeyrislöndunum, en það svarar til nær 20% samdráttar í viðskiptum okkar við jafnkeypislöndin á þessum 3 mánuðum. Þetta sýnir auðvitað, að hér er alls ekki um að ræða neinn raunverulega hagstæðari gjaldeyrisjöfnuð en áður hvað þetta áhrærir, heldur eingöngu það, að fyrirheitin ein um hömlulausan innflutning frá frjálsgjaldeyrislöndunum hafa þegar sett viðskipti okkar við jafnkeypislöndin í hættu. En hvað mundi þá, þegar þau koma raunverulega til framkvæmda?

Samdráttur viðskipta okkar við jafnkeypislöndin er vafalítið ein mesta hætta, sem atvinnulífi okkar stafar í bráðina og framleiðslu okkar af þeim breytingum, sem nú á að gera í verzlunarmálunum. En því fer þó víðs fjarri, að það sé eina hættan. Margt kemur þar fleira til. Ég vil t. d. nefna hinn sérstaka frílista yfir ýmsar iðnaðarvörur, sem veita á ótakmarkaðan innflutning á að 6 mánuðum liðnum. Þar er um að ræða iðnaðarframleiðslu, sem við höfum sjálfir framleitt að miklu leyti og getum sparað okkur gjaldeyri fyrir. Nú á að sleppa innflutningi erlendra iðnaðarvara lausum til höfuðs þessum atvinnugreinum. Gálgafresturinn, sem viðkomandi iðngreinum er gefinn, gefur strax til kynna, að hér sé hætta talin á ferðum. Jafnvel þótt okkar framleiðsla sé samkeppnishæf að öllu leyti, hlýtur ótakmarkað framboð hins erlenda varnings að hafa sín áhrif til samdráttar, og í ýmsum tilfellum er ekki um að ræða neina tollvernd, a. m. k. eins og nú standa sakir. Það má vel vera, að þessar iðngreinar, sem hér eiga sérstaklega hagsmuna að gæta, séu þær, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. talaði hér um að hefðu þróazt, til mikils ógagns fyrir þjóðina, að manni skildist, á undanförnum árum í skjóli haftanna og það eigi af þeim ástæðum að ganga milli bols og höfuðs á þeim. En hitt er þó augljóst, að í ýmsum greinum er um að ræða stórframleiðslu, sem hefur mikla atvinnulega þýðingu fyrir þjóðina, t. d. framleiðslu málningarvara, sápugerðir, skógerðir, fatagerð o. s. frv. Þess mætti og vænta, að hæstv. ráðh. gætu upplýst, hvaða athuganir hafi verið gerðar á örlögum þessara iðngreina, sem varða afkomu hundraða verkafólks.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að þegar þessi listi var upphaflega útbúinn, hafði ríkisstj. t. d. ákveðið að setja tunnur og keröld á þennan sérstaka frílista og leyfa ótakmarkaðan innflutning á þeim skv. því, og þetta mun hafa verið gert þrátt fyrir eindregin mótmæli síldarútvegsnefndar. Hins vegar hefur þessu af einhverjum ástæðum verið breytt nú og ákvörðun tekin um það, eftir að þetta mál var afgreitt úr hv. Nd., að taka þetta út af listanum. Ég vil að sjálfsögðu fagna þessu, því að þarna er um stórkostlegt hagsmunamál að ræða fyrir verkamenn í tveimur stærstu bæjum Norðurlands og þar að auki um mikið öryggismál að ræða fyrir síldarútgerðina. Og ég vildi vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. rynni í fleiri greinum að þessu leyti en hún hefur þegar gert og taki til greina skynsamlegar ábendingar frá viðkomandi iðngreinum og þeim, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í sambandi við aðrar iðngreinar.

En ég vil ítreka spurningu mína um það, hvaða rannsókn hafi farið fram á því, hvernig fari um þær iðngreinar, sem hér hafa hagsmuna að gæta og eru mjög mikilsverðar, og á hverra tillögum það sé byggt, að þessi listi hefur verið saminn. Þegar efnahagsráðunautur ríkisstj., Jónas Haralz, var um þetta spurður á fundi fjhn., svaraði hann því einu til,

að málið væri í athugun í nefnd. En ég vil þá spyrja: Tekur ríkisstj. ákvarðanir um samningu svona lista án þess, að nokkrar athuganir hafi farið fram?

Með þessu frv. eru afnumin þau ákvæði gildandi l., að heimildar þurfi að afla til meiri háttar framkvæmda. Þar er fylgt þeirri sömu meginhugsun, sem liggur að baki breyt. á skipan innflutnings- og gjaldeyrismálanna, að ákvörðunarrétturinn skuli tekinn úr höndum hins opinbera — opinberra stofnana — og fenginn í hendur þeirra, sem hafa fjárráðin. Loku virðist nú eiga að skjóta fyrir það, að það sjónarmið ráði um fjárfestingu og framkvæmdir, sem fyrst og fremst tekur tillit til hagsmuna heildarinnar. Peningavaldið á að taka þar eitt við stjórn og gróðasjónarmiðið ráða úrslitum.

Það er augljóst, að fjárfestingarframkvæmdir verða minni en áður. Fyrir því er séð jafnhliða frelsinu með verðhækkununum á framleiðslutækjum og byggingarefni, með hækkun vaxta, styttingu lánstíma fjárfestingarsjóðanna, skipulagðri lánsfjárkreppu og löghelgun á ráni sparifjár úr byggðarlögunum og að síðustu, en ekki sízt launalækkunum þeirra, sem hafa mesta þörf á að byggja íbúðir yfir sig.

Það er þegar sýnt, hvert þessi stefna leiðir í ýmsum greinum. Fjármagnið, sem ekki er hneppt í fjötra Seðlabankans, leitar ekki í kaup nýrra framleiðslutækja og til atvinnuuppbyggingar. Kaup fiskiskipa umfram þau, sem ráðin voru, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, eru að mestu eða öllu úr sögunni. Og ekki er vitað um neinar stærri framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru til eflingar útflutningsframleiðslunni. Bygging nýrra íbúðarhúsa mun svo til hverfa úr sögunni á þessu ári í öllum byggðarlögum utan Reykjavíkur og næsta nágrennis, en dragast þar stórlega saman. Sem dæmi um þetta skal ég geta þess, að í næststærsta bæ landsins, Akureyri, þar sem byggðar hafa verið allt að 200 íbúðir á ári á undanförnum árum, munu á þessu sumri ekki verða byggðar fleiri en 10—15 íbúðir, eða jafnvel enn færri. Sama saga er að gerast alls staðar annars staðar. Í Dalvík, sem hefur verið vaxandi athafnabær og hefur verið að byggjast upp á undanförnum árum, voru byggðar um 20 íbúðir á s. l. ári. Í ár verða þær ekki fleiri en 2, ef þær verða þá nokkrar. Framkvæmdir bænda í byggingum og stofnun býla eru að stöðvast. Fregnir berast um, að mikilvirkar jarðvinnsluvélar landbúnaðarins, sem unnið hafa nótt með degi undanfarin ár, muni víða standa óhreyfðar í sumar. Nýjar býlamyndanir má marka af því, að allt útlit er fyrir, að innflutningur dráttarvéla skipti á þessu ári ekki nema fáum tugum, ef til vill ekki nema 30—40 vélum, en innflutningur á þeim 1958 var milli 400 og 500, og var þó engan veginn hægt að fullnægja þeirri eftirspurn, sem eftir þeim tækjum var. Það er vissulega von, að hæstv. ríkisstj. sé hreykin af því að þurfa nú ekki lengur að hafa sérstaka nefnd til þess að úthluta slíkum tækjum. Og horfur eru á, að bændur geti e. t. v. ekki leyst einu sinni út áburðinn á tún sín nú í vor.

Þannig er sama, hvert litið er. Dauð hönd efnahagsaðgerðanna er að leggjast yfir atvinnulífið í bæjum og sveitum víða um landið, samhliða því sem sjálf launakjör almennings eru skert, svo að dæmalaust er. Þannig er frelsið í raun og framkvæmd. Hins vegar eru horfur á, að veruleg gróska muni í ár og á næstunni hlaupa í byggingu verzlunarstórhýsa hér í höfuðborginni og útþenslu ýmissa verzlunar- og braskfyrirtækja.

Þegar annað um þrýtur, taka hv. stjórnarsinnar til þess ráðs að afsaka þetta frv. með því, að hin nýja skipan spari ríkinu verulegt fjármagn, hér sé verið að leggja niður dýrt og viðamikið skriffinnskubákn og öll framkvæmd verði hér eftir ákaflega einföld í sniðum og ódýr. Það er rétt, að innflutningsskrifstofan hefur um 20 manns í þjónustu sinni við þau störf, sem nú á að leggja niður í núverandi formi, og hefur til umráða hluta af skrifstofuhæð. Nú mun ráðið, að gjaldeyrisbankarnir setji upp á nýtízku skrifstofuhæð við Laugaveginn sameiginlega gjaldeyrisstofnun með miklu starfsliði og tveimur skrifstofustjórum. Auk þess koma svo til hinir sérstöku trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar, sem frv. gerir ráð fyrir, og tæpast verða þeir ólaunaðir. Í þessari skrifstofu, sem nú er verið að setja upp, mun vera ætlað að framkvæma skýrslugerðir fyrir allar leyfisveitingar og sundurliðun þeirra eftir gjaldaflokkum, löndum og tegundum gjaldeyris. Þar á að gefa skýrslur um alla gjaldeyrissölu bankanna, bæði gegn frílistum og leyfum, sundurliðaða eftir löndum og vörutegundum. Slíkar skýrslur hefur innflutningsskrifstofan unnið og gefið þeim, sem þeirra þarfnast, mánaðarlega, og hafa þær verið byggðar á nákvæmu bókhaldi. Engar slíkar skýrslur hafa verið gerðar af öðrum stofnunum, sem þyki það áreiðanlegar og aðgengilegar, að hægt sé að nota þær í ýmsum tilfellum, og innflutningsskrifstofan hefur að þessu leyti verið nokkurs konar bráðabirgðahagstofa, sem ráðuneyti og bankar og sjálf ríkisstj. hafa byggt á. Þá hefur innflutningsskrifstofan m. a. annazt innheimtu leyfisskatta upp á rúmlega 100 millj. kr. á ári. Sú innheimta heldur að sjálfsögðu áfram og verður auðvitað ekki kostnaðarminni en áður. Auk hinnar fyrirhuguðu gjaldeyrisskrifstofu bankanna og hinna sérstöku trúnaðarmanna ríkisstj. og ráðuneytanna kemur svo stóraukið starf bankanna sjálfra, þar sem er sjálf afgreiðsla leyfa, viðtöl og annað, sem því til heyrir, og krefst það nýrra starfsmanna.

Hæstv. viðskmrh. hafði hér uppi við 1. umr. málsins þær fullyrðingar, að meðferð gjaldeyrismálanna yrði hér eftir svo einföld og ódýr, að bankarnir mundu vera fúsir til að taka hana að sér án nokkurs endurgjalds.

Manni skildist helzt, að starfið yrði hér eftir nálega ekki neitt. En hann sagði jafnframt, að leyfisgjöldin, sem greiða á, væru í því einu skyni að kosta verðlagseftirlitið.

Auðvitað geri ég ráð fyrir, að bankarnir gætu vel unnið þetta starf án gjalds, því að þeim hefur til þessa verið séð fyrir aðstöðu til slíks gróða, að lítið högg sæist þar á vatni, þótt nokkur aukin störf kæmu til. En það sannar auðvitað ekkert um það, að hér sé um neinn eða neins konar sparnað að ræða. Hið rétta er, að engar líkur eru til, að hér verði um neins konar sparnað að ræða, því að að sjálfsögðu er það almenningur, sem að síðustu innir greiðsluna af hendi, þó að bankar kunni að einhverju leyti að gera það. Framkvæmdin verður ekki einfaldari í sniðum en áður.

Það er óhjákvæmilegt að allra dómi að framkvæma eins og verið hefur þá margháttuðu skýrslugerð um flokkun og notkun gjaldeyris og því um líkt, sem ég gat hér um og innflutningsskrifstofan hefur annazt og t. d. hagskýrslur um innflutning og gjaldeyrisnotkun hafa verið byggðar á. Eini verulegi munurinn er sá, að framkvæmdin verður nú í höndum stofnunar með öðru nafni og annars starfsliðs að einhverju leyti.

Gert er ráð fyrir, að verðlagseftirlit haldist að nafninu til a. m. k. fyrst um sinn, og við það vinnur um helmingur af starfsliði innflutningsskrifstofunnar. Þar að auki á að setja verðlagseftirlitinu, skv. frv., sem nú er verið að útbýta í hv. d., 5 manna yfirstjórn, og tæpast verður hún ólaunuð. Mér virðist því, að það sé frekar stefnt að því að stofna til þess að gera alla framkvæmd þessara mála flóknari, skipta því niður í fleiri ráð, fleiri nefndir, fleiri trúnaðarmenn ríkisstj. en áður. Og er líklegt, að það kunni svo að fara, að þegar nýtt og óvant starfslið tekur að verulegu leyti nú við þessum störfum, sem nauðsynlegt er að vinna í þessu sambandi, að þá muni framkvæmdin a. m. k. fyrsta sprettinn verða jafnvel miklu dýrari en áður.

Ég hef hér drepið á nokkur þeirra atriða, sem verða svör við þeim spurningum, sem fram hljóta að vera bornar, þegar þetta frv. og sú stefna, sem það boðar, eru metin, og ég nefndi í upphafi máls míns. Ég tel ekki ástæðu til, svo mjög sem þetta mál hefur þegar verið rætt, að taka fleiri atriði hér til meðferðar, þótt vissulega séu þau mörg, sem vert væri að gera frekari skil. En ég ætla, að fullljóst sé, að þetta frv. og þó sérstaklega sú stefna, sem því er bundin, hljóti að leiða til samdráttar í atvinnulífinu og í framleiðslunni, spilli mörkuðum okkar og hafi í för með sér hættulega skuldasöfnun, í sem skemmstu máli hafi þveröfug áhrif á allan þjóðarbúskap okkar við þann, sem hæstv. ríkisstj. fullyrðir, þegar hún og talsmenn hennar eru að gylla það fyrir þingi og þjóð. Ég tel því höfuðnauðsyn, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, hafa stjórnarblöðin sagt að boðaði nýja tíma, með því væri horfið frá haftapólitík til langþráðs frelsis í verzlun og viðskiptum. Mbl. sagði eitthvað á þessa leið: Loksins, loksins hefur nú Sjálfstfl. fengið aðstöðu til að sýna, að hann vill í raun og sannleika efla einstaklingsframtakið og einstaklingsfrelsið.

Já, „loksins, loksins lyftist vorsins brá.“ Og þeir segja í stjórnarherbúðunum, að það vori vel, því að sólin og blærinn leggi saman. Hreinskilinn Sjálfstfl.-maður, framámaður, sagði nýlega: Sjálfstfl. stendur betur að vígi nú til að vinna að sínum stefnumálum, vegna þess að Alþfl. vinnur með honum, heldur en þótt hann hefði sjálfur fengið meiri hl. í síðustu kosningum.

Sólin og blærinn leggja saman þetta vor hjá Sjálfstfl.

Og einmitt þetta, sem sjálfstæðismaðurinn sagði, virðist vera hárrétt. Hér eru tveir samrýmdir að verki, þó að það sé ekki sólin og blærinn. Samkomulagið virðist svo fullkomið með þessum flokkum, að þeir gætu sungið og geta sungið fullum rómi: Tveir við stýrum einu geði. — Þetta frv., sem þeir flytja saman, er í raun og veru slíkur söngur. Ef Sjálfstfl. hefði flutt það einn, hefði gegnt allt öðru máli. Nú er það borið fram líka af Alþfl., sem nýtur enn nafns síns hjá trygglyndum kjósendum, sem studdu hann til góðra verka fyrrum, hversu lengi sem sú tryggð þolir það, sem nú er að gerast.

Einhver sjálfstæðismaður var hér um daginn að bregða framsóknarmönnum um það, að þeir vilji viðhalda höftum. Ég tel slíkt, að vilja viðhalda höftum, ámæli eða lof eftir því, hvað um er að ræða. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. lagði áherzlu á, að þeir, sem framkvæmdu höft, væru oft hlutdrægir, og það getur satt verið. Hann sagði, að svo færi gjarnan þar, að óvinurinn hirti hinn síðasta. En hvernig er hinn fátæki settur í samkeppninni við hinn ríka, þar sem ekki er af nógu að taka og engin skömmtun? Hver hirðir hann?

Öll þjóðfélagsstarfsemi og skipun mála til bræðralags er vitanlega unnin í veikleika eins og allt, sem við mennirnir gerum. En eigum við þess vegna að gefast upp við að skipta á milli manna samfélagsréttindum, en láta þann, sem betur má sín, taka það, sem hann getur, fram yfir þann, sem miður má sín? Nei, við verðum að basla í áttina til að reyna að verða réttlátir, þótt í veikleika sé og stundum mistakist. Við komumst ekki hjá því að hafa nefndir í þjóðfélögum okkar til að skipta. Hitt er svo annað mál, að hóf þarf að vera á hverjum hlut.

Félagsleg samstaða hlýtur að leiða af sér bæði boð og bönn. Því meira sem þjóðfélagið gerir fyrir þegnana, því háðari verða þeir að vera fyrirmælum í þjóðfélaginu. Þeir, sem sitja saman að matborði, verða að hlíta borðsiðum. Enginn má við matborðið háma í sig,

svo að aðrir fái lítið eða ekkert. Það eru einföld og óskráð lög borðsiða og almennrar kurteisi, sem gilda sem betur fer yfirleitt við matborðið. En slík óskráð lög nægja ekki um allt, sem menn þurfa til sín, en er ekki til ótakmarkað af, og þess vegna þarf að skammta.

Þjóð, sem mikið þarf að kaupa erlendis frá, eins og Íslendingar þurfa, og hefur ekki gjaldeyri til að kaupa nægju sína, verður að skammta í stærri eða minni stíl til þess að jafna milli manna við sitt allsherjarborð og til þess líka að það, sem keypt er, fari til þeirra hluta, sem eru nauðsynlegastir. Þar gilda ekki óskráðar reglur kurteisinnar eins og við matborðið. Og að hafa skortinn fyrir skömmtunarstjóra fer ekki aðeins í bága við jafnaðarmennsku, heldur er það hálfgerð villimennska, miðað við menningu og möguleika nútímans. Það er ekki hægt bæði að sleppa og halda í senn. Það er ekki hægt bæði að njóta frelsis frummannsins og öryggis þegnsins í skipulegu þjóðfélagi, þar sem menn eru skyldaðir til fóstbræðralags og njóta þess líka og vilja auðvitað ekki án þess vera. Þjóðfélagsþegninn verður að þola boð og bönn til þess að frelsast frá öryggisleysi frummannsins.

Talið um „að frelsa menn" í þessu þjóðfélagi frá viðskiptahöftum er að mínu áliti að verulegu leyti undirstöðulaus áróður. Allt annað mál er um hið andlega frelsi en hið efnalega og viðskiptalega. Það er andlegt frelsi, málfrelsi, ritfrelsi o. s. frv., sem manninum er mikilsverðast af öllu og samrýmist fullkomlega skyldum hans í efnahagslegu samfélagi. Andlega frelsið getur samrýmzt skyldum og boðum og bönnum að því er snertir hið efnahagslega í mannfélaginu.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber þetta líka með sér. Það er alls engin frelsisskrá, þvert á móti. Það eykur möguleika stjórnarvalda til að herða á höftum.

Íslendingar tóku fyrst upp skömmtun eða höft með opinberum aðgerðum í utanríkis- og viðskiptamálum á tímabili fyrri heimsstyrjaldarinnar. Félagsleg nauðsyn knúði. Menn fundu, að þeir sátu við sama borð. Fyrsti skömmtunarstjóri á Íslandi var þá ráðinn. Hann var ekki framsóknarmaður. Hann var enginn annar en Jón Þorláksson, sem stuttu seinna varð formaður Íhaldsflokksins, sem er sama sem Sjálfstfl. Fyrsta ríkisstj., sem fékk samþ. sérstök lög um innflutningshöft, var stjórn undir forsæti sjálfstæðismanns, stjórn Jóns Magnússonar, 1920. Þau eru nr. 1 frá 8. marz 1920.

Ég segi ekki frá þessu neinum til hnjóðs. Ég segi frá þessu sem staðreyndum til þess að mótmæla því, að Sjálfstfl. geti talið sig hafa verið á móti höftum, en Framsfl. sérstaklega sekan um haftapólitík.

Ef litið er yfir þær n. og ríkisstj., er stjórnað hafa þeim málum, sem kölluð eru „höft", lítur það þannig út: Sex sinnum hafa verið sett ný lög um innflutnings- og gjaldeyrismál ásamt tilheyrandi eða um hin svokölluðu höft. Fyrstu lögin setti, eins og ég sagði áðan, stjórn Jóns Magnússonar. Og má því segja, að sú ríkisstj. hafi verið höfundur verzlunarhaftanna, en hún naut forustu Íhaldsflokksins, sem nú heitir Sjálfstfl. Næstu lög voru sett af stjórn Hermanns Jónassonar, sem naut stuðnings Framsfl. og Alþfl. Þriðju lögin eru sett af forsetastjórninni, sem var undir forustu Björns Þórðarsonar, en skipuð mönnum úr Sjálfstfl. og Framsfl. Fjórðu lögin eru sett af nýsköpunarstjórninni, en henni veitti forustu Ólafur Thors. Sú stjórn á heiðurinn af því að hafa stofnað tvö ráð í stað eins, sem áður var látið nægja, þ. e. nýbyggingarráð og fjárhagsráð. Fimmtu lögin eru svo sett af stjórn Stefáns Jóhanns og sjöttu lögin, lögin um innflutningsskrifstofuna, af stjórn Ólafs Thors. Sjöundu lögin eru þau, sem eru hér til meðferðar og frv. það, sem til umr. er, hljóðar um. Samhliða lagabreyt. var ávallt skipt um nafn á nefndunum og stundum var breyt. á reglugerðum látin orsaka nafnabreytingu. Innflutnings- og gjaldeyrisráðstöfunarnefndirnar hafa verið 9 og borið þessi heiti, eins og raunar er áður búið að rifja upp við 1. umr. hér: innflutningsnefnd fyrst, önnur nefndin innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, þriðja gjaldeyris- og innflutningsnefnd, fjórða viðskiptaráð, fimmta nýbyggingarráð, sjötta fjárhagsráð, sjöunda viðskiptanefnd, áttunda gjaldeyris- og innflutningsdeild, níunda innflutningsskrifstofan. Enn þá á svo að skipta um lög og nafn á úthlutunaraðilum leyfa. Og nú er eftir að athuga frv., sem fyrir liggur, sem auglýst hefur verið sem „frelsisskrá úr föður hendi."

1. gr. í frv. og 1. gr. í gildandi lögum eru svo efnislega nákvæmlega eins, að breytingin má teljast aðeins orðaleikur eða sjónarspil.

2. gr. inniheldur þá höfuðbreytingu, að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vörur og gjaldeyrisgreiðslur er flutt frá innflutningsskrifstofunni, sem lögð er niður, til viðskiptabanka þeirra, sem hafa með höndum sölu erlends gjaldeyris. Þetta eru, eins og nú standa sakir, Landsbankinn og Útvegsbankinn.

Það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að þessir bankar, sem vitanlega hafa hvor um sig sína viðskiptavini, bæði erlenda og innlenda, muni keppa innbyrðis um að gera sínum viðskiptavinum til hæfis fyrst og fremst. Úthlutunarstaðurinn getur því að þessu leyti ekki orðið fullkomlega rólegur vegna hlutleysis. Almennur leyfisbeiðandi getur lent þar á milli hjóla, án þess að ég haldi því endilega fram, að óvinurinn taki hann. Ekki verður séð, að með þessu fyrirkomulagi sé á nokkurn hátt tryggt, að menn fái skjótari eða betri fyrirgreiðslu en áður. Vitanlega verða menn að bíða eftir afgreiðslu eins og áður, ef gjaldeyrir er ekki fyrir hendi, og fá synjun, ef ekki er von til, að úr rætist. Gjaldeyrir vex ekki við þessar tilfærslur úthlutunarvaldsins. Hvað vinnst þá með breytingunni? Hvers vegna á að gera þessa lagabreyt.?

Ef frv. er gegnumlýst, hljóta þær grunsemdir að rísa, að með því vilji ríkisstj. auka vald sitt, m. ö. o.: tilkynningarnar um aukið einstaklingsfrelsi og afnám hafta eru mjög líklegar til að vera blekking, þægilegt hjal í eyra almennings, sem jafnframt er talin trú um, að öll höft séu ólán hið mesta. En á bak við býr einræðishugur ríkisstj., sem vill hafa tögl og hagldir í sinni hendi til að geta hert á höftunum eftir eigin geðþótta og engar n. af öðrum kjörnar til að flækjast fyrir sér.

Í nál. mínu rökstyð ég þetta með dæmum úr frv. sjálfu. Ríkisstj. er skv. 2. gr. heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa. Þarna eru dyr, sem ríkisstj. gæti leitt í gegnum út frá bönkunum alla úthlutun til sín eða sérstakra trúnaðarmanna sinna. Ekkert liggur fyrir um það, að þetta eigi að miðast við eitthvað sérstakt og fátítt. Þarna er ótakmörkuð heimild til valdbeitingar og drottnunar yfir þessum málum.

Skv. 7. gr. mega engir aðilar lengur án stjórnarsamþykkis „semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs.“ Ekki er þetta að auka frelsi einstaklinga eða fyrirtækja.

Í 8. gr. segir: „Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema með leyfi hennar.“ Áður voru þessi mál í höndum útflutningsnefndar, nú tekur ríkisstj. þau beint í sínar hendur.

Í 14. gr. er svo fyrir mælt, að falla skuli úr gildi l. um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla. Á þann hátt ætlar ríkisstj. að leggja undir sig úthlutun jeppabifreiða, sem nú er í höndum 5 manna n., sem kosin er á þann hátt, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kýs 2 þeirra, stjórn Stéttarsambands bænda 2 og landbn. Alþingis 1. Ég fyrir mitt leyti finn engin rök fyrir því, að jeppaúthlutunarn. sé afnumin, önnur en þau, að ríkisstj. vilji hafa á sinni hendi smátt og stórt í þessu sambandi, — einræðisvald.

Ríkisstj. hampar því sem sönnun fyrir frelsisstefnu sinni, að hún hafi aukið stórlega frílistann og ætli ekki að beita fjárfestingarhöftum, eins og sakir standa. Þetta lítur í fljótu bragði út sem afnám hafta. En annað kemur á móti, önnur stórkostleg hefting hefur átt sér stað af völdum stj.: Kaupgeta almennings hefur verið skert svo skemmilega, að frílistaaukningin og fjárfestingarheimildirnar eru nánast storkun við almenning.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) var rétt áðan að lýsa því, hvernig framkvæmdir drægjust saman. Það er óhætt að gefa þeim heimild til að kaupa, sem enga kaupgetu hefur og enga möguleika til lántöku. Það er það, sem er þarna gert. Verðlagshækkunin, útlánasamdrátturinn, vaxtaokrið, flutningur sparifjárins utan af landsbyggðinni í ríkisbankann er allt saman höft á framtaki. Og slík höft eru ekki í samræmi við menningu nútímans, tæknilega þróun hans og þá félagslegu og efnahagslegu möguleika, sem nútíminn býr yfir. Með því er í raun og veru óvinurinn látinn taka marga. Þetta eru höft afturhalds og þau tilheyra liðnum tíma, — sögu, sem ekki má endurtaka.

Meðferð hæstv. ríkisstj. á alþýðu manna minnir á ævintýrið um risann, sem rændi kóngsdótturinni, dró hana í helli sinn, fjötraði hana með hári hennar sjálfrar niður í stól. Og þegar hann hafði bundið hana þannig við stólinn, að hún gat hvorki hreyft hönd né fót, setti hann í kjöltu hennar disk með lostætum mat, sem hún horfði á og fann ilminn af, án þess að hafa nokkur ráð með að neyta matarins, hversu svöng sem hún var.

Alþýða landsins er nú svipað sett og kóngsdóttirin. Frílisti stj. og afnám fjárfestingarhaftanna er diskurinn með matnum, sem hún nær ekki til og gerir því vont verra. Að vísu geta þeir, sem eru ríkir af fé, notað sér diskinn, maturinn er handa þeim. En það bætir lítið úr skák hjá fjöldanum.

Ég sé í áliti meiri hl. fjhn., að meiri hl. segir, að hin breytta framkvæmd, sem frv. gerir ráð fyrir, hafi í för með sér talsverðan sparnað. Nú verður það ekki séð af frv., að um sparnað sé að ræða, og þær upplýsingar, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. gaf hér áðan um fyrirætlanir um skrifstofuhald við hið nýja kerfi, þær beinlínis spá ekki sparnaði.

Það, sem ég sé í frv. um þetta, er það sérstaklega, að í 10. gr. er ákveðið að taka leyfisgjald, 1%, eins og áður í þágu starfseminnar. Nú hef ég fengið upplýsingar um, að leyfisgjaldið, 1%, hafi gefið um 8 millj. árið sem leið. Grundvöllur þess hefur hækkað, vegna þess að leyfisgjöldin voru tekin af upphæðum leyfanna skv. skráðu gengi og verða það áfram. Þess vegna hefur grundvöllurinn hækkað fyrir álaginu um meira en helming. Og þó að eitthvað gangi saman af leyfum, vegna þess að fleiri vörur fara á frílista og þarf því ekki leyfisgjald í sama stíl af þeim, þá má þó gera ráð fyrir því, að tekjurnar verði ekki minna en helmingi hærri, eða 16 millj. Þetta sýnist algerlega óþarft, og þó að ekki sé gengið út frá því, að bankarnir vinni verk þau, sem þeim verða falin, fyrir ekki neitt, því að 10. gr. gerir ráð fyrir því, að þeir fái sína borgun, þá er enginn vafi á því, að hér er um grófa tekjuöflun að ræða og alveg í mótsögn við það, sem hv. meiri hl. segir, þ. e., að um sparnað verði að ræða.

Ég hef vegna þess arna leyft mér að flytja á þskj. 446 brtt. við 10. gr. um það, að í stað orðanna „allt að 1% leyfisgjald“ komi: allt að 1/2% leyfisgjald. Ég þykist þess fullviss, að með því móti fáist eins miklar tekjur og hafa fengizt að undanförnu, og mér þætti líklegt, að hv. meiri hl. muni styðja þessa till. til þess að sýna, að hann trúi því, sem hann segir sjálfur um það, að sparnað muni leiða af framkvæmdinni, eins og hún á að verða skv. frv.

Jafnframt hef ég leyft mér að flytja á sama

þskj. aðra brtt. Hún er við 14. gr. Hún er um það, að orðin „l. nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla" falli niður, þ. e. að sú löggjöf verði látin standa og þeir menn, sem þar er ákveðið að úthluti leyfum fyrir jeppabifreiðum, fari með það vald. Það er eðlilegt, að svo verði. Ég sé enga ástæðu til þess að leggja þetta undir ríkisstj. og trúi því varla, að hún geti ekki gengið inn á það að missa þann spón úr valdaaskinum. Það er hrein og bein ósanngirni gagnvart þeim, sem aðallega kaupa jeppabifreiðar, landbúnaðarmönnunum, að afnema það, að fulltrúar samtaka þeirra fari með þetta skiptingarvald. Ég held, að það sé engin ástæða til þess að ætla, að þeir beiti þar, menn, sem eru þannig kjörnir af 3 aðilum, meiri hlutdrægni en hæstv. ríkisstj., sem getur ekki haft svipaðan kunnugleika á eðlilegri skiptingu milli manna á þessum sviðum eins og þeir, sem n. eiga að skipa að lögum og hafa gert að undanförnu. Ég held, að einmitt með því að láta þessa skiptingarreglu haldast sé sízt að óttast, að óvinurinn taki þar nokkurn.

Um frv. í heild vil ég að lokum segja þetta: Það er svo gallað að mínu áliti, að hv. Ed. á að fella það. Ekkert er í frv., sem mælir sérstaklega með samþykkt þess frá mínu sjónarmiði. Núgildandi l. um gjaldeyris- og innflutningsmál eru á engan hátt þannig, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi ekki samkvæmt þeim eðlilegt svigrúm. Hún hefur vald yfir frílistunum og hún hefur vald yfir fjárfestingunni, þrátt fyrir það þó að lögum sé ekki breytt. Hin dulbúna einræðisstefna, sem gegnsýrir frv., á engan rétt á sér. Hins vegar tel ég eðlilegt, að löggjöf viðskipta- og peningamálanna verði tekin til endurskoðunar. Þess þarf með alltaf öðru hverju á tímum framfara og breytinga, eins og verið hafa að undanförnu, og þá fyrst og fremst með tilliti til áframhaldandi og meiri framfarasóknar. Ég hef persónulega — ég segi persónulega — enga trú á því, að hægt verði að gefa allt frjálst í þeirri merkingu, sem pólitískir áróðursmenn leggja í orðið, vegna þess að höft í beztu merkingu þess orðs verður að hafa til að frelsa menn frá ójöfnuði og efnahagslegu öryggisleysi. En umfram allt má ekki hafa skortinn fyrir skömmtunarstjóra, ekki kalla hann til verka að fyrra bragði. Ég held, að endurskoðun löggjafarinnar verði bezt framkvæmd með því, að allir þingflokkar standi að henni, og þess vegna legg ég til, að málið verði í þessari hv. deild afgr. með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli fjögurra manna n., er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í n., að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endurnýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Með afgreiðslu málsins á þennan hátt hygg ég, að bezt sé fyrir því séð, að málefni þessi verði athuguð með gætni og með það fyrir augum, að þjóðinni allri geti orðið til farsældar.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ríkisstj. telur, að þær efnahagsráðstafanir, sem gerðar hafa verið að tilhlutun hennar og með samþykki þingmeirihlutans, séu grundvöllur fyrir því, að nú geti hún flutt fram þetta frv. af landsföðurlegri umhyggju sem eins konar „frelsisskrá úr föðurhendi." 1. gr. þessa frv. er í samræmi við þetta, þar sem hún hefst á þessum orðum: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls." En þegar lengra er lesið, þá er allt frv. boðorð um heimildir ríkisstj. til handa um að skerða þetta frelsi. Á þetta hefur verið rækilega bent í umr., en það er ekki að ófyrirsynju til yfirlits að gera sér grein fyrir því í samhengi, hver þessi boðorð til frelsisskerðingar eru.

Í fyrsta lagi getur ríkisstj. ákveðið með reglugerð, að innflutningur á vissum vörum skuli eftirleiðis vera háður leyfum. Í öðru lagi á ríkisstj. að fá heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum. Í þriðja lagi á úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa að fara samkvæmt reglum, sem ríkisstj. setur. Í fjórða lagi skulu bankarnir gefa ríkisstj. skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Í fimmta lagi á ríkisstj. að vera heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa. Í sjötta lagi skal allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vöru eða þjónustu, seldur bönkunum, svo sem verið hefur, samkvæmt reglugerð, sem ríkisstj. setur. Í sjöunda lagi eiga undanþágur, sem frá þessu kunna að verða veittar, að vera háðar samþykki ríkisstj. Í áttunda lagi getur ríkisstj. sett með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenzkra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa o. s. frv. Í níunda lagi: hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar mega semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstj. Í tíunda lagi: erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar sem talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstj. setur. Í ellefta lagi: ríkisstj. er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar. Í tólfta lagi: útflutningsleyfi getur ríkisstj. bundið skilyrðum o. s. frv. Í þrettánda lagi: byggingarnefndir og oddvitar skulu senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstj. ákveður, skýrslur um byggingarframkvæmdir o. s. frv. Í fjórtánda lagi: fyrirmæli um þessar skýrslur skulu sett í reglugerð, sem

ríkisstj. setur. Og í fimmtánda lagi má verja allt að helmingi af gjaldi, sem innheimta á samkvæmt 10. gr., eftir ákvörðun ríkisstj.

Þarna eru í frv. fimmtán boðorð, sem ríkisstj. á að hafa vald á að framkvæma, bjóða eða banna að eigin vild. Það má því með fullum sanni segja, að það sé rétt, sem sagt hefur verið í þessum umr., að í frv. þessu felst fyrst og fremst frelsi fyrir ríkisstj. En öll þau þýðingarmiklu atriði, sem þessi fimmtán boðorð hljóða um, á ekki að fjalla um samkvæmt löggjafarleiðinni eða með lagabreytingum hverju sinni.

Innflutningsskrifstofuna á að leggja niður, eftir að þetta frv. hefur verið gert að lögum. Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., að í stað innflutningsskrifstofunnar muni koma önnur stofnun eða að þeirri starfsemi, sem innflutningsskrifstofan hefur nú með höndum, verði haldið uppi að miklu eða jafnvel mestu leyti og að af þessari skipulagsbreytingu muni því ekki leiða sparnað.

En valdssviðið, úrskurðarvaldið um ágreiningsatriði, færist að meira leyti í hendur ríkisstj. sjálfrar við þessa skipulagsbreytingu heldur en verið hefur. Að undanförnu hefur það verið svo, að innflutningsskrifstofan hefur haft rétt til þess að áfrýja ágreiningsmálum til ríkisstj. til úrskurðar. En ég ætla, að þau mál, sem þannig hafa komið til kasta ríkisstj., séu fá í hlutfalli við þær fjölmörgu afgreiðslur mála, sem fram hafa farið í innflutningsskrifstofunni. Ríkisstj. sem slík eða viðskmrn. hefur því eiginlega ekki, a. m. k. ekki í augum almennings, borið ábyrgð á afgreiðslu þessara mála, heldur hefur verið litið svo á, að það væri innflutningsskrifstofan, og þannig hefur það verið í reynd í flestum tilfellum.

Með þessu frv. á að gera þá skipulagsbreytingu, að ríkisstj. getur falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að úthluta tilteknum leyfum, eða eins og það er orðað í frv., að veita henni heimild til að taka þetta vald í sínar hendur. Og nú hefur verið á það bent í umr. um þetta mál, að þar sem það er niður fellt í þessu frv., sem áður hefur staðið í lögum, að þegar rætt er um ríkisstj. að þessu leyti, þá sé átt við hana alla, þá sé það rétt lögskýring, að þetta vald samkvæmt orðalagi frv. nú færist raunverulega í hendur eins rn., viðskmrn. Það er vitanlega rétt, að á þessu sviði geta risið svo stórfelld ágreiningsatriði, að ástæða þyki til að leggja þau fyrir ríkisstj. í heild og ræða þau og taka ákvörðun um þau á ráðherrafundi, en það liggur í augum uppi, að afgreiðsla mála getur ekki orðið á þann veg nema um hin veigamestu atriði. Um hin smærri atriði og afgreiðslu mála að því leyti hlýtur því ábyrgðin raunverulega að færast yfir á hendur viðskmrn.

Það má vel vera, að viðskmrn. og núv. hæstv. ríkisstj. og þeim flokkum, sem hana styðja, sýnist þetta ákjósanlegt. En þess er þó ekki að dyljast, að á þessu sviði er mjög góður jarðvegur fyrir tortryggni, og ég öfunda viðskmrn. í sjálfu sér ekkert af því að eiga framvegis að bera þessa ábyrgð. Ég held, að það hafi bæði af almenningi og jafnvel af hálfu stjórnmálaflokkanna ekki verið talin óeðlileg skipan, að fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum ættu hlutdeild að veitingu leyfa og öðrum störfum í sambandi við þessi mál, jafnvel þó að þeir, sem hafa veitt forstöðu innflutningsskrifstofunni, hafi ekki starfað þar beinlínis á ábyrgð stjórnmálaflokkanna. Og það hlýtur þeim að vera ljóst, sem að þessu frv. standa, að skilyrði á viðskiptasviðinu breytast jafnvel óðar en nokkurn varir. Ef gjaldeyrisöflunin dregst saman, þá kallar fremur á takmarkanir heldur en ella, og ef ríkisstj. tækist nú ekki, svo sem hún stefnir að í sambandi við efnahagsráðstafanir sínar, að halda kaupgetunni svo niðri sem ætlað er, þá getur líka farið svo, að gjaldeyrisöflunin leyfi ekki það frelsi í reynd, þegar frá líður, sem þó er látið í veðri vaka að eigi að koma í kjölfar þessarar lagasetningar. En ef slíkar breytingar yrðu og nauðsyn væri nýrra takmarkana, þá hljóta þeir, sem að þessu frv. standa, að gera sér það ljóst, að vandinn, ábyrgðin, sem viðskmrn. tekur á sínar herðar í sambandi við jafnvel smærri atriði í framkvæmd þessara mála, sem oft eru þó mjög viðkvæm gagnvart einstaklingunum og vandasamt að gera mönnum til hæfis, — að sú ábyrgð getur orðið jafnvel óðar en varir ærið þung.

En í sambandi við þetta frelsistal er ekki hægt að komast hjá að gefa því gaum, að það er ekki gert ráð fyrir auknu frelsi í sambandi við útflutningsverzlunina. Útflutningsverzlunin er þó í raun og veru undirstaða á viðskiptasviðinu, þar sem innflutningur vöru til landsins er háður þeirri gjaldeyrisöflun, sem þjóðarbúið hefur á hverjum tíma.

Mér virðist með því að bera saman lög þau, sem nú gilda um útflutning sjávarafurða o. fl., annars vegar og hins vegar ákvæði þessa frv., að þá sé ekki veitt aukið frelsi á þessu sviði frá því, sem verið hefur. Og ég fæ ekki betur séð en að í þessu frv. sé fellt niður það ákvæði, að útflutningsnefnd sjávarafurða er nú ætlað m. a. það verksvið að hafa forgöngu um markaðsleit erlendis. Ég fæ ekki séð, að það sé tekið upp í þetta frv. eða að það hafi komið fram, hvaða aðila er þá ætlað það verksvið framvegis.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði grein fyrir áliti meiri hl. með alllangri ræðu hér við upphaf þessarar umr. í dag. Meginhlutinn af ræðu hans var í raun og veru útskýring á hagfræðilegum kenningum um frelsi í viðskiptum, haftabúskap og þeim annmörkum, sem höftum fylgja og ríkisafskiptum á viðskiptasviðinu. Hann komst þannig að orði, að það hefði verið fyrirsjáanlegt greiðsluþrot þjóðarbúsins gagnvart útlöndum, ef ekki hefði verið gripið til þeirra efnahagsaðgerða, sem fjallað hefur verið um á þessu þingi og nú eru að miklu leyti komnar til framkvæmda.

Ég hygg, að hann hafi kveðið of fast að

orði í þessu sambandi. Nú síðustu dagana hefur af hálfu ríkisstj. verið á það bent hér á þingi, að gjaldeyrisaðstaðan hefði batnað að mun nú s. l. vikur, s. l. mánuð, og í blöðum nú þessa dagana hefur verið skýrt frá því, að sparifjáraukningin hafi orðið allveruleg s. l. mánuð, og telja stjórnarblöðin þetta bera vott um, að stjórnarstefnan sé raunhæf. En ef þetta er nú svo, að á örfáum vikum hafi skipt svo um til hins betra sem látið er í veðri vaka, þá er augljóst, að það er allt of djúpt tekið í árinni að tala um, að það hafi legið við borð greiðsluþrot fyrir fáum mánuðum.

Þá ræddi frsm. meiri hl. fjhn. nokkuð um það, að í skjóli hafta yrði sú þróun, að það risu upp í landinu atvinnugreinar, sem væru ekki þjóðhagslega jafnmikilvægar og t. d. öflun útflutningsverðmæta, og ef slíkar atvinnugreinar risu upp, lægi það í augum uppi, að þær drægju að sér fólk og það fólk yrði að koma frá útflutningsframleiðslunni eða öðrum atvinnugreinum, sem væru þjóðhagslega séð mjög þýðingarmiklar.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að láta það koma fram, að hér koma ekki öll kurl til grafar, þegar dæmið er gert upp á svona einfaldan hátt. Sem betur fer er okkar þjóð í mjög örum vexti. Á hverju ári bætist við álitlegur hópur vaskra manna í fylkingar hinna starfandi manna með þjóðinni. Nýjar atvinnugreinar taka því kannske fyrst og fremst eða a. m. k. öðrum þræði við þessu aukna vinnuafli án þess að þurfa að draga það frá öðrum atvinnugreinum. Og í öðru lagi ber að gæta þess, að með aukinni tækni sparast vinnuafl á ýmsum sviðum, án þess að framleiðslan dragist saman. Þetta á sér stað t. d. í landbúnaði með stóraukinni véltækni. Þetta vinnuafl, sem þannig sparast í einni atvinnugrein, án þess að um rýrnandi eða minnkandi framleiðslu sé að ræða, þarf eðlilega að leita að öðrum atvinnugreinum.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl. á, að það væri mikill vandi að framkvæma höftin. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En það er ekki að öllu leyti vandalaust heldur að ákveða frílista, og ég fellst á það með frsm. meiri hl., hv. 11. þm. Reykv., að við getum aldrei búizt við því, að í þjóðfélagi þurfi engar takmarkanir að setja, að einstaklingarnir geti notið þeirra gæða, sem kostur er á í þjóðfélaginu, svo takmarkalaust eins og við teygum að okkur andrúmsloftið. Við verðum einhvers staðar að setja mörkin og setja takmarkanir, og jafnvel þótt það sé gert með því að flokka vörur á frílista, þá fylgir því nokkur vandi líka eins og hinu að framkvæma höftin. Í þessu sambandi leyfi ég mér að minna á það, að þegar bátagjaldeyriskerfið var tekið upp, var í sjálfu sér ekki kallað, að það væri verið að innleiða höft, heldur verið að koma á sérstökum frílista. En það var ekki alveg vandalaust að flokka vörur á hinn sérstaka frílista, og því fylgdu nokkrir annmarkar að ýta undir það að flytja inn vörur, sem voru miður nauðsynlegar, til þess að sjá farborða vissum atvinnugreinum, svo að það geta viðar komið erfiðleikar fram í sambandi við þessi mál en á sviði haftanna.

Út af því, sem hv. 11. þm. Reykv. tók fram um það, að reynslan sýndi, að hagkvæmara væri að dreifa innkaupum á hendur margra einstaklinga en binda verzlunina í þröngar skorður og láta innkaupin vera á höndum fárra, þá get ég ekki látið hjá líða að minna á það, að reynslan sýnir, að hvort tveggja getur verið gott á vissum sviðum eða í vissum greinum. Það getur að vissu leyti verið gott, að samkeppni geti ríkt um val á vörum og í innkaupi. En við höfum þó hér mikla reynslu fyrir því, að hitt, að gera samninga um stór viðskipti og hafa þau á höndum fárra aðila, það hefur reynzt íslenzku þjóðinni einnig mjög farsælt á ýmsum sviðum. Og þannig er þessu háttað nú um víruflokka, sem eru mjög þýðingarmiklir og nauðsynlegir, svo sem olíu o. fl., og það þarf áreiðanlega að hugsa málið betur en fram kom í ræðu hv. 11. þm. Reykv., ef á í eitt skipti fyrir öll að fella þann dóm, að slík viðskipti séu varhugaverð.

Á það vil ég einnig benda, að útflutningurinn er ekki þýðingarlítil atvinnugrein, heldur þvert á móti, eins og ég sagði áðan, í raun og veru grundvöllur utanríkisviðskiptanna. En er það nú svo, að þeir, sem að þessu frv. standa, berjist fyrir því eða séu reiðubúnir til þess að leggja utanríkisviðskiptin haftalaust og eftirlitslaust í hendur fjölda einstaklinga? Er það ekki þvert á móti þannig, að þeir, sem að þessu frv. standa, telji hagkvæmt þjóðarbúinu að binda utanríkisviðskiptin við stór viðskiptasambönd og hafa útflutninginn að miklu leyti á höndum fárra aðila, t. d. í höndum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna o. s. frv., en ekki að leysa þetta upp þannig, að hver einstaklingur geti boðið sína vöru hvar sem honum sýnist? Allt eru þetta rök fyrir því, að það er hyggilegra að líta raunhæft á málin, áður en menn fella þunga dóma um þær takmarkanir, sem að vissu leyti verður að gera, þegar höft eru framkvæmd.

Annars var þessi kafli í ræðu hv. 11. þm. Reykv. fræðilegs efnis, og ætla ég ekki að fara að gera það frekar að umtalsefni í einstökum atriðum. En ég ætla þó, áður en ég skil við þetta efni, að bregða upp einni mynd, alveg raunhæfri mynd úr viðskiptalífinu, eins og það er að gerast nú í dag og eftir að efnahagslöggjöf ríkisstj., sem sett var í vetur, er komin til framkvæmda, — dæmi, sem sýnir, að þetta tal um að afnema höft og að innleiða frelsi er að miklu leyti orðaleikur. Einstaklingarnir, sem standa í viðskiptum og búa sig undir framkvæmdir, eru nú í dag og verða þrátt fyrir samþykkt þessa frv. varir við marga þröskulda á göngu sinni í sambandi við viðskiptalífið, og ég ætla bara að bregða upp einni raunhæfri mynd af þessu með því að taka dæmi af manni, sem ætlar að kaupa atvinnutæki, þ. e. fiskibát af meðalstærð, 70—80 tonna fiskibát, en einmitt kaup á slíku atvinnutæki eru mjög þýðingarmikil atriði í

sambandi við viðskiptalífið og afkomu þjóðarbúsins, eins og allt, sem stuðlar að aukinni framleiðslu og aukinni gjaldeyrisöflun. Á meðan ófrelsið ríkti, eins og stjórnarflokkarnir vilja líklega orða það, þurfti maður, sem ætlaði að kaupa fiskibát, að sækja um leyfi til þess hjá innflutningsskrifstofunni. En sú breyting verður á í sambandi við þetta frv., þegar það hefur orðið að lögum, að þetta mun nú ekki þurfa að gera lengur, því að mér skilst, að fiskibátar eigi að vera ein sú vörutegund, sem tekin er á frílista. En er þá maðurinn alveg laus við öll höft, þrátt fyrir þetta, þó að hann þurfi ekki leyfi frá innflutningsskrifstofunni? Ég held ekki. Í fyrsta lagi verður hann að semja við banka um gjaldeyrisafgreiðslu eða a. m. k. loforð um yfirfærslu fyrir andvirði bátsins, og hann verður í upphafi að ná ákveðnum samningum um greiðslurnar. Ef þeir samningar ganga ekki greiðlega eða eru ekki fullnægjandi og hann hugsar sér að taka erlent lán, þá verður hann að leita á náðir ríkisstj., sem samkvæmt einni grein í þessu frv. á að hafa eftirlit með því, ef opinberir aðilar eða einkaaðilar semja um lán erlendis, jafnvel hvort sem það er til langs eða stutts tíma. Þessu næst verður maðurinn að leita eftir innlendu lánsfé og leitar þá fyrst og fremst til fiskveiðasjóðs. Nú er sú breyting á orðin, að meðalvélbátur kostaði áður, meðan ófrelsið ríkti, um 3 millj. kr., en kostar nú eftir efnahagsráðstafanirnar 4.5 millj. kr. a. m. k. Þetta þýðir það, að ef aðili er svo lánsamur, að fiskveiðasjóður láni það hámark, sem honum er heimilað í lögum, þá verður að leita eftir miklum mun hærra láni vegna bátakaupanna í íslenzkum krónum en áður þurfti. Þetta skapar þá erfiðleika, að lánastofnanir og m. a. fiskveiðasjóður leggja á það ríkari áherzlu nú en áður, að hann fái aðstöðu til að greiða þetta lán í áföngum og að gjaldeyrisgreiðslurnar dreifist á jafnlangan tíma. Ekki minnkar þetta umsvif mannsins, sem stendur í viðskiptunum. Vegna þess, hve þetta framleiðslutæki hefur hækkað í verði, mun væntanlega verða lögð á það meiri áherzla en áður að fá stuðning af atvinnuaukningarfé, en til þess að fá það þarf að leita á náðir nefndar, sem kosin er til að úthluta því, leita til ríkisstj. og leita til sveitarstjórnar í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Enn er ekki öll sagan sögð, því að vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið, þyngist svo fyrir fæti þessa einstaklings, að árgjald af fiskveiðasjóðsláni, sem nemur 2/3 hlutum kostnaðarverðs bátsins, ef tillit er tekið til hinnar miklu hækkunar á stofnkostnaði, hins stytta lánstíma og hinna hækkuðu vaxta, sem nú er búið að lögbjóða, þá hækkar árgjald vegna fiskveiðasjóðsláns á meðalfiskibát yfir 200 þús. kr., a. m. k. meðan lánið er lítið greitt niður. Og á öll laus lán, sem aðilinn tekur til þess að bæta við hið fasta lán fiskveiðasjóðs, falla okurvextirnir, sem búið er að lögleiða. En sumir reyna að njóta fjárhagslegs stuðnings frá tryggingafélögum. En hvernig er þá með vélbát af meðalstærð? Ég veit ekki betur en að á honum hvíli tryggingarskylda, þ. e. a. s. skylda til þess að vera tryggður hjá Samábyrgð ísl. fiskiskipa, svo að sú leið að leita þar eftir leiðum frjálsrar samkeppni er þessum aðila lokuð. Ég sé ekki, að með þessu frv. sé lagt út á þá braut að liðka neitt til í því efni. Og ef maðurinn kemst nú yfir alla þessa þröskulda, sem lagðir eru á götu hans, þá er gengi íslenzkrar krónu miðað við það, eins og er meginatriði í efnahagslöggjöfinni, að þorskveiðar bátanna beri hið sama úr býtum og var áður með þeim útflutningsuppbótum, sem þá giltu. Eftir allt saman er afraksturinn af svona atvinnutæki miðaður við það, að eigandinn beri hið sama úr býtum og hann fékk áður með þeim útflutningsbótum, sem þá giltu.

Þetta er svo kölluð frelsisskrá, sem ríkisstj. af landsföðurlegri mildi gefi almenningi í þessu landi með þessu frv. Það er vitanlega öfugmæli.

Þá minntist hv. 11. þm. Reykv. í ræðu sinni á pólitíska afstöðu. Hann komst þannig að orði, að þegar um höft væri að ræða, réði oft pólitísk afstaða því, hvort menn fengju keyptan erlendan gjaldeyri eða ekki. Ég vona, að þó að hinir sérstöku trúnaðarmenn ríkisstj. fari að fjalla um veitingu leyfa á vissum vörutegundum og vitanlega um ákvörðun lána og úthlutun atvinnuaukningarfjár og annað þvílíkt, sem þýðingu hefur í þessu sambandi, þá verði ekki pólitísk afstaða látin ráða því, hvort menn fá fyrirgreiðslu eða ekki. En hitt er mér vel ljóst, að pólitíkin hverfur ekki, hún hverfur ekki úr hugum þjóðarinnar við það, þó að þetta frv. verði lögfest.

Hv. þm. komst einnig þannig að orði, „að höftin væru brjóstvörn einokunaraðstöðu og sérréttinda“. Ja, það er hægt að koma að eða skapa sér brjóstvörn einokunaraðstöðu og sérréttinda víðar en í innflutningsskrifstofunni. Það eru víða staðir til þess, ef menn vilja það viðhafa.

Þegar litið er á svona dæmi, alveg raunhæft dæmi úr viðskiptalífinu, þá liggur það í augum uppi, að með þeim efnahagsaðgerðum, sem framkvæmdar hafa verið, er málum stefnt í það horf, að það eru lögð stór björg í götu einstaklinganna, sem vilja ráðast í framkvæmdir eða koma fótum undir eigin atvinnurekstur, svo framarlega sem þeir eru ekki stórefnaðir menn. Ég hef tekið hér dæmi af mönnum, sem ætla sér að kaupa meðalfiskibát. Sjálfur hef ég kunnugleika á því, að duglegir menn á bezta aldri, sem voru að búa sig undir að eignast slíkt atvinnutæki, hafa einmitt horfið frá því nú, eftir að þeir sjá alla þá þröskulda, sem lagðir eru í götu þeirra í því efni. Og ég hef einnig kynnt mér, að það er rétt, sem fram kom hér hjá einum ræðumanni áðan, að það horfir svo, að það verði stórkostlegur samdráttur á t. d. framkvæmdum í framræslu lands frá því, sem verið hefur undanfarið.

Nei, hin raunverulega stefna er þetta, að

einstaklingarnir sjá, að það er fram undan leið, sem er lokuð þungum steini, og það fellst ég á með hv. frsm. meiri hl. fjhn., að í þessu sambandi er ekki rétt að taka tillit til áhrifa, sem eru frá náttúrunnar hendi. En þau áhrif, sem ég hef nú verið að lýsa, eru öll af mannavöldum og standa í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið og nú eru þegar farnar að hafa áhrif. Þessi stefna, sem fram kemur í frv., er eins og 2. minni hl. fjhn. orðar með svo skáldlegri líkingu, eins og hans er von og vísa, að þetta er frelsisgjöf, sem er eins og á stendur storkun við almenning. Nokkrir stórlaxar geta vafalaust notað sér þetta frelsi, en þótt meta megi þá mikils, eru þeir ekki þjóðin öll. Þeirra sporðaköst eru síður en svo það, sem mest á ríður.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en áður en ég lýk því, vil ég leyfa mér að drepa sérstaklega á tvö atriði. Þeir, sem að þessu frv. standa, eru óþreytandi að halda því fram, að í þessu frv. og allri stefnu ríkisstj. felist aukið frelsi til handa almenningi, m. a. frelsi til byggingarstarfsemi. En það er alveg augljóst, að það verður samdráttur í byggingarstarfseminni vegna þeirrar stefnu, sem nú hefur verið tekin upp, og þarf ekki að fjölyrða um það. Þrátt fyrir þetta er þjóðin í örum vexti. Fólki fjölgar í landinu almennt, en þó misjafnlega eftir landshlutum. Á fjórum árum, frá 1954—58, fjölgaði íbúum Reykjavíkur um rúm 11%, og á sama tíma fjölgaði íbúum í Reykjaneskjördæmi um full 26%, í Suðurlandskjördæmi um 6% o. s. frv Ég vil nú vona og er nú svo bjartsýnn, að þrátt fyrir mörg afglöp hæstv. ríkisstj. og þær viðsjárverðu fylgjur, sem núverandi stjórnarstefna hefur, þá vil ég nú vona, að þessi vöxtur þjóðarinnar haldi áfram. Ég vil ekki spá því, að það kreppi svo að þessari þjóð, að það kippi úr þeirri þróun, sem verið hefur um vöxt hennar. En á sama tíma sem það er augljóst, að það dregur stórkostlega úr íbúðarhúsabyggingum, og hitt liggur fyrir, að fólki fjölgar í landinu almennt og mjög ört í sumum landshlutum, þá á að afnema með þessu frv. eða taka burt þann hemil, sem verið hefur á því, að íbúðarhúsnæði sé beinlínis tekið undir verzlun eða aðra starfsemi. Mér finnst þetta vera öfugþróun og það sé full ástæða til þess að gefa þessu gaum, að í viðbót við allar aðrar ráðstafanir sé ekki unnið að því nú að taka þennan hemil í burtu.

Að síðustu ætla ég að fara örfáum orðum um brtt., sem 2. minni hl. fjhn., Karl Kristjánsson, hefur flutt og er um það, að fellt sé niður úr þessu frv., að lögin um úthlutun jeppabifreiða og landbúnaðarvéla séu niður felld. Innflutningur jeppabifreiða hófst ekki að ráði fyrr en eftir heimsstyrjöldina, á árinu 1946 og upp frá því. Fyrst þegar þessi innflutningur hófst, var sú tilhögun á úthlutun jeppabifreiðanna, að valdið var í raun og veru lagt í hendur ríkisstj. eða sérstakra trúnaðarmanna hennar, eins og nú er stefnt að að gera, en var í framkvæmd í höndum nýbyggingarráðs eða manna, sem störfuðu á þess ábyrgð. Þessi skipun þótti ekki gefast vel, og hún hafði ekki verið framkvæmd lengi, þegar menn hér á Alþ. tóku að beita sér fyrir því, að úthlutun jeppabifreiða yrði komið í fastari skorður en upphaflega var gert. Og merkir bændur, sem þá áttu sæti hér á þingi, en nú eru horfnir héðan, munu hafa átt frumkvæði að því, að flutt var frv. um úthlutun jeppabifreiða og sú starfsemi skipulögð. Þetta frv. var fyrst flutt á þingi 1948, þegar hitt skipulagið hafði verið reynt 2—3 ár og að mjög margra dómi raunverulega misheppnazt. Flm. jeppafrv. voru menn úr öllum þingflokkum. Það voru Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Bjarnason, Jón Gíslason, Ásgeir Ásgeirsson og Sigfús Sigurhjartarson. Og þetta frv. var lögfest á þinginu 1948. Síðar kom í ljós, að þetta skipulag gafst þó svo vel, að mönnum hér á Alþ. þótti ástæða til að taka sama skipulag upp við úthlutun heimilisdráttarvéla, þegar ekki var hægt að fullnægja eftirspurn þeirra, og vegna þess var á þinginu 1950 samþ. viðauki við jeppaúthlutunarlögin samkv. frv., sem flutt var af þm. úr Framsfl. og Sjálfstfl., og var núverandi hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, fyrsti flm. að frv. um þann viðauka. Síðan er búið að reyna þetta skipulag í raun og veru í meira en áratug, og mér er ekki kunnugt um, að utan úr sveitunum liggi fyrir neinar kvartanir yfir því eða óskir um, að þessu sé breytt. Nú veit ég, að því er til að svara, að með þessu frv., sem hér er til umr., sé gert ráð fyrir því, að þessar vörur verði raunverulega á frílista. En mér skilst, að það muni þó a. m. k. fyrst um sinn verða þannig, að það verði ekki leyfður innflutningur á öllum tegundum landbúnaðarbifreiða, ekki þeim tegundum, sem bændur kjósa helzt, heldur verði innflutningurinn takmarkaður að því leyti, að honum verði beint að vissum gerðum bifreiðanna, og meðan svo er, þá er raunar naumast hægt að segja, að þessi vara sé alls kostar frjáls. En í annan stað vil ég sérstaklega benda á, sem ég veit ekki, hvort fjhn. hefur veitt eftirtekt, að lögin um úthlutun jeppabifreiðanna eru frá upphafi hugsuð þannig, að þau séu aðeins framkvæmd, þegar innflutningurinn er takmarkaður. Þau hefjast þannig, að meðan er takmarkaður innflutningur o. s. frv., þá skal þessu skipulagi fylgt. Og nú hin síðari ár hefur innflutningur á heimilisdráttarvélum í raun og veru verið frjáls, þær hafa verið á frílista, og þá hafa þær greinar eða sá kafli l. ekki verið framkvæmdur, en lögin hafa verið í gildi þrátt fyrir það, og jafnskjótt og breyting yrði á, þannig að einhver takmörkun yrði gerð um innflutning á dráttarvélum, þá væri skipulagið til og þá ætti úthlutunin að fara eftir því. Ég vil leggja áherzlu á, að þessi lög verði ekki felld úr gildi, heldur till. Karls Kristjánssonar samþykkt. Hitt er svo annað mál, að ef reynslan sýnir, að þessar vörur verða til sölu eiginlega án takmarkana eða þannig, að það verði hægt að fullnægja eftirspurn, þá leiðir

einungis af því, að lögin eru ekki framkvæmd, meðan það ástand helzt. En jafnskjótt og breyting yrði á aftur, höfum við skipulagið til, en þurfum þá ekki á nýjan leik að fara að setja um það löggjöf hér á hv. Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Ed., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 145 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, AGl, ÁB, BjörnJ, KK, ÓlJ, PÞ.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

2 þm. (FRV, HermJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 11:6 atkv.

8. gr. samþ. með 11:3 atkv.

9. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 446,1 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ.

nei: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, SÓÓ.

2 þm. (FRV, HermJ) fjarstaddir.

10.—13. gr. samþ. með 11:6 atkv.

Brtt. 446,2 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BjörnJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl,

nei: BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

2 þm. (FRV, HermJ) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 11:5 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að flytja skriflega eina brtt. við þetta frv. Hún hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist eftirfarandi: Fjmrn. er heimilt, þar til endurskoðun tollskrár er lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar."

Eins og ég tók fram, þegar ég mælti fyrir þessu frv. hér í þessari hv. d. við 1. umr. þess, verða nokkrar vörur hafðar á sérstökum frílista, sem ætlazt er til að ekki taki gildi fyrr en sex mánuðum eftir að hinn almenni frílisti tekur gildi. Þær vörur, sem á þessum frílista verða og ég gerði í aðalatriðum grein fyrir við 1. umr., eru ýmsar vörur, sem íslenzkur iðnaður keppir við, og þá fyrst og fremst leðurskófatnaður, eins og ég tók þá fram. Ég lét þess líka getið, að höfuðrökin fyrir því að láta þennan hluta frílistans eða þennan sérstaka frílista ekki taka gildi fyrr en sex mánuðum eftir hinum almenna frílista, væru þau, að nauðsynlegt væri að skapa þeim greinum íslenzks iðnaðar, sem vörurnar á þessum lista eru í sérstakri samkeppnisaðstöðu gagnvart, aðstöðu til þess að bæta samkeppnisaðstöðu sína, þannig að þessar greinar þyrftu ekki að dragast saman vegna hins frjálsa innflutnings á þessum vörum. Ég hafði líka tekið fram, að þetta ætti alveg sérstaklega við skógerðina. Aðstaða hennar mun að vísu að ýmsu leyti batna vegna þess, að gert er ráð fyrir óheftum innflutningi á hvers kyns vélum, þannig að skógerðirnar munu fá aðstöðu til þess að bæta vélakost sinn verulega og þar með bæta samkeppnisaðstöðu sína. En við þetta bætist, að þau tollaákvæði, sem gilda um efnivörur til skógerðar, eru að ýmsu leyti óhagstæð íslenzkri skógerð, ef borið er saman við fullunna erlenda vöru, og þess vegna einmitt hefur fjmrn. fyrir alllöngu hafið allsherjarendurskoðun á tollskránni, sem m. a. er ætlað að taka til atriða eins og þessara, sem hér er um að ræða. En þar eð búast má við því, að þeirri endurskoðun verði ekki að fullu lokið á sex mánuðum, þ. e. áður en liðinn er þessi hálfs árs frestur, sem innlendum iðnaði er veittur, þykir nauðsynlegt að gera ríkisstj. kleift að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, eftir því sem nánari athugun leiðir í ljós að þörf er á, til þess að hinn sérstaki frílisti verði ekki til að stofna réttmætum hagsmunum mikilvægrar íslenzkrar iðngreinar í hættu. Ég vona, að hv. dm. geti verið samdóma um það, hvað sem mönnum að öðru leyti kann að sýnast um meginefni þessa frv., að brýna nauðsyn ber til þess, að sú linun á höftum eða það afnám hafta, sem gert er ráð fyrir að sigli í kjölfar þessa frv., verði ekki til þess að stofna neinum réttmætum hagsmunum íslenzkra atvinnugreina eða íslenzkra atvinnuvega í hættu. Þetta er það vandamál, sem brýnast er að taka á, og þess vegna hefur ríkisstj. ákveðið að bera fram þessa brtt. við þetta frv. nú við 3. umr. málsins. Það hefur því miður ekki unnizt tími til þess að fá hana prentaða, en ég mun gera ráðstafanir til þess, að hún liggi sem fyrst prentuð fyrir hv. þm. Efni málsins er að öðru leyti einfalt.

Þá vildi ég nota tækifærið til þess að koma á framfæri við hv. þd. upplýsingum varðandi meðferð þessa máls eða framkvæmd þess, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég mun hafa sagt það við 1. umr. málsins, að ráð væri fyrir því gert, ef frv. næði fram að ganga, að reglugerð yrði gefin út og lögin þar með öðlast gildi hinn 21. þ. m., þannig að innflutningsskrifstofan hætti störfum frá og með þeim degi. Undanfarna daga hafa farið fram miklar viðræður við gjaldeyrisbankana um það verk, sem þeim er ætlað í framhaldi af því, að innflutningsskrifstofan leggst niður, og þótt unnið

sé sleitulaust að því að koma á því nýja skipulagi, sem gert er ráð fyrir að taki við, hefur samt sem áður komið í ljós, að gjaldeyrisbankarnir hafa eindregið óskað eftir því, að hin nýja skipan þurfi ekki að taka gildi fyrr en í mánaðarlok eða í byrjun næsta mánaðar, þ. e. 1. júní. En undirbúningi málsins er það langt komið, að ég tel óhætt að fullyrða, að á því þurfi ekki að verða frekari frestur en sá, að frílistarnir taki gildi og hin nýja skipan komist á. Þetta vildi ég aðeins taka fram við hv. d., af því að ég hafði sagt við 1. umr., að það hefði verið gert ráð fyrir því þá, að reglugerðin yrði gefin út 21. maí og hin nýja skipun kæmi þá til framkvæmdar. En það frestast um níu daga eða fram til mánaðamóta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 462) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég skal sízt mótmæla því á þessu stigi málsins a. m. k., að bæta þurfi skóiðnaðinum í landinu nokkuð fyrir þá aðstöðubreytingu, sem nú er fyrirhuguð hjá honum, þar sem hleypa á inn ótakmörkuðu magni af erlendum skófatnaði til samkeppni við þann iðnað, sem hér er í þessari grein. Hins vegar finnst mér, a. m. k. fljótt á litið, þessi brtt. við þetta frv., eins og það er og eins og efni þess er, vera fráleit og ekki eiga þar heima. Þetta frv. fjallar hvorki um tollskrár né aðflutningsgjöld, og till. sem þessi ætti auðvitað að koma fram við tollskrá eða þá a. m. k. við einhver þau lög, sem vörðuðu aðflutningsgjöld önnur, og ég hef sannast að segja ekki heyrt hjá hæstv. ráðh. nein rök fyrir því, að það sé frambærilegt eða í samræmi við venjur, að slík till. sé borin fram við algerlega óskylt efni.

Ég álít, að í sambandi við þetta væri líka rík þörf á því að athuga um aðflutningsgjöld af öðrum þeim vörutegundum, sem nú á að setja á sérstakan frílista eða kannske almennan frílista, og ganga úr skugga um, hvort ekki er þegar þörf á því að veita þeim iðnaði svipuð hlunnindi og nú er ætlað að gera gagnvart skóiðnaðinum. Á sérstökum frílista er núna, eftir því sem ég bezt veit, öll málningarframleiðsla, bæði olíumálningar og vatnslita, sömuleiðis öll lökk, allar sápugerðir, allur ytri fatnaður, sem prjónaður er úr gervisilki og öðrum gerviþráðum, sokkar og leistar úr ull, ytri fatnaður prjónaður úr ull og öðrum dýrahárum, nærfatnaður prjónaður úr ull og öðrum dýrahárum, nærfatnaður úr ull, enn fremur lífstykki, korselet, brjóstahaldarar og aðrar þvílíkar vörur, og svo að síðustu skófatnaður, sem hér hefur verið nokkuð rætt um. Það má vel vera, að þessi listi sé eitthvað breyttur frá því, að þessi gerð hans var birt fjhn., því að málin hafa ekki verið athuguð betur hjá hæstv. ríkisstj. en svo, að hún hefur þegar verið að gera miklar og mjög veigamiklar breytingar á þessum frílistum sínum, og má því vel vera, að þarna séu fleiri tegundir en mér er kunnugt um.

Þegar þetta mál var rætt í fjhn., spurðist ég fyrir um það, hvort einhver athugun hefði farið fram á því, hvernig þessum iðngreinum reiddi af við hina nýju skipan, og fékk ég þau svör ein, að þessi mál væru í athugun í n., og varð ekki betur skilið af þeim svörum en þessi listi væri útbúinn án allrar endanlegrar athugunar á því, hvernig þessum iðngreinum reiddi af. Ég held nú, að það hefði verið réttara af hæstv. ríkisstj. að geyma það að ákveða hömlulausan innflutning á þessum greinum og e. t. v. fleiri, þangað til þessari rannsókn væri lokið, og það hefði verið alveg lágmark að gefa þá þennan hálfs árs frest, þegar eitthvað væri sýnt um það, hvernig hag þessara iðngreina yrði komið eftir breytinguna.

Mér finnst öll þessi málsmeðferð bera vott um alveg sérstakan flautaþyrilshátt og tel ósamboðið hv. d. að taka við þessu alveg athugunarlaust á síðustu stundu, skrifl. brtt. um þetta efni, og vildi a. m. k. gera þá lágmarkskröfu, að hv. fjhn. yrði veitt tækifæri til þess að taka þetta mál til athugunar og þá jafnframt að kynna sér betur, hvort ekki væri ástæða til hliðstæðra breytinga varðandi aðrar iðngreinar, sem aðgerðir ríkisstj. setja nú í hættu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hv. dm. yrði gefinn kostur á að athuga lítillega um þessa till., sem hér kemur nú fram við 3. umr. Ég legg dálítið mikið upp úr því, að við fáum allir tækifæri til þess að íhuga þetta a. m. k. til morguns, bæði athuga um afstöðu okkar til till. svo og hvort til mála kæmi, að við vildum gera þar einhverja breytingu við.

Þessu máli hefur í þessari hv. d. ekki verið flýtt meir en svo, að ég geri ráð fyrir því, að það verði auðsótt, þegar þau eindregnu tilmæli koma frá þdm., að fresta umr. í dag og veita þannig þdm. og þá þeim mönnum, sem með málið hafa sérstaklega að gera, tækifæri til þess að taka afstöðu til þess.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þær óskir, sem hafa komið fram um það að fresta málinu með tilliti til þessarar brtt., sem komið hefur fram, og gefa bæði fjhn., sem fjallað hefur um málið, og þd. tækifæri til þess að athuga það, þegar gengið er inn á, eins og í till., að gera undantekningar fyrir sérstaka grein iðnaðar, hvort aðrar greinar eru ekki eins þurfandi fyrir slíkar undantekningar. Ég sé ekki, að málinu liggi sérstaklega mikið á, einkum þegar tekið er tillit til þess, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að ekki er ætlunin að láta lögin ganga í gildi fyrr en í lok mánaðarins. Mér finnst þess vegna einboðið að hafa þau vinnubrögð

á að athuga þessa till., áður en hún er tekin til afgreiðslu. Athuga það, hvort hún felur ekki í sér í raun og veru það, að fleira þurfi til að koma að því er þessa undanþágu snertir.

Forseti (SÓÓ): Það hafa komið fram óskir frá 1. og 2. minni hl. fjhn. þessarar hv. d. um það, að fjhn. fengi tækifæri til þess að athuga þá brtt., sem hér var flutt áðan og leitað afbrigða fyrir, brtt. frá viðskmrh. Ég vil ekki ganga á móti óskum hv. þm. um þetta og mun því fresta umr. um málið.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 409, 462).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. hefur haldið fund til þess að fjalla um brtt. þá frá hæstv. viðskmrh., sem nú hefur verið útbýtt sem þskj. 462, en þessi till. var, eins og kunnugt er, lögð fram hér í hv. d. á fundi í gær. Efni till. er að heimila fjmrn. til bráðabirgða að lækka aðflutningsgjöld á efnivörum til skógerðar. Á fundi n. í morgun mættu þeir Jónas Haralz ráðuneytisstjóri og dr. Jóhannes Nordal, en hann hefur verið formaður n., sem m. a. hefur fjallað um vandamál iðnaðarins vegna væntanlegs frílista. Þessir menn gáfu n. ýmsar upplýsingar um þær aðstæður, sem skapazt hafa fyrir skóiðnaðinn vegna hinna breyttu viðhorfa í viðskiptamálum, sem leiðir af efnahagsmálalöggjöfinni í heild og þá m. a. því frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál, sem hér liggur fyrir. Að fengnum upplýsingum frá þessum mönnum um þessi atriði er n. sammála um að mæla með því, að þessi brtt. verði samþykkt, þó að einstakir nm. hafi látið þá skoðun í ljós, að eðlilegra hefði e. t. v. verið að afgreiða þetta mál í einhverju öðru formi. En niðurstaðan var sú, að n. mælir með samþykkt þessarar tillögu.

ATKVGR.

Brtt. 462 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Sþ., 18. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 474).

Á 84. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Ed. samþykkti við 3. umr. málsins þar í d. eina smávægilega breyt. á þessu frv. Hún felst í seinni málsl. ákvæðis til brb., en þar er fjmrn. heimilað, þar til endurskoðun tollskrár sé lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar.

Ég hef áður gert þessari hv. d. grein fyrir því, hvaða vörur gert væri ráð fyrir að bættust við á hinn nýja frílista, sem væntanlega verður gefinn út, um leið og lög þessi taka gildi, ef þau hljóta samþykki Alþingis. Að því er snertir sumar af þeim vörum, sem nú mundu bætast á hinn nýja frílista, er það að segja, að æskilegt er og eðlilegt að gefa íslenzkum iðnaði nokkurt ráðrúm, nokkurt svigrúm til þess að búa sig undir þá erlenda samkeppni, sem hann kemur til með að mæta við það, að frílistinn er aukinn. Ég hafði þegar gert hv. d. grein fyrir því, að þetta ætti fyrst og fremst við um íslenzka skógerð, en gert er ráð fyrir því, að leðurskór allir verði á hinum væntanlega frílista. Þess vegna hafði verið gert ráð fyrir því, að nokkur hluti frílistans tæki ekki gildi fyrr en sex mánuðum eftir að hinn almenni frílisti gengi í gildi. Við höfðum talið, að þessir sex mánuðir dygðu til þess að skapa íslenzkum iðngreinum, t. d. skógerðunum, skilyrði til þess að mæta erlendu samkeppninni, bæði með því að bæta rekstraraðstöðu sína og auk þess væri síðan hægt á þeim tíma að endurskoða þá tolla, sem þessar iðngreinar ættu við að búa, ef það reyndist nauðsynlegt, en endurskoðun tollskrárinnar er þegar hafin.

Við nánari athugun málsins hefur þó komið í ljós, að ekki er líklegt, að endurskoðun tollskrárinnar geti orðið lokið á þessu sex mánaða tímabili, og athugun hefur einnig leitt í ljós, að það er sérstök ástæða til þess að rétta íslenzkri skógerð hjálparhönd í því formi að lækka tolla á efnivöru til skógerðarinnar, til þess að henni verði kleift að standast samkeppni við erlenda leðurskógerð. Þess vegna var það, að ég flutti við 3. umr. málsins í Ed. till. um viðbótarákvæði við bráðabirgðaákvæðið, þar sem fjmrn. er heimilað að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, þangað til endurskoðun tollskrárinnar er lokið. Þessi till. var samþ. í hv. Ed. án nokkurs mótatkvæðis, og ég vildi mega láta í ljós þá ósk, að þessi hv. d. sýni þessu máli sama skilning og þessi breyting verði ekki til þess að tefja framgang málsins hér í þessari hv. deild.

Þá vildi ég með fáeinum orðum víkja að öðru máli. Svo sem hv. dm. er eflaust kunnugt, hefur nú um nokkurt árabil verið heimild í tollskrárlögum til þess að lækka aðflutningsgjöld af bifreiðum, sem fluttar eru til landsins handa sjúklingum, sem haldnir eru fötlun eða lömun eða öðrum skyldum sjúkdómum, en heimildin til að lækka aðflutningsgjöldin hefur verið miðuð við 50 bíla í hæsta lagi á ári. Nú hefur viðsk.- og fjmrn. borizt erindi um það frá þeirri sérfræðinganefnd, sem fjallar um umsóknir frá þessum sjúklingum, að þessi tala verði aukin mjög verulega. Umsóknir liggja fyrir um niðurfellingu aðflutningsgjalda hjá þessari sérfræðinganefnd, svo að hundruðum skiptir, og hún telur sér algerlega ókleift að taka þessar mörg hundruð umsóknir til úrlausnar og mega ekki mæla með eða hafa ekki til ráðstöfunar nema 50 inn-

flutningsleyfi, sem þessara hlunninda ættu að geta notið. Hún hefur því farið fram á það við ríkisstj., að þessi heimild verði aukin mjög verulega, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti á sjónarmið sérfræðinganna fallizt og telur eðlilegt, að þessi heimild verði þrefölduð, þ. e. að hámarkstalan 50 verði aukin upp í 150. Hins vegar verði 40 þús. kr. hámarkið á eftirgjöf tollanna ekki aukið frá því, sem það hefur verið, þótt verð bifreiðanna hafi hækkað nokkuð, og er sérfræðinganefndin sammála þessari afstöðu, að það sé miklu eðlilegra og skynsamlegra að auka mjög verulega tölu bifreiðanna, sem eftirgjafarinnar geti notið, heldur en að halda tölunni niðri og auka upphæð sjálfrar eftirgjafarinnar.

Í framhaldi af þessu, sem ég nú hef sagt, vil ég leyfa mér, herra forseti, að leggja fram skriflega brtt. við bráðabirgðaákvæði frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við bráðabirgðaákvæði frv. bætist eftirfarandi málsliður:

Á árunum 1960 og 1961 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjald af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 hvort árið (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957)."

Ég tel eðlilegast, eins og málum er háttað og vegna þess að málið er mjög aðkallandi, að skjóta þessu ákvæði inn í þetta frv. frekar en að flutt verði sérstakt frv. um breyt. á tollskránni, sem þá mundi þurfa að fara í gegnum þrjár umræður í hvorri deild fyrir sig. Sérfræðinganefndin er orðin mjög á eftir tímanum með úthlutun bifreiðanna, beinlínis af því, að hún hefur ekki treyst sér til þess að framkvæma úthlutunina vegna þess, hve henni var þröngur stakkur skorinn.

Ég vona, að hv. dm. fallist á, að hér sé um sanngjarnt mál að ræða, og að þessi brtt. verði samþykkt og málinu geti orðið hraðað gegnum þessa hv. deild, og Ed., sem það þarf þá að sjálfsögðu að fara til aftur, ef þessi till. nær fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 481) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er nú kominn til okkar gamall kunningi hér, og er auðséð, að hann ætlar að gera allvíðreist um deildir þingsins. Hann er búinn að vera við þrjár umræður í þessari deild og þrjár umræður í efri deild, er nú kominn til einnar umræðu aftur hér í neðri deild og á nú eftir að fara til einnar umræðu í efri deild. Greinilegt er, að ekki hefur verið vel hugsað og vel undirbúið, þegar þetta mál var búið undir að leggja það fyrir þingið, og auðséð er, að svo lengi sem þetta mál verður til umr. í þinginu, mun alltaf þurfa að breyta því að nýju, að vísu ekki mikið, vegna þess að það er svo lítið, sem hæstv. ríkisstj. sér í hvert sinn, og afleiðingarnar af hennar ráðslagi koma ekki svo fljótt fram, að hún með sinni döpru sjón fái séð nema svo lítið af þeim, að þetta litla, sem hún er að káka eða laga frv., kemur náttúrlega anzi seint. Það er svo komið hjá okkur nú í þessari hv. d., að öll þau þrjú mál þingsins, sem eru höfuðmálin í þessum efnum, efnahagsmálin, þau eru komin hér aftur og eiga nú aftur að fara í gegnum þrjár umræður hér. Frelsið er nú komið til okkar aftur úr Ed. og á að endursendast til Ed., og verðlagsmálin bíða ósköp róleg hér hjá okkur í n. Og þegar hæstv. ráðh. var að fara fram á, að þessu yrði hraðað ákaflega mikið, datt mér í hug, að hæstv. ríkisstj. hefði vitað það allan tímann, að það væri ekki hægt að samþykkja þetta mál og láta ganga frá því og láta forseta undirskrifa það fyrr en á sama tíma og verðlagsmálin. Og það er ekki langt síðan verðlagsmálin komu frá hæstv. ríkisstj., og þau eru enn þá í nefnd í fyrri deild, og þýðir ekkert að hraða þessu í gegnum þingið, fyrr en verðlagsmálin fara um leið, svo að það hefur sannarlega ekki staðið á þinginu með þetta. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki áttað sig á, hvernig hún ætti að hafa verðlagsmálin, og virtist það ekki sérstaklega erfitt mál fyrr en rétt núna nýlega, og vissi þó, að það átti að verða samferða frelsinu. Það er þess vegna til lítils að fara fram á við d., að hún flýti sér. Það er alveg sama, hvað mikið hún flýtir sér, þó að hún fari að hlaupa að því að afgreiða þetta. Verðlagið bíður, og það er ekki hægt að undirskrifa lögin fyrr. Hins vegar er eitt gott við þetta, og það er, að hæstv. ríkisstj. er smátt og smátt að átta sig á, að það sé nokkuð margt að athuga við þessa leið, sem hún er nú að fara inn á.

Í Ed. hefur sú breyt. orðið á, að inn í lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála hefur verið bætt ákvæði til bráðabirgða viðvíkjandi tollskrá. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. hefur áttað sig á vissum afleiðingum viðvíkjandi efnivörum til skógerðar í sambandi við frelsið og bætt því aftan við ákvæðið til bráðabirgða. Svo þegar kemur hingað, uppgötvar hæstv. ríkisstj. í viðbót, að hún muni eitthvað þurfa að gera í bílamálum. Bílamál voru allmikið rædd, þegar þetta mál var til umr. hér í þessari hv. d., og þá var hæstv. ríkisstj. ekki búin að átta sig á, hvað hún ætti að gera í þeim málum. Nú hefur hún fundið þarna úrræði, sem út af fyrir sig er alls ekki svo slæmt, en ég gæti trúað, ef hæstv. ríkisstj. heldur svona áfram, þá mundi hún þurfa að gefa út brbl., eftir að þingið færi heim, að meðaltali ein í viku, til þess að bæta við þessi lög, til þess að allt reki ekki jafnóðum í strand hjá henni.

Hæstv. viðskmrh. talaði um það í framsögu sinni fyrir brtt., sem gerð var í Ed., að það væri auðséð, að íslenzkur iðnaður yrði að fá ráðrúm til þess að búa sig undir samkeppni. Jú, það eru einmitt þessar hugmyndir, sem vaka fyrir hæstv. ríkisstj., að hún er að tala um, að íslenzkur iðnaður og ýmislegt hér á Íslandi þurfi að fá ráðrúm til þess að búa sig

undir erlenda samkeppni. En það, sem hæstv. ríkisstj. þarf að athuga í þessu sambandi, er, hvort er rétt að leggja íslenzkan iðnað undir erlenda samkeppni eða hvort hæstv. ríkisstj. gerir sér það ljóst, að hún er að leggja svo og svo mikið af öllu íslenzku atvinnulífi á höggstokkinn með þessu. Hvaða lögmál er það í veröldinni, sem segir, að hjá einni þjóð, sem telur 170—180 þús. manns, skuli vera hægt að hafa iðju eða iðnað, sem getur staðizt samkeppni við hvaða erlendan iðnað sem vera skal? Það er þetta, sem þarf að athuga, áður en svona er rasað um ráð fram. Hæstv. ríkisstj. er að uppgötva þetta vegna þess, að einhver einn aðili kemur og segir: Það stendur svona voðalega á hjá mér. — E. t. v. stendur svo á, að það er yfirvofandi atvinnuleysi í viðkomandi greinum og annað slíkt, og það þarf að fara að laga þetta, m. ö. o.: það þarf alltaf að vera að endurskoða þetta. En þetta er vegna þess, að prinsipið sjálft er rangt. Það er rangt að ganga út frá því sem prinsipi, að sá iðnaður, sem við rekum á Íslandi, þurfi endilega að vera samkeppnisfær við allan útlendan iðnað. Það er rangt prinsip, og ef það prinsip ætti að framkvæmast, þá mundi það þýða, að íslenzkur iðnaður væri nokkurn veginn lagður að velli. Út frá hverju höfum við myndað iðnað á Íslandi? Út frá hvaða sjónarmiði? Höfum við myndað hann út frá því sjónarmiði, að hann ætti að geta keppt við gamlan, rótgróinn, ríkan iðnað Englands, Þýzkalands, Frakklands, Ameríku eða slíkra? Nei. Út frá hverju höfum við myndað hann? Við höfum myndað hann út frá því sjónarmiði, að fólk þyrfti að lifa á Íslandi, að fólk þyrfti að hafa atvinnu á Íslandi. Við höfum myndað þennan iðnað sérstaklega eftir 1934, þegar stoðirnar brustu erlendis undan okkar saltfisksverzlun á heimsmarkaðnum og atvinnuleysið var það mikið, að sultur svarf að verkamönnum hér á Íslandi. Þá reyndum við að koma upp ákaflega ófullkomnum iðnaði, til þess að reyna að bjargast einhvern veginn, til þess að láta fólk ekki svelta. Og við sköpuðum þennan iðnað til þess að menn gætu lifað og menn gætu komizt af og menn gætu haft atvinnu. Það var tilgangurinn. Það var ekki tilgangurinn að skapa einhvern iðnað, sem ætti að vera samkeppnisfær við allan heiminn, við voldugustu auðhringa veraldarinnar. Við ætluðum ekki að gera líf íslenzkra manna að leiksoppi í baráttunni við slíka aðila. Þessu sjónarmiði verður Ísland að halda, ef íslenzk ríkisstj. ætlar að hugsa um farsæld þeirra manna, sem í landinu lifa. Og hugsi hún ekki um farsæld þeirra, verður hún ekki langlíf í landinu. Þess vegna er það prinsip, sem þarna er tekið upp, þessi frjálsa samkeppni, það er rangt, það er skaðlegt, það er fjandsamlegt Íslendingum. Það verk að leggja íslenzkan iðnað undir samkeppni erlendra auðhringa er sama sem að reyna að drepa niður atvinnulíf á Íslandi. Hitt er allt annað mál, að það má á ýmsan hátt skapa aðhald að iðnaðinum hérna. Ég vil vissulega ekki mæla með þeim iðnaði, sem þýðir kannske að flytja inn eitthvert fegrunarduft og hella því í poka hérna.

En hvernig hafa þær stóru þjóðir, sem hafa unnið sinn iðnað upp, farið að? England skapar sinn iðnað á grundvelli þess, að það er fyrst í veröldinni af öllum þjóðum til þess að ryðja iðnaði braut. Gufuvélin og annað slíkt er fundið upp í því landi. Kolin gefa því aðstöðu til þess að hagnýta það, og England situr inni með einokun vegna sinna auðæfa og vegna sinnar tækni á 19. öldinni. Hvernig byrja svo hinar stórþjóðirnar, eins og Þýzkaland? Þær byrja með tollverndun. Á hverju er Þýzkaland fyrst sameinað? Sem tollabandalag. Um hvað? Um að útiloka brezkar vörur. Um hvað standa Napoleons-styrjaldirnar? Um það, að franska borgarastéttin reynir að sameina meginland Evrópu á móti brezka iðnaðinum, skapa sér vernd, hervernd, tollvernd, einokun á móti brezka iðnaðinum. Þessar stórþjóðir, sem við ætlum að fara að leggja okkar iðnað á höggstokkinn hjá núna, hafa sjálfar skapað sér sinn iðnað með áratuga, með aldar vernd til þess að koma upp því, sem nú er orðið stóriðja, hvort sem það heitir Krupp eða annað. Svo eru blindingjar hér á Íslandi, sem halda, að við getum komið upp iðnaði og haldið uppi iðnaði í frjálsri samkeppni við þessa auðjöfra, sem fyrir löngu eru búnir að afskrifa allt þetta.

Ég vil, að þeir menn, sem berjast fyrir þeirri stefnu að opna Ísland svona, geri sér ljóst, að þeir eru erindrekar þessara útlendu auðhringa og eru að vinna á móti hagsmunum Íslands. Hvort sem þeim er það ljóst í dag eða ekki, gera þeir það óafvitandi eða vísvitandi eftir því, hve glöggir þeir eru á, hvað þeir eru að gera. Það, sem þarna er um að ræða, er að drepa íslenzkan iðnað smátt og smátt eða láta innlima hann í þá útlendu auðhringa. Það að ætla að gefa honum ráðrúm til þess að búa sig undir samkeppni við þá, það er sama sem að búa hann undir að falla. Þar með er ég ekki að segja, að við eigum endilega að halda uppi öllum iðnaðinum, sem nú er í landinu. Ég get fyllilega fallizt á, að sumt af þeim iðnaði mætti fara, um leið og við værum búnir að finna út annan iðnað, þar sem við erum sterkari, þar sem við erum raunverulega samkeppnisfærari. En við eigum að halda einu prinsipi, einni höfuðreglu í þessu sambandi, og það er, að hver einasti Íslendingur hafi atvinnu. En það á ekki langt í land með þeirri stefnu, sem nú er tekin upp, að hér verði atvinnuleysi. Þegar svona stefna er tekin upp viðvíkjandi iðnaðinum og það er sagt, að hann eigi að búa sig undir samkeppni, þá vil ég leyfa mér að koma með eina fsp. til hæstv. ríkisstj., svo að ég endurtaki ekki neitt af því, sem áður hefur verið rætt hér um og oft hefur verið reynt að benda henni á, til þess að koma vitinu fyrir hana. Ef ætlazt er til þess, að íslenzkur iðnaður standist samkeppni og hann eigi bara að fá kannske sex mánuði til þess að búa sig undir að fara

á höggstokkinn, er þá ekki til einn atvinnuvegur í þessu landi, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur þó ástæðu til þess að ætla, að við stöndumst samkeppni? Ég held, að svo sé. Ég held, að það sé til einn atvinnuvegur í þessu landi, þar sem hægt sé að ganga út frá, að við höfum öll náttúrleg skilyrði til þess að standast samkeppni við hvaða land Evrópu sem er.

Eftir hverju mælum við í iðnaðinunm, þegar við erum að tala um, hvort maður standist samkeppni og hvort viðkomandi iðnaður þoli svo og svo mikið kaup? Við mælum eftir afköstum. Ef við höfum gífurleg afköst á mann, segjum við um leið: Við stöndumst samkeppni, okkur er óhætt í samkeppni. — Og ég skal nú nefna eina grein hér á Íslandi, sem mönnum er að vísu ekki ókunn, þar sem við stöndumst alla samkeppni í þessu sambandi. Hún heitir sjávarútvegur. Í fiskveiðum framleiðum við nú á hvern sjómann 100 tonn, 100 smálestir af fiski, framleiddum fyrir nokkrum árum 70 smál. af fiski á hvern sjómann, ekki á hvern landsbúa. Og þeir næstu, sem koma í heiminum á eftir okkur, eru Norðmenn, þar sem hver sjómaður framleiddi 10 tonn á mann. M. ö. o.: þarna er ein grein, sem hæstv. ríkisstj. hlýtur þó að viðurkenna að standi betur að vígi til samkeppni en nokkur önnur grein í heimi. Og nú vil ég spyrja, — það er verst, að sjútvmrh. skuli ekki vera hér við: Hvernig stendur nú Ísland að vígi í sambandi við samkeppni úti í heimi um fisk, með því að búa eins að sínum sjómönnum og fiskimönnum og aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn? Hvernig stöndum við? Vill hæstv. viðskmrh. svara þeirri spurningu minni, hvernig á því stendur, að það verð, sem norsk hraðfrystihús og norskar fiskverkunarstöðvar borga, er í dag tvöfalt hærra en það verð, sem hraðfrystihúsin og aðrar verkunarstöðvar hér á Íslandi borga til sjómanna og fiskimanna? Ég býst við, að ríkisstj. geri sér það ljóst, að þegar frelsið, sem hún er að tala um, er komið á, þá geri íslenzk sjómanna- og fiskimannastétt kröfu til þess að fá þó a. m. k. eins gott verð og Norðmenn, ekki sízt þegar við höfum tíu sinnum meiri afköst á hvern mann. Og ég er hræddur um, að það sé ekki ósanngjörn krafa út frá því, sem hæstv. viðskmrh. og hagfræðingar ríkisstj. hafa sagt um, hverju afköstin eigi að ráða í þessum efnum. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar um leið lýst því yfir, að hún áliti, að sjómenn megi ekki hækka sitt kaup, og það hefur jafnvel verið lögbundið við þriðjung af því verði, sem sjómenn fá í Noregi. Dettur hæstv. ríkisstj. í hug, að þetta verði þolað? Dettur hæstv. ríkisstj. í hug, að íslenzkir sjómenn, sem afkasta tíu sinnum meira en norskir, muni sætta sig við að hafa helming eða þriðjung verðs fyrir afla sinn á móts við Norðmenn? Er þetta frelsið, sem ríkisstj. er að innleiða? Og ef þetta á að vera útkoman með þá íslenzku atvinnugrein, þar sem við stöndum bezt að vígi og okkar afköst eru mest, hvernig verður það þá með iðnaðinn, ef á að fara að leggja hann undir samkeppni, — eða er það meiningin bara að drepa hann, til þess að fá mátulegt atvinnuleysi og mátulegan markað, eftir því sem fátækt fólk getur keypt fyrir vörur okkar vestrænu vina, af því að þeir eru alltaf í vandræðum með að selja þær? Og ekki nóg með það, að verðið, sem sjómennirnir og fiskimennirnir fá, sé svona lágt. Hæstv. ríkisstj. er búin að breyta um stefnu, síðan við vorum seinast að ræða um þetta mál í þessari hv. d., þetta mál um frelsið, þetta mál um, að atvinnurekendur ættu að standa á eigin fótum, þetta mál um, að ríkisstj. ætli ekki að skipta sér af atvinnulífinu. Hún er búin að taka upp uppbætur. Hún er búin að skipta sér af samningum þeirra, sem selja fiskinn, og þeirra, sem kaupa hann. Og það liggur hér fyrir hjá okkur í fjhn. þessarar d. frv. um breyt. á efnahagslögunum, sem fer fram á að staðfesta slíka breyt. M. ö. o.: ríkisstj., sem talar um að kasta Íslandi út í hringiðu vitlausrar samkeppni, er að leggja íslenzkan iðnað á höggstokkinn, ef hann fái ekki staðizt.

Hæstv. ríkisstj. hefur, síðan við vorum seinast með þetta mál hér í d., tekið upp uppbætur. Hún hefur skipt sér af samningum fiskseljenda og fiskkaupenda. Og þetta hefur hún gert á sviði, þar sem Ísland stendur bezt að vígi í samkeppni að hugsanlegt er og þar sem samt sem áður þeim mönnum, sem fisksins afla, er skammtaður helmingur til þriðjungur á móts við það, sem Norðmenn skammta sínum sjómönnum, sem hafa tíu sinnum minni afköst en Íslendingar.

Finnst nú ekki hæstv. ríkisstj. vera tími til kominn fyrir hana að fara að endurskoða þetta mál? Eru þetta ekki dálítið harðar staðreyndir fyrir hana að reka sig á? Hún prédikar, að afköstin eigi öllu að ráða í þessum efnum, ef afköstin hjá sjómönnum vaxa, þá eigi líka kaupið að geta vaxið og annað slíkt. Við sýnum fram á, að norskir sjómenn og fiskimenn hafa tvöfalt verð fyrir fiskinn á móts við okkar sjómenn. Hæstv. ríkisstj. segir: Hér má ekki hækka, við verðum þvert á móti að lögbinda fiskverðið. — Hæstv. ríkisstj. neyðist til þess á sama tíma að viðurkenna, að við höfum tíföld afköst, hver okkar sjómaður, á við norska sjómenn. Með hverju ætlar hæstv. ríkisstj. að verja þessa efnahagsstefnu, sem hún er að fara inn á með þessu frelsi? Þetta stangast allt á við hörðustu staðreyndir í þessum efnum. Ég er hræddur um, að það sé óhjákvæmilegt að breyta þessu.

Og nú vil ég minna hæstv. viðskmrh. á, að í 8. gr. þessa frv. er við haldið einokun á útflutningi. Má ég spyrja hæstv. viðskmrh., þó að það sé ákaflega leiðinleg spurning: Ef norskir atvinnurekendur geta borgað norskum sjómönnum og fiskimönnum miklu hærra verð en við okkar fiskimönnum fyrir fiskinn, er þá ekki rétt, að þessir atvinnurekendur þarna í

Noregi fái að keppa líka hérna á Íslandi? Er nokkur ástæða til þess að reka þá burt? Þeir gerðu það einu sinni. Er nokkur ástæða til þess að gefa þessum íslenzku atvinnurekendum sérréttindi, ef þeir standa sig ekki betur en þetta? Ég er með því, að við Íslendingar eigum að hafa okkar atvinnurekstur sjálfir. En í sjávarútvegi á hann sannarlega að geta staðizt. Og mér er spurn: Er nokkur þörf á að hrúga upp slíkum ofsagróða í sjávarútveginum, hjá hraðfrystihúsum eða slíku, að sjómenn og útvegsmenn séu féflettir hér á Íslandi meira en sjómenn í okkar nágrannalöndum? Eða ef okkar atvinnurekendur og okkar hraðfrystihús jafnvel berjast í bökkum og græða ekki, þá er það enn þá verra, ef þeir eru svo lélegir í sínum atvinnurekstri, að með tíföldum afköstum sjómannanna, sem hjá þeim eru, á móts við norska sjómenn, geta þeir ekki einu sinni gefið þeim það sama og norskir atvinnurekendur gefa sínum sjómönnum.

Hvað gerir hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi þessum íslenzku atvinnurekendum, sem svona standa sig? Hún er að gefa þeim einkaréttindi með þessum lögum, einokun, viðhalda einokuninni. Þorir hún að innleiða frjálsa samkeppni þarna? Þorir hún það, þegar hún er að prédika, að íslenzkan iðnað eigi að leggja á höggstokkinn, eigi að leggja hann undir samkeppni, gefa honum ráðrúm til þess að búa sig undir samkeppni, — þorir hún að láta íslenzka atvinnurekendur verða að þola samkeppni hér á Íslandi? Vill hún gefa fiskverzlunina frjálsa, fiskkaupin? Vill hún leyfa íslenzkum sjómönnum, sem framleiða tífalt á við norska sjómenn, að reyna sjálfir að ráðstafa sínum fiski betur en einokunarhringur ríkisstj. gerir? Það er auðvelt að tala um frelsi og segja svo við íslenzku sjómennina: Þið skuluð vera svínbundnir. Ykkar fiskverð skal vera ákveðið með lögum. Það skal vera helmingur og níður í þriðjung af því, sem norskir sjómenn fá. Fiskhringarnir á Íslandi skulu hafa einokun. En auðhringar í Vestur-Evrópu skulu vera frjálsir að því að leggja íslenzkan iðnað í rústir.

Nú vil ég alvarlega vara hæstv. ríkisstj. við. Nú er hún tvisvar búin að breyta þessu frv., eftir að það er búið að vera í báðum deildum. Nú vil ég alvarlega vara hana við. Ég held, að hún ætti að láta þetta mál fara til fjhn. til athugunar. Málinu liggur hvort sem er ekkert á, fyrr en verðlagsmálin fara í gegn. Það er ekki hægt að staðfesta lögin fyrr. En ég er alveg viss í, að með hverjum deginum koma hinar hrapallegu afleiðingar af vitlausri pólitík ríkisstj. svo greinilega í ljós, að jafnvel sjálf hæstv. ríkisstj. kemst ekki hjá því að sjá þær, enda er hæstv. viðskmrh., sem er allur af vilja gerður til þess að laga þetta, jafnóðum og hann sér það, alltaf að breyta þessum lögum. Hann sér, að hans sérfræðingum hefur yfirsézt anzi margt, þeir hafa ekki bara reiknað allt vitlaust. Ég held þess vegna, að við eigum að láta þetta mál núna fara til fjhn. og okkur eigi að gefast í fjhn. aðstaða til þess að yfirheyra bæði hv. 3. þm. Austf. (EinS), sem er mjög kunnugur hraðfrystihúsamálum o. fl., um, hvernig standi á þessu með fiskverðið, því að ég vil benda hæstv. viðskmrh. á það, að ef hann ekki tekur tillit til þess, sem ég segi núna viðvíkjandi þessu fiskverði, og við síðan tökum þetta upp í sambandi við önnur mál hér, þá getur svo farið, að ríkisstj. neyðist til þess að breyta þessu máli, þegar það er komið til Ed. Og hæstv. ríkisstj. er ljóst, hvað þá tekur við. Þegar hæstv. ríkisstj. neyðist til þess að breyta þessu máli í Ed., fer málið í sameinað þing, og þar þarf það 2/3 atkv. til að samþykkjast, þannig að það er öruggt með að falla. Þetta mál er sem sé komið á heljarþröm hjá hæstv. ríkisstj., ekki bara hvað snertir þess efnislega innihald og alla þess stefnu, heldur líka hvað sjálft formið snertir. Öngþveitið í þessari stefnu ríkisstj. er að verða svo bert, að henni er bezt að hafa nú góðra manna ráð og gefa okkur nú tækifæri til þess að athuga um 8. gr., hvort ekki sé nú bezt, um leið og við erum með þetta í þessari d., ef ríkisstj. ætlar að halda áfram frelsinu sínu, að frelsa Íslendinga líka af einokun núverandi fiskhringa með tilliti til þeirra upplýsinga, sem nú eru komnar fram.

Ég skal láta útrætt um þennan hluta málsins, en geri það að till. minni, að málinu sé vísað til fjhn. til athugunar, og er það af einskærri umhyggju fyrir hæstv. ríkisstjórn, svo að hún glopri nú ekki þessu máli út úr höndunum á sér, svo að það falli nú í þinginu, því að það er alltaf óviðkunnanlegt, að svona mál falli af hreinum klaufaskap. Það er viðkunnanlegra, að það falli þannig, að Alþingi sé orðið ljóst, meiri hluta þess, að þetta sé tóm vitleysa.

En ég vil að síðustu koma hér inn á eitt mál, sem ég ræddi nokkuð við hæstv. ráðh., þegar málið var til umr. hér, og það er í sambandi við viðskiptin austur á bóginn og í sambandi við eitt atriði í þeim, og það er um þá verksmiðju, sem framleiðir hér sjólax í Reykjavík, og þá verksmiðju, sem nú er verið að reisa á Akureyri og ég sé einmitt að fréttir eru nú í blöðunum að sé þar í byggingu til þess að framleiða þar líka sjólax og sardínur. Eins og hæstv. viðskmrh. og hv. þd. man eftir, upplýsti ég, að það lágu hér fyrir vörur fyrir um 2 millj. kr. óseldar, þegar þetta mál var til umr. hér síðast. Síðan hefur verið gerð athugun á því að undirlagi þeirra manna, sem þessa verksmiðju eiga og reka, hvort hægt sé að tryggja markað fyrir þessa vöru. Og það er komið í ljós og liggur fyrir samningsuppkast um, að Tékkar eru reiðubúnir til kaupa á síðari hluta þessa árs fyrir 10 millj. ísl. kr. sjólax og sardínur frá þessari verksmiðju og þeirri verksmiðju, sem verið er að undirbúa á Akureyri. Og það er hægt að auka þetta, samningurinn um það liggur fyrir. Ég hef uppkast að þeim samningi. Og það liggur enn fremur fyrir munnlegt, að það mundi vera hægt að auka þetta um 5

millj. líka á síðari hluta þessa árs. Nú er það eitt, sem hefur verið helzta áhugamál okkar Íslendinga í sambandi við sjávarútveg, það er að reyna að tryggja okkur markaði fyrir niðursuðuvörur, og við höfum átt í miklum erfiðleikum með það. Það hefur hvað eftir annað verið farið af stað með niðursuðuvörur. Okkur hefur misheppnazt ýmislegt af því. Það þarf, eins og menn vita, mjög mikla sérþekkingu í sambandi við það, mjög mikla vöruvöndun, og við vitum, hve því er oft ábótavant hjá okkur. Nú virðist þetta hafa tekizt vel hvað vöruvöndun snertir, bæði hér í Reykjavík með þetta fyrirtæki og með þetta fyrirtæki á Akureyri, þannig að þarna höfum við tvær verksmiðjur, sem virðast hafa yfirunnið þann þröskuld, sem hefur verið okkur erfiðastur í niðursuðumálunum, og eru búnar að vinna sér álit og viðurkenningu og geta nú fengið á síðari hluta þessa árs, bara í Tékkóslóvakíu einni, — ég efast ekki um, að það er líka hægt í Austur-Þýzkalandi, — markaði upp á 15 millj. kr. En það þýðir, að það þarf að kaupa vörur í staðinn. Það þýðir, að það þarf að kaupa skófatnað og vefnaðarvörur í staðinn. Það þýðir m. ö. o., að það verður að endurskoða þessa frílistapólitík, sem hæstv. ríkisstj. er með.

Það er ekki hægt að ætla að kippa grundvellinum undan efnilegum íslenzkum iðnaði, iðnaði á því sviði, þar sem við eigum að vera samkeppnisfærastir allra í veröldinni, sjávarútveginum, iðnaði, þar sem fullkomin úrvinnsla úr sjávarafurðunum, einmitt með niðursuðu, er framkvæmd. Það er ekki hægt fyrir okkur að kippa grundvellinum undan þessu. Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur, hvað það þýðir, ef þetta er gert núna, ef það er hægt að semja þarna um 15 millj. kr., bara á síðari hluta þessa árs. Það þýðir, að næsta ár getum við selt til Tékkóslóvakíu einnar frá þessum verksmiðjum fyrir 30 millj. ísl. króna niðursuðuvörur og fengið skófatnað og vefnaðarvörur í staðinn. En þetta þýðir, að það verður að vera einhver ábyrgðartilfinning, einhver yfirstjórn, afskipti ríkisstj. af þessum málum. Það þýðir, að skófatnaður og vefnaðarvara má ekki vera frjáls, algerlega frjáls. Það þýðir, að við Íslendingar verðum að stjórna þessu, hvar við kaupum inn og hvað mikið við kaupum inn.

Ég vil aðeins benda á þetta, af því að við vorum að tala um þetta hér við 2. eða 3. umr. þessa máls í deildinni, og hæstv. viðskmrh. var mjög áhyggjufullur út af því, að það liti þunglega út með þessa verksmiðju hér, sem lægi þarna með 2 millj. kr. í birgðum, og framtíðarhorfur verksmiðjunnar á Akureyri væru ekki heldur góðar, ef þessi markaður nú dytti niður.

Nú, hálfum mánuði síðar, stöndum við frammi fyrir því, að þessi markaður er til, það er hægt að stórauka hann. Það er hægt að koma upp í 15 millj. ísl. króna bara á síðari hluta þessa árs niðursuðuvörum, sem við seljum til Tékkóslóvakíu einnar, eða 30 millj. kr. á næsta ári, og ég efast ekki um, að það er hægt að selja meira en þetta í Austur-Þýzkalandi. Eina spursmálið er, að við verðum að geta keypt inn í staðinn. Við verðum að geta haft stjórn á því. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann að sínu leyti, eins og hann líka lofaði í sambandi við þetta mál, þegar ég spurði hann að því, meðan það var hér til reglulegrar umræðu í deildinni, vill vinna að þessu. Ég efast ekki um hans góða vilja, en ég veit, að hann rekur sig alltaf á galla þessa kerfis, sem verið er að taka upp.

Þetta kerfi verzlunarfrelsisins svokallaða, svo fagurlega sem það hljómar, það þjónar ekki hagsmunum Íslendinga, það þjónar ekki hagsmunum okkar frekar en það hefur þjónað hagsmunum Þjóðverja 1870 að ætla að sleppa allri tollvernd síns iðnaðar gagnvart Englandi. Við verðum að vinna þennan iðnað okkar upp. Við verðum að verða stórir og voldugir á vissum sviðum, og við verðum að vernda þetta á meðan, vernda það með því að vernda markaði þess, vernda markaði þess með því að stjórna innkaupunum til Íslands.

Það er mín till., að þessu máli sé vísað til fjhn., við erum þar með þessi mál öll hin, og það hefur aldrei staðið á okkur að afgreiða þessi mál. En ég held það væri mjög heillavænlegt, m. a. til þess að tefja ekki umræðurnar um þessi mál hér, að fjhn. fengi að athuga þetta, ekki sízt í sambandi við þær nýju upplýsingar, sem komið hafa fram viðvíkjandi fiskverðinu síðan, og þá fyrirspurn, sem ég nú hef gert viðvíkjandi niðursuðuiðnaðinum.

Forseti (JóhH): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er þá þessari umræðu lokið. (**EOl:** Það var till. um að vísa frv. til fjhn., það þarf að bera hana upp, áður en umr. er lokið.) Samkvæmt 25. gr. þingskapa fara mál, sem koma frá deild til annarrar deildar, af sjálfu sér til nefndar, og það er gert ráð fyrir, að málin séu tekin fyrir í deildinni, eftir að þau hafa verið hjá nefnd. En sá praksís hefur skapazt og er mjög gamall hér, að mál, sem send eru á milli deilda, hafa ekki af nefndum sérstaklega verið tekin fyrir, þó að það sé opið hjá nefndum að gera það. Það getur auðvitað komið fram ósk um að vísa máli til nefndar, og það er ekki hægt að ganga fram hjá því, ef till. er um það. En ég held, að eins og aðstæður eru núna, sé ekki ástæða til að vísa málinu sérstaklega til nefndar, öðruvísi en deildin óski þess sjálf, einkum og sér í lagi vegna þess, að þær brtt., sem gerðar voru á þessu frv., eru alveg sérstaks eðlis og í raun og veru ekki við efni frv. sjálfs. Það er þess vegna skoðun forseta, að málið eigi af þeim sökum ekkert sérstakt erindi til nefndar. En það verður þá borið undir deildina, og umræðunni getur þar af leiðandi ekki verið lokið, fyrr en sú atkvgr. hefur farið fram.

Ég mun nú gera fundarhlé í 15 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Í 25. gr. þingskapanna mælir svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef deildin breytir aftur á móti frv. í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar. Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt“ o. s. frv.

Þingsköpin mæla svo fyrir, að í tilfelli eins og þessu, þegar Ed. er búin að fjalla um málið og frv. er endursent Nd., þá skuli forseti d., svo framarlega sem málið hefur verið í nefnd í deildinni áður, senda það til þeirrar nefndar.

Nú er þetta að vísu ekki framkvæmt venjulega á þennan máta. Hins vegar eru þetta lög, og þess vegna er það svo, að fari einn nefndarmaður, sem á sæti í þeirri nefnd, sem frv. hefur verið í áður, fram á að fá slíkt mál aftur til nefndarinnar, þá styðst það alveg við lögin, þannig að ég álít þess vegna, að það væri eiginlega lögbrot, ef deildin yrði ekki við þeim tilmælum, sem ég hef sett fram um, að málið fari til fjhn. Raunverulega átti að senda það til fjhn. samkvæmt lögum, samkv. 25. gr. þingskapanna, áður en málið kæmi nú aftur til umræðu, bara af sjálfu sér að senda það þangað, svo að ég vil alveg eindregið mælast til þess á grundvelli þessara laga, að menn verði við því að leyfa málinu að fara til fjhn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur tilgreint upp úr þingsköpum, að samkvæmt orðanna hljóðan ber forseta að senda málið til nefndarinnar, sem hafði það áður. En mér skilst, og ég hef rætt þetta mál stuttlega við skrifstofustjóra þingsins, að þetta sé í raun þannig, að þótt forseti gangi ekki í gegnum það að skrifa formlegt bréf til manns, sem situr hér á bekkjum, og senda honum málið þannig, þá liggi málið raunverulega fyrir nefndinni, það liggi fyrir nefndinni, það sé hennar, þegar málið sé komið aftur til þessarar hv. d., þá sé það á n. valdi, hvort hún tekur það upp, gefur út um það álit eða ekki.

Seinna í þessari sömu grein, 25. gr. þingskapa, er talað um það, hvenær málið megi síðan koma fyrir deildina, og er talað um, að liðin sé a. m. k. ein nótt frá því að frv., eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða nál., ef um það er að ræða. Þingsköpin gera ráð fyrir þeim möguleika, að það sé ekki um neitt nál. að ræða.

Ég lít því þannig á, að hér hafi verið farið alveg eftir venju og forseti í engu breytt frá því, sem venja er, málið hafi raunverulega, síðan afgreiðslu þess í Ed. lauk, legið fyrir nefnd hér, ef sú nefnd vill taka það upp og gera eitthvað í því. En það, sem hér hefur gerzt, er sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir í þessari 25. gr., ef um nál. er ekki að ræða. Hér hefur ekki verið um nál. að ræða, og þess vegna hefur málið komið hér fram á venjulegan hátt, og ég sé því ekki neina sérstaka ástæðu til þess, að deildin fari að samþykkja að vísa málinu til nefndar, því að þingsköpin gera ráð fyrir, að þess sé ekki þörf, og að það sé af þeim ástæðum ekki um neina óvenjulega afgreiðslu að ræða, þó að það færi ekki til nefndar héðan af, úr því að nefndin gerði ekkert í málinu, á meðan það raunverulega lá fyrir henni.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. 5. þm. Vesturl., hæstv. varaforseti þessarar deildar, var sammála mér um það, að ég hefði lög að mæla í þessum efnum. Hann gekk hins vegar út frá því, að fjhn. þessarar hv. deildar yrði sjálf að hafa frumkvæði um það að taka málið, í staðinn fyrir að forseti sendi það til hennar. Málið var afgreitt í Ed. 17. maí, sem sé á þriðjudag. Í gær var fundur í Sþ. Málið er fyrst komið til þessarar deildar raunverulega í dag, og í dag kl. sex er boðaður fundur í fjhn. Væri litið svo á, að fjhn. þyrfti að hafa frumkvæði sjálf til þess að taka þetta mál, venjunnar vegna, hún þyrfti ekki að fá bréf frá forsetanum til þess, — væri litið svo á, að fjhn. sjálf þyrfti að hafa frumkvæði um þetta, þá leiðir þar af, að hver aðili í fjhn. hefur þann hinn sama rétt. Svo fremi sem t. d. tveir eða þrír í nefndinni álitu, að þeir þyrftu ekki um málið að fjalla, vegna þess að þeir mundu bara gefa út till. um að samþykkja þetta áfram, þá hlyti það hins vegar að þýða, að einn eða tveir eða þrír úr nefndinni, sem álitu, að þeir þyrftu um málið að fjalla, hefðu þá rétt til þess að gera það, og þá bæri að gefa þeim tækifæri til þess.

Ég skal viðurkenna, að það mundi ekki þurfa endilega að vísa þessu máli til nefndarinnar, það væri nóg að gefa hlé, þegar þess væri óskað, til þess að nefndin gæti athugað málið. En hins vegar hefur það oft tíðkazt líka, að málum hefur, þegar þau hafa komið til einnar umræðu aftur, beinlínis verið vísað til nefndar, og er alls ekki óalgengt í þinginu.

Ég álít þess vegna, að sá lagalegi réttur sé með minni tillögu, og ég vildi mega mælast til þess, að ef það verður borið upp að vísa málinu til nefndarinnar, þá sé það samþykkt. En ég gæti líka fellt mig við þann úrskurð hæstv. forseta, að umr. sé frestað og fjhn. gæfist tækifæri til að ræða málið svo að segja af sjálfu sér. Það er líka afgreiðsla á málinu, sem hægt er að sætta sig við.

Forseti (JóhH): Það er ekki deilt hér um veigamikið atriði. Eins og vikið hefur verið að, er það svo eftir orðalagi 25. gr., að þá á forseti að senda mál, sem koma frá hinni deildinni, til nefndar. En eins og ég vék að hér áðan, má hv. þdm. öllum vera það kunnugt, að þetta ákvæði hefur ekki verið framkvæmt og það um mjög langan aldur, og mér er ekki kunnugt um, að þessu ákvæði hafi nokkurn tíma verið framfylgt samkvæmt orðanna hljóðan.

Það er till. um að vísa málinu til nefndar, og sú till. verður borin upp. En ég vil sérstaklega taka það fram að gefnu tilefni, að það er skoðun forseta, að það séu engin lögbrot framin hér, þó að sú till. sé felld. Og alveg sérstaklega er þeim mun minni ástæða til þess

að víkja nú frá almennri framkvæmd í þessu sambandi, þar sem brtt., sem hefur orsakað það, að málið kemur hér í deildina aftur og kemur til atkvæða, er alls ekki um efni frv. sjálfs, heldur brtt. við bráðabirgðaákvæði og þess eðlis, að hún virðist ekki hafa af þeim sökum nokkurt sérstakt tilefni til þess að fara til nefndar, enda er um allt annað að ræða, að dómi forseta, ef brtt. hefði verið samþykkt við meginefni málsins í hv. Ed. Till., sem samþ. var í Ed., og skriflega brtt. eru við bráðabirgðaákvæði frv. og snerta ekki meginefni málsins. Það á því sama bæði við skriflegu brtt. og eins till., sem samþ. var í Ed.

ATKVGR.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 19:15 atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Raunverulega er það, sem ég vildi nú segja, aðeins um þingsköp. Það hefur verið fellt að vísa þessu máli til nefndar. Hins vegar hefur það verið viðurkennt, að ég sem aðili í fjhn. ætti að hafa aðstöðu til þess að fjalla um þetta mál, áður en endanlega yrði gengið til atkvæða um það. Og ég álít, fyrir utan það almenna, sem ég hef þegar sett fram í sambandi við endurskoðunina á þessum málum, þá væri rétt í sambandi við þá till., sem hæstv. viðskmrh. nú hefur flutt, þá skriflegu brtt., að athuga hana nánar. Og ég er hræddur um, að sú till. mundi ekki koma að gagni, eins og hún er, en það væri rétt, að ég þá a. m. k. sem minni hl. í fjhn. fengi aðstöðu til þess að ræða við hæstv. viðskmrh. um þessa till.

Ég mun þess vegna ekki taka þetta mál til langrar umræðu nú aftur, þó að ég hefði fullan rétt og fulla ástæðu til þess, heldur aðeins beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann fresti málinu, svo að mér gefist þá sem minni hl. í fjhn. tækifæri til þess að ræða við hæstv. viðskmrh. og aðstaða til þess að gefa út mitt nál. um þetta. Ég vil benda á, að það er í dag fundur í fjhn., þannig að það væri hægt að gera það nú þegar og þyrfti ekkert að tefja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hér væri samkomulag um, að hann ætti að hafa aðstöðu sem nefndarhluti til að láta í ljós álit sitt á málinu. En samkvæmt því, sem ég sagði í fyrri ræðu um þetta, er mín skoðun sú, að samkvæmt skýlausum ákvæðum þingskapa hafi hann haft aðstöðu til þess, frá því að málinu var í Ed. vísað til þessarar hv. d. aftur, og þangað til það kom hér fyrir, sem voru tveir sólarhringar. Á þeim grundvelli gat ég, eins og sjálfsagt fleiri, greitt atkvæði eins og við gerðum um að vísa málinu ekki sérstaklega og formlega til nefndar að þessu sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. talaði um, að n. hefði haft þessa aðstöðu. Ef við förum eftir bókstaf laganna í þessum efnum og þeim anda, sem á bak við þann bókstaf er, þá hefði n. átt að fá þetta tækifæri, eftir að málið kom frá Ed. Hún hefur ekki haft það tækifæri, vegna þess að hún hefur ekki komið saman einu sinni á þessum tíma til að ráðgast um, hvort hún vildi ræða þetta. Ég hef þess vegna lögin algerlega með mér í þessu. Ég gat ekki sem einn einstakur aðili í n. farið að hafa framtak um þetta, áður en n. gerði þetta sjálf. Ég var þegar í gær boðaður á fund í n. kl. 6 í dag og vissi þess vegna, að það mundi vera fundur í n. og þar mundi vera möguleiki til þess að ræða þetta mál. Og þó að þetta mál væri á dagskrá, þá var þar með ekki gefið, að málið yrði rætt og því síður útkljáð nú, því að þar voru ýmis önnur mál, sem voru mikil deilumál. Þar að auki er komið fram með skriflega brtt. um þetta mál nú á síðasta stigi, og hvaða efnis sem hún er, þá er það ekki nema kurteisi að gefa annaðhvort n. eða þá minni hl. í n. tækifæri til þess að ræða slíkar tillögur. Ég vil þess vegna eindregið halda við þá ósk mína, hæstv. forseti, að umr. sé frestað sem stendur til þess að gefa mér þessa aðstöðu.

Forseti (JóhH): Hv. 3. þm. Reykv. hefur óskað eftir, að ég fresti þessum umræðum, til þess að honum gefist kostur á að ræða við hæstv. viðskmrh. um þá skrifl. brtt., sem er flutt. Hann hefur ekki í umr. reifað neinn ágreining um þessa brtt. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að það sé minni háttar atriði. Ég mundi vilja verða við þessari ósk að fresta fundi núna í stundarfjórðung, ef hv. þm. nægir sá tími til viðræðna við hæstv. ráðherra. — [Fundarhlé.]

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er aðeins ein fsp., sem ég vildi beina til hæstv. viðskmrh. Hún er á þá leið, að ef þetta frv. verður samþ. nú og afgreitt frá Alþ., sennilega á morgun, hvort þá sé meiningin að staðfesta það strax og láta það koma til framkvæmda, það sé lagt svo mikið kapp á að hraða þessu hér vegna þess, að það sé ætlunin að láta það t. d. koma til framkvæmda fyrir helgi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í 14. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi forseta:
„Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út."
Það er tilætlunin, þegar lög þessi hafa verið samþykkt, að gefa út þessa reglugerð 1. júní, þannig að hin nýja skipan, sem tekin verður upp samkv. l., þegar þau hafa verið samþ. á hinu háa Alþ., mun koma til framkvæmda 1. júní.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Mér finnst nokkuð einkennileg meðferð hæstv. ríkisstj. á þessu máli. Þetta er frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. og búið að vera hér í d. og mikið um það rætt, og svo er því breytt þannig

í Ed., að sett er inn í bráðabirgðaákvæði heimild handa fjmrn. til að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, og síðan vill hæstv. viðskmrh. koma hér inn í það breyt. enn um lækkun á aðflutningsgjöldum eða heimild til slíks. Nú á þetta náttúrlega ekki erindi og á alls ekki heima í þessum lögum um innflutningsmál. Þetta er tollskrármál. Það átti að flytja þetta sem breyt. á tollskrá. En ef stjórnin hefur viljað komast hjá því, sem náttúrlega var þó óeðlilegt, því að þetta á heima í tollskrá og hvergi annars staðar, þá hefði hún getað haft annan skynsamlegri hátt á þessu. Hún er sjálf búin að flytja hér frv. um breyt. á lögum sínum frá í vetur um efnahagsmál, og það hefði verið ólíkt skynsamlegra að setja þetta inn í það frv. Í því frv. eru þó ákvæði um innflutningsgjöld í einum kafla þess, og þar eru m. a. heimildir til þess að gefa eftir innflutningsgjöld í vissum tilfellum. Það væri þó heldur skárra að setja þetta inn í þau lög en inn í lögin um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Það væri vitanlega það réttasta fyrir stjórnina að flytja nú till. um að taka út þetta tollskrárákvæði, sem sett var inn í þetta frv. í Ed., og láta það fara aftur til hennar til samþykktar þar, eins og það kom héðan frá Nd., og setja þessi tollskrármál sín þá heldur inn í frv. um efnahagsmál, sem er hér á fyrsta stigi, er hér í Nd. og á svo eftir að fara til Ed., heldur en vera að hrekja þetta mál milli deilda fram og aftur og reyna að koma inn í það atriðum, sem eiga þar alls ekki heima. Eins og ég sagði, væri réttast að flytja þetta hvort tveggja í frv. um breyt. á tollskrárlögum, en vilji stjórnin það ekki, þá er þó hitt stórum skárra, sem ég benti á, að setja þetta inn í efnahagslögin.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fyrst þessu máli var ekki vísað beinlínis til n., mun ég ekki fara inn á það, sem ég hefði ella gert, að flytja allmargar brtt. við þetta frv. til þess að reyna að afstýra vandræðum og ekki heldur inn á það að fara að gefa út í sambandi við þær sérstakt nál. aftur, heldur aðeins láta við það standa að gera brtt. við þá skriflegu brtt., sem hæstv. viðskmrh. hefur lagt fram. Að vísu verð ég að segja það, að eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. viðskmrh. nú gaf um, að þessu máli væri ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. júní, þá hefði náttúrlega, svo að málið hefði getað fengið alveg fullkomna, þinglega meðferð, ekki legið á fyrir stjórnarliðið endilega að neita um það að vísa þessu máli til fjhn. Það er augsjáanlega nægur tími. Og ég vil um leið benda á, að það er ákaflega óviðkunnanlegt, að lög frá Alþ. skuli vera bundin við það að öðlast gildi, þegar reglugerð er gefin út. M. a. vil ég aðeins benda á það, að ég veit ekkert, hvað óþekkur hæstv. viðskmrh., sem mundi eiga að gefa út reglugerðir í sambandi við þetta, kynni að vera hæstv. ríkisstj., en það er sem sé á hans persónulega valdi, eftir að þessi lög eru samþykkt, hvort þau öðlast nokkurn tíma gildi eða ekki. Ef Sjálfstfl. væri eitthvað óþekkur við hann, þá er sem sagt Alþingi búið að gefa honum það í hendur að ráða þessum lögum. Ég skal ekkert segja, hvort hæstv. viðskmrh. færi að misnota þetta vald sitt, en það er ekkert viðkunnanleg afgreiðsla á málum frá Alþ. að ákveða það, að þegar einum ákveðnum ráðh. í stjórninni þóknast að gefa út eina ákveðna litla reglugerð, þá skuli lög öðlast gildi.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. benti hér á, að það væri eins hægt að gera þetta í sambandi við efnahagsmálin. Það er í raun og veru orðið nokkuð sama nú, í hvern grautarpottinn saltið er látið hjá hæstv. ríkisstj., þessu er öllu orðið sullað saman, þannig að hver lög, sem hér fara í gegnum þingið, eru orðin breytingar á ótal lögum, bandormshátturinn er hafður á þessu öllu saman. Er það ekkert nýtt.

Það, sem ég vildi gera hér brtt. við, er, að í hinni skrifl. brtt. hæstv. ráðh. er gengið út frá, að það megi lækka aðflutningstollana af 150 bílum til þessara sérstöku nota, sem lagagreinin frá 1957, 29. maí, fjallar um viðvíkjandi þeim, sem fatlaðir eru eða hafa orðið fyrir slysum. Ég held, að það væri rétt, fyrst farið er inn á þetta og fyrst reynt er að slá tvær flugur í einu höggi, að hjálpa þeim, sem hafa sótt um samkv. þessum lögum, og hins vegar að tryggja það að geta selt þessa bíla, — þá held ég, að væri rétt að hækka þessa tölu upp í 250, og vildi gera þá skriflegu brtt. við þetta, að í staðinn fyrir 150 í efnismálslið brtt. komi 250. Þetta yrði brtt. við till. hæstv. viðskmrh. og þetta gildir fyrir 2 ár, og það mundi þá verða til samans 500 bæði árin, og mundu þá verða a. m. k. meiri líkindi til þess, að við stæðum við þann samning, sem við höfum gert, og tryggðum okkur markað fyrir okkar fisk í sambandi við þetta, en gerðum um leið gott verk hér innanlands.

Ég vildi biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir, að þessi skrifl. brtt. mín mætti þá líka koma til atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 486) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 486 felld með 19:9 atkv.

Brtt. 481 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:11 atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 487).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Nd. samþykkti síðdegis í gær með

samhljóða atkvæðum eina smávægilega breytingu á þessu frv., bætti við einu ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem hv. dm. er eflaust kunnugt, hefur nú um nokkurra ára bil verið í gildi lagaheimild til handa fjmrh. til þess að fella niður aðflutningsgjöld af þeim bifreiðum, sem fluttar eru inn handa sjúklingum, sem eru fatlaðir eða lamaðir eða sjúkir með einhverjum slíkum hætti, og hefur heimildin verið bundin við 40 þús. kr. hámark í eftirgjöf og við 50 bifreiðar á ári.

Sérstök nefnd hefur starfað, skipuð þremur læknum, að því að skera úr því, hvaða sjúklingar skyldu njóta þessara sérstöku fríðinda. Nú liggja fyrir þeirri nefnd mörg hundruð umsóknir um þessi fríðindi, en heimildin tekur aðeins til 50 bifreiða. Nefndin hefur því mjög eindregið óskað eftir því, að þetta hámark yrði hækkað allverulega.

Ríkisstj. hefur því ákveðið að leggja til við Alþingi, að hámarkstalan 50 verði þrefölduð, þ. e. a. s. að heimilað verði að fella niður aðflutningsgjöld af allt að 150 bifreiðum á ári, á árunum 1960—61.

Um þetta flutti ég f. h. ríkisstj. till. í hv. Nd. í gær, og var hún, eins og ég sagði áðan, samþykkt með samhljóða atkvæðum í deildinni.

Brtt. kom að vísu fram um það að hækka töluna upp í 250, en hún var felld.

Ég vildi mega vænta þess, að þetta mál verði ekki ágreiningsefni hér í þessari hv. deild og að þessi smávægilega breyting á frv. verði ekki til þess að tefja framgang þess hér í hv. deild, og vildi mega óska þess, að frv. með þessari breytingu verði afgreitt sem fyrst úr deildinni.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér önnur efnisatriði þessa frv. en sú nýja brtt., sem hæstv. viðskmrh. hefur flutt hér, gefur tilefni til, enda þótt vissulega væru fullgildar ástæður til þess að gera það. En ég álít, að frekari umræður um málið en þegar hafa orðið séu tilgangslitlar, m. a. vegna þess, að hæstv. viðskmrh. hefur reynzt mjög ófús, bæði hér í hv. deild og í hv. Nd., til þess að svara fyrirspurnum, sem til hans hefur verið beint út af málinu eða aðalefnisatriði frv. yfirleitt, og hefur talið eðlilegast að láta þögnina tala sínu máli um fjölmörg veigamikil atriði. Þess mætti nú hins vegar vænta, að hæstv. ráðherra væri nokkru fúsari til þess að ræða þessa síðustu brtt. sína, einangraða frá öðrum atriðum í frv. En það er um hana að segja m. a., eins og hinar fyrri brtt., sem hann hefur flutt skriflega við frv., að hún á harla lítið skylt við sjálft frv. og snertir efni þess ekki, a. m. k. þá aðeins mjög óbeint. Hins vegar má segja hér sem oftar, að sama sé, hvaðan gott komi, og ekki skiptir það ýkjamiklu máli, þó að nauðsynjamáli sé hnýtt aftan í það óþurftarmál, sem um ræðir, þar sem vissa sé fyrir því, að það muni undir öllum kringumstæðum ná fram að ganga. En vissulega er það svo, að með þessari brtt., sem hér er flutt, er hreyft við stórmáli fyrir öryrkjana í landinu, þar sem er aðstaða þeirra til þess að eignast og eiga farartæki, sem geri þeim hægara um vik að gerast vinnandi menn eða jafnvel fullvinnandi þjóðfélagsborgarar.

Svo langt sem þessi till. nær að þessu leyti, má segja, að um nokkra úrbót sé að ræða. Það hefur lengi legið fyrir, eins og hæstv. ráðherra tók hér fram, að það hafa verið miklu fleiri, sem hafa þurft á þessari aðstoð að halda, heldur en þeir, sem hana hafa fengið, þ. e. a. s. fengið eftirgefin að einhverju leyti aðflutningsgjöld af bifreiðum, og þau takmörkunarákvæði, sem um þetta hafa verið, um 50 bíla, hafa verið allmikils til of þröng hvað fjölda snertir, og það hefur verið reynslan, að jafnvel hundruð öryrkja, fatlaðra manna, hafa orðið að bíða jafnvel áratugum saman til þess að fá þá þjónustu, sem þjóðfélagið veitir að þessu leyti.

Ef allar ástæður væru nú í þessum efnum óbreyttar frá því, sem hefur verið, mætti ætla, að ef þessi heimild héldist eins og hún er nú fyrirhuguð, þá væri hér um sæmilega úrlausn að ræða. En því fer mjög fjarri, að fjöldi þeirra farartækja, sem aðflutningsgjöld eru gefin eftir af, sé eina atriðið, sem máli skiptir í þessu sambandi. Það, sem kannske skiptir höfuðmáli fyrir hina fötluðu menn, eru möguleikar þeirra til þess að eignast farartækin og til þess að reka þau, og ég ætla, að það sé sannast mála, að einmitt fyrir aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. sé nú svo komið, að aldrei hafi verið örðugra fyrir fatlað fólk eða aðra öryrkja að geta átt sæmileg farartæki en nú, jafnvel þótt eftirgjafirnar séu auknar að tölunni til, ef ekkert annað er gert samhliða.

Að undanförnu, a. m. k. tvö s. l. ár, hefur þessi heimild í tollskránni verið framkvæmd á þann hátt, að það hafa verið gefnar eftir 30 þús. kr. af aðflutningsgjöldunum, og þeir, sem þessarar aðstoðar hafa þannig notið, hafa getað komizt yfir sæmilega, litla bifreið fyrir 60—70 þús. kr. En nú með gengisfellingunni og hækkun söluskattsins í tolli hefur slík bifreið hækkað í verði um milli 30 og 40 þús. kr. Sé upphæð eftirgjafarinnar því ekkert aukin frá því, sem verið hefur, nær hún ekki til þess að mæta þeirri hækkun, sem orðið hefur nú á þessum vetri fyrir tilverknað hæstv. ríkisstj. og bifreið, sem félli undir eftirgjafarheimildina nú, mundi þá verða heldur dýrari en heilbrigður maður þurfti að greiða fyrir hana á síðastliðnu ári.

Það má því með sanni segja, að hæstv. ríkisstj. bæði gefur og tekur, en á þann hátt, að sá, sem gjöfina á að fá, verður þó heldur verr settur en áður.

Auk þess er svo þess að geta, að rekstrarkostnaður bifreiða hefur hækkað a. m. k. um 25% og útlit fyrir, að hann hækki miklu meira, og að sjálfsögðu torveldar það enn mjög öryrkjum og þeim frekar en öllum mönnum öðrum að eiga slík farartæki, sem þeim er þó brýnni þörf á en öðrum.

Ég held því, að það sé ljóst, að enda þótt allir öryrkjar gætu nú fengið viðstöðulausar eftirgjafir á bifreiðum til sinna nota á þann hátt, sem verið hefur, þá sé aðstaða þeirra að þessu leyti mun lakari en áður og lakari en aðstaða heilbrigðra manna var fyrir nokkrum vikum.

Ég tel því, að það sé alger lágmarksnauðsyn, að um leið og bifreiðum til öryrkja er fjölgað, þá séu eftirgjafirnar um leið hækkaðar um a. m. k. 100%. Jafnvel þó að það sé gert, fær ríkið nokkra tolla og aðflutningsgjöld af peningunum og hefur þess vegna engan skaða af því að úthluta þeim á þennan hátt. Og það er vissulega meira en nógur baggi fyrir fatlað fólk og öryrkja að bera þann aukna rekstrarkostnað á bifreiðar, sem nú hefur verið stofnað til.

Í sambandi við þetta og til þess að sýna það enn betur, að fjöldi bifreiðanna er ekki eina atriðið, sem skiptir máli fyrir öryrkjana í þessu sambandi, vil ég leyfa mér að kynna hv. deild tillögur, ályktanir, sem Landssamband fatlaðra, Sjálfsbjargarfélögin, gerði á fundi sínum s. l. sumar hér í Reykjavík. Þar er skorað á hið háa Alþingi: 1) Að breyta heimildargrein í lögum nr. 27 29. maí 1957, um tollskrá o. fl., þannig, að eftirgjöf aðflutningsgjalda af farartækjum til öryrkja verði aukin í samræmi við þær hækkanir, sem orðið hafa á bifreiðum og mótorhjólum, og ég bið menn að hafa það í huga, að þar er átt við þær hækkanir, sem urðu á árinu 1958. 2) Að eftirgjöfin á aðflutningsgjöldum verði afskrifuð á fimm árum. 3) Að fellt verði niður á bifreiðum öryrkja 160—200% leyfisgjald. 4) Að fella niður þungaskatt af bifreiðum öryrkja. 5) Að öryrkjar fái að leggja farartækjum sínum án tillits til umferðarlaga, ef þörf krefur. 6) Að hækka um helming tölu þeirra bifreiða, sem árlega er úthlutað til öryrkja. 7) Að fulltrúi frá Landssambandi fatlaðra verði skipaður í nefnd þá, sem úthlutar farartækjum með tollaeftirgjöf.

Nokkrum af þessum réttmætu óskum hinna fötluðu er unnt að fullnægja, án þess að lögum sé breytt. Þannig er upphæð eftirgjafanna, sem er eitt stærsta atriðið í þessu sambandi, algerlega á valdi hæstv. ríkisstj., sömuleiðis heimild til afskrifta á fimm árum. En fötluðu fólki hentar illa, bæði af fjárhagsástæðum og öðrum augljósum ástæðum, og mun verr en heilbrigðum að eiga og reka úr sér gengnar bifreiðar. Þess vegna er brýn nauðsyn á því, að því sé unnt að endurnýja þær tiltölulega oftar en öðrum.

Ég mun ekki flytja brtt. um þessi efni nú, þar sem svo er ástatt, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar mundu geta haft það sér til afsökunar að fella þær, að frekari breytingar á frv., eins og gangur málsins hefur verið hér á hv. Alþingi, mundi þýða, að það félli í heild sinni. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að spyrja hæstv. ráðherra, hvað ríkisstj. ætlast fyrir um upphæð eftirgjafanna og hvaða aðrar ráðstafanir hann hyggst gera í þessu efni.

Ef ekki verður um meiri eftirgjafir að upphæð til að ræða en áður, fer ekki hjá því, að það verði lýðum ljóst, að flutningur þessarar till. nú stafi ekki af öðru en að ríkisstj. er komin í klípu með bifreiðar, sem hún hefur fest kaup á, en hefur enga kaupendur að vegna þeirra verðhækkana, sem hún hefur jafnframt lögfest á þessum farartækjum, en að það sé ekki hugmyndin raunverulega að hjálpa öryrkjunum, svo að neinu gagni sé.

Ég vil þó að svo komnu máli ætla, þó að ég viti, að þetta sé aðalástæða til flutnings þessarar tillögu, að þá sé hæstv. ríkisstj. þó ekki með öllu óljúft að nota tækifærið til þess, að þetta mætti verða að einhverju gagni fyrir öryrkjana. En það mun skýrast af þeim upplýsingum, sem ég vona að hæstv. ráðherra gefi um það, hvaða upphæðir ríkisstj. hyggst gefa eftir, hvort þarna er raunverulega um það að ræða, að öryrkjar fái bifreiðar ódýrari en áður, eða hvort það er um það eitt að ræða, að ríkisstj. sé að reyna að losa sjálfa sig úr leiðinlegri klípu, sem hún er komin í.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði, hvað ríkisstj. hygðist fyrir varðandi eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af biðreiðum, sem fluttar eru inn handa fötluðu eða lömuðu fólki. Því er til að svara, að í gildandi tollskrárlögum er tiltekið 40 þús. kr. hámark á eftirgjöfinni, eins og það er tiltekið hámark á tölu þeirra bíla, sem heimilt er að láta slíka eftirgjöf ná til, 50.

Það er ætlun ríkisstj. að nota þessa heimild að fullu, þ. e. að allir þeir 150 bílar, sem væntanlega yrðu fluttir til landsins, mundu fá fulla eftirgjöf eins og lög frekast heimila, þ. e. 40 þús. kr. Lengra getur ríkisstj. ekki gengið að tollskrárlögunum óbreyttum, og það hefur ekki verið lagt til í brtt. við þetta frv., að efnisákvæðum tollskrárlaganna varðandi hámark eftirgjafarinnar verði breytt. Þetta vildi ég mega vænta að lægi alveg ljóst fyrir.

Varðandi annað atriði, sem fram kom í ræðu hv. þm., um það, að ástæðan fyrir flutningi þessarar till. minnar í Nd. hafi verið sú að losa ríkisstj. úr klípu, sem hún væri komin í, vegna þess að hún hefði keypt bifreiðar, sem hún gæti nú ekki selt, þá er það að segja, að þetta er alger misskilningur. Ríkisstj. hefur engar bifreiðar keypt. Ríkisstj. er ekki bifreiðainnflytjandi og hefur því engar bifreiðar til sölu, sem hún er í vandræðum með að selja. Það, sem hv. þm. e. t. v. á þarna við, er, að ákveðinn innflytjandi, sem flytur inn bifreiðar frá Sovétríkjunum, telur þær bifreiðar vera of dýrar, til þess að hægt sé að selja þær hér á íslenzkum markaði, þótt vitanlegt sé, að sams konar bifreiðar frá öðrum löndum séu vel seljanlegar með þeim gjöldum, sem nú gilda á þeim bifreiðum. En ríkisstj. er hér enginn beinn aðili að, svo að það, sem hv. þm. sagði um þetta, var á algerum misskilningi byggt.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það má vera, að hæstv. viðskmrh. telji það algerlega fyrir utan sinn verkahring og hæstv. ríkisstj., hvort unnt er að standa við milliríkjaviðskiptasamninga eða ekki, en slík ummæli sem hann hefur um þetta, hafa ekki heyrzt áður af hendi ráðh.

En viðvíkjandi bifreiðunum verð ég að vísu að segja, að það er vel, að ríkisstj. hyggst auka þetta ofur lítið eða upp í það hámark, sem nú er í lögum. En jafnframt lýsti ráðh. yfir, að mér skildist, að ríkisstj. mundi ekki afla sér neinnar frekari heimildar til eftirgjafar en þessum 40 þús. kr. næmi. Þessi hámarksákvæði um upphæð eftirgjafarinnar munu hafa verið sett í lög árið 1958, fyrir efnahagsaðgerðirnar þá. En þá munu bifreiðar eins og þær, sem nú mun meiningin að úthluta, hafa kostað milli 60 og 70 þús. kr., þ. e. a. s. að heimild hefði verið fyrir því að fella niður meira en helming af kaupverði bifreiðanna. Nú nemur þetta ekki 1/3 hluta. Mér virðist því, að það væri full ástæða til þess, ef ríkisstj. vill veita öryrkjunum svipaða fyrirgreiðslu og áður, að breyta þessum hámarksákvæðum, og ef ríkisstj. hefði haft hug á því, ætti hún áreiðanlega auðvelt með að afla sér heimildar til þess hér á hv. Alþ. Ég hygg, að engir þm. eða hvorug þd. mundi láta hjá líða að veita slíkri heimild fljóta afgreiðslu í gegnum báðar deildirnar. Það væri mjög auðvelt að gera það, þó að áliðið sé orðið þings. Ég er sem sagt að lýsa því sem minni skoðun, að ég tel þessa eftirgjöf, jafnvel þó að hún sé hækkuð um 10 þús. kr. frá því, sem hefur verið, vera algerlega ófullnægjandi og er naumast meiri en þær hækkanir, sem orðið hafa nú á þessum vetri.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð enn til leiðréttingar á ummælum, sem féllu hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. Hann sagði eitthvað á þá leið, að e. t. v. teldi ríkisstj. sér það óviðkomandi, hvort staðið væri við gerða milliríkjasamninga eða ekki, og mun þar hafa átt við þau ákvæði í viðskiptasamningi við Sovétríkin, þar sem gert er ráð fyrir innflutningi á 500 bifreiðum til landsins. En svo sem þegar hefur áður borið á góma í umr., bæði hér í þessari hv. d. og Nd., telja innflytjendur þeirra bifreiða nokkur tormerki á því, að hægt verði að öllu óbreyttu að flytja inn það magn af bifreiðum frá Sovétríkjunum. Ég vil aðeins koma fram við hv. d. nokkurri skýringu, til þess að þessi ummæli hv. þm. standi ekki óleiðrétt.

Viðskiptasamningurinn við Sovétríkin er svonefndur rammasamningur, og ákvæði hans, að því er Ísland snertir, um innflutning frá Sovétríkjunum skuldbinda íslenzka ríkið til þess eins að veita innflutningsleyfi fyrir því magni af vörum, sem í rammasamningnum er tilgreint. Skuldbindingin, sem á íslenzka ríkinu eða íslenzkum stjórnvöldum hvílir í sambandi við innflutning bifreiðanna, eða það ákvæði samningsins, sem fjallar um bifreiðarnar, felur það eitt í sér, að íslenzkum yfirvöldum er skylt samkv. samningnum að veita innflutningsleyfi fyrir 500 bifreiðum frá Sovétríkjunum, og engum hefur dottið annað í hug en standa við þetta ákvæði samningsins. Það er öllum aðilum ljóst, bæði yfirvöldum í Sovétríkjunum og öllum innflytjendum hér, að þau leyfi verða að sjálfsögðu veitt og hafa þegar verið veitt að mjög verulegu leyti. Vandinn, sem á höndum er í þessu sambandi, er sá, að þó að leyfi sé fyrir hendi, telja innflytjendur, að hæpið sé, að markaður sé hér á landi fyrir svo mikið magn af bifreiðum frá þessu landi vegna þess verðs, sem á bifreiðunum er. En það er að sjálfsögðu algerlega rangt að telja hinn takmarkaða markað hér einungis vera því að kenna, að innflutningsgjöldin af hálfu Alþingis eða íslenzkra stjórnvalda séu svo há, að bílarnir verði þess vegna lítt seljanlegir. Alveg sama mætti segja, að orsökin sé sú, að innkaupsverðið frá Sovétríkjunum sé svo hátt, að það sé þröskuldurinn í vegi fyrir því, að bílarnir finni hér allir saman fúsa kaupendur. En svo sem kunnugt er, er innflutningsverðið á a. m. k. sumum tegundum þessara bifreiða frá Sovétríkjunum hærra hingað til lands en til annarra landa, eins og t. d. til Bandaríkjanna, og meira að segja mun hærra.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta atriði, sem fram kom í ræðu hv. þm., að að sjálfsögðu hefur aldrei komið annað til mála en að ríkisstj. standi að fullu og öllu við sérhverja þá skuldbindingu, sem hún hefur tekizt á hendur við gerð þessa milliríkjasamnings eins og annarra, sem íslenzk stjórnarvöld hafa gert.

Að síðustu, fyrst þessi bílamál hefur borið á góma, vil ég aðeins láta þess getið, að ríkisstj. mun ekki við það eitt láta sitja að veita leyfi fyrir því magni bifreiða frá Sovétríkjunum, sem rammasamningurinn gerir ráð fyrir, heldur mun hún og kappkosta að finna einhverja skynsamlega lausn á því vandamáli, sem í því felst, að þessar bifreiðar hafa reynzt óeðlilega dýrar fyrir íslenzkan markað. Ríkisstj. vildi gjarnan geta stuðlað að því, að hér skapaðist eðlilegur markaður á Íslandi fyrir þessa vöru frá Sovétríkjunum, því að það mundi bæta aðstöðu okkar til útflutnings þangað, og ríkisstj. mun einskis láta ófreistað í því skyni að stuðla að því, að heilbrigður markaður skapist hér á Íslandi fyrir bifreiðainnflutning frá Sovétríkjunum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

24. Alþjóðasiglingamálastofnun.

Á 77. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO) [154. mál] (stjfrv., A. 403).

Á 78. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Síðan Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar, hafa þær beitt sér fyrir ýmsum alþjóðasamtökum, sem tekið hafa fyrir alþjóðleg vandamál og reynt að leysa þau. Í þessu sambandi mætti t. d. minna á alþjóðaflóttamannastofnunina, alþjóðamenntamálasamtökin, matvælastofnunina og ýmisleg fleiri.

Hér í þessari samþykkt, sem lagt er til að staðfest verði, er tekið fyrir nýtt svið, þ. e. a. s. samgöngur á sjó. Í sambandi við samgöngur á sjó eru ýmis alþjóðleg vandamál, bæði hvað snertir öryggi skipa, siglingar þeirra og mælingar skipa og ýmislegt fleira í því sambandi. Við Íslendingar höfum verið aðilar að einni slíkri samþykkt áður og erum raunar enn, svokallaðri Kaupmannahafnarsamþykkt, þar sem Norðurlöndin eru aðilar, Holland og ýmis fleiri lönd. Ég geri ráð fyrir því, að ef þessi samþykkt, sem hér liggur fyrir til staðfestingar, verður almennt staðfest, eins og nú lítur út fyrir, þá verði Kaupmannahafnarsamþykktin svokallaða lögð til hliðar og þau lönd, sem að henni stóðu áður, muni verða aðilar að hinni nýju alþjóðasiglingamálastofnun.

Árið 1948 var fyrst byrjað að ræða um þessi mál og raunar gengið þá frá þessari samþykkt, sem hér liggur fyrir. En vegna ágreinings um nokkur atriði hefur hún ekki verið fullgilt af nægilega mörgum löndum fyrr en nú fyrir mjög stuttu eða 17. marz s. l. Þessi ágreiningur hefur verið um það, hvort stofnunin skyldi hafa afskipti af öðrum málum en tæknilegum, og þá alveg sérstaklega, hvort hún ætti að blanda sér í mál fjármálalegs og viðskiptamálalegs eðlis, en um það hefur ekki tekizt enn fullt samkomulag. Þess vegna hefur það orðið til þess, að ýmis lönd, eins og t. d. Norðurlöndin, hafa gerzt aðilar að samþykktinni með þeim fyrirvara, að þau gengju út frá, að stofnunin hefði eingöngu með að gera verkefni tæknilegs eðlis og þá náttúrlega alveg sérstaklega á sviði öryggismála og á sviði siglingareglugerða eða fyrirkomulags um alþjóðasiglingar, til þess að forðast árekstur og ýmislegt fleira í því sambandi.

Það er nú svo komið, að 29 ríki hafa staðfest samþykktina. Það er engin ástæða til, að ég lesi þau hér öll upp, þeirra er getið í bréfi skipaskoðunarstjóra, sem fylgir með frv. sem fskj.

Efni málsins er að aðalefni til það, eins og ég hef þegar minnzt lítillega á, að hafa samstöðu um stjórnarákvarðanir, sem snerta alls kyns tæknimálefni varðandi alþjóðasiglingar, og hvetja til almennra samþykkta fullkomnustu ákvæða í sambandi við mál, er varða öryggi á hafinu og afköst á sviði siglinga, og ýmislegt fleira því líkt. Síðar er í samþykktinni nánar tiltekið um starfsemina, um aðildina, um þing þessarar stofnunar, um ráð stofnunarinnar, öryggismálanefndina, um starfslið stofnunarinnar og fjármál, atkvæðagreiðslur og ýmislegt fleira, sem óþarfi er að rekja.

Ég vil aðeins geta þess um kostnaðinn við þátttöku í þessum alþjóðasamtökum, að það er gert ráð fyrir föstu gjaldi, sem er um 2000 dollarar fyrir okkur, og síðan gjald eftir tonnatölu skipastólsins, sem verður ákveðið síðar og ætti ekki að verða mjög tilfinnanlegt.

Íslendingar geta að mínu viti ekki skotið sér undan því að verða aðilar að þessum samtökum, svo mjög sem þeir eru háðir siglingum á hafinu og alveg sérstaklega þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að bæta öryggisútbúnað skipa, sem ég tel að verði aðalverkefni þessara samtaka.

Í 1. gr. frv. er fyrirvari um, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis, þannig að við eins og hin Norðurlöndin gönguum þar með út frá, að við verðum aðilar að þessum samtökum í þeirri veru, að þar sé einungis um að ræða tæknileg atriði og mál, sem siglingar snertir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hér upp einstakar gr. eða gera grein fyrir einstökum atriðum frv. nánar en þetta, það er mjög ýtarlega rakið í bréfi skipaskoðunarstjóra, enda skýrir samningurinn sig sjálfur. Það er talið æskilegt, að við gætum gerzt aðilar að þessari samþykkt fljótlega, og þess vegna vildi ég leggja áherzlu á, að samþykktin yrði afgreidd á þessu þingi, því að í þessum mánuði á að halda hið fyrsta þing stofnunarinnar, og er gert ráð fyrir, að Íslendingar sæki það, og vænta má þar ekki aðeins nokkurs af, heldur mikils, sérstaklega á sviði öryggismálanna, og væri þá skemmtilegra, að við gætum komið þar sem fullgildir aðilar, heldur en við værum aðeins áheyrnarfulltrúar, eins og annars mundi vera.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 458).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. á þskj. 403 og mælir með samþykkt þess. Samkv. frv. er ríkisstj. heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun eða Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, skammstafað IMCO. Stofnun þessi er á vegum Sameinuðu þjóðanna, og hefur tekið við verkefnum, sem Bretar önnuðust áður einir. Ákveðið hefur verið, að starfssvið stofnunarinnar skuli næstu tvö ár takmarkast af eftirtöldum atriðum:

1. Öryggi á hafinu.
2. Olíuóhreinkun sjávar.
3. Tonnatölumæling skipa.

Sá fyrirvari verður af Íslands hálfu við staðfestingu samningsins, samkv. frv., að verði stofnuninni síðar ákveðið víðtækara verksvið, þannig að fjallað verði þar um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis, þá getum við afturkallað aðild okkar að samningnum. Er þetta sams konar fyrirvari og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Kostnaður við þátttöku okkar í þessari alþjóðlegu stofnun er 2000 dollarar á ári plús aukagjald, sem ákveðið er á grundvelli brúttó-rúmlestatölu skipastóls landsins, en það aukagjald getur aldrei orðið hátt vegna þess, hversu hverfandi lítinn skipastól við eigum samanborið við önnur þátttökuríki. Hér við bætist svo kostnaður við sendiferðir fulltrúa okkar á þær ráðstefnur, sem stofnunin heldur, en slíkan kostnað greiðir hvert aðildarríki fyrir sig.

Sjútvn. aflaði sér upplýsinga um þetta mál hjá skipaskoðunarstjóra. Taldi hann nauðsynlegt og gagnlegt fyrir Ísland að gerast fullgildur aðili að stofnuninni, og gat hann þess m. a., að í þessari viku ætti að hefjast í London ráðstefna á vegum stofnunarinnar um öryggi mannslífa á hafinu og mundu tveir fulltrúar héðan sækja þá ráðstefnu. Fyrir hönd sjútvn. legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 18. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um fullgildingu á samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnunina, Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, sem samþykkt hefur verið af mörgum löndum og er gerð að undirlagi Sameinuðu þjóðanna. Eins og kunnugt er, hefur Ísland áður verið aðili að milliríkjasamþykktum um siglingamál, aðallega og kannske fyrst og fremst að svokallaðri Kaupmannahafnarsamþykkt, sem tekur til Norðurlandanna allra, Hollands og raunar nokkurra landa fleiri, um mál, sem sérstaklega snerta siglingar, öryggi sjómanna á hafinu, gerð skipa, björgunartækja og ýmislegt þess háttar.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar, kom það fljótlega í ljós, að heppilegt mundi vera, að þær beittu sér fyrir ýmiss konar alþjóðasamþykktum, ekki einasta þessari, sem hér er um að ræða, heldur á mörgum öðrum sviðum: á sviði uppeldismála, á sviði flóttamannavandamála, á sviði matvælaöflunar, og ýmislegt fleira mætti nefna, þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt sér fyrir að gerðar væru alþjóðasamþykktir varðandi þessi vandamál, í staðinn fyrir að um minni samtök væri að ræða. Það var þess vegna mjög fljótlega, eftir að Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar, að gengizt var fyrir því, að haldin var ráðstefna í Genf 1948, þar sem þessi samþykkt, sem hér um ræðir, eiginlega varð til. Í þessari ráðstefnu tóku þátt yfir 30 lönd, en þó var uppkastið við lokaafgreiðsluna samþykkt af aðeins 21 landi, en 7 lönd, þ. á m. Norðurlöndin, sátu hjá við atkvgr. Það var út af því, að þó að þau væru að efni til samþykk meginhluta þessarar samþykktar, þá felst í henni, eins og hún var orðuð og eins og hún er enn orðuð, möguleiki til þess að láta hana ná til annarra hluta en beint tæknilegra hluta, þ. e. a. s. fjárhagsaðgerða ýmiss konar. Á móti þessu voru Norðurlöndin og undirrituðu þess vegna síðar samþykktina með fyrirvara um þetta.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er einnig gert ráð fyrir, samkv. 1. gr., að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar verður ákveðið, að siglingamálastofnunin skuli einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis, þannig að við höfum um það atriði sama fyrirvara og Norðurlandaþjóðirnar.

Íslendingum er mjög nauðsynlegt að vera með í samtökum eins og þessum til þess að tryggja sér allar fáanlegar upplýsingar um tæknilegar úrlausnir sérstaks eðlis, sem snerta siglingar, og stuðla að sem fullkomnustum ákvæðum um öryggi á hafinu og nýtingu siglinganna. Það er sérstaklega í þessari veru, sem nauðsynlegt er fyrir okkur að taka þátt í samtökum eins og þessum, og þess vegna hefur ríkisstj. ákveðið að leggja til, að það verði gert. Samþykktin hefur verið fullgilt af um 30 löndum og hefur þegar tekið gildi fyrir tveimur mánuðum, og einmitt um þessar mundir er fyrsti fundur stofnunarinnar um það bil að hefjast.

Ég skal ekki fara út í að rekja efni samþykktarinnar. Það er, eins og venjulegt er í þessum alþjóðasamningum, ýtarlega gerð grein fyrir starfseminni, hvernig hún fari fram og hvernig skipting starfa sé þar höfð á, og um stjórnir, öryggisnefndir o. fl., sem nánar er tilgreint í samningnum og hv. alþm. geta gert sér fullkomna grein fyrir með því að lesa hann. Það er ekkert sérstakt, sem ástæða er til að taka fram í þessu sambandi, að ég ætla, nema þetta atriði, að um þátttöku í fjárhags- og viðskiptalegum aðgerðum er stjórnin sammála um, að við eigum að hafa fyrirvara, líkt og aðrar Norðurlandaþjóðirnar, en halda okkur eingöngu við þá tæknilegu hluti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vildi leyfa mér að leggja til, að frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn., með tilmælum þó um, að afgreiðslu málsins verði hraðað, þar sem nú er komið nálægt þinglokum, en nokkur áherzla er á það lögð, að hægt verði að fullgilda samþykktina, áður en þing þessarar stofnunar kemur saman í London, eða a. m. k. um það bil sem það kemur þar saman, því að skipaskoðunarstjóri, sem verður okkar fulltrúi þar, telur sig þá hafa betri aðstöðu til þess að sjá sínum málum farborða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 521).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á stundum heyrast raddir um það, að Íslendingar eyði um of miklu fé og tíma í aðild að ýmiss konar alþjóðasamtökum. Á hinn bóginn eru allir sammála um, að seint verði of miklu fórnað til þess að fylgjast með, svo sem bezt má verða, í sambandi við að gera samgöngurnar á sjó svo fullkomnar sem kostur er, enda er þjóðin í ríkum mæli háð siglingum og hefur verið frá öndverðu.

Frv. þetta fjallar um að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnun, IMCO, eins og heiti hennar er skammstafað. Samþykkt þessi var gerð á ráðstefnu, er haldin var fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna og undirrituð í Genf 6. marz 1948.

Til frekari rökstuðnings um framgang þessa máls leyfi ég mér að vísa til fskj. II, sem er bréf skipaskoðunarstjóra, dags. 27. apríl 1959, og prentað er með frv., og jafnframt til framsöguræðu hæstv. sjútvmrh. fyrir málinu hér í hv. þd. á dögunum.

Sjútvn. hefur rætt málið og mælir einróma með samþykkt þess óbreytts, eins og fram er tekið á þskj. 521.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

---

25. Verzlunarbanki Íslands.

Á 76. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um Verzlunarbanka Íslands h/f [150. mál] (stjfrv., A. 391).

Á 77. og 78. fundi í Nd., 6. og 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að heimilað verði að stofna hlutafélag, sem heiti Verzlunarbanki Íslands h/f, og skuli hlutverk félagsins vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verzlun landsmanna. Á síðustu áratugum hefur hver bankinn á fætur öðrum verið stofnaður til þess að styðja tilteknar atvinnugreinar. Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með l. nr. 31 1929, Útvegsbanki Íslands h/f með l. nr. 7 1930 og Iðnaðarbanki Íslands h/f með l. nr. 13 1951. Hins vegar hefur verzlunarstéttin til skamms tíma ekki haft við neina sérstaka lánastofnun að styðjast annarri fremur. Þess vegna var það í maí 1955, að Samband smásöluverzlana og Verzlunarráð Íslands komu að frumkvæði hins fyrrnefnda upp nefnd til þess að kanna möguleika á stofnun sparisjóðs, er skyldi vinna sérstaklega í þágu verzlunarstéttarinnar. Í október þess árs, 1955, var síðan leitað til félaga í þessum tveimur félagasamtökum og sömuleiðis til félaga í Félagi íslenzkra stórkaupmanna með ósk um, að þeir gerðust einnig stofnendur verzlunarsparisjóðs og inntu af hendi fjárframlög í því skyni. Undirtektir reyndust mjög góðar, og gerðust rösklega 300 aðilar stofnendur og ábyrgðarmenn sparisjóðsins. Stofnfundur hans var síðan haldinn 4. febr. 1956, og hinn 28. sept. það ár hóf sparisjóðurinn síðan starfsemi sína.

Þessi sparisjóður hefur nú starfað í rúmlega

3½ ár, og hefur gengi hans á þeim tíma orðið svo mikið, að hann er nú orðinn stærsti sparisjóður landsins. Í árslok 1956 nam sparifjárinnstæða Verzlunarsparisjóðsins 16.9 millj. kr., en í lok s. l. árs nam sparifjárinnstæðan 113.6 millj. kr. Innlög á hlaupareikningi voru í lok fyrsta starfsársins 6.4 millj., en voru í lok s. l. árs orðin 39.9 millj. kr., þannig að innstæður í Verzlunarsparisjóðnum hafa vaxið úr 23.3 millj. í lok fyrsta starfsársins í 153.5 millj. í lok s. l. árs.

Það var tilgangur með stofnun Verzlunarsparisjóðsins í upphafi, enda tekið fram af forgöngumönnum hans, að stofnun sparisjóðsins skyldi vera fyrsti vísirinn að stofnun verzlunarbanka. Sú hugmynd hefur hvað eftir annað verið rædd á aðalfundum sparisjóðsins, og hinn 26. febr. s. l. ritaði stjórn Verzlunarsparisjóðsins viðskmrn. bréf, þar sem þess var óskað, að ríkisstj. flytti frv. til laga þess efnis, að sparisjóðnum væri breytt í banka. Þar sem starfsemi sparisjóðsins er orðin mjög umfangsmikil og svipaðs eðlis og bankanna, taldi ríkisstj. rétt að verða við þessum tilmælum. Fóru síðan fram viðræður milli forráðamanna sparisjóðsins og viðskmrn. um efni frv., og hafa forráðamenn sparisjóðsins lýst sig samþykka frv. í heild og einstökum atriðum, eins og það er nú flutt hér í hv. Nd., en ákvæðin eru í öllum aðalatriðum hliðstæð þeim ákvæðum, sem gilda um Iðnaðarbanka Íslands.

Rökin, sem liggja til þess að setja lög, sem heimila breytingu Verzlunarsparisjóðsins í verzlunarbanka, eru þau fyrst og fremst, að stofnunin er þegar orðin svo stór og rekstur hennar svo umfangsmikill, að sparisjóðsformið hentar starfseminni ekki lengur í ýmsum greinum. Sparisjóðslögin eru ekki við það miðuð að taka til stofnana með jafnumfangsmikinn rekstur og þess konar rekstur eins og Verzlunarsparisjóðurinn hefur með höndum, þó að rekstur hans sé að sjálfsögðu algerlega í samræmi við sparisjóðslögin. Því eru í reynd nokkur takmörk sett, hversu mikið ábyrgðarfé getur myndazt hjá sparisjóðum samkvæmt sparisjóðslögunum. Hins vegar er hagur lánastofnunar, sem rekin er í hlutafélagsformi, að því leyti tryggilegri, að hægara er að safna hlutafé í hlutafélagi, sem rekur banka, en ábyrgðarfé í sparisjóði, og skiptir þetta miklu máli fyrir lánastofnun eins og þá, sem hér er um að ræða. Hlutaféð yrði, ef hlutafélag ræki væntanlega lánastofnun, raunverulegt ábyrgðarfé lánastofnunarinnar, og við það mundi öryggi viðskiptamanna hennar vaxa, þeirra viðskiptamanna, sem þar eiga innstæður. Ef þetta frv. nær fram að ganga, verður hlutafé væntanlegs hlutafélags miklu hærra en ábyrgðarfé sparisjóðsins nú er, en gert er ráð fyrir í frv., að hlutaféð verði eigi minna en 10 millj. kr. Stofnfé Verzlunarsparisjóðsins er nú 1 millj. 550 þús. og varasjóður hans rúmlega 760 þús. kr. Ef Verzlunarsparisjóðnum verður breytt í banka, nái þetta frv. fram að ganga, mun hann hljóta nokkur hlunnindi umfram það, sem sparisjóður nýtur, og hliðstæð þeim hlunnindum, sem aðrir bankar njóta, svo sem skattfrelsis og heimildar til þess að reka útibú og þar fram eftir götunum.

Í 2. gr. frv. er, eins og ég gat um áðan, gert ráð fyrir því, að hlutaféð nemi eigi minna en 10 millj. kr., og er gert ráð fyrir því, að Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra stórkaupmanna safni innan sinna vébanda og leggi fram sem hlutafé 5 millj. kr., en Kaupmannasamtök Íslands skuli safna innan sinna vébanda og leggja fram með sama hætti 5 millj. kr. sem hlutafé, en ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins skulu hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, að tiltölu við núverandi hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins.

Gert er ráð fyrir, að Verzlunarbankinn h/f taki við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans komi að öllu leyti í hans stað, enda gert ráð fyrir því, að meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samþykki eignayfirfærsluna. Ef breytingin úr verzlunarsparisjóði í verzlunarbanka yrði gerð án löggjafar, án þess að tilstilli löggjafar kæmi til, þyrfti að leggja Verzlunarsparisjóðinn niður samkvæmt ákvæðum sparisjóðslaganna og stofna síðan annað hlutafélag til þess að hefja lánastarfsemi í framhaldi af hinum niðurlagða sparisjóði, en í íslenzkum lögum er ekkert, sem er því til fyrirstöðu, að stofna megi hlutafélag til þess að hafa með höndum lánastarfsemi. Ákvæði sparisjóðslaganna um slit sparisjóðs eru hins vegar þannig að ýmsu leyti, að til mikils trafala væri að þurfa að beita þeim, og þess vegna er það mikið hagræði fyrir viðskiptamenn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn hans, að breytingin úr sparisjóði í banka sé lögheimiluð, eins og gert er ráð fyrir að eigi sér stað með þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til að vekja sérstaka athygli eða skýra einstök ákvæði frv. umfram það, sem ég nú hef gert. Þó er rétt að vekja sérstaka athygli á ákvæði 8. gr. um, að arð af hlutafé megi því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki sé náð, skal þó eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi 10% af innlánsfénu. Það þykir eðlilegt að leggja þessa kvöð á væntanlegan verzlunarbanka, í stað þeirrar fyrirgreiðslu, sem í lagasetningunni felst Verzlunarsparisjóðnum til handa.

Önnur ákvæði frv. eru hliðstæð þeim ákvæðum, sem gilda um hina viðskiptabankana, sem starfa í landinu, þ. e. ákvæði 9. gr. um tilgang bankans og ákvæði 10. gr. um tryggingar á innlánsfé.

Það er rétt að vekja athygli á því, að þótt frv. þetta nái fram að ganga, hefur það ekki í för með sér nein fjárútlát fyrir hið opinbera, fyrir ríkissjóð. Það er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið verði neinn aðili að þeim rekstri, sem hér er um að ræða, heldur verði hér um að

ræða algert einkafyrirtæki, sem fyrst og fremst kemur í stað fyrirtækis, sem nú starfar og er einnig einkafyrirtæki, en auk þess er gert ráð fyrir, að til komi allmikið nýtt fé, sem geri hinni nýju stofnun auðveldara að starfa og dafna og gegna því mikilvæga hlutverki, sem hún getur gegnt og er ætlað að gegna í þágu íslenzks viðskiptalífs. Það er enginn efi á því, að það mundi verða heilbrigðum viðskiptum á Íslandi til framdráttar og eflingar að hafa aðgang að öflugri og sjálfstæðri lánastofnun, og þess vegna hefur ríkisstj. talið rétt að leggja þetta frv. fram í trausti þess og í von um, að það nái fram að ganga og að sú stofnun, sem þá væntanlega risi á grundvelli þess, geti orðið íslenzkum viðskiptum og íslenzku efnahagslífi til gagns og blessunar.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur nú fylgt úr hlaði þessu frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands, og sökum þess að það er lagt til, að málið fari til þeirrar n., sem ég á sæti í, vildi ég gjarnan bera fram fyrirspurn til hans í sambandi við þetta, sem hann máske gæti annaðhvort svarað nú eða við ella gætum rætt í fjhn.

Hér er sem sé till. nú að nýju um að fá hreinan einkabanka starfandi á Íslandi, sem hefur ekki verið síðan Íslandsbanki raunverulega var, og hér eru að vísu engin lög hjá okkur, sem hamla gegn því, að starfrækja megi einkabanka, ríkið hefur engan lagalegan einkarétt á bankarekstri. Það eina, sem raunverulega hefur staðið í vegi fyrir rekstri einkabanka hér, eru skattarnir og útsvörin, sem hafa verið allmikill hemill á privatkapítalisma á Íslandi, svo sem oft hefur verið um rætt, og það, sem þess vegna hefur raunverulega innihald í þessu frv., eru þau sérréttindi, að þetta fyrirtæki skuli hafa skatt- og útsvarsfrelsi, og í sambandi við það vildi ég beina tveimur fsp. til hæstv. viðskmrh.

Ef við nú tökum upp þann hátt, sem ég vil alls ekki segja, að ég sé að neinu leyti á móti, — það er sjálfsagt fyrir okkur að athuga jafnt einkarekstur á sviði bankamála og á öðrum sviðum, meðan við höldum því þjóðfélagsskipulagi, sem við lifum við, — ef við gefum þessum aðilum rétt og þessi sérréttindi að vera lausir við skatta, mundi ég álíta það siðferðilega skyldu Alþingis að gefa sama rétt öðrum aðilum, sem færu fram á bankarekstur og væru álíka sterkir, skulum við segja, eða gætu lagt fram fé að sínu leyti eins og þessir aðilar. Ég álít, að við þurfum að fá úr því skorið, hvort þingflokkarnir, ef þeir á annað borð verða með þessu máli, eru þá ekki sammála um, að afleiðingin af því að gefa einum einkabanka eða banka, sem er ekki banki ríkisins, slík sérréttindi hljóti að vera sú að gefa þau einnig öðrum aðilum, við skulum segja t. d., af því að hér er um Verzlunarsparisjóðinn að ræða, hér er starfandi við skulum segja Samvinnusparisjóður, stundum hefur verið talað af hálfu verkalýðshreyfingarinnar um að koma hér upp verkalýðsbanka, svipað og er á Norðurlöndum víða, — ef við nú förum inn á að slá því föstu, að svona bankar skuli fá svona sérréttindi, þá álít ég, að það sé rétt af okkur að ganga úr skugga um það, að við séum ekki að skapa neinum einstökum aðilum sérréttindi þar með, og ég gæti trúað, að einmitt þeir aðilar, sem þarna standa á bak við, væru alls ekki að fara fram á neitt slíkt, vegna þess að það eru aðilar, sem halda því sjálfir fram, að samkeppni sé mjög heilbrigt fyrirkomulag. Ég býst þess vegna ekki við, að það væri meiningin að neinu leyti að fara fram á nein sérstök sérréttindi. En ég held, að það væri rétt af okkur að ganga alveg úr skugga um þetta, hvort hæstv. viðskmrh., ef hæstv. ríkisstj. hefur rætt þetta nú þegar, vill gefa yfirlýsingar um það nú eða athuga það með okkur í fjhn. og gefa þær við 2. umr. þessa máls.

Þá er annað atriði, sem líka er prinsipatriði í sambandi við svona mál. Við skulum segja, að með þessum lögum sé þessu fyrirtæki og síðar meir yrðu kannske öðrum af sama tagi gefin þau sérréttindi, sem felast í 11. gr. og ríkisbankarnir einir nú hafa eða þeir, sem eru að meira eða minna leyti eins og þeir. Ef við gefum nú þessum fyrirtækjum skatt- og útsvarsfrelsi og þau eru stofnuð í trausti þessa, og svo skulum við segja, að ríkið tæki upp þann hátt seinna meir, ef það þætti gott að leggja í svona fyrirtæki hér á Íslandi og það væru margir, sem vildu fara brautina þarna á eftir, og við værum búnir að fá allmikið af slíkum fyrirtækjum og ýmsir borgarar þjóðfélagsins væru að kvarta undan þungum sköttum, eins og þeim hættir stundum við, þeir segðu: Hví eiga þessar stórgróðastofnanir að vera alveg skattfrjálsar? — ef ríkið tæki upp á því að leggja skatta á banka, jafnt á einkabanka, ríkisbanka og aðra slíka, breytti þess vegna þessum lögum, en léti auðvitað eitt ganga yfir alla banka, — og mér satt að segja hefur oft fundizt, að það sé engin sérstök ástæða til þess, að ríkisbankarnir sleppi við það að borga skatt, a. m. k. ekki með þeirri fjármálapólitík, sem þeir hafa rekið, — mundi þá vera álitið, að ríkið á nokkurn hátt bakaði sér nokkra skaðabótaskyldu eða slíkt? Ég meina: þau sérréttindi, sem eitt fyrirtæki fær með því að fá í lögum heimilað skattfrelsi, það hljóti aðeins að vera sérréttindi, sem það nýtur eins lengi og þau lög standa, en þó að þær lagagreinar yrðu seinna meir afnumdar og þessi fyrirtæki jafnt og önnur yrðu skattlögð, ættu eigendur eða forráðamenn slíkra fyrirtækja ekki neinn kröfurétt á skaðabótum út frá því, að það breytti þeirra aðstöðu.

Þetta held ég að væri nauðsynlegt fyrir okkur líka að ganga úr skugga um, annaðhvort við þessa umr. eða þá við 2. umr. Þetta eru mál, sem fléttast nefnilega inn í þær ráðstafanir,

sem ríkið kann að gera með lögum, það þarf að athuga vel, eins og við höfum ákaflega greinilega séð í sambandi við áburðarverksmiðjuna og þau fyrirmæli, sem þar voru sett.

Og svo er eitt atriði enn þá, sem ég vildi líka skjóta inn til athugunar. Það er í sambandi við 4. gr., þar sem er ákveðið, að Verzlunarbanki Íslands h/f skuli taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins eignayfirfærsluna. Það er líka aðeins út frá prinsipinu í þessu, sem ég vildi spyrja eða beina athygli ríkisstj. að þessu. Þarna stendur, að meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins skuli samþykkja eignayfirfærsluna. Það þýðir m. ö. o., að ef minni hl., — ég er ekki svo kunnugur því, ég hef ekki hugmynd um, hvernig aðstaðan er, ég hugsa þetta aðeins sem lagalegt fordæmi, — ef minni hl. í einum sparisjóði, sem með lögum yrði gerður að banka, er á móti því að gera þetta og eignir viðkomandi sparisjóðs eru yfirfærðar til þessa nýja fyrirtækis, er þetta að öllu leyti löglegt hjá okkur? Alþ. getur náttúrlega gert allt löglegt, sem það samþykkir yfirleitt. En er það rétt, sem við í þessu tilfelli værum að gera? Við skulum segja, að það sé einhver hluti af þeim, sem væru í Verzlunarsparisjóðnum eða hvaða öðrum sparisjóði, sem seinna meir kann að koma þarna til, við getum eins hugsað okkur þetta seinna meir í sambandi við sparisjóð norður á Akureyri, sem væri með lögum gerður að banka, ef minni hl. þar væri á móti því, væri þá eðlilegt að beita svona aðferð og væri það sanngjarnt? Nú get ég bezt trúað, að allir aðilar, sem þarna eiga hlut að, séu á því máli, en það kemur raunverulega ekki þessu við. Spurningin er því aðeins um hitt, hvað sé rétt og hvað sé sanngjarnt. Stundum er það í sambandi við þessa sparisjóði úti um land, að það eru þar ýmsir menn, sem lengi eru búnir að vera í þessu, sem gjarnan vilja halda þessu við, bara út frá gamaldags íhaldssemi, þó að kannske fari að fara lítið fyrir henni nú víða í þjóðfélaginu, og mundu alls ekki vilja breyta sínum sparisjóði í banka, heldur vilja halda einhverju gömlu formi. Væri þá rétt að beita þessu valdi? Ég sé nefnilega ekki betur en það væri mjög handhægt að stofna engu að síður Verzlunarbanka Íslands h/f með lögum, jafnvel þó að slíkum ákvæðum væri ekki beitt. Þetta er ekki neitt stórt atriði beint í sambandi við þetta mál, en þetta er atriði, sem er rétt að við athugum við meðferðina á þessu máli í hv. deild.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er ánægja að svara strax, að því leyti sem mér er það unnt, þeim fsp., sem hv. þm. beindi til mín.

Það er rétt að skýra frá því, að þegar forráðamenn Verzlunarsparisjóðsins sneru sér til viðskmrn. í lok febrúar s. l. með þau tilmæli, að ríkisstj. beitti sér fyrir lagasetningu um breytingu sparisjóðsins í verzlunarbanka, fannst mér það í fyrstu vera nokkurt álitamál, hvort eðlilegt væri að setja sérstök lög, sem heimiluðu breytingu Verzlunarsparisjóðsins í verzlunarbanka, eða hvort eðlilegra væri eða heppilegra að leggja fram frv. til almennra bankalaga, sem m. a. gerði þessa breyt. framkvæmanlega með sama hætti og hún er framkvæmanleg samkv. þessu frv. Eftir að ég hafði rætt þetta nokkuð við ýmsa sérfróða menn á sviði bankamála, urðum við allir og ríkisstj. sammála um, að eðlilegast væri og heppilegast, að þetta mál fengi sérstaka afgreiðslu í formi sérstaks frv. Það eru ýmis vandamál á ferðinni í sambandi við setningu almennrar bankalöggjafar, sem þó þarf tvímælalaust að koma, og tel ég rétt nú einmitt í beinu framhaldi af þessu að hefja undirbúning að því, að samið verði frv. að slíkri almennri bankalöggjöf, sem gilti þá að sjálfsögðu um alla viðskiptabankana í landinu og legði einnig grundvöllinn að því, að unnt væri að stofna fleiri banka, m. ö. o. festi rammann fyrir því, með hvaða hætti bankastarfsemi eða peningaútlán mætti stunda hér, þannig að löglegt væri og tryggilega um alla hnúta búið. Það er raunverulega mikill galli á íslenzkri löggjöf, að slík almenn bankalöggjöf skuli ekki vera til hliðstæð sparisjóðalöggjöfinni, sem raunar er líka orðin mjög gölluð og er raunar nú í endurskoðun. En þetta tel ég að eigi að gera alveg óháð framgangi þessa frv. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að útbúa frv. að slíkri almennri bankalöggjöf og ástæðulaust að bíða með þessa breyt., sem ég tel sjálfsagða, eftir samningu slíks frv.

Ég er að ýmsu leyti sammála hv. 3. þm. Reykv. (EOl) um það, að til nokkurrar athugunar eigi að koma um skattgreiðslur, ekki aðeins bankanna, heldur einnig allra opinberra fyrirtækja, svo sem tíðkast í sumum löndum, sem hafa mjög fullkomna löggjöf um efnahagsmál, eins og t. d. á við í Svíþjóð, þar sem jafnvel einkasölur greiða opinber gjöld, að vísu ekki með alveg sama hætti og einkafyrirtæki, en greiða þó til sameiginlegs sjóðs landsmanna.

Varðandi það, sem hann gat um, hvort samþykkt þessa frv., sem gerir ráð fyrir skattfrelsi Verzlunarbanka Íslands h/f, muni skapa nokkra skaðabótaskyldu síðar meir, þó að í annaðhvort skattalög eða almenna bankalöggjöf kæmi ákvæði um skattgreiðslu þessara stofnana, þá vildi ég taka það fram sem skoðun mína og skilning minn á málinu, að þar væri með engu móti um neina skaðabótaskyldu að ræða. Þrátt fyrir samþykkt þessa frv. væri jafnheimilt eftir sem áður að setja lagaákvæði, sem gerðu ráð fyrir skattgreiðslu þessarar stofnunar og annarra hliðstæðra stofnana, og nægir raunar að vísa um það efni til fordæmis, sem fyrir er, þ. e. ákvæðisins í lögum um skattfrelsi Eimskipafélagsins, sem mér skilst að hafi alltaf verið skilið þannig, að Alþingi geti hvenær

sem er sett ákvæði um skattgreiðslu Eimskipafélagsins, án þess að núgildandi ákvæði um skattfrelsi sköpuðu félaginu nokkurn rétt til skaðabótagreiðslna.

Að því er snertir það, sem hv. þm. sagði um 4. gr., hvort sé ekki varhugavert að gera minni hl. skylt að hlíta ákvæðum meiri hl. að því er snertir eignayfirfærsluna, þá er það að segja, að um þessi efni eru svo fjölmargar hliðstæður í öðrum lögum, hlutafélagalögunum, samvinnulögunum, að þetta ákvæði er ekki neitt einsdæmi í íslenzkri löggjöf, og það mundi vera ástæðulaust og algerlega óeðlilegt að krefjast þess, að hver einasti ábyrgðarmanna þyrfti að samþykkja eignayfirfærsluna. Það mundi gera framkvæmdina óeðlilega þunglamalega og kannske meira að segja ókleifa. Á bak við þetta ákvæði 4. gr. liggur að sjálfsögðu sú hugsun, að ekki sé hægt að svipta neinn mann í skjóli þessarar greinar, í skjóli þessa ákvörðunarvalds meiri hl. yfir minni hl. nokkrum hluta af eignum sínum, þ. e. að kjósi einhverjir ekki að eiga hlutdeild að hinu nýja fyrirtæki, séu þeir aðilar að sjálfsögðu skaðlausir með öllu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 23. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 391, n. 492).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. deildar hefur haft frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h/f á þskj. 391 til meðferðar og rætt efni þess á þremur fundum.

Á einum fundanna mætti hæstv. viðskmrh. og gerði grein fyrir frv. og væntanlegri reglugerð, sem gert er ráð fyrir að út verði gefin samkvæmt 7. gr. frv. Þá ræddu einstakir nm. við forráðamenn Verzlunarsparisjóðsins, og sömuleiðis var leitað umsagnar stjórnar seðlabankans um málið.

Nefndin er á einu máli um að mæla með samþykkt frv., þar sem sparisjóðsformið er ekki lengur heppilegt fyrir þá tegund viðskipta, sem Verzlunarsparisjóðurinn rekur, enda bankarekstrarformið hið eðlilega fyrir svo umfangsmikil peningaviðskipti. Þá munu nm. og vera þeirrar skoðunar, að í íslenzkum þjóðarbúskap geti verið æskilegt, að bankar með mismunandi rekstrarfyrirkomulagi, ríkisbankar, einkabankar og samvinnubankar, starfi jöfnum höndum og hlið við hlið, þótt einstaka nefndarmenn greini vissulega á um, hvert þessara rekstrarforma sé hið æskilega í öllum almennum atvinnurekstri landsmanna.

Með stofnun Verzlunarbanka Íslands h/f væri stigið nýtt spor í þróunarsögu íslenzkra bankamála, því að hann er fyrirhugaður sem alger einkabanki, byggður upp einvörðungu af innlendu einkafjármagni, en mundi þó njóta sömu skattfríðinda og aðrir bankar landsmanna, sem ýmist hafa að öllu eða að hluta verið ríkiseign. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að gerð sé örstutt grein fyrir hinum ýmsu rekstrarformum, sem íslenzkum bönkum hafa frá upphafi verið sniðin, og þá sér í lagi, með hvaða hætti eignarhaldi á þeim hefur verið háttað, hvert viðhorf hins opinbera hefur verið til ábyrgðar á rekstri þeirra og hvaða skyldur þeim hafi verið lagðar á herðar um greiðslu á opinberum gjöldum af hendi Alþingis fyrr og síðar.

Sökum þess, að nú er hér til umræðu frv. til laga um stofnun sérstaks verzlunarbanka, má til gamans geta þess, að saga bankamálanna á Alþingi hefst einmitt með því, að árið 1853 barst þinginu uppástunga frá kaupmanni einum í Reykjavík um stofnun veðbanka fyrir Ísland, og var henni vísað til nefndar, sem átti að gera tillögur til úrbóta á peningaskortinum í landinu almennt. Af frekari framkvæmdum varð þó ekki að sinni.

Fyrstu peningastofnunum landsmanna var, svo sem kunnugt er, hleypt af stokkunum töluvert síðar. Það var þá fyrst Sparisjóður Múlasýslu á Seyðisfirði, sem tók til starfa árið 1868, en hætti störfum tveimur árum síðar, og svo Sparisjóður Reykjavíkur, sem stofnað var til árið 1872, en sameinaðist síðar Landsbanka Íslands. Þá kom til sögunnar Sparisjóður Siglufjarðar, er stofnaður var 1873 og starfar enn í dag með fullum blóma og er þar af leiðandi elzta starfandi peningastofnun landsmanna. En eiginlegir bankar voru þetta samt ekki. Um slíka starfsemi er ekki að ræða hér á landi fyrr en lögin um Landsbanka Íslands voru sett árið 1885, og hérlendis hefst því almenn bankastarfsemi ekki fyrr en í júlímánuði árið 1886, en þá opnaði Landsbankinn afgreiðslu sína, og á komandi hausti eru þess vegna liðnir þrír aldarfjórðungar frá því að lögin um fyrsta íslenzka bankann voru sett hér á Alþingi.

Í fyrstu landsbankalögunum voru ákvæði um tilgang bankans, sem orðaður var svo, með leyfi hæstv. forseta: „að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu og að styðja að framförum atvinnuveganna almennt.“ Þessi hefur og verið raunverulegur tilgangur allra banka, sem síðan hafa tekið til starfa í landinu, hverju nafni sem þeir svo hafa nefnzt. Landsbankinn var frá upphafi vega eign landssjóðs, þ. e. a. s. ríkisbanki. Landssjóður lagði honum til stofnfé, landssjóðsseðlana, en bar þó ekki ábyrgð á rekstri bankans fram yfir þetta seðlalán. Ábyrgðin var sem sagt takmörkuð.

Með lögum um Landsbankann var bankanum frá því fyrsta veitt undanþága frá tekjuskatti og útsvari, og mun þangað að rekja þá reglu, sem síðar hefur haldizt næsta óslitin í

íslenzkri bankalöggjöf frá upphafi og myndað nokkurs konar hefð í skattamálum okkar, þótt hún kunni að orka nokkurs tvímælis. Landsbankinn var því upphaflega ríkisbanki, með takmarkaðri ábyrgð landssjóðs og ótakmörkuðu skattfrelsi. Síðar varð svo sú breyting á, sem nú er í gildi, að ábyrgð ríkissjóðs var gerð ótakmörkuð.

Næsti áfangi í bankasögu landsins var stofnun Íslandsbanka. Var það gert með lögum nr. 11 frá 17. júní árið 1902. Gerðu lögin ráð fyrir myndun hlutafélagsbanka. Stofnunin gekk að vísu fremur treglega, og var stofnfundur haldinn í Kaupmannahöfn 25. sept. árið 1902, en til starfa tók bankinn ekki fyrr en 7. júní árið 1904.

Lítið fékkst af íslenzku fjármagni í hlutafjárframlögum. Meginið af hlutafénu kom frá danska Privatbanken og norska Centralbanken og dönsku einkafyrirtæki. Íslenzka ríkið hafði að vísu rétt til að kaupa ákveðið magn af hlutabréfum, en notfærði sér aldrei þann rétt. Bankinn var að mestu skattfrjáls, nema hvað hann átti sem endurgjald fyrir að hafa rétt til seðlaútgáfu að greiða landssjóði 10% af arði sínum, þegar 4% arður hafði áður verið greiddur til hluthafa. Íslandsbanki var því hlutafélag, einkabanki, þar sem meginið af stofnfénu var erlent fjármagn og naut takmarkaðra skattfríðinda. Stafaði takmörkunin á skattfríðindunum þó ekki af því, að erlent fjármagn væri í bankanum, heldur var hún afleiðing af seðlaútgáfusérréttindum þeim, er bankinn naut.

Þegar Íslandsbanki hætti störfum árið 1930 og Útvegsbanki Íslands h/f er stofnaður með lögum nr. 7 frá 11. marz 1930, kemur enn eitt rekstrarformið til sögunnar, því að Útvegsbanki Íslands h/f er að vísu hlutafélag, en af 7 millj. kr. stofnfé hans á ríkissjóður 4 millj. kr., eða meiri hluta fjármagnsins. Einnig Útvegsbankinn h/f naut algers skattfrelsis.

Síðan var svo sú breyting gerð á, sem mönnum mun í fersku minni, að með lögum nr. 34 frá 29. maí 1957 er Útvegsbankinn gerður að hreinum ríkisbanka, eða eins og það er orðað í 1. gr. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins."

Og í 4. gr. segir: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands."

En eins og útvegurinn var talinn þurfa sinn eigin banka, þannig varð og orðið við óskum landbúnaðarins með lögum nr. 115 frá 7. nóv. 1941, er Búnaðarbanki Íslands var stofnaður, hreinn ríkisbanki, þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum, og nýtur bankinn algers skattfrelsis.

Og þá var röðin komin að iðnaðinum, sem fékk sína úrlausn með lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 frá 29. des. 1951. Hér var enn á ný um nýtt rekstrarform að ræða, því að Iðnaðarbankinn var hlutafélag, þar sem meiri hluti fjármagns, eða 3.5 millj. af 6.5 millj. stofnfjár, var í einkaeign, en minni hlutinn, 3 millj. kr., eign ríkissjóðs. Bankinn naut, eins og hinir fyrri bankar, fullkomins skattfrelsis.

Ekki verður þessari upptalningu lokið, svo að tæmandi sé, nema geta Framkvæmdabankans, sem settur var á laggirnar með lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 frá 10. febr. 1953. Þar er um að ræða hreinan ríkisbanka, með stofnfé frá ríkissjóði, rekinn á ábyrgð ríkisins og njótandi fullkomins skattfrelsis.

Á þessum 75 árum, sem íslenzk bankasaga spannar senn yfir, höfum við sem sagt kynnzt þessum bankaformum: Ríkisbönkum með skattfrelsi; einkabönkum, sem að meiri hluta voru eign erlends fjármagns með takmörkuðu skattfrelsi; einkabanka, sem var hlutafélag, þar sem einkafjármagnið átti meiri hluta, en ríkið þó nokkurn hluta fjármagnsins, og naut hann fullkomins skattfrelsis; hlutafélagi, þar sem ríkið átti meiri hluta fjármagns, en einstaklingar þó nokkurn hluta, og gilti einnig um hann algert skattfrelsi.

Nú stöndum við frammi fyrir því, að enn ein atvinnustéttin óskar eftir að fá að stofna sinn banka og hyggst reka hann sem hlutafélag, einkabanka, algerlega í eign og á ábyrgð innlendra einstaklinga, og óskar eftir að fá að njóta til þess sömu fríðinda og önnur bankastarfsemi í landinu, sem rekin er með öðru rekstrarfyrirkomulagi, þ. e. a. s. skattfrelsis, og er það sameiginleg skoðun fjhn. hv. deildar, að slíkt sé eðlileg og sanngjörn krafa, sem Alþingi beri að verða við, svo fremi önnur bankastarfsemi njóti þessara hlunninda.

Þrír höfuðatvinnuvegirnir, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, hafa eignazt sína banka. Það er því skiljanlegt, að sá fjórði, verzlunin, vilji einnig sigla í kjölfarið. Það hefur vissulega töluvert vatn runnið til sævar, frá því að fyrstu íslenzku kaupmennirnir, Bjarni Sívertsen, Gísli Símonarson og Guðmundur Scheving, hösluðu sér völl. Sá frumbýlisbúskapur á sviði verzlunar og viðskipta hefur orðið að sjálfstæðum atvinnuvegi, og að honum standa fjölmennar starfsstéttir.

Þróunin hefur hvað rekstrarform snertir að vísu að mestu runnið í tvo farvegi: Samvinnureksturinn, sem hefst með stofnun kaupfélags Suður-Þingeyinga á Húsavík árið 1882 og þróast áfram í formi heildarsamvinnusamtaka, sem mynduð eru árið 1902 og árið 1909 taka svo upp heitið Samband ísl. samvinnufélaga, — samtaka, sem árið 1917 setja á fót sinn eigin skóla, Samvinnuskólann, og árið 1954 opna sinn sparisjóð, Samvinnusparisjóðinn, sem sagt öflug verzlunarsamtök með fjölbreyttan rekstur, sem aðrir munu þó kunna betri skil á en ég. Meiri hluti viðskiptaelfunnar hefur þó fram til þessa runnið eftir farvegi einkaatvinnurekstrarins, þótt með mismunandi rekstrarformi hafi verið. Vörðurnar á þeim vegi eru vitaskuld mýmargar frá því árið 1905, að Verzlunarskóli Íslands var stofnaður og þeir Garðar Gíslason og Ólafur Johnson voru að koma fótum undir fyrstu íslenzku stórsölurnar.

1917 mynda kaupsýslumenn með sér sín heildarsamtök, Verzlunarráð Íslands, og síðar

fjölda sérsamtaka. Eitt eftirminnilegasta dagsverk þessarar þróunarsögu verður þó væntanlega að dómi síðari tíma talin myndun Verzlunarsparisjóðsins, sem er fyrirrennari og sá grunnur, sem ætlað er að byggja Verzlunarbanka Íslands h/f á.

Aðdragandann að stofnun sparisjóðsins má rekja til ársins 1953, er nefnd var skipuð af Sambandi smásöluverzlana og af Verzlunarráði Íslands til þess að undirbúa stofnun sparisjóðs. N. boðaði til stofnfundar 4. febr. 1956, og voru stofnendurnir 310, einstaklingar og fyrirtæki. Sparisjóðurinn tók síðan til starfa hinn 28. sept. 1956, og þegar frá upphafi gætti allalmenns áhuga meðal verzlunar- og kaupsýslustéttarinnar fyrir viðgangi þessarar stofnunar, ekki eingöngu vegna vaxandi lánsfjárþarfar eða af því, að verzlunin fengi ekki allgóða fyrirgreiðslu í öðrum lánsstofnunum, sem báru nöfn annarra atvinnuvega, heldur vegna þess, að hjá verzlunarstéttinni virtist vaknaður einhver metnaður til að stuðla að uppbyggingu á peninga- og lánsstofnun í líkingu við það, sem aðrir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar höfðu komið sér upp.

Verzlunarsparisjóðnum óx skjótlega fiskur um hrygg, þannig að heildarinnistæður í sparisjóðnum, sem í lok fyrsta starfsársins, ársins 1956, voru aðeins röskar 23 millj. kr., voru í árslok 1959 orðnar 153½ millj. og þar af sparifjárinnistæður 113.6 millj. og hlaupareikningsinnistæður 39.9 millj. Í lok síðasta starfsárs voru sparisjóðsreikningar sjóðsins orðnir 5400 að tölu og hlaupareikningar um 1100. Svo fjölmargir viðskiptamenn sjóðsins voru auðvitað hvergi nærri einskorðaðir við stétt verzlunar- og kaupsýslumanna, og gilti það raunar bæði um innlög sparisjóðsins og útlán úr honum samkvæmt upplýsingum stjórnar sjóðsins.

Á stofnfundi sjóðsins árið 1956 var því lýst yfir, að myndun þessa sparisjóðs væri hugsuð sem fyrsti vísir að verzlunarbanka, og hefur sú viljayfirlýsing þeirra manna, sem að stofnun hans stóðu, síðan verið áréttuð á hverjum aðalfundi frá stofnun sjóðsins. Hæstv. ríkisstj. hefur nú orðið við þessum tilmælum verzlunarstéttarinnar og borið fram frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h/f.

Ótal rök virðast hníga undir þetta lagafrv., svo sem og hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu við 1. umr. þessa frv. Meðal slíkra raka mætti t. d. telja í fyrsta lagi, hversu umfangsmikil viðskipti þessarar stofnunar eru orðin, eins og greint hefur verið frá. Í öðru lagi: Verzlunarstéttin fengi með þessu frv., ef að lögum verður, aðeins svipaða fyrirgreiðslu og aðrar atvinnustéttir hafa hlotið með stofnun Útvegsbankans, Búnaðarbankans og Iðnaðarbankans. Í þriðja lagi: Í nágrannalöndunum eru alls staðar starfandi verzlunarbankar með svipuðu sniði og hér er gert ráð fyrir að ráðizt verði í. Í fjórða lagi: Hagur lánastofnunar, sem rekin er í hlutafélagsformi, er tryggilegri, þar sem auðveldara er að safna hlutafé til banka en ábyrgðarfé í sparisjóði. Í fimmta lagi: Verzlunarbanki mundi njóta nokkurra hlunninda fram yfir það, sem sparisjóður nýtur samkv. lögum. Og í sjötta og síðasta lagi: Það skiptir og nokkru fyrir lánsstofnun vegna viðskipta við útlönd að hafa rétt til að nefnast banki.

Margt fleira mætti vissulega færa fram máli þessu til brautargengis, en ástæðulaust er að lengja orðræður um það.

Við umr. um málið í fjhn. voru það hins vegar nokkur önnur atriði, sem að var vikið og til athugunar komu. Sú skoðun kom fram, að galli væri, að í hvert sinn, sem stofna þyrfti banka eða koma á fót peningastofnun hér á landi, yrði að setja um það sérstök lög, þar sem engin almenn bankalöggjöf væri til í landinu. Sérstaklega skorti á, að til væri almenn löggjöf um einkabanka. Svo sem kunnugt er, hefur Alþingi þráfaldlega haft þessar hugmyndir til meðferðar í einu eða öðru formi. Varðandi einkabankana hafa tvívegis verið samþ. lög frá Alþingi, sem áttu að greiða fyrir stofnun þeirra. Það voru lög nr. 47 frá 20. júlí 1923, um hlunnindi til myndunar einkabanka, og frá 1928, um hlunnindi fyrir lánafélag, sem átti að greiða fyrir því, að til landsins fengist erlent lánsfé með hagkvæmum kjörum. Hvorug þessara laga voru hins vegar almenn lög um einkabanka og höfðu raunar heldur enga praktíska þýðingu, þegar til kastanna kom.

Helztu meiri háttar tilraunirnir til allsherjar bankalöggjafar voru hins vegar þessar:

Í fyrsta lagi: 14. maí 1925 var samþ. þáltill. um að kjósa 5 manna mþn. til þess, eins og segir, með leyfi hæstv. forseta, „að íhuga og gera till. um, hvernig seðlaútgáfu ríkisins skuli fyrir komið, og einnig að öðru leyti að undirbúa endurskoðun á bankalöggjöf landsins.“ N. þessi klofnaði, aðallega vegna ágreinings um seðlaútgáfu og stöðu Landsbankans. Gáfu báðir hlutar út ýtarleg nál., sérprentuð, varðandi almenna bankalöggjöf, og kom þar helzt fram, a. m. k. hjá meiri hlutanum, að hann taldi æskilegt, að stofnað yrði til fleiri einkabanka í landinu.

Næsta stóráfakið til athugunar á þessum málum var gert árið 1937. Þá komu bankamálin mjög til umr. á vetrarþinginu og lauk með samþykkt að kjósa 5 manna n. í Sþ. með hlutfallskosningu til þess að endurskoða alla löggjöf landsins um banka, sparisjóði og aðrar lánsstofnanir. Jafnframt er fjmrh. heimilt að fela n. sérstaklega athugun á því, hvernig verðskráningu íslenzku krónunnar verði bezt fyrir komið.

N. þessi lauk störfum í desembermánuði 1940 og samdi allmörg frv. og grg. til Alþingis, sem allt var gefið út sérprentað árið 1941 sem álit og till. mþn. í bankamálum, og meðal þessara frv. frá n. var einmitt frv. til laga um banka eða almenn bankalöggjöf, þar sem gert var ráð fyrir einkabönkum. Þetta frv. varð þó aldrei að lögum.

Þriðja stórtilraunin til undirbúnings almennrar bankalöggjafar var gerð með stjórnskipaðri n., sem starfaði á árunum 1954—56 og átti að endurskoða bankalöggjöf landsmanna, m. a. að

undirbúa almenna bankalöggjöf og þá einnig að semja frv. um seðlabanka. Við stjórnarskiptin 1956 mun n. þessi hafa verið leyst upp án þess að hafa átt kost á að ljúka störfum, en gögn hennar og mikil undirbúningsvinna munu liggja í stjórnarráðinu og geta verið gagnleg, þegar horfið verður að því að undirbúa almenna bankalöggjöf, sem er skoðun a. m. k. margra nm. í fjhn. að bráða nauðsyn beri til og hæstv. viðskmrh. hefur á fundi n. upplýst, að hann miðaði að að hrinda fljótlega í framkvæmd.

Þessu atriði um almenna bankalöggjöf er skotið hér inn sökum þess, að það kom töluvert til umr. á fundum fjhn. við afgreiðslu þessa frv., og einnig vegna þess, að ef slík löggjöf hefði nú verið til í landinu, væri þessa frv. í raun og veru ekki þörf, og er á þetta bent líka vegna þess, að telja má, að hér verði ekki látið staðar numið með stofnun einkabanka. Var það og mál, sem n. ræddi sérstaklega á þeim fundi, er hæstv. viðskmrh. sat. Var það sameiginleg skoðun hæstv. viðskmrh. og nm., eftir að hafa borið það undir þingflokkana, að eðlilegt væri, að þau réttindi um skattfrelsi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til handa Verzlunarbankanum h/f, mundu einnig verða veitt öðrum aðilum, svo sem verkalýðssamtökum, samvinnufélögum og samtökum sveitarfélaga, sem til banka vildu stofna við svipuð skilyrði og hér um ræðir, og þá með samþykkt líkra laga og þetta frv. er.

Í sambandi við umr. í n. um skattfríðindi komu og nokkur önnur atriði fram, sem ástæða er til að geta, m. a. það, að forsenda skattfríðinda banka væri, að þau gildi aðeins fyrir íslenzkt fjármagn, eins og tilætlun mun vera við stofnun Verzlunarbankans. Yrði hins vegar síðar sú breyting á, að erlent fjármagn kæmi inn í Verzlunarbankann h/f sem hlutafé, væru þær forsendur, sem nú eru fyrir frv., brostnar og nýtt viðhorf skapað.

Þá gat og hæstv. viðskmrh. þess í sambandi við skattfrelsisákvæðið, að hann hygðist í fyrirhugaðri reglugerð kveða svo á um, að bankanum væri skylt að birta reikninga sína opinberlega, eins og Verzlunarsparisjóðurinn raunar mun jafnan hafa gert fram til þessa, og einnig að einn af endurskoðendum reikninga bankans verði tilnefndur af ríkissjóði.

Ég hef leyft mér að ræða grundvöll og forsögu þessa frv. nokkuð ýtarlega, þar sem, ef frv. þetta verður að lögum, er stigið að mínu viti talsvert þýðingarmikið spor í íslenzkum bankamálum, sem er stofnun algerlega innlends einkabanka án ríkisábyrgðar eða hlutdeildar. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, greinir okkur í fjhn. hv. d. í grundvallaratriðum á um ágæti hinna einstöku rekstrarforma í atvinnulífinu, en erum hins vegar sammála um, að bankastofnun á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli, sem stuðlar að bættri þjónustu atvinnuveganna, hvers og eins og allra til samans, í hvaða rekstrarformi sem henni kann að vera sniðinn stakkur, geti verið æskileg, svo lengi sem hún lýtur almennum þjóðarhag, og erum þess vegna allir því meðmæltir, að frv. þetta verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Nú síðustu mánuðina hafa orðið mikil tíðindi í peningamálum landsmanna. Af hálfu stjórnarvalda hefur verið lýst yfir almennri takmörkun útlána, a. m. k. miðað við hið nýja verðgildi krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri. Það hefur verið dregið úr endurkaupum Seðlabankans á framleiðsluvíxlum. Almennir útlánsvextir hafa hækkað upp í 11—12%, og eru þessar vaxtatölur eitt af undrum þessa lands. Vextir af föstum framkvæmdalánum til langs tíma hafa verið hækkaðir í sumum tilfellum um meira en þriðjung, yfirleitt um 2% eða meira af lánsupphæðinni og lánstími sums staðar styttur. Þessi vaxtahækkun kemur ofan á nokkuð almenna verðhækkun vegna gengisbreytingar og skatta. Óhætt er að segja, að þessi tíðindi hafi komið nokkuð illa við marga menn í landinu: fjölskyldur, sem ætla að koma upp þaki yfir höfuð sér, bændur, sem þurfa að rækta jarðir sínar og koma þar upp mannvirkjum, útvegsmenn og sveitarfélög, sem áttu og eiga fiskiskip í smíðum, fyrirtæki og einstaklinga, sem árlega þurfa að fá rekstrarfé að láni vegna atvinnu sinnar, þ. á m. þá, sem hafa verzlun með höndum.

Nú munu sumir telja, að hér í þessari hv. d. hafi birzt eitt lítið ljós á hinum þungbúna himni peningamálanna. Það er frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr. Hæstv. ríkisstj. vor leggur til, að íslenzk verzlun fái að stofna banka, og hv. fjhn. þessarar d. er aldrei þessu vant sammála um að ljá nýju máli lið, eins og fram kemur í áliti hennar á þskj. 492, sem hv. frsm. gerði grein fyrir áðan af hálfu n. allrar. Samkv. þessu skal stofna Verzlunarbanka Íslands í Reykjavík. Raunar er þetta tæplega réttnefni, eins og líka kom fram hjá hv. frsm. Bankinn virðist ekki eiga að vera almennur verzlunarbanki. Kaupfélögin eða landssambönd þeirra eiga þar ekki hlut að máli. Þetta er, eins og til málsins er stofnað, eiginlega kaupmannabanki. Verzlunarráðið og Félag stórkaupmanna og Kaupmannasamtökin hafa forgangsrétt til þess að eiga hlutaféð eða safna því, að því leyti sem ábyrgðarmönnum Verzlunarsparisjóðsins er ekki áskilinn réttur í því sambandi. Þessi stofnun ætti því að heita Kaupmannabanki að réttu lagi, og bankar með því nafni eru líka til í öðrum löndum. Þetta eina litla ljós á hinum myrkvaða himni er því þeirra ljós, og ekki er útlit fyrir, að öðrum skíni þar gott af, nema síður sé, og ekki er það heldur víst, að mikið birti yfir þeirra hag að sinni í sambandi við þetta mál. Og ég vil segja það hreint eins og það er, að mér sýnist, að hér sé að nýju stefnt út í efnahagslega villu í þjóðmálum, og þess vegna mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þessu frv. Það má vel vera, að mér missýnist, og mætti það þykja trúlegt, þar sem svo

mörgum sýnist annað, að því er virðist, en ég mun þó leitast við að færa fram mínar ástæður í stuttu máli. Það er að vísu ekki á mínu færi að birta hv. þm. eða öðrum neina hærri vizku á þessu sviði, en ég hef þó talið mér skylt að hugsa um þetta mál eins og aðrir og reyna að mynda mér á því skoðun, sem er að sjálfsögðu mín persónulega skoðun.

Það má nú öllum ljóst vera, að kaupmannastétt vor þarf á bankaviðskiptum að halda og þeim æðimiklum og að þörfum hennar verður að sinna eftir því, sem föng eru á. En ég held ekki, að rétta leiðin til þess sé að stofna nýjan banka, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held, að þetta sé röng leið, og það munu menn viðurkenna, þó að seinna verði.

Hv. frsm. fjhn. rakti hér nokkuð í almennum orðum sögu íslenzkra bankamála, frá því að Landsbanki Íslands var stofnaður á níunda tug aldarinnar. En það er ómaksins vert að virða fyrir sér bankakerfi Íslands, eins og það er í dag. Flestir vita raunar á því nokkur skil. Hér í Reykjavík eru nú eiginlega 6 bankar, og 3 þeirra reka samtals utan höfuðborgarinnar 2—3 útibú í hverjum landsfjórðungi. Við þessa 6 banka með útibúum starfaði á árinu 1958, eftir því sem ég hef komizt næst, rúml. 470 manns, og rekstrarkostnaður þeirra fyrir utan vexti var eftir því, sem fram kemur í rekstrarreikningunum, rúmlega 66 millj. kr. á því ári, en mun vera nokkru meiri á árinu, sem leið, þ. e. a. s. árinu 1959. Húsakostur þessara stofnana samanlagður er allmikill og þarf sennilega að vera það, en ýmsum þykir nú nóg um það. Síðasta bankastórhýsið er, eins og menn sjá, að rísa hér í miðbænum yfir annan yngsta bankann, sem stofnaður var fyrir fáum árum, og einnig hefur það verið borið í tal, man ég, hér í hv. d., að annar banki, Seðlabankinn, væri að koma upp yfir sig einhverri vistarveru í austurbænum. Tveir af þessum sex bönkum eru ekki almennir viðskiptabankar, þ. e. Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn, en hinir fjórir eru það: Landsbankinn eða viðskiptadeild hans, Útvegsbankinn, Búnaðarbankinn og Iðnaðarbankinn. Þeir taka allir við sparifé frá almenningi og veita almenn bankalán, og tveir þeirra hafa nú gjaldeyrisréttindi, þ. e. a. s. rétt til að yfirfæra gjaldeyri.

Ég hef oft verið spurður um það undanfarin ár, hvort þörf sé á öllum þessum bönkum í höfuðstaðnum með öllu tilheyrandi til að taka við sparifé landsmanna, ekki meira en það þó er, og lána það út aftur, auk allra sparisjóðanna víðs vegar um land og líka hér í Reykjavík, sem einnig taka við þessu sparifé og lána það út. Og ég hef ekki séð mér fært að fullyrða, að svo væri. Ég hef a. m. k. haldið, að nóg væri að hafa þá 3 almennu viðskiptabanka, sem hér voru fyrir 30 árum. Þessir 3 bankar eru nú allir ríkisbankar og hafa raunar verið það í þessi 30 ár. Þó að Útvegsbankinn teldist að vísu hlutafjárbanki, var hann í rauninni ríkisbanki. Og það var orðin nokkuð almenn skoðun hér á landi, að bankar ættu að vera ríkiseign, eins og t. d. póstur og sími. Iðnaðarbankinn er, eins og hv. frsm. sagði, að nokkru leyti ríkiseign og því ekki með öllu horfið frá prinsipinu með stofnun hans. Það má vel vera, að iðnaðurinn hafi haft ávinning af stofnun þessa banka, og ég vil trúa því, að svo sé. En hitt veit ég, að hinir eldri bankar halda áfram að veita lán til iðnaðar í stórum stíl, og ég gæti líka trúað, að lánveitingar Iðnaðarbankans séu alls ekki allar til iðnaðar. Ég held, að staðreyndin sé sú eða verði sú, að enginn banki einskorði hina almennu lánastarfsemi sína við einn atvinnuveg. Ef þeir gerðu það, mætti segja, að þar væri til staðar verkaskipting og sérhæfing, sem telja má að stuðlaði að því að byggja útlánastarfsemi á sérþekkingu. En þetta er ekki svona. Og því hljóta menn að gera sér grein fyrir, þeir sem kynni hafa af bankastarfseminni. Sjávarútvegurinn hefur t. d. mikið af sínum lánum í Landsbankanum, iðnaðurinn líka, Útvegsbankinn lánar til iðnaðar og lítils háttar til landbúnaðar eins og Landsbankinn, Búnaðarbankinn lánar til iðnaðar og auðvitað líka mikið í landbúnað, og allir lána þeir í verzlun. Ég vil taka það fram, að ég er hér að tala um hina almennu bankastarfsemi, ekki hina sérstöku stofnlánasjóði atvinnuveganna. Ég gæti stutt mál mitt með tölum úr reikningum bankanna um þetta mál, hvernig lánin skiptast milli atvinnuveganna, því að þar eru gerðar skýrslur um þá skiptingu, ef einhverjir héldu því fram, að hér væri ekki farið með rétt mál, en ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn geri það. Og ef einhverjir álíta, að nöfn viðskiptabankanna þýði í reyndinni verkaskiptingu, vantar áreiðanlega mikið á, að svo sé.

En nú kunna menn að spyrja, og það er eðlilegt: Gerir það nokkuð til, þó að bönkum sé fjölgað? Getur það gert nokkuð til? Og er þá ekki úlátalaust fyrir Alþ. að láta það eftir hverjum, sem um það biður, að stofna banka? — Það virðist, að margir hér á hv. Alþ. telji, að svo sé. Þeir telja, að það skipti ekki neinu máli, þó að einum stórum sparisjóði sé breytt í banka. En ég vil bara segja: það hlýtur að skipta einhverju, því að annars væri ekki farið fram á það. Það er líka svo, alveg eins og kom fram hjá hv. frsm., að bankar njóta að lögum ýmissa sérréttinda, þeirra réttinda m. a., sem vísað er til í 11. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Og bankar hafa almennt skoðað á margan hátt meiri möguleika en sparisjóðir til að auka sinn hluta af sparifé almennings og einnig að öðru leyti. Bankar geta stofnað útibú, og til greina kemur, að þeir fái rétt til gjaldeyrisverzlunar, þótt enn hafi raunar ekki nema tveir þeirra þennan rétt. Samkv. lögum er hægt að veita öllum bönkum þennan rétt, þeim sem almenn viðskipti reka. En sparifé er takmarkað og annarri bankastarfsemi einnig mikil takmörk sett í þessu fámenna landi. Ef bönkum er fjölgað, dregur það að sjálfsögðu úr starfsemi eldri bankanna, sem þjóðfélagið á, að sama skapi, en þeir sitja hins vegar uppi með svipað starfslið og áður, —

það vill verða svo, — og sama húsakost til starfsemi sinnar. Með því að stuðla að fjölgun banka er ríkið þess vegna sjálft að veikja sínar eigin bankastofnanir, ríkisbankana, og bankareksturinn í heild verður kostnaðarsamari fyrir almenning, og þetta er ekki æskilegt. Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að elztu bankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, inna af hendi talsvert mikla sérstaka þjónustu með því alveg sér í lagi að láta sjávarútveginum í té rekstrarlán með lægri vaxtakjörum en gilda um önnur lán. Nýir bankar munu draga til sín fé frá þessum eldri bönkum, en þeir munu hins vegar varla sækjast eftir að veita fyrirgreiðslur af þessu tagi og varla hægt að skylda einkabanka a. m. k. til slíks. En það er ekki hagstætt fyrir gjaldeyrisöflunina, að dregið sé úr möguleikum til aðstoðar á þennan hátt. Það veit ég ekki, hvort menn hafa athugað og hugleitt sem skyldi.

Og í þessu máli liggur annað í augum uppi. Ef þessi einkabanki verður nú stofnaður, sem hér er farið fram á, með lagaleyfi, þá er þar með vísuð ný leið. Þá verður auðvitað hvorki sanngjarnt né framkvæmanlegt að neita öðrum aðilum, sem þess óska og það geta, um leyfi til að stofna einkabanka í viðbót. Stofnun banka verður þá sennilega svipað formsatriði og að veita verzlunarleyfi. Í umr. um þetta mál hefur verið minnzt á þessa hluti, og í nál. segir hv. fjhn. beinlínis, og er vakin athygli á því af hv. frsm. n., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá munu nm. og vera þeirrar skoðunar, að íslenzkum þjóðarbúskap geti verið æskilegt, að bankar með mismunandi rekstrarfyrirkomulagi, ríkisbankar, einkabankar og samvinnubankar, starfi jöfnum höndum hlið við hlið. Við umr. um frv. og þau réttindi, sem í því felast viðvíkjandi skattfrelsi o. fl., bar það á góma, hvort eigi væri sjálfsagt, að aðrir aðilar, svo sem t. d. samvinnusamtökin eða verkalýðssamtökin og samtök sveitarfélaga, yrðu og slíkra réttinda aðnjótandi, ef þau vildu koma upp banka á sama hátt og kaupmannasamtökin nú. Er það skoðun nm. og þingflokkanna, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbankanum, skuli og veitt slíkum aðilum, ef þeir óska þess við svipuð skilyrði og hér um ræðir, og þá með samþykkt líkra laga og lagt er til í þessu frv.“

Hv. fjhn. hefur sem sé gert sér grein fyrir þessu, enda kom það fram hér við 1. umr., að stofnun þessa einkabanka með lögum hlyti að leiða af sér stofnun fleiri banka, ef fram á það væri farið. Hins vegar er ég ekki alveg viss um, að þessi hv. n. hafi gert sér grein fyrir öllum möguleikum, sem fyrir hendi kunna að verða á komandi árum til þess að stofna slíka banka. Það er að vísu trúlegt, að slíkar bankastofnanir geti komið einhverjum að gagni í framtíðinni. En skyldi þetta ekki vera of stór yfirbygging? Er ekki alltaf verið að tala um það hér í blöðum og jafnvel hér á Alþ.? Er ekki alltaf verið að tala um ríkisbáknið, sem menn segja að sé alltaf að vaxa og margir telja sig hafa vilja til þess að draga eitthvað úr, en ráða ekkert við? Ríkisbáknið vex, og ætli það sé ekki með þessu frv. helzt til mikið gefið undir fótinn um það, að bankabáknið fari að vaxa eitthvað í áttina við það, sem hitt báknið vex, og kannske meira? Þessi bákn og vöxtur þeirra er kannske gagnlegur, og kannske hefur hv. fjhn. haft í huga það, sem skáldið sagði í Vestmannaeyjum fyrir mörgum árum: „Strjáll er enn vor stóri gróður, stendur hann engum fyrir sól“. Kannske henni hafi þótt sem það gerði ekkert til, þó að hann ykist eitthvað, þessi stóri gróður, og eitthvað fjölgaði stórhýsum, sem hver banki telur sjálfsagt að byggja yfir sig, það mundi ekki skyggja á hinn minni gróður, og er vonandi, að það reynist rétt. En ég held, að það verði ekki að þessu mikið gagn og að hér sé, eins og ég sagði áðan, ekki stefnt í rétta átt.

Fyrir áratug eða svo hefði verið hægt að slá því föstu, ef menn hefðu viljað, ef hv. Alþ. hefði viljað, að gömlu ríkisbankarnir þrír skyldu nægja og bankakerfið skyldi vera ríkiskerfi. Þá voru ekki aðrir bankar. Þá var hægt að stinga við fótum. En um það leyti eða upp úr því var Iðnaðarbankinn stofnaður, og um hann má segja það, að hann er að nokkru leyti eign ríkisins og í vissum tengslum, a. m. k. nafntengslum, við einn aðalframleiðsluatvinnuveg þjóðarinnar, þótt gömlu bankarnir hafi haldið áfram að vera að nokkru leyti lánsstofnanir fyrir iðnaðinn, eins og þeir voru og eins og rétt var og skylt, eins og ég gat um hér áðan. En nú er aftur rétti tíminn til að nema staðar, ef menn vilja, og leggja ekki út á einkabankabrautina, þá braut að stofna hreina einkabanka. Og það verður ekki séð, að hér skorti, eins og sakir standa, tilfinnanlega verzlunarbanka. Mjög mikið af fé núverandi banka er í útlánum hjá verzluninni, eins og eðlilegt er, og verzlanirnar margar vilja hafa viðskipti við þá áfram og þeir við þær. En einmitt nú er tími til þess og rétti tíminn til þess að líta í kringum sig og gera sér grein fyrir því, hvort á að leggja út á nýja braut í þessum bankamálum og láta bankakerfið vaxa, láta það vaxa eins og það vill vaxa. Ef það verður ekki gert nú, þá verður mjög erfitt að gera það síðar, og fyrir því verða menn að gera sér grein.

Eins og ég sagði í upphafi, sýnist mér ýmislegt benda til þess, að frv., sem hér liggur fyrir, eigi mikið fylgi hér á hv. Alþ. Hv. fjhn. er hér á einu máli, og mætti það merkilegt heita, ef það dygði ekki máli til samþykkis og framgangs hér í d., hvað sem svo hv. Ed. kann að gera, þegar málið kemur til hennar. En eins og ég sagði áðan, mun ég samt greiða atkv. gegn þessu máli og þykist nú hafa gert stuttlega grein fyrir þeirri afstöðu, svo sem skylt er.

Ég skal ekki hafa grg. mína öllu lengri fyrir þessari afstöðu. Það segja sumir, að þetta sé lítið mál og skipti ekki miklu máli, hvort það sé samþykkt eða ekki. Ég hef nú vikið ofur lítið að því atriði. En það er því miður í lög-

gjöf eins og í sagnfræðinni, að það getur vafizt fyrir mönnum að gera mun á aðalatriðum og aukaatriðum. Hér gæti það nú verið, að svo væri. Kennslubækur í mannkynssögu fjölluðu til skamms tíma mest um bardaga og þá, sem fyrir bardögum stóðu, og hér á landi og víðar hættir mönnum við að láta heillast af orrustugný stjórnmálanna meir en góðu hófi gegnir. En hinar stóru og áhrifaríku ákvarðanir eða ákvörðunarleysi eru stundum gerðar af mönnum, sem eru eins og annars hugar. Og ég er ekki frá því, að hv. fjhn., sem hefur í mörgu að snúast um þessar mundir út af málum, er til hennar er vísað, kunni að hafa gefið sér heldur lítinn tíma til þess að íhuga þetta mál. En hvað sem því líður, vildi ég ekki láta hjá líða að segja það, sem ég hef nú sagt um þetta mál, hvort sem nokkuð reynist hafa verið á það hlustað eða ekki.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að þakka hv. fjhn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli og láta í ljós sérstaka ánægju yfir því, að n. skuli hafa verið sammála um að mæla með afgreiðslu frv. Vildi ég því mega vænta þess, að það hljóti greiðan gang í gegnum þessa hv. d. og að hv. Ed. taki á því með sama hætti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Ed., 25. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að heimilt verði að stofna hlutafélag, sem heiti Verzlunarbanki Íslands h/f, og skuli hlutverk félagsins vera að starfrækja banka, sem hafi það hlutverk sérstaklega að styðja verzlun landsmanna. Er ætlazt til þess, að þessi nýi banki, ef lögin ná fram að ganga, taki við eignum og skuldbindingum og verkefnum Verzlunarsparisjóðsins. Þó er gert ráð fyrir, að hlutafé hins nýja banka verði allmiklu meira en ábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins er nú. Hlutafé Verzlunarbankans h/f á að nema ekki minna en 10 millj. kr. og skulu Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. stórkaupmanna annars vegar og Kaupmannasamtökin hins vegar safna innan sinna vébanda og leggja fram hvort um sig 5 millj. kr., en ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins eiga að hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við núverandi hlutareign þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins.

Verzlunarsparisjóðurinn hefur starfað í um það bil 3½ ár. Það var í maí 1955, sem samtök kaupsýslumanna hér fyrir forgöngu Sambands smásöluverzlana ræddust við um nauðsyn til þess að koma á fót lánastofnun, er starfa skyldi sérstaklega í þágu verzlunar landsmanna. Í október hins sama árs var komið á samtökum um stofnun sparisjóðsins, og tók hann síðan til starfa hinn 4. febr. 1956. Sparisjóðurinn hefur vaxið mjög ört. Í lok fyrsta starfsárs hans voru innlög í sparisjóðnum 23.3 millj. kr., en í lok s. l. árs höfðu innlög vaxið upp í 153.5 millj. kr.

Þessi mjög svo öra stækkun Verzlunarsparisjóðsins hefur gert það að verkum, að sparisjóðsformið hentar þessari stofnun ekki lengur. Í raun og veru er hér um banka að ræða, ekki um sparisjóð, eins og lög um sparisjóði gera ráð fyrir að slíkir sparisjóðir starfi, þótt að sjálfsögðu hafi starfsemi sparisjóðsins verið algerlega í samræmi við ákvæði þeirra laga. En þau eru þannig úr garði gerð, að innan þeirra getur líka rúmazt venjuleg bankastarfsemi, svo sem starfsemi Verzlunarsparisjóðsins er gleggst dæmi um. Það er sparisjóðnum hins vegar til nokkurs trafala, að um hann gilda ekki sams konar reglur og gilda um hina viðskiptabankana, sem starfa í þágu hinna aðalatvinnuvega þjóðarinnar, þ. e. Útvegsbankans, Iðnaðarbankans og Búnaðarbankans. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að um þennan nýja Verzlunarbanka gildi í öllum aðalatriðum hliðstæðar reglur og nú gilda um þessa atvinnubanka hina, Útvegsbankann, Búnaðarbankann og Iðnaðarbankann, sérstaklega þó um Iðnaðarbankann, svo sem eðlilegt er, þar sem hann einn þessara þriggja banka, sem ég nefndi, er hlutafélag. Auðvitað væri Verzlunarsparisjóðnum sú leið opin að gera hann upp eftir sparisjóðslögunum og koma þannig á fót einkabanka, sem engin ákvæði eru í lögum um, að ekki megi taka til starfa samkvæmt hinum venjulegu hlutafélagalögum, en það mundi vera sparisjóðnum til ýmissa óþæginda. Ábyrgðarmönnum hans og viðskiptamönnum mundi það valda ýmsum trafala. Þess vegna þótti ríkisstj. sjálfsagt og eðlilegt að veita þessari lánastofnun, sem þegar hefur unnið ágætt starf í þágu íslenzkrar verzlunar, þá fyrirgreiðslu, sem í því felst, að Alþ. setji lög, sem heimili stofnun einkabanka, Verzlunarbanka Íslands h/f, sem samkvæmt þeim sömu lögum yfirtaki eignir og skuldir og allan rekstur Verzlunarsparisjóðsins.

Það er rétt að leggja á það áherzlu, að hér er um að ræða algert einkafyrirtæki. Það er ekki ætlazt til þess, að, ríkið leggi neitt fé til þessarar bankastofnunar, svo sem t. d. átti sér stað, þegar Iðnaðarbanka Íslands h/f var kom-

ið á fót. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessi banki, ef stofnaður verður, njóti hliðstæðra sérréttinda, t. d. að því er snertir skattgreiðslu, eins og viðskiptabankar hinna atvinnuveganna njóta. Er þá rétt að taka fram, að ríkisstj. telur eðlilegt, að síðar verði stofnaðir einkabankar undir svipuðum kringumstæðum og þessi banki verður væntanlega stofnaður, nái frv. fram að ganga, og njóti þeir einkabankar hliðstæðra friðinda og hér er gert ráð fyrir til handa Verzlunarbanka Íslands h/f.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða einstök atriði frv. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. séu orðin þau nokkuð kunnug eftir þær umr., sem fram hafa farið í hv. Nd.

Ég vil að síðustu aðeins láta þess getið, að hv. fjhn. Nd. var á einu máli um að mæla með samþykkt frv. og það hlaut samhljóða afgreiðslu í hv. Nd. mér til mikillar ánægju. Ég vil mega vænta þess, að frv. hljóti sömu afgreiðslu hér í þessari hv. d. Að lokinni þessari umr. vil ég mega leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 526).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 526, eru þó hin sameiginlegu meðmæli n. með frv. byggð á ákveðnum forsendum, og er í því efni vísað til álits fjhn. Nd. En þar sem svo mikið flóð þskj. berst hv. þm. í hendur þessa daga, að varla er við því að búast, að hver einstakur hafi tíma til þess að kynna sér gaumgæfilega efni hvers einstaks þskj., tel ég rétt að vekja athygli á því helzta, sem fram kom í nál. hv. fjhn. Nd. og er samkvæmt áður sögðu forsendan fyrir þessu nál.

Það hafði í fyrsta lagi verið rætt í n., hvort, eins og segir í áliti n., með leyfi hæstv. forseta, „eigi væri sjálfsagt, að aðrir aðilar, svo sem t. d. samvinnusamtökin eða verkalýðssamtökin og samtök sveitarfélaga, yrðu og slíkra réttinda aðnjótandi, ef þau vildu koma upp banka á sama hátt og kaupmannasamtökin nú. Er það skoðun nm. og þingflokkanna, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbankanum, skuli og veitt slíkum aðilum, ef þeir óska þess við svipuð skilyrði og hér um ræðir, og þá með samþykkt líkra laga og lagt er til í þessu frv."

Í öðru lagi hafði það verið rætt í hv. fjhn. Nd., hvort þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbankanum h/f, mættu gilda fyrir það hlutafélag, ef í það væri látið erlent fjármagn. Kom í ljós, að slíkt hefði ekki verið ætlun forráðamanna málsins. Var það sameiginleg skoðun nm. og ríkisstj., er n. hafði samráð við, að það væri forsenda þeirra réttinda, er frv. veitir, að þau gildi aðeins um íslenzkt fjármagn. Yrði því síðar meir breyting á þessu, þannig að erlent fjármagn kæmi inn í Verzlunarbankann h/f sem hlutafé, væru þær forsendur, sem nú eru fyrir frv., brostnar og nýtt viðhorf skapað.

Í þriðja lagi upplýsti hæstv. viðskmrh. það í fjhn. Nd., að hann mundi í fyrirhugaðri bankareglugerð kveða svo á, að þar sem bankinn nyti skattfrelsis, mundi honum gert að skyldu að birta reikninga sína opinberlega, eins og Verzlunarsparisjóðurinn raunar hefur jafnan gert fram til þessa, og að einn af endurskoðendum reikninga bankans yrði tilnefndur af ríkisstj.

Þetta eru þær forsendur, sem þessu nál. liggja til grundvallar.

Frv. þetta, ef að lögum verður, er að því leyti merk nýjung í bankalöggjöf landsins, að hér er um að ræða stofnun fyrsta íslenzka bankans, sem er alger einkabanki. Fyrir nokkrum árum var að vísu stofnaður iðnaðarbankinn, eins og kunnugt er, þar sem einkaaðilar eiga meiri hluta hlutafjárins, en ríkissjóður á þó allt að því helming þess hlutafjár. Að mínu áliti gætu einkabankar átt mjög mikilvægu hlutverki að gegna í íslenzku þjóðfélagi. Nýlega hefur verið samþ. löggjöf hér á Alþingi, sem felur í sér afnám á þeim hömlum á fjárfestingu, sem verið hafa að undanförnu hér á landi. Það er mitt álit, að út af fyrir sig hafi þetta verið réttmæt ráðstöfun. En fyrir hinu má þó ekki loka augum, að meðan ríkisvaldið ræður öllum starfandi bönkum og stjórnum þeirra, verður það að verulegu leyti tómt mál að tala um frjálsa fjárfestingu, jafnvel þó að menn þurfi ekki að fá leyfi hins opinbera til hennar. Aðeins fyrir þá, sem eru það fjársterkir, að þeir geti lagt fram fé án þess að leita til banka, er slíkt frelsi raunverulegt. Allir aðrir verða að jafnaði að leita á náðir ríkisvaldsins eða fulltrúa þess um útvegun lánsfjár.

Nú er um það skoðanamunur milli okkar, sem að þessu áliti stöndum, í hve ríkum mæli hið opinbera skuli hafa eftirlit með og íhlutun um fjárfestingu og rekstur einkaaðila. Skal því sú hlið málsins ekki rædd hér, hver sé hin æskilegasta skipan þeirra mála. En eitt er að vera þeirrar skoðunar, að meira eða minna víðtæk opinber íhlutun um framkvæmdir og rekstur einkafyrirtækja sé nauðsynleg, annað að vera þeirrar skoðunar, að vald ríkisstj. yfir fjármagni landsmanna og ráðstöfun þess skuli vera svo algert sem verða hlýtur, ef allar lánastofnanir í landinu lúta henni. Um það mun samkomulag í báðum hv. fjhn. Alþingis, að nokkur dreifing valdsins í þessu efni sé æskileg, enda hlytu þeir, sem væru annarrar skoðunar í því efni, þá einnig að vera andvígir starfsemi allra lánastofnana, sem lúta ekki beinni stjórn ríkisvaldsins, svo sem sparisjóða,

innlánsdeilda kaupfélaga o. s. frv. Efling einkabanka hér á landi, hvort sem þeir eru reknir í þágu einstakrar atvinnugreinar, svo sem banki sá, er nú á að stofna, eða t. d. af samtökum þeim, sem áður hefur verið minnzt á, svo sem samvinnufélögum, verkalýðsfélögum eða samtökum sveitarstjórna, er trygging fyrir því, að framkvæmdir eða rekstur, sem á lánsfé þarf að halda, geti þrifizt, enda þótt ekki finni náð fyrir augum þeirra fulltrúa ríkisvaldsins, sem skipa stjórnir ríkisbankanna hverju sinni. Ég tel þetta hagkvæmt bæði frá þjóðhagslegu sjónarmiði og einnig öfluga stoð lýðræðis í fjármálum.

Enda þótt ekki hafi verið önnur leið fær að þessu sinni en sú að stofna þennan banka með sérstakri löggjöf, er það persónuleg skoðun mín, og mæli ég þar ekki í umboði hv. meðnm. minna, að vinna beri að því, að hið fyrsta verði sett almenn löggjöf um einkabanka, skilyrði fyrir stofnun þeirra, starfsreglur, réttindi og skyldur, þannig að allir, er fullnægi settum skilyrðum fyrir rekstri banka, megi gera ráð fyrir því, að þeir fái leyfi til þess að reka þá starfsemi. Auðvitað liggur ekki í þessu, að æskilegt sé, að bönkum hér á landi fjölgi ótakmarkað, það yrði auðvitað að setja skorður við því með ákvæðum um lágmarksupphæð stofnfjár banka og öðru slíku í væntanlegri löggjöf. En um setningu slíkrar löggjafar verður auðvitað ekki að ræða, fyrr en nauðsynlegum undirbúningi undir hana er lokið, þannig að slíkt kemur ekki til meðferðar á þingi því, sem nú situr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

---

26. Símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 [149. mál] (stjfrv., A. 385).

Á 70. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Einn válegasti sjúkdómur, sem um getur, er lömunarveiki, og hefur það löngum verið svo, að lítil úrræði hafa verið til að fyrirbyggja hann eða ráða bót á afleiðingum hans. Þó hefur nokkuð rætzt úr nú hin síðustu ár um bólusetningu við þessari veiki, og enn fremur eru ýmiss konar ráðstafanir til þjálfunar og lækningar á sjúklingum komnar allvel á veg.

Fyrir nokkrum árum var stofnað hér á landi Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, og hafa forustumenn þess félagsskapar sýnt frábæran dugnað, fórnfýsi og framtak við að koma upp lækningastöð, sem þegar hefur gert mjög mikið gagn. Til starfsemi þessa félags þarf auðvitað mikið fé, og hafa ýmsar leiðir þar verið reyndar. Ein er sú að efna til símahappdrættis, og var það gert fyrst á árinu 1957. Þá voru samþ. hér í Alþ. lög um það, að vinningar í slíku happdrætti skyldu vera skattfrjálsir. Nú hefur félagið efnt að nýju til slíks símahappdrættis og óskað eftir því, að vinningar í því happdrætti skuli undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti. Á því er enginn vafi, að það mundi greiða mjög fyrir árangri af þessu happdrætti, ef Alþ. yrði við þessum óskum. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer fram á það, að slíkir vinningar í þessu happdrætti, sem nú er efnt til á árinu 1960, skuli undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti. Frv. er sem sagt miðað við þetta eina símahappdrætti og bundið við árið 1960.

Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til hv. alþm., að þeir styðji þetta nauðsynjamál. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 385, n. 400).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, hefur Alþ. að undanförnu samþ. fríðindi svipuð þeim, sem hér er um að ræða, til handa ýmsum happdrættum, sem rekin hafa verið í þágu málefna, sem talin hafa verið til almenningsheilla. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og telur, að það happdrætti, sem hér er um að ræða, símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, fullnægi þeim skilyrðum, sem eðlileg verða að teljast að fullnægt sé, til þess að þessi fríðindi séu veitt, og mælir því einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, langar mig til að hreyfa öðru máli, sem er þessu náskylt. Þó er það ekki alveg sama eðlis, því að þegar um það er rætt, að ríkið veiti einstöku félagi eða félagssamtökum skattfríðindi eins og hér er lagt til, þá vaknar sú hugsun, hvort ekki mætti hér á landi reyna aðra leið í sambandi við framlög til þessara félaga eða stofnana, sem starfa í þörfum tilgangi eins og þessum. Kæmi þar til álita að gera framlög fólks til slíkrar starfsemi skattfrjáls. Á þeirri hugsun byggðist það, að í fyrra skipaði hæstv. þáverandi fjmrh. nefnd til að athuga, hvort unnt væri að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi hér á landi með því að gera framlög fólks til þeirra mála frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts. Í þessa nefnd voru skipuð Gunnlaugur Þórðarson, Jóhannes Nordal og ég. Var Jóhannes Nordal formaður n. Ég vil aðeins lítillega skýra frá niðurstöðum og till. þessarar n., ef það mætti verða til að vekja til umhugsunar í sambandi við þessi mál á viðtækari grundvelli en hér er gert ráð fyrir.

Nefndin gerði að tillögum sínum, að tekjuskattslögunum yrði breytt á þann hátt, að í 10. gr. þeirra, sem er um ýmsa frádráttarliði, bætist tveir nýir liðir. Vil ég lesa upp úr till. n., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er einstaklingum að draga frá skattskyldum tekjum peningagjafir til stofnana, er starfa að mannúðarmálum, vísindum eða listum, enda hafi þær numið á viðkomandi skattári a. m. k. 500 kr. til hverrar stofnunar. Aldrei má veita hærri frádrátt til slíkra gjafa en nemi 10% af nettótekjum á viðkomandi skattári."

Síðan er greint, hvaða stofnanir og félög megi taka við skattfrjálsum gjöfum samkv. þessari mgr., og eru það í fyrsta lagi hvers konar stofnanir og sjóðir, er starfa að mannúðarmálum, vísindum eða listum á vegum ríkisins eða undir eftirliti þess, og auk þess einstakar stofnanir og félög, sem upp eru talin, eins og t. d. þetta félag, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að veitt yrðu fríðindi, og mörg önnur, sem starfa í mjög þörfum og þjóðnýtum tilgangi.

Önnur greinin fjallar um það, hvernig haga ætti frádrætti framlaga fyrirtækja eða félaga til slíkrar starfsemi, og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er félögum að draga frá skattskyldum tekjum peningagjafir til vísindastofnana eða sjóða, er starfa á vegum ríkisins eða undir eftirliti þess. Þó má aðeins draga slíkar gjafir frá skattskyldum tekjum, ef þær hafa numið á viðkomandi skattári a. m. k. 5000 kr. Aldrei má veita hærri frádrátt vegna slíkra gjafa en nemi 10% af nettótekjum á viðkomandi skattári."

Svo langar mig til að lesa stuttan kafla úr grg. n., því að ég held, að það gæti verið til talsverðrar skýringar á þessu máli og það mætti styðja málstaðinn almennt. Sá kafli hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin er á þeirri skoðun, að eðlilegt sé, að nokkuð aðrar reglur gildi um skattfrádrátt fyrirtækja heldur en einstaklinga vegna framlaga til mannúðar-, vísinda- eða listastarfsemi, og leggur því til, að tveir nýir stafliðir bætist við 10. gr. l. um tekju- og eignarskatt, nr. 46 frá 1954, og fjalli annar um frádráttarreglur varðandi einstaklinga, en hinn varðandi félög. Samkv. þessum till. mundu einstaklingar hafa rétt til frádráttar vegna slíkra gjafa, er nemi allt að 10% af nettótekjum á viðkomandi skattári. Þá sé það skilyrði sett, að gjöf til hverrar einstakrar stofnunar nemi a. m. k. 500 kr. á viðkomandi skattári. Slíkar reglur um hámark skattfrádráttar eru í lögum annarra landa, og þykir n. þetta hæfilegt hámark. Jafnframt telur hún nauðsynlegt að setja það skilyrði, að um peningagjafir sé að ræða, til þess að slíkt skattfrelsi fáist, þar sem mikil vandkvæði gætu verið á að meta, hvers virði gjöf í fríðu raunverulega væri.

Eitt meginvandamálið varðandi skattfrádrátt vegna framlaga til þeirra mála, sem hér um ræðir, er að skilgreina, hvaða aðilar eigi að hafa rétt til að taka við skattfrjálsum framlögum. Aðalreglan, sem n. leggur til að gildi í þessu efni, er sú, að framlögin fari til stofnana eða sjóða, er starfa að mannúðarmálum, vísindum eða listum á vegum ríkisins eða undir eftirliti þess. Með því á að vera tryggt, að um sé að ræða aðila, sem ekki starfa í ágóðaskyni. Hins vegar telur n. nauðsynlegt, að nokkrir aðilar aðrir en þeir, sem þessi ákvæði gætu náð til, geti notið ákvæðanna um skattfrjáls framlög, en vegna þess, hve erfitt er að finna almenna skilgreiningu, er hæfi í þessu efni, leggur hún til, að tekin séu beint inn í lögin nöfn þeirra stofnana, sem slíkra fríðinda geti notið. Þetta mundi hafa það í för með sér, að lagabreyting þyrfti að koma til í hvert sinn, sem ný stofnun hlyti slík fríðindi. Þetta er að vísu nokkuð þungt í vöfum, en að áliti n. eina leiðin til þess að koma í veg fyrir, að

um óhóflega notkun þessara fríðinda væri að ræða. Í viðbót er svo lagt til, að þau skilyrði verði sett fyrir fríðindum til handa þessum aðilum, að þeir greiði ekki arð eða starfi í ágóðaskyni fyrir félaga sína og hlíti í einu og öllu þeim reglum um starfshætti, reikningsskil og endurskoðun, er fjmrn. setur í reglugerð. Er það skoðun n., að í rauninni hefði þurft fyrir löngu að setja reglur um starfsemi einkasamtaka, er starfa að mannúðarmálum, listum eða vísindum og njóta meiri eða minni stuðnings eða hlunninda frá ríkisvaldinu í starfi sínu. Þau fríðindi, sem skattfrjáls framlög mundu veita, eru gott tækifæri til þess að koma á betri skipan í þessu máli.

Varðandi skattfrjáls framlög fyrirtækja telur nefndin eðlilegt að gildi allmiklu þrengri reglur en um framlög einstaklinga, og leggur hún til, að fyrirtæki hafi eingöngu rétt til að draga frá skatti framlög til vísindastofnana, sem starfa á vegum ríkisins eða undir eftirliti þess. Jafnframt er lagt til, að lágmarksframlag verði að vera a. m. k. 5000 kr. á ári til að vera frádráttarhæft frá skattskyldum tekjum. Ástæðan fyrir því, að nefndin telur, að einskorða eigi skattfrjáls framlög fyrirtækja við framlög til vísindastofnana, er einkum sú, að sérstök þörf sé á því að efla þátttöku atvinnuveganna í vísindalegum rannsóknum og mikil þörf sé aukinna fjárframlaga á því sviði, ef Íslendingar eiga ekki að dragast alvarlega aftur úr. Jafnframt er ekki óeðlilegt að takmarka þessi framlög við vísindastofnanir, sem starfa á vegum ríkisins eða undir eftirliti þess, þar sem segja má, að ekki sé um neinar vísindastofnanir að ræða hér á landi, sem ekki eru að einhverju leyti á vegum ríkisins."

Ég læt þessum lestri úr grg. n. fyrir þessum till. lokið, en mér fannst ástæða til að skýra við almenna umr. um þetta frv. lítillega frá þessu. Vil ég náttúrlega taka fram, að mér finnst þetta frv., sem hér liggur fyrir, alls stuðnings vert, en í raun og veru ná allt of skammt. En ég treysti því, að í sambandi við þá heildarendurskoðun skattalaga, sem hefur haldið áfram nú eftir seinustu breyt. á skattalögunum, verði nál., sem ég hef getið hér um, tekið til greina og mál þessi því almennt tekin upp á víðtækari grundvelli en áður hefur verið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Nd., 25. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 385, n. 498).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., sem samþykkti það með shlj. atkv., óbreytt eins og það var flutt af hæstv. ríkisstj.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um málið. Henni barst erindi frá Styrktarfélagi vangefinna, þar sem þess var óskað, að því félagi yrðu veitt hliðstæð hlunnindi og ívilnun í skattgreiðslum og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Heilbr.- og félmn. féllst á þau rök, sem fram voru borin af hálfu hinna nýstofnuðu samtaka, Styrktarfélags vangefinna, og leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að það nái ekki aðeins til símahappdrættis Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra eða vinninga í því, heldur einnig til vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna. Í samræmi við þetta leggur n. einnig til, að fyrirsögn frv. verði breytt.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál. Hér er um að ræða stuðning við mannúðarfyrirtæki, sem eru þessi tvö félög, og þetta frv. er í samræmi við lagaákvæði, sem áður hafa verið sett til stuðnings hliðstæðum félagssamtökum.

ATKVGR.
Brtt. 498,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 498,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

Á 89. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 525).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 567).

27. Tollvörugeymslur.

Á 79. fundi í Ed., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um tollvörugeymslur o. fl. [166. mál] (stjfrv., A. 470).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Flestir Íslendingar kannast við fríhafnir, sem víða eru til í öðrum löndum. Þessar fríhafnir eru með margvíslegum hætti, misjafnlega víðtækar og ólíkar reglur, sem um þær gilda. En fríhöfnum og tollvörugeymslum er það sameiginlegt, að tilgangurinn er sá fyrst og fremst, að innflytjendur vöru þurfi ekki að greiða aðflutningsgjöld af henni strax við innflutninginn, heldur geti fengið frest á slíkum greiðslum og innt þessar greiðslur af hendi jöfnum höndum eftir því, sem varan er tekin úr fríhöfninni eða tollvörugeymslunni til endursölu eða annarrar notkunar. Enn fremur er það mjög algengt, að skipafélög, útgerðarfélög, flugfélög og aðrir þeir aðilar, sem annast flutninga, hvort sem eru vöruflutningar eða fólksflutningar, notfæri sér slíkar fríhafnir eða forðageymslur og fái keypt nauðsynjar sínar að meira eða minna leyti án tollgreiðslu.

Það var árið 1907, sem fyrst voru sett lög hér um tollvörugeymslur og tollgreiðslufrest. En hin síðari ár hafa þau lög ekki verið notuð, enda ástand hér á landi, bæði um samgöngur, um innflutningsmál og um aðflutningsgjöld í heild, gerbreytt á þeirri rúmlega hálfu öld, sem síðan er liðin.

Á síðustu tveim áratugum hefur oft verið rætt um það, að nauðsyn bæri til að koma nýrri skipan á þessi mál í líkingu við það, sem tíðkast í mörgum öðrum löndum. M. a. hafa samtök innflytjenda og þá fyrst og fremst Verzlunarráð Íslands margsinnis rætt þetta mál nú um hálfan annan áratug, gert ályktanir í því efni og áskoranir til ríkisvaldsins um nýja löggjöf og nýja skipan. Enn fremur hafa skipafélög og flugfélög óskað eftir möguleikum á slíkum tollvörugeymslum og forðageymslum. Árangur af þessum umr. og áskorunum varð sá, að haustið 1958 skipaði þáv. fjmrh. nefnd fjögurra manna, til þess, eins og segir í skipunarbréfinu, að athuga og gera till. um, hvort æskilegt sé að koma hér á landi á fót svonefndum frílager eða öðru þvílíku kerfi, sem tíðkast í nágrannalöndum vorum. Í n. áttu sæti þeir Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri, Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Gunnar Ásgeirsson stórkaupmaður. Þessi nefnd lagði mikla vinnu í að kynna sér löggjöf um þessi málefni í nágrannalöndum vorum, vinna úr þeim gögnum og velja, hver skipan mundi bezt henta okkur hér á Íslandi. Niðurstaðan varð svo það frv., sem nú hefur verið lagt fyrir hv. Ed., um tollvörugeymslur, og skilaði n. þessum till. sínum í hendur rn. í janúarlok s. l. Síðan hefur verið unnið að því að athuga þetta frv. nánar. Í öllum meginatriðum er frv. lagt fram, eins og það kom frá n., en örfáar breytingar hafa á því verið gerðar og þá í samráði við nefndarmenn. Með frv. fylgir ýtarleg grg., sem skýrir þetta mál, og vil ég aðeins fara hér nokkrum inngangsorðum til upplýsinga meginatriðum þessa máls.

Það hafa með hækkandi aðflutningsgjöldum á undanförnum árum og áratugum hér á Íslandi skapazt miklir erfiðleikar og vaxandi fyrir innflutningsverzlanir og iðnfyrirtæki að þurfa að leysa vörusendingar sínar úr tolli í einu lagi, í stað þess að taka þær til sín og greiða af þeim gjöld jafnóðum og vörurnar eru teknar til sölu eða vinnslu. Það mun ekki tíðkast í nágrannalöndunum, að innflytjendum sé skylt að greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af heilum vörusendingum. En til þess að komast hjá því þurfa þeir að sæta vissum reglum og það ströngum reglum um geymslu og meðferð vörunnar, meðan hún bíður tollafgreiðslu. Þessar reglur eru venjulega bundnar við það, að varan sé geymd í fríhöfn eða annarri tollvörugeymslu. Um sjálfar fríhafnirnar skal ég ekki ræða hér, þær eru langvíðtækasta og frjálsasta formið á tollvörugeymslum. Þá er oft um það að ræða, að allstórt landssvæði, í rauninni heil höfn eða hluti af stórri höfn er tekinn til þessarar notkunar. Á þessu fríhafnarsvæði eru svo bæði vörugeymsluhús og jafnvel verksmiðjur, og gildir að sjálfsögðu um þetta strangt eftirlit. Undirbúningsnefndin telur ekki, að fríhafnir með þeirri skipan, sem á þeim er höfð annars staðar, henti okkur hér, og leggur því til, að nokkrar tegundir tollvörugeymslna séu hér heimilaðar með lögum. Fyrir utan innflutningsverzlanir og iðnfyrirtæki má nefna það, að kaupskip, sem eru í millilandasiglingum, eiga þess víðast hvar kost í hafnarborgum að fá keyptan neyzluforða og aðrar nauðsynjar tollfrjálst, í fríhöfnum eða tollfrjálsum vörugeymslum. Og sama máli gegnir um flugvélar, sem fara um millilandaflugvelli. Oft er það, að skipa- og flugfélög erlendis eiga sjálf tollfrjálsar forðageymslur til að birgja skip sín og flugvélar vistum og öðrum nauðsynjum.

Eins og ég gat um áðan, hafa hin stærri skipafélög hér og flugfélög lengi leitazt við að fá að koma upp slíkum forðageymslum og sýnt fram á það með ljósum og sterkum rökum, að þeim væri mikið fjárhagslegt hagræði að því að kaupa nauðsynjar til farartækja sinna frá erlendum útflytjendum og koma þeim hérlendis í tollfrjálsa geymslu í stað þess að þurfa að skipta við miðlara í erlendum höfnum, eins og mjög hefur verið tíðkað, og gjaldeyrissparnaður ætti að verða verulegur af þessu. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir að koma á þeirri skipan, að kaupskipum og flugvélum verði þetta mögulegt.

Þá má í þriðja lagi geta þess, að nokkuð er orðið um það hér á landi og fer vafalaust vaxandi á næstu árum, að iðnaðarvörur fram-

leiddar hér á landi séu fluttar út til sölu á erlendum markaði. Þá er það oft, meira að segja oftast, að heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af þeim hráefnum, sem notuð hafa verið til þessarar framleiðslu, og enn fremur innlent tollvörugjald, ef slíkt gjald hvílir á þess háttar framleiðslu. Nú er það svo, að þessar endurgreiðslur á tollum eða aðflutningsgjöldum af hráefnum og á tollvörugjaldi eru inntar af hendi, þegar varan er flutt úr landi. Hér er gert ráð fyrir því í þessu frv., eins og mjög er tíðkað erlendis, að slíkum innlendum framleiðsluvörum, sem eiga að flytjast út og seljast þar, megi koma í sérstakar geymslur, tollvörugeymslur, þar sem þær bíða útflutnings, en þá verði þessi gjöld endurgreidd iðnframleiðendum strax þegar varan er komin í slíka tollvörugeymslu, og er það að sjálfsögðu mikill hagur íslenzkum iðnaði að þurfa ekki að bíða endurgreiðslnanna, þar til framleiðslan hefur verið flutt úr landi, en það getur oft dregizt nokkuð og jafnvel verulega, eftir að varan er fullunnin.

Þá má enn geta þess, að viðkomuflutningur eða transit-flutningur á vörum og farþegum hefur mjög aukizt hér og fer einnig mjög vaxandi vafalaust á næstu árum. Samgöngum er nú orðið háttað þannig milli Íslands og annarra landa, að hugsanlegt er og líklegt, að hér megi reka milliríkjaverzlun í líkingu við það, sem lengi hefur tíðkazt í borgum og löndum, sem liggja að alþjóðlegum umferðarleiðum. Þar sem slíkir transit-flutningar tíðkast, hafa verið settar reglur um geymslu og tollmeðferð á aðfluttum vörum og útflutningsvarningi, sem miðaðar eru við þarfir þeirra atvinnugreina, sem í kjölfar slíkra flutninga sigla. Sýnist tímabært að taka upp slíkar reglur hér, og fjallar um það einn kafli þessa frv. Ég vil nefna það til skýringar þessu, að nú hin síðustu ár hefur sérstaklega verið mikið um transit-flutninga frá Danmörku til Grænlands um Ísland, og veldur það óþarfavinnu og fyrirhöfn hjá stjórnvöldum að þurfa að gefa út sérstök leyfi í sambandi við slíka transitflutninga hverju einstöku sinni og réttara að fá um það mál almennar reglur.

Það, sem er því aðalefni þessa frv., er það að setja reglur um tollvörugeymslur, þ. e. a. s. vörugeymslur, sem taka aðfluttar vörur til geymslu, án þess að þurfi að greiða gjöldin af þeim þegar í stað, og eftir því sem þær seljast eða eru teknar til vinnslu, þá verði aðflutningsgjöldin af þeim greidd. Í öðru lagi, að skipafélög og flugfélög eigi þess kost að koma sér upp forðageymslum fyrir erlendar vörur og geti tekið nauðsynjar sínar úr þeim jafnóðum og þessi farartæki þurfa á að halda, en þurfi ekki að eiga slík viðskipti við erlenda miðlara eða milliliði. Og enn fremur, eins og ég tók hér fram varðandi innlendar framleiðsluvörur, sem á að flytja út, að þær endurgreiðslur gjalda, sem þar er um að ræða, geti átt sér stað um leið og vörunni er komið í slíka tollvörugeymslu.

Í grg. þessa frv., á bls. 11, kafla V, er gerð ýtarleg grein fyrir ýmsum tegundum tollvörugeymslna: í fyrsta lagi fríhafnir, í öðru lagi frílagerar, í þriðja lagi transitlagerar eða flutninga- eða umhleðslugeymslur og í fjórða lagi svonefndir proviantering frílagerar eða tollfrjálsar forðageymslur.

Þetta frv. er um tollvörugeymslurnar sniðið aðallega eftir sænskum og dönskum fyrirmyndum og þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þeim löndum í þessum málum.

Í þessu frv. eru í I. kafla reglur um almennar tollvörugeymslur, og þar er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að ákveða, að tollgæzlan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum, þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru til að reka slíkar geymslur. Enn fremur er í 1. gr. veitt heimild til þess að leyfa sveitarfélögum, félögum og einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Í 3. gr. segir svo nánar um það, að innflutningsverzlanir, iðnrekendur, útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta, geti komið vörum í tollvörugeymslur án undanfarandi greiðslu tolla og annarra aðflutningsgjalda. Enn fremur er það ákveðið sem almenn regla, að vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skuli tollafgreiða endanlega innan eins árs, frá því að hún kom til landsins, nema ástæða þyki til að samþykkja lengri frest. Í 4. gr. segir svo um tryggingar þær, sem setja skuli ríkissjóði, og í 5. gr. nánari reglur um þær innflutningsskýrslur og þær aðrar upplýsingar, sem afhenda skuli tollstjóra til öryggis í þessum efnum.

II. kafli frv. fjallar svo um tollfrjálsar forðageymslur. Þar er gert ráð fyrir, að skipaútgerðir og flugfélög geti fengið heimild til þess að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum geymslum án greiðslu aðflutningsgjalda. Slíkar geymslur eru algengar erlendis, en hingað til hafa hérlend skipafélög orðið að kaupa vistir, varahluti og annan forða hjá erlendum skipamiðlurum, þar sem skip er statt hverju sinni, við verði, sem oft er stórum hærra en ef skipt er beint við framleiðanda eða útflutningsverzlun í framleiðslulandinu, og er því augljóst hagræði að því að geta keypt þessar vörur á hagkvæmustu verði án óþarfrar milligöngu, auk þess sem við þetta sparast erlendur gjaldeyrir. Í II. kafla eru svo ýtarleg ákvæði og allströng, bæði í 9. og 10. gr., um það, hverjar kröfur skuli gera til þeirra húsakynna, sem geyma á slíkar vörur í.

Í III. kafla segir, að ríkisstj. sé heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, þar sem farþegum í millilandaferðum er gefinn kostur á að kaupa tollfrjálsar vörur, en þetta fyrirkomulag er þekkt á ýmsum flugvöllum í Evrópu. Nokkur reynsla er þegar fengin af slíkum tollfrjálsum verzlunum, eftir að slík verzlun var sett á stofn á Keflavíkurflugvelli samkv. lögum frá 1958. Rekstur þeirrar verzlunar hefur gefið góða

raun. Í sambandi við þessar verzlanir er nauðsynlegt að reka tollfrjálsar geymslur og því eðlilegt, að ákvæði um þessar verzlanir sé tekið upp í þetta frv., og um það fjallar III. kafli frv., auk nokkurra frekari ákvæða.

IV. kaflinn fjallar svo um flutningageymslur eða transit-geymslur, sem víða erlendis eru mikill atvinnuvegur, en hafa til skamms tíma verið lítt þekktar hér á landi. Þessir flutningar hafa verið leyfðir sem undantekning frá venjulegum reglum um tollmeðferð á aðfluttum vörum með stjórnarráðsleyfi hverju sinni. Eins og ég gat um, hafa þeir flutningar farið nokkuð í vöxt, sérstaklega í sambandi við flutninga til Grænlands. En það er of þunglamalegt að þurfa að sækja um stjórnarráðsleyfi hverju sinni fyrir slíkum flutningum, og hins vegar vantar hér aðstöðu til að koma við öruggu eftirliti með þeim. Með þessum ákvæðum í IV. kafla frv. er opnuð leið til að auðvelda þessa flutninga, en með því skilyrði, að viðkomandi skipa- eða flugfélög leggi til húsakynni, þar sem hægt er að geyma vörurnar undir tryggu eftirliti.

Í V. kafla eru svo ýmis nánari ákvæði um framkvæmd laganna, refsiákvæði o. fl.

Ég vil láta þessi orð nægja til skýringar þessu frv., en ég ætla, ef það verður að lögum, og það er ósk ríkisstj., að það náist samkomulag um að gera frv. þetta að lögum á þessu þingi, þá gæti það orðið til verulegra hagsbóta fyrir íslenzku þjóðina í heild á margvíslegan hátt, bæði sparað gjaldeyri og leitt til hagkvæmari innkaupa á varningi í ýmsum greinum. Á því er enginn vafi, að ef slíkar tollvörugeymslur væru til, mundu innkaup geta farið fram í miklu stærri stíl og það gæti svo haft í för með sér ódýrari og betri vörukaup. Enn fremur mundu stærri vörukaup væntanlega stuðla að því, að öruggari birgðir væru til í landinu. Enn má geta þess, að um ýmsar vörur er svo háttað, að á vissum árstímum er hægt að fá hagkvæmari kaup á þeim en öðrum, og slíkir möguleikar eins og þeir, sem þetta frv. skapar, mundu þá gera innflytjendum kleift að kaupa inn þær vörur í allstórum stíl á þeim tíma, sem hagkvæmast væri á erlendum markaði, og geyma þær hér síðan í slíkum tollvörugeymslum og greiða af þeim aðflutningsgjöld eftir því, sem þyrfti að nota þær, í stað þess að það er nú mjög oft, að innflytjendur hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíkra stórra innkaupa á hentugustu tímum, þar sem greiða þarf auk verðs og flutningsgjalda öll aðflutningsgjöld, um leið og varan kemur til landsins. Fyrir skipaflota landsmanna og flugflota ætti þetta einnig að verða til góðs, og þessi farartæki gætu þá flutt heim til Íslands þann verzlunarágóða, sem er samfara slíkum skiptum eða kaupum þessara farartækja á þeirra nauðsynjum.

Ég vænti þess, að þetta frv., sem mér virðist að sé mjög vel og vandlega undirbúið af þeirri n., sem um það fjallaði, fái góðar undirtektir í þessari hv. d., og legg til, að því sé vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 485).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar. Á fundi þeim, þar sem málið var tekið fyrir, mættu þeir Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, og gáfu þeir n. ýmsar gagnlegar upplýsingar um hina tæknilegu hlið varðandi framkvæmd þá, sem fyrirhuguð er á þessum málum. Niðurstaða af athugunum n. er í stuttu máli sú, að n. fellst á þau rök, sem fram hafa verið borin fyrir því, að það að gera kleift að taka þetta fyrirkomulag upp muni í ýmsum dæmum geta haft í för með sér hagkvæmni og sparnað. Mælir n. því með því, að frv. verði samþ., en þó með tveimur minni háttar breyt., sem bornar eru fram á þskj. 485.

Önnur brtt. n. er við 13. gr. frv. og er þess efnis, að heimildir til þess að setja á fót tollvörugeymslur eru ekki, eins og frv. í sinni upphaflegu mynd gerir ráð fyrir, bundnar við Reykjavík og Keflavíkurflugvöll. Það kom að vísu fram á fundi n. með áðurnefndum sérfræðingum, að sú breyt., sem n. leggur til að verði gerð í þessu efni, muni ekki í nánustu framtíð hafa raunhæfa þýðingu, en n. taldi þó rétt að binda þessa heimild ekki við þessa tvo staði, ef aðrir staðir á landinu að öðru leyti fullnægðu þeim skilyrðum, sem lögin gera ráð fyrir að fullnægt þurfi að vera til þess að koma slíkum tollvörugeymslum á fót.

Hin brtt. n. er við 15. gr. og er þess efnis, að við upptalningu þá, sem er í 3. mgr. 15. gr., verði bætt þeim vörum, sem 2. mgr. 11. gr. fjallar um. Það mun nánast hafa verið af vangá, að þetta féll niður í frv., enda mjög eðlilegt, að þær vörur, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., falli undir þessa upptalningu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 485,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 485,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
18.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 495).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 495, n. 544).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um tollvörugeymslur o. fl., á þskj. 495, hefur verið til athugunar í fjhn. hv. d. Á þeim eina fundi, sem málið var rætt á, voru allir nm. mættir nema hv. 3. þm. Reykv., sem var fjarverandi. Auk nm. sátu þennan fund þeir ráðuneytisstjóri Sigtryggur Klemenzson og herra Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, og þeir veittu nm. ýmsar upplýsingar varðandi efni frv. Allir viðstaddir nm. voru á einu máli um að mæla með, að frv. þetta yrði samþ.

Í frv. þessu felast töluverð nýmæli, sem ættu að geta orðið til úrbóta og hagræðis við tollafgreiðslu vara. Að vísu voru hér lög til frá árinu 1907, nr. 53, um tollvörugeymslur, en þau náðu aðeins til fárra vöruflokka og máttu teljast úrelt orðin. Á síðari árum hefur hins vegar vaknað allmikill áhugi meðal kaupsýslumanna og framleiðenda og flutningafélaga hérlendis um, að komið yrði upp fríhöfn eða a. m. k. einhvers konar tollvörugeymslu. Mun fyrst hafa verið vakið máls á þessu efni á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands árið 1944. En í septembermánuði árið 1958 skipaði þáv. fjmrh. nefnd til þess að undirbúa málið, og mun frv. það, sem hér liggur fyrir, vera í samræmi við till. þeirrar nefndar.

Meginefni frv. er það, að ríkið getur ýmist sjálft eða heimilað öðrum að setja upp almennar tollvörugeymslur, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verzlanir eða flutningageymslur. Allt ætti þetta að geta verið til hagræðis fyrir atvinnulífið í landinu. Innflytjendum og raunar neytendum líka er það mikil hagsbót, ef gerð eru stórinnkaup á vörum á þeim tíma árs, þegar verð þeirra kann að vera lægst, en þurfa síðan ekki að greiða aðflutningsgjöld af vörunum fyrr en eftir hendinni, eftir því sem sala þeirra fer fram. Iðnframleiðendum eru það og þægindi að geta framleitt vörur til útflutnings og látið þær í tollvörugeymslu og fengið þá endurgreiddan framleiðslutoll og aðflutningsgjöld af hráefnum, sem í vörurnar fóru. Skipafélögum og flugfélögum ættu tollfrjálsu forðageymslurnar að vera til stórbóta og ýta undir, að þessi félög flytji innkaup sín á ýmsum vörum heim til Íslands, en kaupi vörurnar ekki erlendis, eins og svo mjög hefur tíðkazt að undanförnu. Og að lokum er ekki ótrúlegt, að flutningageymslurnar gætu orðið smávisir að þeirri fríhöfn, sem vonandi á einhvern tíma eftir að rísa upp í Reykjavík, því að enn er svo að sjá, að flutningar á sjó muni um ófyrirsjáanlega framtíð vera ódýrustu flutningarnir, og þá sýnist lega Íslands á alfaraleið milli tveggja heimsálfa vera sérlega vel fallin til þess að verða með fríhöfn bækistöð mikillar og blómlegrar millilandaverzlunar.

Að öllu málinu athuguðu telur fjhn. d. því, að með þessu frv. sé spor stigið í rétta átt, og mælir með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
18.—30. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

28. Ferskfiskeftirlit.

Á 47. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ferskfiskeftirlit [106. mál] (stjfrv., A. 233).

Á 49. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú um alllangt skeið verið kunnugt, að gæðum okkar aðalútflutningsvöru, fisksins og fiskafurðanna, hefur hrakað allverulega á síðustu árum. Íslenzki fiskurinn var í miklu áliti fyrir nokkrum áratugum. Hann var gæðavara, sem auðvelt var að vinna markaði, og hann vann á í samkeppni við keppinauta okkar. Það er þess vegna þeim mun hörmulegra, að þróunin hefur gengið í þá átt, að þessum gæðum hefur hrakað svo mjög sem raun ber vitni um. Að hér sé um mjög þýðingarmikið tjón að ræða, má marka af ýmsum tölum, sem ég

hef um þetta fengið, en eru svo hatrammlegar, liggur mér við að segja, að það er næstum því að maður kinoki sér við að nefna þær. Ég skal t. d. taka saltfiskinn, sem, eins og ég sagði í upphafi, var slík gæðavara fyrir nokkrum áratugum, að það var mjög auðvelt að selja hana og hún var á góðum vegi þá með að vinna okkur alla þá markaði, sem mögulegir voru. En samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið um saltfiskframleiðsluna á árinu 1959, á s. l. ári, kemur í ljós, að af því magni, sem flutt var út frá ársbyrjun þess árs og til 10. nóv. 1959, voru aðeins 36½% í fyrsta gæðaflokki, í öðrum gæðaflokki voru 34.1% og í þriðja gæðaflokki hvorki meira né minna en 23.2%. Þegar þessar prósentutölur eru lagðar saman, vantar enn talsvert í hundraðið, og er af því ljóst, að nokkur hlutinn hefur verið fyrir neðan það að vera flokkaður í þriðja flokki. Hversu gífurlega þýðingu þetta hefur, má t. d. marka á því, að verðmunurinn á 3. og 2. flokki er í kringum 11.6% og verðmismunurinn á milli 1. og 2. gæðaflokks er í kringum 10.4%, þ. e. a. s. að verðmismunurinn á 1. og 3. gæðaflokki, ef við tökum þá tvo, er talsvert mikið yfir 20%, og liggur í augum uppi, þegar hér er um útflutning að ræða, sem nemur hundruðum millj. kr., hversu gífurlegt tap það er fyrir landið og þjóðina, að flokkunarhlutföllin skuli vera þau, sem ég hef hér nefnt. Um skreiðina hef ég ekki fyllilega sambærilegar tölur, en ég hef þó fengið að vita frá áreiðanlegum heimildum, að af framleiðslunni 1959, skreiðarframleiðslunni, hafi milli 20 og 25% farið í það, sem þeir kalla úrkast, sem hvergi er söluhæft nema í gúanóverksmiðjur. Til dæmis um það, hvernig þetta hlutfall var áður, hef ég fengið upplýsingar um árið 1945 frá einum framleiðanda, sem framleiddi þá 160 tonn af skreið, en úr þessum 160 tonnum af skreið komu þá ekki nema 1200 kg af úrkasti, þ. e. a. s. hlutfallið var þá innan við 1%, sem nú er komið upp í milli 20 og 25%. Þetta eru svo hræðilegar tölur, að maður, eins og ég segi, kinokar sér við að nefna þær, og tjónið, sem þjóðin verður fyrir vegna þessarar þróunar og þessa ástands, er orðið svo mikið, að það má ekki lengur láta kyrrt liggja. Ég hef ekki tölur um hraðfrysta fiskinn, en það er mér þó kunnugt um, að kvartanir hafa komið um gæði þeirrar vöru og jafnvel að sendingum, sem sendar hafa verið til útlanda, hafi verið kastað og ekki fengizt fyrir þær neitt verð. Á öllum þessum sviðum hefur þess vegna orðið sú öfugþróun, að menn hafa nú um nokkurt árabil verið nokkuð áhyggjufullir yfir því, hvert þetta mundi leiða.

Íslenzki fiskurinn í sjónum er ein sú mesta gæðavara, sem hægt er að hugsa sér, og gæði íslenzka fisksins eru meiri og betri en hjá flestum af keppinautum okkar. Þetta lélega ástand á söluvarningnum, sem ég hef nú nefnt, er þess vegna ekki hráefninu að kenna, eins og það er, áður en veiðin fer fram, heldur er þetta ástand því að kenna, hvernig með fiskinn er farið, frá því að hann er veiddur og þangað til búið er að fullvinna hann.

Í fyrsta lagi hafa menn séð það, að nokkur hluti af ástæðunni fyrir þessu ófremdarástandi liggur í veiðiaðferðinni. Það er nú miklu meir en áður var lagt upp úr því að koma með mikið magn á land, en minna hirt um hitt, að varan sé góð. Er þar talin muna mestu sú þróun, sem orðið hefur yfir í miklu meiri netaveiði en áður var og þá nýju tegund neta, sem nú er notuð, nælonnetin, sem gerir það að verkum, að fiskurinn fari verr í þeim en í hampnetunum og baðmullarnetunum áður. En aðalvandræðin munu vera í því fólgin, að netaveiddi fiskurinn er ekki tekinn á land í mörgum tilfellum fyrr en hann er orðinn tveggja nátta gamall og í sumum tilfellum eldri. Þetta hefur gert það að verkum, að ástand fisksins, sem komið hefur verið á land, hefur verið fyrir neðan það í mörgum tilfellum, að fiskurinn væri nothæfur til vinnslu.

Fyrir viku birtust í blöðunum hér í höfuðstaðnum mjög athyglisverðar fregnir af þessu ástandi með stórum fyrirsögnum, og ég skal leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa eina eða tvær af þessum fréttagreinum, sem blöðunum bárust um þetta ástand í sumum veiðistöðvum.

Í Morgunblaðinu 23. þ. m. birtist grein með svo hljóðandi fyrirsögn: „Fiskurinn er óhæfur til vinnslu í fyrstihúsunum“ — og síðan segir áfram í greininni:

„Alvarlega horfir nú í frystihúsunum hér á staðnum,“ (það er í einni verstöð hér nærlendis) „og er ekki annað sýnna en að bráðlega nálgist stöðvun á vinnslu fisks þar. Nú um helgina, laugardag, sunnudag og mánudag, hafa um 580 lestir fisks borizt á land. Úr þeim hafa verið tíndar 42 lestir, sem hæfar hafa verið til vinnslu í frystihúsunum, hitt hefur farið í herzlu og lítils háttar saltað“ — þ. e. a. s. 42 lestir af 580 eða í kringum 8% og þó tæplega það reyndust vinnsluhæfar. Síðan segir áfram í greininni: „Þetta stafar af því, að í land kemur ekki annað en tveggja og þriggja nátta fiskur, þar sem bátarnir eru með fleiri net en þeir komast yfir að draga á sólarhring. Hefur þetta margvíslegar afleiðingar og veldur ófyrirsjáanlegu tjóni. Í fyrsta lagi missir á þriðja hundrað manns, sem vinnur í frystihúsunum, að verulegu leyti atvinnu sína. Í öðru lagi fæst miklu minna verð fyrir þann hluta aflans, sem ekki er unninn í frystihúsunum. Að ógleymdu því atriðinu, sem þó er að líkindum alvarlegast, að hráefnið, sem þó er unnið úr, er svo hæpið, að markaðsmöguleikarnir eru í stórri hættu“.

Þetta var grein, sem birtist í Morgunblaðinu 23. marz s. l. Síðan kemur einum eða tveimur dögum síðar viðtal við framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem segir um þetta, að ástandið á þessum stað, sem fyrri greinin talaði um, væri því miður ekkert einsdæmi. Í verstöðvum hér við Faxaflóa er ástand netafisksins mjög víða jafn-

slæmt og jafnvel verra en á þessum stað. Hér er um slíkt stórmál að ræða, að það hlýtur að snerta afkomu þjóðarinnar, ef ekki tekst að spyrna við fótum. Þetta sagði framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvarinnar í annarri blaðagrein um þetta mál.

Það er því alveg greinilegt og hefur verið nú um nokkurt skeið, að það verður eitthvað að gera til þess að kippa þessu í lag. Það verður að gera kröfur til þess, að sá fiskur, sem veiddur er, sé ekki eyðilagður í meðförunum, hvorki með veiðitækjunum, sem hann er veiddur í, ekki af skipunum eða skipverjunum, sem veiða hann, og ekki heldur af vinnslustöðvunum, sem fá aflann til meðferðar, þegar hann er kominn í land. Þó að ég hafi nefnt hér, að nokkuð af sökinni og kannske talsvert mikill hluti af sökinni liggi í því, að hér er um að ræða fisk, sem legið hefur dauður í netum tvo eða þrjá sólarhringa, þá eru hér vissulega mörg fleiri atriði, sem til greina koma. Meðhöndlun fisksins hefur á ýmsan hátt ekki verið eins og hún ætti að vera eða talið er að hún gæti bezt verið, og skal ég í því sambandi nefna t. d., að það hefur skort á víða, að blóðgun á fiskinum færi fram eins og þyrfti, í öðru lagi, að fiskurinn hafi verið stunginn meira en æskilegt hefði verið, og ýmislegt þess háttar, sem kemur þar til greina. Það hefur líka verið á það bent, að æskilegt væri, að fiskurinn, áður en hann kemur í land, jafnvel hvort sem hann er tekinn að landi að kveldi eða síðar, þá væri hann ísaður og betur með hann farið en nú tíðkast, jafnvel þó að um stuttan tíma sé að ræða frá því að hann er veiddur og þangað til honum er landað.

Þetta allt saman eru svo ísjárverðir hlutir, að það er tæpast hægt að komast hjá því að gera einhverjar ráðstafanir til þess að bæta hér úr. Hugsunin um að auka magnið á kostnað gæðanna er orðin svo rík, að það er ekki hægt að láta hana fara fram hjá sér, án þess að einhverjar ráðstafanir verði gerðar.

Ég skal ekki frekar ræða um ástandið eins og það er, þó að ýmislegt fleira mætti um það segja. En ég skal aðeins í framhaldi af þessu geta þess, að í sept. 1958 var skipuð n. til þess að athuga þessa hluti og gera tillögur til úrbóta. Eins og segir í skipunarbréfi n. 15. sept. 1958, var verkefni hennar að athuga gaumgæfilega, hvort rétt sé að taka upp mat á nýjum fiski, hvernig því yrði við komið, kostnað við framkvæmd þess og hvaða aðilar eigi að bera kostnaðinn. Það er sjálfsagt alveg rétt, sem ýmsir hafa haldið fram, að þess sé tæpast að vænta, að á þessu verði ráðin nein varanleg og veruleg bót, fyrr en gerður sé munur á verði hins góða fisks og hins lélega fisks. Á meðan sjómennirnir eða útgerðarmennirnir fái sama verð fyrir aflann, hvort sem þar er um að ræða úrvalsvöru, gæðavöru eða lélega vöru, þá sé þess tæpast að vænta, að bót fáist á ráðin. Þess vegna hefur þeirri skoðun verið að vaxa fylgi upp á síðkastið, að það beri að flokka fiskinn og greiða hann í hlutfalli við eða í samræmi við gæði hans, sem hefur ekki verið gert til þessa.

Þessi nefnd, sem skipuð var í sept. 1958, kom upp í samráði við fyrrverandi ríkisstj. nokkru eftirliti í tilraunaskyni, sem starfaði á vertíðinni 1959 í flestum verstöðvunum hér á Suðvesturlandi a. m. k. Umsjónarmaður þessa eftirlits var svo kostaður af ríkissjóði, en eftirlitsmennirnir aðrir, sem framkvæmdu eftirlitið, voru kostaðir af sölusamtökum fiskframleiðendanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og af Landssambandi ísl. útvegsmanna hins vegar, enda hljóta náttúrlega báðir þessir aðilar að hafa mjög ríkan áhuga á því að fá þessu máli kippt í betra horf. Árangurinn af þessu eftirliti varð nokkur. Hann var að verulegu leyti fólginn í fræðslu, bæði yfirmanns eftirlitsins og annarra, um meðferð á fiskinum og einnig í því að gera mönnum, sem með hann höndluðu á stöðunum, grein fyrir þeirri hættu, sem yfir vofði, ef þessum málum væri ekki gefinn nægilegur gaumur. Á grundvelli þessa tilraunaeftirlits, sem fram fór á vertíðinni 1959, og eftir nánari athugun á málinu skilaði n. síðan áliti um áramótin síðustu og gerði upp, hvað hún vildi leggja til að gert yrði. Þessar till. n. eru birtar sem fskj. með frv., og skal ég ekki rekja það, — hv. dm. geta þar séð, hvað n. hefur lagt til í því efni, — en á grundvelli þeirra tillagna hefur svo sjútvmrn. samið það frv., sem hér liggur fyrir.

Í þessu frv. er lagt til, að komið verði á fót stofnun, sem annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn í vinnsluna. „Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir," stendur í frv., en af ýmsum ástæðum er ekki gott að setja tímatakmörk um þetta, heldur verður að fara að þessu gætilega, á meðan þessi breyting er að komast á. Síðan er í frv. gerð grein fyrir því, hvernig yfirstjórn þessa ferskfiskeftirlits skuli skipuð, og segir um það í 3. gr., að þar skuli vera fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, skreiðarframleiðenda, fulltrúi S. Í. F. og ýmsir aðrir aðilar, sem þar eiga hlut að máli. Enn fremur er sjómönnum ætlað að eiga þar einnig hlut að og framkvæmdastjórnum viðskiptabankanna, sem veita útgerðarmönnum og fiskframleiðendum lán til starfsemi sinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir, að fiskmatsstjóri verði í þessu eftirliti og forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem hefur verið eiginlega, að segja má, primus mótor í öllum þessum athugunum og stjórnað þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Þessu fiskmatsráði, sem hefur verið lagt til að það verði nefnt, er síðan ætlað að endurskoða á næstu árum öll lög og reglugerðir viðvíkjandi mati, að úrskurða ágreining, sem rísa kann vegna framkvæmdar þess, og vinna að aukinni

fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvönduninni, og að lokum að skipuleggja í samvinnu við rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og láta framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávaraflans. Kostnaðurinn við þessa starfsemi er ætlazt til að verði greiddur af sjóði, sem sé í vörzlu fiskmatsráðs, er fái tekjur sínar af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem nemi 1‰ af fob-andvirði þeirra.

Ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikið og merkilegt mál að ræða, að það verðskuldi hina fyllstu athygli allra hv. alþm., og ég er viss um, að það er í samræmi við óskir bæði útvegsmannanna sjálfra og þeirra, sem að fiskvinnslustöðvunum standa, að hér verði tilraun gerð, svo að ég orði það nú ekki ákveðnar, til þess að reyna að komast út úr því ófremdarástandi, sem við erum nú að komast í og þegar komnir í að nokkru leyti í þessum málum öllum. Sú afturför, sem hér hefur átt sér stað, er beinlínis óhugnanleg, og ef svo heldur áfram sem horfir í þessu efni, án þess að nokkuð verði að gert, þá er að mínu viti stefnt í algert óefni.

Ég held, að ef allir aðilar, sem nefndir hafa verið til í þetta fiskmatsráð, til þess að stjórna ferskfiskeftirlitinu, koma sér saman og sýna af heilum hug viðleitni í því að reyna að bæta hér úr, þá væri talsvert að gert til þess að koma þessum málum í betra horf og að það væri a. m. k. stungið við fótum og tilraun gerð til þess að koma nauðsynlegum breytingum á.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Öllum hv. dm. er þetta mál sjálfsagt að meira eða minna leyti kunnugt, bæði af viðtölum við þá, sem um þessi mál hafa mest fjallað, útvegsmennina og þá, sem að vinnslustöðvunum standa, og þess vegna ekki nauðsynlegt að rekja það hér frekar, en ég vil vænta þess, að sú hv. n., sem málið fær til meðferðar, kynni sér hjá þessum aðilum, hvernig málin standa og á hvern hátt væri æskilegast úr að greiða. Ég held þó, að þetta frv., sem hér er lagt fyrir og byggist á till. nefndarinnar, sé rétt byrjunarspor í þessu máli og þess vegna beri að lögfesta það sem fyrstu tilraun til þess að koma lagi hér á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 411, 412).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til laga um ferskfiskeftirlit, sem hér er til 2. umr., hefur um nokkurt skeið verið til athugunar hjá sjútvn. hv. deildar. N. sendi málið til umsagnar ýmsum aðilum, sem hún taldi að það snerti sérstaklega, bæði hagsmunalega og á annan hátt í sambandi við störf og stofnanir.

Frv. þetta er byggt á till. nefndar, sem sjútvmrn. skipaði 15. sept. 1958. Það má því segja, að málið hafi haft allgóðan tíma til undirbúnings, en samt sem áður er ráðgert, að endurskoðun á lögunum fari fram að tveim árum liðnum með hliðsjón af þeirri reysnlu, sem þá verður fengin, en til þess er ætlazt samkvæmt frv., að verkefni fiskmatsráðs verði m. a. að endurskoða á næstu tveim árum lög og reglugerðir um fiskmat.

Allir eru sammála um, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem verði ekki lengur á frest skotið að gera raunhæfar aðgerðir í á einn eða annan hátt og sem líkast því, sem frv. felur í sér. Það er rætt um, hverjar séu orsakir þess, að meðferð og verkun fisksins hefur hrakað frá því, sem áður var, og þá um leið afleiðingar þess, sem því eru samfara, ef ekki tekst að stöðva þá óheillavænlegu þróun. Það er skoðun margra, að sú breyting, sem orðið hefur í seinni tíð á meðferð nýs fisks til hins verra, eigi m. a. rætur sínar að rekja til stríðsáranna. Þá var mikil eftirspurn eftir fiski, og svo til allur bátafiskurinn var þá seldur óverkaður og fluttur í ís til Bretlands. Fiskinum var þá oft skipað upp úr bátunum í stórar kasir, og tók aðgerðin stundum óhæfilega langan tíma, þar til henni hafði verið lokið og fiskinum komið fyrir í ís. Sjálft hráefni fisksins var þó oftast miklum mun betra þá en nú á sér stað, enda kom varla fyrir, að nokkur verstöðin við Faxaflóa eða við Snæfellsnes og víðar við land notaði önnur veiðarfæri en línu. Á þessu tímabili féll svo til öll önnur verkun fisks niður, og fjöldi sjómanna, sem voru aðaluppistaðan í sjómannastéttinni í stríðslok, hafði aldrei lært að fletja fisk í salt, skreið eða á annan hátt en gert var á stríðsárunum. Hitt er svo annað mál, að nú sérstaklega hin síðari ár er það fyrst og fremst síaukinni notkun nælonfiskinetanna um að kenna, hvað gæðum fisksins hefur hrakað. Aðalorsökin í því sambandi er talin vera sú, að bátarnir leggi miklu fleiri netatrossur í sjóinn en skipshafnir þeirra hafa tök á að vitja um daglega, en það leiðir hins vegar til þess, að mikið af fiskinum drepst í netunum og blóðhleypur og getur því aldrei orðið fyrsta flokks vara. Sumum kann að finnast, að hér sé vandinn auðleystur með því að lögbinda eða takmarka netafjölda báta, en það er álit margra, sem um þetta hafa mikið hugsað, að erfitt muni reynast að framfylgja slíkri löggjöf. Á tímabili var það einnig svo með línuna, að notkun hennar gekk úr hófi fram hvað línulengdina snerti. Þá var það, að sjómenn og útgerðarmenn bundu það í samningum sínum, að línan var takmörkuð við ákveðinn bjóðafjölda í hverjum róðri. Má vera, að heppilegast muni einnig reynast að hafa þann hátt á um takmörkun netanna, en án einhverra slíkra takmarkana er vart hugsanlegt að koma á neinni skynsamlegri skipan þessara mála.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli, sem er jafnnauðsynlegt að bæta. Skipin sjálf verða að vera vel búin til þess, að auðvelt sé að gæta fyllsta hreinlætis, bæði í lestum og á dekki, þar sem fiskurinn er geymdur. Sama er að segja um fiskvinnslustöðvarnar hvað hreinlæti snertir, og síðast, en ekki síst er það sjálf meðferð fisksins, að hann sé allt frá því fyrsta, að hann er innbyrtur í skipið, rétt með farinn, t. d. geta goggstungur af handahófi stórspillt hráefninu og svo er um fleira.

Sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með frv., að það verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefur leyft sér að bera fram á þskj. 412. Samkvæmt því verður fiskmatsráð skipað 7 mönnum í stað 6. Við höfum leyft okkur að leggja til, að einum manni verði bætt við og sé hann tilnefndur af heilbrmrh. Það er talið sjálfsagt, að ráðinu verði skipaður framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum hina daglegu yfirstjórn ferskfiskseftirlitsins. Loks leggur n. til varðandi tekjur af útflutningsgjaldi, að í staðinn fyrir 1‰ komi 1½‰. Það þótti sýnt að athuguðu máli, að 1‰ mundi verða allt of lítil upphæð til þess að standast kostnað vegna eftirlitsins, enda kom það fram sem ábending frá mörgum, sem leitað var til umsagnar, að umrætt gjald mundi ná skammt.

Þá hefur af vangá fallið niður brtt. við 2. tölul. 4. gr., að í staðinn fyrir orðið „fiskmats" komi: ferskfiskmats. Vil ég fyrir hönd nefndarinnar leyfa mér að bera þá brtt. fram skriflega nú við þessa umr., með leyfi hæstv. forseta.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um málið, en legg til, að hv. d. samþ. þær brtt., sem sjútvn. hefur leyft sér að bera fram, og frv. þannig breytt verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 449) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 412,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 449 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 412,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 412,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 16. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 450).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú um alllangt skeið verið kunnugt öllum þeim, sem einhverja þekkingu hafa á verkun og útflutningi sjávarafla í þessu landi, að gæðum framleiðslunnar hefur farið hríðhrakandi upp á síðkastið. Þetta er mikið alvörumál og getur orðið hættulegt fyrir þennan aðalatvinnuveg okkar, ef svo fer, að kaupendurnir verða hvekktir á því að kaupa frá okkur þessa vöru og leita frekar til annarra, vegna þess að gæðin séu lélegri hjá okkur en annars staðar.

Sem dæmi um þetta skal ég nefna það, að mér hefur verið tjáð af Fiskifélagi Íslands, að af útfluttum saltfiski frá ársbyrjun til 10. nóv. 1959 hafi aðeins 36½% lent í 1. flokki, 34.1% í 2. flokki og 23.2% í 3. flokki. Þegar þess er gætt, að verðhækkunin frá 3. flokki í 2. flokk er 11.6% og frá 2. flokki í 1. flokk er 10.4%, þá er glöggt, hversu gífurlega þýðingu það hefur fyrir framleiðsluna í heild, hver gæði fisksins eru.

Þetta er ekki einasta svo um saltfiskinn, því miður, því að nákunnugur maður skreiðarframleiðslu hefur tjáð mér, að af framleiðslu s. l. árs hafi milli 20 og 25% af útfluttri skreið farið í úrkast og ekki verið söluhæft, tilsvarandi tala fyrir 10—15 árum hafi verið innan við 1%. Sýnir þetta, hversu geysileg afturför hefur orðið í vöruvönduninni. Einnig hafa mér verið send frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna kvörtunarbréf, sem borizt hafa yfir framleiðslunni þar á hraðfrysta fiskinum, og þó að tölurnar séu ekki neitt svipaðar þessu, hefur þar verið um mjög miklar og hættulegar aðfinnslur að ræða á þeirri vöru, sem Sölumiðstöðin hefur annazt um sölu á.

Allt þetta stefnir í öfuga átt og mjög til baka frá því, sem var, þegar okkar saltfisksútflutningur, sem var eini fiskútflutningurinn, var í gamla daga talinn sú fyrirmyndarvara, sem í mörgum tilfellum a. m. k. bar af vöru keppinauta okkar. Það er því alveg sýnilegt, að hér verður að stinga við fótum, ef ekki á illa að fara.

Það eru sjálfsagt ýmsar orsakir til þess, að þetta er komið eins og komið er. En öllum vitnisburðum, sem ég hef heyrt, ber saman um, að mikill hluti af ástæðunum fyrir því, að svona er komið, sé meðferð hráefnisins, meðferð fisksins, frá því að hann kemur úr sjó og þangað til hann kemur í vinnslustöðvarnar, eða kannske réttara sagt meðferð hans, frá því að hann ánetjast í veiðitækjunum og þangað til hann kemur í frystihúsin eða til

vinnslustöðvanna. Frægt dæmi var það, sem nýlega gerðist hér í einni verstöðinni, þar sem aðeins lítill hluti aflans var talinn vinnsluhæfur, en mikið af honum var selt til fiskmjölsvinnslu. Þetta ástand er fyrst og fremst talið því að kenna, að hugsun þeirra, sem fiskinn veiða, beinist nú miklu meir en áður var að því að fá sem mest magn, en ekki að gæði þess fisks, sem veiddur er, séu eins og æskilegast væri. Þetta hefur komið fram sérstaklega í netaveiði, þar sem óhóflega mikið af netum er lagt í einu, ekki hægt að ná veiðinni saman á einum degi og fiskurinn þess vegna, þótt veðrátta sé í bezta lagi, látinn liggja í netunum meira og minna dauður lengur en góðu hófi gegnir og getur þess vegna ekki orðið vinnsluhæf vara, þegar hann kemur til vinnslustöðvanna. Það er þess vegna einn liðurinn í viðleitninni til þess að bæta úr þessu, að komið verði á laggirnar eftirliti með hráefninu, sem í vinnslustöðvarnar fer, svokölluðu ferskfiskeftirliti, og um það fjallar þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Síðari hluta ársins 1958 var skipuð nefnd til þess að athuga þetta mál, og hún hófst handa þegar á vertíðinni 1959 með tilraunaeftirliti í þessu skyni, eftirliti, sem var kostað bæði af vinnslustöðvunum og af Landssambandi ísl. útvegsmanna. En ríkið kom þar ekki að nema að litlu leyti. Þó að það væri þar með að nokkru leyti að vísu, þá var það tiltölulega lítill hluti af kostnaðinum, sem ríkið sjálft greiddi, en var samt mjög fylgjandi því, að þessi tilraun væri gerð. Ég hygg, að hún hafi gefið nokkra raun, og sérstaklega gaf hún vísbendingar um þá leið, sem hægt væri að fara í þessu máli til þess að bæta úr.

Þessi nefnd skilaði svo áliti sínu nú fyrir stuttu, nokkru eftir s. l. áramót, og þó það seint, að það var ekki útlit fyrir, að þetta eftirlit yrði tekið upp á vertíðinni, sem nú er nýlokið, enda er frv. fyrst nú að komast til endanlegrar afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Efnið er afar einfalt, og ég þarf ekki að rekja það. Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir, og aðalatriði til þess að ná árangri í þessu efni er það, að fiskurinn verði flokkaður eftir gæðum, þegar honum er skilað til vinnslustöðvanna, og að mismunandi verð verði greitt fyrir hráefnið eftir gæðum þess, en ekki eins og nú hefur verið, að allur fiskur sömu tegundar sé greiddur sama verði. Því aðeins að verðmismunur verði á fiskinum eftir gæðum, er talið mögulegt, að komizt verði fyrir þá galla í framleiðslunni á fyrsta stigi, sem hafa verið orsök þess lélega hráefnis, sem til vinnslustöðvanna hefur farið, og gert er ráð fyrir, að menn muni þá leitast við frekar en áður, þegar verðmismunur er kominn á þetta hráefni, að vanda vöruna betur. Það er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þetta verði greiddur af sjóði, sem sé í umsjá og vörzlu fiskmatsráðs, sem stofnað verður samkvæmt þessum lögum og á að hafa umsjón með framkvæmdinni, en tekna til sjóðsins verði aflað með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, er nemi 1½‰. Í frv. var upprunalega ákveðinn 1‰, en hefur verið hækkað í hv. Ed. upp í 1½.

Önnur breyting, sem gerð var í hv. Ed., en þaðan er frv. komið hingað til þessarar hv. d., var sú, að einum manni var bætt við yfirstjórn ferskfiskeftirlitsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar. Ég ætla, að allir hv. alþm., eins og aðrir, sem þessi mál kynna sér, séu sammála um að freista þess að fá ráðna bót á þessu ófremdarástandi, og ég held, að allir, sem nálægt þessum athugunum hafa komið, séu sammála um, að þetta sé eitt líklegasta ráðið, sem tiltækilegt er, að stofna til þess ferskfiskeftirlits, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 450, n. 524).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til laga um ferskfiskeftirlit á þskj. 233, svo og á þskj. 450, eins og það var sent þessari hv. d., nokkuð breytt af hv. Ed.

Frv. þetta var athugað af n. á tveim fundum, og á þessum fundum mættu þeir Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri og dr. phil. Þórður Þorbjarnarson, forstöðumaður rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, en báðir höfðu þeir setið í n., sem samdi þetta frv. Nm. ræddu við þá um hin ýmsu atriði í frv. þessu svo og almennt um fiskmat og vöruvöndun, og gáfu þeir nm. þær upplýsingar, sem þeir óskuðu eftir.

Nm. voru allir á einu máli um að mæla með samþykkt þessa frv., enda þótt einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, eins og segir í nál. á þskj. 524.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja einstakar greinar þessa frv., en grg. sú, sem fylgir frv., er mjög ýtarleg, svo og fylgiskjal það, sem er prentað með, en það eru tillögur og grg. n. þeirrar, sem sjútvmrn. skipaði í sept. 1958 til þess að semja þetta frv.

Þá gerði og hæstv. sjútvmrh. grein fyrir frv. og tilgangi þess í ræðu sinni hér í þessari hv. d. við 1. umr. málsins.

Með frv. þessu er hugsað að leggja inn á nýjar brautir í sambandi við mat, ef hægt er, þ. e. a. s. að framkvæmt verði gæðamat á fiskinum að staðaldri sem hráefni. Slíkt mat hefur ekki átt sér stað hingað til, þótt hins vegar hafi gilt um það reglur, þó sérstaklega

um útbúnað fiskiskipa og báta og aðgerðarstöðva, og svo um meðferð aflans, sbr. reglugerð, sem sett var skv. lögum um fiskmat frá 1948. Í reglugerð þessari er einnig gert ráð fyrir því, að hægt sé í einstökum tilfellum að gera ferskfiskmat á fiski, ef gæði hans stæðust ekki það, sem ætlazt var til af kaupanda fisksins. Einmitt þau atriði, sem ég nú gat um, er ætlunin að yfirfæra undir stjórn ferskfiskeftirlitsins, *eins og segir í þessu frv.*, ef það verður að lögum, og þessu eftirliti er ætlað að framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir.

Þá er ferskfiskeftirlitinu í frv. ætlað að endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir þær, sem eru í gildi um fiskmat.

Hinn 1. jan. s. l. voru liðin 50 ár síðan skyldumat var lögfest hér á landi. Þáverandi ráðh. Hannes Hafstein lagði fyrir Alþ. 1909 frv. til laga um fiskmat. Frv. þetta var samið og flutt samkv. þáltill., sem samþ. var á Alþ. 1908, og öðlaðist gildi 1. jan. 1910. Fyrsti vísirinn að opinberu fiskmati hér á landi var hins vegar fjárveiting sú, sem tekin var á fjárlög 1904 og 1905 til þess að launa tvo yfirfiskmatsmenn á gæðum fiskfarma, annan í Reykjavík og hinn á Ísafirði. Till. um þessa ráðstöfun kom frá stórkaupmannasamkundunni í Kaupmannahöfn og kaupmannaráðinu í Reykjavík, eins og segir í athugasemdum við frv. það, sem ég gat um áðan.

Yfirmat það, sem hér var um að ræða, var ekki skyldumat, það var aðeins kjörmat, og gátu útflytjendur ráðið því þar af leiðandi, hvort þeir notuðu matið eða ekki. Reynslan af þessu mati, meðan það var frjálst, var hins vegar sú, að fiskframleiðendur óskuðu fremur eftir því, að matið yrði lögboðið, enda var svo gert. Fyrstu lögin, sem giltu um fiskmat á útfluttum fiski, giltu eingöngu um útflutning á saltfiski til Spánar og Ítalíu, enda saltfiskur þá eina tegundin af fiski, sem flutt var út, og viðskiptalöndin Spánn og Ítalía.

Allt frá þessum tíma hefur þessi löggjöf að sjálfsögðu tekið miklum breytingum, eftir því sem nýting sjávaraflans hefur orðið fjölbreyttari og þróazt í það horf, sem hún er í dag. Nú gilda lög um fiskmat, sem skylda, að allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi og hefur komið hér á land, skuli metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra, en fiskmat ríkisins sá aðili, sem hefur mál þessi með höndum. Í dag munu flestir, ef ekki allir sammála um, að opinbert mat í einhverri mynd sé sjálfsagt og reyndar nauðsynlegt til þess að tryggja sem bezt sölu á hinum erlendu mörkuðum.

Sú hugmynd, sem fram kemur í frv., sem hér liggur fyrir, er vissulega mjög athyglisverð og ekki fram komin að ástæðulausu. Mjög hefur viljað brenna við hjá íslenzkum fiskframleiðendum, að vara sú, sem flutt er út, standist ekki það gæðamat, sem ætlazt er til, bæði af fiskmatinu, svo og eigendum vörunnar sjálfum. Það liggur í augum uppi, að það er ekki nema tvennt, sem getur valdið slíku, lélegt hráefni eða slæm meðhöndlun, nema hvort tveggja sé.

Í grg. þeirrar n., sem samdi þetta frv., er einmitt bent á þau atriði, sem geta verið orsakir lélegrar vöru, svo sem ónóg aðgæzla og umönnun aflans, bæði í skipum og verstöðvum. Þá er einnig bent á þá staðreynd, að eins og veiðiaðferðum er nú háttað og enginn eða lítill verðmismunur gerður á einnar nætur, tveggja eða þriggja nátta fiski, þá sé eingöngu hugsað um aflamagnið, en ekki gæði vörunnar, sem vinna á úr hráefninu. Í þessu sambandi langar mig til að skjóta því hér inn, að fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um takmörkun neta og veiðitíma með netum, sem ég er meðflm. að, en hv. 1. flm. till. hefur gert grein fyrir henni hér í Sþ. Teldi ég, að einmitt það mál, sem þar um ræðir, ætti væntanlegt ferskfiskeftirlit að láta sig miklu skipta, auk þess sem mér finnst persónulega, að athuga eigi, hvort ekki sé rétt að stytta mjög þann tíma, sem netaveiðar eru leyfðar, eða algerlega banna þær á *háhrygningartímanum*.

Þá er það eitt atriði, sem ég vildi ekki láta hjá líða að benda á í sambandi við gæðamat á fiskafurðum fluttum á erlendan markað, en það er hin svokallaða sólidariska ábyrgð, sem svo oft hvílir á öllum útflytjendum. Mér er kunnugt um, að sá háttur hefur verið á hafður hjá ýmsum sölusamtökum um tíma, en málum þannig komið nú, að það sé að breytast hins vegar í það horf, að hver einstaklingur taki meiri ábyrgð á sinni vöru. Mér er hins vegar ljóst, að það eru vissir erfiðleikar í sambandi við útflutning í þessu tilfelli, að skemmd vara getur komið fram, enda þótt hún hafi farið heil úr höfn, og hér stafa þá af skemmdir í sambandi við flutninginn til viðkomandi sölustaðar. Engu að síður er þetta atriði, sem væntanlegt ferskfiskeftirlit þyrfti að taka til athugunar í sambandi við heildarlöggjöfina.

Ég ætla hér ekki að dæma um það, hvaða form er hentugast að hafa í framtíðinni, hvort hér á að vera um að ræða matsmenn, sem kostaðir eru af ríkinu sjálfu eða hins vegar af fiskframleiðendum. Ég vil þó mega geta þess, að fyrir hv. sjútvn. þessarar d. hefur legið erindi frá fiskmatsmönnum í Hafnarfirði, þar sem þeir óska, að leiðréttíng eða breyt. sé gerð á fiskmatslögunum. Við höfum að sjálfsögðu talið eðlilegast, að þessi breyt. eða þessi athugun verði send til ferskfiskeftirlitsins, sem hefur þessi mál samkvæmt frv. til athugunar, þegar endurskoðuð verði þessi löggjöf.

Þá sýnist og eðlilegt, að þegar ferskfiskeftirlitið tekur til starfa, eins og vonir standa til, þá verði gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að styrkja og koma á betri vöruvöndun hjá þeim aðilum, sem framleiða fiskafurðir. Það sýnist því eðlilegt, að upp verði tekin sem skyldunámsgrein í stýrimannaskólanum kennsla í *meðferð og verkun fiskaflans, eins og kemur* fram í nál. sjútvn., svo og í frv. því, sem hér var lagt fyrir.

Það liggur í augum uppi, að þjóð, sem byggir jafnmikið lífsafkomu sína á sjávarfangi og

við Íslendingar, verður að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að vanda sem bezt þá vöru, sem unnin er úr sjávarafurðum, til þess að við verðum sem bezt samkeppnisfærir á erlendum mörkuðum. En eins og kunnugt er, eru um eða yfir 90% af öllum útflutningsafurðum okkar sjávarafurðir. Það er ekki nægjanlegt að tryggja okkur réttinn til þess að veiða fiskinn, ef varan, sem við ætlum að vinna úr honum, er skemmd og óhæf til sölu á erlendum markaði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 580).

---

29. Fjáraukalög 1957.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1957 [134. mál] (stjfrv., A. 331).

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1957 hefur verið endurskoðaður og prentaður, og fyrir Alþingi hefur verið lagt frv. til laga um samþykkt á þeim reikningi. Það frv. liggur fyrir hv. Ed. og er þar til athugunar í fjhn. Í samræmi við ríkisreikninginn og athugasemdir yfirskoðunarmanna hefur svo verið samið frv. það til fjáraukalaga, sem hér liggur fyrir, og legg ég til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 331, n. 508).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn 1957 og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem tilgreind er á þskj. 508.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 508 samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 543).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 598).

---

30. Ríkisreikningurinn 1957.

Á 63. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957 [135. mál] (stjfrv., A. 332).

Á 64. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957. Tekjur ríkisins voru áætlaðar í fjárlögum það ár 811.6 millj. kr., en fóru 99.5 millj. fram úr áætlun og urðu því 911.1 millj. kr. Greiðslur úr ríkissjóði voru áætlaðar í fjárlögum 810.3 millj. kr., en gjöldin fóru fram úr áætlun um 107.8 millj. kr. og urðu því samtals 918 millj. Í fjárlögum hafði verið gert ráð fyrir greiðsluafgangi að upphæð tæplega 1.3 millj. kr., en niðurstaðan var greiðsluhalli, sem nam tæpum 7 millj. kr.

Ríkisreikningurinn fyrir þetta ár hefur verið endurskoðaður að vanda af yfirskoðunarmönnum, og gerðu þeir athugasemdir í 38 liðum við reikninginn, og eru þær athugasemdir birtar í reikningnum á bls. 220—228.

Eftir að fjmrn. hafði leitað umsagna hlutaðeigandi stofnana og starfsmanna varðandi þessar athugasemdir, en þau svör eru svo birt í framhaldi af þessu, gerðu yfirskoðunarmenn tillögur, sem eru á bls. 245—250, út af þessum athugasemdum og svörum við þeim.

Flestar till. yfirskoðunarmanna eru á þá leið, að athugasemdirnar eru ýmist taldar til eftirbreytni eða athugunar framvegis eða sagt, að við svo búið megi standa að fengnum upplýsingum, og um eina þeirra, að athugasemdinni sé fullnægt með svarinu, en um tvö atriði vísa yfirskoðunarmenn til aðgerða Alþingis. Það eru í fyrsta lagi athugasemdir þeirra nr. 7—14, sem allar fjalla um ríkisútvarpið, en yfirskoðunarmenn gagnrýna, að sú stofnun

hafi eytt verulegum fjármunum umfram fjárlög. Eftir að menntmrn. hafði svarað þessum athugasemdum yfirskoðunarmanna með því að senda grg. útvarpsstjóra, segja yfirskoðunarmenn um þetta atriði:

„Eins og athugasemdirnar bera með sér, fer þessi stofnun sínu fram um fjáreyðslu án tillits til fjárlaga og hefur auk þess lánað fé, sem ekki hefur tekizt enn að innheimta, eins og áður hefur verið á bent. Málinu er vísað til aðgerða Alþingis."

Hitt atriðið er 31.—32. athugasemd, varðandi Tryggingastofnun ríkisins, en þar höfðu yfirskoðunarmenn aðfinnslur, bæði út af því, hversu mikil væru vanskil ýmissa sveitar- og bæjarfélaga gagnvart Tryggingastofnuninni, og innheimta á útistandandi skuldum ýmsum hjá Tryggingastofnuninni, m. a. vegna lánveitinga, þykir ganga heldur erfiðlega. Út af þessu segja yfirskoðunarmenn:

„Tryggingastofnun ríkisins hefur svarað athugasemdunum með glöggum og greinilegum skýrslum, sem bera það með sér, að hér er um mikið vandamál að ræða. Sýnist hæpið, að heppileg lausn fáist á því án afskipta Alþingis. Er málinu vísað til aðgerða Alþingis."

Ég tel rétt að vekja athygli á þessum tveim málum, sem yfirskoðunarmenn vísa sérstaklega til aðgerða Alþingis.

Varðandi svör fjmrn. við athugasemdum yfirskoðunarmanna skal ég að öðru leyti benda á svo hljóðandi athugasemd á bls. 244:

„Fram skal tekið, að núv. fjmrh. hafði ekki með höndum framkvæmd þessara mála á því tímabili, sem hér um ræðir, en að sjálfsögðu munu ábendingar og athugasemdir yfirskoðunarmanna verða gaumgæfilega athugaðar."

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 491).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1957. Eins og nál. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það eru þó nokkur atriði, sem ég vildi vekja máls á hér við þessa umr., þó að engin þeirra séu þess eðlis, að þau gefi tilefni til sérstakra brtt. við frv. þetta, enda er það, eins og það ber með sér, um samþykkt á reikningi frá 1957 og því ekki um að ræða að gera neina breyt. á honum, úr því sem komið er, heldur er um atriði að ræða, sem varðar framtíðina.

Varðandi form reikningsins sjálfs eru tvö atriði, sem ég vildi minnast á og ég tel ábótavant. Annars vegar er það atriðið, að eins og ríkisreikningur er upp settur, þá er mjög erfitt um vik og raunar næstum ómögulegt að finna út úr honum, hver er raunverulegur greiðslujöfnuður, þ. e. a. s. greiðsluafgangur eða greiðsluhalli. Þetta munu menn sannfærast um eftir athugun ríkisreikninga fyrir þau ár, sem greiðsluafgangur ríkissjóðs var mikill og ákveðinni fjárhæð var varið til tiltekinna þarfa. Þær tölur, sem þá eru taldar greiðsluafgangur, eru ekki finnanlegar í ríkisreikningi nema með alveg sérstöku uppgjöri hans, sem er ekki á færi nema fagmanna að gera. Nú vil ég taka það skýrt fram, að með þessum orðum mínum er ég ekki á neinn hátt að finna að hinni reikningslegu uppsetningu ríkisreiknings frá hálfu ríkisbókhaldsins, því að að sjálfsögðu er hann, eins og hann er uppsettur, réttur frá faglegu sjónarmiði. En ég hef áður hér við umr. um fjárlög bent á þetta atriði, sem ég teldi að væri mjög nauðsynlegt að *kæmist í lag og það fylgdi ríkisreikningi hverju* sinni sérstakt uppgjör, þar sem hægt væri að sjá, hvernig hin raunverulega útkoma er að þessu leyti. Þetta hefur verið útbúið fyrir hvert einstakt ár, er mér kunnugt um, í ríkisbókhaldinu, en hefur hins vegar ekki verið látið fylgja ríkisreikningi.

Þá er annað atriði, sem hvað eftir annað hefur valdið miklum árekstrum milli fjvn. annars vegar og fjmrn. hins vegar. Það er um uppsetningu á 20. gr., eignahreyfingagreininni. Þessi ágreiningur hefur verið um það, að hve miklu leyti væri ástæða til þess að fá aukafjárveitingar fyrir útgjöldum á 20. gr. Ég hygg, að það sé auðið að setja 20. gr. upp á þann veg, að um þetta geti naumast verið ágreiningur, og væri það mjög æskilegt í framtíðinni, að sú breyt. yrði gerð á uppsetningu greinarinnar.

Þetta eru hin tvö formsatriði varðandi ríkisreikninginn, sem ég sérstaklega vildi benda á. Hinu er ekki að leyna, að það eru vitanlega ýmis önnur atriði í sambandi við uppbyggingu ríkisreiknings, sem kemur til álita að breyta, og það er auðvitað þá í nánu sambandi og samræmi við, hvernig fjárlög eru á hverjum tíma upp byggð. Hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá því í sambandi við umr. um fjárlög, að hann telji nauðsynlegt að gera hér breyt. á, og vænti ég þá, að þessi tvö atriði, sem ég hef hér sérstaklega minnzt á, komi þar til athugunar m. a.

Svo sem hv. þdm. vita og sjá á ríkisreikningnum, fylgja honum aths. yfirendurskoðunarmanna ríkisins, svör ráðuneytanna við aths. þeirra og svo loks tillögur yfirskoðunarmanna eftir að hafa fengið þessi svör ráðuneytanna. Það hefur oft verið rætt um það hér á Alþ., hvernig bregðast eigi við þeim aths., sem bornar eru fram af hálfu yfirskoðunarmanna, og hefur það stundum verið gagnrýnt, að þeir hafi lítið gert til þess að fylgja sínum tillögum eftir. Nú er því þar til að svara, að vitanlega er það ekkert skilyrði, að yfirskoðunarmenn eigi sæti á Alþ., enda er það ekki nema stundum, sem þeir hafa átt það, þannig að raunverulega verður ekki sú krafa til þeirra gerð, að þeir fylgi málinu fram á Alþ. Það

hlýtur því að koma til athugunar hverju sinni í fjárhagsnefndum þingsins, að hve miklu leyti Alþingi getur haft afskipti af þeim aths., sem yfirskoðunarmenn telja að þörf sé að gera, eftir að þeir þó hafa fengið svör rn. Það hefur verið venja, að þeir hafa um ýmis atriði þessara athugasemda sinna vísað til aðgerða Alþingis, en um önnur hefur verið tekið fram, að þau væru til athugunar framvegis. Þar sem um það er að ræða, að aths. séu til athugunar framvegis, verður í flestum tilfellum að líta svo á, að það séu ábendingar til fjmrn. og viðkomandi ráðuneyta um að haga þeim málum á þann veg, sem yfirskoðunarmenn telja þurfa að gera, en þar sem um er að ræða, að óskað sé aðgerða Alþ., ber væntanlega að líta svo á, að það sé af hálfu yfirskoðunarmanna talið nauðsynlegt, að af hálfu þingsins sjálfs séu gerðar einhverjar skipulagsbreytingar eða ráðstafanir til úrbóta.

Í þessum ríkisreikningi er aðeins að finna tvö atriði, sem vísað er til aðgerða Alþingis. Önnur aths., sem raunar er margar aths., en þær varða eina ríkisstofnun, er um ríkisútvarpið. Yfirskoðunarmenn hafa ár eftir ár gert margar aths. við útgjöld ríkisútvarpsins og telja, að þeim sé haldið harla lítið innan við ramma fjárlagaáætlunar, og er það vissulega rétt, að það hefur oft og tíðum verið svo, að ríkisútvarpið hefur farið allmikið fram úr áætlun. Hins vegar hygg ég, að það sé nokkrum erfiðleikum bundið fyrir Alþingi að hafa afskipti af því máli. Það hlýtur að verða hlutverk þess rn., sem ríkisútvarpið heyrir undir, að gæta þess, að útvarpið fylgi áætlunum fjárlaga, því að enda þótt ríkisútvarpið hafi sínar tekjur, ber því að sjálfsögðu alveg eins og öðrum stofnunum ríkisins að fylgja þeim útgjaldaáætlunum, sem fjárlög gera ráð fyrir. Á það er bent í aths. við ríkisútvarpið, sem er næsta einkennilegt, að útistandandi afnotagjöld þess hafi í árslok numið rúmum 2 millj. kr., og er þar vert að benda á, að það er kvartað yfir því sérstaklega í svörum útvarpsstjóra, að innheimtumenn ríkissjóðs standi ýmsir illa í skilum við ríkisútvarpið og geri seint upp. Þessu ætti vitanlega að vera hægt að kippa í lag og verður vonandi tekið til athugunar. Annað atriði er það, sem vissulega er ástæða til þess að taka til athugunar, en það eru lánveitingar þær, sem stundaðar hafa verið úr byggingarsjóði ríkisútvarpsins, sem er allstór sjóður. Hann hefur í árslok numið rúmum 7 millj. kr., en af því er útistandandi um 1.8 millj. kr. í verðbréfum, og það furðulega er, að af þessum verðbréfum er töluvert mikið í vanskilum, þó að hér sé fyrst og fremst um byggingarlán að ræða með ríkisábyrgð, jafnvel allt frá árinu 1951. Það er auðvitað ekki hægt að segja um það nú, hvort þetta er komið í lag eða ekki, en það er auðvitað fráleitt með öllu, að lán sem þessi þurfi eða eigi að vera í vanskilum. Og raunverulega er það svo, bæði með framkvæmdasjóð útvarpsins og einnig með húsbyggingarsjóð Áfengisverzlunar ríkisins, sem er stór sjóður einnig, að það er mjög óeðlilegt, að verið sé að veita lán úr þessum sjóðum, a. m. k. til langs tíma, því að að sjálfsögðu eiga þeir að vera handbærir, þegar hafizt verður handa um byggingu fyrir þessar stofnanir.

Hitt atriðið, sem vísað er til aðgerða Alþingis, er í sambandi við innheimtumál Tryggingastofnunar ríkisins. En þar segir, að um árslok hafi verið útistandandi þar um 44.5 millj. kr., sem vissulega er mjög há upphæð. Það er ekki heldur ljóst, að Alþ. geti hér á haft mikil áhrif, nema það sé beinlínis ætlazt til þess, að Alþ. að einhverju leyti taki yfir á ríkissjóð þessi útgjöld, sem ég geri þó naumast ráð fyrir, enda þyrfti það mál að sjálfsögðu allt að rannsakast með endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, og af þeim sökum er ekki sjáanlegt, að hægt sé á þessu stigi að gera neinar ákveðnar tillögur um það efni. Auðvitað er það hins vegar ljóst, að það er hið mesta nauðsynjamál, að þessum innheimtum sé komið í sem bezt horf og þess gætt, að ekki safnist þarna fyrir stórkostlegar skuldir. Sé það svo, að þessum aðilum, sem byrðarnar eru á lagðar, sé gersamlega um megn að rísa undir þeim gjöldum, sem þeir eiga að greiða, hlýtur að sjálfsögðu að því að koma, að það verði að takast til endurskoðunar, hvernig allt það fjármálakerfi er upp byggt. En það verður vitanlega að gerast í sambandi við lögin um almannatryggingar sem slík, en ekki sérstaklega í sambandi við þetta mál.

Það er eitt atriði, sem mér þykir næsta undarlegt að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings skuli ekki gera neinar aths. við, og það eru útgjöld samkv. 19. gr. fjárlaga, 3. lið, óviss útgjöld. Að þeim útgjöldum er ekki vikið í aths. yfirskoðunarmanna, en hér er um útgjöld að ræða, sem talin eru upp á rúmum 4 blaðsíðum í ríkisreikningi. Það má auðvitað endalaust um það deila, að hve miklu leyti sé eðlilegt að inna af hendi útgjöld, sem hér um ræðir. En ég vil þó hiklaust halda því fram, að stórar fjárfúlgur af þessum útgjöldum hafi ekki verið eðlilegt að fjmrn. samþ. að greiða án heimildar í fjárlögum. Þarna er um að ræða útgjöld mörg, sem eru nákvæmlega sams konar og hér er fjallað um í Alþ. við afgreiðslu fjárlaga, og það er vitanlega jafneðlilegt, að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin afstaða til þessara útgjalda eins og þeirra, sem þar hafa komið til meðferðar hverju sinni, og óeðlilegt, að hægt sé af hlutaðeigandi aðilum eða félagasamtökum, eftir að fjárlög eru afgr., að fara beint með þau mál til viðkomandi rn. eða til fjmrn. og fá greitt úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Það er t. d. hægt að benda á, að í þessum ríkisreikningi frá 1957 eru veittir styrkir til þess að sækja milli 20 og 30 erlendar ráðstefnur og mót, sem ólíklegt er að hafi borið svo bráðan að, að ekki hafi verið hægt að sækja um slíkar fjárveitingar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, enda eins og menn vita, þá koma oft einmitt slíkar umsóknir þá til meðferðar og eru þá metnar eftir því, sem efni standa til, svo sem eðli-

legt er. Þessar fjárhæðir eru að vísu ekki háar í flestum tilfellum og nema samtals rúmum 186 þús. kr., en ég held, að það sé ekki rétt að hafa þann hátt á að greiða styrki til að sækja ráðstefnur með þessum hætti.

Þá eru enn fremur nokkrir tugir utanfararstyrkja, sem nema samtals 220 þús. kr. og greiddir hafa verið algerlega án heimildar í fjárlögum. Einnig það atriði verður að teljast mjög hæpið.

Það eru auðvitað margs konar útgjöld í þessari grein, sem eðli málsins samkvæmt er óðlilegt að þar færðust og ekkert við að segja. Það er t. d. kostnaður við undirbúning ýmissa lagafrv., málskostnaður og ýmis önnur gjöld, sem ríkissjóður hefur orðið að inna af hendi, en ekki hafa verið sérstakar fjárveitingar til. En þessi tvö atriði vildi ég minnast á, sem mér finnst vera mjög hæpið að eigi að afgreiða á þennan hátt, heldur eigi að koma til athugunar hverju sinni við meðferð fjárlaga. Og raunar er svo um marga aðra styrki í þessari grein, styrki til einstakra félagasamtaka og ýmsa aðra styrki, sem allt of langt mál yrði að rekja sérstaklega. Það má segja, að þetta sé ef til vill sparðatíningur, að vera að finna að þessu, þar sem hér sé um mjög smávægilegar upphæðir að ræða, miðað við heildarútgjöld fjárlaga, en það er þó engu að síður rétt að vekja athygli á þessu vegna þess, að ef inn á þessar brautir er farið, þá gætu þessar upphæðir alveg eins numið milljónum eins og hundruðum þúsunda. Þetta tel ég nauðsynlegt að verði tekið til athugunar í framtíðinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um ríkisreikninginn, þó að vissulega væri margt, sem fróðlegt væri að minnast á í því sambandi, en ég leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði honum vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Nd., 25. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 578).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957. Frv. er komið frá Ed. og hefur þar verið samþykkt óbreytt. Fjhn. hv. d. hefur athugað frv. og borið það tölulega saman við ríkisreikninginn, og eins og nál. ber með sér, voru allir viðstaddir nm. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 3. þm. Reykv., var fjarstaddur.

Ríkisreikningurinn hefur fengið venjulega endurskoðun yfirskoðunarmanna, og gerðu þeir 38 aths., sem birtar eru í reikningnum á bls. 220—228, en eftir að leitað hafði verið umsagnar og skýringar hlutaðeigandi stofnana og ráðuneyta, telja skoðunarmenn flestar þeirra þó ekki stórvægilegar, og eru aðgerðir þeirra eða tillögur yfirleitt ábendingar til eftirbreytni eða athugunar í framtíðinni.

Tveimur aths. vísa þeir þó til aðgerða Alþingis. Er önnur þeirra um það, að gjöld ríkisútvarpsins hafi farið verulega fram úr ákvæðum fjárlaga. Það er vissulega rétt, þau hafa farið um 10% fram úr áætlun, og er það út af fyrir sig ekki til fyrirmyndar, en það er á það að líta, að tekjur þess hafa líka farið fram úr áætlun og víðar er pottur brotinn í þessu efni, þar sem tekjur ríkisins og gjöld í heild hafa farið mjög verulega fram úr áætlun. Þegar á það er litið, virðist ekki þörf sérstakra aðgerða af hálfu Alþ. gegn þessari stofnun fremur en ýmsum öðrum. Ábendingin á hins vegar almennt rétt á sér, og verður að vænta þess almennt, að ráðuneytin fylgi því betur eftir, að fjárlögum sé fylgt, þó að það kunni að vera nokkrum erfiðleikum bundið á verðbólgutímum, eins og við höfum búið við, ekki sízt hjá stofnunum, sem eru í örum vexti og vaxandi kröfur eru gerðar til.

Hin till. um aðgerðir Alþingis er varðandi miklar útistandandi skuldir eða óinnheimtar tekjur Tryggingastofnunar ríkisins. En þær eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til vanskila bæjar- og sveitarfélaga. Kemur það glöggt fram, að þetta á ekki á neinn hátt rót sína að rekja til vanrækslu stofnunarinnar, enda er innheimtan utan Reykjavíkur alls ekki í höndum hennar, heldur innheimtumanna ríkissjóðs. Hefur hlutaðeigandi innheimtumönnum verið skrifað ár eftir ár og skorað á þá að beita öllum lögheimiluðum innheimtuaðgerðum til þess að fá úr þessu bætt, og afrit af þeim bréfum hafa verið send viðkomandi rn., svo að það hefur getað fylgzt með allri framvindu þeirra mála. Yfirskoðunarmenn geta þess líka, að stofnunin hafi svarað með glöggum og greinargóðum skýrslum, en benda á, að hér sé um mikið vandamál að ræða. Er hér vafalaust átt við efnahagsörðugleika ýmissa sveitarfélaga, og er það vissulega í verkahring hv. Alþ. að huga að þeirri hlið málsins, ef um er að ræða lítt viðráðanlega erfiðleika fyrir sveitarfélögin sjálf. Úr því verð-

ur þó varla leyst í sambandi við mál það, sem hér liggur fyrir, sjálfa samþykkt ríkisreikningsins. Má einnig á það benda, að á yfirstandandi þingi hefur verið afgreitt hér frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tekjustofnar sveitarfélaga eru í sérstakri athugun hjá mþn., sem væntanlega skilar áliti í haust.

Ég tel ekki ástæðu til þess að gera þessu máli frekari skil og vísa að öðru leyti til athugasemda yfirskoðunarmanna, sem eru glöggar og greinargóðar. Fjhn. hefur, eins og ég gat um, borið niðurstöður frv. tölulega saman við ríkisreikninginn, og leggur n. til eða þeir nm., sem viðstaddir voru, að frv. verði samþ. óbreytt að lokinni þessari umr. og vísað til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Fyrst svo hittist á, að ég er hér staddur, þegar meðferð þessa reiknings fer hér fram, þykir mér ástæða til að segja nokkur orð.

Eins og þm. hafa veitt athygli, er þessi reikningur fyrir árið 1957 og því nokkuð langt um liðið, frá því að þeir atburðir gerðust, sem reikningurinn ber með sér. Ég skal geta þess, að við yfirskoðunarmenn höfum lokið yfirskoðun á reikningnum fyrir 1958 fyrir rúmum tveimur mánuðum, en reikninginn fyrir 1959 höfum við að venjulegum hætti ekki séð enn.

Það er svo jafnan um ríkisreikning, að hann er gleggsta sönnunin um fjárstjórnina á því ári, sem hann nær yfir, og um þennan ríkisreikning er það að segja, að hann er hæsti og að sumu leyti ljótasti reikningur, sem við höfum séð hér á Alþingi. Sannleikurinn er sá, að oft undanfarin ár, ár eftir ár, hefur það gerzt, að reikningsupphæðirnar hækka ár frá ári stórkostlega, og fyrir okkur yfirskoðunarmenn er það engan veginn geðfellt, þegar við erum að starfi og að gera aths. við ýmsar umframgreiðslur o. s. frv., að vita alltaf um það, að á næstu grösum, á næsta ári sé annað verra til en það, sem við erum með. Sannleikurinn er líka sá, að reikningurinn fyrir árið 1958 er töluvert hærri, eyðslan enn meiri en á árinu 1957.

Þau fjáraukalög, sem fylgja þessum reikningi, sem hér er til meðferðar, eru upp á 108 millj. kr., sem eru umframgreiðslur frá fjárlögum. Og þó er þess að geta, að fjárlögin fyrir árið 1957 voru 155 millj. hærri en fjárlögin fyrir árið 1956, svo að upphæðin, sem hækkunin er frá fjárlögum 1956 og til reikningsloka 1957, er hvorki meira né minna en 263 millj. kr. Nú er það svo, að það eru tvö meginatriði, sem við yfirskoðunarmenn höfum bæði á þessu ári og endranær lagt áherzlu á að fara í gegnum. Annars vegar eru það umframgreiðslurnar frá fjárlögum, sem sýna, að öll sú vinna, sem Alþ. á hverju ári leggur í það að undirbúa og afgreiða fjárlög, er ekki virt nema mjög takmarkað og allra sízt af sumum stofnunum, sem haga fjárreiðum sínum á þann máta sem engin fjárlög væru til og jafnvel enginn fjmrh. til. Hitt atriðið, sem er mjög iskyggilegt í þessu sambandi og sýnir, á hvaða leið við erum komnir, er það, hve alltaf fer sívaxandi það, sem er óinnheimt af tekjum ríkisins og stofnana þess. Og það er einmitt í allri fjárreiðu og reikningsskilum gleggsta sönnunin fyrir óreiðu. Sem sagt, það er eitt gleggsta óreiðumerki, sem um er að ræða, hvort sem hlut á að máli opinber stofnun, verzlun eða hvað annað.

Ég hef lagt það saman á þessum reikningi samkv. okkar aths., sem hv. alþm. hafa sjálfsagt lesið, hvað það er mikið, sem stofnanir ríkisins og starfsgreinar eiga í árslok 1957 óinnheimt af sínum tekjum og á að vera komið inn. Og þetta er hvorki meira né minna samtals en 165 millj. kr. Mönnum kann að þykja þetta ofboðsleg upphæð, og það er hún. Ég sagði hér í ræðu um daginn, að ég hefði gert mér hugmynd um, að þetta væru 150 millj. Ég hafði þá ekki lagt þetta nákvæmlega saman, en eftir nákvæman samanburð er þetta fyllilega 165 millj. kr., sem er óinnheimt. Stærstu liðirnir á þessum lista eru þessir: Það er óinnheimt af sköttum og tollum hjá innheimtumönnum ríkisins: sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóra, 45.9 millj. kr., og þó hefur verið fellt niður sem ófáanlegt á þessu ári nokkuð á fjórðu millj. kr. Hjá Landssímanum er þetta 14.3 millj., hjá tóbakseinkasölunni 9.7 millj., hjá flugmálunum 3.6 millj. Og svo kemur stærsta og iskyggilegasta upphæðin, og það er Tryggingastofnun ríkisins, en hún á óinnheimt í árslok sjálf um 44.5 millj. kr., og þeir sjóðir, sem hún hefur með að gera, sem eru lífeyrissjóðir og atvinnuleysistryggingasjóður, þar er óinnheimt fullar 25 millj. kr. Þetta eru stærstu upphæðirnar, sem hér er um að ræða, og hvernig sem á það er litið, þá er það mjög iskyggilegt mál, hvernig þetta er komið. Það lakasta í þessu efni frá mínu sjónarmiði a. m. k. er það, að innheimtan kemur þannig fyrir sjónir, að annaðhvort sé hún hlutdræg eða það sé mjög mikill mismunur á því, hvað þeir menn, sem hafa með þetta að gera, ganga hart eftir eða hvað mikil skilsemi á hinn bóginn er hjá þeim, sem eiga að greiða. Það hefur t. d. ár eftir ár komið glöggt fram, að hjá sumum sýslumönnum er innheimt svo að segja allt, hjá öðrum er þetta þveröfugt, og mismunurinn er ákaflega mikill. Þó er enn alvarlegra ástandið hjá Tryggingastofnun ríkisins, því að það má segja, að eftir því sem þeir reikningar líta út, þá sé sú starfsemi komin úr böndunum, vegna þess að allir þessir tugir milljóna, sem þarna er óinnheimt, sýna það, að annaðhvort er ólag á stjórn þessarar stofnunar ellegar þá að búið er að leggja á svo há gjöld, að það er ekki mögulegt að innheimta þau. Og það lakasta í því er þetta, að sum bæjar- og sveitarfélög hafa ekki borgað neitt af árstillaginu og jafnvel meira sums staðar óinnheimt en árstillagið allt, önnur, bæði sýslufélög og sveitarfélög, hafa greitt allt, og fjöldi einstaklinga, sem eiga

að borga til þessarar stofnunar, hefur greitt öll sín gjöld, en hjá hinum er skuldin mjög ískyggileg.

Nú er það svo, að þegar við erum að verki, sem erum yfirskoðunarmenn og þið vitið að erum fulltrúar þriggja flokka, þá verður að vera samkomulag um okkar aths. okkar á milli og okkar till. til úrskurðar, eftir að við höfum fengið svör frá ráðh. En við höfum haft reynslu fyrir því á undanförnum þingum, að hvað oft sem við gerum aths. við einstök atriði eða fjárreiður einstakra stofnana, þá er ekkert tillit til þess tekið, hvorki á Alþ. né í stofnuninni sjálfri, heldur haldið áfram ár frá ári sömu ósiðunum, hækkaðar fjárveitingar og svo allt látið reka á reiðanum með stjórnina.

Eitt af því, sem er mjög athyglisvert, er það, að sumar stofnanir ríkisins, og á ég þá ekki síst við áfengisverzlun og ríkisútvarp, hafa á undanförnum árum lánað úr sjóðum sínum til félaga og fyrirtækja, og þau lán gengur mjög illa að innheimta. Þau eru sum hver í vanskilum frá því 1951 og 1952, og þeim, sem stjórna þessum fyrirtækjum, gengur mjög illa að fá á þeim skil. Þeir, sem þarna eiga hlut að máli, bera það fyrir sig, þegar við höfum gert aths., — og ég held, að það séu nú kannske ekki nein ný lán, nema eitt hálfrar millj. kr. lán, sem veitt hefur verið til útgerðar á Austfjörðum, ný lán á þessu ári 1957, — en þeir forstjórar og aðilar, sem þarna hafa verið að verki, bera það oftast fyrir sig, þegar við höfum fundið að þessum útlánum, að þetta sé gert með leyfi hlutaðeigandi ráðh.

En vegna þess, hvernig tekið hefur verið á þessum aths., höfum við nú ekki farið lengra í því með okkar úrskurðartill. en að leggja til, eins og hv. frsm. gat hér um, að þetta sé til viðvörunar, það sé til eftirbreytni og það sé til athugunar framvegis, og sumt kemur til greina við endurskoðun reikningsins næsta. Þetta geta hv. alþm. séð með því að lesa aths., svörin og úrskurðartill. En þær tvær aths., sem hv. frsm. gat um og rétt er að við vísuðum til aðgerða Alþ., sem var varðandi útgjöld ríkisútvarpsins og ástandið í Tryggingastofnuninni, þær eru þess eðlis, að það er ekki hægt að gera sér grein fyrir, að það sé hægt að úrskurða þær á annan máta en að það verði að taka til sérstakra ráðstafana frá Alþingis hálfu.

Að öðru leyti skal ég nú ekki um þetta fjölyrða, nema frekara tilefni gefist til, en ég vildi segja þessi orð til þess að gefa hv. þm. nokkurt yfirlit um það, sem ég tel ískyggilegast í þessari starfsemi og kemur glöggt og greinilega fram á því ári, sem reikningurinn er fyrir.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, yfirendurskoðandi ríkisreikninganna, minntist hér í ræðu sinni á vanskilaskuldir hjá Áfengisverzlun ríkisins, og þá vil ég upplýsa það að gefnu tilefni, að það, sem hann átti við og kom í raun og veru nokkuð fram í ræðu hans, það var, að byggingarsjóður Áfengisverzlunar ríkisins er nú að upphæð 11 millj. kr., hann hefur myndazt smátt og smátt, aðallega af vöxtum og lítillega af framlagi ríkissjóðs, og hann er svo hár sem þetta vegna þess, að eigi hefur enn verið heimilað að hefja byggingu fyrir þetta fyrirtæki, sem þó verður að telja nauðsynlegt. Vanskilaskuldir, sem hv. endurskoðandi var að minnast á, eru hjá þeim fyrirtækjum, sem hafa fengið lánað hjá sjóðnum með ríkisábyrgð, en ég tel, að ríkissjóður hefði að sjálfsögðu verið búinn að standa við sína ábyrgð, ef úr framkvæmdum hefði orðið hjá fyrirtækinu. Án þess að ég þurfi nokkuð að vera að bera í bætifláka fyrir fjmrn., hefur undir umr. alltaf það sjónarmið komið fram hjá rn., að með því að sjóðurinn hefur ekki þurft á peningunum að halda til framkvæmda, þá hefur ekki umrædd skuld verið greidd af ábyrgðaraðila.

Þau lán, sem hafa verið veitt úr þessum sjóði, eru öll veitt gegn öruggum tryggingum og til þess eins að afla sjóðnum frekari tekna en fengjust af innlánsbókum. Og ég get upplýst það hér á hinu háa Alþ., að þau útlán, sem hafa átt sér þarna stað, síðan þessi sjóður var stofnaður, eru örugglega trygg og mundu að sjálfsögðu verða greidd, þegar fyrirtækið fær heimild til að byggja.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það eru rétt aðeins örfá orð út af aths. síðasta ræðumanns. Ég hygg, að ég megi segja það, að þessar skuldir, sem þarna hafa myndazt, hafi allar verið myndaðar, áður en hann tók við forstöðu áfengisverzlunarinnar, en þær eru eigi að síður í vanskilum, bæði þar og víða annars staðar, og þó að það sé ríkisábyrgð fyrir þeim, er náttúrlega ekki nóg að hugsa til þess, að ríkið verði að greiða þessar skuldir, sem þau fyrirtæki, sem lánin hafa fengið, geta ekki staðið í skilum með. En ég vildi bæta því aðeins við, ekki sérstaklega vegna þessa fyrirtækis, heldur og alls annars vegna, að það er skoðun mín, að stofnanir ríkisins og starfsgreinar allar eigi að vera það mikið undir eftirliti og það eigi að vera föst regla, að þær geymi fé sitt í bönkum og sparisjóðum, en láni það ekki út. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hefði fyrir löngu átt að setja þá reglu, að stofnanir og starfsgreinar ríkisins, sem hafa mikið fé undir höndum margar, þær eigi að geyma það í bönkunum, sem eru við hliðina á þeim flestum, en ekki lána það út til hinna og þessara. Hitt efast ég ekki um, að það, sem hv. síðasti ræðumaður vék að, er rétt, að þessar skuldir, sem áfengisverzlunin á útistandandi eða húsbyggingarsjóður hennar, þær verði að borga af ríkinu. En það er ekki sama, hvort það er borgað af ríkinu sem ábyrgðarskuld ellegar að það er borgað af þeim aðilum, sem lánin hafa fengið.

Um þetta mál höfum við yfirskoðunarmenn árum saman gert aths., og eiginlega er það eins og fleira mjög alvarlegt atriði hjá ríkisútvarpinu.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

31. Búnaðarbanki Íslands.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [169. mál] (stjfrv., A. 502).

Á 83. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands. Lögum um Búnaðarbanka Íslands hefur nokkrum sinnum verið breytt, eins og kunnugt er. Bankinn er stofnaður 14. júní 1929 með l. nr. 31 það ár, og hefur l. verið breytt, eins og áður segir, nokkrum sinnum síðar í nokkrum atriðum.

Í fyrstu voru 3 bankastjórar við bankann, einn aðalbankastjóri og 2 meðstjórnendur. Síðan var l. breytt þannig, að gerður var einn bankastjóri og gæzlustjóri, sem starfaði við hans hlið, þannig að það nálgaðist að vera 2 bankastjórar. En 1938 er l. breytt þannig, að stjórn bankans er falin einum bankastjóra og 3 manna bankaráði, tveimur kosnum af landbn. Alþ., en einum skipuðum af landbrh. Hefur síðan verið einn bankastjóri við bankann, nema í veikindaforföllum núv. bankastjóra störfuðu um skeið 2 bankastjórar settir við bankann. Var það að nokkru viðurkenning á því, að starfið væri orðið umfangsmikið og meira en fyrir einn mann að gegna því, enda hefur settur bankastjóri, Benedikt Guttormsson, starfað í bankanum síðan, enda þótt hann hafi ekki bankastjóratitil.

Frv. það, sem hér um ræðir, fer fram á það, að bankaráðinu verði breytt, að í Búnaðarbankanum verði 5 manna bankaráð kosið af Sþ. eins og í Útvegsbankanum og Landsbankanum, að ráðh. skipi formann úr hópi þessara 5 manna. Kjörtímabilið er lengt í 4 ár. Með því að hafa 5 manna bankaráð kosið af Sþ. verður komið á lýðræðislegri stjórn í bankanum. Eins og Alþ. er nú skipað, munu allir þingflokkar eiga þar fulltrúa eftir hinni nýju skipan. Er ljóst, að það gæti orðið bankanum til styrktar. Eins og starfsemi hans er nú umfangsmikil og fjárfrek, mun það vissulega styrkja starfsemi hans að eiga sem víðast ítök.

Önnur breyt., sem þetta frv. felur í sér, er að opna möguleika til þess að fjölga bankastjórum, og vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel, að bankastjórar Búnaðarbankans eigi að vera tveir, til þess að ekki verði ofhlaðið á einn mann. Núverandi bankastjóri, Hilmar Stefánsson, hefur gegnt bankastjórastarfinu með dugnaði og mikilli kostgæfni. Er hann nú orðinn aldraður maður og getur ekki átt langan starfstíma fram undan í bankanum, þar sem hann er kominn að sjötugu. Ég tel því heppilegt, að nýr bankastjóri fengi tækifæri til þess að starfa, þótt ekki væri nema í nokkra mánuði, við hlið svo reynds manns eins og Hilmar Stefánsson er, og teldi það vera bankanum til góðs. Ég geri líka ráð fyrir því, að þótt bankastjórar væru tveir í bankanum, þyrfti það ekki að hafa mikinn kostnaðarauka í för með sér, vegna þess að eins og nú er háttað í bankanum, þá eru þar nú 2 menn, sem hafa gegnt aðstoðarbankastjórastarfi. Það má vel vera, að menn séu ekki á einu máli um þetta og sumum sýnist það bezt eins og það er, að það sé 3 manna bankaráð kosið, 2 kosnir af landbn. Alþingis og einn skipaður af ráðh., og aðeins einn bankastjóri. Ég hygg þó, að þeir séu ekki margir og þeir séu miklu færri, sem telja þessa skipun eðlilega. Þetta er ríkisbanki, og það er eðlilegt, að Alþ. eigi hlutdeild í stjórn bankans, þingflokkarnir í réttu hlutfalli við styrkleika sinn, eins og er um aðra ríkisbanka.

Það fer ekki á milli mála, að starfsemi Búnaðarbankans er umfangsmikil, og sá banki, eins og margar aðrar stofnanir, þarf að halda áfram að vaxa og dafna. Starfssviðið er umfangsmikið. Starfssviðið er fyrst og fremst það að útvega lánasjóðum landbúnaðarins, sem eru í Búnaðarbankanum, nægilegt starfsfé, að koma málum þannig fyrir, að þessir sjóðir hafi starfsgrundvöll og geti innt af hendi hlutverk sitt. Eins og nú er málum háttað, er af ýmsum ástæðum þannig ástatt með lánasjóði Búnaðarbankans, svo sem skýrsla frá stjórn bankans ber með sér, að sjóðirnir éta sig upp á fáum árum með því fyrirkomulagi, sem verið hefur. Sumir sjóðir bankans hafa verið og eru algerlega févana, svo sem veðdeildin, og hefur hún ekki nema að litlu leyti getað innt hlutverk sitt af hendi. Verkefnið, sem hin nýja stjórn Búnaðarbankans fær, verður þess vegna fjölþætt og mikilvægt, og það hefur áreiðanlega veigamikla þýðingu, að

stjórn bankans, bankaráðið, sé skipuð með eðlilegum hætti og lýðræðislegum.

Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að fara fleiri orðum um þetta frv., það skýrir sig sjálft. Breytingarnar eru aðeins tvær, sem gera á við núgildandi lög, þ. e. að kjósa 5 manna bankaráð af Alþ. í stað þess að hafa 3 manna bankaráð, eins og nú er, og annað að opna möguleika fyrir því að fjölga bankastjórum, þannig að það verði ekki aðeins einn bankastjóri við bankann.

Ég get aðeins getið þess, að þegar ég fór að athuga nánar 1. gr. frv., er síðasta mgr. tekin upp úr gömlu l., þar sem talað er um, að eftirlaunagreiðsla til bankastjóra megi ekki fara fram úr 50% af launum bankastjóra. Þetta er öðruvísi en framkvæmt er í öðrum bönkum, og tel ég þess vegna eðlilegt, að þetta ákvæði sé athugað. Sömuleiðis aðeins 25% af launum handa ekkju hans. Ég tel, að það eigi að breyta gr. til samræmis við það, sem er í öðrum ríkisbönkum hvað þetta snertir, og í samræmi við það, sem praktíserað hefur verið í Búnaðarbankanum. Það er veigalítið atriði, sem mætti athuga í nefnd fyrir 2. umr.

Ég vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það, sem menn kynnu að taka fyrst eftir við að líta á þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, að með þessu frv. er tekin upp til fullnustu — og hefur kannske stefnt að því að nokkru leyti — sú regla, sem líklegt er að hér eftir verði viðhöfð, að skipta um bankaráð og e. t. v. bankastjóra við hverjar kosningar og e. t. v. við stjórnarskipti. Það er engin knýjandi þörf að gera breyt. á lögum Búnaðarbankans. Og þó að deildar kunni að vera skoðanir um það, hvort þess sé þörf eða ekki, þá er það augljóst, að það hefur verið skoðun mín og Framsfl. af ástæðum, sem ég skal greina. Þess vegna var l. ekki breytt eftir seinustu kosningar. Það var fyrirsjáanlegt, að ef aðrir tækju við, þá öðluðust þeir með eðlilegum hætti og á eðlilegum tíma, þ. e. nú eftir hálft ár, aðrir en við, meiri hlutann í stjórn bankans, svo að það hefur ekki átt að vera langur biðtími fyrir þá, sem hlut áttu að máli, ef þeir gera ráð fyrir því, að sú ríkisstj., sem nú situr, verði við völd.

Það er rétt að vekja athygli á þessari meginreglu, sem slegið er fastri með flutningi og samþykkt þessa frv., því að það skiptir verulegu máli, að Alþ. geri sér þetta ljóst. Það er kannske ekkert við þessu að segja. Með þessu hverfa bankarnir úr tölu þeirra stofnana, sem eru nokkurn veginn sjálfstæðar, og stjórn þeirra verður skipuð í samræmi við ríkisstjórnina á hverjum tíma.

Þetta er fyrsta atriðið, sem hlýtur að vekja athygli. Að vísu kunna menn að segja sem svo, að þetta sé ekkert nýtt, bönkunum hefði verið breytt áður og stjórn þeirra, og munu þá þeir, sem það segja, vísa til þess, að stjórn sú, sem ég veitti forstöðu, hafi sannarlega ekki gert þetta síður en aðrir. Það er alveg rétt, ég beitti mér fyrir því að breyta um stjórn á Útvegsbankanum og Landsbankanum. Það eru þeir tveir almennu meginbankar þjóðarinnar, tveir almennu meginútlánabankar og sparisjóðsbankar þjóðfélagsins. Og það var gert vegna þess, eins og skýrt var frá greinilega við flutning og í grg. fyrir því máli, að einn flokkur í landinu, aðeins einn flokkur í landinu, réð meiri hluta í báðum þessum meginpeningastofnunum og hafði 2 bankastjóra í hvorum banka af 3, sem sagt hafði algert vald yfir þessum tveimur aðalþjóðbönkum. Og þetta kom til af því, að ákvæði um það, hvernig kosið var í stjórn þessara banka, voru með þeim hætti, að þau voru algerlega úrelt. Þegar þessi breyting var gerð, var það a. m. k. frá mínu sjónarmiði og ég held flestra sanngjarnra manna eðlileg breyting. Það er ekki eðlilegt, að einn flokkur, sem er í minni hluta með þjóðinni, ráði yfir tveimur aðalbönkum þjóðarinnar, aðalbönkum ríkisins, og þess vegna var þessi breyting nauðsynleg. En hún var ekki gerð út frá því sjónarmiði, eins og hæstv. landbrh. orðaði það, sem er almenn orðun á þeirri reglu, sem nú er tekin upp, að kjósa þurfi bankaráð með eðlilegum hætti og á lýðræðislegan hátt. Ég tók eftir því, að hann tvítók þessa setningu, en það þýðir, að í hvert skipti, sem breyting verður á hlutföllunum hér á Alþ., þarf til þess, að bankaráðin séu skipuð með eðlilegum hætti og á lýðræðislegan hátt, að breyta til á þann hátt, sem hér er gert. Og það er ekki í samræmi við þá nauðsyn, sem það var að breyta tveimur aðal- og almennu útlánastofnunum ríkisins, eins og var gert með Útvegsbankann og Landsbankann. Þegar maður athugar þetta nánar, er auðsætt, að Búnaðarbankinn er í miklu meiri skyldleika við Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann. Það er að vísu þannig, má segja, og verður sjálfsagt sagt, að Búnaðarbankinn er ríkisbanki. En hann er, eins og nafnið ber með sér, banki fyrir fyrst og fremst ákveðna stétt, eins og Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn, og þó að ekki séu enn þá komnar ríkisábyrgðir á Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann, þá mun það sannast, að erfitt verður að standa lengi gegn því, þegar fólk veitir því athygli varðandi þessi hlutafélög, Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann, að það er engin ríkisábyrgð þar á bak við, það er algerlega komið undir hyggindum og náð þeirra manna, sem stjórna bankanum, hvað vel er farið með fé, sem þar er lagt inn og ég efast ekkert um, að sé vel með farið núna. Það er algerlega undir því komið, hvort það heldur áfram, hvað sparifé er tryggt í þessum stofnunum, Verzlunarbankanum og Iðnaðarbankanum, því að þar er ekki ríkisábyrgð, og þó að það sé tryggt núna, fer það eftir því, hvað heppilega veljast þeir menn, sem lána út þetta fé. Það er því ekki líklegt, að það verði langt þangað til tekin verði ábyrgð á innlánsfé þessara banka, enda

til skamms tíma talið mjög óhyggilegt að leyfa einkabanka, þar sem ekki væri ábyrgð ríkisins, vegna þess að ef það kæmi fyrir, sem hefur komið fyrir einkabanka hér, eins og menn vita, en er ekkert yfirvofandi með þessa tvo banka núna, vegna þess að þeim er að sjálfsögðu vel stjórnað, þá hefur það komið fyrir á eftirminnilegan hátt, að fólk hefur tapað sparifé sínu, og það hefur ríkið talið óheppilegt. Þau óhöpp taldi þjóðfélagið svo óheppileg fyrir sparifjársöfnun, að það var talið fráleitt að leyfa einkabanka án afskipta ríkisins af og ábyrgðar ríkisins á sparifé. Sú alda var uppi, eins og menn muna, eftir að Íslandsbanki gat ekki staðið í skilum og sparifjáreigendur fengu þung áföll. Þess vegna verður þess ekki langt að bíða, að svo verði, og hvað sem því líður, þá eru það svo mikil friðindi fyrir Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann að fá löggjöf frá Alþ. um bankareksturinn, að þessum tveimur stéttum er þar sýnd tillitssemi, sem jaðrar að því, sem er um Búnaðarbankann fyrir bændur. Og þessum bönkum ráða iðnaðarmenn og verzlunarmenn. Um það verður ekki deilt, að þeir ráða stjórn þessara banka, og þykir eðlilegt, að þessar stéttir, sem bankarnir eru stofnaðir til hagsmuna fyrir, ráði stjórn þeirra, vegna þess að það þykir líklegt, að það fari bezt úr hendi fyrir stéttirnar, að svo sé, og liggur líka í eðli þeirra sem hlutafélaga.

Það má segja: Hvi gera bændurnir ekki þetta líka, að stofna slíkt hlutafélag? Þeir mundu fá samþykki ríkisins fyrir því að reka banka hliðstæðan Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum. En það er vitanlega eins og allir sjá og reynslan er alls staðar af, að það er erfiðara um vik fyrir dreifða stétt eins og bændastéttina, sem hefur ekki mikil fjárráð aflögu, að gera slíkt heldur en þessar tvær stéttir, iðnaðarmenn og verzlunarmenn, sem búa í þéttbýli.

Það er enginn efi á því, að Búnaðarbankinn er miklu meiri hliðstæða Iðnaðarbankans og Verzlunarbankans en Útvegsbankans og Landsbankans. Þannig var á þetta litið og hefur verið á þetta litið hingað til. Þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, var um það mikill styr, og þeir menn, sem nú eru fylgjandi bankanum og tala um, að það þurfi að efla hann, voru þá á móti því sumir, börðust hatramlega gegn því, þeir sem nú telja sig vilja efla hann, og það er ekki nema gott um það að segja, og taka að sjálfsögðu, eins og hæstv. landbrh. orðaði það, samkvæmt lýðræðislegum reglum að sér stjórn hans. Það er í sjálfu sér ekkert við því að segja nema bara það, að það er ný regla, vegna þess að um leið og farið er með þessa reglu að þarflausu inn á svið Búnaðarbankans, sem er sérbanki stéttar, er reglunni fyrst slegið fastri, sem ekki var gert með breyt. á Útvegsbankanum og Landsbankanum, sem eru, eins og ég hef margsagt, stærstu og almennustu útlánastofnanir þjóðarinnar, sem er ekki hægt að láta vera í stjórn eins flokks, sem er í minni hluta með þjóðinni. Og það sýnir sig, hvernig þetta var hugsað með Búnaðarbankann, hvernig tenging hans var hugsuð við bændastéttina, sem nú á að rjúfa algerlega með þessum lögum og gera hann að almennari banka. Bankaráðsmennirnir eru núna skipaðir, eins og við munum, samkv. þeim lögum, sem gilda, af landbúnaðarnefndum beggja deilda. Og hvers vegna er þetta gert? Þetta er gert vegna þess, að það er talið líklegt, að í landbn. beggja deilda veljist áhugamenn um landbúnað og þeir menn, sem auk þess voru áhugamenn um landbúnað, hafa þekkingu á landbúnaði og vilja fyrir landbúnaðinn vinna. Þess vegna var það, að þingið var ekki látið kjósa þessa bankaráðsmenn, eins og í hinum almennu bönkum, heldur fékk bændastéttin aðstöðu til þess á vissan hátt að hafa áhrif á þetta með því, að þeir menn, sem valdir voru í landbn. beggja d., kusu bankaráðsmennina og landbrh. skipaði formann, með tilliti til þess, að líklegt þótti, — og það hygg ég að flestir muni fallast á, — að sá flokkur, sem að jafnaði eða oftast færi með landbúnaðarmál, væri líklegastur til þess að gera það vegna þess, að hann væri talinn hafa sérstakan áhuga á landbúnaði. Þetta hvort tveggja er þurrkað út með því, að bankinn er settur undir hinar almennu reglur hinna bankanna, sem annast almenna bankastarfsemi, og bankaráð nú allt kosið af Alþingi.

Það mætti að sjálfsögðu bæta úr þessu, ef vilji er fyrir hendi að tengja bankana áfram, eins og verið hefur, við bændastéttina. Þó að það hverfi, að landbn. hafi það vald, sem þær hafa samkv. núgildandi lögum, og landbrh. samkv. sömu lögum, má að sjálfsögðu finna ýmsar leiðir til þess að tengja þetta við hin almennu samtök bændanna, að þeir hafi nokkra íhlutun um skipun bankaráðsins, til þess að hægt verði að segja með sanni, að bankinn væri í tengslum við þá stétt og stjórn valin í samræmi við það, sem kann að vera vilji bændastéttarinnar. Þetta mætti gera, og væri þá haldið áfram á þeirri meginbraut, sem mörkuð var, þegar bankinn var stofnaður, og hefur haldizt síðan, og væri þá bændastéttinni sýnd hliðstæð tillitssemi og þeim stéttum, sem reka Verzlunarbankann og Iðnaðarbankann, og ég vænti þess þá, að í n., sem fjallar um þetta mál, verði hægt að finna reglu um þetta atriði, og þá reynir á það, hvernig á það verður litið, að bændurnir hafi þarna íhlutun um.

Það er nú mælt með þessu frv. með þeirri röksemd, að bankastjórarnir þurfi í raun og veru að vera fleiri en einn. Vitanlega má lengi um þetta deila. Og sagt er, að tveir hafi starfað fyrir núv. bankastjóra, þegar hann var fjarverandi vegna lasleika. Það er alveg rétt, það störfuðu tveir þá um skeið sem fulltrúar hans, enda var hann aldrei frá störfum þannig, að þeir bæru sig ekki saman við hann um flest það, sem gert var, og þótti eðlilegra, að þeir væru tveir en einn. En ég hygg nú satt að segja, að um þetta atriði séu hliðstæðurnar

meiri milli Búnaðarbankans og Iðnaðarbankans og Verzlunarbankans. Það er vitað mál, að þessir tveir bankar, Verzlunarbankinn, sem nú verður, — Verzlunarsparisjóðurinn sem ætlazt er til að verði Verzlunarbanki og óhætt er að tala um, því að það er sjálfsagt búið að tryggja það mál, — og Iðnaðarbankinn eru meiri hliðstæður, vegna þess að þetta eru vaxandi stofnanir, dugandi menn, sem stjórna þeim, og ég geri ráð fyrir, að það telji enginn ástæðu til þess, að Alþ. fari að hafa afskipti um það, eins og er með hlutafélög, að fjölga bankastjórunum við þessa tvo banka, en þeir eru miklu meiri hliðstæða Búnaðarbankans en Búnaðarbankinn er hliðstæða Útvegsbankans og Landsbankans. Þar sem útlán þessara tveggja meginbanka eru svo almenn og að ýmsu leyti miklu stórfelldari, er ekki óeðlilegt, að aðrar reglur gildi þar um en við Búnaðarbankann. Afgreiðslan á lánum úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði og veðdeild fer eftir föstum meginreglum, og ég hef aldrei heyrt nokkurn mann halda því fram, að frá þeim reglum væri hvikað eftir því, hver í hlut ætti pólitískt. Þetta er í sjálfu sér nokkurs vert. Því er haldið fram með fullum rökum, að það sé engu síður eðlilegt, að bankastjóri sé þarna einn, eins og verður í Verzlunarbankanum og Iðnaðarbankanum, og ef á að fjölga bankastjórum, er a. m. k. eðlilegt að taka það fram í lögunum. Það er óvenjulegt, að Alþingi framselji þannig vald sitt til þess að fjölga stöðum, fjölga embættum, fjölga embættismönnum. Það er skoðun núv. hæstv. landbrh., að þeir eigi að vera tveir. Það getur vel farið svo, að meiri hl. bankaráðs verði síðar þeirrar skoðunar, að þeir eigi að vera fleiri en tveir, og þá er engin tala ákveðin. Það fer eftir því, hver er skoðun bankaráðsins á hverjum tíma, á meðan þessi lög verða í gildi, og það er engin trygging fyrir því, að það verði skoðun næsta hæstv. landbrh., að bankastjórar eigi að vera tveir, heldur allt önnur tala. Þess vegna finnst mér eðlilegt að ákveða töluna í l., hvort sem það verður einn eða fleiri.

Það er sjálfsagt búið að ákveða það í höfuðatriðum, að þetta frv. gangi fram eins og það er, og ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um það en ég hef þegar gert. Ég hef vakið athygli á því, að hér er tekin upp almenn regla, sem búast má við að farið verði eftir hér eftir um skipti á bankaráðum eftir kosningar og jafnvel eftir stjórnarskipti, því að það verður alltaf hægt að setja það inn í lög, að bankaráðsmenn skuli verða 3 í staðinn fyrir 5 eða 5 í staðinn fyrir 2, og alltaf hægt að setja inn í lög einhverjar heimildir fyrir bankaráðin, eins og gert er í þessum lögum, ef meiri hluti er til staðar. Og í annan stað, í viðbót við þessa almennu reglu, sem þarna er tekin upp, hlýtur það að vekja athygli, að bankinn er tekinn úr sambandi, eftir því sem var áður, við bændastétt landsins, þar sem það voru landbn., sem e. t. v., eins og ég hef áður sagt, höfðu þarna meginvöldin, og landbrh. Nú er bankaráðið kosið almennum kosningum. Þetta álít ég mjög stórt atriði, ekki sízt vegna þess, að það hefði þurft að búa betur um hnútana, að bændur hefðu meiri áhrif á stjórn bankans, þannig að tryggt væri, að honum væri stjórnað í samræmi við hagsmuni þeirra. Jafnframt því, sem vitanlega verður að reka þar starfsemi og meiri hl. verður að geta ráðið því, að hún sé rekin í samræmi við hagsmuni stofnunarinnar, þá er það rétt, að bændastéttin, sem bankinn er stofnaður fyrir fyrst og fremst, hafi þar þá rödd, sem hún ræður sjálf hver er, og ég geri ráð fyrir því, að það þurfi að athuga það gaumgæfilega í nefnd, hvernig því verður fyrir komið.

En fyrst og fremst er ég mótfallinn þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því. Ég geri ráð fyrir, — það er búið að vera lengi í suðunni, — að það sé búið að tryggja meiri hluta fyrir framgangi þess, og ef það á að ganga fram, þá er að reyna að fá á því þær breytingar, sem nauðsynlegastar eru, og hef ég minnzt á eitt meginatriðið, sem ég tel mestu máli skipta í því sambandi. Það er það, að áhrif bændastéttarinnar verði ekki þurrkuð út í stjórn bankans. Þau ráð, sem hún hefur í gegnum landbn., mættu vera meiri, og ég geri ráð fyrir því, að ég komi með brtt. í því sambandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til í sjálfu sér að bæta miklu við það, sem ég sagði áðan, sízt eftir þessa ræðu, sem hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) hefur flutt hér, vegna þess að hann kom ekki í rauninni með neitt fram í sinni ræðu, sem færir stoðir undir skoðanir hans í þessu máli.

Hv. þm. heldur því ákveðið fram, að það sé engin þörf á að breyta lögum um Búnaðarbanka og þá eftir því, sem síðar kom fram í ræðu hans, einungis vegna þess, að Framsfl. hefur meiri hl. í bankaráðinu. Það er þess vegna, sem er ekki þörf á því.

Hv. þm. minntist á það, að bankalöggjöfinni hafi verið breytt í tíð vinstri stjórnarinnar, það hafi ekki þótt ástæða til þess þá að breyta l. um Búnaðarbanka, heldur Útvegsbanka og Landsbanka, vegna þess að einn ákveðinn flokkur átti þar óeðlilega mikil ítök, hafði þar óeðlilega mikil völd. Eins og hv. þm. orðaði það, voru þetta tveir aðalbankar landsins, Landsbankinn og Útvegsbankinn. Ég vil alls ekki taka undir það, að Útvegsbankinn, svo að ég bara nefni hann, sé nokkuð frekar höfuðbanki en Búnaðarbankinn. Ég vil alls ekki skrifa undir það, að Búnaðarbankinn gegni minna hluverki í þjóðfélaginu en Útvegsbankinn. Og það vita allir, hvers vegna lögum um Búnaðarbankann var ekki breytt í vinstri stjórninni, það var engu hreyft þar. Það var vegna þess, að Framsfl. hafði þá þau ráð í ríkisstj., að hann gat hindrað það. Framsfl. hafði þá eins og nú meiri hluta í bankaráðinu, og þá var ekkert að því að spyrja, að þetta var bezt svona. Og hv. þm. skilur það ekki, að við sjálfstæðismenn skul-

um leggja áherzlu á að breyta bankaráði Búnaðarbankans, þar sem við fáum, eins og hann orðaði það, tækifæri eftir hálft ár að skipa formann bankaráðsins og þá þannig meiri hlutann í bankaráðinu. Það er eðlilegt sjónarmið hv. þm., að hann liti svona á þetta. En við sjálfstæðismenn gerum það ekki. Við teljum, að enda þótt við eigum möguleika á því að fá meiri hlutann í bankaráðinu, breytist löggjöf bankans ekki til batnaðar við það. Hér er um það að ræða að breyta lögum um bankann, en ekki að kjósa þennan eða hinn í bankaráðið. Meiningin með þessu frv. er það að koma þeim stoðum undir stofnunina, að hún geti starfað með vaxandi orðstír og gegnt sínu hlutverki öllu betur en áður, enda þótt ég sé ekki að vanþakka það, sem áunnizt hefur í þessari stofnun, og eins og ég tók fram áðan, þá tel ég, að bankanum hafi verið vel stjórnað af hendi bankastjórans, að svo miklu leyti sem hann gaf sig að því. Hinu verður ekki neitað, að bankinn er nú í mjög slæmri aðstöðu, vegna þess að það er rétt, sem stjórn bankans hefur látið frá sér fara, að fjárfestingarsjóðir bankans hafa verið að éta sig upp að undanförnu. Það verður að breyta þarna um og tryggja það, að sjóðirnir geti starfað með eðlilegum hætti og gert það gagn landbúnaðinum, sem þeir hafa undanfarið að mörgu leyti gert og þeim er vitanlega ætlað að gera áfram. Ég fullyrði, að til þess að þetta geti tekizt, er nauðsynlegt, að litið sé á bankann eins og aðra bankastofnun, sem sé stjórnað og rekin með lýðræðislegum og eðlilegum hætti. Það er hreinn misskilningur, að það sé verið með þessari breyt. á l. að slíta bankann úr tengslum við bændur, því að þótt landbn. hafi að undanförnu kosið bankaráðið, þýðir ekki að halda því fram, að þeir einir, sem sæti hafa átt í landbn., hafi ráðið því, hverjir hafi verið kosnir í bankaráð. Það eru vitanlega þingflokkarnir, sem ákváðu, hverjir skyldu kosnir, en ekki aðeins þeir menn, sem sæti áttu í nefndunum.

Hinu get ég svo ekki að gert, þótt hv. 2. þm. Vestf. hafi það álit á sjálfum sér, að hann telji, að bankanum sé bezt borgið með því, að hann sé formaður bankaráðsins og framsóknarmenn hafi meiri hluta í bankaráðinu, og það er alveg ástæðulaust út af fyrir sig að metast um það. Það er líka eðlilegt, að þess sé minnzt, að Búnaðarbankinn hefur viðtækari starfsemi en að lána úr fjárfestingarsjóðunum. Búnaðarbankinn hefur stóra sparifjárdeild. Ég gæti næstum því trúað, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans væri litlu minni, kannske alveg eins stór og t. d. sparisjóðsdeild Útvegsbankans. Og þegar hv. þm. var hér áðan að tala um hliðstæður, að Búnaðarbankinn væri hliðstæða við Verzlunarbankann, sem er verið að stofna, og Iðnaðarbankann, en ekki Útvegsbankann og Landsbankann, þá er það alveg sérstakt, að maður, sem er svo kunnugur í okkar banka- og atvinnumálum, skuli bera þetta á borð. Ef við eigum að tala um hliðstæður, þá eru það Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn. Útvegsbankinn er með ýmsa sjóði fyrir útveginn, t. d. fiskveiðasjóð og ýmsa fleiri sjóði, um leið og hann hefur sparisjóðsdeild. Eigi að síður, þótt Útvegsbankanum væri upphaflega ætlað að vera fyrst og fremst banki fyrir sjávarútveginn og hafi starfað þannig ásamt sparisjóðsdeildinni, fannst hv. 2. þm. Vestf. eðlilegt, að bankaráð Útvegsbankans væri kosið af Sþ., en ekki af sjávarútvegsnefndum Alþingis. Og það hefur engin krafa komið upp um það frá útvegsmönnum, að sjútvn. Alþingis kysu bankaráð Útvegsbankans, vegna þess að það hefur verið viðurkennt, að þar sem Útvegsbankinn er ríkisbanki, starfar með ríkisábyrgð og hefur oft fengið fyrirgreiðslu frá ríkinu, þótti eðlilegt, að bankaráðið væri kosið af Alþ. Og vegna þess að Búnaðarbankinn þarf á því að halda nú fremur en nokkru sinni fyrr að fá aðstoð frá ríkisstj. og Alþ. til þess að geta innt hlutverk sitt af hendi, til þess að unnt verði að koma þeim stoðum undir fjárfestingarsjóðina, sem nauðsynlegt er, er nauðsynlegt, að litið sé á þessa stofnun sem ríkisstofnun, sem Alþ. og ríkisstj. hefur fullkomnar skyldur við. Það er nauðsynlegt að útiloka þá hugmynd eða hugsun, sem kynni að skjóta upp hjá einstaka mönnum, að Búnaðarbankinn væri að vissu leyti rekinn sem einkafyrirtæki. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að svo hafi verið, og alls ekki á meðan núv. bankastjóri ræður þar ríkjum. En hitt hefur komið fram átakanlega, að bankastjóri Búnaðarbankans og bankaráðsmaður, sem er ekki framsóknarmaður, hafa verið bornir ofurliði, og það hefur verið samþykkt með 2 atkv. framsóknarmanna gegn atkv. bankastjóra og þriðja bankaráðsmannsins að gera hluti, sem a. m. k. mátti telja vafasama. Og þetta leiðir ekki til þess að auðvelda að útvega sjóðum Búnaðarbankans það fé, sem þeir þurfa. Það gerir ekki auðveldara að koma þessum sjóðum á starfshæfan grundvöll, eins og gera ber og gera verður. Það verður auðveldast með því, að stjórn þessara banka verði kosin á sama hátt og annarra ríkisbanka, og hlutur bændastéttarinnar mun verða bezt tryggður með því, vegna þess að stofnunin þarf að fá stuðning frá fleirum en þeim, sem kosnir eru af bændum, og auk þess hefur það stundum komið fram, að það er ekki nóg, þótt einn þm. og annar séu kosnir af bændum, þeir geta jafnvel gleymt að vera á verði fyrir því. Og þegar hv. 2. þm. Vestf. talar um hliðstæðurnar í Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum við Búnaðarbankann, er það náttúrlega hrein fjarstæða að tala um það sem hliðstæðu, vegna þess að báðir þessir bankar, eins og hv. þm. sagði, starfa án ríkisábyrgðar og án þeirrar fyrirgreiðslu frá Alþ. og ríkisstjórn, sem þeir vitanlega óska eftir, og hafa ekki fengið neina sambærilega fyrirgreiðslu og Búnaðarbankinn hefur fengið og þarf að fá, ríkisábyrgð. Ef þessir bankar, Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn, fá ríkisábyrgð og fara að fá opinberan stuðning í sambandi við fjárframlög, eins og Búnaðar-

bankinn hefur fengið og þarf að fá, þá vitanlega kæmi sú krafa upp, að Alþ. kysi bankaráðið, en ekki fulltrúar iðnaðarmanna og verzlunarmanna. En ég tel það svo mikils virði fyrir Búnaðarbankann að styrkja aðstöðu sína þannig á breiðum grundvelli, eins og hér er lagt til í þessu frv., að það sé illt verk gagnvart bændum og bankanum að spyrna þar í gegn og að þeir menn, sem það gera, stjórnist of mikið af þröngsýni og eiginhagsmunum, vegna þess að atvikin hafa hagað því svo, að þeir hafa verið í bankaráði bankans og stjórnað þar um skeið.

Ég held, að ég hafi nú drepið á flest, sem hv. 2. þm. Vestf. minntist á hér áðan, og eins og ég sagði í upphafi, var það svo veigalítið, að það gefur ekki tilefni til þess að fara mörgum orðum þar um, og sízt af öllu til þess að vera að munnhöggvast í því sambandi. Að sjálfsögðu má skoða þetta frv. í n., og ef komið væri með brtt. við frv., sem sýnilega væri til bóta, er vitanlega sjálfsagt að taka slíka tillögu til athugunar. En veigamesta atriðið hjá hv. þm. var það, og hann reyndar boðaði brtt. um það að halda bankanum áfram í tengslum við bændur. Það vildi ég vitanlega gera líka, að halda honum í tengslum við bændur. Og ég tel, að við getum á einn hátt haldið Búnaðarbankanum í tengslum við bændur, með því að sameinast um það að koma lánasjóðum bankans á starfshæfan grundvöll, gera ráðstafanir til þess að greiða lausaskuldir sjóðanna, óreiðuskuldirnar, gera ráðstafanir til þess að afla fjárfestingarsjóðum Búnaðarbankans þess fjár, sem þeir þurfa til þess að geta haldið áfram að lána bændum, og að þessi lán megi, að svo miklu leyti sem mögulegt er, miðast við það að fullnægja sem mest þörfinni, þörf bændanna fyrir lánsfé, en hún er vitanlega vaxandi með vaxandi dýrtíð. Byggingarefni hefur hækkað, og vélar hafa hækkað. Bankann vantar ekki heimildir til að lána. Ræktunarsjóður hefur heimild til að lána út á vélar, en hefur ekki getað það undanfarin ár, vegna þess að það hefur skort fé. Bankinn hefur heimild til þess að lána hærri hundraðshluta út á peningshús og út á ræktun, en það hefur orðið að takmarka það vegna fjárskorts. Og bankinn hefur heimild til þess að lána nærri 75 þús. kr. út á íbúðarhús í sveitum. Hann hefur heimild til þess að lána allt að 75% af kostnaðinum, en hefur vegna fjárskorts undanfarið orðið að skera þetta niður í 20—30%. Og veðdeildin hefur heimild til þess að lána meira en 35 þús. kr. út á býlin, en lánið hefur verið miðað við það, vegna þess að það hefur ekki verið fjármagn til þess að lána einu sinni 35 þús. kr. Þetta er ekki sagt í ásökunartón á þá, sem hafa stjórnað bankanum, þetta er aðeins sagt vegna þess, að þetta er staðreynd. Og við þetta tækifæri, þegar sagt er, að það sé engin nauðsyn að breyta lögum um bankann, þá vil ég segja: Það er nauðsynlegt að fá breiðari og sterkari grundvöll undir bankann en verið hefur, til þess að bankinn geti verið í sem nánustum tengslum við bændur og lánað þeim fé í sem mestu samræmi við fjárþörfina. Og það er þetta, sem ég vil undirstrika, það er þetta, sem ég legg áherzlu á, að bankinn geti verið í sem nánustum tengslum við bændur og þjónað því hlutverki, sem honum var ætlað frá því fyrsta.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er í samræmi við málfærslu þessa hæstv. ráðh. að koma inn á það, sem er vitanlega gersamlega út í hött, að sjónarmið mitt í þessu máli stjórnist að einhverju leyti af eiginhagsmunum. Það er satt að segja svo auðvelt að sanna það, að það ætti ekki að þurfa ráðh. til að skilja það, því að þótt ég sé ekki á flæðiskeri staddur, skiptir það mig kannske ekki öllu máli, hvort ég fer úr bankaráði nú eftir nokkra daga ellegar um áramót, svo að slík röksemdafærsla er vitanlega út í hött og ósæmandi manni, sem þó er í þessari stöðu.

Það, sem kom greinilega fram í röksemdafærslu hæstv. ráðh., er þetta, sem ég lagði megináherzlu á í upphafi máls míns, að það er pólitískur yfirráðaréttur yfir bankanum, sem verið er að berjast fyrir, og ekkert annað. Ef stjórnin situr til áramóta, sem ég tel vafaatriði, sem ég skal ekkert fara lengra inn á, — ef hún situr til áramóta, fær hún meiri hluta í bankaráði, — og það er vitanlega það, sem öllu máli skiptir og skiptir svo miklu máli, að þeir geta ekki beðið eftir því að fá þann meiri hluta, vegna þess að það er vitað mál, að sá, sem nú er bankastjóri, er svo vel séður meðal allra fyrir óhlutdrægt starf, að það er ómögulegt að gera þar á breytingu, þó að þeir fái meiri hluta, fyrr en eftir talsverðan tíma. Þess vegna er ekki hægt að bíða, vegna þess að það þarf meiri hluta til að skipa annan bankastjóra. Þetta er ástæðan og ekkert annað, og fyrir fullorðna menn gagnvart fullorðnum mönnum og reyndum, eins og eru hér í þessari hv. d., þýðir ekki að tala svona, og ráðh. á ekki að tala svona. Það er þetta, sem á veltur, og það er þetta, sem er verið að ræða um í raun og veru, og það er þetta, sem frv. er um.

Það er borið fyrir sig, að sjóðirnir séu illa stæðir. Það er alveg rétt, að þeir sjóðir verða illa stæðir, sem lána með miklu lægri vöxtum en almennt eru greiddir, án þess að ríkið hlaupi þar undir bagga, eins og það hefur orðið að gera og hefur gert gagnvart Búnaðarbankanum og gert gagnvart lánasjóðum meðal ýmissa erlendra þjóða á hliðstæðan hátt. Það er ekki hægt að safna fé í sjóði, nema stjórnin sé skipuð með lýðræðislegum hætti. Það er ekki hægt að hlynna að sjóðunum, sem eru fyrir bændur og til þess að lána bændum, — og enginn efast um, að það er lánað án nokkurrar hlutdrægni gagnvart þessum bændum, eftir föstum reglum, það dettur engum í hug að orða það, af því að það er ekki til, — það er ekki hægt að styrkja sjóðina, nema stjórn bankans sé skipuð með eðlilegum hætti, þ. e. a. s. stjórn bankans sé þegar í stað skipuð slíkum meiri hluta, að Sjálfstfl. og stjórnar-

flokkarnir ráði þar bankastjóra og hafi meirihlutavald í bankanum. Þetta er alveg umbúðalaust það, sem hæstv. ráðh. sagði. Öðruvísi má ekki styrkja bankann. En bankinn er engin persóna. Það eru bændur, sem eiga að njóta bankans, sem hér eru aðalatriðið. Það má ekki styrkja bankann þannig, að bændur fái notið þeirra hagsmuna, sem það er að hafa slíkan banka, nema hann sé undir stjórn Sjálfstfl. og það þegar í stað.

Svo mikið liggur þessum hæstv. ráðh. á og þeim flokkum, sem að honum standa, að þetta eru sömu flokkarnir sem héldu því fram, að það væri hrein yfirtroðsla og hreinn yfirgangur, þegar flokkar, sem hafa meiri hluta á Alþ., breyta Útvegsbankanum og Landsbankanum, þar sem einn flokkur, sem er í minni hluta bæði á Alþ. og meðal þjóðarinnar, ræður öllu í tveimur stærstu bönkunum og aðalútlánastofnunum, og málum var skipað þannig að koma því til vegar, að þar réðu allir flokkar. Þetta eru sömu mennirnir sem liggur svo á, að þeir geta ekki beðið í hálft ár, því að um þetta er frv. Vitanlega er hægt að styrkja sjóðina nákvæmlega eins án þess af núverandi stjórnarflokkum, vegna þess að þeir hafa bankastjóra, sem hægt er að trúa fyrir því að lána þá út á þann hátt, að ekki verður um deilt, að það er réttlátlega lánað.

Hann minntist á það, hæstv. ráðh., að það hefði komið fyrir í bankanum, að ekki hefði verið farið að óskum landbrh. og meiri hluti bankaráðs hefði framkvæmt aðgerðir, sem hefðu verið á móti vilja ráðherra. Það vill nú brenna við, að hæstv. ráðh. geri sér ekki alltaf grein fyrir því, hver eru hans valdatakmörk. Vitanlega ræður hann ekki yfir bankanum, hvorki nú né eftir að nýja bankaráðið er komið, heldur ræður bankaráðið og meiri hluti þess á hverjum tíma, og þess vegna er bankaráð, að það er ekki ætlazt til þess, að bankarnir standi beint undir stjórn ráðherrans.

Að því er snertir þetta verk, þessa breytingu, sem þarna er gerð, þegar útibúið var stofnað, þá man ég ekki betur en einn sjálfstæðismaður, ekki lítið þekktur, Jón Pálmason, þáv. landbrh., væri búinn að samþykkja fyrir mörgum árum að stofna útibú á Austurlandi. Það er sem sagt búið af tveimur stærstu flokkunum að staðfesta það, að bankinn stofni þetta útibú, og bankaráðið er búið að samþykkja það löngu áður. Það er á annað ár a. m. k. síðan bankaráðið ákvað í samræmi við samþykktir beggja þessara flokka að stofna þetta útibú. Svo eru okkur gerð skilaboð gegnum bréfaskriftir til bankans að láta þetta bíða, vegna þess að það væri verið að undirbúa breytingar á bankalögunum. Við áttum sem sagt að setjast upp og halda að okkur höndum um það, sem búið er að samþykkja fyrir hálfu öðru ári, og það, sem er búið að samþykkja af mér sem landbrh. og er búið að samþ. af landbrh. Sjálfstfl., að við höldum að okkur höndum, á meðan verið væri að breyta lögunum. Vitanlega stjórnar bankaráðið þessu, og er sjálfsagður hlutur, að það stjórni þessu, meðan það situr. Hins vegar getur sá meiri hluti á Alþ., sem nú situr, breytt því og tekið valdið af meiri hluta bankaráðs, eins og nú á að gera. En það er ekki hægt að gera það með bréfaskriftum, þar sem ráðh. ætlar að fara að skipa bankaráðinu, sem nú situr, eða nokkru bankaráði fyrir verkum, ekki sízt af því, að samþykktin er engin flausturssamþykkt, hún er gerð af landbrh. Sjálfstfl., gerð af landbrh. Framsfl., gerð af bankaráði fyrir löngu og hefur verið undirbúin nú á annað ár, svo að það þarf ekki að gefa í skyn, að það sé nein ástæða fyrir því, að þessar breyt. séu gerðar.

Ég ætla ekki að fara inn á almennar umr. út af þessu máli. En hæstv. ráðh. minntist á, að mönnum vildi gleymast það, að þótt við værum kosnir af bændastéttinni, vildi það gleymast stundum að sjá fyrir hagsmunum bændastéttarinnar. Ég held nú satt að segja, að meðan hæstv. ráðh. er í þessu starfi og starfar eins og hann hefur starfað undanfarið, þurfi hann ekkert að minna á það. Þegar hann er að tala um lánin til vélakaupa, held ég, að bezt væri fyrir hann að kynna sér hjá kaupfélögunum, hvað menn óska eftir að fá af lánum til að kaupa vélar núna, eftir að hann er búinn að fara þannig með lánamál landbúnaðarins eins og hann er búinn að fara. Hann ætti að kynna sér, hvað það eru mörg prósent af bændum, sem óska eftir því yfirleitt að standa í vélakaupum, hafa bolmagn til þess með þeim vöxtum, sem nú eru.

Ég er ekki vanur að halda uppi málþófi í málum. Eins og ég sagði í upphafi, voru þeir flokkar, sem standa að þessu frv., búnir að semja um þessa breytingu, og það verður sjálfsagt samþykkt. Það verða gerðar tilraunir til þess að standa á móti því, eftir því sem hægt er og atkvæði standa til, en jafnframt til þess að gera breytingar á frv., ef það er sýnt, að það á fram að ganga, eins og ég geri ráð fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess að undirstrika frekar þá almennu reglu, sem þó er þess verð, að það sé minnzt á hana, að það má búast við því, að hér eftir verði þessari reglu fylgt, að gera breytingar á bankaráði, ef mönnum þóknast svo, ef einhverjir vilja ekki fara þær leiðir að samþykkja það, sem stjórninni þóknast að fá bankaráð til þess að samþykkja, þá verði bara breytt til. Þetta er almenna reglan, og hún er ekkert smávægilegt atriði. Í annan stað er það, sem hæstv. ráðh. tókst ekki að hnekkja, að bankinn er með þessari almennu kosningu meira slitinn úr sambandi við bændastéttina en áður. Á þessu er kannske hægt að gera breytingar og sjá, hvort vilji er fyrir því að tengja hann bændastéttinni á þann hátt, sem kunna að koma fram till. um. Það er vel hægt að koma því þannig fyrir, að flokkarnir allir kjósi fulltrúa í bankaráð, þegar þar eru 5 menn, og sjónarmið þeirra allra komi þar fram og gæzla þeirra á bankanum sé svo örugg í höndum eins fulltrúa frá hverjum flokki, að það ætti að vera auðvelt að útvega bankanum fé, eins og ráðh.

tekur fram að sé nauðsynleg forsenda. Bændur ættu þá kannske líka að eiga rödd þarna og ráða einhverju um það, hvernig bankanum er stjórnað. Það reynir þá á það, hver er viljinn með þessu frv., er sú till. liggur fyrir, því að mér virðist það ekki óeðlilegt, ef allir flokkar ráða þessu, að þá hafi bændur þarna líka einhver ráð, og ráðin eru ekki meiri en það, að þeir hafa tillögurétt frá einum manni, en flokkarnir á Alþ. hafa 4 menn og geta öllu ráðið, og það ætti ekki að vera hættulegt, ef menn vilja leyfa þeim að láta rödd sína heyrast í bankaráðinu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eiginlega ekki nein ástæða til þess að vera að taka til máls eftir þessa ræðu hv. þm. Tilefni er tæplega til þess. Hann endaði ræðu sína með því, að það gæfist tækifæri til að sjá, hvort bændur fái að láta rödd sína heyrast í bankaráðinu, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ég er alveg viss um það, að bændur geta látið rödd sína heyrast í bankaráðinu á eftir, alveg eins og nú. Eins og ég sagði áðan, þótt bankaráðið sé kosið af sameinuðu þingi eftir þessu frv., en af landbn. Alþ. áður, þá er það út af fyrir sig engin breyting, vegna þess að landbn. sjálfar hafa ekki ráðið kosningu þeirra, sem í bankaráðið fóru, heldur hafa þingflokkarnir gert það. Þeir hafa eðlilega gert það, og það er ekkert við því að segja. En hitt er alveg víst, eins og ég sagði áðan, að úr því að bankinn þarf nú alveg sérstaklega á miklu fjármagni að halda, þá styrkir það aðstöðu hans, að fleiri en bændur hafi áhuga á því að efla þessa stofnun, því að það er nú einu sinni svo, að þegar menn eru komnir í stjórn og farnir að bera ábyrgð á einni stofnun, vex áhugi þeirra á því, að stofnunin geti dafnað.

Hv. þm. var að tala um óþolinmæði hjá okkur sjálfstæðismönnum að geta ekki beðið í hálft ár eftir því að fá meiri hluta í bankaráðinu. Ég sagði áðan, að það væri ekki það, sem fyrir okkur vekti. Við teljum, að þótt við gætum fengið tvo af þremur bankaráðsmönnum við Búnaðarbankann, væri ekki þar með nægilega að gert, vegna þess að stofnunin næði ekki þeim áhrifum eða þeim tökum, sem hún sérstaklega þarf að ná nú eftir að fjárfestingarsjóðirnir eru komnir í það öngþveiti, sem þeir eru í.

Hv. þm. minntist hér á bréf, sem ég hafði skrifað Búnaðarbankanum um útibúið á Egilsstöðum. Það er rétt, að ég átti við útibúið á Egilsstöðum í öðru dæminu, sem ég nefndi áðan. En það kemur mér ókunnuglega fyrir eyru, þegar hv. þm. fullyrðir, að útibúið á Egilsstöðum hafi verið stofnað með vilja og samþykki Jóns Pálmasonar, því að ég hef það eftir alveg áreiðanlegum heimildum, að Jón Pálmason, bankaráðsmaður Búnaðarbankans, og Hilmar Stefánsson bankastjóri greiddu báðir atkv. á móti því að stofna þetta útibú. Þeir greiddu báðir atkv. á móti því. Hitt er svo rétt, að hv. 2. þm. Vestf. skrifaði Búnaðarbankanum bréf, að mig minnir 19. des. 1958, eða rétt um það leyti sem hann var að fara úr stjórninni, og heimilaði að stofna útibú á Austurlandi. En hafi Jón Pálmason gert það í sinni ráðherratíð, hefur það verið fyrir 10 árum, og hann hefur þá verið búinn að skipta um skoðun á þessum 10 árum, því að ég hef sannar heimildir fyrir því, að hann greiddi atkv. á móti því, að útibúið yrði stofnað. Nú var með mínu bréfi ekkert sagt um það, hvort ég út af fyrir sig væri á móti því, að þetta útibú væri stofnað á Egilsstöðum. En þegar ég frétti um, hvernig þetta hefði borið að, að tveir bankaráðsmenn hefðu samþykkt þetta og einn bankaráðsmaður var á móti og bankastjórinn, þannig samþykkt með 2 atkv. gegn 2, fannst mér eðlilegt, að þetta mál væri athugað nánar og það nýja bankaráð, sem á að kjósa við Búnaðarbankann, fengi tækifæri til þess að fjalla um þetta og láta skoðun sína í ljós. Það fannst mér eðlilegast. Ég nefni ekkert ástæðuna fyrir því, hvers vegna ég skrifaði þetta bréf, að öðru leyti en ég hef nú talið. Það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að tveir bankaráðsmenn af þremur, löglega kosnir, hafa formlega valdið, en hvort það er hyggilegt að beita valdinu þannig, það er svo annað mál, og ekki getur verið eðlilegt að gera það. Í því bréfi, sem ég skrifaði Búnaðarbankanum 4. apríl s. l., segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að vænta má breytinga á skipan bankaráðs Búnaðarbanka Íslands á yfirstandandi Alþ., þykir eðlilegt, að undirbúningur að stofnun fyrirhugaðs bankaútibús á Egilsstöðum verði ekki hafinn fyrr en nýtt bankaráð fær tækifæri til þess að ákveða, hvernig þessum undirbúningi skal hagað."

Þetta er skrifað vegna þess, að það voru tveir, sem vildu stofna útibúið, en einn bankaráðsmaðurinn og bankastjórinn vildu ekki gera það, greiddu atkv. á móti því. Þess vegna er eðlilegt, að ráðh., sem þessi stofnun heyrir undir, telji eðlilegt að athuga þetta mál frekar. En ég hef ekkert sagt um það, að ég væri endilega á móti því, að þetta útibú yrði stofnað, og ég segi: hvers vegna mátti nú ekki bíða til vorsins með þetta? Voru það hagsmunir bankans, eða voru það hagsmunir Austfirðinga? Hvers vegna hafa þessir menn, sem hafa ráðið bankanum nú undanfarið, ekki stofnað útibú á Austurlandi fyrr, ef það hefur verið heimilað af ráðh. fyrir 10 árum? Mér hefur verið sagt, að það væri búið að ráða bankastjóra að útibúinu á Austurlandi. Við skulum ekki fara frekar út í það, en það er ekkert víst, að nýtt bankaráð, sem hefur verið kosið í samræmi við vilja Alþ., hefði kosið þennan mann, án þess að ég ætli nokkuð að lasta hann út af fyrir sig.

Þetta er það, sem ég vildi segja um útibúið á Egilsstöðum, af því að það var beinlínis nefnt hér og vitnað í bréf mitt. En ég hef fleiri dæmi, sem líkt stendur á um og hægt væri að nefna, sem er vafasamt og er ekki til þess að auka álit eða traust bankans.

(**HermJ:** Hvað er það?) Á ég að nefna það? Ja, það er t. d. ráðning útibússtjórans á Akureyri í haust. Hann var ráðinn með atkv. framsóknarmanna gegn atkv. eins bankaráðsmannsins og gegn vilja bankastjórans. (**HermJ:** Þetta er rangt.) Þá hef ég fengið skakkar upplýsingar, því að ekki bý ég þetta til, en ég hef fengið þetta frá þeim mönnum, sem ég trúi að hafi sagt mér satt, og þessi ráðstöfun þótti mjög hæpin, mjög vafasöm, vegna þess að annars vegar var vanur bankamaður, sem hafði gegnt bankastjórastarfi í fjarveru útibússtjórans, er sat á Alþ., hins vegar var óvanur bankamaður, barnakennari að menntun, sem þekkir ekki full skil á bankastarfsemi. Ég segi, án þess að lasta þennan mann, sem var ráðinn, hann getur verið ágætur út af fyrir sig, að þessi aðferð var ekki til þess að styrkja eða auka álit manna á stjórn bankans, og einmitt svona dæmi ýtir miklu frekar undir breytingu og sannar, að það er þörf á því, að stjórnin sé kosin á lýðræðislegan hátt.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan, að við gætum átt von á þessu eftir hverjar kosningar, að það verði breytt um í bankaráðinu. Ekki skal ég fullyrða neitt um það. En ég vil aðeins minna á, að það, sem hér er verið að gera í sambandi við Búnaðarbankann nú, er að tryggja það, að bankaráð Búnaðarbankans verði kosið á sama hátt og annarra ríkisbanka, og eðlilega verður þá bankaráðið í hverjum banka skipað í samræmi við styrkleika flokkanna í Alþ. Það er þetta, sem hv. 2. þm. Vestf. virðist ekki vilja una. Hann talar um, að bankinn sé slitinn úr tengslum við bændur, ef þannig er að farið.

Það, sem ég vil fullyrða í þessu sambandi, er, að bændur spyrja ekki að því, hvernig bankaráðið er kosið. Þeir spyrja ekki heldur að því, hvað bankaráðsmennirnir heita. Þeir spyrja að því, hvort þeir geti fengið lán í bankanum og með hvaða kjörum þeir geti fengið það. Þessi breyting á bankaráðslögunum miðar að því að tryggja, að bændur geti verið í þeim tengslum við bankann, sem þeir sjálfir óska helzt eftir, á þann hátt, að bankinn fullnægi því hlutverki, sem honum hefur ætíð verið ætlað, þ. e. að hafa fjármagn til að lána til landbúnaðarins, og það verður bezt gert með því, að sem flest öfl í þjóðfélaginu telji, að þessi stofnun hafi mikilvægu hlutverki að gegna.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það var um stofnun útibúsins. Hilmar Stefánsson bankastjóri greiddi alls ekkert atkv. um það. Það er eins og venjulega, þessi hæstv. ráðh. þarf alltaf að vera að reyna að smeygja sér út úr því, sem hann hefur sagt, og talar þannig, að hann kannast ekki við það, sem hann hefur talað, því að hann sagði hér í allra áheyrn, að þetta hefði verið samþ. með 2 atkv. gegn 2. Það er eitt út af fyrir sig, sá hugsunargangur að álíta, að það sé hægt að samþ. eitthvað með 2 atkv. gegn 2. Ef það hefði verið svo, hefði vitanlega ekki verið stofnað útibú, því að það hefði verið fellt með 2 atkv. gegn 2, svo að það er í þessu margþætt vitleysa.

Um ráðningu útibússtjórans á Akureyri skal ég það eitt segja, að það var gert af bankaráðinu og á þess ábyrgð, og ég get fullyrt það, að það er óþarfi að vera að lasta þennan mann, hann hefur reynzt alveg ágætlega, eins og hann hafði reynzt, þegar hann hafði gripið í þetta mjög oft um lengri eða skemmri tíma hjá föður sínum. Ég ætla ekki að fara í karp um ráðningar á mönnum í bankastjórastörf, en ef það væri farið í meting um það við Sjálfstfl., hvernig þeir hafa reynzt, bankastjórar þess flokks og bankastjórar Framsfl., þá hygg ég, að þessi hæstv. ráðh. kysi alls ekki að hafa yfirleitt neinar umr. um það.

Ef ég fer að segja fleira, eru það endurtekningar, og ég skal ekki misnota þann rétt, sem ég hef haft til að gera þessa aths.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:4 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 502, n. 527 og 530, 531).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÞ, KJJ, SÓÓ.

PÞ, SE, AGl, ÁB, HermJ, KK greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓlJ, BjörnJ, FRV, FS, JÁ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um afstöðu til þessa frv. Fjórir nm. standa að nál. því, sem birt er á þskj. 527, en einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), hefur lýst sig andvígan frv. og lagt fram sérstakt nál.

Það er skoðun þeirra nm., sem að áliti meiri hl. standa, að sú breyt., sem gerð er á lögum um Búnaðarbanka Íslands með stjórnarfrv. þessu, sé eðlileg og til þess fallin að styrkja aðstöðu bankans og koma eðlilegri skipan en nú er á stjórn hans.

Við 1. umr. þessa máls rakti hæstv. landbrh. málsástæður þær, sem fyrir því liggja, að ríkisstj. hefur flutt frv. þetta, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka þær röksemdir.

Það sýnist augljóst mál, að eðlilegt sé, að bankaráð Búnaðarbankans sé skipað svo sem bankaráð annarra ríkisbanka, þannig, að það sé allt kosið af Alþingi með hlutfallskosningu.

Með þessu frv. er auk þessarar skipulagsbreytingar á yfirstjórn bankans lagt til að veita heimild til að fjölga bankastjórum. Það er till. n., að þessi heimild til fjölgunar bankastjóra sé takmörkuð við tvo, og telja þrír nm., sem að meirihlutaálitinu standa, að sú breyting sé eðlileg. Hins vegar telur einn af nm., hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), ekki eðlilegt, að

bankastjórum sé fjölgað, og hefur hann skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, svo sem um getur í nál.

Það var skýrt af hæstv. landbrh. við 1. umr. málsins, að það væri skoðun ríkisstj., að eðlilegt væri að heimila slíka fjölgun bankastjóra sem hér er um að ræða, og getur það naumast talizt óeðlilegt. Miðað við þá bankastjóratölu, sem er í öðrum ríkisbönkum, og miðað við þá umfangsmiklu starfsemi, sem Búnaðarbankinn hefur með höndum, virðist eðlilegt, að þessi heimild sé fyrir hendi, og kemur þar svo að sjálfsögðu til kasta hins nýkjörna bankaráðs og þess ráðherra, sem fer með yfirstjórn bankans, að ákveða um það, hvort slík heimild verður notuð eða ekki, og verður það þá að sjálfsögðu metið eftir því, sem þessir aðilar telja að bankanum henti.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að orðlengja frekar um málið, en það er till. umræddS meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem birt er í nál., en sú breyt. er þess eðlis efnislega, að í stað þess, að fjölgun bankastjóra var ekki bundin í frvgr., eins og hún liggur fyrir, er lagt til, að þau takmörk verði á sett, að bankastjórar megi ekki vera fleiri en tveir.

Þá hefur n. enn fremur þótt eðlilegt að gera þá breyt. á niðurlagi 1. gr., sem er um eftirlaun, að um það gildi sömu reglur og eftirlaun bankastjóra við Landsbankann, þar eð laun bankastjóra eru miðuð við laun bankastjóra Landsbankans, og er því eðlilegt, að um eftirlaun gildi sama regla, enda eru þau eftirlaunaákvæði, sem í frumvarpsgreininni felast upphaflega, úrelt og því eðlilegra, að þessi háttur sé á hafður.

Það er því, herra forseti, till. meiri hl. n., að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem birt er í nál. meiri hl. á þskj. 527.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Um leið og ég skírskota til nál. míns á þskj. 530, vil ég fara nokkrum orðum um frv. og afstöðu mína.

Aðalefni frv. er, eins og kemur fram í aths., sem því fylgja, og hv. frsm. meiri hl. (MJ) lýsti líka, í fyrsta lagi að fjölga bankaráðsmönnum úr 3 í 5 og í öðru lagi að fjölga bankastjórum Búnaðarbankans. Ástæðurnar til þessara breytinga eru taldar vera þær að styrkja aðstöðu bankans og skipa honum svipaða stjórn að mannatölu og öðrum ríkisbönkum. Þetta lítur í fljótu bragði mjög eðlilega út. En ef skoðað er ofan í kjölinn og sá kunnugleiki notaður, sem allir hv. þm. þessarar d. hljóta nú að hafa, þá er tilgangurinn undir niðri sá að fjölga bankaráðsmönnunum til þess, að stjórnarflokkarnir, sem nú fara með völdin í landinu og vilja gjarnan auka þau, fái meiri hluta í bankaráðinu. Og fjölgun bankastjóra er einnig til þess, að sömu flokkar geti fengið þar sæti fyrir sína fulltrúa. Samkvæmt frv. var ekki tekið fram, hvað bankastjórarnir mættu verða margir. Nú er komin fram brtt. frá meiri hl. — og stjórnarflokkunum þar með — um það, að ekki megi fjölga þeim nema í tvo.

Ef maður athugar nú, hvort þetta muni verða til þess að styrkja aðstöðu bankans, að stjórnarflokkarnir fái þar meiri hluta og fái þar tvo bankastjóra, þá virðist svo, að það hefði verið hægt fyrir stjórnarflokkana að styrkja aðstöðu bankans á annan hátt. Hæstv. landbrh. orðaði þetta eitthvað á þá leið, að með því að fjölga bankaráðsmönnunum væri tryggð samúð með bankanum frá öllum flokkum þings. En það er ekki í raun og veru það, sem vantað hefur, að flokkarnir ættu fulltrúa í bankaráðinu, til þess að Alþingi sýndi Búnaðarbankanum umönnun. Við framsóknarmenn höfum hvað eftir annað flutt till. um það að létta skuldabyrðar bankans á þann hátt, sem hefur verið gert að undanförnu og má telja að hafi verið regla síðan bankinn var stofnaður. Ef nú Sjálfstfl. hefði viljað styðja þessar till. okkar, vantaði sannarlega ekki stuðning á Alþingi. Við fluttum hér í þessari hv. d. snemma í vetur frv. um, að ríkissjóður yfirtæki þær skuldir bankans, sem hvíla nú þyngst á honum. Þetta frv. hefur legið óafgreitt hjá fjhn. d., vitanlega af því, að stjórnarflokkarnir hafa stutt að því, að það kæmi ekki fram, og hinn ágæti formaður n., hinn velviljaði og ágæti maður, 11. þm. Reykv. (ÓB), hefur setið á þessu frv. fyrir stjórnarflokkana, og sýnir það út af fyrir sig, hvað ríkt þeim er í hug að veita bankanum stuðning. Framsóknarmennirnir í fjvn. fluttu í vetur till. sama efnis. Sú till. var felld. Það þarf þess vegna ekki fjölgun í bankaráði Búnaðarbankans til þess, að Alþ. veiti bankanum stuðning. Það þarf hugarfarsbreytingu. En hvort hugarfarsbreytingin kemur með fjölgun í bankaráði, það er ósannað mál, en ég fyrir mitt leyti hef ekki mikla trú á því út af fyrir sig.

Það er talið af sömu ástæðu, að fjölga eigi bankastjórum. Ég sé á brtt., sem meiri hl. hefur flutt, að fjölgun bankastjóranna á þó ekki að vera nema upp í tvo. Ég, sem tel, að ekki þyrfti að fjölga bankastjórunum, tel þetta auðvitað til bóta. En hins vegar sé ég í gegnum það tilgang stjórnarflokkanna, að þeir láta sér nægja að koma sínum manninum hvor í þessar stöður. Og það var þá auðvitað ekki, að því er þetta snertir, sú ástæðan að skipa bankanum stjórn eins og hinum bönkunum, sem hafa 3 bankastjóra. Þetta virðist vera full sönnun fyrir því, að það, sem fyrir stjórnarflokkunum vakir, er að fá stóla handa sínum mönnum, en ekki hitt, að koma bankanum undir stjórn þriggja bankastjóra, eins og hinir bankarnir hafa.

Ég held fyrir mitt leyti, að það sé ástæðulaust að fjölga bankaráðsmönnum upp í 5 til þess að hafa þá eins marga og í Landsbankanum og Útvegsbankanum og enn síður ástæða til þess þó að fjölga bankastjórunum. Ég tel mjög vafasamt í raun og veru, að þrír bankastjórar vinni miklu betur fyrir bankann en færri, og ég tel, að fjárhagslega mundi það vera sparnaður fyrir Búnaðarbankann að hafa áfram einn bankastjóra. Mér er tjáð, að banka-

stjórar telji það ekki skyldu sína að ganga að bókhaldsstörfum, eins og t. d. fulltrúar gera, og þess vegna hygg ég, að það fyrirkomulag sé betra, sem í Búnaðarbankanum er, að bankastjórinn hafi fulltrúa á bak við sig. Bæði vinna þeir fyrir lægri laun en bankastjóri, og einnig er það, að þeir ganga meira að bókhaldsverkum en bankastjórar. Þar að auki tel ég, að Búnaðarbankinn sé ekki fullkomlega sambærilegur við hina bankana. Verkefni hans eru töluvert á aðra leið en viðskiptabanka Landsbankans og Útvegsbankans. Hann hefur ekki verzlun gjaldeyris með höndum, og hann starfar í stofnlánadeildum, sem hafa ákveðnar reglur, sem unnið er eftir og útheimtar því minni bankastjóraforstöðu daglega.

Einnig er á það að líta, að því er bankaráðið snertir: Þurftu stjórnarflokkarnir á því að halda til þess að ná meiri hluta að fá lögunum breytt? Jú, þeir þurftu þess með, af því að þeim var svo brátt að ná í þann meiri hluta, að þeir töldu, að þeir yrðu að fá hann fyrir næstu áramót, fá hann strax, til þess að geta tekið þarna sæti fyrir sína fulltrúa þá mánuði, sem eftir eru af þessu ári. Af því að þeim var svo brátt, þurftu þeir þessa löggjöf, en um næstu áramót er útrunnið kjörtímabil formanns bankaráðsins, og þá gátu þeir eðlilega látið ráðh. sinn skipa mann úr sínum flokki og þannig fengið meiri hl. Hvernig sem á þetta er litið, er það þess vegna frá minu sjónarmiði óþarfi, sem hér er verið að gera.

Það fyrirkomulag hefur verið haft á kosningu til bankaráðsins, að tveir mennirnir eða meiri hl. bankaráðsins hefur verið kosinn af landbn. Alþingis. Þetta hefur vafalaust verið gert vegna þess, að Búnaðarbankinn er í raun og veru stéttarbanki. Hann er í raun og veru banki bændastéttarinnar, þó að ríkið annist rekstur hans og beri ábyrgðina. Hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan um Verzlunarbankann, að hann yrði einkabanki. Hann sagði það um Iðnaðarbankann, sem rétt var, að hann væri blandaður, hann væri ekki fullkomlega einkabanki vegna þátttöku ríkisins að því er stofnfé hans snertir. En þessi banki, Iðnaðarbankinn, er samt óháður ríkinu um stjórnarkjör, að ég held. Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það er blandað kjör. Þá bið ég afsökunar á því. En þetta haggar ekki nema að litlu leyti því, sem ég ætlaði að segja, vegna þess að þar sem ríkið og einkaaðilarnir kjósa stjórnina í þeim banka, er mjög eðlilegt, að bændastéttin hafi sérstaka íhlutun um skipun bankaráðs Búnaðarbankans að einhverju leyti. Og með því að láta nefndir þær, sem starfa að landbúnaðarmálum á Alþingi, velja meiri hluta bankaráðsins, hefur löggjafinn sýnilega á þeim tíma, þegar það var upp tekið, haft þá hugsun, lagt hana til grundvallar, að með því móti væru bankanum tryggð í bankaráðinu áhrif bændastéttarinnar, þar sem í landbn. á Alþ. veljast venjulega áhrifamenn um landbúnaðarmál og menn, sem hafa þekkingu á þeim atvinnurekstri og fylgjast með hag bændastéttarinnar. Nú á að breyta þessu, og ég tel það fyrir mitt leyti til skemmda að breyta því. Nú eiga hinir pólitísku flokkar að kjósa mennina hlutbundinni kosningu. Með því móti eru rýrð þau óbeinu áhrif, sem bændastéttinni voru tryggð áður með fyrirkomulagi kosninganna, og ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 531, sem er brtt. við brtt. hv. meiri hl., og hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„2. efnismgr. till. orðist svo:

Sameinað Alþ. kýs fjóra bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn á sama hátt til sama tíma, einn fyrir hvern aðalmann. Stjórn Stéttarsambands bænda kýs fimmta bankaráðsmanninn, einnig til 4 ára, og varamann hans til sama tíma. Varamenn taka sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanna. Ráðh. skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til 4 ára í senn."

Með þessari till. er stjórn bændasamtakanna í landinu, stéttarsambands þeirra, gefið vald til þess að velja fulltrúa í bankaráðið. Þannig fær bændastéttin þar beinan fulltrúa, ef þessi till. verður samþ. og frv. verður að lögum. Mér finnst alveg nægilegt fyrir þingflokkana að kjósa fjóra hlutbundinni kosningu og mjög sennilegt, að hér í þessari hv. d. og á Alþ. yfirleitt séu svo margir menn bændavinir og í raun og veru að meira eða minna leyti fulltrúar bænda í þinginu, að þeir vilji styðja þessa till. og tryggja þannig kjósendum sínum þennan eðlilega rétt til þess að hafa mann í bankaráði þessa banka, sem verður að teljast að verulegu leyti stéttarbanki, þó að ríkið annist hann og ábyrgist hann af þeim ástæðum, að bændastéttin, sem er dreifð um allt landið, á mjög örðugt með það að standa um slíkan banka á sama hátt og þéttbýlið getur staðið um þá banka, sem stéttarsamtök þess setja á stofn.

Ég veit það, að t. d. hv. 6. þm. Norðurl. e. mun telja sig fulltrúa bænda að nokkru leyti og nægilega mikinn fulltrúa þeirra til þess að telja sanngjarnt, að þeir hafi þarna sinn fulltrúa til að gæta réttar síns og koma fram með kunnugleika þeim sjónarmiðum, sem þurfa þar að vaka á hverjum tíma frá hendi stéttar þeirrar, sem bankinn á að starfa fyrir. Ég vænti þess vegna, að þessi till. verði samþykkt um leið og aðaltill. eða inn í aðaltill.

Um aðaltill. vil ég segja það sérstaklega, að ég tel til mikilla bóta, að breytt hefur verið síðustu grein 1. gr. frv., að gerð hefur verið brtt. við hana um eftirlaun bankastjórans — eða bankastjóranna væntanlega nú, því að þau ákvæði, sem þar voru, má telja að hafi verið úrelt, þó að ég búist við því, að ekki komi að sök, vegna þess að það hefði þótt sjálfsagt að bæta úr í framkvæmd og þess vegna hefði ekki þurft að breyta l. vegna þeirra ákvæða. En hins vegar er gott, að þingmeirihl. hefur tekið þessa breyt. upp, og ég er henni samþykkur.

Ég var að líta yfir frv. áðan í sæti mínu, og þá uppgötvaði ég það, að í raun og veru væri

rétt af mér að flytja aðra brtt., en ég mun þá gera það við 3. umr. Það er lítil brtt., en hún er um það, að inn í bráðabirgðaákvæðið komi viðbót á þá leið, að kjörtími bankaráðsmanna, sem væntanlega verða kosnir á þessu þingi, og fimmti maðurinn fljótt af Stéttarsambandinu, hefjist ekki fyrr en um næstu áramót. Að vísu sé ég þá, að það getur farið eftir því, hvort menn vilja fallast á þá till., hvort ég hef rétt fyrir mér í því, að frv. sé flutt með þeim hætti og í því formi, sem það er, miðað við það, að stjórnarflokkarnir fái strax meiri hl. Ef till. verður samþ., geta þeir sannað það, að ég hafi þar verið með rangar getsakir. En ég er fús til þess að þola það að hafa haft rangt fyrir mér í þessu, ef með því er hægt að bæta frv. lítils háttar. Að öðru leyti vil ég taka það skýrt fram, að ég er andvígur þessu frv. í heild, þó að ég flytji við það breytingartillögur í einstökum atriðum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. frsm. minni hl. nefndarinnar.

Í nál. hv. minni hl., sem er, eins og hv. nm. er von og vísa, sums staðar með dálítið skáldlegum blæ, er að finna ýmis atriði, sem væri fróðlegt að taka til nánari athugunar, en ég skal aðeins staðnæmast við örfá í grg. og ræðu hans.

Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir okkur hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) að vera með nokkra vafninga um það, hvers eðlis þessi breyt. hér er og hvers eðlis jafnframt till. hv. minni hl. fjhn. er. Það er vitanlega alveg rétt, að hæstv. ríkisstj. telur ekki viðunandi þá skipan, sem nú er á bankaráði Búnaðarbankans, og hæstv. landbrh. vék að því í frumræðu sinni við 1. umr., að það hefðu gerzt ýmis atvik, sem staðfestu það, að slík skipan væri óhæf. Það kemur dálítið einkennilega út, þegar hv. framsóknarmenn nú telja það sjálfsagðan og eðlilegan hlut, að einn flokkur hafi hreinan meiri hluta í bankaráði eins bankans, því að ég man ekki betur en það hafi verið fært fram sem meginástæða fyrir þeim víðtæku breytingum, sem vinstri stjórnin gerði á bankakerfinu, að það væri alger óhæfa, að einn flokkur hefði jafnmikil áhrif og þar væru í þann tíð, og var þá vitanlega átt við þau áhrif, sem Sjálfstfl. hafði þá í ýmsum bönkum, að talið var, og áhrif, sem til voru komin beinlínis fyrir áhrif löggjafar, sem Framsfl. á sínum tíma hafði staðið að, en sjálfstæðismenn ekki sjálfir gert neitt til þess nema fylgja ákvæðum þeirrar löggjafar. Ég skal taka undir þá skoðun, sem þá kom fram, að það sé ekki heppilegt, að einn flokkur hafi meiri hluta í bankaráði eins banka, úr því að bankaráð ríkisbankanna á annað borð eru kosin pólitískri kosningu, nema því aðeins að þannig standi sakir, að viðkomandi flokkur hafi meirihlutafylgi á Alþ., þá horfir málið allt öðruvísi við.

Það er vafalaust kunnugt hv. 1. þm. Norðurl. e., hvernig stóð á því, að bankaráði Búnaðarbankans var ekki breytt um leið og bankaráðum annarra banka, en það byggðist einfaldlega á því, sem upplýst hefur verið af samstarfsmönnum Framsfl., að þeir hafa ekki verið viðmælanlegir að breyta því bankaráði, af því að þeir höfðu þar tryggðan meiri hluta. Því er haldið fram, að það sýni bráðræði hæstv. ríkisstj. og jafnvel beri vott um, að hún telji sig ekki fasta í sessi, að hún skuli ekki bíða til næstu áramóta með að fá meiri hluta í bankaráði. Ég geri ráð fyrir því, að eftir þeirri skipan, sem nú gildir, mundi Sjálfstfl. um næstu áramót geta fengið hreinan meiri hluta í bankaráði Búnaðarbankans. En þetta frv. sýnir einmitt, að Sjálfstfl. sem slíkur og hann fyrir sitt leyti stefnir ekki að því marki. Hann telur sjálfsagt og eðlilegt, eins og ríkisstj. hér leggur til, að þeirri skipan verði komið á bankaráð þessa banka, að áhrif flokka innan bankaráðsins verði í samræmi við það fylgi, sem þeir á hverjum tíma hafa á Alþ., og er þá um leið fyrir það girt, eins og nú standa sakir, að Sjálfstfl. gæti fengið meiri hluta í þessu bankaráði, enda þótt hann vel hugsanlega gæti fengið þann meiri hluta um næstu áramót, ef löggjöfin væri óbreytt.

Það er því beinlínis vegna þess, að það er skoðun ríkisstj. og það er skoðun meiri hl. fjhn., að rétt sé sú stefna, að það eigi að koma sömu yfirstjórn á þennan ríkisbanka og aðra ríkisbanka í landinu, að þetta frv. er flutt, sem við í meiri hl. n. teljum rétt og eðlilegt að styðja.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að það væri einkennilegt, að það væri talað um, að bankinn nyti ekki nægilegs trausts á Alþ., ef bankaráðið væri skipað eins og það er nú. Ég held, að það liggi fullkomlega í augum uppi, að það séu meiri líkur til þess, að stofnun, hvort sem það er Búnaðarbankinn eða aðrar stofnanir, eigi auknum stuðningi að fagna innan þings eftir því sem fulltrúar fleiri flokka fá þar aðild að. Þetta held ég liggi í augum uppi.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða sérstaklega um fjármál Búnaðarbankans og hina sérstöku umhyggju Framsfl. fyrir bankanum. Það eru áreiðanlega skiptar skoðanir um það, hversu happasæl sú umhyggja hafi verið, en við getum látið það í þessu sambandi liggja milli hluta.

Það er talað um, að það sé óeðlilegt, að bankastjórar séu fleiri en einn, vegna þess að bankinn starfi í deildum og hafi ekki gjaldeyrissölu, og þar af leiðandi sé verksvið hans harla lítið. Nú má það öllum hv. þm. vera kunnugt, að Búnaðarbankinn hefur stóra sparisjóðsdeild, og að sjálfsögðu er starf hans á miklu víðari grundvelli en á vettvangi hinna föstu sjóða bankans, og það er eitt út af fyrir sig, sem ber ekki að telja sem neina frambúðarskipan, að Búnaðarbankinn fái ekki rétt til þess að verzla með gjaldeyri.

Því er haldið fram, að það sé eðlilegt, að bændastéttin, eins og það er orðað, hafi aðild að Búnaðarbankanum, og þá vitnað til Verzlunarbankans og Iðnaðarbankans. Nú er það

vitanlega ekki sambærilegt um þessa banka. Verzlunarbankinn er banki, sem fær ekki einn eyri af opinberu fé, og allt fé hans er lagt til af hluthöfum bankans og bankinn hefur ekki einu sinni ríkisábyrgð, þannig að það væri auðvitað fráleitt með öllu, að ríkið hefði aðild að þeim banka. Í Iðnaðarbankanum hefur ríkið ekki önnur og meiri áhrif en þau, sem leiðir af hlutafjáreign ríkisins í bankanum, og er það einnig að sjálfsögðu með eðlilegum hætti, að hluthafar í þeim banka ráði að sínu leyti, svo sem hlutabréf þeirra og hlutafé heimilar lögum samkvæmt.

Um Búnaðarbankann vita allir, að Búnaðarbankinn er alger ríkisbanki, og það þótti eðlilegt af hálfu vinstri stjórnarinnar að breyta t. d. Útvegsbankanum, sem var hlutafélag, í ríkisbanka, til þess að ríkið næði öllum tökum í þeim banka. Og það verður ekki séð, að það sé ástæða til þess að útiloka áhrif útgerðarmanna úr Útvegsbankanum, sem upphaflega er hugsaður, eins og nafnið ber með sér, sem banki útgerðarinnar, en eiga að hafa sérstaka aðild stéttarsamtaka bænda að Búnaðarbankanum, þegar ríkið á bankann að öllu leyti, hefur lagt fram allt það fé, sem bankinn hefur yfir að ráða, og það hefur, að því er mér hefur skilizt, alla tíð verið talið eðlilegt, að þessi banki væri alger ríkisbanki.

Það felur því ekki í sér á neinn minnsta máta neina andstöðu gegn áhrifum bændastéttarinnar eða sýnir óvilja í þá átt, að bankinn eigi að vera í þjónustu hennar, að menn skuli ekki vilja telja eðlilega þá skipan, sem nú er, að landbúnaðarnefndir Alþingis kjósi bankaráðsmenn, né heldur eðlilega þá till., sem flutt er nú af hv. minni hl. fjhn., að Stéttarsamband bænda eigi að tilnefna einn mann í bankaráð Búnaðarbankans. Slík skipan væri í fyllsta máta óeðlileg.

Hv. frsm. sagðist vænta þess, að svo margir fulltrúar bænda væru í þingi, að þeir mættu samþ. þessa tillögu. Ég ætla að vænta þess á móti, einmitt vegna þess, hve margir fulltrúar bænda eru hér í þingi, að Alþingi sé fullkomlega treystandi til þess að kjósa bankaráð þessa banka og velja í það menn, sem eru velviljaðir bændastéttinni og munu sjá um að gæta hagsmuna hennar jafnvel og þó að sett væri ákvæði hér inn í lögin, að Stéttarsamband bænda ætti að tilnefna einn mann af fimm.

Kem ég þá að því atriðinu, sem ég minntist á í upphafi máls míns, að á sama hátt og ég segi það ákveðið, að ástæðan til þessara breytinga er m. a. sú, að það er talið óeðlilegt, að bankaráð þessa banka, eins og annarra ríkisbanka, sé ekki skipað þannig, að ekki komi beinlínis til árekstra við ríkisstj. á hverjum tíma, heldur séu bankaráðin í samræmi við það vald, sem hverju sinni er ráðandi á Alþ., á sama hátt ætti þá vitanlega hv. 1. þm. Norðurl. e. að sýna þá hreinskilni að játa það, að vitanlega liggur ekki að baki tillögu hans nokkur skapaður hlutur annar en að tryggja, að Framsfl. geti áfram haft tvo menn í bankaráði. Það liggur svo í augum uppi, að ég býst ekki við, að neinn gangi neinar grafgötur um það, né heldur að flm. till. ætlist til þess, að menn líti á hana öðrum augum í alvöru, og er þá að sjálfsögðu komin sú óeðlilega skipan, þó að hún að vísu sé ekki eins mikil og nú er, en sú óeðlilega skipan, að bankaráð þetta sé í algeru ósamræmi við skipun Alþingis á hverjum tíma. Og þar sem þetta er að öllu leyti ríkisbanki, verðum við að telja það fullkomlega eðlilegt, eins og er um alla aðra ríkisbanka, að bankaráð þeirra séu skipuð á þann hátt, að það komi ekki til beinna árekstra við ríkisstj., sem er á hverjum tíma, hvort sem það er núv. ríkisstj. eða önnur ríkisstj., því að ef bankaráðin eru skipuð á þann veg, sem hér er lagt til, þannig að þau séu í samræmi við fylgi flokkanna á Alþ., eru mjög litlar líkur til þess, hvernig sem ríkisstj. yrði samsett, að það mundi ekki leiða til þess, að hún hefði stuðning bankaráða ríkisbankanna hverju sinni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki eyða fleiri orðum um þetta mál. Þetta er einföld breyting, sem hér er um að ræða, svo sem bent hefur verið á. Það eru skiptar skoðanir um þetta, eins og vænta hefði mátt. Það er mannlegt vafalaust, að flokkur eins og Framsfl. haldi í þau óeðlilegu forréttindi, sem hann hefur í sambandi við yfirstjórn þessa banka, og skal ég ekkert lá honum það út af fyrir sig eða talsmönnum þess flokks hér. En ég hygg, að það muni þó, enda sýnir nál. meiri hl. það, vera mikið meirihlutafylgi fyrir því hér í Alþ., og raunar er það fylgi innan Framsfl. einnig, að þessi skipan mála sé óeðlileg og sá háttur, sem hér er tekinn upp með yfirstjórn bankans, sé á allan hátt eðlilegri og meira í samræmi við hagsmuni bankans sjálfs.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eitt, aðeins eitt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði núna, gaf mér ástæðu til þess að biðja um orðið. Hann hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að verkefni Búnaðarbankans væru harla lítil, svo að ekki þyrfti að fjölga stjórnendum hans þess vegna. Ég sagði ekki, að verkefnin væru harla lítil. Ég sagði, að verkefnum væri þannig skipað, vegna þess að hann starfaði í stofnlánadeildum, sem hafa fastar reglur, að hann þyrfti ekki eins mikla daglega yfirstjórnarstarfsemi og hinir ríkisbankarnir eða eins og hann hefði þurft, ef þetta skipulag hefði ekki verið, og ég taldi hagfelldara form og ódýrara, að bankastjórinn hefði fulltrúa, en að fjölgað væri bankastjórum, og færði rök fyrir því.

Annars kom það nú greinilega í ljós af ræðu hv. frsm., hvað fyrir vakir, og er það sama og ég hafði líka gizkað á, þó að ekki kæmi fram í hans fyrri ræðu og þó að það hefði ekki komið fram beint í athugasemdum þeim, sem fylgja frv. Hæstv. landbrh. var í raun og veru hreinskilnari um þau efni,

þegar hann flutti sína fyrri framsöguræðu, og þess vegna þurfti ekki eins mikið að geta í eyður þar. Það er sem sé þetta, að stjórnarflokkarnir fái meiri hluta í stjórn bankans, í bankaráðinu og sæti í bankastjórastólum.

En úr því að ég er kominn hingað og farinn að tala, vil ég vekja athygli á því, sem hv. frsm. sagði og sagði sem dæmi um það, hve Sjálfstfl. væri í þessu máli ósérdrægur, að ef það hefði verið dregið til áramóta að gera þessa ráðstöfun, beðið þangað til formaðurinn gekk af sjálfu sér úr stjórninni og landbrh. gat skipað mann í hans sæti, þá hefði Sjálfstfl. fengið meiri hluta, en það samrýmdist ekki réttarmeðvitund hans. Skyldi nú ekki vera sú ástæðan, að hann hefur þarna með sér ofur lítinn náunga, sem vill fá sitt? Skyldi það ekki vera, að litli bróðir, þessi ágæti litli bróðir, sem veitir Sjálfstfl. meirihlutaaðstöðu að þessu sinni, sem er betri en meirihlutaaðstaða, sem hefði fengizt með kosningum, sem hefðu skapað Sjálfstfl. sjálfum meiri hluta, — skyldi nú ekki vera, að það sé hann, sem er hafður þarna í blóra, þegar talað er um rétt, réttsýni og óeigingirni? Er þá ekki augljóst, að úr því að bankastjórarnir eiga ekki að vera nema tveir, verði að fullnægja kröfu þessara flokka, óskum tveggja flokka, en skiptir minna um hina? Það er eins og venjulega, þegar mál eru flutt að yfirvarpi, í öðrum tilgangi en þeim, sem undir býr, þá koma fram dálitlar mótsagnir, og þær hafa komið vel og greinilega fram í þessu tilfelli.

Hv. frsm. meiri hl. gerði nú tilraun, mjög laglega, eins og hann kann, þegar hann flytur mál, því að það verður að segjast um málflutning hans, að maður má varast að verða honum sammála, án þess að ástæða sé til þess. Hann flytur mál sín svo sakleysislega og blátt áfram. Já, hann var að leysa þá fulltrúa, sem hér eru fyrir náð bændanna, undan áhyggjum af, að það sé nokkuð athugavert við það, þó að þeir verði á móti því, að bændurnir fái beinan aðila, sem kjörinn sé af stjórn stéttarsamtaka þeirra, inn í bankaráðið. Og hann skírskotaði til þess, að þeir mundu sjá, að það væri ekkert óeðlilegt við það, þar sem hér væri um ríkisbanka að ræða, og þeir mundu yfirleitt treysta Alþingi svo vel, að það mundi þrátt fyrir það, þó að sú skipan yrði höfð á, sem frv. gerir ráð fyrir, koma fulltrúa bænda inn í bankaráðið. En ég verð nú að segja það, að mér hefur fundizt oft bóla á því hér á hv. Alþ., einkum hjá þeim flokkum, sem hafa ekki sérstakan áhuga á störfum þeirra nefnda, sem þingið kýs, en eru launaðar, að þá sé kosið meira með tilliti til þess að veita bitling en að kjósa menn, sem kannske beinlínis hafi áhuga fyrir verkefnunum. Og gæti ekki svo farið enn, að þannig yrði?

Ég hygg, að það sé ekki hægt að komast fram hjá því, hversu laglega sem hagað er orðum, að þeir, sem greiða atkvæði á móti því, að Stéttarsambandið fái aðstöðu til þess að eiga einn fulltrúa í ráði þess banka, sem er í eðli sínu stéttarbanki, þeir eru ekki bændastéttinni trúir. Þeir fara ekki að þeim vilja bændanna, sem hafa kosið þá, sem þeir ættu að gera. Og ég er viss um það, að ef málið yrði borið undir bændurna, mundu þeir greiða till. minni hiklaust atkvæði og telja í því sambandi, að þeir, sem vilja fella till., séu ekki umhyggjusamir um þeirra hag eins og skyldi á því þingi, þar sem andstæðar stéttir og flokkar með misjöfnum sjónarmiðum á gildi bændastéttarinnar fara með valdið, sem ætlazt er nú til að velji trúnaðarmenn að þessum banka.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er að mínum dómi tvennt, sem er eftirtektarverðast og alvarlegast í sambandi við þetta frv. Annars vegar, hvaða stefnu í bankamálum það boðar og látið er uppi að eigi að koma í kjölfar þessa, og hins vegar, hvernig þetta mál ber hér að nú á hv. Alþ. rétt undir þinglokin. Það hefur komið fram í umr. um þetta frv., að það þykir eðlileg skipan, að bankaráðið sé kosið hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi til þess að tryggja svo sem auðið er, að yfirstjórn þessa banka sé á hverjum tíma í samræmi við vilja ríkisstj. og þess þingmeirihluta, sem fer með völd, og það er gefið í skyn, að þetta sé aðeins byrjun á því, sem koma skal, þetta sé hin eðlilega skipan um allt bankakerfi landsins, þ. e. a. s. ríkisbankana. En í sambandi við þetta mál og nú síðustu dagana, síðan þetta frv. var flutt, hefur einnig verið að þessu vikið í málgagni annars stjórnarflokksins, málgagni þess stjórnarflokksins, sem fer með yfirstjórn bankamála í núv. ríkisstj., og þar er sagt berum orðum og afdráttarlaust, að það sé óhjákvæmilegt og eðlilegt, að skipan bankaráðanna sé í svipuðum hlutföllum og skipan Alþingis, þ. e. a. s. að meiri hluti Alþ. á hverjum tíma eigi að hafa vald á því, hverjir skipa meiri hluta bankaráðanna. Og þetta er áréttað í þessu málgagni bankamálaráðherrans með því að benda á, að nú standi sakir svo, að ríkisstj. hefur ekki meiri hluta í þremur bankaráðum, þ. e. í Seðlabankanum, Framkvæmdabankanum og Búnaðarbankanum, og síðan í framhaldi af þessu er minnzt á það í Alþýðublaðinu, að þetta hafi ekki enn þá komið að sök gagnvart núverandi ríkisstj., þar sem meiri hl. í bankaráðum Seðlabankans og Framkvæmdabankans hafi ekki tekið afstöðu gegn ríkisstj. Hins vegar hafi það í einu atriði komið fyrir, að bankaráð Búnaðarbankans hafi ekki beygt sig eða látið að vilja núv. ríkisstj., og þess vegna beri nú brýna nauðsyn til að ryðja þeim meiri hluta úr vegi nú, áður en þessu þingi lýkur.

Hér er vissulega boðuð ný stefna, sem getur ekki farið fram hjá a. m. k. þm. og mun ekki fara fram hjá þjóðinni, áður en langt um líður. Hér er boðuð ný stefna í fjármálakerfi landsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Landsbankinn hefur eiginlega frá

því að hann var stofnaður og a. m. k. sérstaklega nú á síðari áratugum haft sérstöðu sem þjóðbanki, bankinn, sem ræður seðlaútgáfunni og hefur haft það hlutverk að vera eins konar miðstjórn bankastarfseminnar í landinu. Skipan Landsbankans hefur verið við það miðuð, með tilliti til þess, að hann er seðlabankinn, þjóðbankinn, að það væri til í landinu sjálfstætt fjármálavald annað en ríkisstj. á hverjum tíma. Sú eldri skipan, sem gilti um yfirstjórn Landsbankans og var þannig í stórum dráttum, að Alþingi kaus landsbankanefnd, þó ekki nema þriðjung hennar í hvert sinn, og landsbankanefnd kaus síðan bankaráðin, sem réðu bankastjórana, — sú skipan var við það miðuð, að í þjóðbankanum væri til sjálfstætt fjármálavald, sem væri ekki háð beinum afskiptum eða fyrirmælum ríkisstj. á hverjum tíma. Og sú skipan, sem nú er á þessu, er einnig miðuð við þetta, og er sú sérstaka tilhögun, sem nú er á skipan yfirstjórnar Seðlabankans, miðuð við það.

En það, sem boðað er, er gerbreyting í þessu efni, og þetta er fyrsta merki þess, eins og ég hef þegar drepið á. Það hefur verið minnzt á það í þessum umr., að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn séu hliðstæður fremur en t. d. Búnaðarbankinn og Iðnaðarbankinn. Þetta er ekki rétt, a. m. k. nema að litlu leyti. Útvegsbankinn hefur hátt á þriðja áratug starfað undir hlutafélagsformi, en þetta hlutafélagsform var í raun og veru nafnið eitt, vegna þess að ríkið tók ábyrgð á innstæðufé Útvegsbankans og ríkið veitti Útvegsbankanum einnig sérstök fríðindi, þar sem hann hefur í skjóli ríkisvaldsins og fyrir áhrif þess haft á hendi um mjög langt árabil þriðja hlutann af gjaldeyrisviðskiptum þjóðarbúsins. En það er vitanlega samkv. löggjöf, sem lengi hefur gilt, skylt að skila til ríkisvaldsins í raun og veru þeim gjaldeyri, sem þjóðarbúið aflar, og það er því í þess höndum og á þess vegum að ráðstafa því, hvaða peningastofnanir hafa gjaldeyrisviðskiptin með höndum. Búnaðarbankinn hefur aldrei haft þessa starfsemi, gjaldeyrisviðskipti fyrir þjóðarbúið. Hann er að því leyti fremur hliðstæða við Iðnaðarbankann en við Útvegsbankann. En það eru engin smávegis viðskipti, og því fylgir ekki lítill vandi og ekki lítil umsvif í yfirstjórn banka að hafa slíkt á hendi, þar sem þjóðarbúið framleiðir gjaldeyri, svo að hundruðum milljóna skiptir árlega, eins og kunnugt er. Nú er boðuð þessi nýja stefna í bankamálum, að ríkisstj. þurfi að auka þar áhrif sín, og það er beinlínis sagt, að það sé óhjákvæmilegt og eðlilegt, að skipan bankaráðanna í ríkisbönkunum sé í svipuðu hlutfalli og skipan Alþingis á hverjum tíma, og þetta er áréttað í Alþbl., sem ég hef vitnað til orðrétt, þannig, að hver ný ríkisstj. þarf að geta treyst hollustu bankaráðanna. Það fer ekki dult, hvað fyrirhugað er. En hvort þetta er gerhugsað, það er mér nokkur ráðgáta, vegna þess að þó að það eigi að tryggja þetta, hollustu bankanna við sérhverja ríkisstj., með því að hafa kjörtímabil bankaráðanna hið sama og kjörtímabil Alþ., þá er það kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnarskipti verða stundum á kjörtímabili, og það er ekki ávallt hinn sami þingmeirihluti, sem ræður á Alþ. frá upphafi kjörtímabils til enda þess. En það mun væntanlega skýrast síðar, hvernig við þessu verður snúizt á sínum tíma.

Nú virðist í fljótu bragði eðlilegt að líta svo á, ef það er ásetningur, svo sem ótvírætt er, þess þingmeirihluta, sem nú fer með völd í landinu, að ná meirihlutaáhrifum í bankakerfinu, þannig að það sé ekki lengur til í þjóðfélaginu sjálfstætt fjármálavald annað en ríkisstj., að það væri eðli málsins samkvæmt nóg, að þingmeirihlutinn næði þessu valdi yfir Seðlabankanum, þeirri stofnun, sem er eins konar miðstjórn í bankakerfinu og hefur seðlaútgáfuréttinn. Og ég verð að segja, að ég fæ ekki séð, að það sé samræmi í þeirri stefnu hæstv. ríkisstj., sem virðist koma fram annars vegar í þessu frv. um Búnaðarbankann, að auka áhrif þingmeirihlutans yfir þeirri stofnun, og hins vegar í því að beita sér fyrir stofnun einkabanka. Ég fæ ekki séð, að það sé samræmi í þessu tvennu, annars vegar að beita sér fyrir stofnun einkabanka, sem eiga ekki að vera háðir afskiptum ríkisins, en geta þó fengið til ráðstöfunar mikið af sparifé þjóðarinnar, og hins vegar í því að ætla ekki að eira neinu sjálfstæðu fjármálavaldi í bönkum ríkisins öðru en því, sem ríkisstj. sjálf ræður yfir. Og ég vænti þess, að sá hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur, skýri það fyrir þd., hvernig ríkisstj. túlkar eða vill skýra stefnu sína að þessu leyti.

Hér er vissulega stefnt í gagnstæðar áttir. Það eru hér tvö mál á dagskrá þessa fundar, annað um einkabanka, þar sem stefnt er að því að hafa fjármagn í umferð í þjóðfélaginu algerlega í einkaeign, losa það undan áhrifum ríkisvaldsins, og hins vegar er annað frv., sem miðar að því að tryggja þingmeirihluta áhrif yfir annarri bankastofnun, sem ríkið að sönnu á, en þykir ekki nægilega tryggt að sé undir yfirstjórn eða í höndum þess þingmeirihluta, sem nú situr.

Nú hefur það komið fram, að það lægi fyrir að endurskoða bankalöggjöfina í heild, en það yrði að bíða haustsins. Þá kem ég að því, hvernig þetta mál ber að hér á þessu þingi. Þegar þessu er yfir lýst af hálfu núverandi stjórnarflokka, að stefnt sé að því að endurskoða bankalöggjöfina í heild og það muni ekki dragast nema til haustsins, hefði þá ekki verið eðlilegast, að Búnaðarbankinn félli inn í þá heildarendurskoðun? Til viðbótar þessu má benda á, að að frumkvæði þm. úr öðrum stjórnarflokknum hefur verið samþykkt hér á hv. Alþ. ályktun um að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því að efla veðdeild Búnaðarbankans. Þetta er ályktun, sem nýlega er afgreidd hér á hv. Alþ. Nú kann að vera, að með því sé aðallega átt við að leggja veðdeildinni aukið veltufé, en mér finnst þó ekki útilokað, að í því sambandi þurfi að athuga löggjöfina sjálfa og e. t. v.

að endurskoða að einhverju leyti þann kafla búnaðarbankalaganna, sem fjallar um veðdeildina. Um þetta eru bein fyrirmæli frá hv. Alþ., gefin nú fyrir fáum dögum. En það má ekki láta þetta frv. bíða eftir því, að ríkisstj. framkvæmi þessi fyrirmæli þingsins, sem hún væntanlega gerir nú á þessu ári, og þá hefði gefizt tækifæri til þess að endurskoða búnaðarbankalöggjöfina alla í heild. Hvers vegna ber þá þetta mál svona að, að þetta þarf að taka út úr heildarendurskoðun og slíta úr samhengi við endurskoðun á einum kafla búnaðarbankalaganna? Ég hygg, að frsm. minni hl. fjhn. hafi gefið nægilega glögga skýringu á því, hvers vegna þetta mál ber svona að, svo glögga, að ég þurfi í raun og veru ekki að bæta neinu við það eða endurtaka það, sem hann sagði. Tilgangurinn er sá umbúðalaust með þessu frv. að veita þingmeirihlutanum, sem nú situr, tækifæri til þess nú þegar að fá meiri hl. í bankaráði Búnaðarbankans. Og það er alveg umbúðalaust ástæðan fyrir því, að þetta frv. er tekið út úr samhengi við heildarendurskoðun bankalöggjafarinnar, sem fyrirhuguð er.

Það hefur verið minnzt á, að Framsfl. hafi meiri hluta í bankaráði Búnaðarbankans, og frsm. meiri hl. fjhn. komst þannig að orði í ræðu sinni hér áðan, að það væri óeðlilegt, að einn flokkur hefði meiri hluta í bankaráði eins banka. Í þessu sambandi minnist ég þess, að sjálfstæðismenn virtust ekki líta þannig á 1957, þegar bankalöggjöf um tvo aðalbanka landsins var breytt, því að mig minnir, að þeir greiddu þá atkv. gegn þeirri breyt., sem miðaði að því að hnekkja meirihlutavaldi Sjálfstfl. í bankaráðum þeirra, svo að ef það hefur ekki verið óeðlilegt þá, fæ ég ekki séð, að það sé sérstaklega óeðlilegt nú, þó að svo sé um stundarsakir, að Framsfl. hafi meiri hluta í bankaráði Búnaðarbankans, og eins og fram hefur komið, hefði biðin ekki þurft að verða mjög löng til þess að fá breyt. á því, þar sem um næstu áramót hefði komið tækifæri alveg sjálfkrafa að óbreyttri löggjöf til þess að skipa nýjan formann í bankaráði bankans. Enn fremur má benda á það, að í sjálfu sér tryggir sú skipan, sem nú er á þessu, á engan hátt Framsfl. meirihlutavald í bankaráðinu. Framsfl. hefur ekki nema 2—3 eða mest 4 af 10 mönnum í sameinuðum landbn. Alþ., t. d. nú á þessu þingi aðeins 3 menn móti 7, þannig að sú skipan, þó að henni væri haldið, sem tryggir tengsl við bændastéttina, leggur Framsfl. alls ekki upp í hendur neitt meirihlutavald yfir Búnaðarbankanum.

Það hefur komið fram í umr. um þetta mál og í málgagni annars stjórnarflokksins, sem ég hef vitnað til, að eitt af því, sem knýi á um að gera þessa breyt. nú, sé það, að bankaráð Búnaðarbankans hafi ekki í einu atriði viljað hlíta ábendingum eða jafnvel fyrirmælum núv. ríkisstj., og er þar átt við stofnun útibús á Austurlandi. Ég ætla ekki af þessu tilefni að fara að rifja upp sögu þess máls — alls ekki. En ég ætla aðeins að segja það að gefnu tilefni í þessum umr., að saga þess máls er orðin löng heima í héraði. Hún er a. m. k. 10 ára gömul, og ef sú saga verður rakin, tilefni verður gefið til þess, þá koma þar við sögu margir mætir menn í héraði, sem skipa sér í ýmsa stjórnmálaflokka og hafa komið þar við sögu á ýmsum tímum. En það, sem ég vildi segja í þessu sambandi nú og leggja áherzlu á, af því að það er eitt hið alvarlegasta, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, er það, að það er látið liggja að því, að vegna þess að þeir, sem áður hafa farið með völd, yfirráð banka hér í landi og meirihlutavald í Búnaðarbankanum, hafa leyft sér að taka ákvarðanir, sem e. t. v. falla ekki að öllu leyti í geð núv. hæstv. ríkisstj., þá sé ástæða til að staldra við og jafnvel hindra, að þær ákvarðanir komist í framkvæmd. Hér er sem sé gripið á máli, sem að vissu leyti boðar nýja stefnu eða er í samræmi við nýja stefnu, svipaða og boðuð er í bankakerfinu í heild. Það dylst ekki þm. og mun skýrast fyrir þjóðinni æ betur, eftir því sem frá líður, sú ríka tilhneiging núv. ríkisstj. að draga til sín vald, sem að eðlilegum hætti og hefðbundinni venju hefur legið í höndum löggjafarvaldsins, og tilhneiging til þess að breyta ráðstöfunum, sem fyrirrennarar ríkisstj. hafa gert.

Ég ætla ekki að fara að rekja þetta hér, en ég segi aðeins, að tilhneiging ríkisstj. til þess að haga málum á þessa lund dylst ekki í ýmsum greinum. Þingmeirihlutinn ræður vitanlega á löggjafarsviðinu hverju sinni, og þingmeirihluti getur með löggjöf breytt lagasetningu, sem áður hefur verið í gildi, en það þarf að gera hér á hv. Alþ. með gaumgæfilegri athugun, minnst 6 umr. í þingi og má segja fyrir opnum tjöldum fyrir þjóðinni. En skipting valdsins milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds leiðir það af sér, að ákvörðun handhafa framkvæmdavalds á hverjum tíma er gild stjórnarathöfn. Þetta er eitt af grundvallaratriðum stjórnskipulags ríkisins, og það er næsta alvarlegt, ef nýr handhafi framkvæmdavaldsins leyfir sér og gengur á það lagið að ógilda e. t. v. með stuttu bréfi eða einum pennadrætti löglega gerðar stjórnarathafnir fyrrv. handhafa valdsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ríkisstj. og ráðherrar, án tillits til flokka, framkvæma oft margvíslegar stjórnarathafnir á síðustu vikunum eða jafnvel síðustu dögunum, sem þeir sitja í ríkisstjórn, veita stöður og því um líkt. Og það er kunnara en frá þurfi að segja, að slíkar stjórnarathafnir sæta oft gagnrýni með þjóðinni, bæði í blöðum og umræðum. En að það sé ekki gilt, þær stjórnarathafnir, sem þannig eru gerðar, það er nýjung, ef út af því væri brugðið. Og satt að segja fæ ég ekki séð, hvar við værum þá staddir, ef ráðherra, sem við tekur, á að geta leyft sér jafnvel að ógilda t. d. embættaveitingu eða annað slíkt, sem fyrirrennarinn hefur gert, ef hann kynni að líta öðrum augum á en fyrirrennarinn gerði.

Ég taldi og tel rétt að vekja eftirtekt á

þessu í sambandi við þau ummæli, sem komið hafa fram í umr. um þetta mál um afskipti núv. bankaráðs Búnaðarbankans af vissu atriði. Og ég endurtek það og legg á það áherzlu, að það mál er ekki nýtt, það er gamalt mál, og þar koma margir við sögu, þó að það kunni e. t. v. að vera svo, að ekki sé ýkjalangt síðan formlega var frá því gengið bréflega.

Þá ætla ég að lokum að minnast á það, sem fram hefur komið í þessum umr., hvort Búnaðarbankinn sé ekki hliðstæður Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum, sem verið er að stofna, að því leyti til, að hann sé stéttarbanki bændanna. Ég hef áður drepið á það, að Búnaðarbankinn hefur aldrei haft gjaldeyrisviðskipti með höndum. Hann starfar í fjórum deildum, þ. e. byggingarsjóður, ræktunarsjóður, veðdeild og sparisjóðsdeild. Hinar föstu stofnlánadeildir bankans starfa í þágu landbúnaðarins, og ég ætla, að veðdeildarlánin séu því aðeins veitt, að þau séu tryggð með veði í jörðum. Ég ætla, að það sé rétt. Þetta sýnir, svo langt sem það nær, að bankinn er fyrst og fremst stéttarbanki, sem á að styðja landbúnaðinn. En hér kemur fleira til. Landsbankinn og Útvegsbankinn hlíta yfirstjórn þess ráðh., sem fer með bankamál hverju sinni. Það er beinlínis tekið fram í l. um Útvegsbankann, að yfirstjórn hans sé í höndum þess ráðh., sem fer með bankamál. Gagnstætt þessu er það tekið fram í gildandi lögum um Búnaðarbankann, og því er enn haldið í þessu frv., að ráðh. sá, sem fer með landbúnaðarmál, hafi yfirstjórn bankans. Það er til þess að leggja áherzlu á, að Búnaðarbankinn sé stéttarbanki fyrir landbúnaðinn. Hliðstæða þessa er hjá Iðnaðarbankanum. Í lögum um hann er svo fyrir mælt, að iðnmrh. eigi að samþykkja reglugerð hans og samþykktir, og í frv. um Verzlunarbankann, sem á að verða stéttarbanki fyrir hluta af verzlunarstéttinni, segir, að samþykktir og reglugerð bankans skuli vera háð staðfestingu viðskmrh. Nú er það að sönnu svo í núv. ríkisstj., að það mun vera sami ráðh., sem fer með bankamál og viðskiptamál, en það er bara forsetaúrskurður, sem gildir um þessa ríkisstj. Það er alls ekki sjálfsagt, að það fari saman. En til þess að leggja á það áherzlu og gera það skýrt, að Verzlunarbankinn sé stéttarbanki fyrir hluta af verzlunarstéttinni, þá er það beinlínis tekið fram í frv., að samþykkt og reglugerðir þess banka skuli háð staðfestingu viðskmrh. Að þessu leyti er það augljóst, að hér er hliðstæða milli þessara stéttarbanka iðnaðarins og verzlunarinnar og Búnaðarbankans, sem beinlínis er með l. falinn yfirstjórn landbrh. hverju sinni, en ekki þess ráðh., sem fer með hin almennu bankamál í landinu. Og þegar þetta er svo augljóst og ótvírætt sem ég hef bent á, þá er á það að líta, hvernig stéttirnar, sem standa að Verzlunarbankanum og Iðnaðarbankanum, tryggja tengsl þeirra stofnana við þær stéttir, sem bankarnir eiga að starfa fyrir. Þær gera það í fyrsta lagi á þann hátt, sem ég hef greint með því að fela ráðuneytum þeim, sem fara með hin stéttarlegu málefni þessara atvinnugreina, yfirstjórn peningastofnananna á hverjum tíma. Í öðru lagi gera þær það með því að mynda hlutafélög og takmarka valdið yfir peningastofnunum í samræmi við hlutafjáreign hvers aðila á hverjum tíma. Nú eru hlutafélög með fleiri en einum hætti. Sum hlutafélög eru þannig, að það er efnt til almennrar hlutafjársöfnunar, eins og var með Eimskipafélag Íslands á sínum tíma. En önnur hlutafélög eru að mestu leyti lokuð, þannig að vissir aðilar hafa forgangsrétt um hlutafjársöfnun og þá um leið forgangsrétt um valdið yfir þeirri stofnun, sem hlutafélagið á og rekur.

Um báða þessa banka, Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann, er því þannig háttað, að þar eru vissum aðilum tryggð forréttindi um að leggja fram hlutafé og þá um leið forréttindi um það að hafa meirihlutavaldið í þessum bönkum. Á þennan hátt tryggja þessar stéttir tengsl þessara stéttarbanka við þær stéttir, sem þeir eiga að vinna fyrir. Þegar á þetta er litið, virðist það mjög eðlileg ósk og þeirri kröfu mjög í hóf stillt, sem gerð er í brtt. minni hl. fjhn., að Stéttarsamband bænda fái rétt til þess að kjósa einn mann af fimm í bankaráð Búnaðarbankans, stéttarbanka landbúnaðarins. Það verður ekki um það deilt, að þessi till. er fullkomlega réttmæt og að það er mjög eðlileg ósk, sem þar er fram borin og miðar að því að tryggja betur en gert er í frvgr., eins og hún liggur fyrir, tengsl bændastéttarinnar sjálfrar við þá peningastofnun, sem hún á fyrst og fremst aðgang að.

Ég drap á það fyrr í þessari ræðu, að það væri annað atriðið, sem mjög væri eftirtektarvert við þetta frv., hvernig það er látið bera að hér á hv. Alþ. þessa daga undir þinglokin. Þetta er slitið út úr samhengi við heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni, eins og ég hef áður rætt um. En til áréttingar því vil ég að lokum spyrjast fyrir um það, hvort það liggi fyrir óskir frá hálfu bændastéttarinnar um að gera þessa skipulagsbreytingu nú og svo í skyndi sem fyrirhugað er. Og ég spyrst fyrir um það, hvort þetta mál hafi verið lagt fyrir búnaðarþing, eins og venja er með hin meiri háttar málefni, sem snerta landbúnaðinn. Mér er það ekki kunnugt, en ef það hefur ekki verið gert, sýnir það enn betur en margt annað, hve óeðlileg vinnubrögð það eru að taka þetta mál þeim tökum, sem nú er stefnt að, því að vissulega er þetta mál, sem bændastéttina varðar og væri fullkomlega þess vert að vera lagt fyrir búnaðarþing og fyrir lægi álit þess, áður en skipulagsbreyting á Búnaðarbanka Íslands er lögfest.

Og það væri í raun og veru hið skynsamlegasta, sem hæstv. landbrh. gerði nú, að knýja ekki á um samþykkt þessa máls nú á þeim fáu dögum, sem þing á ósetið, heldur að fresta því og leggja það fyrir búnaðarþing og taka það til endurskoðunar á næsta þingi, ef þurfa þætti, í sambandi við heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni.

ATKVGR.
Brtt. 331 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, HermJ, KK, PÞ, SE, AGl.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
4 þm. (BjörnJ, FRV, FS, ÓlJ) fjarstaddir.
Brtt. 527 samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
ÁB, HermJ, KK, PÞ, SE, AGl greiddu ekki atkv.
4 þm. (BjörnJ, FRV, FS, ÓlJ) fjarstaddir.
2.—4. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv.

Á 86. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 550, 551).

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég gat þess við 2. umr. í gær, að ég hefði hug á því að flytja litla brtt. við bráðabirgðaákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Þessi brtt. hefur verið prentuð og liggur nú fyrir á þskj. 551. Hún er, eins og liggur ljóst fyrir, um það, að umboð þeirra, sem nú skipa bankaráð Búnaðarbankans og endurskoðenda, falli ekki niður strax, heldur frá næstu áramótum að telja, og þá um leið, að starfstími hinna nýju manna, sem frv. gerir ráð fyrir að Alþ. kjósi nú, skuli vera frá ársbyrjun 1961 til ársloka 1964.

Þessi brtt. er einkum gerð vegna þess, að samkvæmt henni mundi form. bankaráðsins, sem skipaður var af landbrh. á sínum tíma, útenda sinn starfstíma samkvæmt sínu skipunarbréfi.

Ég lít svo á, að það sé alltaf athugavert að grípa inn í og breyta kjörtímanum hjá þeim, sem starfa samkvæmt lögum um ákveðinn kjörtíma. Vitanlega getur Alþ. gert það og er ekki alls kostar óeðlilegt, að það geri það í sambandi við þá menn, sem það hefur kosið. En þegar landbrh. skipar með innsigli sínu einhvern, þá má telja, að sú skipan sé á þá leið, að það sé eins og sá maður sé konunglegur starfsmaður, ef um konungsríki væri að ræða.

Allt í þessu sambandi telst til fordæma. Það er vitnað til fordæma, ef slíkt hefur átt sér stað áður, og það er talið til fordæma eftirleiðis, ef það er upphaf mála.

Ég tel, að það mundi verða viðkunnanlegra fyrir þann hæstv. núv. ráðh., þegar hann gefur út skipunarbréf sín, að hann geti gengið út frá því og þeir, sem hann skipar, að sá tími, sem þau eru út gefin fyrir, standi. Ég hef með þessari till. viljað gefa stjórnarflokkunum tækifæri til að segja síðar: Við virtum skipunarbréf fyrirrennara okkar. Þess vegna ætlumst við til, að okkar skipunarbréf verði virt. — Ég vænti þess, að hv. stjórnarflokkar vilji nota þetta tækifæri til að fá aðstöðu til að segja það og ætlast til, að þeirra skipunarbréf verði virt, þegar nýir taka við.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð vegna þeirra ummæla, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hafði hér áðan og mér þóttu næsta einkennileg, af því að þau komu úr þeirri átt. Hann sagði, að það væri jafnan talið til fordæma, sem fyrst er gert, og taldi, að það væri eðlilegt, að það leiddi af sér síðar svipuð viðbrögð, ef einu sinni hefði verið gerð ákveðin ráðstöfun, og átti hann hér þá við það að fella niður umboð kjörinna eða skipaðra bankaráðsmanna. Ég held, að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé áreiðanlega það minnisgóður maður, að hann viti það gerla, að þegar vinstri stjórnin breytti bankalöggjöfinni, enda þótt hún þá af einhverjum sérstökum ástæðum gleymdi Búnaðarbankanum, þá var fellt niður umboð allra bankaráðsmanna landsbankanefndar og allra þeirra aðila, sem þar áttu hlut að máli, hvernig svo sem þeir höfðu kjörnir verið, þannig að ef það er svo, eins og hann sagði, að það sé eðlilegt að líta á fordæmin og miða seinni verk við þau, þá vissulega hefur hans ágæti flokkur og þeir, sem þá studdu hann að því verki, gefið svo ótvírætt fordæmi í þessu efni, að það er naumast hægt fyrir hann að hneykslast yfir því, að hér skuli vera lagt til að fella úr gildi með breytingu þeirri, sem nú er lagt til að gera á lögum um Búnaðarbanka, umboð þeirra bankaráðsmanna, sem nú sitja þar. Mér sýnist því, miðað við það, sem hann taldi eðlilegt þá, að þá hljóti hann einnig að fallast á, að þetta sé eðlilegt, sem nú er gert, og í beinu framhaldi af því, sem þá var lögfest. Og af þeim sökum sýnist mér eðlilegt, með hliðsjón af því fordæmi, að það sé gerð sú breyting og umboð fellt niður, svo sem hér er lagt til, og skiptir í því efni að sjálfsögðu engu máli, hvort Alþ. hefur sjálft ákveðið á sínum tíma að tilnefna slíka menn eða ákveðið, að ráðherrar skuli tilnefna mennina. Í öllum tilfellum er það frá Alþingi komið, hvernig mennirnir eru í þetta starf settir. Og þar sem hér er ekki um nein embætti að ræða, heldur aðeins nefndir, sem talið er eðlilegt að kjósa á tilteknu árabili, mun ekki talið, a. m. k. miðað við það, sem áður hefur gerzt í þeim efnum, á neinn hátt óeðlilegt það, sem hér er um að ræða, og sýnist mér því ekki á neinn hátt eðlilegt, að sú brtt., sem hér er flutt, verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég minnist þess, að Sjálfstfl. og ýmsir menn í honum hneyksluðust mjög á því, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) vitnar nú í sem fordæmi. Og ég vildi nú segja það, að sú hneykslun hefur ekki staðið ákaflega djúpt, úr því að þeir vilja nú ekki upphefja þá reglu með því að gefa annað fordæmi. Ég hef aðeins með þessari till.

boðið þeim upp á tækifæri til þess, sem kostar ekkert, en getur sýnt hugarfar og það, hvort hneykslanirnar hafa verið tilbúnar eða ekki.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umræðum, nema hvað ég gerði stuttlega grein fyrir afstöðu minni og flokks míns við 1. umr., og það stafar m. a. af því, að hér er verið að deila um atriði, sem snertir starf, sem ég gegni, þó að það skipti mig æði litlu máli, hvort það umboð, sem ég hef, er lagt niður fyrr eða síðar. En vegna þess að hér hefur verið vikið að því, að það hafa verið gefin fordæmi um þetta atriði af þeirri ríkisstj., sem ég veitti forstöðu, og það er gert hvað eftir annað, neyðist ég til að gera örstutta grein fyrir þeim mismun, sem er á þessu tvennu.

Ég býst við, að það séu fáir, ef það er nokkur, sem getur mótmælt því, að það sé erfitt fyrir ríkisstj., meira að segja útilokað fyrir ríkisstj. að stjórna peningamálum þjóðar, sem eru þó fyrst og fremst eitt af því, sem stjórna þarf, ef aðalstjórnarandstöðuflokkurinn ræður yfir aðalbanka þjóðarinnar, þjóðbankanum, seðlabankanum, og til viðbótar öðrum aðalbanka, bæði að því er snertir bankaráð og bankastjóra og afhendingu gjaldeyris. Og ég geri ráð fyrir því, að það verði fáir, sem halda því fram, að það hafi ekki verið af óumflýjanlegri nauðsyn, sem þær ráðstafanir voru gerðar. Það er þetta, sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. Það gegnir því nokkuð öðru máli en um banka, sem er sérbanki og stjórnin, ef hún á líf fyrir höndum, sem ég geri ráð fyrir að hún a. m. k. ætli sér, fær umráð yfir eftir örstuttan tíma.

Þetta er meginmunurinn á því fordæmi, sem gefið er með þeim ráðstöfunum, sem sú stjórn, sem ég veitti forstöðu, gerði, og þeim ráðstöfunum, sem nú eru gerðar. Hér er seilzt svo langt, eins og hefur verið margendurtekið og ég vil enn í lok þessara umræðna vekja athygli á, að það er talið, að það verði að gera það að reglu, eins og kom fram hér í ræðu hæstv. landbrh. og fleiri þm. af sama flokki, að meiri hluti bankaráðs, meiri hluti í stjórn hvers einasta banka í landinu, — því að það er talið, að það þurfi að gera breytingar á hinum í haust, — verði að vera í samræmi við þann meiri hluta, sem fer með stjórn landsins hverju sinni, ekki aðeins meiri hluta, sem kosinn er við hverjar kosningar, heldur meiri hlutann, sem stendur að baki hverri stjórn. Það er ekki nóg að breyta til eftir hverjar kosningar hér eftir samkv. reglunni, heldur þarf að breyta til, ef það verða stjórnarskipti og aðrir flokkar fara með völd. Þetta er gert að meginreglu og slegið ófrávíkjanlega föstu með þessari reglu, þar sem seilzt er svo langt, að ekki er hægt að bíða í nokkra mánuði eftir því að breyta til um sérbanka, banka einnar stéttar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Þessi brtt. skiptir náttúrlega litlu máli til eða frá, nema til þess, eins og flm. sagði, að fá atkvgr. um hana til að undirstrika enn á ný, að hér sé föst regla upp tekin, sem er þess verð, að henni sé veitt athygli.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér skildist á hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), miðað við það, hve hann hefur fordæmt það, sem hér hefur verið að gerast í sambandi við þetta mál, að hann gefi þá jafnframt með sinni afstöðu og með sinni síðustu ræðu yfirlýsingu um það, að hann telji, að aðgerðir vinstri stjórnarinnar í bankamálum hafi verið rangar. Hann segist vilja með þessari brtt. sinni gefa stuðningsmönnum þessa frv. og þá fyrst og fremst sjálfstæðismönnum, sem gagnrýndu margt í þeim breyt., sem þá voru gerðar á bankalöggjöfinni, tækifæri til þess að lýsa eða staðfesta fordæmingu þeirra á þeim aðgerðum, sem þá hefðu verið. Og með því að ganga sjálfur fram fyrir skjöldu með flutningi till., verður ekki annað skilið, ef orð hans eiga að skiljast í réttu samhengi, en að hann jafnframt lýsi því yfir, að það, sem þá hafi verið gert af hálfu vinstri stjórnarinnar, hafi verið rangt.

Við getum látið þetta alveg liggja á milli hluta. Ég álít, að það sé rétt og eðlilegt, að bankaráð ríkisbankanna, ég endurtek: ríkisbankanna, séu skipuð með þeim hætti, sem hér er lagt til, að það séu fimm manna bankaráð, sem miðast við þá samsetningu, sem nú er í flokkaskiptingu á Alþingi og jafnan með þjóðinni, þar sem Alþ. er nú eftir kjördæmabreytinguna orðið miklu réttari mynd af raunverulegum þjóðarvilja, — að bankaráð þeirra banka séu skipuð á þennan veg, og sé þar ekki farið eftir því, sem gert var í tíð vinstri stjórnarinnar, vegna þess að þá var beinlínis gert ráð fyrir að skipa bankaráð eftir reglum, sem fyrir fram tryggðu misrétti, á þann hátt, að það séu kjörnir fjórir bankaráðsmenn og einn skipaður af ríkisstj., sem beinlínis var gert með það í huga að útiloka, að Sjálfstfl. gæti fengið eðlilega tölu bankaráðsmanna í samræmi við fylgi sitt á Alþingi. Þetta var eini tilgangurinn með tilhögun bankaráðsskipunar þeirrar, sem þá var lögfest.

Með þeirri reglu, sem lagt er til að taka upp í þessu frv. og er að sjálfsögðu eðlilegt að gildi um ríkisbanka almennt, er gert ráð fyrir að innleiða reglu, sem sé þess eðlis, að ekki sé ástæða til að halda, að það þurfi að vera að hringla til eða frá með skipun bankaráða, enda þótt breyting verði á ríkisstj. og meiri hluta í Alþ., vegna þess að það er vitanlega alger misskilningur, sem hér hefur komið fram hjá ýmsum, að ef þessi háttur sé á hafður, þá leiði það af sér, að ógilda þurfi umboð bankaráðs og umturna þessari skipan allri, ef mynduð yrði ný ríkisstj. með annarri samsetningu en núverandi stjórn.

Einmitt vegna þess, að bankaráðin eru í samræmi við skipan Alþ., eru allar yfirgnæfandi líkur til þess a. m. k., þó að ekki sé sagt, að það sé fullvíst, að hvernig svo sem ríkisstj.

yrði hér mynduð, þ. e. a. s. meirihlutastjórn, — og það er að sjálfsögðu aðeins eðlilegt, að þetta gildi, þegar um meirihlutastjórn er að ræða, — þá mundu bankaráðin með þeirri samsetningu, sem hér er lagt til, jafnan vera þannig skipuð, að ríkisstj. á hverjum tíma hefði meirihlutastuðning í bankaráðum ríkisbankanna.

Þetta held ég að liggi í augum uppi, og þessi breyting, sem því er hér gerð, er beinlínis til þess að tryggja það, að ekki þurfi æ ofan í æ að vera að gera breytingar á bankakerfinu eftir á, og þá einmitt alls ekki verið að fylgja því fordæmi, sem gefið var af vinstri stjórninni í því efni, því að þar var lagt til að lögleiða skipan mála, sem vitanlega fær ekki staðizt, vegna þess að hún er ranglát.

Hér er lagt til, að flokkar fái aðild að bankaráði ríkisbanka nákvæmlega í samræmi við þau eðlilegu styrkleikahlutföll í Alþ., og er þar engum ívilnað eða misboðið í einu né neinu. Þetta sýnist vera eðlileg regla, sem ætti að mega vænta að allir þingflokkar vilji viðurkenna, þar sem með því móti er ekki hætta á, að hlutur neins verði fyrir borð borinn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að lengja þessar umræður. En það er ástæða til þess samt sem áður, áður en þetta mál fer úr þessari hv. d., sem verður sjálfsagt eftir fáeinar mínútur, að segja fáein orð í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt um ríkisbanka og einkabanka.

Eins og ég hef bent á, var það stefna hér í langan tíma, eftir að sparifjáreigendur urðu fyrir hinu ægilega tapi við gjaldþrot Íslandsbanka, að leyfa ekki að setja upp eða fara varlega í það að setja upp einkabanka, vegna þess að það var talið þjóðfélagslega hættulegt að láta sparifé vera ótryggt, vegna þess að ef almenningur yrði fyrir miklu tapi á því sparifé, sem hann legði inn í banka, væri líklegt, að það yrði til þess, að menn fengjust ekki til þess að safna sparifé á þann stað, sem er þjóðfélaginu nauðsynlegt.

Nú er það svo, eins og ég sagði, að þessum bönkum er sjálfsagt svo vel stjórnað núna, bæði Iðnaðarbankanum og væntanlegum verzlunarbanka, að af þeim stafi ekki hætta. En þetta getur vitanlega komið fyrir hvenær sem er, og þess vegna, vegna þeirrar hættu, sem getur alltaf verið yfirvofandi, ef ekki er vel stjórnað, hefur ríkið tekið ábyrgð á sparifé hinna bankanna, sem kallaðir eru ríkisbankar og kallaðir ríkisbankar eingöngu vegna þess. En í raun og veru eru þau hlunnindi, sem fást við það að fá að reka banka, meðan fólk treystir því að leggja inn sparifé í hvaða banka sem er, þó að ekki sé ríkisábyrgð, þau hlunnindi að fá að reka banka eru meginatriðið. Spariféð, sem er í bönkunum og er ráðstafað, er ekki eign þessara banka, það er eign almennings í þessu landi, alveg eins í einkabönkunum og í þeim bönkum, sem ríkið ber ábyrgð á. Ég fullyrði, að það er skemmra yfir í það en frá því að taka meiri hlutann í aðalbönkunum, sem ég taldi vera nauðsynlegt fyrir hvaða ríkisstj. sem væri, þar sem stjórnarandstaðan hafði þar öll ráð, og til þeirra breyt., sem nú er verið að gera, — það er skemmra yfir í það nú, að þingið vilji líka hafa afskipti af ráðstöfun þessa sparifjár og stjórna því, þó að það séu einkabankar, ríkið beri ekki ábyrgð á því, vegna þess að það veitir hlunnindin. Það er mikill stigmunur á því að taka yfirráðin yfir tveimur aðalgjaldeyrisbönkunum og aðalútlánabönkunum og því, sem nú er gert með því að taka yfirráðin yfir því sparifé, sem ríkið að vísu ber ábyrgð á, og kalla því þennan sérbanka bændastéttarinnar ríkisbanka. Það er mikill munur á því og minni munur á því, eftir að þessi regla hefur verið staðfest um þennan sérbanka, að heimfæra regluna um yfirráð ríkisins yfir bönkunum öllum. Þó að ég sé síður en svo að mæla með því, að það sé gert, þá er rétt að vekja athygli á þessu, um leið og málið fer hér út úr deildinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég var við atkvgr. í Nd. og hef þess vegna ekki fylgzt með öllum umr. við þessa umr. hér um málið, en ég heyrði þó nokkuð af ræðu hv. 2. þm. Vestf. (HermJ), og gefur það mér tilefni til þess að segja aðeins örfá orð.

Það er auðfundið, þegar þessi hv. þm. ræðir um þetta mál, að hugur hans fylgir ekki allur máli. Hann finnur á sér, að það, sem hann er að bera hér á borð sem rök gegn þessu frv., er harla léttvægt. Hann talar um tvo aðalríkisbanka þjóðfélagsins, sem séu Útvegsbankinn og Landsbankinn. Ég hef hins vegar alltaf fram að þessu heyrt talað um þrjá ríkisbanka landsins og þrjá aðalbanka, þ. e. Búnaðarbankann, Útvegsbankann og Landsbankann, og ég segi það, að Búnaðarbankinn hefur ekki minna hlutverki að gegna í þjóðfélaginu en t. d. Útvegsbankinn og á þess vegna alls ekki að vera settur skör lægra að neinu leyti.

Það er þess vegna eðlilegt, að kjör bankaráðs Búnaðarbankans fari fram með sama hætti og hinna aðalbankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, þar sem það er alls ekki stefnan að draga saman rekstur Búnaðarbankans, heldur miklu fremur að efla hann, eftir því sem auðið er, og vinna að því að auka tiltrú hans, ekki aðeins hjá bændum, heldur einnig hjá öðrum þjóðfélagsborgurum. Og það er einnig þannig, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans byggist ekki upp nema að örlitlu leyti af sparifjármyndun frá bændastéttinni, heldur miklu fremur af sparifé Reykvíkinga og annarra manna, sem eru ekki búsettir á grasi. Og sparisjóðsdeild Búnaðarbankans er annar meginþátturinn í rekstri bankans. Hinn þátturinn er fjárfestingarsjóðirnir, sem snúa að bændum. Og nú hefur verið á það minnzt, að fjárfestingarsjóðirnir eru þannig settir í dag, að það þarf átök til þess að rétta þá við og gera þeim mögulegt að

fullnægja því hlutverki, sem þeim er ætlað. Og ég hef ekki trú á því, að það megi takast nema með sameinuðu átaki, og ég hygg og reyndar veit, að skilyrði til þess er það, að stjórn þessa banka sé kosin með eðlilegum hætti og á lýðræðislegan hátt.

Það var minnzt á það hér áðan, hversu mikill reginmunur er á þeirri stefnu, sem þetta frv. felur í sér, og þeim frv., sem vinstri stjórnin lagði fram á sínum tíma til breytinga á bankalöggjöfinni. Það var réttilega sagt, að þá var verið að lögfesta ranglætið með því að útiloka stærsta stjórnmálaflokk þjóðarinnar frá því að hafa rétta hlutdeild í stjórn þessara banka. En með þessu frv. er verið að tryggja það, að bankaráð bankans verði á hverjum tíma skipað í réttu hlutfalli við styrkleika flokkanna á Alþingi. Þetta er vitanlega reginmunur, og ég vil ekki, að þessum umr. verði slitið án þess, að vakin sé athygli á yfirlýsingu formanns Framsfl. hér áðan, hv. 2. þm. Vestf., þar sem hann fullyrðir, að það sé útilokað, það sé ómögulegt fyrir neina ríkisstj. að búa við það, að stjórnarandstaðan hafi meiri hluta í aðalbönkunum. Þessi yfirlýsing frá hv. formanni Framsfl., hv. 2. þm. Vestf., gefur það til kynna, að honum finnst eðlilegt, að núv. ríkisstj. breyti t. d. löggjöfinni um Seðlabankann, þar sem stjórnarandstaðan hefur þar meiri hl. Og það er ekki nema eðlilegt, að þessi fullyrðing af hendi hv. 2. þm. Vestf. sé heyrð, án þess að ég ætli hér að fara að ræða um Seðlabankann.

Hv. þm. talaði hér áðan um einkabanka og fannst það jafnvel áhættusamt og undarlegt, að þeir skyldu vera hér. En þess ber að geta, að einkabankar eru starfandi hjá öllum frjálsum þjóðum, og það verður að eiga það undir dómgreind og trausti borgaranna á þessum stofnunum, hvar þeir vilja ávaxta fé sitt. Sem betur fer er það nú svo, að það hefur örsjaldan komið fyrir í okkar þjóðfélagi, að skaði hafi skeð, þótt ekki hafi verið ríkisábyrgð fyrir sparifé. Það eru ekki aðeins þessir einkabankar, Iðnaðarbankinn og hinn væntanlegi Verzlunarbanki, heldur og allir sparisjóðir landsins og innlánsdeildir kaupfélaga, sem ávaxta sparifé landsmanna án þess, að ríkisábyrgð sé þar á bak við, og það er sem betur fer svo sjaldan, að það hafi viljað til slys af þessu, að það er ekki sérstök ástæða til nú að vera að vara menn við þessu. Eigi að síður er það svo mikils virði fyrir eina stofnun eins og Búnaðarbankann að hafa ríkisábyrgð — og ekki aðeins ríkisábyrgð, heldur að hafa fengið þá fyrirgreiðslu, sem bankinn hefur fengið á undanförnum árum, að það er vitanlega ekkert sambærilegt við hina svokölluðu stéttarbanka, Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann. Og það er vitanlegt, að Búnaðarbankinn þarf á slíkri fyrirgreiðslu að halda í framtíðinni eins og áður og með allt öðrum hætti en stéttarbankarnir hafa farið fram á eða geta vænzt.

Það hefur verið minnzt á það hér áður, að bankinn væri á þennan hátt, með því að kjósa bankaráðið eins og hér er gert ráð fyrir, slitinn úr tengslum við bændastéttina. Þetta er vitanlega alger fjarstæða, vegna þess að þótt Alþingi kjósi bankaráðið beinni kosningu í staðinn fyrir landbn. áður, þá er þar í raun inni ekki um neina breyt. að ræða. Þingflokkarnir hafa alltaf ráðið því, hverjir hafa verið kosnir í bankaráðið, og þingflokkarnir ráða því nú eftir hinni nýju skipan, og það er undir þeim komið nú eins og áður, hvort kosnir verða í bankaráðið menn, sem hafa sérstakan kunnugleika á málefnum landbúnaðarins eða eru í tengslum við hann. Það eru þess vegna alls ekki nein rök, þegar talað er um, að þessi væntanlega löggjöf slíti bankann úr tengslum við landbúnaðinn.

Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta. Till. á þskj. 551 hefur verið rædd, og eins og fram hefur komið, virðist vera alveg ástæðulaust að samþykkja hana.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) sagði, að ég hefði — óbeint að vísu — viðurkennt, að það hefði verið rangt af vinstri stjórninni að gera þær breytingar á lögum ríkisbankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, sem hún hefði gert að því er bankaráð þeirra stofnana snertir og bankastjóraskipan. Ég viðurkenndi þetta ekki, og ég vil vitna í skilgreiningu hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) um muninn á nefndum bönkum og Búnaðarbankanum, og ég vil bæta því við, að þegar borið er saman tilefni um skipan bankastjóranna, þá virðist alls ekki vaka það sama fyrir hv. stjórnarflokkum nú og vakti fyrir vinstri stjórninni áður, að láta alla flokkana koma til greina um sæti bankastjóra. Flokkarnir hafa samþykkt nú, að bankastjórarnir megi vera tveir í Búnaðarbankanum. Það er ekki ástæða til að ætla, að það sé miðað við jafnrétti í þeim efnum, heldur við rétt þeirra tveggja stjórnarflokka, sem fara nú með völd í landinu og stýra málum hér á hv. Alþingi.

Ég hef með till. minni, eins og ég gat um áðan, aðeins gefið þessum hv. flokki, Sjálfstfl., sérstaklega tækifæri til þess að sýna, hvort það var af sannfæringu, að hann hneykslaðist á löggjöfinni, sem sett var um bankana af völdum vinstri stjórnarinnar og þeirra flokka, sem hana studdu. Alþfl. hef ég þá gefið tækifæri líka til þess að sýna, hvort hann skilur ekki muninn á þessum stofnunum. Þó að hæstv. landbrh. haldi því fram, að það gildi alveg sama um Búnaðarbankann og hina bankana gagnvart stjórn og Alþingi, þá tekst honum aldrei að sanna það, það er aðeins orðið „ríkisbanki", sem hann vill láta skilning sinn fljóta á. Starfsemi bankanna er svo ólík, og var rækilega bent á það í gær, að hinir tveir bankarnir fara með einn allra þýðingarmesta þáttinn í peningamálum þjóðarinnar, þar sem eru gjaldeyrisviðskiptin, sem Búnaðarbankinn er alls ekki með. Búnaðarbankinn er settur upp sem stéttarbanki, og þó að ríkið ábyrgist hann og annist stjórn hans, þá er það fyrir það,

hvernig bændastéttin er sett til þess að reka peningastofnun, eins og ég tók fram í gær. Og það er skilningsleysi og tillitsleysi af stjórnarflokkunum nú að ætla að leika bankann þannig að taka hann undan þeim áhrifum, sem bændastéttin hefur haft, minnka þau áhrif, sem bændastétttin hefur haft, og neita því að láta stjórn Stéttarsambands bænda fá tækifæri til þess að setja fyrir hönd bændastéttarinnar einn fulltrúa inn í bankaráðið.

Hæstv. landbrh. endurtók hér það sama, sem hann sagði, þegar hann flutti framsöguræðu fyrir þessu frv., að þessi skipan væri gerð til þess að auka og tryggja umhyggju Alþingis og flokkanna á Alþingi fyrir bankanum. Hann sagði, að það þyrfti einmitt eins og nú stæðu sakir hörð átök til þess að hjálpa stofnlánadeildum bankans. Það er rétt, það þarf að gera átök til þess, og sams konar átök hafa áður verið gerð. En Sjálfstfl. hefur hafnað því að gera þau átök með Framsfl., og var sannarlega nógur liðskostur til þess á Alþ., ef Sjálfstfl. hefði viljað ganga til liðs við Framsfl. Þar á ég við það, að hann hefur fellt till. framsóknarmanna um, að ríkið yfirtaki skuldir stofnlánadeildanna, eins og regla hefur verið að gera í áföngum að undanförnu, og það hefur verið setið á frv., sem við framsóknarmenn lögðum fram í þessari hv. d. snemma í vetur. Ég tek þess vegna ekki alvarlega þessar ástæður, sem hæstv. landbrh. endurtekur hér.

Það eru veik rök að halda því fram, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. og hæstv. landbrh. gerðu, að með þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. um kosningar á bankaráðinu, sé tryggt, að það verði jafnan skipað í sama hlutfalli, kraftahlutfalli, og flokkarnir hafa á Alþingi, jafnvel þó að skipti um ríkisstj. Með þessu móti er því slegið föstu, að flokkarnir séu einhverjar heildir, sem ekki geti raskazt. Og þegar farið er að reikna með slíku, þá er eiginlega komið út fyrir að treysta á það, að pólitísk þróun geti átt sér stað í landinu. Það má vera, að stjórnarflokkarnir þykist hafa nokkurn veginn tryggt það með kjördæmabyltingunni, sem gerð var, að engin heilbrigð þróun geti átt sér stað í þá átt, að flokkarnir breytist, að með því hafi eiginlega pólitíkin staðnað í fjórum flokkum. Það getur vel verið, að þeir þykist hafa tryggt það. En líklega verður það nú ekki, þó að því miður hafi verið stofnað til þess með kjördæmabreytingunni, að heilbrigt pólitískt líf verði torveldara í landinu en hefði getað orðið með annarri skipan.

Ég held, að hæstv. landbrh. hafi ekki heyrt, vegna þess að hann var ekki inni hér, á hvað ég lagði sérstaka áherzlu, þegar ég gerði grein fyrir till. minni upphaflega. Ég lagði áherzlu á það, að eins og bráðabirgðaákvæði frv. eru, er stofnað til þess að ógilda bréf, sem landbrh. gaf áður, þegar hann skipaði formann bankaráðsins, og ég taldi, að það væri mjög líklegt, að hæstv. núv. ráðh. kynni betur við að geta hugsað til þess, að slík bréf, sem hann gæfi út til bankaráðsmanns og annarra í þjóðfélaginu, meðan hann situr að völdum, gætu orðið áreiðanleg og yrðu ekki rifin niður, áður en gildistími þeirra væri liðinn. Og ég lagði áherzlu á það, að með þessari lagasetningu væri verið að skapa fordæmi, að allt sem þetta væri talið til fordæma eftir á. Hv. stjórnarflokkar segja, að þeir fari að fordæmi vinstri stjórnarinnar, sem ekki er rétt, eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur rækilega sýnt fram á hér í hv. þd. En ef þeir líta svo á, ættu þeir að hnekkja því fordæmi með því að setja annað fordæmi til þess að geta vitnað í það, þegar að því kemur, að aðrir taka við. Ég held þess vegna, að þeir geti aldrei komizt fram hjá því, þó að ég hafi ekki lýst því yfir, að vinstri stjórnin hafi gert rangt. Þeir höfðu, sjálfstæðismennirnir, slegið því föstu, að það væri rangt. Og þess vegna er það sama, hvernig á málið er litið. Hér er annaðhvort um það að ræða að fylgja slæmu fordæmi frá sjónarmiði sjálfstæðismanna eða setja nýtt betra fordæmi, og ég hef boðið þeim upp á tækifæri til hins betra, sem kostar þá ekki neitt, því að völdin fá þeir um næstu áramót til þess að gefa út bréf, sem er á réttum tíma út gefið og þeir geta þá eftir á gert kröfu til að fái að gilda sinn tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í tilefni af því, að hv. þm. var að tala um, að það væri óviðeigandi að ógilda bréf ráðh. og þess vegna hefði hann flutt þessa till. Við sjálfstæðismenn töldum, að vinstri stjórnin hefði gert margt rangt. En þegar einn bankaráðsformaður kom til mín um það leyti, sem vinstri stjórnin var að breyta bankalöggjöfinni, og sagði mér frá því: Nú verð ég að fara úr bankaráðinu, enda þótt bréf, sem ég hef í vasanum frá þér, gefi til kynna, að ég eigi að vera áfram, — þá datt hvorki mér né öðrum sjálfstæðismönnum í hug að undrast það. En það vill svo til, að þegar ég var ráðh. í fyrra sinn, skipaði ég formann bankaráðs Landsbankans og formann bankaráðs Útvegsbankans, og þessi bréf voru ógilt með lögum. Það datt engum manni í hug að finna neitt að því, vegna þess að lög frá Alþingi hljóta að geta breytt slíku. Þess vegna er þetta ekkert nema fyrirsláttur hjá þessum ágæta þm., sem var að tala hér áðan. Hann meinar ekkert með því, að þetta sé óviðeigandi. Ef það væri sannfæring hans, þá þekki ég hann svo, að hann hefði ekki verið með í því að setja mætan mann eins og Magnús heitinn Jónsson, fyrrv. prófessor, frá því að vera formaður bankaráðs Landsbankans, eins og bréf frá mér gerði ráð fyrir að hann yrði. Ég trúi því ekki, að ef þessi hv. þm., sem talaði hér áðan, hefði talið rangt að ógilda þetta bréf, þá hefði hann gert það. Þess vegna á hann ekki nú að vera að flytja svona till. og tala alveg gegn því, sem hann í rauninni meinar. Það er ekki nema það, sem viðgengizt hefur og oft með eðlilegum hætti,

að lögum hefur verið breytt og menn hafa ekki haldið embætti sínu, eftir að löggjöfin hefur komið þar í bága.

Ég tel ekki ástæðu til þess að segja meira. Það var aðeins þetta, sem ég vildi minnast á.

ATKVGR.
Brtt. 351 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, HermJ, KK.
nei: MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, GTh, JÞ, KJJ, SÓÓ.
4 þm. (BjörnJ, FRV, FS, JÁ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 90. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands er komið frá Ed. Þótti eðlilegt að flytja þetta frv. til breyt. á l., þannig að í stað þess að hafa þriggja manna bankaráð, þá verði kosið 5 manna bankaráð í Sþ., og er þá tekin upp sama regla fyrir Búnaðarbankann og gildir um hina ríkisbankana. Einnig hefur þetta frv. þá breyt. í för með sér að gera mögulegt að fjölga bankastjórum í 2, ef bankaráð leggur það til og landbrh. samþykkir.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þessa breyt. Flestir munu sjá, að hér er um eðlilega breyt. að ræða. Það er ekki eðlilegt um Búnaðarbankann, sem teljast verður einn af aðalbönkum landsins, að stjórn hans, bankaráð hans sé kosið með öðrum hætti en hinna bankanna. Það munu flestir vera sammála um það, aðrir en hv. framsóknarmenn, að það sé óeðlilegt, að einn flokkur hafi meiri hluta í þessum banka, flokkur, sem er í miklum minni hluta hjá þjóðinni. Og menn eru undrandi á því, að þegar bankalöggjöfinni var breytt 1957, skyldi Búnaðarbankinn einn vera undanskilinn.

Mál þetta var rætt nokkuð í Ed., og þar sem umr. þar hafa nokkuð verið raktar í blöðunum, þykir mér ekki ástæða til að vera að flytja hér langa framsöguræðu um málið, enda ljóst, hvað í frv. felst, og er því síður ástæða að fara að halda hér langa ræðu um málið, þar sem í Ed. kom fátt eða ekkert fram frá hendi þeirra, sem töluðu á móti frv., sem gaf tilefni til þess að ræða málið í löngu máli.

Ég legg til, að þetta frv. fari til hv. fjhn. þessarar d. og því verði vísað til 2. umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta mál er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, komið frá Ed. og var allýtarlega rætt í þeirri d., og þar var mótuð afstaða framsóknarmanna til málsins og rökstudd með margvíslegu móti. Þótt hv. þm. Nd. hafi að sjálfsögðu ekki fylgzt nákvæmlega með þeim umr., hafa þó nál. um málið komið fyrir augu hv. þm. og þeir vafalaust fylgzt talsvert með þeirri afstöðu, sem þar kom fram. Ég sé þess vegna miklu minni ástæðu til þess en ella væri að ræða þetta frv. í löngu máli, þar sem það er þannig komið frá Ed. og afstaða hefur komið fram, rökstudd á báða bóga. En ég vil þó láta falla fáein orð við þessa 1. umr.

Það er augljóst, að einn megintilgangur frv. er sá, að stjórnarflokkarnir nái strax tökum á Búnaðarbankanum. Það þykir ekki fært að bíða neitt. Og frv. er vitaskuld, hvað sem um þetta er sagt að öðru leyti, miðað við, að þannig verði frá þessu gengið. Ég vil lýsa því yfir, sem er raunar óþarfi, því að það er vel kunnugt, að ég hef ekkert traust á stefnu hæstv. ríkisstj. í lánamálum landbúnaðarins og tel það því síður en svo meðmæli með þessu máli, að það er við það miðað, að stjórnarflokkarnir nái tökum á bankanum strax til þess að starfa þar eftir sínu höfði. Sérstaklega er þetta óárennilegt þegar þess er gætt, að búnaðarbankastjórnin er ekki aðeins stjórn venjulegrar viðskiptadeildar bankans, heldur er þar einnig um að ræða stjórn fyrir fjárfestingarlánasjóði landbúnaðarins, þar sem eru bæði ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitanna. En þannig er háttað, að stjórn Búnaðarbankans er einnig stjórn þessara sjóða, því að þeir eru í raun og veru deildir í bankanum.

Nú vitum við, að núv. stjórnarflokkar hafa notað aðstöðu sína þennan stutta tíma, sem þeir eru búnir að ráða, til að gerbreyta með sérstakri löggjöf vöxtum og lánstíma í þessum sjóðum. Það er síður en svo ástæða til að álíta, að það muni vera til bóta, að þeir fái nú aðstöðu til þess að hafa stjórn þessara sjóða sjálfa með höndum eða þeirra menn, kjörnir af þeim. Ég vil ekki eiga þátt í neinu, sem verður til þess að flýta því, að svo verði.

Það gæti verið tilefni til þess við þetta tækifæri að ræða þessi atriði nánar, vaxtamálið og lánamál landbúnaðarins, eins og þeim er háttað nú, eins og stefnan hefur verið tekin í þeim. En ég mun ekki gera það, heldur bara benda á þetta, — ekki nema þá sérstakt tilefni gefist. En þetta eru rök á móti því, að inn á það sé gengið að breyta þessu nú strax og leggja það undir vald þessara flokka.

Þá er annað atriði, sem hefur verið bent á og ég vil leyfa mér að undirstrika, og það er þetta: Það gildir ekki hið sama um Búnaðarbankann og aðra ríkisbanka, vegna þess að Búnaðarbankinn er stéttarbanki, banki, sem er settur upp fyrir landbúnaðinn sérstaklega. Megintilgangurinn með bankanum er sá að vinna fyrir landbúnaðinn, og hefur frá fyrstu tíð verið tekið tillit til þessa í því, hvernig stjórn bankans hefur verið fyrir komið. T. d. hefur landbn. Alþ. verið ætlað að velja fulltrúana í bankaráðið, en ekki Alþ. sjálfu. Það hefur verið gert til þess, að það væri fyrst og fremst landbúnaðarsjónarmið, sem réði vali þessara manna, og landbrh. síðan ætlað að ráða formanni bankaráðsins, en ekki þeim ráðh., sem fer með bankamál. Þetta hefur verið miðað við, að hér væri stofnun fyrir

landbúnaðinn, eins og líka augljósast er, þegar þess er gætt, að stofnlánadeildir landbúnaðarins eru fléttaðar inn í bankann, ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitanna. Þetta sjónarmið hefur verið tekið til greina, að tengja bankann við landbúnaðinn sérstaklega gegnum stjórn og þá með því, að það væru landbn. þingsins, sem veldu mennina í bankaráðið, og landbrh., sem skipaði formanninn. Þetta er t. d. nokkuð í samræmi við það, sem iðnaðurinn býr við, að því leyti sem það getur verið sambærilegt. Iðnaðarbankinn var settur á fót með löggjöf hér á árunum, og á ríkissjóður talsvert af hlutafé í Iðnaðarbankanum. En þannig hefur verið á því máli haldið, að það er sá ráðh., sem fer með iðnaðarmál, sem hefur verið látinn ráða meðferð hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum og ráða því þar með, hvaða menn það væru af hálfu ríkisvaldsins, sem tækju sæti í stjórn Iðnaðarbankans. Þetta er nákvæmlega hliðstætt því, sem verið hefur um Búnaðarbankann og fyrirkomulagið á stjórn hans.

Eins er það nú, að verið er að setja löggjöf um Verzlunarbanka, þar sem samtökum kaupmanna og verzlunarsamtökum er ætlaður forréttur að því að eiga hlutafé þess banka, og þeir fara þá auðvitað með stjórn hans að öllu leyti, en það er að verulegu leyti hliðstæð stofnun. Þótt ekki sé það ríkisstofnun, er hún að verulegu leyti hliðstæð stofnun. En enn þá gleggra fordæmi og hliðstæða er þó vitaskuld Iðnaðarbankinn, vegna þess að þar er um félagseign ríkisins og einkaaðila að ræða. Þar hefur afskiptum ríkisins öllum verið stýrt í sömu stefnu og fram að þessu hefur verið ráðandi varðandi stjórn Búnaðarbankans. Mér finnst algerlega röng stefna að breyta þessu í það horf, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem sé það horf, að Alþ. kjósi bankaráðið hlutfallskosningu í einu lagi. Með því móti verða sáralítil áhrif landbúnaðarins sérstaklega á stjórn bankans. Þau verða tiltölulega mjög lítil og stórum mun minni en verið hefur. Það tel ég vera spor aftur á bak.

Það var reynt að bæta úr þessu í hv. Ed. með því að gera till. um, að Stéttarsamband bænda hefði rétt til að tilnefna einn mann af fimm í bankaráðið, en sú till. var felld. Hefði það þó verið í áttina að tengja bankann við bændastéttina þannig sérstaklega og bætt nokkuð úr, að tengslin við landbn. og landbrn. væru slitin. En ég býst við því, að þetta hafi kannske ekki þótt tiltækilegt að fallast á vegna þess, að það hefði komið í bága við fyrirætlanir núv. stjórnarflokka um að fá pólitískt yfirráð yfir bankanum einir handa sér. En það eru náttúrlega engin rök, því að það er engin nauðsyn, sem rekur til að afhenda endilega þessum tveimur stjórnarflokkum alveg yfirráð yfir bankanum.

Það hefði verið hægt að fara þessa millileið, sem þarna var stungið upp á, að kjósa fjóra á Alþingi til að tryggja, að fleiri sjónarmið kæmu til greina frá Alþ. en áður, en hafa síðan einn mann frá Stéttarsambandinu til að tengja bankann betur við bændastéttina. Það er slæmt til þess að vita, að á þetta skuli ekki hafa verið fallizt. Þá hefði líka því marki verið náð, að enginn einn flokkur hefði haft meiri hluta í bankanum.

Mér finnst, að það megi dálítið prófa hollustuna í þessu öllu saman einmitt á undirtektunum við svona till. Það hafði verið fundið því fyrirkomulagi, sem nú er, til foráttu, að þar gæti einn flokkur ráðið öllu, þótt þar væri um minnihlutaflokk að ræða. Ef það er raunverulega þetta, sem menn setja fyrir sig, en eru ekki með neina drauma um að fá óeðlileg völd sjálfir, þá ætti að vera hægt að fallast á þetta sem millileið í málinu, sem upp á var stungið af hálfu framsóknarmanna í Ed. Ég vil mjög beina því til þeirra, sem fyrir málinu ráða, að taka þetta til athugunar, þegar þar að kemur í þessari hv. d., hvort þeir geta ekki fallizt á þetta sjónarmið: fara þann meðalveg, sem brtt. frá hv. minni hl. fjhn. í Ed. gerði ráð fyrir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til margra orða. Það er ósköp svipað það, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði hér áðan, og hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) í Ed. Auðheyrt er á báðum þessum samherjum, að hugur fylgir ekki máli, þegar þeir eru að tala um þetta mál. Auðheyrt er, að í hjarta sínu finnst þeim þessi breyt. eðlileg og sanngjörn, sú breyt., sem frv. fer fram á. Og það er jafnvel auðheyrt, að í hjarta sínu telja þeir bankanum betur borgið með því að hafa þessa breyt., enda er það augljóst mál, að það hlýtur að styrkja bankann bæði í nútíð og framtíð að koma þannig sterkari og breiðari stoðum undir hann en nú eru. Og það er alveg eðlilegt, að bankinn hafi takmarkað traust, enda þótt bankastjórinn sé í alla staði ágætur og geri vel, þegar hann fær að ráða, — það er eðlilegt, að bankinn hafi takmarkað traust, þar sem Framsfl. ræður honum að öllu leyti, og það er ekki til þess að sameina menn til átaka og aðstoðar í fjármálum bankans, sumt af því, sem fram hefur komið í bankaráðinu. Það er ekki til fyrirmyndar, og er hægt að minna á það seinna, ef æskilegt þykir.

Hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að hann hefði ekki trú á því, að núv. stjórnarflokkar mundu leysa fjármál landbúnaðarins, mundu koma lánasjóðum landbúnaðarins í það horf, að þeir gætu sinnt því hlutverki, sem þeim er ætlað. Það er kannske eðlilegt, að þessi hv. þm. tali hér digurt um þetta. Stjórn Búnaðarbankans hefur sent frá sér skýrslu um hag þessara sjóða, og það kemur í ljós, að þeir voru í rauninni gjaldþrota við síðustu áramót, hreint og beint gjaldþrota. Það kemur í ljós, að það voru ýmsir óreiðuvíxlar tilheyrandi þessum sjóðum, sem núverandi stjórn verður að taka að sér að greiða. Og þegar hv. 1. þm. Austf. talar um takmarkað traust á öðrum flokkum til þess að leysa þessi mál, þá er hollt fyrir hann að minnast þess, hvernig hann og hans

flokkur hefur skilið við þessi mál. Menn geta farið upp í ræðustól og haldið ræður og haldið ýmsum fjarstæðum fram, en þegar staðreyndirnar tala eins ljóslega og hér er um að ræða, verður að ætlast til, að jafngreindur maður og hv. 1. þm. Austf. kunni sér eitthvert hóf í málflutningi og fullyrðingum.

Það er, eins og ég sagði, ekki ástæða til margra orða. En það kom óbeint fram hjá hv. þm., sem talaði hér áðan, eins og hv. 2. þm. Vestf. í Ed., að þeir vilja alls ekki telja Búnaðarbankann með aðalbönkum landsins. Hv. 2. þm. Vestf. talaði alltaf um tvo aðalbanka landsins. Búnaðarbankinn var ekki aðalbanki, einhver aukabanki. Þess vegna var ekki lögum um Búnaðarbankann breytt 1957, en það var talið alveg nauðsynlegt að breyta lögum um tvo aðalbankana, Landsbankann og Útvegsbankann, og það kom hreinlega fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., að það hafi verið nauðsynlegt vegna þess, að áhrif Sjálfstfl. voru of mikil í þessum bönkum. Og þá var sú stefna upp tekin að lögfesta ranglætið, að koma í veg fyrir það, að Sjálfstfl. hefði þá hlutdeild í bankaráðum þessara banka, sem honum bar, miðað við styrkleika flokksins á Alþingi. En það þótti réttlæti að láta Búnaðarbankann vera og breyta ekki lögum um hann, vegna þess að Framsfl. hafði meiri hluta með því fyrirkomulagi, sem var.

Svo segja þessir ágætu menn, að það sé hliðstætt með Búnaðarbankann og Iðnaðarbankann og hinn væntanlega Verzlunarbanka. Það sjá nú allir sjálfir, að hér er ekki um neinar hliðstæður að ræða. Annars vegar er ríkisbanki, Búnaðarbankinn, stór stofnun, margfalt stærri og margþættari en Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn væntanlegi. Þeir hafa hvorugur ríkisábyrgð, og Verzlunarbankinn mun starfa eins og hver annar einkabanki. Iðnaðarbankinn er hlutafélag, sem bankaráðið er kosið af eins og í hverju öðru hlutafélagi. Hér er þess vegna ekki um neina hliðstæðu að ræða. Ef um hliðstæður ætti að ræða, þá eru það Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn. Útvegsbankinn var stofnaður sérstaklega fyrir útveginn, eins og Búnaðarbankinn fyrir bændur. Samt finnst hv. 1. þm. Austf. eðlilegt að kjósa bankaráð Útvegsbankans af sameinuðu þingi. Það hefur aldrei sézt hér í hv. Alþ. till. um það, að sjútvn. beggja d. kysu í bankaráð Útvegsbankans.

Þá koma hv. framsóknarmenn með tillögu um það, að Stéttarsamband bænda tilnefni einn mann í bankaráð Búnaðarbankans til þess, eins og þeir segja, að tengja bankann við bændastéttina. Ekki hefur sézt krafa um það frá útvegsmönnum, að Landssamband útvegsmanna tilnefni einn mann í bankaráð Útvegsbankans. En auðvitað væri það hliðstætt, og meira að segja hv. 1. þm. Austf., sem telur sig ekki síður fulltrúa útvegsmanna austur á fjörðum en bænda, hefur aldrei komið með till. um það. Ég held, að það sé ekki heldur ástæða til þess að samþykkja till. um það, að Stéttarsamband bænda tilnefni fulltrúa í bankaráð Búnaðarbankans, og það er ekki það, sem bændur spyrja um, hvernig bankaráðið sé kosið. Það er ekki það, sem þeir spyrja um. Þeir spyrja um það, hvernig bankanum er stjórnað og hvort hann hafi fjármagn til þess að lána. Það er það, sem þeir spyrja um. Og þegar hv. 1. þm. Austf. er að tala um, að bankinn sé tekinn úr tengslum við bændastéttina með því að hætta nú að kjósa bankaráðið af landbn., þá er það ekkert nema fjarstæða vegna þess, að þótt kosningin hafi farið fram með þessum hætti, að landbn. hafi að nafninu til kosið, voru það vitanlega þingflokkarnir, sem réðu því hverju sinni, hverjir voru kosnir í bankaráðið, en ekki aðeins þeir, sem sæti áttu í landbn. Og þannig verður það með hinni nýju skipan. Það verða þingflokkarnir, sem ákveða, hverjir verða kosnir í bankaráðið, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að í bankaráði Búnaðarbankans munu eiga sæti eftirleiðis menn, sem eru tengdir landbúnaðinum, alveg eins og áður. En með því að bankaráðið sé kosið á þennan hátt, sem hér er lagt til, er sköpuð undirstaða og möguleiki til þess, að málum Búnaðarbankans verði sinnt á þann veg, að lánasjóðir landbúnaðarins hafi meiri möguleika eftirleiðis en áður til þess að uppfylla það starf, sem þeim er ætlað. Og það er sérstaklega þörf á því nú, að það verði vel tekið til hendinni hvað þetta snertir. Þegar það liggur fyrir, að lánasjóðirnir eru í rauninni gjaldþrota, þurfa þeir að fá mun meira fjármagn en nokkru sinni fyrr, og hin nýja stjórn Búnaðarbankans hefur þess vegna ærin verkefni að vinna og hún þarf að leita til Alþingis um aðstoð í þessu efni. Hún þarf að leita til Alþ., og ég fullyrði, að það eru meiri líkur til, að sú leit til Alþingis beri árangur, eftir að sú skipan er á komin, að bankaráðið verði kosið með lýðræðislegum hætti, að allir þingflokkar á Alþ. eiga fulltrúa í bankaráðinu og hafa þá um leið talsverðar skyldur við þessa stofnun.

En um leið og við viðurkennum það, að bankinn var upphaflega stofnaður sem bændabanki og er það, þá er það ýmislegt fleira, sem er í starfsemi hans, heldur en það að þjóna bændastéttinni. Búnaðarbankinn hefur nú stóra sparifjárdeild og útlán í víxlum og öðrum lánsformum ekki aðeins til bænda, og víst er um það, og ég vil segja, að því miður munu bændur eiga ósköp lítinn hluta af því fé, sem er í sparisjóðsdeild Búnaðarbankans. Ég hygg, að það sé allt annað fólk. Og um leið og bankastjórn Búnaðarbankans stjórnar lánasjóðum landbúnaðarins, stjórnar hún líka þessari sparisjóðsdeild og útlánadeild þaðan, og það er þess vegna m. a., sem eðlilegt er og sjálfsagt, að þessi banki sé rekinn á lýðræðislegum grundvelli eins og hinir ríkisbankarnir og að settar verði þær stoðir undir starfsemi hans, sem tiltækilegar eru, því að eftir viðskilnað hv. 1. þm. Austf. við þessa stofnun er brýn þörf á, að svo megi verða.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það, sem hæstv. ráðh. sagði hér, gefur mér tilefni til að taka ýmislegt fram.

Ég vil fyrst leyfa mér að benda á, að hæstv. ráðh. staðfesti með þögninni alveg það, sem ég sagði um Iðnaðarbankann og afskipti ríkisvaldsins af honum. Ríkið á talsvert mikla hlutdeild í Iðnaðarbankanum og ræður þar miklu. Hvernig skyldi standa á því, að iðnmrh. er látinn fara með það vald, sem ríkið hefur á bankanum, en ekki bankamálaráðherrann? Og hvernig ætli standi á því, að það er ekki kosið í þinginu í bankaráð Iðnaðarbankans? Það er vegna þess, að það hefur þótt eðlilegt, af því að hér var um sérbanka að ræða, að þau öfl í ríkisstarfrækslunni, sem hefðu þau mál með höndum sérstaklega, iðnaðarmálin, sem bankanum var ætlað að snúa sér að, hefðu þá einnig valdið til þess að ráða áhrifum ríkisins í bankanum. Nákvæmlega sams konar hugsun hefur legið til grundvallar því, að fram að þessu hefur landbn. hv. Alþ. verið ætlað að nefna menn í bankaráð Búnaðarbankans, en ekki Alþingi sem heild, og landbrh. að skipa formann bankaráðs Búnaðarbankans.

Það er auðvitað óhugsandi að mæla í móti því, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er um algera stefnubreytingu að ræða í málefnum Búnaðarbankans. Það er meiningin að yfirgefa þá stefnu, að þeim, sem sérstaklega er fenginn trúnaður og yfirráð landbúnaðarmála í ríkiskerfinu, sé ætlað að ráða í bankanum. Þessu á að hætta og það með því að fjarlægja bankann landbúnaðinum alveg hiklaust, og í stað þess á að taka upp sömu skipan og í hinum almennu viðskiptabönkum. Fram hjá því er vitanlega óhugsandi að komast, að það er stefnubreyting í þessu fólgin.

Það er látið í það skína, að það hafi þurft að taka þessa stefnubreytingu vegna þess, að einn flokkur hefði getað haft yfirráð yfir bankanum með hinum hættinum, sem hingað til hefur verið á hafður. En ég hef bent á, að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir það með því að fallast á þá brtt., sem gerð var í hv. Ed., að Stéttarsambandið tilnefndi einn af fulltrúunum í bankaráðið. Þá voru aftur komin þar nokkuð sérstök tengsl við bændastéttina, sem annars verða rofin, og þá var einnig nokkurn veginn víst, að enginn einn flokkur gat orðið alls ráðandi í bankanum. En það virðist ómögulegt að fallast á þetta, og við vitum náttúrlega vel, hver ástæðan er. Ástæðan er náttúrlega fyrst og fremst sú, að með þessu er ekki aðeins verið að koma á skipulagsbreytingu í Búnaðarbankanum, heldur er fyrst og fremst með þessu frv. verið að koma bankanum undir einhliða áhrif stjórnarflokkanna. Þess vegna verður þetta að vera einmitt svona, en má ekki vera öðruvísi, og þess vegna er ekki hægt að taka meira tillit til bændanna og þeirra samtaka en kemur fram í þessu frv. Það samrýmist ekki þeirri meginhugsun, sem á bak við liggur, en hún er sú, að stjórnarflokkarnir verði umfram allt að fá strax meiri hluta í Búnaðarbankanum, ekki til þess að vinna fyrir bændastéttina, það dettur engum í hug, sem þekkir þeirra vinnu, heldur til þess að geta ráðskazt þar, að svo miklu leyti sem þeir treysta sér til, með sitt pólitíska sjónarmið, setja sinn blæ á þá lánastefnu, sem þar verði komið í framkvæmd, t. d. í lánasjóðum landbúnaðarins o. s. frv.

Þetta atriði ræddi hæstv. ráðh. ekki. Hann talaði hér að mestu leyti út í hött. Hann ræddi alls ekki um þá stefnubreytingu, sem felst í frv. og hugsunin er að koma í framkvæmd. Það var raunar kannske ekki heldur von, að hann gæti nefnt þá ástæðu, sem liggur til grundvallar því, að ekki er hægt að fallast á miðlunartillögu eins og þá, að Stéttarsamband bænda tilnefni einn af fimm í bankaráðið. Hann var að tala um, að það væri kannske ekki heppilegt að fallast á þetta, af því að þessu væri ekki þannig komið fyrir í Útvegsbankanum. En eru það nokkur rök? Verður ekki að skoða hvert mál út af fyrir sig, um leið og það kemur upp, og þá í þessu falli að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort það er eðlilegt eða óeðlilegt, að Stéttarsamband bænda eigi fulltrúa í stofnun eins og Búnaðarbankanum, og þá t. d., hvort þar á að slíta öll þau sérstöku tengsl, sem við bændastéttina hafa verið í gegnum landbn. Alþingis og landbrn.? Það er stefnan með þessu frv.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það yrði að renna sterkari stoðum undir bankann og gera honum breiðari grundvöll, — eitthvað í þá átt. Það væri eðlilegt, að bankinn hefði takmarkað traust, þar sem framsóknarmenn réðu í bankanum. Hæstv. ráðh. er alveg lifandi lýst með þessum málflutningi. Hvað mundi t. d. vera að segja um stofnun eins og Iðnaðarbankann? Ætli það væri þá ekki eðlilegt, að sú stofnun hefði takmarkað traust, vegna þess að þar ráða sjálfstæðismenn yfirleitt öllu því, sem þeir vilja? Það er vafalaust alveg ágætt og ekkert við því að segja, vegna þess að það eru sjálfstæðismenn. Það er allt annað mál. Það er auðvitað allt í lagi, að þeir ráði öllum stofnunum, og ekki ástæða til að halda, að það veiki nokkuð traust manna á fyrirtækjum eða stofnunum! Og hvað á að segja um nýja Verzlunarbankann, sem á að setja upp? Af hvaða sauðahúsi halda menn að þeir verði, sem þar munu ráða ríkjum, pólitískt séð? Það verður sjálfsagt mjög blandaður kór þar. Vafalaust verður þar settur undir breiður grundvöllur, og ég man ekki, hvað og hvað það var, sem hæstv. ráðh. minntist á í því sambandi, rennt undir sterkum stoðum úr margs konar efnivið! Það verður víst víða föngum til sópað! Það verða ekki menn úr einum flokki, sem ráða húsum í Verzlunarbankanum! Eða hvað halda menn? Og hvað ætli mundi þá vera hægt að segja um þá stofnun, þegar þar að kemur, frá þessu sjónarmiði hæstv. ráðh.? Ætli það væri þá ekki eðlilegt, að sú stofnun gæti haft takmarkað traust, sem væri þannig byggð upp eins og löggjöfin, sem við vorum að samþykkja hér um daginn

um Verzlunarbankann, gerir ráð fyrir? Það er vitað, að þar kemst enginn maður til nokkurra ráða á nokkurn hátt nema vera áður rækilega gegnumlýstur og prófaður pólitískt. Það þarf ekki að vera að tala neina tæpitungu um þetta, þetta vita allir.

Og þannig er hægt að taka hverja stofnunina eftir aðra, m. a. bankastofnanir. Það kemur auðvitað oft fyrir, að þannig stendur á, að það eru menn úr einhverjum sérstökum stjórnmálaflokki, sem þar ráða mestu þá og þá. En að það sé hægt að nota slíkt sem rök á þann hátt, sem hæstv. ráðh. gerði, m. a. að slíkar stofnanir geti ekkert traust haft fyrir það, slíkt er auðvitað fullkomin fjarstæða.

Ég hef bent á, að féllust menn á það sjónarmið, að það væri eðlilegt að koma þannig fyrir bankakerfinu, að enginn flokkur gæti haft hreinan meiri hluta í nokkrum banka, þá þyrfti alls ekki að gera það á þennan hátt, sem þeir nú gera ráð fyrir með Búnaðarbankann. Það þyrfti ekki að slíta þann banka svona úr sambandi við landbúnaðinn, þó að þessu ætti að koma fram. Og það þyrfti ekki heldur að koma því þannig fyrir, ganga þannig frá bankanum, að sú stjórnarklíka, sem nú ræður landinu, hefði þar algerlega hreinan meiri hluta, og sízt ástæða til slíks. Ef það hefur verið til þess fallið, að menn hefðu ekki fullt og almennt traust á bankanum, að framsóknarmenn réðu þar einir, hvað ætli megi þá segja, þegar búið væri að setja bankann undir þá valdasamsteypu, sem stendur að núv. ríkisstj.?

Hæstv. ráðh. var sem sagt að hafa áhyggjur af því, að það kynni að vera, að bankinn hefði ekki nógu víðtækt traust, þegar framsóknarmenn væru þar í meiri hluta. En ég vil spyrja: Heldur hann, að það traust vaxi, þar sem mest á ríður, þegar núverandi valdasamsteypa hefur fengið þar hreinan meiri hl.? Heldur hæstv. ráðh. það? Og ætlar hann að telja okkur trú um, að breyt. eins og þessi sé gerð til að efla almennt traust og áhuga fyrir stofnuninni? Kjarni breytingarinnar er sá, að valdasamsteypan, sem nú er, fái hreinan meiri hluta í bankanum. Og m. a. þess vegna má ekki hlusta á till. um, að Stéttarsambandið komi þar til greina. Það raskar þessu. Það er nefnilega ekki það eitt, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj., að koma því svo fyrir, að framsóknarmenn ráði þarna ekki einir. Þeir vilja taka þar öll ráðin til sín.

Það var dálítið broslegt að heyra hæstv. ráðh. vera að tala um þessi efni á þessa lund, þegar þess er gætt, að hv. sjálfstæðismenn ætluðu alveg að rifna hér á árunum, þegar löggjöfinni um Landsbankann og Útvegsbankann var breytt. Þá ætluðu þeir alveg að rifna, en þó var þannig ástatt um bæði Landsbankann og Útvegsbankann þá, að sjálfstæðismenn voru þar í algerum meiri hluta og réðu þessum stofnunum alveg. Þeim fannst það ekkert óviðkunnanlegt, hv. sjálfstæðismönnum þá, af því að það voru þeir, sem áttu í hlut, og þeirra menn. Það var alveg ágætt, að þeir réðu þar öllu, og þá var það ekki líklegt, að það skerti neitt traust eða framgang stofnananna, þó að svo væri. Þeir ætluðu, eins og kunnugt er, alveg að ganga úr bjórnum út af því, að þessu var breytt, þessu var komið þannig fyrir, að enginn einn flokkur réði þar öllu. Þannig fer, þegar menn eru með látalæti, eins og hæstv. ráðh. óneitanlega var í þessu sambandi, í stað þess að tala hreinskilnislega um, hvað á þessari spýtu hangir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri von, að ég talaði digurbarkalega um Búnaðarbankann eða búnaðarlánastarfið í landinu yfirleitt, eða hitt þó heldur. Og mér skildist á honum, að það væri síður en svo ástæða til þess og ég ætti í raun og veru að hafa mig hægan, því að frammistaða mín og framsóknarmanna þar væri ekki upp á marga fiska. Þetta var tónninn í því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta. Þetta gefur mér tilefni til að ræða ofur lítið um þessi atriði, sem ég ætlaði mér þó alls ekki að gera, um lánamál landbúnaðarins og sögu þeirra undanfarið.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að 1944—46 fór Sjálfstfl. með landbúnaðarmálin. Það hefur raunar ekki oft komið fyrir, að hann hafi náð að hrifsa þau mál til sín, en hann fór með landbúnaðarmálin þá. Og á þeim árum var ráðstafað öllum innstæðum þjóðarinnar, sem hún hafði eignazt á stríðsárunum. Ég hygg, að það hafi verið rúmar 600 millj. Það er sjálfsagt óhætt að þrefalda a. m. k. þessa fjárhæð, miðað við núverandi gengisskráningu og peningagildi. Þetta mundi sennilega svara a. m. k. til þess, að það hefðu verið 2400 millj. eða svo, miðað við núverandi verðmæti. Öllum þessum gífurlegu fjármunum, þessum stórkostlegu auðæfum var ráðstafað undir höfuðforustu Sjálfstfl., án þess að lánasjóðir landbúnaðarins fengju grænan eyri. Þeir fengu ekki einn einasta grænan eyri af öllu þessu fjármagni, og þeir voru ekki látnir lána neitt á þessum árum. Þeir voru alveg dauðar stofnanir. Öllum þessum gífurlegu auðæfum var ráðstafað án þess, að lánasjóðir landbúnaðarins fengju nokkur framlög.

En 1947 gátu sjálfstæðismenn ekki lengur haldið þessari aðstöðu sinni, og þá kom Framsfl. til, og hann fór með landbúnaðarmálin frá 1947 til 1958. Eitt hið allra fyrsta, sem gert var, — þá var búið að eyða öllum þessum gífurlegu auðæfum, svo að þá var við ramman reip að draga, — í sambandi við samningana um gengislöggjöfina 1950, var að tryggja lánasjóðum landbúnaðarins væn framlög af gengishagnaði þeim, sem þá kom fram. En það þurfti hörkusamninga við sjálfstæðismenn og varð að gera það að skilyrði fyrir stjórnarmyndun, að þessi framlög af gengisgróðanum fengjust. Og það var eitt af því, sem hreinlega var gert að skilyrði fyrir stjórnarmynduninni 1950 og að fallizt væri á gengisbreytinguna. Þá var líka sett löggjöf, sem

tryggði ræktunarsjóði nokkurt fjármagn, nokkur framlög næstu árin. En það, sem mestu máli skipti, var, að framsóknarmenn beittu sér síðan í framhaldi af þessu fyrir því, að farið var að leggja stórfé til þessara sjóða á næstu árum með margvíslegu móti. Það var sumpart tekið af Marshallaðstoðinni og sumpart tekið að láni frá Alþjóðabankanum og að nokkru af greiðsluafgangi ríkissjóðs, sem varð á þessum árum. Og þetta fjármagn, sem Framsfl. þannig hefur gengizt fyrir að færi inn í lánadeildir Búnaðarbankans, skiptir hundruðum milljóna, í staðinn fyrir að á þeim tíma, sem sjálfstæðismenn fóru með þessi mál og auðæfunum var ráðstafað frá striðsárunum, fékkst ekki neitt. Það er þessi munurinn á þeirri stefnu í þessu máli, sem Framsfl. hefur staðið fyrir, og verkum Sjálfstfl.

Og nú er, eins og allir vita, byrjaður sami leikurinn og áður. Það er byrjað að hækka vextina og stytta lánin, og ætlunin er þar ofan í kaupið að koma á þannig verðlagi í landinu og efnahagsráðstöfunum yfir höfuð, að það verði stöðvun á framkvæmdum í landbúnaðinum, ekki síður en í öðrum greinum. Þannig á að spara lánsfé til landbúnaðarins á næstu árum. Svo kemur þessi hæstv. ráðh. hér og er að tala eitthvað um, að framsóknarmenn ættu að tala stillilega um þessi mál og helzt ekki að vekja máls á þeim.

Hver hefur svo orðið árangurinn af þessari nýju stefnu í landbúnaðarmálunum, sem Framsfl. beitti sér fyrir 1947? Hver hefur orðið árangurinn? Árangurinn er fyrst og fremst sú stórkostlega uppbygging, sem hefur orðið í sveitunum á þessu tímabili. Hverjum dettur í hug, að þessi stórkostlega uppbygging hefði átt sér stað, ef farið hefði verið með lánamál landbúnaðarins eins og gert var á þeim árum, þegar Sjálfstfl. fór með landbúnaðarmál? Þá hefði orðið alger stöðvun í landbúnaðinum á þessum árum og afleiðingarnar orðið hörmulegar, ekki aðeins fyrir bændastéttina, heldur fyrir þjóðina alla.

Það fer ekkert á milli mála í þessu sambandi, að hér hefur Framsfl. ætíð orðið að sækja á, allan þennan tíma hefur hann orðið að sækja á brekkuna.

Hæstv. ráðh. er að tala um það hér, að sjóðir Búnaðarbankans séu illa staddir fjárhagslega, jafnvel talað um gjaldþrota sjóði í því sambandi. Það þurfti ekki neinar upplýsingar frá hæstv. ráðh. til þess, að mönnum væri ljóst, að það er ekki hægt að lána með þeim lágu vöxtum, sem framsóknarmenn beittu sér fyrir að væru hafðir á landbúnaðarlánum, nema með því að stofnlánadeildirnar fengju verulég framlög úr ríkissjóði. Og þær hafa líka fengið veruleg framlög úr ríkissjóði. En það, sem fyrst og fremst hefur valdið erfiðleikum hjá stofnlánadeildum landbúnaðarins, eru ráðstafanir núv. ríkisstj. til þess að fella gengi krónunnar jafngífurlega og gert hefur verið. Það eru þessar ráðstafanir, sem hafa í för með sér gífurlegar búsifjar fyrir þessa lánasjóði eins og margar aðrar stofnanir í landinu.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. í þessu sambandi: Ber að skilja þessar slettur hæstv. ráðh. um, að stofnlánadeildir landbúnaðarins standi ekki vel efnalega, þannig, að hann sé með því að deila á Framsfl. fyrir það að hafa staðið fyrir því að taka það lánsfé á undanförnum árum, sem gert hefur verið, og leggja til þessara deilda Búnaðarbankans og lána það út aftur með hinum lágu vöxtum, sem gert hefur verið? Ber að skoða þessar slettur sem gagnrýni hans á þessum ráðstöfunum? Eða er þetta bara markleysa? Annaðhvort er þetta bara markleysa hjá hæstv. ráðh. og eins og hver annar skætingur eða þá að þetta er gagnrýni af hans hendi á Framsfl. fyrir að hafa staðið fyrir því að taka þessi lán og leggja þau inn í stofnlánadeildir landbúnaðarins og gera ráðstafanir til, að fé væri lánað út aftur með hinum lágu vöxtum.

Er hæstv. ráðh. að deila á Framsfl. með þessum slettum fyrir að hafa staðið fyrir þessu? Telur t. d. hæstv. ráðh. það stórkostlega ámælisvert, að bændum hafa ekki verið veitt þessi lán með gengisklásúlu, þannig að þeir þyrftu að borga þau með fleiri krónum, ef hæstv. ráðh. og félögum hans þóknaðist að fella krónuna svo og svo mikið síðar? Er það þetta, sem hæstv. ráðh. á við með þessu skrafi? Eða hvað á hæstv. ráðh. við, þegar hann er að tala um það í ámælistón í garð Framsfl., að hann hafi búið illa að lánasjóðum landbúnaðarins?

Það hefur verið útvegað stórkostlegt fjármagn til þessara lánasjóða, svo ríflega, að þessir lánasjóðir hafa á undanförnum árum getað lánað út á þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið, eftir vissri reglu, ræktunarsjóður og byggingar- og landnámssjóður. Það hefur verið geysilegt átak að útvega þetta fé, vegna þess að framfarirnar hafa verið miklar og vextir hafa verið lágir. Afleiðingarnar eru auðvitað þær, að þessir sjóðir skulda talsvert í erlendri mynt og þar er um nokkurn og vaxandi vaxtahalla að ræða. Og enn spyr ég hæstv. ráðh.: Hvað á hann við með skætingi sínum? Ef ekki ber að skilja hann sem harða ádeilu af hans hendi á þessa pólitík, að útvega þetta lánsfé til landbúnaðarins og lána út með þessum kjörum, þá verða þessi ummæli markleysa. Væri æskilegt að heyra, hvorn kostinn hæstv. ráðh. velur.

Að halda því fram, að sá vaxtahalli, sem kemur fram á þessum sjóðum vegna þessarar stefnu, sé óviðráðanlegur eða óhæfilegur, er ekki frambærilegt og allra sízt í munni þeirra manna, sem eru að beita sér fyrir því á þessu ári að auka álögur til ríkissjóðs um a. m. k. 450 millj. á ári. Það kemur sem sé í ljós, að það er hægt að jafna vaxtahallann á þessum sjóðum, eins og hann er, með fjárhæð, sem verður bara hégómi, þegar hún er borin saman við þær álögur, sem núv. ríkisstj. hefur beitt

sér fyrir, fjárhæð, sem er eitthvað á milli 10 og 20 millj. kr. Og þar á í hlut einn af þremur höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta tal hæstv. ráðh. um illan viðskilnað á lánasjóðum í Búnaðarbankanum er því í hæsta máta óviðeigandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) endaði ræðu sína með því að segja, að það væri í hæsta máta óviðeigandi af mér að vera að tala um slæman fjárhag fjárfestingarsjóða landbúnaðarins, og spyr, hvort ég sé að ásaka það, að tekin hafi verið erlend lán á undanförnum árum og lánuð út með lágum vöxtum. Það hef ég ekki gert, en ég ásaka það, þegar einn maður eða einn flokkur fer fyrst að gera sér grein fyrir því, hvað hefði þurft að gera til þess að tryggja hag þessara sjóða, eftir að hann er kominn úr stjórn. Það er vitað mál, að með aðgerðunum 1958 er grafið undan þessum sjóðum. Þá er lagt á 55% yfirfærslugjald, og það er þess vegna, sem stjórn Búnaðarbankans segir við síðustu áramót í skýrslu, sem hún gefur frá sér, að sjóðirnir verði gjaldþrota með þessari stefnu, ef ekkert verði aðhafzt. Nú hefði mátt ætla, að þegar þeir menn fóru með völd, sem telja sig sérstaka málsvara bænda, hefðu þeir, um leið og þeir gerðu þessar ráðstafanir, reynt að tryggja, að sjóðirnir gætu starfað áfram og ekki yrði alveg undan þeim grafið.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að aðgerðirnar í vetur gera náttúrlega ekki heldur neinar bætur í þessu efni, og það er þess vegna, sem ég segi það, að það er meiri þörf nú en nokkru sinni fyrr að fá breiðan grundvöll undir bankann og fá sameinaða krafta til þess að rétta hlut þessara sjóða. Það er það, sem þarf að gera, en hefur ekki verið gert, og þeir, sem gerðu fyrstu ráðstafanir til þess að grafa undan þessum sjóðum, gerðu engar ráðstafanir í leiðinni til þess að tryggja, að þessir sjóðir gætu starfað í framtíðinni. Það hefði verið léttara og það hefði verið hægara, ef það hefði t. d. verið tryggt á fjárl. 1958, að borga þann vaxtamismun og þann halla, sem sjóðirnir urðu fyrir, heldur en að koma á eftir, þegar þessi halli skiptir orðið milljónatugum, og gera þá kröfu til þeirrar stjórnar, sem tekur við. Ef hv. 1. þm. Austf. hefði ekki talað svo digurbarkalega hér áðan, eins og sá sem valdið hafði og sá eini, sem vel vildi gera fyrir íslenzkan landbúnað, hefði ég ekki minnzt á þessi mál í þessu tilfelli, enda þótt ástæða sé til þess að vekja athygli á því hverju sinni, m. a. vegna þess, að á næstu mánuðum þarf að leita úrræða til þess að rétta þetta við. Það er ekki aðeins halli sjóðanna vegna gengismismunar og yfirfærslugjalds 1958, sem gerir það að verkum, að hagur þeirra er slæmur í dag. Það eru einnig lán, sem hafa verið tekin í íslenzkum bönkum, bráðabirgðalán, sem vinstri stjórnin tók, en stóð ekki skil á og lætur eftir sig sem slæman arf til núverandi stjórnar til þess að ráða fram úr.

Það eru örfá orð fleiri, sem ég þarf að taka fram vegna fullyrðinga hv. 1. þm. Austf. Hann fór að tala um það, hvernig Framsfl. hefði búið að landbúnaðinum. Hann talaði um árin 1944 og 1946 og rakti í stuttu máli þróunarsögu landbúnaðarins frá þeim tíma.

Það væri nú rétt að minna á það, að Framsfl. fór óslitið með landbúnaðarmálin frá 1927 til 1942, eða réttara sagt 1944, og þegar litið er yfir útlán til landbúnaðarins á þessum tíma, t. d. ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, er ekki um stórar upphæðir að ræða. Ég man, að eitt árið, — ég held það hafi verið 1942, — þá var lánað úr ræktunarsjóði, að mig minnir, 75 þús. kr. og úr byggingarsjóði eitthvað svipuð upphæð eða aðeins hærri. Ég skal ekki ábyrgjast þessar tölur alveg nákvæmlega, en það er mjög nærri þessu. En á árunum 1944—46 er samin sú löggjöf landbúnaðarins, sem byggt hefur verið á síðan, sú löggjöf, sem hefur gert það mögulegt, að þróun landbúnaðarins varð sú, sem raun ber vitni. Það er á þessum árum, þegar Framsfl. var ekki í stjórn, sem lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum eru sett, og þessi lög gerðu ráð fyrir því að verja úr ríkissjóði 50 millj. kr. til þess að byggja upp og rækta landið, og þetta voru miklir peningar á þeim tímum. Þetta var fyrsta stóra sporið, sem stigið var í uppbyggingu landbúnaðarins. Þessi lög tóku gildi, að mig minnir, 1947. Það var á því ári, sem ríkissjóður var skuldbundinn til þess að leggja fram fé samkvæmt þessum lögum. Þá voru framsóknarmenn komnir í stjórn og þökkuðu sér það, að hækkun til landbúnaðarins var gerð á fjárl. þessa árs vegna laga sjálfstæðismanna, sem þeir höfðu beitt sér fyrir á árinu 1945, á meðan þeir voru í stjórn.

Er ekki sama að segja um lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir? Er það ekki staðfest í frv., sem liggur fyrir Alþ. nú og reyndar hefur fengið afgreiðslu, að með þeim lögum var gert mögulegt að hefja ræktun í stórum stíl? Með þeim lögum var gert mögulegt að kaupa skurðgröfur og aðrar stórar jarðræktarvélar til landsins. Og það er á árinu 1947, sem þessi lög koma til framkvæmda. Það er vegna þessara laga, sem sett voru í stjórnartíð sjálfstæðismanna, að taka varð tillit til þeirra á fjárl. árið 1947 og framlög til landbúnaðar hækkuðu þess vegna.

Er ekki sama máli að gegna um raforkulögin? Voru þau ekki sett á árinu 1946 og framlag á fjárlögum þeirra vegna fyrst á árinu 1947? Ég hef oft hlustað á framsóknarmenn tala um, að á því ári hafi verið veitt mikið fé til landbúnaðarins og æ síðan, en það er sjálfsagt að gera sér grein fyrir því, hvers vegna þetta var. Það var vegna þess, að þá var komin löggjöf, sem tryggði, að það varð að veita fé til þessara framkvæmda, og síðan hefur verið byggt á þessum lögum í framkvæmdum og í uppbyggingu landbúnaðarins.

Ég veit, að hv. 1. þm. Austf. veit þetta allt saman, enda þótt hann talaði hér áðan eins

og hann gerði. Ég veit, að hann veit þetta, maður, sem hefur verið hér á Alþ. ætíð síðan, og það er vegna þessarar löggjafar, að hún var til, að unnt var að taka þau spor, sem stigin hafa verið til uppbyggingar í ræktun og byggingum í sveitum.

Svo er það aðeins fátt, sem ástæða er til að segja í sambandi við frv. um breyt. á lögum um Búnaðarbankann. Hv. þm. talaði um, að sjálfstæðismenn stjórnuðu Iðnaðarbankanum og þeir mundu sennilega stjórna Verzlunarbankanum. Þetta eru hlutafélög, þetta eru einkabankar, og ef sjálfstæðismenn hafa þar meiri hluta, þá stjórna þeir, annars ekki. En Búnaðarbankinn er ríkisbanki, og þá er það óeðlilegt, að framsóknarmenn, sem eru í miklum minni hluta hér á Alþ. og með þjóðinni, hafi meiri hluta þar. Og það þýðir ekki fyrir þennan hv. þm. að vera að skjóta hér inn í sýndartill. um Stéttarsambandið og segja, að menn geti sýnt hug sinn til bændanna með því, hvort þeir vilji styðja þá till. eða ekki. Við vitum alveg, hvers vegna þessi till. er flutt. Við vitum það, að framsóknarmenn óska þess, að Stéttarsambandið fái þarna mann, vegna þess, að ef Stéttarsambandið ætti að kjósa í dag, mundu framsóknarmenn sennilega geta ráðið því. Af því að það vill svo til, að þeir hafa meiri hluta í stjórninni í dag, mundu þeir sennilega geta ráðið því, hver yrði kosinn, og þannig yrði framsóknarmönnum tryggt, að þeir hefðu tvo menn í bankaráðinu. Það er þetta, sem vakir fyrir framsóknarmönnum, þegar þeir eru að tala um, að Stéttarsambandið tilnefni þarna mann, en ekki sérstaklega umhyggja fyrir bændum, vegna þess að það er engin ástæða til þess að ætla, að þótt Alþ. kjósi bankaráð Búnaðarbankans, velji það ekki menn í bankaráðið, sem mundu vilja styðja hag bænda.

Ég hygg, að þegar menn skyggnast inn í þessi mál, geri þeir sér ljóst, einmitt vegna þess, hvernig komið er fyrir lánasjóðum landbúnaðarins, að það er meiri nauðsyn á því en nokkru sinni áður, að stjórn Búnaðarbankans verði þannig skipuð, að sem flestir aðilar komi til, þegar um það verður rætt að laga fjármál þessara sjóða, því að það verður að gera. Það er vitað mál, að verðlag á byggingarefni og ræktunarkostnaður hefur hækkað ákaflega mikið. Fjárþörf sjóðanna fer þess vegna vaxandi frá því, sem verið hefur, auk þess sem þarf að greiða þau töp, sem þeir hafa orðið fyrir, með einhverjum hætti, og það er þetta, sem spurt verður um: Hvernig tekst að veita bændum þá aðstoð með lánum á næstu árum? Hvernig tekst það? Það er það, sem bændur spyrja um, en ekki hvort þeir fái að tilnefna einn mann af 5 í bankaráð bankans. — Ég held, að það sé ekki ástæða til að segja öllu fleira.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 550, n. 577 og 594).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur nú klofnað í þessu máli og meiri hl. skilað nál. á þskj. 577 og leggur til, að frv. verði samþ.

Ég skal ekki hafa mörg orð fyrir þessu máli, málið er einfalt og öllum þm. orðið ljóst. Við teljum í meiri hl., að sú breyt., sem í þessu frv. felst, sé til bóta og að hún sé eðlileg í samræmi við aukin verkefni og verksvið Búnaðarbankans frá því, sem verið hefur, og í öðru lagi til eðlilegs samræmis við það fyrirkomulag, sem er í öðrum hliðstæðum bönkum ríkisins.

Ég sé, að hv. minni hl., 1. þm. Norðurl. v. (SkG), skilar nál. á þskj. 594, þar sem nokkuð eru reifuð ýmisleg atriði í sambandi við þetta mál. Ég skal ekki mikið út í það fara, en mér finnst, að þetta sé að nokkru leyti einstætt nál. frá þessum hv. þm. þann tíma, sem ég hef setið með honum í fjhn. Þetta er miklu fremur pólitísk rolla en grg. fyrir afstöðu til málsins, og því miður hefur nú þessi ágæti og gamalreyndi þm. fallið fyrir þeirri freistingu að semja nál. fyrir ríkisútvarpið fremur en fyrir þingsalina og málið sem slíkt.

Eitt er þó mjög áberandi í sambandi við þetta nál., að þar eru tíunduð ýmis atriði, sem minni hl. telur að styðji að því, að vafasamt sé, eins og hann segir, að þessi breyt. verði gerð og þar með komist meiri hl. í bankaráði í hendur þeirra manna, sem nú standa að stjórn landsins, en allar þær röksemdir, 1, 2, 3, 4, 5 og 6, eins og leggja sig, sýna, í hversu hörmulegu ástandi Búnaðarbankinn og sjóðir hans voru og hafa verið að undanförnu, á þeim tíma, sem framsóknarmenn hafa haft þarna alveg hreinan meiri hl. og verið áhrifamenn í stjórn landsins. Hvort svo einhverjar tillögur hafa verið felldar eða ekki, þá má víst leita að mörgum fleiri till. fyrr og síðar í Alþingistíðindunum, þar sem menn hafa freistað að renna einhverjum frekari stoðum bæði undir veðdeildina og aðrar deildir Búnaðarbankans, og ég held, að framsóknarmenn eigi enga sérstöðu í því fremur en aðrir þm. hér, sem margir og oft og tíðum hafa freistað þess að koma fram umbótum á því máli að styrkja veðdeild Búnaðarbankans. Sjálfstæðismenn hafa flutt um það till., og það hefur strandað í seinni tíð ekkert síður á framsóknarmönnum, meðan þeir fóru með völdin og stjórn landsins og á meðan þeir höfðu aðstöðu til að ráða þessum málum. Og ef þeir hefðu unnið betur að þessum málum, meðan þeir voru og hétu, hefði ekki þurft að kvarta undan þeim erfiðleikum, sem þessir sjóðir og Búnaðarbankinn að þessu leyti standa í núna.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Eins og fram kemur í nál. okkar, var einn nm., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, en við hinir þrír nm. leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, var ágreiningur í fjhn. um þetta frv. Ég hef skilað um það sérstöku áliti á þskj. 594.

Frv. er um breyt. á l. um Búnaðarbankann. Upphaflegu lögin um þá stofnun eru frá árinu 1929. Skömmu áður, árið 1927, urðu þáttaskil í stjórnmálunum með stjórnarmyndun Framsfl. eftir kosningasigur hans á því ári. Þá hófst mikil framfarasókn í landbúnaðinum og á fleiri sviðum. Eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirrar stjórnar var að koma upp lánastofnun fyrir landbúnaðinn. Hún fékk sett lög um byggingar- og landnámssjóð strax á næsta ári, 1928, og árið eftir í byrjun þings, í febr. 1929, lagði Tryggvi Þórhallsson forsrh. fram frv. stjórnarinnar um Búnaðarbankann. Það var samþ. á því þingi. Bankinn tók til starfa á næsta ári.

Stofnun Búnaðarbankans var merkisatburður í sögu þjóðarinnar. Þá var stigið stórt skref á framfarabraut. Þær miklu umbætur, sem orðið hafa á sviði landbúnaðarins síðustu áratugina, hafa verið framkvæmanlegar vegna þess stuðnings, sem bankinn og sjóðir hans hafa veitt.

Nú vill hæstv. ríkisstj. gera breyt. á stjórn bankans og flytur frv. um það. Fyrir þremur árum voru gerðar breyt. á l. um Landsbankann og Útvegsbankann. Sjálfstæðismenn, sem þá voru í stjórnarandstöðu, beittu sér gegn þeim breyt. M. a. töluðu þeir þá um aukinn kostnað, sem leiða mundi af fjölgun bankaráðsmanna og bankastjóra, sem þeir töldu ekki þörf fyrir. Einn komst svo að orði, að tilgangur þáv. stjórnarflokka væri að ná í sem flest bein og bitlinga handa sínum mönnum. En flutningur þessa frv. sýnir, að sjálfstæðismönnum hefur ekki bótt nóg að gert 1957. Þeir vilja enn fjölga bankaráðsmönnum og bankastjórum og tala nú ekkert um aukinn kostnað. Sennilegt má teljast, að ríkisstj. geti auðveldlega fundið menn í sínu stuðningsliði, sem verði fáanlegir til fyrir góð orð og einhverja borgun að taka sæti í bankaráði og bankastjórastól í Búnaðarbankanum, og þá er takmarki stjórnarinnar náð að ná meiri hluta í yfirstjórn bankans. En er þetta hollt fyrir bankann og þann atvinnuveg, sem hann er sérstaklega tengdur? Áður en þeirri spurningu er svarað, er rétt að athuga, hvert viðhorf stjórnarflokkanna er til bankans og starfsemi hans, eins og það hefur birzt hér á þingi, t. d. á þeim tíma, sem liðinn er síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér að fara með stjórn landsins, en síðan er nú tæplega 1½ ár.

Meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj. og fóru þar með landbúnaðarmálin, höfðu þeir forgöngu um, að hluta af greiðsluafgangi ríkissjóðs yrði varið til lánveitinga handa sjóðum Búnaðarbankans, þegar þá vantaði fé til lánveitinga. T. d. var þetta gert árið 1955 og aftur 1956. Þegar sýnt var, að þó nokkur greiðsluafgangur yrði hjá ríkissjóði 1958, en sjóðum bankans var fjárvant, fluttu framsóknarmenn till. á þingi um 10 millj. kr. lán af greiðsluafganginum, sem skiptist að jöfnu milli byggingarsjóðs og veðdeildar Búnaðarbankans. Þetta var í samræmi við það, sem áður hafði verið gert, en þm. núverandi stjórnarflokka felldu þessa till. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna í apríl í fyrra.

Það hefur verið algild regla, að þeir bændur, sem ráðizt hafa í byggingar íbúðarhúsa á jörðum sínum, hafa getað fengið hluta af láni úr byggingarsjóði bankans fyrir lok ársins, er bygging var hafin, ef þeir hafa þá getað lagt fram vottorð í tæka tíð um, að bygging væri orðin fokheld. Þeir bændur, sem hófu íbúðarhúsabyggingar á næstliðnu ári, 1959, höfðu vitanlega reiknað með því, að þessari reglu yrði fylgt, en þeir urðu þar fyrir vonbrigðum. Þó að þeir legðu inn hin venjulegu lánsskjöl til bankans fyrir nóvemberlok, gátu þeir ekki fengið þar lán. Byggingarsjóðinn skorti fé. Þeir gátu ekki fengið þessi lán fyrir árslokin, eins og venja hafði verið og eins og þeir þurftu mjög á að halda. Þetta var vegna þess, að hér var komin ný ríkisstj., sem hirti ekki um að útvega sjóðnum fé að láni. Hefði þó ekki þurft í þetta sinn stóra fjárhæð til þess, að hægt væri að afgreiða lánin með venjulegum hætti. Þetta varð vitanlega til þess að valda bændum verulegum erfiðleikum við áramótauppgjörið. Það er fyrst nú í vor, sem þessir menn hafa getað fengið byrjunarlán út á byggingarnar frá í fyrra og þá með nýju vöxtunum, vöxtum núverandi ríkisstj., sem eru þriðjungi hærri en þeir, sem áður þurfti að borga af slíkum lánum. Sjóðir Búnaðarbankans, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, hafa veitt lán með lægri vöxtum en vextir gerast almennt í viðskiptum manna á milli og hjá peningastofnunum. Þetta var ákveðið þegar í upphafi, þegar sett voru lögin um byggingar- og landnámssjóð og um Búnaðarbankann. Þetta er sanngjarnt og eðlilegt, þetta er réttmætur stuðningur frá hálfu þess opinbera til þeirra, sem vinna að því að rækta og byggja landið. Og það er fleira, sem hér kemur til greina og styður þetta, að landbúnaðurinn njóti lána með sérstaklega hagstæðum kjörum. Þegar Tryggvi Þórhallsson lagði fram bankafrv. sitt 1929, taldi hann réttilega, að það renndi einnig stoðum undir þessa ákvörðun með lágu vöxtina, að það hefðu orðið tiltölulega mjög lítil töp á útlánum til landbúnaðarins. Hann hafði kynnt sér þetta mál á þeirri tíð og komizt að þeirri niðurstöðu, að bankarnir höfðu þá tapað sáralitlu á útlánum til landbúnaðarins, en hins vegar voru þá fram komin allmikil töp á bankalánum til annarra aðila. Þetta mun eiga við enn í dag. Bankarnir hafa mjög litlu tapað af lánum til landbúnaðarins, þó að aðra sögu sé að segja, því miður, af lánum til ýmissa annarra atvinnugreina. En það liggur í augum uppi, að þegar sjóðirnir lána fé út með lægri vöxtum yfirleitt en þeir verða að borga fyrir fé, sem þeim er útvegað að láni, og oft einnig til lengri tíma, þá verður þeim að koma stuðningur til starfseminnar annars staðar að. Þessi stuðningur hefur verið veitt-

ur með því, að ríkið hefur lagt fram til þessara sjóða nokkurt fé með fjárveitingum á fjárlögum, og það hefur einnig komið fyrir oftar en einu sinni, að það hefur verið ákveðið, að ríkið tæki að sér að greiða vexti og afborganir af lánum, sem tekin höfðu verið handa sjóðum Búnaðarbankans. Þannig hefur verið létt vaxtabyrði sjóðanna og þeim gert fært að starfa í samræmi við þann tilgang, sem þeim var ætlaður. Það má nefna þau dæmi um þetta, að árið 1953 ákvað Alþ. með lögum, að ríkissjóður skyldi létta af ræktunarsjóði láni, sem var 14.4 millj., og öðru jafnháu af byggingarsjóðnum. Fjórum árum síðar, árið 1957, ákvað Alþ. aftur með heimild í fjárl., að ríkissjóður létti af þessum sjóðum alls 36—37 millj. kr. Ríkið tók að sér alveg að standa straum af þessum lánum. Þegar þetta gerðist hvort tveggja, voru framsóknarmenn í ríkisstj., fóru þar með landbúnaðarmál og höfðu forgöngu um þennan stuðning við Búnaðarbankann. En það hefur aldrei verið hægt að gera ráð fyrir því, að það væri hægt í eitt skipti fyrir öll á einhverjum tíma að sjá að fullu fyrir öllum framtíðarþörfum landbúnaðarins fyrir lánsfé. Þess vegna þarf að gera slík átök öðru hverju, og þess er einmitt mikil þörf nú, ekki síst vegna þess, að gengisbreyt., sem ákveðin var nú á þessu þingi, veldur vitanlega mikilli hækkun í íslenzkum krónum á þeim útlendu lánum, sem hvíla á Búnaðarbankanum og sjóðum hans, og það er ekki fært fyrir sjóðina að standa undir þessum lánum af eigin rammleik. Þess vegna er nauðsynlegt, að ríkið komi nú enn til skjalanna eins og áður og létti hæfilegri upphæð af sjóðunum.

Þetta vil ég segja m. a. sem svar við því, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði áðan, er hann var að tala um hörmulegt ástand bankans nú, eftir að framsóknarmenn hafi haft þar meiri hluta í bankaráði. Erfiðleikar bankans nú eða sjóðanna eru vitanlega ekki síst vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið einmitt nú í tíð núv. hæstv. stjórnar.

Það er vitanlega öllum ljóst, sem um þetta mál hugsa og bera hag bankans fyrir brjósti, að nú þurfi nýjar ráðstafanir að koma til til að létta af honum afborgunum og vöxtum af lánum, sem á honum hvíla. Því var það, að nú á þessu þingi tímanlega báru framsóknarmenn í Ed. fram frv. til laga um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og byggingarsjóði sveitabæja. Þetta frv. er 62. mál þingsins og er á þskj. 124. Málið hefur síðan legið í þn. í hv. Ed., og stjórnarflokkarnir hafa hindrað, að það fái þinglega afgreiðslu. Allar horfur eru á því, að það verði fyrir þeirra tilverknað látið daga uppi á þessu þingi. En í framhaldi af flutningi þessa frv. og í samræmi við það fluttu fulltrúar Framsfl. í hv. fjvn. brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1960 um það, að veita skyldi til Búnaðarbankans á 16. gr. fjárlaga 13.9 millj. kr. Það var reiknað út, að þessa upphæð þyrfti bankinn að fá nú í ár til þess að greiða af þeim lánum, sem lagt var til í frv. á þskj. 124, sem ég nefndi áðan, að ríkissjóður tæki að sér að annast. En þessi till. var felld af stjórnarliðinu við fjárlagaafgreiðslu.

Á þessu þingi fluttu hv. þm. Sjálfstfl. þáltill. um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans. Samkvæmt því átti að taka það til athugunar, hvernig væri hægt að efla veðdeildina í framtíðinni. Út af fyrir sig var það gott, ekki ágreiningur um það mál hér á þingi. En einmitt nú hefur verið þannig ástatt hjá veðdeildinni, að hún hefur ekki getað sinnt lánbeiðnum frá mönnum, sem mjög nauðsynlega þurfa á lánum að halda. Því var það, að ég bar fram brtt. við þessa þáltill., og var brtt. mín um það, að skorað yrði á ríkisstj. að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra fjárupphæð, til þess að unnt væri að bæta úr brýnustu þörfum. Þarna var ekki til mikils mælzt. Ég nefndi að vísu ekki neina ákveðna upphæð, en gat þess, þegar ég talaði fyrir till., að það mundi koma að verulegu gagni, þó að ekki væri nema tiltölulega lítil upphæð útveguð nú þegar til veðdeildarinnar, miðað við þá veltu, sem nú er hjá okkur. En það kom fyrir ekki, stuðningsmenn ríkisstj. máttu ekki heyra þetta nefnt og felldu þessa till. Það gerðist 18. maí, nú á dögunum.

Enn má nefna þá gífurlegu vaxtahækkun, sem núv. ríkisstj. hefur komið fram, og styttingu lánstíma hjá stofnlánasjóðum. Þetta veldur bændum sem öðrum miklum erfiðleikum og stöðvar margar framkvæmdir, enda mun sá vera tilgangurinn.

Ég hef hér nefnt nokkur dæmi, sem sýna hug núv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar til Búnaðarbankans og þess atvinnuvegar, sem honum er fyrst og fremst ætlað að styðja. Þegar þetta er athugað, og þótt ekki sé fleira nefnt, ætti mönnum að vera auðvelt að svara spurningunni um það, hvort hyggilegt sé að fela núverandi stjórnarflokkum meiri hlutann í yfirstjórn Búnaðarbankans. Svar þeirra, sem vilja efla bankann og landbúnaðinn, hlýtur að verða á þá leið, að það sé ekki rétt að veita stjórnarflokkunum þetta meirihlutavald.

Hv. frsm. meiri hl., 5. þm. Reykv. (JóhH), var að kvarta um það, að nál. mitt á þskj. 594 væri pólitískt innlegg. Það lítur út fyrir, að það hafi farið eitthvað í taugarnar á þessum hv. meðnm. mínum. En hér er vitanlega um pólitískt mál að ræða, mjög stórpólitískt mál. Áframhaldandi framfarir í landbúnaðinum eru þjóðinni lífsnauðsyn. Þar má ekki verða kyrrstaða, enda er hún í rauninni ekki möguleg. Jafnskjótt sem hætt er að stíga skref fram á leið, þokast menn aftur á bak. Það má ekki verða. En það er einmitt það, sem núv. hæstv. ríkisstj. vinnur að með efnahagsmálastefnu sinni, að stöðva framfarasóknina, sem þýðir að hverfa til baka. Stefna hennar er því afturhaldsstefna. Stefnt er aftur á bak til hinna

„gömlu góðu daga", sem svo voru nefndir. Það eru tímarnir fyrir 1927, áður en framfarasóknin hófst.

Frv., sem hér er til 2. umr., er einn liðurinn í viðleitni stjórnarinnar til að taka upp úrelta þjóðfélagshætti, stöðva framkvæmdir og framfarir. Í því skyni eru lánveitingar takmarkaðar og vextir stórhækkaðir. Í því skyni er dreginn til Reykjavíkur í banka þar hluti af þeim skildingum, sem fólkið í öðrum byggðarlögum hefur yfir að ráða, sem sannanlega eru ekki of margir til þess að sinna þeim þörfum, sem þar eru, og í þeim tilgangi seilist stjórnin til valda í peningastofnun landbúnaðarins handa sínum mönnum, svo að þar verði unnið með samdráttarstefnu hennar, en ekki á móti henni.

Framfarirnar í landbúnaðinum þurfa að halda áfram, eftir því sem mögulegt er. Þess vegna á ekki að fela mönnum afturhaldsstefnunnar að stjórna Búnaðarbanka Íslands. Ekki fyrir það, að það séu ekki til í liði stjórnarflokkanna hæfileikamenn, sem vel geti setið í bankaráði eða í bankastjórn, heldur fyrir það, að stefnan, sem þeir fylgja nú, er röng og þjóðinni hættuleg. Þess vegna er það tillaga mín, að frv. verði felld. Ef ekki verður fallizt á þá till., geri ég ráð fyrir að flytja brtt. við 3. umr. frv. um, að Stéttarsamband bænda skuli tilnefna einn bankaráðsmann í Búnaðarbankanum. Slíka till. flutti hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) í Ed., en hún hlaut þar ekki samþykki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki mætt á fundi í fjhn. þessarar hv. d., þegar þetta mál var til umr. þar, og vil þess vegna gera nokkra grein fyrir minni afstöðu og Alþb. til þess.

Við teljum eðlilegt, að það sé hafður sá háttur á um bankaráð Búnaðarbankans, að þar sé 5 manna bankaráð og allt kosið af Alþ., og ég álít, að það væri heppileg aðferð líka með aðra banka að beita þeirri aðferð, og þess vegna erum við sammála þeim ákvæðum í 1. gr.

Viðvíkjandi því, sem fram hefur komið í sambandi við þær umr., sem hér fóru fram, — ég held, að það hafi verið við 1. umr., — um ástæðurnar til þess, að breyta þurfti til, vil ég hins vegar taka það fram, að ég er á nokkuð annarri skoðun en mér virtist þá koma fram hjá hæstv. landbrh. og nokkuð hefur borið á í umr. í blöðunum. Mér finnst alveg eðlilegt, að bankaráðin í bönkunum séu skipuð hlutfallslega í samræmi við samsetningu Alþ., þegar þau eru skipuð eða kosin, og það getur náttúrlega þýtt, þegar þau eru kosin, hvort það er til 4 ára eða hvaða tíma sem það nú er, — það getur náttúrlega þýtt stundum, þegar kosningar fara fram t. d. á milli, ef hlutföll breytast mikið, að bankaráðið sé e. t. v. ekki alveg í samræmi við þann meiri hl. í ríkisstj., sem þá skapast um eitthvert ákveðið árabil. Ég álít m. ö. o. eðlilegt, að bankaráðin séu skipuð þannig, að þau séu hlutfallslega réttir fulltrúar og spegilmynd af vilja Alþ., eins og það er á hverjum tíma.

Hvað snertir afstöðu ríkisstjórnar, og þar á ég við hvaða ríkisstj. sem er, hvort sem það er þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, eða önnur, þá finnst mér það ekki óhjákvæmilegt, að hver ríkisstj. þurfi endilega að hafa meiri hluta á hverjum tíma í bankaráðum viðskiptabankanna, — ef þau endurspegla að öðru leyti styrktarhlutföllin á Alþ. rétt, þegar þau hafa verið kjörin, þá sé það ekki óhjákvæmilegt, það getur þá liðið nokkur tími, þangað til slíkt gerðist, en það yrði aldrei langur tími. Hins vegar álít ég alveg nauðsynlegt og alveg eðlilegt og hef sagt það áður hér, einmitt þegar bankamál hafa verið til umr. í tíð vinstri stj., að ég álít alltaf eðlilegt og óhjákvæmilegt, að ríkisstj. hafi meiri hluta sinn í stjórn Seðlabankans. Það, sem ég á við með þessu, er: Það er ekki endilega nauðsynlegt, að ríkisstj. á hverjum tíma ráði þannig beint viðskiptabönkum landsins, ef þeir að öðru leyti eru í beinu samræmi við styrktarhlutföllin á Alþ., þegar bankaráð þeirra hafa verið kosin, vegna þess að það er ekki meiningin, að viðskiptabankar séu svo háðir hverri ríkisstj. sem er, að ríkisstj. beinlínis geti ráðið yfir þeim og jafnvel óbeint haft áhrif á útlán þeirra. Það, sem hins vegar er óhjákvæmilegt, eins og verið hefur, og verður líklega lengst af í okkar landi þrátt fyrir það ævintýri, sem nú er verið að leggja út í, er það, að ríkisstj. ráði seðlabanka á öllum tímum, að pólitík, sem seðlabanki rekur á öllum tímum, sé í samræmi við pólitík ríkisstj. En með því tekst líka seðlabankanum með því valdi, sem hann hefur, að framfylgja þeirri heildarpólitík, sem ríkisstj. á hverjum tíma vill hafa í fjárhagslegri pólitík landsins. — Ég vil aðeins taka þetta fram út af þeim umr., sem fram fóru, af því að ég hef áður sagt þetta hér, að ég álíti, að þennan mun eigi að gera viðvíkjandi viðskiptabönkum og seðlabanka og afstöðu ríkisstj. til þeirra.

Hér hefur nokkuð verið rætt um og raunar líka deilt um aðstöðu Búnaðarbankans og vissa erfiðleika, sem hann á í. Ég vil aðeins minna á í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um það, að þar mega að nokkru leyti þeir tveir flokkar þingsins, sem mestu hafa ráðið um þessa hluti á undanförnum áratugum, Sjálfstfl. og Framsfl., sjálfum sér um kenna. Við áttum, Sósfl., allmikinn þátt í því upphaflega með flutningi frv. hér á Alþ. á nýsköpunartímunum að leggja grundvöll að byggingarsjóðnum og fleiri sjóðum, sem reynzt hafa landbúnaðinum vel. Og eitt af því, sem við gerðum og var höfuðatriði á þeim tímum, var, að útlánin úr þeim sjóðum væru með lágum vöxtum. Alveg eins og Jónas frá Hriflu í gamla daga, meðan hann var og hét, barðist fyrir því 1927, að vextirnir úr landnámssjóðnum og byggingarsjóðnum væru lágir, en það hefur breytzt seinna, þá börðumst við fyrir því þá, vegna þess að fyrir landbúnaðinn eins og hverja aðra atvinnugrein á Íslandi eru

lágir vextir höfuðatriði fyrir hvern, sem vill vinna að velferð þessara atvinnuvega og þeirra manna, sem eiga að lifa af þeim. Í byggingarsjóðnum voru vextirnir upphaflega 2%, þegar við höfðum með það að gera að leggja grundvöllinn að þessu. Síðan var tekið upp á því, einmitt þegar Framsókn og Sjálfstfl. fóru inn á Marshall-aðstoðina og fóru að láta útlendinga og útlenda hagfræðinga skipta sér af málum okkar hér á Íslandi og segja fyrir um, hvernig við skyldum stjórna málum okkar, — þá var farið inn á það að hækka vextina til þessara sjóða, sem Búnaðarbankinn geymir, allt upp í 5½%. En til að byrja með var útlánsvöxtunum haldið þeim sömu, með stórtöpum fyrir bankann, eins og við bentum á, þegar þessi mál þá voru til umr. hér í þinginu og látið var undan þessari útlendu fyrirskipun um að hækka vextina, — það var um það leyti, sem Framkvæmdabankinn var stofnaður, — á lánunum til þessara sjóða upp í 5½% til þess að hlýða Ameríkönum. Það er rétt, að það sé rifjað upp, svo að menn muni það og læri af því.

Síðan gerðist það nokkru seinna, 1954, að Sjálfstfl. og Framsókn í helmingaskiptastj. fóru inn á það að hækka vextina út úr þessum sjóðum. Þeir voru þá hækkaðir, ef ég man rétt, upp í 3½%, útlánsvextirnir, einmitt ofur lítið í áttina við amerísku vextina. Síðan hafa með nýjasta stökkinu, sem gert var í vetur, þessir vextir verið hækkaðir upp í 6%.

Þetta er slæm þróun, vitlaus þróun, sköpuð hér á Íslandi undir útlendum áhrifum, erlendar fyrirskipanir útlends auðvalds, sem vill fá að ráða, hvernig við Íslendingar búum að okkar eigin fólki, og búandkörlum á Íslandi hefði einhvern tíma þótt það hart að láta útlenda auðkónga fara að skipa sér þannig fyrir, hvernig hlutirnir skyldu vera.

Ég vildi aðeins rifja þetta upp í sambandi við það, sem hér hefur verið talað um. Það var alltaf vitlaust, þegar farið var inn á þá leið að taka þessi tillit, og hefur valdið Búnaðarbankanum eins og öðrum bönkum og atvinnuvegum landsins skaða. Og þegar nú er verið að fara inn á þá braut að valda atvinnuvegunum enn þá meiri skaða með þeirri pólitík, sem núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa farið inn á, að hækka þessi lán, sem áður voru þó svona, — ja, ég veit ekki, hvað 5—6% lán eru kölluð núna, það eru anzi há lán, en þau rúmuðust þó a. m. k. innan takmarka okurlaganna. Nú er hins vegar farið að hækka lánin meira, þannig að meira að segja þau lán, sem áður var haldið niðri í 2%, eru sem sé sett alla leið upp í 6%, eins og áður voru almennustu lán á Íslandi, þegar hæst var.

Það, sem ég hins vegar er ósammála í þessu frv., eru ákvæðin í 4. efnismálsgr., þar sem segir í síðari málsgr. þar: „Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í 2 að fengnu samþykki ráðherra.“ Það er reynsla manns, þegar svona heimildir eru settar, að þær verði notaðar, og af því að það hefur áður verið hér til umr., þó að alllangt sé liðið síðan, að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann og ég hef tekið afstöðu á móti því þá, þykir mér líka rétt, um leið og ég tek afstöðu á móti því núna, að gera nokkra grein fyrir, hvernig á því stendur.

Við vitum það af reynslu okkar á undanförnum árum og áratugum varðandi stærstu viðskiptabankana, sem um leið annast útlend viðskipti og verið hafa um tíma ríkustu bankarnir hér, Landsbankann og Útvegsbankann, að farið hefur verið inn á þá leið að hafa þar við hvorn banka 3 bankastjóra, og þetta hefur orðið til þess, að venjulegast, — það eru til undantekningar frá því, — hefur það farið svo, að um skipan bankastjóra við þessa banka hafa allmikið ráðið pólitísk tillit, þannig að það er svo að segja orðinn siður, að slík tillit sitji í fyrirrúmi fyrir hinu, að t. d. bankastarfsmenn verði bankastjórar. Það er að vísu til við þá banka, en það eru þó undantekningar.

Að mínu áliti verðum við, sem gegnum Alþ. og þau bankaráð, sem það kýs, óbeint stjórnum málum ríkisbankanna, að gæta okkar dálítið í þessum efnum. Við höfum nú verið á þessu þingi t. d. að samþykkja að koma upp einum algerum einkabanka hér í ríkinu, sem yrði þannig beinlínis samkeppnisbanki við banka ríkisins. Við verðum að hafa það í hyggju, þegar við ræðum þessi mál, að við gerum banka ríkisins þannig úr garði, að þeir séu sem bezt samkeppnisfærir um þá almennu verzlunarhætti, um þær peningabúðir, sem bankarnir eru. Ég held, þegar um er að ræða einn bankastjóra við banka, þá verði það oftast nær ofan á, a. m. k. hefur reynslan orðið sú bæði viðvíkjandi Búnaðarbankanum og Iðnaðarbankanum, að þá veljast í þessi embætti menn, sem fyrst og fremst eru bankastarfsmenn og eru þá valdir einmitt með tilliti til hæfileika sinna sem bankastarfsmenn. Og ég álít, að það hafi gefizt vel, og ég álít t. d. hvað Búnaðarbankann snertir og þann bankastjóra, sem þar hefur verið yfir svo stórum banka þennan tíma, bráðum tvo áratugi, þá álít ég, að það hafi gefizt vel. Og einmitt þegar till. hafa komið fram um að breyta þessu hér á Alþ. fyrir nokkrum árum, var ég þá þar á móti því, og þó að ég réði ekki miklu á Alþ. þá, var það aldrei samþykkt. Ég held þess vegna, að ef það væri aðeins einn bankastjóri við Búnaðarbankann, mundi það að líkindum verða þannig, að það væru fyrst og fremst starfsmenn bankans, sem veldust í slíkt. Og það mundi þýða, að hinir pólitísku flokkar í landinu mundu svo að segja allir álíta, að þeir hefðu svo að segja jafnan aðgang að slíkum starfsmanni og hann tæki aðeins tillit til þess, sem bankanum er heilbrigt, og þess tilgangs, sem bankinn á að þjóna. Þegar hins vegar bankaráð væru orðin þannig skipuð eins og lagt er til hér, hefðu hinir pólitísku flokkar og ríkisstj. á hverjum tíma vissulega það mikla aðhald að bankastjóra, sem slík bankaráð alltaf hafa. Ég held þess vegna, að einmitt með tilliti til þess að gera hvort

tveggja í senn, að hindra það, að fjölgað sé hálaunuðum embættum í ríkisbákninu, og með tilliti til hins, að reyna að tryggja sem mest hlutleysi þeirra bankastjóra, sem kjörnir eru, þá held ég, að það mundi nást betur með einum bankastjóra en með tveimur. Ég er hræddur um, að það, sem kemur strax upp, ef eigi að hafa tvo bankastjóra þannig við einn banka, sé það, að tveir voldugir pólitískir flokkar, eða jafnvel kannske ekki alltaf endilega voldugir flokkar, vilji fara að skipta slíku á milli sín, m. ö. o. að tilhneigingin, sem hefur verið ákaflega rík í þeim tveimur stóru viðskiptabönkum hér, færist þá yfir á Búnaðarbankann líka. Ég held það væri ekki heppilegt. Þess vegna álít ég, að þarna væri bezt farið, að einn bankastjóri væri, og ég held, að það mundi verða aðhald að bankaráðinu að velja hann þannig, að hann nyti sem almennasts trausts. Og þótt við náttúrlega vitum, að í okkar mjög svo pólitíska landi hafi menn venjulega pólitískar skoðanir, líka þeir menn, sem eru bankastarfsmenn, og aðrir slíkir, þá sé þó með slíku mestur möguleiki á því, að sem flestir af hinum ólíkustu pólitísku sauðahúsum geti treyst bankastjórum, og eru það þá fyrst og fremst tillitin til bankans sjálfs, sem ráða.

Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja þá brtt. við 1. gr. í þessu frv., að í 4. efnismálsgr. falli burt síðasti liðurinn, sem orðast svo: „Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo að fengnu samþykki ráðherra.“ Þá mundi sú málsgr. hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði.“

Ég vil biðja hæstv. forseta, þar sem þessi brtt. er skrifleg, að leita afbrigða fyrir henni, svo að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 615) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 615 felld með 21:8 atkv.

1. gr. samþ. með 23:9 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 22:8 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:8 atkv.

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:7 atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, hefur meiri hl. bankaráðs Búnaðarbankans verið kosinn af sameinuðum landbn. Alþ. Það má líta svo á, að þetta sé staðfesting á því, að bankinn sé fyrst og fremst stofnun þeirra, er stunda landbúnað, eins og nafn hans líka bendir til. En samkv. frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að nema þetta úr lögum og láta Alþ. kjósa allt bankaráðið.

Ég vil leyfa mér að leggja hér fram brtt. um skipun ráðsins. Till. þessi, sem ég ætla að flytja, er samhljóða till., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) bar fram í Ed. Till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að 2. efnismálsgr. 1. gr. frv. orðist svo: „Sameinað Alþ. kýs fjóra bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn á sama hátt til sama tíma, einn fyrir hvern aðalmann. Stjórn Stéttarsambands bænda kýs fimmta bankaráðsmanninn, einnig til fjögurra ára, og varamann hans til sama tíma. Varamenn taka sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanna. Ráðh. skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna varamanna eða aðalmanna, til fjögurra ára í senn.“

Breyt., sem hér er lagt til að gerð verði, er sú, að Alþ. kjósi aðeins 4 af 5 bankaráðsmönnum, en Stéttarsamband bænda tilnefni hinn fimmta. Það er sanngjarnt og það er eðlilegt, að landbúnaðarmenn hafi með þessu móti íhlutunarrétt um stjórn þess banka, sem sérstaklega er þeirra stofnun.

Ég vil óska þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um þessa skrifl. brtt., þannig að hún megi koma hér fyrir og verða borin upp til atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 619) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 619 felld með 24:11 atkv.

Frv. samþ. með 24:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 621).

---

32. Efnahagsmál (breyting á útflutningsskatti).

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál [164. mál] (stjfrv., A. 457).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þegar ríkisstj. var að ræða væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálum, nokkru eftir að hún tók við völdum, þótti strax sýnt, að nauðsyn bæri til að leggja útflutningstoll á útfluttar framleiðsluvörur landsmanna í því skyni að jafna þann halla, sem yrði á útflutningssjóðnum, þegar starfsemi hans félli niður. Þetta var rætt frá ýmsum hliðum og enginn verulegur ágreiningur um efnishlið málsins, þó að nokkuð sýndist sitt hverjum um það, hvort gjaldið ætti að vera hærra eða lægra og þá standa hlutfallslega því lengur. Að lokum var hnigið að því ráði að hafa gjaldið 5%, eins og mönnum er kunnugt. Og þá var ætlað, að til þess

að jafna þessar þarfir, ef það má kalla, mundi þurfa að halda þessu gjaldi mestan hluta yfirstandandi árs.

Þeir, sem hlut áttu að máli, báru strax nokkurn kvíða fyrir, að þetta gjald mundi leggjast of þungt á framleiðsluna, en sættu sig þó við þetta framan af og allt þar til þeir voru að ljúka samningum sín á milli, útgerðarmennirnir fyrir sína hönd og sjómanna um aflann og vinnslustöðvarnar, bæði hraðfrystihús og þeir, sem kaupa til söltunar og í skreið. Þegar þær umr. voru á lokastigi, komu fram óskir frá útvegsmönnum og fiskkaupendum um, að gjaldið yrði lækkað og stæði þá því lengur, skyldi ákveðið 2½% í staðinn fyrir 5%, en yrði þá innheimt á helmingi lengri tíma. Ríkisstj. taldi að sjálfsögðu ekkert við þetta að athuga og fannst, að þeir, sem gjaldið ættu að greiða, yrðu mestu um þetta að ráða, á meðan a. m. k. þær óskir væru innan ramma sanngirninnar og ekki talin stafa nein hætta af þeirri breytingu, sem um er rætt, fyrir efnahagskerfið, sem stjórnin hefur beitt sér fyrir.

Það er eins og áður hefur verið sagt frá, að í öndverðu var útgerðarmönnum tilkynnt, að þegar í stað, er þessi halli hefði verið greiddur og þessum þörfum fullnægt, skyldi gjaldið afnumið. Upphæðin, sem átti að greiða, lá þess vegna frá byrjun ljóst fyrir, að svo miklu leyti sem um var að ræða hugtakið, — við skulum segja, að það hafi verið, en ekki legið alveg ljóst fyrir, hvað upphæðin mundi að lokum verða há. Það var nokkuð í óvissu um það, og seinni tímar hafa þetur kveðið upp dóm um það, að sem betur fer er þessi þörf minni en gert var ráð fyrir í upphafi.

Það, sem hér skeður, er þess vegna ekkert annað en það, að til þess að greiða áfallna skuld, ef við viljum kalla það það, er gefinn lengri frestur til þess að létta undir með mönnum, sem eiga sjálfir að borga hana eftir sem áður. Og ég hygg, að engin stjórnvöld hefðu talið rétt að neita slíkri ósk. Það liggur nærri, að mér finnist, að útvegurinn ætti að hafa allt að því einræði um fyrirkomulagið, ef það er innan þess ramma, að það geti engin hætta stafað af því, að kerfið verði fyrir einhverju áfalli af þessum ástæðum.

Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi málsins að fara um þetta fleiri orðum, einnig vegna þess, að fyrir skömmu hafa hér staðið yfir utan dagskrár umr. um þetta, þar sem hæstv. félmrh., sem þetta mál fellur undir hvað þessa hlið áhrærir, þó að ég gerist hér frsm. fyrir frv., af því það er breyt. á efnahagsmálalöggjöfinni, gaf tæmandi skýringar um málið og menn fengu líka nokkra svölun sinna þarfa til að láta gamminn geysa.

Ég skal ekki orðlengja þetta og leyfi mér að mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu um þetta mál frekar en hæstv. forsrh. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera komið hér fram. Það er mjög ánægjulegt að fá strax á þessu þingi ástæðu til þess að fara að endurskoða alla efnahagsmálalöggjöf hæstv. ríkisstj. og mjög gott, að hún skyldi sjá svona snemma, hver nauðsyn væri á því, og af því að þetta mál fer nú til þeirrar nefndar, sem ég á sæti í, gefst mér tækifæri til þess að benda ríkisstj. á, hvað það er fleira, sem hún þarf að athuga í efnahagsmálalöggjöf sinni, heldur en þetta atriði.

Mér þykir mjög vænt um þær yfirlýsingar, sem fram komu hjá hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að úr því að fram hefðu komið óskir frá útvegsmönnum um, að þetta, sem þeir ættu að borga, fengi að borgast á lengri tíma, þá væri náttúrlega ekkert við það að athuga, fyrst þeir hefðu óskað þess, og sjálfsagt að verða við því. Og ég vona, að það verði hið sama látið ganga yfir alla aðra, sem eiga að greiða ákveðnar upphæðir. Hann sagði hér sjálfur, hæstv. forsrh., að þeir, sem eiga að greiða, verði að mestu að ráða um það. M. ö. o.: allir þeir, sem fá sín byggingarlán og allt mögulegt annað slíkt, þeir verða að fá að ráða mestu um það, hvernig þeir greiða þetta, og þetta er alveg ágæt fyrirmynd, að lengja tímann svona, tvöfalda hann nokkurn veginn. Hér hafa menn aðeins farið fram á lengri frest til þess að borga, og ég býst við, að það verði ýmsir, sem vilja fara sömu leið og útvegsmenn í þessu, og ég þykist þá vita, að hæstv. ríkisstj. muni taka mjög vel í þeirra óskir, fyrst það þarf ekki meira til, sérstaklega þegar það kemur nú til, eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir, að útgerðarmenn ætla meira að segja sjálfir að borga þetta, m. ö. o. ekki láta aðra borga. Hinir, sem alltaf eru vanir að verða að borga sjálfir, eins og þeir, sem byggingarlánin fá og annað slíkt, þeir ættu þá að eiga því meira upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstj., þegar þeir fara fram á að fá lengri frest til þess að borga og ætla sjálfir að borga, eins og þeir eru vanir, og þarf ekki að taka það sérstaklega fram, eins og hæstv. forsrh. sá ástæðu til nú í sambandi við útvegsmennina, það væri víst eitthvað nýtt. Ég álít þess vegna, að það sé vissulega tími til kominn, að lögin um efnahagsmál verði endurskoðuð, og það sé mjög þarft verk, sem hæstv. ríkisstj. hefur falið fjhn. þessarar deildar að gera, að taka nú þessi mál til rækilegrar endurskoðunar, og þó að það sé aðeins þessi eina litla grein, sem þarna er um að ræða, sem aðeins er ein lína, þá ætti þetta að geta orðið allmiklu meira, þegar það kemur frá n. aftur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til þess að ræða svo mjög mikið um þetta frv., sem hér liggur fyrir. En hins vegar gefur það nokkurt tilefni til umr. um efnahagsmálin almennt, því að það er vitanlega ekki nema lítil úrbót og kemur að mjög takmörkuðu gagni að gera einhverjar smábreytingar á efnahagsmálalöggjöfinni frá 20. febr., jafnvel þó að það verði gerðar margar fleiri breytingar minni háttar eins og þessi, þá

mundi það ekki miklu skipta. Það, sem skiptir langsamlega mestu máli og ber að stefna að, er að breyta alveg um efnahagsmálastefnu, því að það gildir um þetta, eins og oft hefur verið sagt, að það þýðir ekki að vera að setja nýja bót á gamalt fat, það bætir litið úr. Menn þurfa miklu frekar að dubba sig upp í það að fá sér ný föt, og þau föt, sem hér er reynt að klæða þjóðina í, eru orðin úrelt og slitin fyrir meira en 40 árum, og þess vegna er alveg þýðingarlaust að ætla að reyna að dubba eitthvað upp á þau eða framfylgja þessari stefnu. Það, sem þarf, er að breyta alveg um efnahagsmálastefnu og hverfa frá þeirri, sem mörkuð var í efnahagslöggjöfinni frá 20. febr.

Mér finnst rétt í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að minnast nokkuð á þær forsendur, sem sagt er að hafi legið til þess, að efnahagslöggjöfin var sett á sínum tíma. Af hálfu hv. stjórnarsinna er því nú oft haldið fram, þegar önnur rök þrjóta, að það hafi verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir eins og þessar eða einhverjar svipaðar vegna þess, hvernig vinstri stjórnin skildi við í þessum málum. Þetta er þó þýðingarlaust fyrir stjórnarsinna að segja, vegna þess að þeirra eigin orð og yfirlýsingar liggja fyrir um það, að þetta sé með öllu rangt. Í þeirri úttekt, sem hagfræðingar Sjálfstfl. gerðu á efnahagsástandinu haustið 1958, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, kom það glöggt fram, að það, sem þeir töldu að þá þyrfti að gera til þess að tryggja sæmilega afkomu ríkisins og atvinnuveganna áfram, var að taka aftur þá kauphækkun, sem hafði verið knúin fram sumarið 1958 af Sjálfstfl. Og þetta var gert þá strax á því næsta þingi af Sjálfstfl. og Alþfl., og þess vegna þurfti ekki lengur að vera að basla með neinn slæman arf frá vinstri stjórninni af þessum ástæðum. Staðreyndin var líka sú, að viðskilnaður vinstri stjórnarinnar, t. d. hvað snerti afkomu ríkissjóðs og gjaldeyrisafkomu, var þannig, að þar var um mjög ríflega afganga að ræða. Bara með því að rifja þessar staðreyndir upp, þá sýnir það alveg nægilega, að það er fullkomlega út í hött, þegar stjórnarsinnar eru að halda því fram, að það sé nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir svipaðar og þær, sem fólust í efnahagslöggjöfinni, vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar.

Hitt er hins vegar rétt, að ríkisstj. Emils Jónssonar, sem fór með völd á s. l. ári, jók uppbætur og niðurgreiðslur umfram það, sem áður hafði verið, um 250—300 millj. kr. Þennan halla var hægt að jafna á síðasta ári vegna þess, hve vel vinstri stjórnin hafði skilið við í sambandi við afkomu ríkissjóðs og gjaldeyrisafstöðuna. En þegar kom fram á þetta ár, þurfti að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til að afla nýrra tekna til að vega á móti þeim halla, sem hafði þannig skapazt. Og það kom líka fram í ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti í Varðarfélaginu um það leyti, sem ríkisstj. hans settist í stólana, og hann endurtók svo aftur um síðustu áramót, að það mundi þurfa 250 millj. kr. til þess að jafna þennan halla. Miðað við þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, hefur hallinn ekki verið þetta mikill, vegna þess að hann sagði, að afkoma útflutningssjóðs hefði reynzt betri en gert hefði verið ráð fyrir, þegar efnahagslöggjöfin var sett, svo að það hefði ekki einu sinni þurft að afla þessara 250 millj. kr., sem ríkisstj. taldi þó nauðsynlegt um síðustu áramót, ef svipuðu efnahagskerfi yrði haldið og þá var búið við. En það kom einmitt skýrt fram hjá hæstv. forsrh. í áramótaræðu hans og við önnur tækifæri, að ef horfið yrði að því ráði að taka upp annað kerfi en það, sem búið var við, og taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum, eins og hann orðaði það í áramótaræðunni, þá kynni að þurfa að gera einhverjar meiri og viðtækari ráðstafanir en afla þessara 250 millj. kr. Og það hefur líka vissulega reynzt þannig, að vegna þess að ríkisstj. hvarf frá því ráði að reyna að búa við og endurbæta það kerfi, sem áður var, heldur taka upp nýja efnahagsmálastefnu, þá hefur sannarlega þurft að leggja á margfalt meiri álögur en þær, sem talað var um um seinustu áramót, því að það hefur verið sannað hér í d. og því hefur ekki verið á móti mælt, að álögurnar eru nú orðnar um 1100—1200 millj. kr. eða rúmlega fjórum sinnum meiri en þær þurftu að vera samkv. yfirlýsingu forsrh. um áramótin, ef fylgt hefði verið óbreyttu efnahagskerfi. Og það var ekki aðeins, að hæstv. ríkisstj. færi í það að hafa gengisbreytinguna miklu meiri en þörf var á, því að hér í hv. d. hafa verið færð rök að því, án þess að ríkisstj. og hennar stuðningsmenn hafi gert nokkuð til þess að bera á móti því, að það hefði verið nægilegt að skrá dollarann 30 kr., — en það var ekki nóg, að ríkisstj. hefði gengisfallið miklu meira en nokkur þörf var fyrir, heldur bætti hún við hinum stórfelldustu nýjum álögum, eins og tveimur nýjum sölusköttum og mörgum öðrum hækkunum. Þess vegna er niðurstaðan nú orðin þannig samkv. hinni nýju efnahagsmálastefnu, sem þó reyndar er gömul, eins og ég mun víkja að seinna, sem ríkisstj. tók upp og mörkuð er í l. frá 20. febr., sem nú er verið að ræða um breyt. á, að álögurnar eru orðnar meira en fjórfalt meiri en þær þurftu að vera samkv. því, sem sjálfur hæstv. forsrh. sagði hér um seinustu áramót, ef ekki hefði verið tekin upp ný efnahagsmálastefna.

En hvernig víkur því við, að farið er inn á þá braut að leggja á þjóðina fjórfalt meiri álögur en nokkur þörf er fyrir, ef marka á þær yfirlýsingar, sem forsrh. gaf hér um áramótin seinustu? Hver er ástæðan til þess, að það er farið inn á þessa braut? Því er fljótsvarað. Það er vegna þess að ríkisstj. vill taka upp nýtt og annað efnahagskerfi en það, sem hefur verið búið við undanfarna áratugi. Og þetta nýja efnahagskerfi, sem hún ætlar að taka upp, er við það miðað, eins og einn af tals-

mönnum ríkisstj., hv. 6. landsk. þm. (BK), hefur fært rök að hér í d., það er við það miðað að taka upp fyrirkomulag stórkapítalismans í landinu. Það miðar að því, að hér vaxi upp í framtíðinni fáir sterkir auðkýfingar, sem ráði yfir mestu af atvinnutækjunum og fjármagninu, en þetta þýðir að sjálfsögðu, að það verður að skerða hlut alls almennings í landinu, því að við það, að upp rísi nokkrir auðkýfingar í landinu, vaxa ekki þjóðartekjurnar, það verður jafnmikið eftir til skiptanna eftir sem áður. Og ef nokkrum fáum mönnum er úthlutað mjög stórum hluta af þjóðartekjunum, verður það að sjálfsögðu til þess, að allur almenningur býr við lakari hlut eftir en áður.

Það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru sá draumur Sjálfstfl., sem hans forustumenn hafa alltaf alið, að það yrði aftur horfið til þess tíma, sem var hér á landi fyrir 1927, þegar þjóðin skiptist í fáa ríka menn og fjölda allur bjó við örbirgð, horfið aftur til þess tíma, sem var t. d. í Bandaríkjunum fyrir tíð Roosevelts forseta, áður en frjálslynd stjórnarstefna fór að móta stjórnarhættina þar. Og þó að það sé ekki langt um liðið, síðan þessi nýja stefna kom til framkvæmda, þá eru þess þó farin að sjást merki á margan hátt, að hún ætlar að leiða í þessa átt, leiða í þá átt að þrengja kjör alls almennings í landinu, sem síðar meir kann svo að geta leitt til þess, að hér rísi upp fáir auðkóngar, eins og stefnt er að. Fyrstu afleiðingarnar af þessari nýju stefnu eru þær, að kjör alls almennings, láglaunafólks og millistéttafólks, hafa þrengzt stórkostlega frá því, sem áður var. Þetta eru fyrstu afleiðingarnar. En þó á þetta eftir að koma miklu greinilegar fram, þegar fram líða stundir. Kjaraskerðingin hjá almenningi á eftir að verða miklu meiri en hún er nú þegar orðin. Og þetta veldur því að sjálfsögðu, að möguleikar meginþorra einstaklinga til framkvæmda verða miklu minni en þeir hafa áður verið, auk þess sem þeir geta ekki veitt sér ýmsar nauðsynjar, sem eru þeim þó nauðsynlegar vegna daglegrar framfærslu. Og að sjálfsögðu verkar þetta líka þannig, að af þessu leiðir mikinn samdrátt á sviðum atvinnulífsins í landinu og framkvæmda í landinu. Þetta eru fyrstu afleiðingarnar, sem þegar eru komnar í ljós af þessari nýju efnahagsmálastefnu, þ. e. kjaraskerðingin. Önnur afleiðingin, sem þegar er komin fram og leiðir af þessari stefnu, er sú, að það er mjög minnkandi áhugi hjá mönnum fyrir að leggja fé sitt í framleiðslu, og það er þegar byrjað í verulegum mæli, að menn reyni í vaxandi mæli að losa sig við ýmis framleiðslutæki. Það hefur t. d. aldrei verið eins mikið framboð á jörðum og núna, það hefur sjaldan eða aldrei verið eins mikið framboð á vélbátum til sölu og núna, og það heyrist ekki um það núna, að menn séu að ráðast í ný skipakaup eða togarakaup, eftir að þessi efnahagslöggjöf kom til framkvæmda. Þannig fer áhuginn fyrir framleiðslustarfseminni minnkandi, og þetta mun með tímanum og það miklu fyrr en varir leiða til þess, að framleiðslan minnkar, framleiðsluafköstin dragast saman, og það leiðir til versnandi afkomu og atvinnuleysis í landinu. Þetta er önnur afleiðingin af stjórnarstefnunni, að það sjást þess þegar merki, að framleiðslan sé að dragast saman. Hitt er svo annað, að það er ekki aðeins framleiðslan, sem dregst þannig saman, heldur verða það margar framkvæmdir aðrar, eins og byggingarframkvæmdir, sem fara minnkandi, og það er þriðja afleiðingin af þessari stefnu. Fjórða afleiðingin, sem þegar er að verða ljós, er sú, að það mun stefna að auknu ójafnvægi í byggð landsins. Það mun draga úr uppbyggingu á ýmsum stöðum úti um landið, þar sem einkafjármagnið telur ekki gróðavænlegt að koma upp framkvæmdum og þar sem hið opinbera hefur ekki aðstöðu til þess að halda slíkum framkvæmdum uppi vegna samdráttar, sem þar hefur orðið. Þetta verður til þess, að fólkið verður í vaxandi mæli að yfirgefa þessa staði og flytja til þéttbýlisins, þrátt fyrir það þótt atvinnumöguleikarnir fari ekki vaxandi þar, og þess vegna mun fylgja þessu mikil ógæfa, jafnt fyrir þá, sem búa í strjálbýlinu, og þá, sem eru í þéttbýlinu. Fimmtu afleiðingarnar, sem þegar er farið að brydda á vegna þessarar nýju efnahagsmálastefnu, eru þær, að það eru vaxandi líkur á því, að innan tíðar muni skuldasöfnun landsins erlendis aukast stórkostlega frá því, sem nú á sér stað, því að þrátt fyrir það, þó að kjaraskerðingin verði til þess að draga mjög úr kaupmætti almennings og skerði innflutning á þann hátt, þá er hætta á því sökum samdráttar í framleiðslunni, sem ég hef áður minnzt á, að það verði ekki nægur gjaldeyrir til þess að fullnægja þeirri frjálsu stefnu, sem ríkisstj. hefur tekið upp í efnahagsmálunum, og því verði gengið á það lánsfé, sem ríkisstj. hefur útvegað sér heimild til þess að fá erlendis, og fyrr en varir verður þjóðin búin að safna stórfelldum skuldum þar.

Þess vegna, ef maður dregur það saman, þá leiðir þessi efnahagsstefna, sem nú hefur verið tekin upp, í stuttu máli til þess, að kjör almennings versna, að framleiðsluatvinnuvegirnir dragast saman og hætta er á mikilli skuldasöfnun erlendis. Og ég held, að þó að menn sjái ekki meira en þau merki, sem þegar eru komin fram í þessum efnum, þá ætti það að nægja til þess, að menn gripu fyrr eða síðar til þess ráðs að breyta um stefnu, og það ekki sízt þeir, sem hafa haft forustu um að taka hana upp. Það er líka svo komið nú, að stjórnarblöðin eru farin að ræða um það, seinast var það í einu stjórnarblaði í gær, lýsa undrun yfir því, að það skuli ekki hafa verið farið af stað með verkföll, og það er spurt: Ja, hvað er það, sem tefur kommúnistana við það að hefjast handa um verkföll? Er það vegna þess, að þeir hafi ekki meiri áhuga á kjarabótum en þetta? — Þannig er skrifað í einu stjórnarblaðinu í gær. Það er verið að bera það á annan stjórnarandstöðuflokkinn, að hann hafi ekki meiri áhuga á kjarabótum al-

mennings en þetta, að hann sé ekki byrjaður á verkföllum.

Nú býst ég við, að það séu allir nokkurn veginn sammála um, að það væri mikil ógæfa, ef hér kæmi til stórkostlegra verkfallsátaka, og að það sé skylda allra að reyna að koma í veg fyrir það, að slík þróun eigi sér stað. En hitt er það, að það er hægt að beita löggjafarvaldinu og framkvæmdavaldinu svo ranglátlega og með svo mikilli óbilgirni, að launþegar neyðist til þess að reyna að rétta hlut sinn með því að grípa til ráðstafana á öðrum sviðum, og það virðist vera alveg eins og markviss stefna hæstv. ríkisstj. að beita bæði löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi á þann hátt, að alþýðustéttirnar verði neyddar til þess að reyna að rétta hlut sinn á þann hátt, sem þær mundu þó ekki kjósa.

Þetta er málefni, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar þurfa að taka til gaumgæfilegrar athugunar, ef þeir vilja sýna næga ábyrgðartilfinningu. Það er enn hægt að breyta um. Það er enn hægt að hverfa frá þeirri stefnu að meira og minna leyti, sem hæstv. ríkisstj. hefur markað. Það er hægt að draga verulega úr kjaraskerðingunni, sem hún hefur hrundið fram. Það er hægt að draga úr vaxtaokrinu, sem hún hefur komið á. Það er hægt að draga úr lánasamdrættinum, sem hún er að reyna að framkvæma. Það er hægt að hafa framkvæmdirnar meiri en hún stefnir að. Og ég er alveg viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. fer inn á þessar brautir og tekur á þennan hátt sanngjarnt tillit til almennings í landinu, þá mun ekki koma hér til neinna verkfalla.

Ég álít þess vegna, að þó að stjórnarblöðin séu nú að ræða um verkföll, þá standi dæmið þannig enn í dag, að það sé fullkomlega á valdi ríkisstj. að koma í veg fyrir það, að til slíkrar óheillaþróunar komi. Og til þess að koma í veg fyrir slíkt, þarf hún ekki annað en að taka til gaumgæfilegrar athugunar þá efnahagsmálalöggjöf, sem hún setti í febrúarmánuði s. l., breyta stórlega frá ýmsu, sem þar er ákveðið, og taka að verulegu leyti upp nýja og heilbrigðari stefnu. Og ef hæstv. ríkisstj. fer inn á þá braut, þá ætti ekki að þurfa að óttast neitt þau verkföll, sem stjórnarblöðin eru farin að tala um.

En hitt verða menn svo að gera sér grein fyrir, að ef áfram verður framfylgt þeirri stefnu kjaraskerðingar og samdráttar, sem nú er stefnt að, og ef þannig er haldið á málum, að hálaunamennirnir, eins og t. d. ráðh. og bankastjórar, fái kjaraskerðinguna að öllu leyti upp bætta og meira en það með lækkun á sköttum og öðrum fríðindum, en stórfelldar byrðar eru hins vegar lagðar á alþýðustéttir landsins og kjör þeirra stórkostlega skert, þá hljóta og verða valdhafarnir að gera sér ljóst, að með slíku háttalagi knýja þeir alþýðustéttirnar fyrr eða síðar til einhverra mótaðgerða gegn slíkri stjórnarstefnu.

Þess vegna á hæstv. ríkisstj. einmitt að nota það frv., sem hér liggur fyrir, til þess að íhuga nú allt sitt ráð að nýju og láta ekki við það eitt sitja að gera þá breytingu, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi og gengur í þá átt að ganga til móts við stétt útgerðarmanna og fiskútflytjenda. Hæstv. ríkisstj. á ekki síður að ganga til móts við aðrar stéttir í landinu, sem bera nú skarðan hlut frá borði vegna hennar aðgerða, og ef hún gerir það og notar þetta frv. til að gera stórfelldar breytingar og endurbætur á allri efnahagslöggjöfinni, þá þarf hún áreiðanlega ekki að óttast þau verkföll, sem stjórnarblöðin voru að skrifa um í gær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 457, n. 518, 542 og 557, 540, 541, 545).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, á þskj. 457. Hefur í n. ekki orðið samkomulag um afgreiðslu málsins. Við, sem í meiri hl. n. erum, leggjum til, að frv. verði samþ.

Með lögum um efnahagsmál frá 20. febr. s. l. var gert ráð fyrir, að kerfi útflutningsstyrkja yrði lagt niður og að útflutningssjóður hætti störfum. Ljóst var, að þegar útflutningssjóður yrði lagður niður, mundi verða eftir nokkuð af skuldbindingum, sem afla yrði fjár til að standa straum af. Og í þeim tilgangi var ákveðið í 8. gr. efnahagsmálalaganna, að innheimtur skyldi 5% skattur af fob.-verði allra vara, sem fluttar eru úr landi til sölu, og skyldi andvirði útflutningsskattsins varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs. Nú hafa komið fram óskir frá fiskkaupendum og fiskseljendum um að fá skatt þennan lækkaðan úr 5% í 2½%, vitandi það, að slík lækkun mun óhjákvæmilega hafa í för með sér hlutfallslega jafnlengingu þess tíma, sem skattheimta þessi verður að vara til öflunar á þeirri heildarupphæð, sem nauðsynleg er til greiðslu á skuldbindingum útflutningssjóðs. Við í meiri hl. fjhn. teljum sanngjarnt að verða við þessari málaleitan og mælum því með, að frv. verði samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um þetta frv., eins og hv. frsm. meiri hl. þegar hefur skýrt frá. Ekki er það vegna þess, að um sjálft innihald þess hafi verið svo mikill ágreiningur í n., heldur er það hitt, að þegar þau efnahagslög, sem samþykkt voru að undirlagi hæstv. ríkisstj. fyrir þrem mánuðum hér á Alþ., koma nú hér aftur til umr., með því að flutt er frv. til l. um breyt. á þeim, þá fannst mér og fleiri nm., okkur, sem erum í stjórnarandstöðu, að full þörf mundi vera að nota þetta tækifæri til þess að endurskoða frv. að nokkru leyti og með þessu frv., sem hæstv.

ríkisstj. nú hefur flutt til þess að byrja slíka endurskoðun sjálf, gæfist tilefni til þess að reyna að fá fram, þótt ekki væri nema ofur litlar fleiri endurbætur á frv. en þá, sem frv. sjálft, eins og það er, felur í sér.

Það hefur sem sé komið í ljós á þessum þrem mánuðum, að það efnahagskerfi, sem að vísu aðeins fáir af stjórnarliðum höfðu nokkra trú á, en báðir stjórnarflokkarnir þó fylktu sér um af einhverjum ástæðum, að þetta nýja efnahagskerfi, þetta kreppukerfi, er nú þegar að hrynja. Það hefur ekki þurft lengri tíma en þessa þrjá mánuði til þess, að það sýndi sig, að kerfið dugir ekki. Það liggur þegar fyrir yfirlýsing frá L. Í. Ú. um, að samkv. þessu kerfi verði ekki lagt út í nýja vertíð. Og það er enn fremur greinilegt af þeim yfirlýsingum, að það hefði ekki verið lagt út í þessa vertíð, ef þetta kerfi hefði legið svona fyrir í upphafi hennar, eins og það nú hefur verið framkvæmt. Það var auðsjáanlega aðeins lagt út í þessa vertíð og henni haldið áfram af því, að það er nú einu sinni svo með útvegsmenn og sjómenn á Íslandi, að þegar þeir eru byrjaðir á vertíð, hætta þeir eiginlega ekki, hvað sem á gengur. Það eru ekki fjárhagslegar umþenkingar, sem þar valda mestu um, heldur eru þar að verki veiðimenn, þeir sem fyrst og fremst eru að afla fisks, og þeir stanza ekki í miðjum róðri, þannig að tilfinningin, sem nú ræður yfirleitt hjá útvegsmönnum og fiskimönnum, er sú, að þeir hafi verið blekktir og sviknir, þeim hafi verið haldið gangandi með haldlausum loforðum til loka vertíðarinnar, af því að stjórnarvöld landsins þekkja inn á, að þeir stanza ekki, þegar þeir eru byrjaðir að róa. Og svo þegar vertíðinni er lokið og ekkert meira hægt að gera, lýsir sem sé L. Í. Ú. því yfir, að þessi grundvöllur dugi ekki og það verði ekki lagt út í nýja vertíð að óbreyttum grundvelli.

Spurningin, sem nú liggur fyrir, þegar þessi efnahagsmál eru þess vegna komin til umr. aftur, er sú, hvort hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, og þeir einstakir þm., sem eitthvað kunna að hugsa um þessi mál, vilja taka eitthvert tillit til staðreynda, hvort þeir fást nú þegar til að læra eitthvað af reynslu þessara þriggja mánaða eða hvort þeir þurfa miklu verri og miklu harðvítugri reynslu til þess að læra af því.

Það er m. ö. o. greinilegt, að efnahagskerfið er sjálft byrjað að hrynja. Grundvöllurinn undir því er bilaður. Og það eru ekki bara verkalýðssamtök og bændasamtök, sem segja slíkt, það eru útvegsmannasamtökin, sem segja það líka. Það hefur sýnt sig nú þegar, eins og spáð var af mér og fleirum í þessari hv. d. við umr. hér um efnahagsmálin, að útreikningarnir, sem hagfræðingar ríkisstj., þessir sérfræðingar, sem aldrei koma nærri lífinu, byggðu á, hafa allir reynzt vitlausir, og það, sem í þessu frv. felst, er, að það er byrjað að endurskoða útreikningana, af því að þeir hafa reynzt vitlausir. Spurningin er hins vegar, hvort ríkisstj. fæst til þess að taka tillit til þess, að það er fleira vitlaust í þessu efnahagskerfi en útreikningarnir og á fleiri sviðum en á þessu. Fiskverðið hefur alltaf reynzt vitlaust, og ég mun síðar koma inn á það, hvers konar upplýsingar eru komnar fram á þeim sviðum. Launaskerðingin reynist nú þegar meiri en gert var ráð fyrir og mun verða miklu meiri, þegar lengra kemur fram á. Markaðirnir, sem sérstaklega hæstv. viðskmrh. hefur gefið miklar yfirlýsingar um að hann vildi reyna að viðhalda, markaðirnir, sem hafa verið í austurvegi, um leið og menn vildu reyna að vinna meiri markaði í vesturátt, — markaðirnir í austurvegi eru að eyðileggjast. Það eru slíkar áhyggjur hjá þeim mönnum, sem hafa með söluna þar að gera, að það er þegar búið að skipa eins konar nefnd af hálfu þeirra samtaka, sem þar hafa ábyrgðartilfinningu og eiga sína hagsmuni undir, til þess að reyna eitthvað til að viðhalda þessum mörkuðum, sem ríkisstj. með sínu kreppukerfi er að eyðileggja, vegna þess að þetta kerfi, sem hér er verið að setja upp, er ekki fært um að halda þeim mörkuðum, sem útheimta að einhverju leyti yfirstjórn eða heildarhugsun um okkar viðskiptasambönd í allar áttir. Þegar ríkisstj. stendur nú frammi fyrir því, að útreikningarnir reynast þegar vitlausir, að fiskverðið reynist vitlaust, að launaskerðingin er meiri en reiknað var og verður ekki við hana unað, — frammi fyrir því, að markaðirnir eru að eyðileggjast vegna þessa kreppukerfis, þá er raunverulega spurningin, sem fyrir liggur: Ætlar ríkisstj. að bíða eftir því, að þetta hrynji alveg, hrynji með braki og brestum í rúst, eða er hún til í að reyna að endurbæta þetta kerfi eitthvað?

Sumum fyndist kannske, að það kæmi úr hörðustu átt, ef ég væri að reyna að koma einhverju viti fyrir ríkisstj. um það að láta ekki kerfi hennar hrynja og leggja til við hana, að hún skuli reyna að endurbæta þetta eitthvað. Því er stundum dróttað að mér og mínum líkum, að ég vilji helzt, að allt sé látið hrynja í rúst og það sé bezt að lofa þessu að sýna sig, eða eins og Ibsen orðaði það á einum stað: „Fyrst skal ormurinn út úr skel og afskræming tímans sjást svo vel, að ranghverfan öll snúi út," — það sé bezt að lofa þessu kreppukerfi að sýna sig í algleymingi, svo að öll þjóðin fái að kenna á því og sjá, hve vitlaust það sé, og það sé þess vegna ósköp rangt af mér að vara þarna nokkuð við, heldur bíða bara rólegur eftir þeirri byltingu, sem upp mundi rísa, þegar þetta gamla kreppukerfi væri hrunið. Ég fer nú þveröfugt að. Ég reyni hér á þessari stundu að koma ofur litlu viti fyrir hæstv. ríkisstj., að fá hana til að reyna að endurbæta þetta kerfi hennar, áður en það hrynur, fá hana til að læra ofur lítið af þeirri reynslu, sem nú þegar blasir við öllum þeim mönnum, sem eitthvað vilja sjá. Ég geri þetta vegna þess að ég álít það skyldu mína. Við vitum ósköp vel, að harðvítug átök út af vitlausri pólitík skammsýnnar yfirstéttar eru alltaf slæm, fyrir hvaða þjóðfélag sem er, og sé hægt að koma viti fyrir þá, sem hér eiga

hagsmuna að gæta, þá er það betra, ef hægt er að fá þá til þess að sjá að sér í tíma. Þess vegna reyni ég nú í maílok 1960, áður en þessu þingi lýkur, að fá hæstv. ríkisstj. og hennar fylgifiska til þess að hugsa, til þess að læra ofur lítið af þeirri reynslu, sem blasir við eftir þriggja mánaða kreppukerfi. Og ég vil segja þeim það um leið og hæstv. ríkisstj., að fari þetta í rúst á næstu mánuðum, þá er það ekki þeim að kenna, sem varað hafa við. Það er nú tækifæri til þess að reyna að endurbæta þetta. Og ég vil minna hæstv. ríkisstj. á, að hún hefur dálítið fordæmi í heiminum í kringum sig, ef hún lítur eitthvað í kringum sig, frá vinum sínum. Hún var ósköp hrifin, þessir flokkar, sem nú sitja í ríkisstj., af því, þeir vildu helzt setja allan heiminn í bál og brand og láta hernema Ísland til þess að varðveita harðstjórn í Suður-Kóreu, sem síðan hefur falsað þar þingkosningar og stjórnað þar með ofbeldi og einræði, blóðugum ofsóknum, og þessi harðstjórn er nú fallin. Hún gæti e. t. v. lært eitthvað af því. Og ef henni finnst of langt síðan, af því að nú eru liðnar nokkrar vikur, þá heyrir hún kannske daglega núna, að það var nýlega að falla ein stjórn í Tyrklandi. Ég held, að einn ráðh. eða jafnvel tveir af hæstv. ráðherrum hafi verið í Miklagarði nýlega og hafi átt að fara í skemmtiferðir um landið á eftir til að sýna það fína lýðræði í Tyrklandi, og það hefur ekki þótt vogandi að senda þá í skemmtiferð á eftir, af því að óróinn hafi verið það mikill í þessu fína Atlantshafsbandalagsríki. Þeir sátu þar með Menderez forsætisráðherra og einhverjum fleirum, og ég vil segja hæstv. ráðh., ef einhver væri, að þessi Menderez forsætisráðherra er í dag í tukthúsinu í Tyrklandi, og ef Atlantshafsbandalagið hefði haldið þarna áfram, þá veit ég ekki, hvort fleiri hefðu lent þar inn líka af ráðh.

Það væri þess vegna kannske rétt fyrir ríkisstj., sem er búin að horfa upp á tvo vini sína, Menderez og Syngman Rhee, vera að falla á undanförnum vikum, að hugsa ofur lítið um það, — þótt að vísu slíkir stórfelldir viðburðir, eins og í þeim löndum gerast, gerist ekki hér hjá okkur á Íslandi, heldur allt með miklu skikkanlegra hætti, þá mætti hún e. t. v. af þessu læra, að það er alltaf skynsamlegt fyrir yfirstétt að reyna að sjá að sér í tíma með það að slaka til, meðan tækifæri er. Það er alltaf ópraktískt fyrir yfirstétt að bíða, þangað til menn eru orðnir svo órólegir, að hún byltist frá völdum. Og ég skal aðeins segja, hvað ég á við, þegar ég er að tala um yfirstétt í þessu sambandi. Ég á fyrst og fremst við verzlunarauðvaldið í Reykjavík. Þar sem rétt er, að þeir hv. stjórnarliðar, sem halda e. t. v., að þeir séu fulltrúar fyrir allar stéttir, geri sér ljóst, fyrir hverja þeir eru að vinna, þá er það, sem gerzt hefur á þessum þremur mánuðum, það, að verzlunarauðvaldið hér í Reykjavík hefur hrifsað til sín völdin yfir efnahagsmálunum, að allt efnahagskerfi Íslands hefur verið mótað einvörðungu með tilliti til ímyndaðra hagsmuna verzlunarauðvaldsins í Reykjavík og að íslenzka þjóðin hefur verið gerð að tilraunadýri fyrir úreltar og vitlausar kenningar, sem þetta verzlunarauðvald enn þá, þótt merkilegt megi virðast, trúir á, e. t. v. að nokkru leyti af því að vestrænir auðhringar, sem standa í nánu sambandi við það, hafa ýtt frekar undir það við að reyna að framkvæma slíkar tilraunir hér á Íslandi. Það hefur þegar sýnt sig á þessum þremur mánuðum, að með yfirráðum þessa verzlunarauðvalds hér, lítillar heildsalaklíku, hefur verið ráðizt á lífshagsmuni eftirfarandi stétta: í fyrsta lagi verkalýðsins og verkalýðshreyfingarinnar allrar, í öðru lagi bændanna og samvinnuhreyfingarinnar allrar, í þriðja lagi útvegsmannanna og útflutningsins á Íslandi. M. ö. o.: 90% af Íslendingum, launþegar og bændur, þeirra hagsmunum hefur verið fórnað fyrir hagsmuni þessa verzlunarauðvalds, en ekki nóg með það, líka hluta af atvinnurekendastétt landsins, þeim, sem með útflutninginn hafa að gera, og þeim, sem framleiða fiskinn eða eiga framleiðslutækin, þeirra hagsmunum hefur verið fórnað fyrir verzlunarauðvaldið, þeim mörkuðum, sem unnir hafa verið fyrir útflutninginn, hefur verið stofnað í hættu, hagsmunum þessa útvegs hefur verið fórnað, og þetta hefur allt saman verið gert undir því yfirskini, að það væri verið að bjarga sjávarútveginum. En þau loforð voru gefin í upphafi, þegar ráðizt var í þessar framkvæmdir, að sjávarútveginum skyldi þó aldrei vegna verr, miðað við sæmilegan afla, með þessum nýju ráðstöfunum heldur en áður hefur verið. Reynslan hefur orðið sú, að þrátt fyrir víðast hvar miklu meiri afla hefur sjávarútveginum vegnað svo illa undir þessum nýju ráðstöfunum, að sjálfir atvinnurekendurnir, sjálfir útvegsmennirnir og þeirra landssamband lýsir því yfir, að það verði ekki oftar gert út upp á þessi býti, út á þennan grundvöll.

M. ö. o.: það liggur fyrir, að skammsýnt verzlunarauðvald, sem með 800 millj. kr. lánsaðstoð vestrænna auðhringa hefur hrifsað til sín yfirráðin yfir efnahagslífi Íslands, það hefur nú þegar skaðað hagsmuni yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, skert lífsafkomu verkalýðs og bænda og stefnt sjálfum útflutningnum og útveginum í hættu með því að eyðileggja þann grundvöll, sem áður var fyrir hendi og hægt hefði verið að skapa fyrir hans útflutningi og fyrir hans starfrækslu. Í 20 ár hefur mönnum verið það ljóst á Íslandi, og það er e. t. v. eitt af því stóra sögulega, sem baráttan fyrir nýsköpun og nýsköpunarstjórnin gerði, að sjávarútvegurinn var settur sem númer eitt í íslenzku efnahagslífi. Það var viðurkennd staðreynd eftir 1944, að sjávarútvegurinn og hans hagsmunir væru það, sem Ísland byggði á, og þess vegna yrði að setja það sem númer eitt, þegar verið væri að hugsa um efnahagsgrundvöll Íslands. Þessi staðreynd var t. d. ekki viðurkennd fullkomlega á árunum 1930—1940, þó að staðreyndin væri sjálf til. Það voru alls konar hugmyndir uppi um, að með ýmsum smáiðnaði og öllu mögulegu væri hægt að skapa einhvern annan grund-

völl fyrir íslenzkt atvinnulíf, og íslenzkum sjávarútvegi fór allt það árabil sihnignandi. Það, sem nú hefur gerzt, er, að þessi staðreynd, sem er og blífur, hún er ekki viðurkennd af núverandi stjórnarvöldum. Það er annað prinsip, það er önnur höfuðregla, sem er gerð að stefnu núv. ríkisstj., og sú regla er sú, að fyrst af öllu skuli vera frjáls verzlun svokölluð, og ef sjávarútvegurinn standist ekki á frjálsri verzlun, þá skuli hann drepast fyrir teoríu frjálsrar verzlunar. Fyrir úreltar hugmyndir um, hvað hægt sé að gera í samkeppni við auðhringana á Vesturlöndum, er hagsmunum sjávarútvegsins fórnað. Og það er þetta, sem menn þurfa til fulls að átta sig á, því að þetta er nú þegar komið í ljós. Þetta sér L. Í. Ú. nú þegar og viðurkennir. En það, sem menn skilja ekki þarna enn þá, eru þær pólitísku rætur, sem til þessa liggja, sú valdabreyting, sem orðið hefur í landinu, sú valdabreyting, að voldug heildsalaklíka hefur hrifsað til sín völdin í núverandi stjórnarflokkum og ræður stefnunni og fórnar fyrir sína stefnu og sína ímynduðu hagsmuni ekki aðeins hagsmunum verkamanna og bænda, heldur líka útvegsmanna og útflutningsins og þar með hagsmunum Íslands, þar með þeim efnahagslega grundvelli, sem Ísland byggir á.

Menn hafa ekki verið að hjálpa sjávarútveginum á undanförnum árum, þegar menn hafa verið að tryggja ákveðið verð fyrir fiskinn og annað slíkt. Menn hafa verið að hjálpa sjálfum sér. Ísland hefur verið að hjálpa sér til að lifa. Menn hafa gert það vegna þess, að menn sáu, að sjávarútvegurinn var grundvöllurinn að lífi Íslands, hinu efnahagslega lífi þess. Þegar þær hugmyndir hafa skotið upp kolli hjá sumum mönnum stundum hér á götunum í Reykjavík, að sjávarútvegurinn væri einhver styrkþegi, þá hefur veruleikinn staðið þar á haus. Það hefur verið svo og svo mikið af öllum landsbúum, sem hafa verið styrkþegar sjávarútvegsins. Það var sjávarútvegurinn, sem var grundvöllurinn fyrir öllu saman. Þetta stóð allt á haus í kollinum á vissum mönnum. Og þess vegna virðist það, sem á að gera nú í dag, vera það að sparka þessum sjávarútvegi endanlega og sparka þar með grundvellinum undan efnahagslegri tilveru og efnahagslegu sjálfstæði Íslands, allt saman til þess að reyna að þóknast vestrænu auðvaldi, sem lánar ríkisstj. 800 millj. kr. og gerir það að skilyrði, að það sé farið að reyna að framkvæma hér af okkur Íslendingum, gera tilraun hér á okkur Íslendingum um úreltar og vitlausar teoríur þess.

Spurningin, sem því liggur fyrir nú við umr. þessa máls, er, hvort hægt sé að fá ríkisstj. til þess að átta sig á þessum hlutum, hvort hún sjái, hvert hún er að fara. Ég geri aðeins smátilraun við þessa umr. til að vita, hvort hægt er að fá ríkisstj. og hennar flokka til þess að sjá að sér. Ég geri ekki tilraun til að endurbæta og gerbreyta kerfinu. Ég geri aðeins tilraun til þess að vita, hvort ríkisstj. sér og er til í að fara að afmá mest áberandi og svívirðilegustu skakkaföllin á því, og ef sú tilraun tækist, þá mundi ég halda áfram, þá mundi ég koma með fleiri tillögur. Þetta á aðeins að vera prófsteinn á það, hvort hægt sé að mæla ríkisstj. máli, hvort hægt sé að koma vitinu fyrir einhverja menn í hennar flokkum eða hvort hún ætlar að bíða eftir örlögum vina sinna, Menderez og Syngmans Rhee, eftir því, að kerfið falli um koll, kreppukerfið falli um koll með braki og bramli, í staðinn fyrir að enn þá væri tækifæri á Íslandi til þess að afnema það ósköp hægt og rólega. Ég geri þessar tilraunir vegna þess, að ég vil, að það sé alveg ljóst, þegar til átaka kemur, átaka, sem rústa þetta auma kerfi, að þá er það ríkisstj., blind ríkisstj., skammsýn, þröngsýn ríkisstj., sem engu viti er hægt að koma fyrir, en vöruð hefur verið við, sem ber ábyrgð á því. Þær brtt., sem ég þess vegna flyt við efnahagslagafrv., eru eftirfarandi, svo sem ég nú skal gera grein fyrir:

Í fyrsta lagi flyt ég ásamt 2 öðrum hv. þm., 2. og 4. landsk., sem geta ekki mætt hér í dag, vegna þess að þeir eru á ráðstefnu verkalýðsfélaganna, sem Alþýðusambandið hefur kvatt til hér í Reykjavík, — ég flyt með þeim till. um að afnema 23. gr. laganna. 23. gr. fjallar um að banna að reikna vísitölu á kaup. 23. gr. var ósvífin árás á helgi þeirra samninga, sem verkalýðsfélögin hafa gert við atvinnurekendur. Það voru afskipti ríkisvaldsins af samningum á milli voldugustu samtakanna í landinu, á sama tíma sem sjálfsagt þykir hér á Alþ., að allir aðrir samningar manna á milli haldist óbreyttir. Ef einn maður hefur samið um ákveðna afborgun í verðbréfi af húseign eða einhverju öðru slíku, vexti og annað slíkt, þá skal það haldast óbreytt, og það þykir ekki rétt að breyta þess háttar samningum. Þá var, þegar 23. gr. var samþ., gripið inn í samninga 30 þús. verkamanna og verkakvenna á Íslandi og þeim samningum breytt með lögum. Síðan voru gerðar beinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til þess að leiða ægilega dýrtíð yfir almenning, — dýrtíð, sem reynt var að verja með því, að það væri verið að bjarga sjávarútveginum. En meira að segja hans atvinnurekendafulltrúar viðurkenna nú þegar, að sjávarútvegurinn sé verr staddur en áður eftir þessar dýrtíðarráðstafanir, þannig að ekki var það gert til þess að bjarga honum. Það hefur nú þegar sýnt sig, að útreikningarnir um dýrtíðaraukninguna hafa, eins og allir aðrir útreikningar hinna svokölluðu hagfræðinga eða sérfræðinga, reynzt vitlausir. Dýrtíðin hefur þegar vaxið örar en ríkisstj. gerði ráð fyrir og á eftir að vaxa örar, ef eins heldur áfram. Sú raunverulega dýrtíðarvísitala var nú 1. maí 108.3 stig. Ef fjölskyldubæturnar eru dregnar frá, kemur út 105.49 stig, sem sagt hefur verið frá opinberlega í fréttum. En um 8 stig er dýrtíðarvísitalan þegar hækkuð, um 8 stig er raunverulega búið að skerða laun alls meginþorra manna í landinu nú þegar, og það er búið að skerða afkomu þeirra miklu meira en þetta, vegna þess að þegar eru fallnir niður möguleikar, sem verka-

fólk hefur haft víða t. d. til eftirvinnu og til þess þannig með löngum vinnutíma að bæta sér upp léleg laun, þannig að lífsafkoman hefur þegar versnað miklu meira en þessu samsvarar. Og ég vil nú spyrja: Er einhver sá þm. til eða jafnvel ráðh., sem lætur sér detta í hug, að íslenzk verkalýðssamtök ætli sér að þola þetta? Er mönnum það ekki alveg ljóst, að þessu verður hent um koll? Og það er ekkert vald til í þessu landi, sem hindrar það.

Verkalýðssamtök landsins koma til með að hækka kaupið. Og atvinnurekendur landsins, ef einhverjir eru, sem ætla að standa á móti slíku, skulu gera sér ljóst, að það er hægt að reka allan íslenzkan þjóðarbúskap án atvinnurekenda, en atvinnurekendur reka ekki neitt án verkamanna. Það er nauðsynlegt, að menn muni, hvað er grundvöllur alls rekstrar: það er vinnuaflið sjálft. Nú þegar er búið að lækka laun um 19% og jafnvel meira í sumum greinum. Nú þegar undirbúa verkalýðsfélög víða um land kauphækkanir í kjölfar slíks. Hvenær muni koma til þeirra almennu launahækkana, hafa verkalýðssamtökin ekki ákveðið enn þá. En eitt er víst, eins og tveir og tveir eru fjórir, að þær launahækkanir koma. Svo vel þekkja hv. þm. stjórnarflokkanna íslenzka alþýðu, að hún er enginn aumingi, sem lætur bjóða sér svona kúgunarráðstafanir.

Spurningin, sem liggur fyrir mönnum í dag, er, hvort stjórnarliðið ætlar að vera blint, eins og Syngman Rhee og Menderez, eða hvort það ætlar að kunna einhvern snefil af stjórnvizku, þá stjórnvizku, sem einkennt hefur sumar yfirstéttir heimsins, sem hafa getað fleytt sér lengur, eins og t. d. enska yfirstéttin, að taka tillit til sterkra hreyfinga í tíma. Og ég vil vara stjórnarliðið við því, að það lítur nokkuð lítið í kringum sig í heiminum. Það sér líklega ekki, að það hefur verið bylting á undanförnum árum, t. d. í Afríku, að nýlenduveldin í Evrópu, sem hefðu átt í fullu tré við að reyna að berja niður uppreisnir þar, af því að yfirstéttir Evrópu voru betur vopnaðar en svertingjarnir í Afríku, þau hafa hætt við það, vegna þess að þau sáu, að þarna var að rísa alda, sem þeir réðu ekki við. Og þeir þeirra, sem hafa verið skynsamastir, hafa látið undan í tíma. Þeir, sem eru blindir, eins og í Suður-Afríku, streitast á móti þróuninni. Ætlar hæstv. ríkisstj. og hennar þinglið að halda áfram að streitast á móti þróuninni? Ég veit, að hv. þm. hitta ekki svo launþega hér á Íslandi nú, hvorki úti á landi né hér í Reykjavík, hvorki á meðal starfsmanna jafnvel sjálfs stjórnarráðsins, bankanna, hvað þá á meðal verkalýðsins, að þeir ekki heyri hjá þeim: Þetta er ekki hægt að þola. — Hvaða rödd er það, sem er algengasta röddin, jafnvel ef menn koma bara austur í Árnessýslu? Röddin er þessi: Hvenær ætlar Dagsbrún að fara af stað? — Það er komið svo, að þorri allra verkamanna og bænda bíður eftir því, að verkalýðurinn í Reykjavík fari af stað, og margir eru farnir af stað nú þegar. Það er ríkisstj. ein og hennar þinglið, sem sér ekkert og skilur ekkert. Þess vegna viljum við, sem flytjum þessa brtt. á þskj. 540, reyna að koma ofur litlu viti fyrir hæstv. ríkisstj., fá hana til þess að viðurkenna, að það sé þó a. m. k. sanngjarnt, að verkalýðurinn fái upp bætta þá dýrtíð, sem hún hefur vitandi vits eða kannske í blindri trú á hagfræðinga leitt yfir hann með því að láta samninga verkamanna og atvinnurekenda taka gildi. Atvinnurekendur geta þá sjálfir sagt, hvort þeir vilja ekki standa við þá samninga, sem þeir hafa gert. Þeir um það. Það hefur verið talað hér um það, að atvinnurekendur og verkamenn ættu að eigast við sjálfir. Látum þá eigast við. Látum þá íslenzka atvinnurekendur, ef þeir vilja, stöðva atvinnureksturinn, ef þeim finnst það nær en borga verkafólki sínu sæmilegt kaup að greiða 12% í vexti til bankanna. Það, sem er farið fram á með brtt. á þskj. 540, er þess vegna aðeins, að ríkisstj. hætti að skipta sér af samningum verkamanna og atvinnurekenda, að hún láti samningana vera í gildi, að hún sé ekki að sletta sér fram í þetta, og vísitalan taki fullt gildi á ný. Látum svo atvinnurekendur um það, ef þeir segjast ekki geta bætt sinn atvinnurekstur þannig, að þeir standi undir slíkum hækkunum. Allar þjóðir í kringum okkur eru að hækka laun hjá verkafólki. Ef íslenzkir atvinnurekendur geta ekki hækkað laun hjá verkafólki, þá hafa þeir ekkert að gera með að vera að draslast við að reyna að stjórna íslenzku atvinnulífi. Þeir verða að gera svo vel að sýna það í einhverju, að þeir verðskuldi það, að þjóðin feli þeim að stjórna atvinnulífinu, að ríkisbankarnir láni þeim lánin, sem geri þeim mögulegt að stjórna því, og ég veit, að þorri atvinnurekenda mundi treysta sér til þessa. Það eru margir duglegir og framsýnir atvinnurekendur á Íslandi, sem kunna að reka sín fyrirtæki.

Ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstj. og þm. hennar á því, að nú eru saman komnir hér í Reykjavík og verða í dag og á morgun fulltrúar fyrir allan þorrann af öllum verkalýðsfélögum Alþýðusambands Íslands, fulltrúar fyrir upp undir 30000 íslenzka verkamenn, fulltrúar fyrir helminginn af íslenzku þjóðinni. Verkalýðurinn í Alþýðusambandinu er réttur helmingur íslenzku þjóðarinnar með sínu skylduliði. Og þeir starfsmenn í landinu, bæði hins opinbera og annarra, sem mynda 25% þjóðarinnar, eru flestir lítt betur settir en verkalýðurinn og hafa fulla samúð með þeirri baráttu, sem hann kemur til með að heyja.

Spurningin, sem liggur fyrir í dag, er, hvort hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið fæst til þess að taka eitthvert tillit til óska og vilja þessa fjölda eða hvort á að láta það ganga, eins og gengið hefur stundum á undanförnum áratugum, að verkalýðssamtökin verði alltaf að sækja sinn rétt með harðvítugum og dýrum og stundum jafnvel löngum verkföllum. Og ég vil minna á, að það eru ekki atvinnurekendur sjálfir, sem hafa nú sagt upp samningunum. Það er eingöngu stjórnarliðið hér á Alþ., sem hefur slett sér fram í þetta með þessari 23.

gr., með því að afnema vísitöluna, — slett sér fram í samningana og ógilt með kúgunarlögum atriði úr frjálsum samningum verkamanna og atvinnurekenda. Og ég vil minna menn á, ef þeir skyldu vera búnir að gleyma því, hvaða afleiðingar það hefur haft, þegar slíkt hefur verið gert á undanförnum árum. Vil ég minna t. d. á gerðardómslögin í janúar 1942 og hvað það þýddi. Og það eru menn á Alþ. enn þá frá þeim tíma, sem voru með að setja þau og hafa séð og skilið, hvers konar glapræði það var. Og það er leitt, ef menn þurfa á 20 ára fresti að gera sama glapræðið aftur og aftur og uppskera samsvarandi ávexti af því. Þess vegna vil ég eindregið leggja til við hv. þd., að hún samþ. brtt. á þskj. 540 um að fella niður 23. gr.

Þá flyt ég enn fremur brtt., — ég sé raunar, að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er með mér í fjhn., flytur líka svipaðar till., — um að fella burt 31., 32. og 33. gr. laganna. Það eru greinarnar um afnám okurlaganna og um kúgunarráðstafanir gagnvart sparisjóðum og kaupfélagssjóðum úti um land. Það hefur nú þegar sýnt sig, að þær kúgunarráðstafanir, sem gerðar voru með því að hækka vextina upp í 12% gagnvart atvinnulífi landsins, hafa þegar haft mjög skaðlegar afleiðingar, eins og bent var á og við var að búast. Þessar blindu ráðstafanir gagnvart atvinnurekstrinum á Íslandi eiga sér yfirleitt enga stoð í neinni heilbrigðri fjármálapólitík. Það er alveg einstakt atriði, að lagt skuli hafa verið út í slíkt á Íslandi. Það er *eins og sé verið að gera leik að því* að reyna að brjóta niður þá, sem eru smáir, sérstaklega smáir atvinnurekendur, en hafa verið bjartsýnir og stórhuga við að leggja í framkvæmdir. Ríkisstj. og hennar stjórnarflokkar eru sérstaklega að leggja sig í líma til þess að níðast á bændum og öðrum smáatvinnurekendum og drepa þá með háum vöxtum. Á sama tíma eru stórlaxarnir í landinu, skuldugustu mennirnir í landinu, þeir menn, sem skulda milljónir og milljónatugi, — það er bætt við þá lánum nú undanfarna 3 mánuði, bætt við þá lánum, en þeir smáu drepnir. Og það er hart, að menn skuli vera að gera það að því er virðist að gamni sínu að fara yfir í slíka pólitík. Og ef menn vilja finna eitthvert vit á bak við þetta, þá er það aðeins eitt, það er það, *að drepa eigi niður millistéttirnar*, hina svokölluðu bjargálna, sjálfstæðu smáatvinnurekendastétt, til þess að safna öllu fjármagni hjá þeim, sem voldugastir eru. En þetta hefur ekki aðeins þegar haft afleiðingar gagnvart ýmsum smáatvinnurekendum og bændum, þetta hefur líka haft mjög áþreifanlegar afleiðingar gagnvart þeim hluta af alþýðu manna, sem mundi reyna að byggja sér hús. Það sér nú þegar á, t. d. í Hafnarfirði, að það eru færri, sem leggja í það að byrja að byggja hús nú í ár, heldur en var í fyrra. Ætli það sé ekki hægt að telja þá á annarri hendinni, sem leggja í það í ár, ætli það hafi ekki verið upp undir 40 í fyrra? Sömu dæmum kynntist ég nýlega á Selfossi, og þannig mun það vera víðast hvar úti um land. Þann stórhug alþýðunnar að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér er líka verið að brjóta á bak aftur með þessari okurpólitík ríkisstj. og með hennar lánabönnum. Á sama tíma er svo Seðlabankinn látinn vera að kreppa að innlánsdeildum kaupfélaganna og sparisjóðum úti um land, sem sé einmitt á þessum stöðum, þar sem fólkið sérstaklega þurfti að fá aðstöðu og tækifæri til þess að bjarga sér sjálft. Ofan á allt þetta er svo sjálfur útflutningurinn, sem á að vera sá efnahagslegi grundvöllur að öllu þjóðlífinu, látinn greiða í vexti af endurkaupavíxlunum 9½%. Ég veit ekki, hve vitlausir þeir menn eru, sem stjórna atvinnuvegum Íslands núna, en í venjulegu kapítalistísku þjóðfélagi þykir 10% gróði sæmileg afkoma. M. ö. o.: Seðlabankinn er í dag látinn taka 9½% vexti af því fé, sem lánað er til að mynda gjaldeyri Íslands, allan þann gjaldeyri, sem m. a. hæstv. ríkisstj. byggir allar sínar tekjur og öll fjárlögin á. M. ö. o.: ef hér væri venjulegt auðvaldsskipulag, þá þýddi það, að Seðlabankinn er látinn taka allan þann gróða, sem eðlilegt væri að normöl fyrirtæki gæfu af sér. Dettur nú nokkrum manni í hug, þegar svona ráðstafanir eru gerðar, að verkalýðurinn, sem er hinn aðilinn, því að allt, sem þarna er skapað, skiptist í tvennt: vinnulaunin annars vegar og það, sem fer til fjármagnsins, hins vegar, — dettur nú nokkrum mönnum í hug, þegar verkalýðurinn í landinu horfir upp á svona ráðskipting*u*, að Seðlabankinn *einn* er látinn taka til sín í vexti allt, sem einn atvinnuvegur ætti að gefa af sér, ekkert skilið eftir handa útveginum, að það sé hægt að taka nokkurt tillit, t. d. í sambandi við vinnudeilur, til manna, sem svona ráðstafanir fremja? Það eru vitlausir menn, sem þarna eru að verki, og það er auðséð, að Sjálfstfl. er búinn að gleyma nokkuð miklu af því, sem var verið að reyna að troða í hausinn á honum á nýsköpunarárunum. Þá var honum kennt það, að til þess að reka atvinnuvegina á Íslandi skyldum við lána útveginum með 2½% vöxtum, og það tókst að drasla útgerðarauðvaldinu á Íslandi út í nýsköpunina á grundvelli þess.

Það er auðséð, að því litla, sem hægt var að kenna Sjálfstfl. þá, er hann búinn að gleyma í *þeim ameríska skóla, sem hann hefur gengið í*. Út frá öllu venjulegu hagfræðilegu sjónarmiði, ekki bara frá marxistísku hagfræðilegu sjónarmiði, heldur frá venjulegu borgaralegu og kapítalistísku hagfræðisjónarmiði eru þetta eintómar vitleysur, sem þarna er verið að gera. Ég var að tala um það, að Seðlabankinn tæki 9½% í vexti af endurkaupavíxlunum. Það er hart, að það skuli meira að segja vera til kapítalistar á Íslandi, sem láta bjóða sér svona meðferð. En þó að það séu til kapítalistar og milljónamæringar á Íslandi, sem eru svona aumir gagnvart stofnunum eins og Seðlabankanum og einhverjum embættismönnum og ríkinu, þá mega þeir ekki halda, að verkalýður-

inn á Íslandi sé svo aumur, að hann láti bjóða sér svona meðferð. Þess vegna vil ég nú gefa ekki aðeins þeim, sem bera hagsmuni húsbyggjenda, bænda og smáatvinnurekenda fyrir brjósti, heldur líka þeim, sem kynnu að skilja eitthvað ofur lítið í auðvaldsskipulaginu sjálfu, að það nái auðvitað ekki nokkurri átt að láta Seðlabankann taka jafnvel af endurkaupavíxlunum 9½% í vexti, — gefa þeim kost á að breyta þessu.

Ég hef um nokkurt skeið átt sæti í bankaráði Landsbankans. Löngum undanfarin ár hefur það verið eitt aðalumræðuefni, sem allir hafa verið sammála um og ég held næstum því bankastjórar og bankaráð fleiri banka en Landsbankans, að það næði ekki nokkurri átt, að það væru greidd 4½% í vexti af endurkaupavíxlunum. Viðskiptabankarnir hafa fengið ½% þá, Seðlabankinn 4%. Það hefði verið kannske eðlilegt að greiða 2½% og viðskiptabankarnir hefðu fengið 1% eða 1½% og Seðlabankinn 1%. Þetta var eitt af því, sem var sjálfsögðust ráðstöfun til þess að reyna að koma íslenzkum útflutningsatvinnuvegum á eðlilegan grundvöll. En hvað er gert í staðinn fyrir að breyta þessu í þessa átt, eins og gert hefði verið, ef Sjálfstfl. hefði haft eitthvert vit í kollinum, eins og partur af honum hafði 1944? Hvað er gert? Jú, það er farið í að hækka þessa vexti upp í 9½%. Og ég auglýsi eftir því, hvort það er einhver maður hér í þessari hv. d., hv. þm., sem vildi reyna að verja þessa ráðstöfun, og ég gef þeim kost á því að fella burt þessar greinar, sem grundvallað er á allt þetta okur.

En sem sé, mér er það alveg ljóst, að jafnvel þótt það væri gert, þá er þar með ekki búið að afnema þetta kreppukerfi ríkisstj. Þetta eru frá minni hálfu aðeins tilraunir til þess að vita, hvort nokkru viti sé hægt að koma fyrir hæstv. ríkisstj. og hennar fylgifiska, og svo framarlega sem það tækist nú við þessa eða næstu umr., þá teldi ég það lofa nokkru góðu um framhaldið. En ef það er ekki hægt, þá eru það þeir, sem blindir eru, sem bera ábyrgð á afleiðingunum.

Í þriðja lagi flyt ég svo brtt. á þskj. 541, brtt. 2 á því þskj., að við bráðabirgðaákvæði efnahagslaganna bætist nýr liður um, að kosin verði 5 manna nefnd til þess að rannsaka, hvaða orsakir liggi til þess, að fiskverð til sjómanna í Noregi er miklu hærra en fiskverð til útgerðarmanna hér á landi og miklu hærra en það verð, sem íslenzkum hlutarsjómönnum er greitt. Ég birti í mínu nál. þrjár skýrslur sem fskj., sem ættu að geta fengið menn til þess að hugsa ofur lítið um þetta mál. Þessi fskj. eru í fyrsta lagi það lögbundna verð til hlutarsjómanna, sem ríkt hefur frá 1. febr. 1959. Í öðru lagi er í fskj. II það verð á fiski til útgerðarmannanna, sem var frá 16. febr. til 20. maí í ár, samkvæmt samningi milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Skreiðarsamlagsins hins vegar. Og síðan birti ég í þriðja lagi sem fskj. III verð á fiski til norskra fiskimanna frá Norges Råfisklag eins og það er umreiknað í íslenzkar krónur með kaupgengi — kaupgengi, ekki sölugengi — á norskum krónum, 532.85. Og það kemur í ljós við athugunina á þessu, að verðið, sem greitt er í Noregi, er frá tvöfalt til fimmfalt hærra en hér og að norskir sjómenn fá t. d. fyrir kg af þorski frá kr. 4.21 upp í kr. 4.80. Ég geri það að till. minni, að þetta sé rannsakað, hvernig á þessu standi. Þarna geri ég sem sé ekki till. um breytingu, en ég geri það að till., að skipuð sé sérstök 5 manna nefnd af þinginu til þess að rannsaka, hvernig á þessu standi. Og nú vil ég segja það við hæstv. ríkisstj. og hv. þdm.: Það liggur fyrir yfirlýsing nú í dag fyrir okkur, áður en við förum nú heim af þessu þingi, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að það verður ekki gert út á næstu vertíð samkvæmt þeim efnahagsgrundvelli, sem núverandi efnahagslög fela í sér. Það liggur m. ö. o. fyrir yfirlýsing um, að þessi efnahagsgrundvöllur hefur þegar brostið, og það verður að skapa annan, áður en næst verður gert út. Nú er ég sjálfur búinn að upplifa það hér í um 20 ár, að við byrjun hverrar vetrarvertíðar standi Alþingi, stundum ráðþrota, stundum með harðvítugum deilum, stundum kannske undir heppilegri og góðri stjórnarforustu, frammi fyrir vandkvæðum sjávarútvegsins og þar með þjóðfélagsins alls, um hvort gert verði út, og eitt af því, sem við deilum venjulega um og deilt hefur verið um allt þetta árabil, það eru ákveðnar tölur í sambandi við þann svokallaða efnahagsgrundvöll, hvaða verðlag beri að reikna, hvaða verðlag sé hægt að reikna. Það er ákaflega hart, að það skuli aldrei hafa getað legið fyrir neinar tölur í þessu efni, sem menn væru sammála um. Það er hart, að í hvert einasta skipti, sem um þessi mál er rætt, skuli einn aðili segja: Það þarf svona mikið, — og annar aðili segja: Það þarf svona mikið, — og að það sé ómögulegt að koma sér niður á og vera sammála um einföldustu tölurnar viðvíkjandi útgerðarkostnaði og öllu mögulegu slíku í þessu sambandi. Og nú vil ég gera tilraun til þess, að þegar næst kemur til átaka í þessum efnum, þá standi menn ekki upp og einn aðili segi: Það er hægt að gera út upp á þetta hér, — og hinn segi: Það er ekki hægt, heldur verður það að vera öðruvísi. — Ég vil gefa hæstv. núv. ríkisstj., ef hún skyldi lafa svo lengi, sem ég tel mjög ólíklegt, tækifæri til þess að leggja þá a. m. k. upp í hendurnar á sínum eftirkomendum nokkurn tölulegan grundvöll í þessum efnum, og af því að ég veit, að hæstv. ríkisstj. mænir til alls, sem kemur frá Ameríku eða þar er gert, sem mikillar fyrirmyndar, þá vil ég minna hana á, að þegar amerískir atvinnurekendur og verkamenn deila, þá er einn hlutur, sem þeir þurfa ekki að rífast um, og það er, hvort það sé gróði eða hve mikill gróði af amerískum atvinnufyrirtækjum. Það liggur skýrt fyrir í skýrslum, opinberum, staðfestum skýrslum yfirvalda. Þess vegna ætti að geta legið fyrir næst, þegar þessi efnahags-

mál og grundvöllur þeirra verður tekinn til umr.: hvað er framleiðslukostnaður á íslenzkum fiski, hvernig er um verðið á olíunni og öðru, sem til sjávarútvegsins þarf að kaupa, hvernig er með sambærilegt t. d. í Noregi, að hve miklu leyti býr íslenzkur sjávarútvegur við öðruvísi aðstæður, að hve miklu leyti eru hlutirnir hér og hvaða hlutir eru það þá, sem eru dýrari, og þess vegna: hvað er það, sem hægt er að breyta? Það er ákaflega harðvítug staðreynd, að íslenzkir sjómenn, sem framleiða tífalt á við norska sjómenn, — ekki vantar afköstin, ekki vantar framleiðslugetuna hjá íslenzkum sjómönnum, — að þeir skuli sem sé fá minna fyrir hvert kg af fiski og það svona miklu, miklu minna en norskir. Og menn þekkja þá ekki íslenzka sjómenn, ef menn halda, að þeir uni við slíkt. Þess vegna vil ég eindregið skora á hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn að samþykkja þessa till., nr. 2 á þskj. 541, um skipun slíkrar n. og gera þar með mögulegt, að það væri búið að rannsaka þetta, áður en til næstu vertíðar kemur.

Mér er ósköp vel kunnugt um þá útreikninga, sem farið hafa fram venjulega í desembermánuði hvers árs, um reikningana, sem hraðfrystihúsin og bátaeigendurnir hafa sent, um nefndirnar, sem ríkisstj. hafa sett til þess að endurskoða þessa reikninga, um deilurnar, sem hafa staðið um, hvað í reikningunum stæði. En finnst mönnum það ekki anzi hart að þurfa að standa í svona reikningsuppköstum ár eftir ár og áratug eftir áratug og geta aldrei komið sér saman um að reyna að skapa þarna þannig grundvöll, að allir væru sammála um: þetta hér eru óhagganlegar tölur. Og svo er bara að rífast um, hvort það eigi að vera svona góð afkoma eða svona léleg eða jafnvel hvort það eigi að vera taprekstur á því.

Þetta eru mínar brtt. Ég vil um leið taka það fram, að ég vil gjarnan gefa hv. þdm. og hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess að athuga þær betur en þeir kannske gera nú við 2. umr. þessa máls, og ég mun þess vegna taka þessar brtt. aftur til 3. umr., þannig að þær komi til atkvæða við 3. umr., svo að það sé hægt fyrir ríkisstj. og hennar stuðningsmenn að hafa milli umr. fulla athugun á því, hvort henni þætti rétt að samþ. þær.

Ég vil svo um leið og að lokum endurtaka þá aðvörun, sem ég setti fram í upphafi míns máls: Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við, þegar hún sér nú, að hennar efnahagsgrundvöllur er að hrynja, að sjá að sér í tíma, að taka tillit til skynsamlegra till. um endurbætur á hennar kerfi og reyna þannig að breyta því smátt og smátt. Verði slíkt ekki gert, þá er greinilegt, að fyrir morknu, fúnu og óréttlátu kerfi liggur ekkert annað en að því sé hrundið og að verkamenn og bændur og útvegsmenn taki höndum saman um að losa Ísland við það verzlunarauðvald, sem á upptökin að því, að farið er út á þá háskabraut, sem nú hefur verið lagt út á í andstöðu við þjóðarhagsmuni Íslands og í andstöðu við svo að segja 99% af þjóðinni. Verzlun Íslands verður að þjóna atvinnulífinu, sjávarútveginum og öðru slíku. Hitt er ekki hægt. Það viðgekkst hér einu sinni á Íslandi, að hagsmunir verzlunarinnar, einokunarverzlunarinnar dönsku, voru látnir sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru og allt atvinnulíf á Íslandi og tilvera Íslendinga var látin þjóna undir það verzlunarauðvald. Þeir tímar eru liðnir, og íslenzk alþýða mun ekki sætta sig við, að þeir tímar komi aftur, jafnvel þótt verzlunarauðvaldið sé meira eða minna íslenzkt og jafnvel þótt það sé að dingla aftan í vestrænum auðhringum.

Ég hef nú gert grein fyrir þessum mínum brtt. og ástæðunum til þess, að ég flyt þær, og mun um leið óska eftir, að atkvgr. um þær verði frestað til 3. umr., svo að ef hæstv. ríkisstjórn og hennar stuðningsmenn vilja einhverjum sönsum taka, þá hafi þeir tækifæri til þess að læra, m. a. af því, hvernig hefur farið fyrir vinum þeirra, Syngman Rhee og Menderez.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram sérstakt nál. um þetta frv. á þskj. 557 og einnig brtt. á þskj. 545.

Þetta stjórnarfrv. er um breyt. á lögunum um efnahagsmál, sem út voru gefin af forsetanum 20. febr. í vetur. Það er sagt í athugasemdum við lagafrv., að það sé flutt til þess að greiða fyrir samningum, greiða fyrir því, að samningar um fiskverð takist milli útvegsmanna og þeirra, sem fiskinn kaupa. Áður var hæstv. ríkisstj. við mörg tækifæri búin að lýsa því yfir, að hún mundi ekki hafa nein afskipti af samningum milli stéttarfélaga né heldur milli framleiðenda og þeirra, sem kaupa af þeim framleiðsluvöru til vinnslu. Þetta er því alveg í ósamræmi við það, sem stjórnin hefur áður sagt um þá hluti.

Efni frv. er það að lækka útflutningsskattinn, sem ákveðinn er í 8. gr. laganna, um helming, úr 5 niður í 2½%. Samkvæmt lagafyrirmælunum átti að verja þessum útflutningsskatti til greiðslu á halla útflutningssjóðs. Það hefur gengið mjög illa að fá upplýsingar um það, hvernig hagur útflutningssjóðs raunverulega væri. Það, sem um það mál hefur komið frá stjórnarvöldunum, hefur verið ákaflega ósamhljóða. Það má segja, að það hafi verið eitt í dag og annað á morgun og ekki unnt að fá um þetta nokkra áreiðanlega vitneskju.

Í athugasemdum, er fylgdu efnahagsmálafrv. í febr. í vetur, sagði ríkisstj., að áætla mætti, að ógreiddar kröfur á útflutningssjóð næmu um 270 millj. kr. Þetta sagði ríkisstj. að væri fyrirhugað að borga þannig að taka til greiðslu á því gengishagnað, sem yrði í sambandi við útflutning á vörum, sem hér voru til í landinu 16. febr. í vetur, og áætlaði stjórnin, að þessi gengishagnaður mundi nema um 150 millj. kr. Afganginn af kröfunum á útflutningssjóð, 120 millj., átti samkvæmt fyrirætlunum ríkisstj. að greiða með þessum útflutningsskatti, og það var talið, að skatturinn mundi nema þessari upphæð, 120 millj. kr., á einu ári. Þegar fjhn. fór að fjalla um þetta frv., sem hér liggur fyrir, óskaði hún eftir því að fá vitneskju um, hvernig hagur útflutningssjóðsins væri.

Gera mátti ráð fyrir því, að það lægi ljósar fyrir nú en fyrir 3 mánuðum. Þá var okkur sagt, að kröfurnar á sjóðinn væru nú áætlaðar 293 millj., þ. e. a. s. skuld hans, í staðinn fyrir 270 millj. í vetur, en okkur var einnig skýrt frá því, að nú mætti gera ráð fyrir, að gengishagnaðurinn af útflutningsvörubirgðunum, sem til voru 16. febr., mundi verða 227.5 millj., en ekki 150 millj., eins og sagt var í vetur. Skakkinn er þarna hvorki meira né minna en 77.5 millj. eða nokkuð yfir 50%, og nú er talið, að dæmið líti þannig út, að til þess að greiða að fullu halla útflutningssjóðs eða kröfurnar á hann, þá muni þurfa miklu minna af útflutningsskattinum eða 54½ millj. minna en áætlað var í vetur.

Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fyrir þingið í vetur frv. sitt um efnahagsmál, sagði hún, að gengisbreyt., sem þar var gerð till. um, þar sem lagt var til, að gengi ísl. kr., miðað við erlendan gjaldeyri, skyldi vera 38 kr. hver bandarískur dollar, væri við það miðuð, „að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bátanna, beri það sama úr býtum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum". Ríkisstj. hélt því þá fram, að útflutningsatvinnuvegunum öllum væri kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið, svo framarlega sem aflabrögðin verði sæmileg. Þetta sagði hæstv. ríkisstj. þá, að ákvörðun hennar um hið nýja gengi væri á þessu byggð. En útgerðarmenn segja, að þessir útreikningar hæstv. ríkisstj. hafi brugðizt. Þeir telja sig ekki bera eins mikið úr býtum og þeir áður gerðu, telja því, að grundvöllurinn, sem þessi skattlagning var byggð á, sé hruninn. Sérstaklega eru það þó þeir útvegsmenn í ýmsum verstöðvum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, sem áður nutu sérbóta á smáfisk og vissar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs, sem nú bera minna úr býtum öðrum fremur en áður var. Þær sérbætur, sem þeir fengu samkvæmt eldri lagafyrirmælum, gerðu það að verkum, að þeir fengu sama verð fyrir afla sinn og greitt var annars staðar og í þeim verstöðvum, þar sem mestur afli berst á land, en nú fá þeir miklu minna og eru þess vegna tiltölulega miklu verr settir en aðrir útgerðarmenn nú eftir gengisbreytinguna heldur en áður var.

Við meðferð þessa frv. í vetur bar ég fram brtt. um það, að heimilt skyldi að greiða þessar sérbætur á smáfisk, tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs, eins og áður hafði verið. Þetta var fellt þá hér í hv. d. En þar sem það nú liggur fyrir, að af útflutningsskattinum þarf ekki að greiða nema rúmlega helming, miðað við það, sem áður var áætlað, til þess að jafna halla útflutningssjóðsins, þá tel ég rétt að gera tilraun til þess að fá setta í lögin heimild til þess að greiða þessar sérstöku verðuppbætur, sem ég áðan nefndi, í líkingu við það, sem áður var. Um þetta hef ég flutt brtt. á þskj. 545, og er það fyrsta till., sem þar er borin fram.

Þá legg ég til, að 31. gr. laganna falli niður. Þessi grein er um breyt. á lögum frá 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og samkvæmt þessari lagagrein frá í vetur hefur verið ákveðin gífurlega mikil hækkun á vöxtum, almennum vöxtum hjá lánastofnunum. Þetta veldur allri framleiðslustarfsemi mjög miklum erfiðleikum og torveldar ákaflega margar nauðsynjaframkvæmdir. Ég tel því mjög þýðingarmikið að fá þessum okurvöxtum aflétt, og sá er tilgangurinn með þessari brtt. minni. — Ég sé, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) flytur einnig till. um þetta efni.

En um leið og þessi grein verður felld niður, þarf að setja inn ákvæði um það, að aftur komi í gildi lög nr. 75 frá 1952, um breyt. á lögunum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og geri ég till. um þetta í 2. brtt. minni, við 2. gr. frv.

Þá legg ég enn fremur til, að 32. gr. l. falli niður. Um það er einnig till. frá hv. 3. þm. Reykv. Skv. heimild, sem veitt var í þeirri lagagrein, hefur ríkisstj. hækkað mjög vexti hjá ýmsum stofnlánasjóðum. Gildir sama um það og hina almennu vexti, að þetta veldur miklum erfiðleikum þeim mönnum, sem fást við atvinnurekstur eða hafa með höndum nauðsynlegar framkvæmdir ýmiss konar. Verði þessi till. samþ. um að fella niður 32. gr. l., leiðir það af sjálfu sér, að aftur komi í gildi þeir vextir, sem giltu 19. febr. í vetur, áður en l. um efnahagsmál voru gefin út. Vextirnir mundu þá færast aftur í það horf, sem þá var.

Enn flyt ég brtt. við 33. gr. l. Í þeirri gr. var ákveðið, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. l. nr. 63 frá 1957, um Landsbanka Íslands, skuli ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða. Þessi ákvæði í 16. gr. landsbankalaganna eru um það, að Seðlabankanum sé heimilt að mæla svo fyrir, að bankar og sparisjóðir skuli geyma nokkuð af innlánsfé sínu á reikningi í Seðlabankanum, og nú hefur verið ákveðið skv. þessari lagagr. að krefjast þess, að sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga skili til Seðlabankans helmingnum af þeirri sparifjáraukningu, sem verða kann hjá þeim. Það hefur rignt yfir Alþ. mótmælum gegn þessu rangláta lagaákvæði víðs vegar að, síðan það kom til umr. að setja þau fyrirmæli í lög, og þessi ákvæði eru þannig, að þau eru óþolandi. Það, sem nú hefði þurft að gera, var einmitt að veita meira fé til héraðanna úti um land, bæði til atvinnurekstrar þar og til nauðsynlegrar uppbyggingar. En hér er farið öfugt að. Þess er krafizt að íbúar héraðanna afhendi nokkuð af sínu sparifé hingað í Seðlabankann í Reykjavík, þótt þeir hafi þess brýna þörf bæði í sambandi við atvinnurekstur og nauðsynlega uppbyggingu heima í héraði.

Ég tel mjög aðkallandi að fá þetta rangláta ákvæði numið úr lögum, svo að komið verði í veg fyrir, að það valdi meira tjóni en þegar er orðið. Með þessu er beinlínis stefnt að því að stofna til flótta úr sveitum og sjávarþorpum víða um land, þar sem nauðsynlegar framkvæmdir og atvinnurekstur á þeim stöðum er

torveldaður svo mjög með þessum fyrirmælum.

En ég tel það ekki nóg að leggja til, að 33. gr. l. falli niður, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerir till. um. Með því að fella gr. niður mundi því aðeins verða afstýrt, að fé væri tekið úr innlánsdeildum kaupfélaganna inn í Seðlabankann. En ég tel nauðsynlegt, að reynt sé að girða fyrir það jafnframt, að fé sparisjóðanna sé tekið með sama hætti. Það tel ég einnig mjög þýðingarmikið. Þess vegna legg ég til í minni brtt., að felld sé burt úr 16. gr. landsbankal. heimild hans til að krefjast þess, að sparisjóðirnir geymi nokkuð af sínu innlánsfé í Seðlabankanum. Með því að samþ. þessa breyt. á gr. væri hægt að bjarga hvoru tveggja, sparisjóðunum og innlánsdeildunum.

Ég geri mér nú satt að segja dálitlar vonir um, að þessi till. mín verði samþ., því að ég sá í Morgunblaðinu í morgun smápistil, sem gæti bent til þess, að hæstv. ríkisstj. væri að breyta um stefnu í þessu. Þar er sagt, að víst sé það rétt, að það sé þjóðhættulegt, að ríkisvaldið hafi fullkomna stjórn yfir öllu peningavaldi. Og þar segir enn fremur, að stofnun nýrra og frjálsra banka sé ekki nema einn liðurinn í stefnu núverandi ríkisstj. að færa fjármagnið og hið peningalega vald í vaxandi mæli frá ríkinu og yfir til borgaranna. Ég tel það gott, ef það er svo, að ríkisstj. vilji nú stíga skref í þá átt að færa fjármagnið og hið peningalega vald frá ríkinu og yfir til borgaranna. En það, sem gert hefur verið viðkomandi sparisjóðunum og innlánsdeilduum, er einmitt það að taka féð af borgurunum og færa það inn í ríkisstofnun.

Till. mín er sú, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég geri till. um á þskj. 545, en áskil mér jafnframt rétt til þess að fylgja öðrum till., er fram kunna að koma, eða flytja á síðara stigi málsins fleiri brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 540 og 541 teknar aftur til 3. umr.

Brtt. 545,1.a felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, BjörgJ, HS, JSk, KGuðj, ÁS.

nei: AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, IngJ, EinS, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

8 þm. (EðS, SB, JPálm, GJóh, GÞG, HV, JR, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 545,1.b–c felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, BjörgJ, HS, JSk, KGuðj, ÁS, SkG.

nei: AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, JPálm, IngJ, EinS, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

7 þm. (EðS, SB, GJóh, GÞG, HV, JR, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 545,1.d felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, JK, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, BjörgJ, HS, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: EI, EmJ, GuðlG, GÍG, JPálm, IngJ, EinS, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, JóhH.

7 þm. (EðS, SB, GJóh, GÞG, HV, JR, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 545,2 felld með 18:13 atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 457, 540, 541, 564).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Framkoma þessa frv. gæti gefið tilefni til þess að rifja upp, hvernig ástatt er nú þegar um efnahagsmálaáætlun ríkisstj. og framkvæmdir. En með því að nokkuð hefur verið rætt um það undanfarið í öðru sambandi og fyrir dyrum standa almennar umr. um þau efni m. a., þá mun ég ekki gera það nú við þessa 3. umr. málsins, enda þótt fullt tilefni væri til þess. Þess í stað mun ég snúa mér beint að því að tala um brtt. á þskj. 564, sem ég ásamt 2 öðrum hv. þm. hef leyft mér að bera fram.

Brtt. er í stuttu máli sagt um að fella útflutningsgjaldið sérstaka á sjávarafurðir alveg niður og að það verði til að hækka verðið á fiski og öðrum sjávarafurðum til framleiðendanna frá því, sem það er nú.

Ég skal færa fyrir þessu rök í örstuttu máli. Þegar efnahagsáætlunin var gefin út sem grg. við efnahagsmálafrv., var sagt berum orðum, að það væri óhætt að leggja á þetta 5% útflutningsgjald til að greiða hallann á útflutningssjóðnum, því að hagur sjávarútvegsins yrði þannig eftir breytinguna, að samt sem áður mundi verða hægt að greiða svo hátt verð fyrir sjávarafurðir íslenzkar, að hagur sjávarútvegsins yrði fullkomlega sambærilegur við það, sem hann var fyrir gengisbreyt. og áður en allar þessar nýju ráðstafanir voru gerðar.

Nú hefur komið í ljós, svo að ekki verður um deilt, að þetta stenzt ekki. Verð það, sem útveginum er ætlað fyrir afurðir, bæði fisk og það sem vitað er um síldarafurðir, er fyrir neðan það, sem það þarf að vera, til þess að útvegurinn búi við sömu kjör og áður. Það er þess vegna ekki hægt að taka þetta útflutningsgjald af sjávarútveginum á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. barði fram í vetur. Áætlanirnar hafa alls ekki staðizt að þessu leyti, og það liggur fyrir, að nú er ætlað að greiða útgerðinni talsvert lægra verð fyrir fiskinn frá s. l. vetrarvertíð en þarf að vera, til þess að hún standi jafnvel að vígi og áður. Hér hefur því allt brugðizt, sem átti að standa og útgerðin treysti á.

Þá liggur það einnig fyrir, að síldarafurðir hafa lækkað ákaflega mikið í verði — bræðslusíldarafurðir á erlendum markaði — og búið er að ákveða verð á bræðslusíld 110 kr., sem er langt neðan við það, sem var í fyrra, og er

fullkomið vandræðamál fyrir útveginn. Í fyrra voru greiddar 120 kr. fyrir málið, og þar að auki voru greidd vátryggingariðgjöld fyrir skipin, sem gengu til síldveiðanna. Þannig er því stórkostleg lækkun á bræðslusíldarafurðum, á sama tíma sem útgerðarkostnaður hefur hækkað óbærilega, eins og kunnugt er.

Mér sýnist ekki koma til nokkurra mála, að það verði innheimt þetta gjald af sjávarútveginum sérstaklega, þegar svo er orðið ástatt sem nú liggur fyrir og allt er hrunið, sem yfirlýsingar voru gefnar um s. l. vetur. Þess vegna legg ég til og félagar mínir, tveir aðrir hv. þm., að þetta útflutningsgjald verði, eins og nú er komið, fellt niður og það notað til þess að þoka í hækkunarátt verðlaginu á sjávarafurðunum, og hrekkur það þó skammt varðandi síldarafurðirnar t. d. til að koma því verði í það horf, sem það þyrfti að vera. Samt sem áður er það þó spor í áttina að hætta við að leggja þessar sérstöku álögur á.

Satt að segja var það alltaf nokkuð einkennileg uppáfinning að ætla sér að leggja sérstakar álögur á sjávarútveginn til að greiða sjálfum sér uppbætur, eins og gert var með þessari till. um 5% sérstakt útflutningsgjald. Þar var gert ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn borgaði sérstaklega þann halla eða þær uppbætur, sem var ekki búið að afla fjár til að greiða. Þetta var alltaf nokkuð einkennileg áætlun. En vegna þess að það var alveg fullyrt, þegar efnahagslöggjöfin var á ferðinni, að allt væri svo ríflega mælt, að þó að þetta væri gert, mundi útvegurinn geta fengið algerlega sambærileg kjör við það, sem áður var, lagði ég ekki til þá, að þetta ákvæði yrði fellt niður úr efnahagsmálafrv. En eins og nú er komið málum, hlýtur það að teljast sanngjarnt að fella þetta niður.

Þá kemur spurningin: Hvernig á þá að fara með hallann á útflutningssjóðnum, ef þetta gjald verður fellt niður? Ég vil benda á í því sambandi, að þegar 5% gjaldið var lögleitt í vetur, sögðu forráðamenn efnahagsmálsins, að hallinn á útflutningssjóðnum væri a. m. k. 120 millj. kr. Nú hefur verið lagt fram í hv. fjhn. þessarar d. skjal, sem sýnir, að þessi halli verður aðeins 65 millj. kr. eða helmingi minni en gert var ráð fyrir í vetur.

Þegar hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því að leggja fyrir þetta frv. um að leggja niður hálft útflutningssjóðsgjaldið, 2½%, þá var því lýst yfir, að stj. sýndist það vera nægilegt að greiða halla útflutningssjóðs á 2 árum. Og vandamálið, sem við er að fást, er þá ekki orðið stærra en það að greiða 65 millj. kr. niður á 2 árum. Býst ég við því, að það hafi þá verið búið að semja við bankana um að greiða þannig fyrir, að það væri mögulegt.

Það er skoðun mín og þeirra, sem flytja þessa till., að það sé fullkomlega óhætt, að ríkissjóður taki að sér að greiða þennan halla á 2 árum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvílíkum óhemju álögum hefur verið mokað á landsmenn undanfarið til ríkissjóðs, þannig að það nemur a. m. k. 450 millj. yfir heilt ár, miðað við mjög lága innflutningsáætlun. Og allar þær áætlanir, sem þessu hafa fylgt, hafa verið miðaðar við svo lágan innflutning, að þó að ríkisstj. tækist að þrengja kosti manna mjög, þá eru ekki líkur til, að henni takist að þrengja kosti manna svo mjög til lengdar, að þær innflutningsáætlanir fái staðizt. Það hlýtur því að flæða mjög fé inn í ríkiskerfið, ef ekki verður allt drepið í enn stórfelldari dróma en nokkurn órar enn fyrir, og er þó ætlunin að þrengja mikið að. Það er því alveg óhætt að gera ráð fyrir því, að þessi halli verði greiddur af ríkinu á tveimur árum af þeim tekjum, sem búið er að afla.

Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á eitt einasta atriði, sem upplýst var mjög rækilega í sambandi við fjárlagameðferðina, og það er, að 4 tekjuliðir á fjárlögunum eru áætlaðir núna um 250 millj. kr. lægri en þeir hefðu orðið, miðað við innflutninginn 1958, fyrir utan aðra liði, sem áætlaðir eru í sömu stefnu. Og eins og ég segi, þó að ætlunin sé að kreppa hér að öllu mjög og búa til kreppu, sem kunnugt er og er margyfirlýst, þá mun það samt vera þannig, að þetta er mjög varlega áætlað og þarna verða fjárráð til þess að greiða þennan halla.

Í samræmi við þetta fluttu framsóknarmenn í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna till. um að ráðstafa um 90 millj. til ýmissa nýtilegra framkvæmda umfram það, sem stjórnarliðið vildi samþykkja. Og það var einmitt byggt á þessari hugsun, að þingið ráðstafaði meira af því fé, sem samþykkt var að innheimta, en gert var með fjárlögunum. Þessar till. voru sem sagt allar felldar, og sýnast allar líkur benda til þess, að það sé óhætt að treysta því, að ríkissjóði verði sízt um megn að sjá um þennan halla á útflutningssjóði á tveimur árum. Og því er óhætt að gera það til stuðnings sjávarútveginum, sem þessi tillaga ráðgerir.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja hér almennar umr. um þetta mál, aðeins segja nokkur orð um brtt., sem er á þskj. 540, en efni hennar er að fella niður úr efnahagsmálalögunum hina ranglátu og illræmdu 23. gr.

Í grg. fyrir efnahagslögunum sögðu sérfræðingar ríkisstj., að áætlað væri, að sem afleiðing af öllum þeim ráðstöfunum, sem til stæði að gera í þessum efnum, ætti vísitalan að hækka um 13 stig, hins vegar ætti kjaraskerðingin ekki að nema nema 3 stigum, vegna þess að með fjölskyldubótum og niðurgreiðslum á kaffi, sykri og slíkum vörum ætti vísitalan að lækka um 10 stig, þannig að eftir stæðu 3 stig, sem yrði hin raunverulega kjaraskerðing, svo að maður haldi sér aðeins við þetta eitt, sem að vísu er engan veginn rétt og er mjög ranglátt, vegna þess að fjölskyldubótanna verða ekki nærri allir aðnjótandi og kjaraskerðingin leggst þess vegna með öllum þunga á marga launþega. Vísitalan er nú talin vera 105 stig, raunverulega er hún 108 stig, en inn í hana

hafa verið tekin 3 stig vegna fjölskyldubótanna og hefur þannig verið lækkuð niður í 105. Þetta var hún talin vera 1. maí, verðlagið 1. maí. Síðan hafa orðið verðhækkanir, sem öllum eru ljósar. Mjólkin hefur hækkað, heita vatnið í Reykjavík hefur hækkað, strætisvagnar hækkað, og aðeins þessar hækkanir munu valda því, að vísitalan mun nú vera komin í um það bil 110 stig, þ. e. a. s. það eru aðeins 3 stig eftir af þeirri hækkun vísitölunnar, sem sérfræðingarnir gerðu ráð fyrir í vetur. Dettur nú nokkrum manni í hug, að þessir útreikningar geti staðizt, að þær verðhækkanir, sem eftir eru að koma fram, séu ekki meiri en það, að nemi 3 stigum í vísitölunni? Náttúrlega dettur engum manni það í hug. Þess vegna er alveg sjáanlegt, að á þessu sviði sem öðrum eru þeir útreikningar og þær sérfræðilegu athuganir, sem áttu að vera grundvöllurinn og undirstöðurnar undir þessum lögum, — það er sýnt, að þær eru rangar og standast ekki. Þess vegna blasir það við núna, að verðhækkanirnar verða meiri en sérfræðingarnir gera ráð fyrir, og þar af leiðandi verður sú kjaraskerðing, sem fólk á að taka á sig, meiri en þeir gerðu ráð fyrir. Ég ætla ekki að fullyrða hér neitt um það, hve mikið vísitalan muni hækka sem bein afleiðing af þessum ráðstöfunum, en mér þætti ekki ólíklegt og tel, að það séu mjög sterkar líkur fyrir því, að hún verði ekki, a. m. k. ekki á haustmánuðum, undir 116—118 stig, en það þýðir á milli 30 og 40 stig í gömlu vísitölunni, og að launþegarnir eigi að þola slíkt bótalaust, það hefði a. m. k. sumum þótt ærið mikið á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þessar verðhækkanir eiga sem sagt að skella yfir, án þess að kaupbreytingar verði. Það dettur náttúrlega engum heilvita manni í hug, að slíkt sé framkvæmanlegt, að kaupbreytingar hljóti ekki að fylgja í kjölfar slíkra verðhækkana, þegar vísitalan er bundin og óheimilt er að greiða kaup samkvæmt verðlagsvísitölu.

Strax í vetur, þegar þessi lög voru í undirbúningi hér á Alþingi, mótmæltu fjölmörg verkalýðsfélög og einnig miðstjórn Alþýðusambandsins þeim ákvæðum laganna að nema úr gildi vísitölu á kaup. Nú um helgina hefur verið hér í Reykjavík á rökstólum ráðstefna fulltrúa frá yfir 100 verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins. Þessi ráðstefna var boðuð til þess að fjalla um kjaramálin, og að sjálfsögðu hefur hún gert það í ljósi þeirra staðreynda, sem nú blasa við öllum, þ. e. a. s. þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. hefur gert. Á þessari ráðstefnu sátu menn af öllu landinu og menn af öllum pólitískum skoðunum, en þrátt fyrir það, þó að svo væri, átti ríkisstj. og stefna hennar ákaflega fáa formælendur á þessari ráðstefnu, og hafi þeir verið þar til staðar og kannske í hjarta sínu verið eitthvað hlynntir því, sem ríkisstj. hefur verið að gera, þá a. m. k. földu þeir það mjög vel. Þessi ráðstefna lét frá sér fara ályktun. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, aðeins að grípa niður á nokkrum stöðum í henni. Í upphafi ályktunarinnar segir svo:

„Frá því að verkalýðsfélögin hækkuðu almennt kauptaxta sína á árinu 1958, hafa kaupgjaldsákvæðin í samningum þeirra tvívegis verið skert með lagaboði og nú síðast með því að afnema með öllu rétt launþega til að fá kauphækkanir eftir vísitölu í vaxandi dýrtíð. Ráðstefnan telur, að með þessum ráðstöfunum hafi samningsbundinn réttur verkalýðsfélaganna verið freklega skertur, og mótmælir því harðlega."

Þetta undirrita menn af öllum flokkum og öllum skoðunum, sem innan verkalýðshreyfingarinnar eru. Það er fordæmd sú leið, sem farin var í vetur með því að afnema vísitöluna. Í ályktuninni segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan álítur, að kjaramálum verkafólks sé nú svo komið, að óhjákvæmilegt sé fyrir verkalýðsfélögin að láta til skarar skríða og hækka kaupgjald og hrinda þannig þeirri kjaraskerðingu, sem orðið hefur."

Og niðurlag ályktunarinnar er þannig:

„Ráðstefnan telur því nauðsynlegt, að hvert verkalýðsfélag hefji nú undirbúning að þeirri baráttu, sem óhjákvæmilega er fram undan, og felur miðstjórn Alþýðusambandsins að samræma kröfur félaganna og baráttu þeirra og hafa um það samráð við verkalýðsfélögin eftir þeim leiðum, sem hún telur heppilegastar".

Þetta var einróma álit þeirrar ráðstefnu verkalýðsfélaganna, sem nú hefur lokið störfum sínum hér í bænum.

Það er ekkert að efast um það, það er alveg sama, hvaða stjórnmálaflokkum menn tilheyra, allir eru sammála um, að það ástand, sem nú hefur skapazt í kjaramálum, getur ekki orðið langvarandi. Það þarf þess vegna ekkert að efast um það, að verkalýðshreyfingin mun ekki þola kjaraskerðinguna. Ég er ekki að segja þetta sem neinar hótanir, þetta eru staðreyndir, og þetta eru viðvaranir. Hæstv. ríkisstj. væri þess vegna nú sæmst að horfast í augu við staðreyndirnar og firra þjóðina þeim vandræðum, sem af stefnu hennar leiðir, og spor í þá átt væri að samþykkja þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 540.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er ekki þörf fyrir mig að halda hér langa ræðu. Ég skýrði nokkuð við 2. umr. þessa máls í gær frá viðhorfi mínu og Alþb., og nú hefur það gerzt síðan, eins og hv. 2. landsk. þm. (EðS) var að skýra frá nú, að það viðhorf, sem við höfum fram að þessu reynt að túlka hér á Alþ. og vara ríkisstj. við að halda áfram á þeirri braut, sem hún hefur verið á, heldur hverfa af henni, — það viðhorf sýnir sig að vera ekki aðeins viðhorf okkar, heldur viðhorf verkalýðsstéttarinnar í heild. Og ég vil aðeins hér lýsa sérstakri ánægju minni yfir þeirri ályktun, sem hv. þm. las nú upp sem einróma ályktun allra fulltrúanna á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands.

Í gær hafði ég tekið til baka bæði þá till.

á þskj. 540, sem hv. 2. þm. landsk. gerði nú grein fyrir og kemur nú til atkvæða, og enn fremur þær brtt., sem ég flyt á þskj. 541. Síðan hefur það gerzt við 2. umr. málsins, að bornar hafa verið upp og felldar brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hljóða að miklu leyti eins, eða tvær þeirra alveg eins og mínar brtt. á þskj. 541, í 1. liðnum, sem sé að 31. og 32. gr. falli burt, þannig að skv. þingsköpum er ekki hægt að bera þær upp. Ég tek þess vegna til baka þessar 3 brtt., sem fólust í 1. liðnum á þskj. 541, þannig að þær koma þá ekki til atkvæða, nema þær verði bornar fram í öðru formi. Hins vegar stendur áfram brtt. mín nr. 2 á þskj. 541, um viðbót við bráðabirgðaákvæði laganna, og nú vil ég enn ítreka, að við þessu sé orðið.

Ég fæ satt að segja ekki skilið blindni þeirrar ríkisstj., sem sansast ekki, hvaða viðvaranir sem hún fær. Landssamband íslenzkra útvegsmanna er búið að lýsa því yfir, að núv. efnahagsgrundvöllur sé ófær. Verkalýðsstéttin í landinu er búin að lýsa því yfir, að hún uni ekki þeim launaskerðingum, sem gerðar hafa verið. Engum mun detta í hug, að sjómennirnir muni una lélegri launakjörum en allir aðrir, enda kom það greinilega fram á þeirri sjómannaráðstefnu, sem haldin var í gær. Þessi brtt. mín, nr. 2 á þskj. 541, fer aðeins fram á, að sett sé nefnd af þinginu til þess að rannsaka það til haustsins, hvernig á því standi, að íslenzkir sjómenn, sem afkasta 10 sinnum meira en norskir sjómenn, skuli fá tvisvar til fimm sinnum minna, eða réttara sagt, að norskir sjómenn skuli fá tvisvar til fimm sinnum meira en þeir. Hvers konar blindni má það vera, ef það er ekki hægt að fá stjórnarmeirihlutann hér á Alþingi til þess að samþ., að þetta skuli rannsakað, þannig að þegar til næstu átaka kæmi, þá hefðu menn þó a. m. k. tölugrundvöll til þess að standa á, hvað þetta snertir.

Ég vil þess vegna eindregið skora á hv. þdm. að samþykkja þessa brtt. mína á þskj. 541, um leið og ég vil taka undir um það og herða á því, sem ég sagði hér í gær, eftir þær viðvaranir og ákvarðanir, sem nú hafa borizt frá ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, að brtt. á þskj. 540, um afnám 23. gr., sé samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 564,1—2 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjörgJ, HS, JSk, KGuðj, SkG, ÞÞ, ÁÞ, JK, EðS, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, GJóh.
nei: GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GuðlG, JPálm, JóhH.
5 þm. (HV, ÁS, BFB, SB, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 540 felld með 20:15 atkv.
— 541,1 tekin aftur.
— 541,2 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HS, JSk, KGuðj, ÞÞ, ÁÞ, JK, EðS, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, GJóh, BjörgJ.
nei: IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GuðlG, JPálm, GÞG, JóhH.
SkG greiddi ekki atkv.
5 þm. (HV, ÁS, BFB, SB, GÍG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel, að það væri heppilegt að fela sérstakri nefnd að gera athuganir viðkomandi fiskverðinu, en það er ýmislegt annað í þessari till., sem ég felli mig ekki við, og greiði þess vegna ekki atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þar sem þegar hefur verið ákveðið að athuga þessi mál til hlítar, tel ég óþarft að fella þessa grein inn í frv. og segi þess vegna nei.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þegar ríkisstj. undirbjó frumvörp sín um efnahagsmál á s. l. hausti eða um áramótin raunar, þótti ekki verða hjá því komizt að leggja skatt á útfluttar afurðir landsmanna til þess með þeim skatti að geriða þær skuldir, sem sýnt var að mundu hvíla á útflutningssjóði, þegar hann hætti starfsemi sinni. Það var í öndverðu nokkur ágreiningur um, hvort hafa skyldi skattinn hærri eða lægri og stæði hann þá að sama skapi skemur eða lengur. Endirinn varð sá, að rétt þótti að hafa þennan toll 5% og skyldi hann þá standa þar til lokið væri greiðslum þeirra skulda, sem hvíldu á útflutningssjóði. En útgerðarmönnum var þegar í stað heitið, að þegar þeim greiðslum væri lokið, yrði skatturinn afnuminn. Nú kom það í ljós, eins og menn vita, áður en útgerðarmenn gengu frá samningum sínum við frystihús og aðra fiskkaupendur, að menn óskuðu eftir því, að þessi skattur yrði lækkaður niður í helming, en látinn standa að sama skapi lengur. Ríkisstj. var ljúft að verða við þeim óskum og hét að bera fram frv. um það á hv. Alþ., og það er það frv., sem hér er til umr. Það hefur verið samþ. í hv. Nd. og ég vænti, að það sæti ekki neinni mótspyrnu hér heldur, þó að ég geri ráð fyrir, að vel megi svo fara, að fram komi einhverjar brtt. við það. Ég hygg, að efni málsins sé öllum svo kunnugt, að ég þurfi ekki að orðlengja um það, og leyfi mér, herra forseti, að mælast til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 457, n. 582, 589).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 589. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 582 ber með sér, hefur afgreiðsla málsins í n. orðið sú, að við þrír, sem að nál. stöndum, mælum með því, að það verði samþ. óbreytt. Minni hl. n., þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e., hafa hins vegar tjáð sig þessu frv. ekki andvíga út af fyrir sig, en hafa óbundnar hendur að öðru leyti með flutning frekari brtt.

Efni frv. er í stuttu máli það, að útflutningsgjald það, sem ákveðið var með l. um efnahagsmál, lækki um helming, eða úr 5% niður í 2½%. Tilgangurinn með því að leggja þennan útflutningsskatt á var sá að afla á þennan hátt fjár til þess að greiða hluta af skuldbindingum útflutningssjóðs frá fyrri árum. Gert er þá ráð fyrir því, að ef þessi lækkun á útflutningsskattinum verði framkvæmd, þá muni útflutningsskatturinn koma til að standa þeim mun lengur, svo að sú regla, sem gert var ráð fyrir í lögunum, að fjár til að greiða umræddar skuldbindingar yrði aflað á þennan hátt, stendur óbreytt. Það mun hafa verið eindregin ósk útvegsmanna, að þessi breyt. yrði á gerð, og hefur hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar talið eðlilegt, að við þeim tilmælum yrði orðið, þar sem það skv. áður sögðu breytir ekki öðru en því, að útflutningsskatturinn lækkar að vísu, en kemur til með að standa þeim mun lengri tíma.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Afstaða mín í fjhn. í þessu máli var sú, sem hv. frsm. meiri hl., form. n., sagði frá hér áðan. Og af því að hún var á þá leið, sá ég ekki ástæðu til að skrifa neitt nál. Ég impraði á því í n., hvort nm. mundu vilja ljá máls á því að styðja brtt. við frv., og var ekki undir það tekið. Og nú hef ég leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 589, sem hér liggja fyrir. Þetta eru sams konar brtt. og fluttar voru af fjhn.-manni Nd., Skúla Guðmundssyni, og þess vegna er líklegt, að nm. fjhn. og einnig aðrir hv. þdm. séu þeim ekki alveg ókunnugir. Með tilliti til þess og einnig með tilliti til þess, að nú er orðinn svo naumur tími til fundarhalda, þar sem þinglok eru ákveðin á föstudag, vil ég hafa mál mitt sem stytzt hér og tel mig geta gert það.

Brtt. eru lagðar fram af mér hér í trausti þess, að hugsazt gæti, þar sem nú er farið að leiðrétta efnahagslöggjöfina með frv. því, sem fyrir liggur, að fleira geti komið til mála að fáanlegt sé að nú verði leiðrétt heldur en áður var. Það hefur komið í ljós, að ýmis ákvæði efnahagsmálafrv. mælast illa fyrir hjá þjóðinni og hafa áhrif, sem geta ekki talizt æskileg fyrir atvinnulíf þjóðarinnar.

1. till. er um það, að eftir 1. gr. frv. komi 4 nýjar greinar, í a-, b-, c- og d-liðum hér á þskj.

Fyrst kæmi 2. gr., sem yrði breyt. á 3. málsgr. 8. gr. laganna, þannig, að við hana bætist nýr liður: „Ríkisstj. getur ákveðið, að útflutningssjóður eða ríkissjóður greiði sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.“ Þetta, sem felst þarna á bak við, er nú nokkuð rætt mál hér á Alþingi í vetur. Þá var að vísu ekki léð máls á því að taka upp breytingar á efnahagslöggjöfinni í þessa átt, en hins vegar minnist ég þess, að um það var talað í hv. fjhn. þessarar d., að ríkisstj. mundi vilja athuga þetta efni, þó að það væri ekki afgreitt í sambandi við efnahagslöggjöfina þá. Nú er hér till. um, að ríkisstj. fái heimild til þess að greiða úr útflutningssjóði eða ríkissjóði, ef hún telur það heppilegra, bætur á þennan fisk, sem veiddur er meðfram ströndinni víðs vegar frá heimahöfnum, og hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir þjóðina, að þau mið, sem hann veiðist á, séu hagnýtt, enda fiskurinn ágæt vara, þó að hann sé nokkuð dýr í vinnslu og vinnslustöðvar telji sig þess vegna ekki geta gefið fyrir hann sama verð og stórþorskinn, sem veiðist meira annars staðar, á sérstökum miðum. Ég vil vænta þess, að þessari till. verði ekki illa tekið, og það því frekar, sem hér í þessari hv. d. eiga sæti menn, margir hverjir, sem eru fulltrúar einmitt fyrir fólkið á ströndinni, sem lifir á því að afla þessa fisks.

Þá er b-liðurinn um það, að niður falli 31. gr. laganna, c-liðurinn um, að 32. gr. laganna falli niður, d-liðurinn um, að 33. gr. laganna breytist. Þessar greinar, sem eru eiginlega IV. kafli efnahagslöggjafarinnar allur, eru sá kafli, sem mikið hefur verið deilt um og er settur inn í þessa löggjöf til breyt. á annarri löggjöf.

Ég vil vænta þess, að síðan þessi ákvæði voru sett, hafi þingmenn orðið þess varir, að þessi lagasetning, sem felst í umræddum kafla, kemur mjög illa við þjóðina, mælist illa fyrir og getur orðið til þess að koma í veg fyrir það, að almenningur í landinu geti risið undir þeim erfiðleikum, sem honum eru skapaðir með slíkri lagasetningu og framkvæmd hennar. Þarna er um að ræða vextina og heimildina til að hækka þá, sem nú hefur verið notuð, og enn fremur er hér um að ræða, að heimild er til þess að breyta lánakjörum að fleira leyti, sem verður til þess að skapa kreppu. Þá eru hér ákvæði um það, að taka megi fé af innlánsdeildum kaupfélaga og binda það, enn fremur af Söfnunarsjóði Íslands. Hér er einnig vísað til ákvæða í lögum frá 1957, sem nú hafa verið tekin til framkvæmda, þ. e. a. s. að því er snertir það að taka hluta af aukningu sparifjár, sem kemur fram í sparisjóðum landsins. 5. gr. er miðuð við það, að fellt sé niður úr lögunum frá 1957 ákvæðið um, að heimilt sé að taka af innlánsfé sparisjóða og flytja það í ríkisbankann.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta hér á þessu stigi núna, vegna þess að málin hafa mikið verið rædd, svo mikið rædd, að það ættu að hafa orðið hughvörf hjá þeim,

sem áður settu þessi ákvæði í efnahagsmálalöggjöfina.

Svo er 2. till. Hún er við 2. gr., sem verður þá 6. gr., þegar búið er að samþykkja hinar till. Við hana bætist: „Um leið koma í gildi lög nr. 75/1952, um breyting á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl." Þegar búið er að fella burt IV. kaflann, sem sprengdi okurlögin, er sjálfsagt, að þau komi aftur í gildi, og við það miðast þessi till.

Ég vona, að hv. þd. fallist á að samþykkja þessar till. og leiðrétta þannig að mjög verulegu leyti efnahagsmálalöggjöfina nýju, sem, eins og ég sagði áðan, er byrjað að leiðrétta með því frv., sem stjórnin sjálf hefur flutt og hér liggur fyrir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Mér hefur ekki enn unnizt tími til að skila nál. mínu um þetta frv., en vildi samt segja um það nokkur orð núna og hef reyndar látið það í ljós við forseta, að ég mundi ekki gera neinar kröfur í sambandi við það, að málinu yrði frestað, þó að stuttur tími hafi verið til þess að skila um það áliti, og ég mun ekki heldur lengja mjög þennan fund nú á síðustu dögum þingsins, þegar ærið er að starfa. En mér finnst samt, að þetta frv. sé þess eðlis, að ekki sé hægt annað en að segja um það nokkur orð, áður en það verður að lögum, sem væntanlega verður innan skamms.

Ég vil þá fyrst minna á það, að eitt meginloforða núv. ríkisstj. við valdatöku hennar var það, að hún ætlaði að koma atvinnuvegunum á það sem hún kallaði „traustan og heilbrigðan grundvöll". Í upphafsorðum áróðursbæklingsins, sem ríkisstj. lét bera inn á hvert heimili í landinu á öndverðu þessu ári, er vikið að því, að höfuðeinkenni allra þeirra ráðstafana, sem gripið hafi verið til árlega að undanförnu, hafi verið það, að þær hafi allar verið til bráðabirgða, og hafi vegna þeirrar óvissu, sem slíkt skapaði, dregið mjög úr afköstum þjóðarbúsins. Nú sé því höfuðatriðið að skapa traustan, varanlegan og heilbrigðan grundvöll undir atvinnuvegina og tryggja þannig bæði atvinnuöryggi og aukna þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjör. Þó að enn sé ekki liðinn nema ársfjórðungur, frá því að hin nýju efnahagslög voru sett, má þó af ýmsu sjá glögg merki um, hvert hald hefur reynzt í þessum fyrirheitum ríkisstjórnarinnar, og varanleik ráðstafananna má m. a. marka af flutningi þessa frv. Ríkisstj. hefur sem sé ekki tekizt að ljúka svo fyrsta þinginu í valdatíð hennar, að ekki yrði óhjákvæmilegt að breyta rekstrargrundvelli sjávarútvegsins þannig, að hann fengi 2.5% verðhækkun á afurðum frá því, sem löggjöfin ákvað. Það skiptir auðvitað engu í því sambandi, þó að þessi hækkun sé fengin með lækkun áður lögbundinna gjalda. En eins og menn minnast sjálfsagt allir enn þá, var gengisfellingin algerlega miðuð við afkomu báts á þorskveiðum, eftir því sem ríkisstj. sagði, og allir útreikningarnir miðaðir við það. En þessi staðreynd, að ríkisstj. telur nauðsynlegt að hækka þannig nú þegar, innan 3 mánaða frá því að löggjöfin var sett, verðið til útvegsins, er enn þá athyglisverðari staðreynd, þar sem kunnugt er, að mjög verulegar verðhækkanir hafa orðið á flestum tegundum útfluttra sjávarafurða frá því, að efnahagslöggjöfin var sett.

Nú er að vísu verið að halda því fram og kom m. a. fram í útvarpsumræðunum í gærkvöld, að ástæðurnar fyrir því, að hið þungbærasta í efnahagsaðgerðunum yrði sennilega að standa enn þá lengri tíma, séu þær, að verðfall hafi orðið, frá því að löggjöfin var sett, og þetta frv. hefur líka verið rökstutt með þeirri fullyrðingu. En það rétta er, að frá því að efnahagslöggjöfin var sett, hafa orðið verðhækkanir á skreið, á saltfiski, á fiskimjöli og ef til vill fleiri tegundum sjávarafurða. Nú er látið í það skína, að við gengisfellinguna hafi ekki verið gert neitt fyrir því, sem síldarmjöl og annað fiskimjöl hefur lækkað í verði frá s. l. ári. En í grg. með efnahagsmálafrv. er það hins vegar mjög greinilega tekið fram, að þegar gengið hafi verið ákveðið, hafi líka verið gert ráð fyrir því verðfalli, sem orðið var á fiskimjöli. En síðan um áramót hefur sem sagt það gerzt, að í þeim sölum, sem síðar hafa orðið á fiskimjöli, hefur verðlagið hækkað.

Ef allt hefði því verið með felldu um hátíðleg loforð til handa útveginum um jafngóðan rekstrargrundvöll og gilti s. l. ár, en það var einnig sagt, að svo ætti að vera, og hæstv. sjútvmrh. lýsti þessu mjög hátíðlega yfir fyrir áramótin, þegar hann mætti á landsfundi útvegsmanna, — ef allt hefði verið með felldu um þetta, þá er alveg víst, að nú væri engin ástæða til þess að ívilna þessari atvinnugrein um 60 millj. kr. á ári, eins og nú er gert með þessu frv.

Varanleik efnahagsaðgerðanna fyrir útveginn má svo enn marka af því, að útvegsmenn hafa þegar lýst því yfir, að þeir muni ekki hefja vertíð að nýju, án þess að haldbetri tryggingar fáist um fiskverð og rekstrargrundvöll yfirleitt heldur en loforð sjútvmrh. og ríkisstj. reyndust um s. l. áramót. Og enn hygg ég, að megi kenna varanleikinn í því, að aðgerðir ríkisstj. hafa leitt til þess, að allir samningar, bæði sjómanna og verkafólks, sem við útveginn vinnur, um kaup og kjör eru nú opnir í flestum greinum og raunverulega engir samningar til í landinu. sem ákveða útveginum útgjöld í því sambandi, og enn þá algerlega ófyrirséð, hve miklu þær hækkanir kunna að nema, sem sjómenn og annað verkafólk telur sér nauðsynlegt að knýja fram til mótvægis þeirri miklu kjaraskerðingu, sem það hefur orðið fyrir.

Með efnahagslöggjöfinni var það grundvallarverð, sem útflutningnum var skapað í heild, afhent útflutningshringunum, sem síðan, ásamt stærstu fiskvinnslustöðvunum, sitja yfir hlut útvegsmanna og yfir hlut sjómanna og verkafólks, eins og glöggt má sjá af hinum athyglisverða samanburði á fiskverði til sjómanna og útvegsmanna hér og aftur í Noregi,

þar sem það kemur í ljós, að norskir sjómenn og útvegsmenn fá allt að því fimm sinnum hærra verð fyrir fiskinn en íslenzku fiskimennirnir. En gjaldeyrisandvirðið er síðan afhent verzlunarvaldinu, með ótakmörkuðu umboði til ráðstöfunar og væntanlega gróða.

Traustleika og heilbrigði hins nýja atvinnugrundvallar má svo marka af vaxandi og hættulegum markaðserfiðleikum, sem blasa við, ef áfram verður fylgt þeirri stefnu, jafnvel stundinni lengur, í verzlunarmálum, sem er ein helzta undirstaðan í efnahagsaðgerðunum og þeim almenna samdrætti, sem nú þegar er orðinn áberandi í atvinnuuppbyggingunni og í ýmsum atvinnugreinum, en á þó áreiðanlega eftir að koma miklu skýrar fram, eftir því sem tímar líða, ef ekki verður spyrnt við fótum í tíma.

Í þessu sambandi er það t. d. kunnugt þeim, sem fást við bæði innflutning og við markaðsleit, að það væri unnt fyrir okkur t. d. að selja ýmsar sjávarafurðir í miklu ríkari mæli en áður til Tékkóslóvakíu, en þar hafa nú að undanförnu hlaðizt upp innstæður vegna þess, hvað verzlunarinnflutningur þaðan hefur dregizt saman, og þeir eru ekki til viðtals við okkur um nein frekari viðskipti. En á sama tíma eru Tékkar nú í fyrsta skipti að gera verzlunarsamninga við Noreg og kaupa nú af þeim verulegt magn af fiskflökum. Þetta er bara eitt dæmi um það, hvernig markaðsmálum okkar er stefnt í voða með hinu svokallaða verzlunarfrelsi.

Þetta frv. er auðvitað ekki nein lausn á þeim vanda sjávarútvegsins, sem efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa sett hann í. Það þarf vissulega og áreiðanlega öðrum og meiri aðgerðum að beita og þó fyrst og fremst þeim að tryggja útveginum markaði með gerbreyttri stefnu í verzlunarmálum og með því að létta á honum þeim okurvöxtum og lánahömlum, sem á honum hvíla.

En ríkisstj. hefur sannað með afstöðu sinni til þeirra brtt., sem þm. Alþb. í hv. Nd. fluttu við þetta frv., að hún er enn ákveðin í því að halda fast við öll heimskulegustu og hættulegustu ákvæði efnahagslöggjafar sinnar, enda þótt reynslan hafi þegar sannað, að kerfi hennar fær ekki staðizt í reynd, eins og m. a. má marka af þessu frv. og einnig af því undanhaldi, sem hún hefur verið á varðandi lánamálin. Það er t. d. kunnugt, að í sambandi við uppgjör bátaflotans fyrir síðustu vertíð í Vestmannaeyjum varð það hlutskipti núv. efnahagsmálaráðunautar ríkisstj., Jónasar Haralz, í bankaráði Útvegsbankans að þverbrjóta þær lánareglur, sem ákveðnar höfðu verið, en meginástæðan til þess var sú, að nokkrir og kannske aðallega einn af sérstökum gæðingum ríkisstj. átti þar sérstakra hagsmuna að gæta.

Vegna afstöðu stjórnarflokkanna til brtt. þm. Alþb. í Nd. við þetta frv. tel ég sýnt, að frekari tilraunir en þegar hafa verið gerðar til þess að leiðrétta verstu ákvæði efnahagslöggjafarinnar verður að telja vonlausar nú. Á hinn bóginn má það teljast athyglisvert tímanna tákn, að það skuli verða eitt af síðustu verkum stjórnarflokkanna á þessu þingi að samþykkja þetta frv. og viðurkenna þar með falska undirstöðuútreikninga aðgerða sinna, taka upp útflutningsbætur eða jafngildi þeirra og hefja bein afskipti ríkisvaldsins af kjarasamningum útvegsmanna við fiskvinnslustöðvarnar. En það er kunnara en frá þurfi að greina, að ástæðan til þessa frv. var sú ein, að samningar gátu ekki gengið saman milli útvegsmanna og vinnslustöðvanna, nema þessi breyting, sem hér er fyrirhuguð, yrði gerð.

ATKVGR.
Brtt. 589,1.a felld með 10:7 atkv.
— 589,1.b felld með 10:7 atkv.
— 589,1.c felld með 10:7 atkv.
— 589,1.d felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, SÓÓ.
HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BjörnJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (EggÞ, FRV, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 589,2 felld með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 457, n. 595).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, GTh, JÁ, SÓÓ.
KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, HermJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (BjörnJ, EggÞ, FRV, US) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 624).

---

33. Útsvör (stjfrv. um útsvarsstiga).

Á 33. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör [112. mál] (stjfrv., A. 273).

Á 60. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í samningi þeim, sem gerður var, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var ákveðið, að efnt yrði til endurskoðunar skattamála, og var

það atriði í beinu framhaldi af og samræmi við þær kosningastefnuskrár, sem báðir stjórnarflokkarnir höfðu lagt fram fyrir síðustu alþingiskosningar í októbermánuði. Í þeim báðum var gert ráð fyrir því að endurskoða skattalöggjöfina með það fyrir augum fyrst og fremst að létta beina skatta, en afla hinu opinbera í þess stað tekna með sköttum á eyðslu og neyzlu, eftir því sem við yrði komið. Í framhaldi af þessu var svo efnt til gagngerðrar endurskoðunar á öllu skatta- og tollakerfi landsins.

Í fyrsta lagi voru menn í það settir að endurskoða tollskrána og löggjöfina um aðflutningsgjöld. Sú endurskoðun tekur vafalaust langan tíma, og má reikna með því, að hún taki 1—2 ár.

Í annan stað var hafin endurskoðun á gildandi ákvæðum um söluskatt og undirbúin ný löggjöf um hann. Slík löggjöf hefur nýlega verið afgr. frá Alþ. Felur það í sér, að lagður var á 3% söluskattur á smásölu og þjónustu og enn fremur til bráðabirgða 8% innflutningssöluskattur, en hins vegar felldur niður sá 9% söluskattur, sem verið hefur í gildi á iðnaði og þjónustu. Athugun á söluskattsmálunum í heild heldur áfram og má gera ráð fyrir, að nýjar till. eða endurskoðun á þeim málum liggi fyrir í haust.

Í þriðja lagi var svo hafin endurskoðun á löggjöfinni um tekju- og eignarskatt, og geta heildartill. um það mál ekki legið fyrir fyrr en í haust, en nú hefur verið lagt fram frv. um einn þátt þeirra mála, þ. e. a. s. að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum, og atriði, sem standa í nánu sambandi við það.

Í fjórða lagi var svo endurskoðunin á tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga, og var hún falin sérstakri n. manna, eins og segir í grg. þessa frv. Hefur hún þegar skilað tveimur frv., frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, sem ég mælti fyrir hér áðan, og því frv. um bráðabirgðabreyt. á lögum um útsvör, sem hér liggur fyrir.

Þetta frv. er bráðabirgðabreyt., eins og segir í fyrirsögninni, og í rauninni er aðeins ætlazt til þess, að þessi breyt. gildi á árinu 1960, þ. e. a. s. við útsvarsálagningu á þessu ári á tekjur, eignir og veltu ársins 1959. Hins vegar er frv. að gildistíma ekki rígskorðað við árið 1960, og er það vegna þess, að ef svo kynni að fara, að Alþ. afgreiddi ekki heildarlöggjöf um útsvör og tekjustofna sveitarfélaganna fyrir lok þessa árs, verður að hafa það sem varasjóð, að þetta frv. geti þá gilt lengur en til áramóta, en að því er stefnt, að heildarlöggjöfin geti orðið lögð fyrir haustþingið og afgr. fyrir áramót.

Aðalbreytingarnar í þessu frv. frá gildandi lögum eru þær, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi er þess að geta, að í stað þess að svo að segja eini tekjustofn sveitarfélaganna, sem nokkru máli skiptir, hefur verið útsvörin, er nú gert ráð fyrir, að þau fái annan til viðbótar, sem er hluti af söluskatti og gengur um jöfnunarsjóð til sveitarfélaganna og ég hef gert grein fyrir áður.

Í öðru lagi er svo með þessu frv. gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu á útsvörunum, að í stað þess, að þeim hefur verið jafnað niður eftir efnum og ástæðum, eins og segir í gildandi lögum, þá er nú afnumið það ákvæði og lögfestir ákveðnir útsvarsstigar. Ég ætla, að það sé bæði í þágu gjaldendanna og sveitarfélaganna sjálfra, að útsvarsstigarnir séu þannig fastákveðnir og lögbundnir eins og hér er gert ráð fyrir.

Við athugun og undirbúning þessa útsvarsstiga kom það skjótlega í ljós, að tvo stiga hið fæsta þyrfti að hafa: annan fyrir kaupstaði og hinn fyrir sveitahreppa. Var þá rætt um það í upphafi að leggja þann útsvarsstiga, sem notaður hefur verið í Reykjavík undanfarin ár, til grundvallar fyrir kaupstaðina alla. Athugun leiddi í ljós, að það gat ekki staðizt, því að sumir kaupstaðir mundu ekki ná þeim tekjum, sem þeim væri óhjákvæmilegt að afla sér með útsvörum, með því að nota þann útsvarsstiga. Niðurstaðan varð því sú, sem greinir í þessu frv., að útsvarsstigarnir eru 3, einn fyrir Reykjavík, annar fyrir aðra kaupstaði og hinn þriðji fyrir önnur sveitarfélög.

Við athugun þessara mála kemur það nefnilega í ljós, eins og ég gat um áður í sambandi við jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, að fjárþarfir sveitarfélaganna eru ákaflega ólíkar, og þetta er ekki aðeins hér hjá okkur, heldur er það víðast hvar annars staðar einnig, þar sem við höfum einhver kynni af sveitarstjórnarmálefnum, að þar hefur ekki tekizt að lögfesta sama útsvarsstiga fyrir alla, heldur verður að vera meira og minna svigrúm fyrir sveitarfélögin vegna þess, hvað framkvæmdir þeirra og starfsemi og fjárþörf er mismunandi.

Það er einnig ljóst, að við útsvarsálagningu og niðurjöfnun getur komið í ljós, að þessir stigar gefi sveitarfélaginu ekki þá upphæð, sem nauðsynleg er og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Þess vegna hefur verið talin nauðsyn að hafa það ákvæði, sem er í 10. gr. þessa frv.: „Nú kemur í ljós, að útsvör skv. 5.—9. gr. þessara laga reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um, og skal þá niðurjöfnunarnefnd lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð að viðbættum 5—10% fyrir vanhöldum við innheimtu er náð, en hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30%.“ M. ö. o.: gangur þessara mála er að sjálfsögðu þessi: Sveitarfélagið gerir sína fjárhagsáætlun, og í henni er tiltekin upphæð útsvara, heildarupphæð útsvara, sem talið er að þurfi að ná inn. Þegar svo niðurjöfnun fer fram, getur verið, að hinn lögboðni útsvarsstigi gefi annaðhvort hærri upphæð útsvara eða lægri upphæð en fjárhagsáætlunin reiknar með. Ef út kemur við niðurjöfnun hærri upphæð en í fjárhagsáætlun greinir, þá á að slá af vissri hundraðstölu og þeirri sömu af öllum útsvörum. Ef hins vegar út kemur lægri upphæð en fjárhagsáætlunin gerir ráð

fyrir, þá á að hækka útsvörin einnig öll að réttri tiltölu, en er þó ekki heimilt að hækka þau meira en 30%. Ef sveitarfélagið þarf að fá meiri hækkun til að ná nauðsynlegum tekjum, verður það annaðhvort að reyna að skera niður útgjöld sín eða leita aukaframlags úr jöfnunarsjóði, eins og ég gerði grein fyrir áðan.

Í sambandi við útsvarsstigana skal ég benda á það, að útsvarsstiginn í Reykjavík, sem greinir í 5. gr., er sá sami sem lagður hefur verið til grundvallar undanfarin 2 ár hér í Reykjavík, og eru þær reglur og sá stigi prentað sem fylgiskjal með þessu frv. á bls. 9 og 10 í grg., en útsvarsfrjálsar tekjur eru undir 25 þús. í Reykjavík. Það er fyrst við 25 þús. kr. tekjur byrjað að leggja á útsvar hér, í öðrum kaupstöðum, skv. 6. gr., er markið 15 þús., en skv. 7. gr. hefst hins vegar útsvarsálagningin hjá öðrum sveitarfélögum við 3 þús. kr. tekjur.

Sem sagt, ein meginbreytingin með þessu frv. er þessi lögfesting útsvarsstiganna og að horfið er frá hinni gömlu reglu um að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Ég ætla, eins og ég tók fram, að þetta skapi meira öryggi, meiri festu í framkvæmd málanna og sé því til mikils gagns fyrir gjaldendur. En einnig ætla ég, að þetta sé til mikils gagns fyrir sveitarfélögin, skapi meiri festu, og um leið ætti það að draga úr tortryggni, sem oft verður vart í garð hreppsnefnda og niðurjöfnunarnefnda, sem annast niðurjöfnun útsvaranna, þegar stigarnir hafa þannig verið lögfestir, í staðinn fyrir að þessir aðilar hafa samkvæmt lögum haft frjálsar hendur samkvæmt efnum og ástæðum, þó að því sé hins vegar ekki að neita, að í flestum sveitarfélögum hefur nú undanfarin ár verið farið í meginatriðum eftir föstum reglum við niðurjöfnun útsvara.

Þá vil ég nefna í þriðja lagi, að veltuútsvör, sem notuð hafa verið hér og m. a. nýgenginn hæstaréttardómur liggur fyrir um að sveitarfélögin hafi heimild til að leggja á, — að veltuútsvör eru nú lögbundin þannig, að þar er sett algert hámark fyrir þeim. Það er í 5. gr. frv. varðandi Reykjavík, í niðurlagi hennar, þar segir um útsvar á veltu, að „upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%". Þetta hefur verið mismunandi eða frá ½% og upp í 3% að undanförnu, og er sá stigi veltuútsvarsins, sem notaður hefur verið hér í Reykjavík, prentaður á bls. 10. Það þótti hins vegar ekki ástæða til að taka slíka sundurliðun nákvæmlega upp í lögin. En hins vegar er það ákvæði í niðurlagi 5. gr., að veltuútsvar má þó aldrei nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund verzlunar eða þjónustu, en var árið 1959. Það þýðir, að þó að þarna sé ákveðið aðeins eitt hámark, 3%, í lögunum, þá má t. d. ekki fara með veltuútsvar á nýlenduvöruverzlun hærra en ½%, eins og það var á s. l. ári.

Varðandi kaupstaðina er í 6. gr. ákvæði um útsvör af veltu, og er þar starfsemi flokkuð í tvo flokka, sem heimilt er að leggja á allt að 2% og suma allt að 3%. Og í niðurlagi 7. gr. segir einnig varðandi önnur sveitarfélög, að þau hafi heimild til þess að leggja útsvar á veltu.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að í stað þess að útsvarsstigarnir á tekjur og eignir eru lögboðnir, þá er aðeins um heimild að ræða fyrir sveitarfélögin til að leggja á veltuútsvar. Samkvæmt þessu frv. er engu sveitarfélagi skylt að leggja á veltuútsvar, heldur hefur það sveitarfélag eða sá aðili, sem þar fer með niðurjöfnun, niðurjöfnunarnefnd eða hreppsnefnd, um það sjálfdæmi.

Í sambandi við veltuútsvörin er svo rétt að benda á ákvæði 12. gr. frv. um útsvör af samvinnufélögum. Nú eru sérákvæði í samvinnulögunum um útsvarsálagningu á samvinnufélög, og þetta frv. hefur í sér fólgnar tvær breytingar frá gildandi lögum. Önnur breytingin er sú, að svo segir í samvinnulögunum, að þau greiði því aðeins útsvör af viðskiptum sínum, að þau viðskipti hafi borið arð á síðasta útsvarsári, og megi útsvarið ekki nema hærri fjárhæð en arðinum, og um þetta liggur fyrir hæstaréttardómur frá 1955, um skilning á þessu ákvæði. Nú er það þannig, að þar sem veltuútsvör hafa verið notuð, hefur það iðulega komið fyrir, að á fyrirtæki, sem hefur ekki talið sér neinn hagnað eða arð af rekstri sínum, hefur samt sem áður verið lagt veltuútsvar, og í öðrum tilfellum, þar sem um lítinn arð eða hagnað hefur verið að ræða, þá hefur útsvarið í heild, þ. e. a. s. tekjuútsvar, eignarútsvar og veltuútsvar, numið hærri og jafnvel töluvert hærri upphæð en arðinum nemur. Slík útsvarsálagning hefur ekki verið heimil á samvinnufélögin, en sú takmörkun, sem hefur þannig gert mun á samvinnufélögum og öðrum atvinnurekstri, er með þessu frv. úr gildi numin. Það þykir ekki eðlilegt og ekki sanngjarnt, að ein tegund atvinnurekstrar njóti að þessu leyti annars og meiri réttar en atvinnureksturinn almennt.

Hin breytingin, sem gerð er varðandi veltuútsvör á samvinnufélögin, er sú, að hingað til hefur aðeins verið heimilt að leggja útsvör á viðskipti samvinnufélags við utanfélagsmenn, en eftir þessu frv. er heimilt að leggja á öll viðskipti, alla veltu samvinnufélaganna, hvort sem er við innanfélagsmenn eða utanfélags. Nú hefur þetta verið framkvæmt með ýmsum hætti á undanförnum árum. Víðast hvar hafa veltuútsvör verið aðeins lögð á utanfélagsveltuna, en í nokkrum sveitarfélögum hefur verið lagt á heildarveltuna, og stafar það sumpart af því, að sum samvinnufélög hafa ekki í sínu framtali greint á milli viðskipta við innanfélags- og utanfélagsmenn, og hafa þá niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir í slíkum tilfellum lagt á heildarveltuna. Til eru líka þau sveitarfélög, sem engar fastar reglur hafa um þetta haft, heldur jafnað niður einhverri upphæð á samvinnufélögin, án þess að það hafi farið eftir föstum reglum.

Þá er enn sú breyting gerð með þessu frv. frá gildandi lögum, að greidd útsvör skuli verða frádráttarhæf. Um það segir í 3. gr., c-lið:

„Útsvör s. l. árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu samkvæmt b-lið 28. gr. útsvarslaganna.“ — Þar er átt við útsvarsgreiðslur fastra starfsmanna, sem eiga að ljúka tveim hlutum útsvarsgreiðslunnar eftir áramót. Þetta ákvæði þýðir það, að nú er tekin aftur upp sú regla varðandi útsvarsálagningu, sem gilti fram til ársins 1942, bæði varðandi tekjuskatt og útsvör, að greiddir skattar og útsvör skyldu dregin frá hreinum tekjum, áður en skattar væru á lagðir. Með því frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. um breyt. á tekjuskattslögunum, er ekki gert ráð fyrir breytingum nú að þessu leyti varðandi tekjuskattinn, en hins vegar með þessu frv. gert ráð fyrir, að greidd útsvör skuli dragast frá hreinum tekjum við útsvarsálagningu, og þegar rætt er um, að útsvör eigi að dragast frá, þá er auðvitað átt bæði við tekjuútsvar, eignarútsvar og veltuútsvar sem frádráttarhæft.

Þessi frádráttarheimild hefur af mörgum verið álitin viss vörn gegn skatta- og útsvarsálögum. Að vísu má segja, að það, hvort skattar og útsvör eigi að vera frádráttarhæfir, er nokkuð umdeilt meðal ýmissa lærðra manna í þessari grein. En enginn vafi er á því, að margir telja þetta nokkra vörn, en auk þess telja sveitarfélögin, eins og kemur fram í grg., að þetta ákvæði hafi veruleg áhrif varðandi innheimtu útsvara.

Vegna þess að þetta ákvæði á að koma til framkvæmda nú strax á þessu ári, hefur ekki þótt sanngjarnt að gera eingöngu frádráttarhæf þau útsvör, sem greidd höfðu verið að fullu fyrir síðustu áramót, og er því sett bráðabirgðaákvæði í lögin, það er b-liður ákvæða til bráðabirgða, að við álagningu útsvara 1960 skuli leyfa til frádráttar tekjum útsvör, sem voru á lögð 1959 og greidd sveitarsjóði að fullu fyrir 1. maí 1960. Ef hins vegar þessi lög gilda áfram fram yfir lok þessa árs, mundi koma til framkvæmda það ákvæði að miða við áramót.

Þá er í 3. gr. þessa frv. svo ákveðið í b-lið, að víkja megi frá ákvæðum skattalaga um vissa hluti. Þar er m. a. vitnað í lög frá 1958, sem fjalla um skattfrádrátt sjómanna, enn fremur um tapsfrádrátt á milli ára og um fyrningarfrádrátt og afskrift eigna. Svo er nefnilega mál með vexti, að við útsvarsálagningu hafa sveitarfélögin ekki talið sig og eru auðvitað tvímælalaust ekki bundin við ákvæði tekjuskattslaganna um þessar frádráttarheimildir. Varðandi sjómannafrádráttinn t. d., þann sem ákveðinn er í tekjuskattslögum, þá hefur við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík og víðar verið veittur varðandi þau nákvæmlega sami frádráttur og um tekjuskatt, en í sumum sveitarfélögum hefur þessi frádráttur ekki verið leyfður a. m. k. að fullu. Eins er það t. d. um fyrningarafskriftir, að í sumum sveitarfélögum hafa ekki verið heimilaðar jafnháar fyrningarafskriftir og leyfðar eru í skattalögum. Nú er gert ráð fyrir með þessu ákvæði annars vegar að svipta ekki sveitarfélögin heimild til þess að víkja þannig frá ákvæðum skattalaga um þessa frádrætti, ef þau telja sér það nauðsyn, en þó í niðurlagi þessa liðar ákveðið, að frávik frá þessu gjaldanda í óhag megi þó aldrei meira vera en það var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959, þannig að að því leyti sem einstök sveitarfélög hafa veitt þessi fríðindi á s. l. ári, þá megi þau ekki kippa að sér hendinni nú varðandi þau.

Í 9. gr. er svo lögákveðið, að lækka skuli útsvar gjaldenda frá því, sem segir í útsvarsstiganum, þegar tilteknar ástæður eru fyrir hendi, svo sem sjúkrakostnaður, slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega, og uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á, en persónufrádráttur fyrir börn, bæði varðandi útsvör og tekjuskatt, er miðaður við 16 ára aldur, þ. e. a. s. framfærslualduriinn. Hins vegar er það vitað, að foreldrar hafa að sjálfsögðu oft ekki minni kostnað af börnum, sem eru komin yfir 16 ára aldur, en eru við nám, og er því hér ekki aðeins heimilað, heldur lögákveðið, að slíkur uppeldis- og menningarkostnaður barna, sem eru eldri en 16 ára, skuli dreginn frá við útsvarsálagningu eða að útsvör skuli lækka vegna hans.

Varðandi samningu þeirra þriggja útsvarsstiga, sem greinir í frv., vil ég taka það fram, að útsvarsstiginn varðandi Reykjavík er saminn í samráði við fulltrúa frá bæjarstjórn Reykjavíkur, að útsvarsstiginn fyrir aðra kaupstaði var saminn í samráði við stjórn kaupstaðasambandsins á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi, og stjórn þess sambands leggur til, að reglurnar verði lögfestar eins og hér greinir. Varðandi önnur sveitarfélög var þess óskað, að stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga gerði um það tillögur og kveddi sér til aðstoðar oddvita úr sveitahreppum, og eru þessar till. samdar að tilhlutun stjórnar sambandsins með aðstoð fimm starfandi hreppsnefndaroddvita, sem voru þeir Ágúst Þorvaldsson, oddviti Hraungerðishrepps, Bjartmar Guðmundsson, oddviti Aðaldælahrepps, Garðar Halldórsson, oddviti Öngulsstaðahrepps, Páll Björgvinsson, oddviti Hvolhrepps, og Snæbjörn Thoroddsen, oddviti Rauðasandshrepps.

Um áhrif þessa frv. á útsvör í hverju einstöku sveitarfélagi og á útsvör hvers einstaks gjaldanda er auðvitað erfitt að fullyrða, m. a. vegna ákvæðisins í 10. gr. um, að heimild sé til hækkunar og lækkunar frá útsvarsstiganum eftir því, hvernig heildarupphæðin kemur heim við fjárhagsáætlun, og vissulega má segja, að á þessu ári mun við niðurjöfnun útsvara í sveitarfélögunum fást mjög dýrmæt reynsla af þessum ákvæðum, sem verður þá til hliðsjónar höfð við setningu heildarlöggjafar um þessi efni. Hins vegar má gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig útkoman verður hér í Reykjavík eða líkur eru til, að hún verði. Nú er það svo, að þessi útsvarsstigi,

sem greinir í 5. gr. og á að gilda fyrir Reykjavík, er sá sami og notaður var árið 1958 og 1959 hér í Reykjavík. Árið 1958 nægði hann ekki, og þurfti að bæta ofan á útsvörin á eftir 3.8%. Á s. l. ári gaf útsvarsstiginn hins vegar meira en heildarupphæð útsvara samkvæmt fjárhagsáætlun var, og var því lækkaður eða slegið af honum um 6.3%. Nú er það svo, að frádráttarheimildin, sem ég gat um áðan, að greidd útsvör dragast frá hreinum tekjum við útsvarsálagningu, mun svara til þess, að útsvörin almennt lækki um 19—20%. Ef við berum þetta saman við útsvörin í Reykjavík í fyrra, m. ö. o. að útsvörin almennt lækki hjá hverjum gjaldanda í kringum 19—20% frá stiganum nú, en lækkuðu um 6.3% frá stiganum í fyrra, þá má gera ráð fyrir, að útsvörin verði 10—15% lægri í Reykjavík nú á þessu ári en á s. l. ári. Nánar er að sjálfsögðu ekki hægt neitt um það að segja, fyrr en niðurjöfnunarnefnd hefur kannað framtöl og reiknað út útsvörin, en líkur verða að teljast til þess, að um 10—15% lækkun verði að ræða frá útsvarsstiganum, eins og hann er í frv.

Ég vænti þess, að ég hafi með þessum orðum skýrt meginákvæði þessa frv., og læt hér því staðar numið, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir núna, er æðistórt í vöfum og hefur þannig verið á því haldið, að þess hefur enginn kostur gefizt að átta sig á því til nokkurrar hlítar, hvað í þessu frv. raunverulega felst. Því var útbýtt hér á sérstökum fundi í gærkvöld og er tekið fyrir nú, og sá tími, sem liðið hefur síðan í gærkvöld, hefur á engan hátt nægt til þess að átta sig á þessu til fullnustu.

Ég mun þó láta falla nokkrar almennar aths. um ýmislegt, sem strax liggur í augum uppi við fyrstu athugun á frv., og spyrjast fyrir um nokkur þýðingarmikil atriði, ef það gæti orðið ljósara við svör frá hæstv. ráðh., hvað fyrir vakir með þessari nýju löggjöf.

Það hefur lengi verið skoðun margra, að það væri nauðsynlegt að endurskoða núgildandi útsvarslöggjöf, enda er hún að meginstofni orðin nokkuð gömul, enda þótt hún hafi verið endurbætt ekki alls fyrir löngu með nokkrum ákvæðum, og ýmis atvik hafa gerzt, sem hafa skýrt fyrir mönnum nauðsyn á þessu, m. a. hið fræga útsvarshneyksli í Reykjavík, sem upp komst á síðasta ári, þegar það kom í ljós, að ýmsum mönnum hafði verið stórkostlega ívilnað í útsvörum af hendi niðurjöfnunarnefndar í höfuðborginni þvert ofan í reglur og gildandi lög. Og þetta varð þannig, að niðurjöfnunarnefndinni tókst alls ekki að skýra fyrir mönnum, hvernig á þessum ósköpum stóð. Allt það mál varð vitanlega til þess að gera það augljósara en áður, að nauðsynlegt væri að setja nýja löggjöf um útsvarsmálin og reyna að fella þau í fastari skorður en enn þá hefur verið gert.

Annað mál er svo hitt, hvort frv., sem rubbað er upp á fáum vikum, án þess að fram fari nokkur viðhlítandi skoðun á þessum málum, nær að bæta nokkuð úr. Það er annað mál, og ég vil strax láta í ljós óánægju mína með það, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa þann hátt á að láta taka þessi mál, jafnviðtæk og þýðingarmikil og þau eru og vandasöm, slíkum tökum í skyndingi og fleygja síðan fram lítt eða ekki undirbúnu frv. um málið, eins og þetta frv. óneitanlega er og ég mun sýna fram á að nokkru í þeim fáu orðum, sem ég segi hér um málið.

Það, sem hefði átt að gera, var að efna til vandaðrar endurskoðunar á útsvarslöggjöfinni og kveðja þar til þá, sem þar máttu gerst til þekkja, og miklu víðtækara en hæstv. ríkisstj. hefur gert, og þá að sjálfsögðu gefa þann tíma, sem þurfti til þess, að hægt væri að komast að niðurstöðu.

Það má segja kannske, að það séu tvö höfuðatriði í þessu máli. Annað atriðið er að lögfesta útsvarsstiga, að vísu með margs konar fyrirvörum og raunar marga stiga, sem hægt er að nota eftir vali. Það er þó skref í þá átt að lögfesta útsvarsstiga. Það hefur í raun og veru áður verið stigið spor í þessa átt, og ég tel fyrir mitt leyti, að það eigi að stefna að því að lögfesta sem mest um þessi mál, að mögulegt er, og setja um þetta sem nánastar reglur í lögum, og það var stigið spor í þá átt 1954, því að þá var sett í lög svo hljóðandi lagagrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er niðurjöfnunarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.“

Þetta var spor í þá átt að koma meiri festu í þessi mál. En þessa lagagrein hafa sumar niðurjöfnunarnefndir brotið, m. a. niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur með framkomu sinni á s. l. ári, því að hún hagaði þannig álagningunni, að það var ekki mögulegt fyrir gjaldendurna að reikna út útsvar sitt eftir þeim reglum, sem birtar voru, og þessi lagagrein var alveg tvímælalaust brotin með þeirri framkvæmd, sem þá var í Reykjavík á útsvarsmálunum.

Ég tel, að þessi lagagrein hafi verið spor í rétta átt og tilraun til að skapa meiri festu í þessum málum, og ég tel, eins og ég sagði áðan, að það eigi að stefna að því að setja um þetta mun fastari reglur en verið hafa í lögum.

En þá kemur spurningin, hvernig tekizt hefur um þetta í því frv., sem hér liggur fyrir. Þá vil ég strax segja það sem mína skoðun, að frv. ber greinilega með sér, að undirbúningur þess er allsendis ófullnægjandi. Að mínu viti er ómögulegt að fallast á að lögfesta sum af þeim ákvæðum, sem lúta að þessu og standa í sambandi við útsvarsstigana. Ég vil nefna dæmi um þetta mál. Það stendur hér í 3. gr., að útsvörin og stigarnir skuli miðast

við hreinar tekjur og eignir. En síðan er tekið fram, að um sérstakan frádrátt frá tekjum, bæði tapfrádrátt á milli ára, um fyrningarfrádrátt og afskriftir og ýmislegt fleira, megi víkja frá skattalögunum, og síðan segir, að frávik samkv. þessum staflið gjaldanda í óhag megi þó eigi meiri vera en þau voru í hlutaðeigandi sveitarfélögum á árinu 1959. M. ö. o.: það er farið fram á eða lagt til, að Alþingi lögfesti þessa útsvarsstiga, sem hér eru, með þeim undanþágum að þessu leyti, sem voru viðhafðar í sveitarfélögunum árið 1959. En nú spyr ég: Hefur hæstv. ráðh. í höndum, hverjar þessar undanþágur voru? Hann vill láta lögleiða, að þessar undanþágur séu heimilar, en hefur hann í höndum upplýsingar um það, hverjar þessar undanþágur voru? Og vill hann ekki leggja þær fram hér á Alþingi eða í n., sem hefur þessi mál með höndum? Eða er það kannske ætlunin, að Alþingi setji svona lagaákvæði án þess að hafa hugmynd um, hvaða undanþágur verið er að heimila með slíku lagaákvæði? Þetta ætla ég að sé glöggt dæmi um, að þetta mál hefur alls ekki fengið þann undirbúning, sem þarf að vera, því að svona ákvæði er að mínu viti óhugsandi að setja í lög. Það er óhugsandi að mínu viti, að löggjafinn, ef hann ætlar að halda virðingu sinni, lögleiði slíkar undanþágur án þess að vita, hvað verið er að gera.

Þá vil ég benda á atriði í þessu sambandi, sem sýnir líka, að þetta mál er ekki nægilega krufið til mergjar. Í 9. gr. er gert ráð fyrir því, að það skuli lækka útsvör gjaldenda, þegar tilteknar ástæður eru fyrir hendi, sem síðan eru taldar upp. Og þar er m. a. svo víðtækt ákvæði, að það er talað um, að það eigi að lækka útsvörin, ef „önnur óhöpp" hendi gjaldandann. Hér eru niðurjöfnunarnefndir framvegis, eins og verið hefur, svo frjálsar um þetta, að ef þær vilja, geta þær í raun og veru gegnum þetta ákvæði gert útsvarsstigana að engu. Þetta er auðvitað sumpart vegna þess, að það hefur ekki gefizt tóm til þess að hnitmiða þessar reglur, sem þurfa að vera hnitmiðaðar, ef á að lögbjóða þessi efni á annað borð. Þá þarf að keppa að því, að þær verði hnitmiðaðar, eins og er í skattalöggjöfinni, eða þá a. m. k., að niðurjöfnunarnefndum sé skylt að setja um þetta almenna reglu fyrir byggðarlagið, sem sé birt, og þannig geti menn borið saman útsvar sitt og komizt að þeirri niðurstöðu, hvort það er rétt á lagt eftir útsvarsstigunum og þeim reglum, sem gilda almennt um undanþágur. En það er ekkert um það í þessari lagagrein, að svo þurfi að gera, og ef gengið verður frá þessu svona, eins og þarna er gert ráð fyrir, þá er það að sumu leyti spor aftur á bak frá því, sem sú málsgrein kveður nú á um, sem ég las upp áðan, ef hún er framkvæmd svikalaust, því að þar er greinilega tekið fram, að það skuli birtar reglur, þannig að hver gjaldandi geti reiknað útsvar sitt. M. ö. o.: það á í raun og veru að birta líka reglur um það, hvernig sérástæður eru teknar til greina, ef lagagreininni er fylgt. En samkv. því, sem hér er stefnt að, þá verða að vísu þessir útsvarsstigar, en lögboðin um leið ýmiss konar frávik, sem hv. Alþ. mundi þá ekki einu sinni vita hver væru, sbr. 3. gr., og síðan þessar almennu undanþágur við 9. gr., án þess að nokkuð fylgi um, að það sé skylt opinberlega að gera grein fyrir þeim. Þá sé ég ekki betur en allt sé opið til að leika sama leikinn og leikinn var í Reykjavík á s. l. ári, þrátt fyrir löggjöfina.

Þá er hitt langsamlega aðalatriði málsins, eftir því sem mér sýnist, ákvæðin, sem eru í frv. um veltuútsvörin, og það, sem þar er á ferðinni. Það er till. um að lögfesta veltuútsvarafarganið og stórauka veltuútsvörin frá því, sem þau hafa verið. Samkv. þessu á að lögfesta, að það megi leggja á allt að 3% veltuútsvar í byggðarlögunum, og skilgreiningar á því eða takmörk eru svo ófullkomin, að það er t. d. hægt að leggja oft veltuútsvar á sömu vöruna. Það er hægt að leggja á vöruna á heildsölustiginu, það er hægt að leggja á vöruna t. d. á iðnaðarstiginu, það er hægt að leggja á vöruna á smásölustiginu, og það er hægt að leggja á vöruna hjá framleiðandanum. Það er því hægt að leggja oft veltuútsvar á sömu vöruna, og það virðist vera tilætlun þeirra, sem standa að þessu frv., að þetta verði lögfest, án þess að um þetta verði settar nokkrar frekari reglur í löggjöfinni. Hér hafa aldrei verið nein lög um veltuútsvör. Þau hafa verið lögð á í skjóli almennra ákvæða í útsvarslöggjöfinni og hafa sannast að segja verið ákaflega mikið gagnrýnd og hafa orðið að hreinu fargani í framkvæmdinni. En ég sé ekki annað en að það sé fullkomlega meining þeirra, sem standa nú að þessu frv., í stað þess að endurskoða rækilega og breyta til frá því, sem verið hefur í þessum efnum til bóta, þá sé meiningin að lögfesta þetta veltuútsvarafargan og það í enn þá verri mynd en það hefur tíðkazt, eins og ég kem að síðar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að álagning veltuútsvara hefur í ýmsum dæmum orðið til þess, að fyrirtæki og einstaklingar hafa jafnvel ár eftir ár verið dæmd eða úrskurðuð til að borga hærra útsvar en nam öllum tekjum þeirra. Ég efast um, að svona löguð framkvæmd eða lög, sem heimila slíkt, séu til nokkurs staðar í heiminum, nema að því leyti sem íslenzka útsvarslöggjöfin hefur verið túlkuð þannig, að hún heimilaði þetta. Ég hefði haldið, að það mundi vera ætlunin hjá ýmsum að endurskoða alveg sérstaklega þetta atriði í sambandi við veltuútsvörin og framkvæmd þeirra. En það virðist ekki vera, því að ef þetta frv. verður leitt í lög, þá verður það í framkvæmdinni þannig, það er í raun og veru lögleiðing á því, að það megi leggja útsvör hiklaust á fyrirtæki, sem nemi mun meira en öllum tekjum þeirra. Það er það, sem nú á að fara að lögbjóða m. a. skýrum stöfum í sambandi við þessi nýju lagaákvæði um veltuskattinn. Það hefur verið talað um í því sambandi, að samvinnufélög og einstaklingar sætu ekki við sama borð, því að það hefur

fallið dómur um, að það mætti ekki leggja meira útsvar á utanfélagsviðskipti samvinnufélaga en næmi öllum hagnaðinum af viðskiptunum. Ég hefði nú haldið, að ýmsir hefðu brugðizt þannig við því máli, að þeir hefðu þá viljað lögleiða það, að ekki væri heldur hægt að leggja á einstaklinga eða önnur fyrirtæki meiri útsvör en næmi öllum þeirra hagnaði. Maður skyldi halda, að sjálfstæðismenn brygðust þannig við þeim dómi, að þeir vildu kappkosta að koma slíku ákvæði í lög, koma í lög ákvæði, sem fyrirbyggði, að það væri hægt ár eftir ár að úrskurða einstaklinga og fyrirtæki til þess að borga meiri útsvör en nemur öllum tekjum þeirra, m. ö. o. hreinlega eignarnám ár eftir ár. Maður hefði getað búizt við því, að þannig hefðu einhverjir viljað vinna að þessu og skapa jafnrétti þá leiðina. Og það hefði ekki verið óeðlilegt. En nú sýnist annað uppi. Meiningin með þessu frv. er að lögfesta það alveg hreinlega, að það megi halda áfram að leggja hærri útsvör á einstaklinga og fyrirtæki en nemur öllum tekjum þeirra og samvinnufélögin verði að koma þarna með líka. Það á að vera lausnin á vandamálinu. Ýmislegt kemur nú fyrir. Ég hefði talið, að það væri miklu eðlilegra að setja inn ákvæði til verulegrar takmörkunar á veltuútsvörunum og til þess að fyrirbyggja, að þetta gæti átt sér stað.

Þá mun ég í sambandi við þennan kafla gera nokkrar fsp. til hæstv. ráðh. Ég sé nú, að ég hef talað hér um tíma, án þess að fjmrh. væri við. Það voru nokkrar spurningar, sem mig langaði til að beina til hæstv. ráðh. til þess að skýra málið.

Það er hér talað um í frv., að það skuli leggja útsvar á veltuna. En mér skilst, að það sé mikil nauðsyn á því að útlista það nánar en gert er í frv., hvað velta er í þessu sambandi. Hvað er t. d. velta umboðssölufyrirtækis? Eru það umboðslaunin, eða er það andvirði allra þeirra vara, sem þetta fyrirtæki útvegar fyrir aðra? Ég spyr um þetta vegna þess, að þetta er höfuðatriði í málinu.

Þá stendur í frv., að upphæð veltuútsvarsins skuli vera ákveðinn hundraðshluti af veltu, og að því er Reykjavík varðar er vísað í þær reglur um veltuútsvar, sem notaðar voru 1959 og prentaðar eru sem fskj. með frv. En að því er varðar kaupstaðina eru settar upp reglur í 6. gr. frv. um það, hvað útsvarið megi vera hátt á veltuna. Eru fyrirtækin flokkuð bæði í reglum Reykjavíkur og eins í 6. gr. frv. Nú spyr ég: Á að skilja þessi lagaákvæði þannig, að það sé skylt að leggja sömu prósentu á veltu allra fyrirtækja í sömu viðskiptagrein, er það skylt? Er heimilt að leggja t. d. 0.5% á eina nýlenduvöruverzlun eða t. d. eina grein nýlenduvöruverzlunar, en t. d. 0.4% á aðra nýlenduvöruverzlun? Er það heimilt eða óheimilt, ef þetta verður gert að lögum? Er skylt að leggja sömu prósentu á sams konar viðskipti hjá öllum? Og ef þetta er meiningin, sem mér þætti ekki ósennilegt að væri, hvað er þá átt við með þeim orðum í reglunum fyrir Reykjavík, þar sem sagt er, að það megi leggja allt að 0.5% á nýlenduvöruverzlun? Hvað þýða þá orðin „allt að“ í þessu falli? En áður en kemur að því, þá segir í sömu reglum, að upphæð útsvarsins sé ákveðin í hundraðshlutum af umsetningu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu, svo sem þar segir, og síðan segir: Allt að 0.5% hjá nýlenduvöruverzlun, allt að 0.6% hjá kjöt- og fiskverzlun, fisk- og kjötiðnaði o. s. frv. Það er ákaflega þýðingarmikið að fá þetta alveg ljóst, og það er vitanlega lífsnauðsyn, að þetta sé alveg skýrt tekið fram í lögunum, hvað átt er við með þessu.

Þá vildi ég spyrja um eitt atriði enn. Það stendur í frv., að það skuli draga álögð útsvör frá tekjum, áður en tekjuútsvör eru á lögð. En ég spyr: Ætlar hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sami háttur verði á hafður við álagningu skatta til ríkisins? Það er ekkert um það í því frv. um tekjuskattinn, sem nú hefur verið lagt fram. En ég spyr: Ætlar hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að útsvör verði einnig frádráttarbær við álagningu tekjuskatts til ríkissjóðs.

Þá kem ég að nýjum þætti, sem er í þessu máli, en það er sú stórfellda útfærsla á veltuútsvarinu eða veltuútsvarskerfinu, sem lagt er til að lögfesta með þessu frv. Eins og allir hv. þm. vita og hæstv. ráðh. tók fram, þá eru sérákvæði um samvinnufélögin í útsvarslöggjöfinni, þ. e. a. s. að um félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna eru alveg sérstök ákvæði. Þau eru ekki útsvarsskyld eftir venjulegum reglum, heldur er samvinnufélögunum ætlað að borga sérstakan skatt vegna félagsmannaviðskiptanna, samvinnuskatt, sem kallaður hefur verið. Hvernig stendur á því, að þessi háttur hefur verið á hafður um samvinnufélögin? Ég hygg, að fyrir því liggi tvær aðalástæður, og munu þó kannske fleiri hafa komið til.

Það fyrsta er, að sú starfsemi manna í félagi að útvega sér nauðsynjavörur með sannvirði, eins og samvinnufélögunum er ætlað að gera, og að koma afurðum í rétt verð og vinna þær, — sú starfsemi er ekki gróðastarfsemi og á ekkert skylt við gróðastarfsemi eða venjulegan gróðarekstur. Hún á ekkert skylt við slíkt, enda eru þau ákvæði, sem um þetta gilda í löggjöf landsins, þannig, að ef afgangur verður, þegar þessi viðskipti eru gerð upp, sem félögin hafa vegna félagsmanna, þá er afganginum ýmist jafnað út til félagsmannanna sem tekjuafgangi eða eins konar afslætti á viðskiptum eða lagður í varasjóð og verður þá eign félaganna, — eign, sem aldrei má úthluta til félagsmannanna. Þetta eru stofnanir í byggðarlögunum, og þeim fjármunum, sem þannig safnast fyrir af félagsmannaviðskiptum, má aldrei úthluta til félagsmanna. Þetta eru eins konar sjóðsstofnanir í byggðarlögunum, sem verða þar áfram til afnota fyrir alla þá, sem vilja ganga í félögin, því að þau eru opin fyrir alla. Þannig eru þessi viðskipti byggð upp, og þannig eru samvinnufélögin byggð upp, og af þessum ástæðum hefur aldrei þótt eðlilegt, að það

væru lögð á þau útsvör eftir sömu reglum og venjulega gróðastarfsemi.

Annað atriði, sem hefur komið hér áreiðanlega mjög til greina, er það, að þessi félög eru oftast nær á okkar landi byggð upp af fólki úr mörgum byggðarlögum, en ekki bara einu byggðarlagi eða einu þorpi. Það tekur sig saman, fólkið, og stofnar með sér félög, ýmist til að koma afurðum sínum í verð eða útvega sér nauðsynjar með réttu verði. Og það tekur saman höndum um þetta úr mörgum byggðarlögum. Svo eru líka til heildarsamtök þessara félaga, sem fólk um allt landið tekur þátt í. En einmitt vegna þess, að félögin eru byggð upp á þennan hátt, af fólki úr mörgum byggðarlögum, sem tekur sig saman til að hafa fyrir sig sjálft þessa þjónustu, þá getur ekki gilt um þau hið sama og annan rekstur, sem venjulega eða a. m. k. oftast nær hér hjá okkur er rekinn af mönnum, sem eiga heimilisfang í einu byggðarlagi.

Þessar munu vera aðalástæðurnar fyrir því, að það hefur alltaf þótt sjálfsagt, að það væri sérregla um álagningu á þessi félagsmannaviðskipti.

Nú er ætlunin með þessu frv., sem er sýnilega rubbað upp í flýti og á margan hátt, eins og ég hef þegar sýnt fram á, mesta hrákasmíði, að gerbreyta þessu, kollvarpa þessu alveg, og þá blasa við afleiðingar, sem ég efast um að þeir, sem standa að þessu frv., hafi haft nokkurn tíma eða tóm, til þess að gera sér grein fyrir. Hvað gerist þá? Það gerist, ef þessi háttur verður á hafður, að það er lögfest heimild handa niðurjöfnunarnefndum víðs vegar um landið til að skattleggja með veltuskatti alla starfsemi, sem fer fram á vegum samvinnufélaganna og þau annast fyrir félagsmenn sína. Vakna í því sambandi ótal spurningar, sem eru geysiþýðingarmiklar og verður að svara.

Verður þá t. d. heimilt samkv. þessu að leggja veltuútsvar á framleiðslu mjólkurbúa í því byggðarlagi, þar sem þau starfa, frystihúsa, sem vinna vörur fyrir bæði bændur og útvegsmenn og fiskimenn, verður heimilt samkv. þessum nýju lagaákvæðum að leggja veltuútsvar á þessa starfsemi? Verður líka heimilt eftir þessum nýju lögum að leggja veltuútsvar t. d. á rekstrarnauðsynjar, sem framleiðendur útvega sér gegnum sinn eigin félagsskap? Verður heimilt víðs vegar um landið að leggja veltuútsvar á áburðarkaup, fóðurbætiskaup, veiðarfæri, salt og allt slíkt, sem lýtur að framleiðslu félagsmanna í þessum félögum, sem þeir útvega sér gegnum sín eigin félög? Verður heimilt að skattleggja þessar vörur, og einnig þær neyzluvörur, sem félagsmenn þessara samtaka fá handa sjálfum sér? Og í því sambandi vil ég spyrja, ef það er raunverulega svo, að mönnum hafi dottið í hug að kollvarpa á þennan hátt öllu þessu kerfi, sem við höfum búið við: hvernig verður þetta þá í framkvæmdinni? Við skulum taka bændur t. d. Er það þá meiningin, að þeir borgi fyrst veltuútsvar af framleiðslu sinni heima í sveitinni sinni, síðan verði lagt veltuútsvar á þessar afurðir, þegar þær koma í mjólkurbúið eða sláturhúsið og frystihúsið, ef um sláturafurðir er að ræða, síðan verði lagt veltuútsvar á þessar afurðir, þegar þær koma á markaðinn í höfuðstaðnum eða annars staðar, kannske jafnvel umboðssala fyrir framleiðendur í þessu tilfelli túlkuð velta og skattlögð enn einu sinni, og afurðirnar síðan skattlagðar í fjórða eða fimmta sinn, þegar varan er seld í smásöluverzluninni í bæjunum, og jafnvel kannske í sjötta sinn, ef unnið yrði eitthvað úr þessum afurðum í bæjunum, áður en þær koma á markaðinn? Hefur þeim, sem að þessu frv. standa, dottið í hug, að þetta verði framkvæmt á þessa lund eða ekki? Það er lífsnauðsyn, að upplýst verði til fulls, hvernig þetta er hugsað, því að ef þetta er hugsað á þennan hátt, þá eru hér á ferðinni stórkostlegar nýjar álögur á framleiðsluna, bæði til sjávar og sveita, sem skerða stórlega afkomu þeirra, sem þar eiga hlut að máli. Og í því sambandi vakna enn spurningar, sem menn eiga heimtingu á að fá svarað. Ef þetta verður gert, hvernig verða þessar álögur bættar upp framleiðendunum? Eiga þeir að bera þessar álögur, eða verður þetta sett inn í verð afurðanna? Þessu verður að svara.

Þá kemur einnig það atriði, að ef á þennan hátt verður haldið á málum, verða neytendur og framleiðendur víðs vegar um landið skattlagðir af einstökum byggðarlögum á þann hátt, sem er algerlega óviðunandi og engum datt í hug að gæti komið til greina, þegar t. d. samvinnulögin voru sett. Þá datt engum í hug, að það væri nokkur sanngirni í því að skattleggja allar afurðir framleiðendanna og vöru neytendanna í samvinnufélögunum, skattleggja þetta allt alveg sérstaklega til ágóða fyrir þann stað, þar sem viðskiptin fóru fram. Engum datt slíkt í hug, enda auðvitað ekki nokkur sanngirnisglóra til í slíku. Og sannleikurinn er sá, að þessi ákvæði, sem hér er stungið upp á, geta með engu móti staðizt, og þó að það yrði reynt að setja þessi ákvæði í lög, þá mundu þau ýmist reynast ill- eða ekki framkvæmanleg og alls ekki verða þoluð til lengdar. Það er því misskilningur, ef það vakir fyrir mönnum að lögfesta þetta á þann hátt, sem í fljótu bragði mætti virðast eftir þessu frv., eins og það liggur fyrir.

Ég vil svo segja að lokum við þessa umr., að ég álít, að það væri alveg ósamboðið hv. Alþ. að ganga frá tekjuöflunarlöggjöf um jafnstórfellt og þýðingarmikið mál eins og hér er gert í þessu frv. Og ég tel, að það nái engri átt að afgreiða þetta frv. núna, — að fara nú t. d. út í það að lögfesta veltuútsvarafarganið og færa það stórkostlega út. Það er talað um, að þetta sé bráðabirgðalöggjöf. Það er sem sé ætlunin að læða þessari löggjöf inn á þjóðina undir því yfirskini, að hér sé um bráðabirgðalöggjöf að ræða. En það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann gerði því skóna, að þessi löggjöf kynni að þurfa að gilda áfram, enda eru náttúrlega allar líkur til þess, ef þessi óskapn-

aður yrði lögfestur, þá yrði endurskoðunin lögð á hilluna og látið við þetta sitja, a. m. k. þangað til þessi löggjöf yrði brotin niður af almenningsálitinu, sem yrði raunar áður en mjög langir tímar liðu. En ég álít, að það eigi nú að hafa þann hátt á að fresta þessu máli, — það er engin ástæða til þess að hraða því, — fresta þessu máli og láta halda áfram með heildarendurskoðun þessara mála, sem nú er byrjað á, en efna þó til hennar á víðtækara grundvelli en hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Það er sagt, að þessi löggjöf eigi að einhverju leyti að vera til þess að koma í veg fyrir það, að útsvör hækki. Það er auðvitað ekkert annað en fyrirsláttur. Það er að vísu þarna eitt ákvæði í bráðabirgðaákvæði um þessa löggjöf, sem segir, að það megi ekki hækka útsvör nema 20% frá því, sem verið hefur, að frádregnu jöfnunarsjóðstillaginu, nema með samþykki ráðuneytisins, ef um kaupstað er að ræða, og sýslunefndar, að því er hreppa snertir. En í fyrsta lagi er nú það, að jafnvel samkvæmt þessu ákvæði skilst mér, að það gæti farið svo, þó að ég hafi ekki athugað það til hlítar, að útsvörin lækkuðu ekki, auk þess sem byggðarlög mundu þá neyðast til, ef þau þyrftu á því að halda, að sækja um þessar undanþágur, sem þarna er gert ráð fyrir, og mundu fá þær vegna þess, að það mundi ekki verða búið þannig að sveitar- og bæjarfélögunum, að þau yrðu rekin með halla. En við vitum, að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. og meiri hl. í efnahagsmálum hafa í för með sér stórfelldar hækkanir á útgjöldum bæjar- og sveitarfélaga. Þannig eru engar líkur til þess, að það verði neitt úr þessum útsvarslækkunum, sem verið er að bollaleggja um nú um þessar mundir, þó að það komi raunar greinilegar fram síðar. Það er heldur engin þörf á þessari löggjöf, sem hér er fjallað um, til þess að koma í veg fyrir hækkun útsvara. Til að setja þessu þær skorður, sem ráð er fyrir gert í þessu frv., dygði einfalt lagaákvæði. Þetta frv. á ekkert skylt við það að tryggja mönnum neitt hagstæðari útkomu á útsvörum þeirra nú í vor.

Þetta frv. mundi að mínu viti verða til stórtjóns, ef það verður að lögum, og stenzt ekki nema stutta hríð, jafnvel þó að það verði gert að lögum, vegna þess að í því eru svo mikil rangindi. Það ætti að vísa þessu frv. frá og halda áfram með endurskoðunina.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri, en vonast eftir því, að hæstv. ráðh. svari fyrirspurnum þeim, sem ég beindi til hans.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gerð mjög mikil breyting á því, sem hingað til hefur átt sér stað viðvíkjandi stöðu sveitarfélaganna í þjóðfélaginu, og ég held, að það sé rétt, að hv. d. geri sér það alveg ljóst, hverjar þær breytingar eru, vegna þess að sumpart hefur kannske sú venja, sem skapazt hefur á undanförnum árum, hjálpað til að draga úr meðvitund manna um það, hve veigamiklar þær breytingar eru, sem gerast á útsvarslögunum, þegar fellt er niður ákvæði um, að leggja megi á útsvar eftir efnum og ástæðum. Ég álít, að með þessu frv. sé verið að skerða af hálfu ríkisvaldsins vald og efnahagslegt sjálfstæði stóru sveitarfélaganna og það sé alveg nauðsynlegt, að mönnum sé það ljóst, þegar þeir samþykkja þetta frv., að þeir eru að taka þátt í því að afnema að mjög miklu leyti sjálfstæði, sem sveitarfélögin hafa haft um óralangan tíma á Íslandi.

Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að á undanförnum árum hafa sveitarfélög haft þann hátt á að skapa sér útsvarsstiga, og hefur síðan verið hægt að deila um, hvort hann væri réttlátur eða ranglátur, hvort hann væri haldinn eða ekki haldinn, og annað slíkt, en allir þeir útsvarsstigar, sem sveitarfélög hafa fram að þessu skapað sér, hafa verið samkv. þeirra eigin valdi. Það hefur verið þeirra eigin vald, meðlima sveitarfélaganna og þeirra fulltrúa, sem þeir hafa kjörið, að ákveða þetta. Það vald hefur verið ótvírætt, og það vald hefur verið í lögunum mjög víðtækt. Ef sveitarfélögin hafa viljað það viðhafa eða þótzt þurfa á því að halda, þá hafa þau getað gengið mjög langt í því að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Ég skal að vísu viðurkenna, að yfirvöldin í landinu, skattstjórar, yfirskattanefnd, ríkisskattanefnd og aðrir slíkir aðilar ríkisins, hafa reynt að draga úr þessu valdi sveitarfélaganna og þeim hefur mjög oft tekizt þetta, stundum máske með réttu og stundum með röngu. Og staðreynd er, að þróunin, sem hefur verið að gerast, hefur verið sú, að ríkisvaldið hefur verið að sölsa undir sig ýmist í krafti embættisvalds eða með löggjöf meira og meira af því valdi, sem sveitarfélögin frá upphafi vega hafa haft. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á, að með þessum lögum, með því að afnema 3. og 4. gr., eins og tekið er fram í 1. gr. þessara laga, er verið endanlega að afnema það vald, sem sveitarfélögin hafa haft um ákaflega langan tíma til þess að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Grundvöllurinn að því efnahagslega sjálfsforræði sveitarfélaganna er rifinn burt með lögum, ef frv. verður að lögum. Og það er rétt, að menn geri sér það ljóst, að með þessum lögum tekur ríkisvaldið í sínar hendur að segja fyrir um, hvernig sveitarfélög skuli leggja á. Hér eftir er það þá ríkisvaldið, ef þetta verður samþykkt, sem ákveður þetta. Menn geta verið á mismunandi skoðun um, hvort þetta sé rétt eða hvort þetta sé rangt, en ég held, að það sé nauðsynlegt, að mönnum sé gert það alveg greinilegt, hvert þessi þróun leiðir, hvað er verið að gera.

Við skulum bara taka sem dæmi, að íhaldssamur, borgaralegur meiri hluti í bæjarstjórn Reykjavíkur er með þessum lögum sviptur rétti til þess að ráða, á hvern hátt skuli leggja á í Reykjavík. Ef t. d. róttæk stjórn, alþýðustjórn, væri að völdum í ríkinu, þá hefur hún með þessari lagasetningu fengið vald til þess að ákveða endanlega, hvernig lagt skuli á í

Reykjavík, og öfugt. Það er rétt, að menn geri sér þessa hluti alveg greinilega ljósa, til þess að menn viti, hvað þeir eru að gera. Sjálfsforræði sveitarfélaga, sem margir hafa álitið mjög þýðingarmikið á Íslandi fram að þessu og ég fyrir mitt leyti álít mjög þýðingarmikið, það er í aðalatriðum afnumið með þessu, þegar ríkisvaldið tekur upp á að fyrirskipa, á hvern hátt þessi sveitarfélög skuli leggja á.

Ég skal vissulega viðurkenna, að þessi þróun á sér stað bæði hér á Íslandi og erlendis í allríkum mæli. Og að sumu leyti má máske segja, að þetta sé að nokkru leyti eðlileg afleiðing af þróun bæjarfélaga. Engu að síður vil ég láta þá skoðun í ljós, að ég álít þessa þróun slæma. Ég álít það slæma þróun að vera í sífellu að svipta sveitarfélög valdi, sem þau hafa haft. Ég álít það slæma þróun — og af hverju? Af því að ég álít, að það lýðræði, sem verið er að berjast fyrir að koma á og auka í þjóðfélaginu, njóti sín hvað bezt í smáum heildum. Það lýðræði, sem framkvæmt er af einu sveitarfélagi, verður alltaf raunhæfara lýðræði en það, sem framkvæmt er af ríkisvaldi, vegna þess að eftirliti almennings sjálfs, sem er það raunverulega inntak í öllu lýðræði, verði betur komið við, þar sem aðstaðan er þröng og smá, heldur en þar, sem hún er orðin eins stór og hún er í heilu ríki. Þess vegna álít ég alla þá þróun, sem skerðir vald sveitarfélaganna og dregur úr höndum sveitarfélaganna vald yfir til ríkisins, vera þróun, sem sé andstæð því lýðræði, sem eigi að ríkja í þjóðfélaginu almennt, vegna þess að lýðræðið njóti sín betur t. d. í einu sveitarfélagi en í einu stóru ríki. Því meiri möguleika sem einstaklingurinn hefur til þess að koma sínum áhrifum að sem beinast, því meira verður lýðræðið þar. Ég veit, að það má færa fram mörg rök fyrir hinu, — rök, sem yfirleitt hníga að því, að það sé gott, að ríkisvaldið sé sterkt. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að um leið þýða öll slík rök, að frelsi einstaklingsins, að lýðræði fjöldans verður minna. Því meira sem valdið er, sem hæst er í þjóðfélaginu, því sterkara sem það verður, því veikari verður hver einstaklingur og hver smáheild einstaklinganna, og um leið og farið er að draga úr höndum sveitarfélaganna það vald, er þau hafa haft fram að þessu, þá er verið að auka og efla ríkisvaldið og gera þannig ríkisvaldið sterkara á kostnað lýðræðisins í þjóðfélaginu.

Ég veit hins vegar, að það eru flutt fram mörg rök fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, og ein af höfuðrökunum í sambandi við þetta eru, að sveitarfélögin gangi svo langt í sínum álögum á einstaklingana með sinni útsvarsálagningu, að það sé nauðsynlegt að draga úr þessu. Sveitarfélögin allt að því misbeiti sínu valdi og þeirra álögur verði svo þungar. Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á því, að þessar álögur á sveitarfélögin eru þyngdar í sífellu, hafa verið þyngdar með þeirri þróun, sem átt hefur sér stað, og þannig hefur verið sköpuð sú aðstaða, sem ríkisvaldið nú notar til þess að draga úr valdi sveitarfélaganna? Hver er aðilinn, sem hefur aukið þessar álögur á sveitarfélögin? Það er ríkisvaldið sjálft. Það er ríkisvaldið, sem með lögum hefur gert sveitarfélögunum að greiða meira og meira af margs konar framlögum, sem sveitarfélögin hafa ekki lagt á sjálf. Svo og svo miklu, skulum við segja, af eins góðum og nauðsynlegum lögum og l. um almannatryggingarnar og tekjunum, sem teknar eru til þeirra, hefur verið velt yfir á sveitarfélögin af hálfu löggjafans. Svo framarlega t. d. sem ríkisvaldið frá upphafi hefði sjálft lagt fram allt, sem átti að leggja til almannatryggingganna, og bæirnir hefðu ekki átt að leggja þar fram neitt, þá hefði ekki komið til þess, að bæjarfélög og sveitarfélög hefðu þurft að ganga eins langt og þau hafa gert með álagningu útsvara. M. ö. o.: það er ríkisvaldið, sem hefur tekið sér vald í sínar hendur til þess að fyrirskipa, hvað sveitarfélögin skuli leggja á almenning eftir efnum og ástæðum. Þau hafa gert þetta á undanförnum áratugum, og það er sífellt verið að íþyngja sveitarfélögunum og neyða þau til að íþyngja sínum meðlimum með álögum. Svo þegar sveitarfélögin eru komin svo langt í því að þyngja þannig álögurnar á sína meðlimi, að mönnum finnst þetta ekki fært lengur, þá kemur ríkisvaldið og segir við sveitarfélögin: Þú gengur svo langt í því að leggja á álögur, að ég verð að svipta þig valdinu til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum. — M. ö. o.: það er fyrst ríkisvaldið, sem gripur inn í og knýr sveitarfélögin til þessara aðgerða, og síðan er það nú með þessu lagafrv. ríkisvaldið, sem kemur og segir: Ég tek af þér það vald, sem þú hefur haft, vegna þess að þú hefur ekki verið fær um að beita því. — Sökin liggur öll hjá ríkisvaldinu í þessu efni. Og þetta var ekki nauðsynlegt. Það var frá upphafi hægt að fara þannig að, að þessar álögur, sem sveitarfélögin hafa verið látin leggja á almenning, gat ríkið lagt á beint sjálft og þurfti þess vegna aldrei að fallast á að leggja þetta á þennan hátt á bæjarfélögin, sem gert hefur verið, og nota þetta síðan á eftir sem átyllu til þess að skerða frelsi og efnahagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Og ég álít þetta slæmt. Ég álít þetta slæma og ranga þróun.

Upphaflega er höfuðástæðan til útsvara og var frá upphafi vega í okkar þjóðfélagi, frá því að það fyrst var myndað, að hjálpa þeim, sem fátækir voru. Útsvörin voru lögð á eingöngu með tilliti til þess. Það hefur verið stefna með almannatryggingunum að komast burt frá þeirri gömlu framfærsluskyldu, sem á sveitarfélögunum lá, og það var rétt stefna. Það var rétt að stefna til ríkisframfærslu, og það var rétt að láta almannatryggingarnar smám saman geta afnumið allt það, sem í gamla daga var fátækrastyrkur. Þó var alltaf hugsanlegt, að eitthvað af slíku yrði eftir hjá bæjarfélögunum, þar sem til kæmi og þyrfti að koma við úthlutun slíks sérþekking, sem aðeins kemur til greina í smáum samfélögum manna. Og ég held, að það hefði verið betra,

að sveitarfélögin hefðu fengið að þróast sjálfstætt hvað snertir sína fjárhagslegu afkomu, verið meira hlíft við gjöldunum af almannatryggingum og öðru slíku, en fengið að sjá um annars vegar það, sem óhjákvæmilega yrði eftir á þeirra vettvangi af framfærslunni, og svo hins vegar um framkvæmdir.

Og þar kem ég sérstaklega að því, sem á vissan hátt gerir mestan muninn á, hvílíkt vandamál álögurnar og tekjuaflanirnar eru fyrir meginið af öllum sveitarfélögum landsins annars vegar og hins vegar fyrir Reykjavík. Það er engum efa bundið, enda almennt viðurkennt og jafnvel sérstaklega í þessari löggjöf, sem hér er lagt til að setja á, að það eru alveg gerólík viðhorf, hvað snertir Reykjavík annars vegar og svo að segja hinn helming allra landsbúa hins vegar, sem m. a. kemur fram í því, að það skuli gengið út frá að nokkru leyti, að það séu lægri lögboðin útsvör fyrir Reykjavík en úti um land. Og við vitum, hvernig stendur á þessu. Það er sá gífurlegi aðstöðumunur, sem hefur skapazt við það, að hér hefur risið upp í Reykjavík og nágrenni svo að segja nýtízku auðvaldsskipulag, þar sem að heita má meginið af öllu auðmagni landsins er saman komið á litlum bletti og þar sem landsbúar hafa þess vegna við að búa öll venjuleg fyrirbrigði háþroskaðs auðvaldsskipulags. Hins vegar úti um allt land býr fólkið við þær aðstæður, að menn berjast í bökkum við að reyna að skapa sér atvinnulíf, halda við atvinnulífi eða þróa atvinnulíf, og vandamálin, sem fyrir fólkinu liggja þess vegna úti um allt land og þess bæjarfélögum, eru alveg gerólík því, sem við erum hér að fást við í höfuðborginni. Það þýðir, að nauðsynin fyrir bæjarfélögin og sveitarfélögin úti um allt land er fyrst og fremst sú að fá fjárhagslegar aðstæður til að geta glímt við þessi vandamál, og frumskilyrðið fyrir því að geta glímt við þessi vandamál er þeirra efnahagslega sjálfstæði og efnahagslega vald til þess. Þess vegna er það hættulegt fyrir öll þessi bæjar- og sveitarfélög, að dregið sé úr þeirra efnahagslega valdi, að grundvöllurinn fyrir þeirra efnahagslega sjálfstæði sé svo að segja afnuminn og fenginn í hendur ríkisvaldinu, og þess vegna ættu bæjar- og sveitarfélögin úti um land sérstaklega að gjalda varhuga við þessari þróun. Það hefði verið eðlilegt einmitt fyrir þessi bæjar- og sveitarfélög, að þau hefðu barizt fyrir því, að þróunin í þjóðfélaginu hefði orðið sú, að létt hefði verið af bæjar- og sveitarfélögunum þeim álögum, sem á hafa verið lagðar vegna t. d. almannatrygginganna, en að þessi bæjar- og sveitarfélög hefðu í sífellt ríkara mæli fengið að nota það, sem þau treystu sér til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum, til þess að byggja upp atvinnulíf á sínum stöðum. Þetta hefði verið langheilbrigðasta þróunin til þess að gera þessu fólki úti um allt land mögulegt að glíma við það, sem er höfuðvandamálið fyrir það, það að hindra eyðinguna, sem alltaf vofir þar yfir, það að byggja upp atvinnulífið á þessum stöðum. Ég álít, að til þess hefði að vísu fyrst og fremst átt að halda útsvörunum með því gamla fyrirkomulagi, sem var, að leggja þau á eftir efnum og ástæðum, en sveitarfélögin áttu að fá að ýta af sér yfir á ríkið í ríkari mæli útgjöldunum til almannatrygginganna. Og ég er ákaflega hræddur um, að með þessum ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, muni aðstaða bæjar- og sveitarfélaganna úti um allt land versna til þess að geta barizt sjálfstæðri efnahagslegri baráttu fyrir að gera það viðunandi að lifa á þessum stöðum.

Ég segi þetta vegna þess, að ég þekki nokkuð og hef átt sjálfur nokkurn þátt í tvisvar sinnum á undanförnum 20 árum, að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hjálpa þessum bæjarfélögum og sveitarfélögum úti um land til að afla þeirra atvinnutækja, sem hafa svo að segja haldið lífinu í þeim. Það var gert af hálfu ríkisvaldsins fyrst með aðgerðum nýsköpunarstjórnarinnar á árunum 1944—47, þar sem bæði togurum og fleiri tækjum var svo að segja miðlað út um land með sérstökum ráðstöfunum til þess að reyna að leggja grundvöll að atvinnulífi þar, og síðan með ráðstöfunum vinstri stjórnarinnar á árunum 1956—58, þar sem sérstaklega voru gerðar ráðstafanir til allmikillar útvegunar á vélbátum til landsins til þess að nýskapa atvinnulífið alveg sérstaklega úti um land. M. ö. o.: af hálfu ríkisvaldsins hefur tvisvar sinnum á undanförnum 20 árum orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að menn gætu lifað í þremur fjórðungum landsins. Ríkisvaldið hefur orðið að grípa inn í, vegna þess að flokkar, sem trúað hafa á afskipti ríkisvalds, heillavænleg afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu, hafa verið það áhrifaríkir, að þeir hafa getað megnað gegn afturhaldsöflunum í þjóðfélaginu, eins og bankavaldinu og öðru slíku, að knýja slíkar aðgerðir fram. Og ég býst við, að eyðing landsbyggðarinnar, sem alltaf vofir yfir sem eðlileg afleiðing af kapítalístískri þróun á Íslandi, mundi vera allmiklu lengra komin, ef ekki gætti þessara tveggja átaka, fyrst á árunum 1944—47 og síðan á árunum 1956—58. Nú hins vegar er komin til valda í þjóðfélaginu stefna, sem trúir ekki á og vill ekki beita afskiptum ríkisvaldsins í þessum efnum, heldur trúir á framtak einstaklingsins, eins og það er kallað, m. ö. o. óhindraða kapítalístíska þróun, sem þýðir óhjákvæmilega hraða eyðingu á öllum byggðarlögunum úti um land, vegna þess að lögmál auðmagnsins er að einbeitast á þá staði, þar sem auðmagnið er fyrir. Það eina, sem þess vegna gæti staðið að einhverju leyti á móti slíkri hættulegri efnahagsþróun, væri, að bæjar- og sveitarfélögin úti um land hefðu að einhverju leyti efnahagslega aðstöðu, efnahagslegt frjálsræði og efnahagslegan grundvöll til þess sjálf að skapa sér atvinnulíf og vinna á móti þessari óheillaþróun út frá sínum sjónarmiðum, hvert heima hjá sér. Það gætu þau aðeins gert með verulegu efnahagslegu sjálfstæði sínu. Því efnahagslega sjálf-

stæði er burt kippt með 1. gr. þessa frv. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði komið þar í minni ræðu, að ég var að ljúka við að segja mína skoðun á afstöðunni viðvíkjandi sveitarfélögunum og þeirra rétti, og vil aðeins ljúka því með því að segja, að ég álít, að það hefði átt að taka aðra stefnu viðvíkjandi sveitarfélögunum en nú er tekin með þessu frv., að svipta þau svona því efnahagslega sjálfstæði, sem þau hingað til hafa haft. Ég álít, að það hefði átt að taka þá stefnu að létta af þeim t. d. byrðunum af almannatryggingunum og ríkið tæki þær yfir á sig, gefa jafnframt sveitarfélögunum möguleika til fleiri tekjulinda, láta þau eignast sjálf lóðirnar, sem í bæjarfélögunum eru, og leigja þær út og taka með því nokkrar tekjur í ríkari mæli en nú er gert, og enn fremur með því að hjálpa þeim til þess að koma sjálf upp fyrirtækjum. Ég er sem sagt í grundvallaratriðum andvígur þeirri stefnu, sem farið er inn á viðvíkjandi sveitarfélögunum með þessum útsvarslögum, og álít, að það hefði verið giftusamlegra að breyta þarna um frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur yfirleitt í þessum atriðum síðustu 20—30 árin. Ég held, að það auki hvorki lýðræðið á Íslandi né velferð almennings, að þessar smærri einingar, þessi smærri samfélög mannanna, eins og sveitarfélögin eru, séu svipt því sjálfstæði, sem þau hafa haft, en að því er stefnt með þessum lögum. Ég veit sem sé og ætla ekki að endurtaka það, að það má á margan hátt gagnrýna ýmislegt, sem fram hefur farið í skjóli fyrirmælanna um álagningu eftir efnum og ástæðum, en í grundvallaratriðum fólst í því vald sveitarfélaga til þess að ráða þessu sjálf.

Þá er í öðru lagi sú stóra breyting í þessu frv., að það eru afnumin viss réttindi, sem samvinnufélögin hafa haft. Það er máske alveg í samræmi við það, sem gert er viðvíkjandi þeim heildum, sem bæjarfélögin og sveitarfélögin hafa verið, þessum smærri samfélögum mannanna, að þeirra efnahagslega sjálfstæði er raunverulega afnumið, að með þessum lögum er verið að afnema þau réttindi, sem þeir menn, sem hafa tekið höndum saman í samvinnufélögum, hafa haft, þó held ég meira að segja án þess, að um leið sé afnuminn sá samvinnuskattur, sem þeir áttu réttilega að bera vegna þessara réttinda, sem þeir nutu, og er það atriði, sem þarf að athugast í nefnd.

Viðvíkjandi samvinnufélögunum þykist ég vita, hvernig þarna sé í pottinn búið. Það hefur á undanförnum árum komið fram ýmiss konar gagnrýni á þann hátt, sem t. d. Samband ísl. samvinnufélaga að ýmsu leyti hefur haft með höndum um rekstur stórra atvinnufyrirtækja í sambandi við samvinnuhreyfinguna, en að nokkru leyti líka tengd venjulegum auðvaldsfyrirtækjum, og ég veit ósköp vel, að einmitt þessi tengsl hafa verið notuð ákaflega mikið til þess að reyna að spilla fyrir samvinnuhreyfingunni í landinu, og vissar óvinsældir, sem skapazt hafa gegnum slík tengsl við stór og mikil auðvaldsfyrirtæki, hafa orðið samvinnuhreyfingunni nokkurt áfall í augum almennings. En ég vil taka það fram, að þrátt fyrir þessa hluti, sem ég hef oft gagnrýnt, þá álít ég, að það nái ekki nokkurri átt að ætla að nota sér slíkt, jafnvel þó að um misnotkun hafi verið að ræða, til þess að vega að samvinnufélögunum sjálfum og þeirra réttindum. Og ég álít, að það, sem hér er gert og farið inn á nú með þessum lögum, sé bein árás á samvinnufélögin og þann eðlilega rétt, sem neytendur og aðrir aðilar á Íslandi og sérstaklega fátækt fólk á Íslandi á að hafa til þess að bindast samtökum um að reyna að afla sér lífsnauðsynja, án þess að það sé sérstaklega skattlagt. Og hvað svo sem menn kunna að reyna að bera í bætifláka fyrir og verja þetta, þá er þetta óverjandi aðferð. Þegar alþýða manna binzt samtökum um að reyna að kaupa sér lífsnauðsynjar án þess að verða að láta þær verða svo að segja skattskyldar gróðafélögum eða gróðaaðilum í þjóðfélaginu, þá á ríkisvaldið að veita þessum samtökum manna þann rétt, að þau geti starfað, án þess að þau séu sérstaklega skattlögð eða a. m. k. hvað þessa starfsemi snertir, starfsemi sjálfra félagsmannanna, og um annað er ekki að ræða. Ég álít þess vegna, að með þessu lagafrv. sé beinlínis verið að ráðast að grundvallarréttindum þessara annarra fjölmennustu samtaka í landinu og að þessi árás sé að öllu leyti óréttmæt og skaðleg. Og ég álít alveg sérstaklega, að það sé harkalegt að ráðast á þennan hátt á starfsemi samvinnufélaganna, á sama tíma sem verið er að ýta undir gróðastarfsemina í landinu og skapa sérréttindi fyrir gróðafélögin í landinu og aukið vald þeim til handa og jafnvel gefa þeim sérstaka aðstöðu til þess að tengjast útlendu auðvaldi, — það sé sérstaklega hættulegt, að á sama tíma skuli svo ráðizt að þeim samtökum almennings, sem samvinnufélögin eru, og reynt að draga úr þeim réttindum, sem þau hafa fram að þessu notið. Þessari árás ber að hrinda.

Ég skal ekki ræða hér sérstaklega viðvíkjandi veltuútsvörunum, — það hafa verið lagðar hér margar spurningar fyrir hæstv. fjmrh., sem hann mun vafalaust gera skil í sinni svarræðu, — en mér skilst á frv., að veltuútsvörin eigi að vera frádráttarhæf frá tekjum. Er það ekki rétt, að veltuútsvörin eigi að vera frádráttarhæf frá tekjum, þannig að menn fái ekki útsvar á eftir né heldur tekjuskatt út á það, sem menn hafa borgað í veltuútsvör? Er þetta rangt skilið hjá mér? (**Fjmrh.:** Nei, allt greitt útsvar dregst frá tekjum.) Líka greitt veltuútsvar. En þá vildi ég nefnilega spyrja: Greitt veltuútsvar má dragast frá tekjum. (**Fjmrh.:** Við útsvarsálagningu, en ekki tekjuskatts.) En ekki tekjuskatts, já. Þá skulum við segja það. Greitt veltuútsvar má dragast frá tekjum í sambandi við álagningu útsvars næst. En hvernig hagar þá, þegar engar tekjur eru, enginn tekjuafgangur er? Kemur þarna ekki fram alveg gríðarlegur aðstöðumunur fyrir þau félög annars vegar, sem rekin eru í gróðaskyni og safna gróða? Þau greiða

ákveðið veltuútsvar og hafa ákveðinn gróða. Þau fá þetta veltuútsvar dregið frá, þegar útsvar er lagt á þau næst. Þau fá sem sé sérréttindi, vegna þess að þau eru rekin í gróðaskyni og til auðsöfnunar einstökum aðilum. Hins vegar þar sem starfandi er félagsverzlun almennings, sem er ekki rekin í gróðaskyni, heldur rekin í því skyni að gera alþýðuheimilum léttara fyrir, gera álögurnar, t. d. með söluskatti, gengislækkun eða öðru slíku, ekki eins þungbærar fyrir alþýðuheimilin, rekin af félagsskap, — við skulum segja eins og kaupfélögum eða samvinnufélögum, sem reyna að stilla álagningu sinni þannig í hóf, að vörur séu þeim ódýrari, þannig að almenningur sleppi sem bezt og þetta verði sem ódýrast alþýðuheimilum, — ef slíkur félagsskapur er starfandi og tekst að vinna þannig, að hann sé rétt á mörkunum, skilar engum gróða, stillir allri álagningu í hóf, þannig að hún er rétt fyrir kostnaði, en hefur máske mikla veltu, þýðir þetta þá ekki, að á slíkt kaupfélag eða samvinnufélag leggst veltuútsvar, en sökum þess að félagið hefur engan tekjuafgang, þá dregst þetta ekki frá þeim? Mér skilst, að þarna sé verið að íþyngja þeim félögum, sem eru að reyna að vinna með almenningshag fyrir augum, en skapa raunverulega sérréttindi þeim til handa, sem vinna í gróðaskyni, sem vinna að auðsöfnun og arðræna almenning, sem hafa af honum fé og græða á honum. Og raunar skilst mér, að það sé höfuðstefnan, sem nú eigi að fara að ryðja sér til rúms í þjóðfélaginu, að það skuli gefa sérréttindi öllum þeim aðilum, sem vilja safna auði eða safna gróða, hvernig sem þeir svo nota hann, en það skuli að sama skapi gera erfiðara fyrir hverjum þeim samtökum, sem starfa að almenningsheill, — helzt með það fyrir augum, ef þetta væri rétt skilið hjá mér og þetta væri svona framkvæmt, að leggja að velli hver þau samtök, sem starfa með almenningshag fyrir augum, og skilja helzt ekkert annað eftir en þau samtök, sem arðræna almenning. Ég vil sem sé leggja alveg sérstaka áherzlu á, að þessar greinar frv., sem svipta samvinnufélögin þeim rétti, sem þau hafa haft, fyrst og fremst 12. gr. og raunar líka 5. gr. og 6. gr., — þau ákvæði séu ranglát og eigi ekki að samþykkjast.

Þá er tekið upp, eins og hæstv. fjmrh. kom inn á, það ákvæði, að greiðsla útsvars fyrir hver áramót og nú í ár fyrir 1. maí skuli dragast frá útsvari næsta árs eða leggjast við tekjurnar. Ég er ákaflega hræddur um, þó að margt megi segja bæði með og móti þessari reglu, að þessi regla, ef hún verður tekin upp, komi fyrst og fremst þeim, sem fjáðastir eru, að gagni. Fyrir þau stóru fyrirtæki, sem mikla veltu hafa, mikið einkafjármagn í veltu eða góðan aðgang á einhvern hátt að lánsfé, er þetta mjög mikill munur. Mér skilst á því, sem hér hefur komið fram, að bara hér í Reykjavík geti lækkun á útsvörum jafnvel komizt allt upp í 40 millj., ef þetta er framkvæmt. Hvort það er að öllu leyti þannig, að bæjarfélagið þyldi það, það skal ég ekki segja, það vita aðrir betur en ég, en ég er hræddur um, að ákaflega mikið af þeirri upphæð mundi fyrst og fremst verða þeim til góðs, sem sízt þyrftu þess. Hættan er sú, að meginið af alþýðu manna komi til með í ár og næstu ár, með þeirri efnahagsstefnu, sem nú er upp tekin, að eiga erfitt með að greiða útsvör, bara vegna þess að lífsnauðsynjar hækka svo í verði, og sérstaklega á meðan kaupgjaldið hækkar ekki, að menn hafi ekki mikið afgangs og dragi það eins lengi og hægt er, láti hverjum degi nægja sínar þjáningar. Hins vegar þau stóru fyrirtæki, sem mikið fé hafa og mikið geta á þessu grætt, munu vafalaust reyna að notfæra sér þetta, og mér sýnist þetta því vera einn liður í þeim sérréttindum, sem þeim ríku í þjóðfélaginu og þeim, sem vel standa að vígi gagnvart lánsútvegunum, séu veitt, alveg á sama hátt og jafnvel í tekjuskattslöggjöfinni er nú lagt til, að það séu fyrst og fremst hátekjumennirnir og þeir ríku og þeir, sem mikla veltu hafa, sem græði.

Þá heyrði ég, að hæstv. fjmrh. talaði um, að í sambandi við þessar ráðstafanir, sem nú eru gerðar um útsvarsálagningu, fælist viss vörn gegn álagningu. Og ég veit, að það hefur oft af hálfu þeirra, sem verið hafa látnir bera þungar byrðar hjá ýmsum sveitarfélögum, verið yfir því kvartað, hve ágeng sveitarfélögin væru. Og þá þykist ég um leið sjá, að með þessu sé í raun og veru verið að tryggja ekki sízt þau ríku félög, sem þarna ættu í hlut, gegn slíkri álagningu, gefa þeim vörn gegn álagningu, og mér finnst þetta að nokkru leyti koma úr hörðustu átt hjá hæstv. fjmrh., þegar raunverulega er verið að gera ráðstafanir til þess að verja rík og voldug félög gegn álagningu fátækra sveitarfélaga, á sama tíma sem almenningur hins vegar stendur varnarlaus gagnvart þeirri gífurlegu álagningu, sem nú er á hann lögð með ægilegum vöruverðshækkunum, bæði í krafti söluskatts og gengislækkunar, sem nú fara fram, — varnarlaus gagnvart álagningu þeirra nefskatta, sem nú er verið að leggja á.

Ég held þess vegna, að heildarstefnan í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé að draga úr þeim réttindum og því valdi og því efnahagslega sjálfstæði, sem þær einingar mannlegra samtaka, sem bæði samvinnufélögin og sveitarfélögin eru, hafa haft fram að þessu, en auka að sama skapi vald ríkisvaldsins, afskipti þess og yfirráð þess og ágengni þess gagnvart þessum samtökum, bæði hinum frjálsu samtökum almennings, sem samvinnufélögin eru, og þeim lögskipuðu samtökum almennings, sem sveitarfélögin eru, sem til voru áður en nokkurt ríkisvald var til. Og þegar þetta er framkvæmt, þegar þessi stefna er tekin upp, á sama tíma sem ríkisvaldið gengst fyrir þyngri álögum á almenning en lagðar hafa verið á nokkru sinni fyrr og gerir almenning með sérstökum ráðstöfunum, með afnámi þeirra samninga, sem alþýða manna hefur haft um vísitölu á kaup fyrir almenning, varnarlausari gagnvart slíkum

álögum en almenningur hefur verið um áratugi, þá held ég, að ekki fari hjá því, að þessi löggjöf verði skoðuð sem einn þáttur í allsherjarárás auðmannastéttarinnar á Íslandi í því að sölsa undir sig eina ríkisvaldið og beita því ríkisvaldi gagnvart sveitarfélögunum, gagnvart samvinnufélögunum, gagnvart almenningi í landinu til allsherjar árása á öll þau samtök, sem almenningur hefur ítök í og meira eða minna umráð yfir í landinu. Því meira lýðræði sem í þessum samtökum gildi, því frekar skulu þau svipt sínum efnahagslega rétti og aðstöðu til starfsemi í þjóðfélaginu. Mér sýnist þess vegna þessi breyting, sem hér liggur fyrir á útsvarslöggjöfinni, vera einn þáttur í allsherjarárás auðmannastéttar til að einoka undir sig efnahagslegt og pólitískt vald í þjóðfélaginu, og að sama skapi sem bæði verkalýðsfélög og samvinnufélög eru svipt réttindum, sem þau hafa haft, þá séu að sama skapi hátekjumönnum veitt friðindi og sérréttindi.

Ég veit, að ýmislegt hefur farið afvega í ýmsu viðvíkjandi sveitarstjórnarmálum á undanförnum áratugum og ýmislegt þar, sem þurfti úr að bæta, og vandamál, sem þurfti úr að greiða, og ég held, að þessi leið, sem hér er farið inn á, sé röng leið, ekki aðeins óréttlát, eins og ég hef sýnt, heldur held ég líka verið að fara inn á allt aðra leið til þess að halda sjálfstæði sveitarfélaganna og gera þeim mögulegt að starfa að lausn vandamála sinna meðlima. Hins vegar sýnist mér, að með þessari aðferð, sem hér er upp tekin, séu sveitarfélögin endanlega alveg lögð undir ríkisvaldið og það ráði þessum hlutum héðan af.

Ég mun svo ekki frekar gera þessa löggjöf að umtalsefni við þessa umr., nema sérstakt tilefni gefist til.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að hæstv. fjmrh. mundi svara einhverju af þeim spurningum, sem fram höfðu verið bornar í sambandi við þetta frv., og gat verið, að ég hefði komizt hjá því að taka til máls hér við þessa umr., ef þeim hefði verið svarað. En þar sem það hefur ekki orðið, vil ég fara um málið nokkrum orðum.

Þetta er yfirgripsmikið mál, sem hér er á ferð, og gerir ráð fyrir mjög miklum breytingum á útsvarsmálunum. Frv. var útbýtt hér á kvöldfundi í gær, og þess vegna hefur enn ekki gefizt nema mjög lítill tími til athugunar á því. Ljóst er það þó við lestur frv., að eitt af stærstu atriðum þess er það, að lagt er til, að lögfest verði svonefnd veltuútsvör. Allmörg sveitarfélög, einkum þó kaupstaðir og kauptúnahreppar, hafa notað þessi veltuútsvör að undanförnu, en gengið mjög misjafnlega langt á þeirri braut. Um þetta hafa ekki verið nein bein lagaákvæði. Í útsvarslögum er talað um, að leggja megi á gjaldendur eftir efnum og ástæðum, og hefur verið litið svo á, að þessi lagastafur veitti heimild til þess að leggja á veltuútsvörin. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áður, að lögfesta þessa tegund útsvara.

Í 5. gr., sem fjallar um útsvarsálagningu í Reykjavík, segir, að upphæð útsvarsins af veltu megi nema allt að 3%, en þó hvergi hærri hundraðshluti, miðað við tegund verzlunar eða þjónustu, en hann var árið 1959, og í grg. með frv. er skýrt frá því, hvaða reglum niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar hafi fylgt um álagningu veltuútsvara árið sem leið.

Í 6. gr. eru síðan ákvæði um útsvör í öðrum kaupstöðum, og þar má veltuútsvar vera allt að 3% fyrir vissar starfsgreinar og allt að 2% af öðrum fyrirtækjum, og þar eru engin ákvæði um það, að heimildin takmarkist við það, sem áður hefur viðgengizt í þessum efnum í þeim kaupstöðum.

Í þriðja lagi eru svo ákvæði í 7. gr. um önnur sveitarfélög, og þar er gert ráð fyrir, að veltuútsvörin megi vera jafnhá hlutfallslega og í kaupstöðum utan Reykjavíkur.

Það er ekki auðvelt á mjög skammri stundu að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi nýju ákvæði munu verka í framkvæmdinni. En þó er nauðsynlegt að reyna að gera sér þess grein til þess að geta metið þetta frv., sem hér er á ferð, og komizt að raun um, hvað það raunverulega felur í sér. Ég hef þó fyrr í dag reynt að gera mér nokkra grein fyrir þessu og athugað, hvernig þessi ákvæði, ef að lögum verða, mundu koma við í einu héraði, í mínu kjördæmi, þar sem ég er kunnugur. Þar er kauptún, sem er hreppur út af fyrir sig, og þar er allmikil verzlun eða viðskipti við nálægar sveitir, allmargir sveitahreppar, sem hafa þar öll sín viðskipti. Í þessu kauptúni er samvinnufélag, sem hefur meginhluta viðskiptanna í sínum höndum. Samvinnufélagið hefur byggt þar sláturhús og frystihús fyrir kjöt. Það hefur nýlega reist þar mjólkurbú. Það hefur lengi útvegað flestum héraðsbúum eða þeim, sem á verzlunarsvæðinu búa, meginhlutann af þeim vörum, sem þeir þurfa að kaupa til heimila sinna og til atvinnurekstrar. Þarna eru kaupmannaverzlanir einnig, en þær hafa aðeins tiltölulega lítinn hluta af viðskiptunum. Nú hef ég verið að reyna að gera mér grein fyrir því, hvernig útsvarsálagning mundi verða í þessu kauptúni á þessu ári, ef þetta frv. verður að lögum og þær heimildir notaðar, sem í því felast.

Eins og öllum er kunnugt, hefur það verið þannig með útsvör kaupfélaga, að þau hafa greitt útsvör af viðskiptum við utanfélagsmenn eftir sömu reglum og aðrar verzlanir. Hins vegar hafa gilt sérákvæði um greiðslur til sveitarfélaga af viðskiptum kaupfélaganna við félagsmenn. Þeir hafa borgað gjald af húseignum, sem notuð eru við reksturinn, sem önnur fyrirtæki greiða ekki. Þetta hefur lengi verið í gildi. Nú skilst mér, að ef sveitarstjórnin í þessu kauptúni notar heimildir þessa frv., ef það verður samþykkt, þá muni hún geta lagt á veltuútsvör til viðbótar þeim, sem hún hefur lagt á, t. d. s. l. ár, sem nema nokkru meira en hálfri millj. kr., sennilega 550—600 þús. kr. mundi þessi viðbót nema við veltuútsvörin, ef heimildin er notuð að fullu. Ég byggi þennan

útreikning á því, að heimilt sé að leggja á öll viðskiptin eða alla veltuna, jafnt á aðkeyptar vörur og innlendar vörur, sem þarna eru teknar til sölumeðferðar og seldar. (Gripið fram í.) Ég kem að því, hæstv. ráðh. S. l. ár var heildarupphæð álagðra útsvara í þessum hreppi 467780 kr. Þar í var samvinnuskattur frá kaupfélaginu eitthvað milli 10 og 20 þús. og svo veltuútsvar, sem það greiddi, og veltuútsvör á öðrum verzlunum. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, að það megi leggja á alla veltuna, bæði aðkeyptar vörur og innlendar framleiðsluvörur, þá skilst mér, að sveitarstjórnin þarna geti lagt á á þessu ári eina millj. kr. a. m. k., hún hafi heimild til þess. En að vísu má hún ekki samkv. ákvæðum frv. innheimta þetta allt, enda hefur hún enga þörf fyrir það, því að í ákvæði til bráðabirgða er talað um, að það skuli vera takmörk fyrir því, hvað útsvörin megi vera mikil samanborið við það, sem áður var. En þetta mundi sveitarstjórnin geta lagt á, og síðan ætti hún að lækka útsvörin hlutfallslega, skilst mér, hjá öllum gjaldendum, þar til þau væru komin niður í þá upphæð, sem sveitarstjórnin má taka í útsvör. Nú er á það að líta, að samkv. frv. um jöfnunarsjóð, sem hér liggur einnig fyrir þessari hv. d., reikna ég með, að þetta hreppsfélag fái úr jöfnunarsjóði af söluskattinum 100 þús. kr. a. m. k., líklega rúmlega 100 þús. kr. Sé nú sú upphæð dregin frá heildarupphæð útsvara árið sem leið, þá er eftir af henni svona 360 þús. kr. Nú má vel vera, að útgjöld aukist eitthvað, og vafalaust gera þau það hjá þessu sveitarfélagi eins og öðrum, m. a. vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum. En þrátt fyrir það sýnist mér ljóst, að lækkunin á útsvörunum, sem gæti orðið eftir þessum útreikningi ein millj., mundi nema meira en 50%, sennilega 50—60%. Þá yrði niðurstaðan sú, að hinir almennu gjaldendur þar í hreppi slyppu með að greiða í ár 40 eða kannske milli 40 og 50% af þeim útsvarsupphæðum, sem þeir borguðu árið sem leið. En þá munu menn spyrja: Er þetta ekki gott fyrir þá? Hafa þeir ekki verið svo þjakaðir með útsvörum að undanförnu, að það sé gott, að þeir fái þessa lækkun? Um það er það að segja, að ég var að gera athugun á því, að í þessu kauptúni hafa útsvör árið sem leið af tekjum, eftir að þær komu upp í 40 þús., verið heldur lægri en hér í Reykjavík af sömu upphæð og heldur lægri af hærri tekjum. Aftur á móti er það um eignarútsvar að segja þar, að eftir að eignir voru komnar upp í 70 þús., hafa eignarútsvör árið sem leið verið þar nokkru hærri en í Reykjavík, en eignarútsvörin eru tiltölulega lítill hluti af útsvörunum. Ég get enn fremur upplýst það, að í þessu kauptúni munu útsvörin árið sem leið ekki hafa verið hærri tiltölulega en í sumum sveitahreppum í því sama héraði, þeim sveitahreppum, sem hafa sín viðskipti á þessum stað. En nú verður auðvitað niðurstaðan sú, ef þetta verður lögfest og eftir þessu verður farið, að þarna verða teknar stórar upphæðir í sveitarsjóð kauptúnsins af því fólki, sem býr í nágrenninu, af því fólki, sem býr í sveitahreppunum í sama héraði og hefur þarna sín viðskipti.

Ég vil ekki einskorða mig við þetta, þó að ég sé þar kunnugastur. Ég var að reyna að gera mér nokkra grein fyrir því, hvernig útkoman yrði á einum stað hér á Suðurlandi. Ég fékk upplýsingar um það, að í Selfosshreppi hefði heildarupphæð álagðra útsvara 1959 verið tæpar 4 millj. kr., u. þ. b. 3.9 millj. kr. Þarna eru stór fyrirtæki og mikil viðskipti. Þar er eitt af stærstu kaupfélögum landsins staðsett. Mér skilst, að ef heimildin til að leggja veltuútsvör á viðskipti þess væri notuð að fullu, þá gæti útsvar þess hækkað frá því í fyrra um 1700 þús. kr. a. m. k. Á þessum stað er einnig annað stórt samvinnufyrirtæki. Það er Mjólkurbú Flóamanna. Það hefur undanfarið greitt mjög lítið til sveitar, árið sem leið held ég milli 20 og 25 þús., sem er lítið meira en húsaskatturinn, sem hægt er að krefja af því samkv. samvinnulögunum, en þarna mun vera eingöngu um félagsmannaviðskipti að ræða. Þeir, sem leggja þar inn sína mjólk, eru allt félagsmenn í þessu félagi. Ef má skilja frv. þannig, eins og mér sýnist fljótt á litið, að á viðskipti Mjólkurbús Flóamanna, heildarveltu þess, megi leggja 2% veltuútsvör, þá er það 2½ millj. kr. af 126 millj. kr. sölu. Sé þessu nú bætt við veltuútsvarið, sem við bætist hjá kaupfélaginu, þá eru komnar þarna röskar 4 millj. eða heldur hærri upphæð en öll útsvarsálagningin var í Selfosshreppi árið 1959. Noti hreppsnefndin þar þessa heimild, þá skilst mér, að hún gæti alveg eins og kauptúnið á Norðurlandi, sem ég nefndi, lækkað hin almennu útsvör hjá sér um frílega helming. En hvað er þá að segja um útsvarsbyrðina á Selfossi? Ég fékk þær upplýsingar, að árið sem leið hafi hreppsnefndin þar notað útsvarsstigann frá Reykjavík, en lækkað útsvörin samkv. honum um 10%. Reykjavík mun hafa látið 6.3% lækkun, eftir því sem stendur í grg. með frv., þannig að útsvörin hafa verið heldur lægri á Selfossi en í Reykjavík, miðað við tekjur. Einnig er þess að geta, að hreppsnefndin á Selfossi veitti 10% aukaafslátt á útsvörum þeim, sem greiddu þau fyrir ákveðinn tíma.

Nú kunna menn kannske að segja sem svo: Eru nokkrar líkur til, að slíkar heimildir verði notaðar, þó að þetta sé í lög tekið, þegar það liggur fyrir, að það er ekki brýn þörf að nota þær? En mér sýnist, að það verði mikil freisting fyrir sveitarstjórnir, sem fá slíka heimild upp í hendurnar, að nota hana til þess að geta létt útsvör af öllum þorra manna hjá sér, og það væri þess vegna hægt að gera ráð fyrir því, að heimildirnar yrðu notaðar. Það yrði sennilega illa séð af ýmsum í sveitarfélaginu, ef hreppsnefndir létu það hjá líða að nota heimildir til þess að lækka verulega útsvörin á almenningi í þessum sveitarfélögum. Fleira er á að líta í þessu sambandi. Hvernig fer með þau gjöld, sem tekin verða af þessum almenningsfyrirtækjum, þessum félög-

um, eins og t. d. Mjólkurbúi Flóamanna, sem er félagsskapur bænda, ekki aðeins í Árnessýslu, þar sem búið er staðsett, heldur einnig í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu? Ekki getur mjólkurbúið tekið þessi feikilegu útgjöld á sig án þess að fá þetta einhvers staðar greitt. Verður þetta dregið frá því verði, sem búið borgar til framleiðenda fyrir mjólkina? Slíkt mundi verða til þess, að bændur gætu alls ekki fengið það verð fyrir sína vöru, sem þeim er ætlað í verðlagsgrundvellinum samkv. l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, og þar með eru tekjur þeirra skertar frá því, sem þar er gert ráð fyrir. Það er hægt að hugsa sér annað líka, að þetta veltuútsvar verði tekið inn í verðlagsgrundvöllinn og útsöluverð á vörunum hækkað sem því nemur. Ég fæ ekki séð, að það væri hægt að hafa þetta öðruvísi, því að ég vil ekki ætla mönnum það, að þeir samþykki slíkar álögur með það fyrir augum, að bændurnir taki þetta á sig, borgi þetta af sínum tekjum.

En nú er ekki nóg með það, að Mjólkurbú Flóamanna þurfi að borga þetta af sinni sölu, þetta veltuútsvar, ef ég skil frv. rétt. Búið selur sínar vörur, mikið af þeim, hingað til Reykjavíkur. Þær eru svo seldar út hér til neytendanna, og þá kemur veltuútsvar enn á þessar sömu vörur. Svo er nú líka hér í einni frvgr. talað um, að það megi leggja veltuútsvar heima í sveitunum á framleiðsluvörur bændanna. Það eru nú sömu vörurnar, svo að þetta fer að verða nokkuð margfalt, þetta veltuútsvar, og það verður allmikil hækkun á mjólkurvörunum ofan á allt, sem á undan er gengið, ef öllu þessu á að bæta við söluverðið.

Ég held, að það sé engin skynsemi í því að taka svona stórt stökk í þessu efni, hækka veltuútsvörin svona gífurlega. Það er engin skynsemi í því að veita einstökum sveitarfélögum möguleika til þess að raka svo að sér fé með veltuútsvörum, að útsvörin í því sveitarfélagi lækki skyndilega um helming eða jafnvel enn meira. Og það sýnist vera alveg fráleitt að samþykkja lög um það, að leggja megi slík veltuútsvör á, sem komi mörgum sinnum á sömu vörurnar. Við vorum nýlega að afgreiða hér frá þingi lög um söluskatt, og þeir, sem að því máli stóðu, töldu honum það til gildis m. a. og ekki síst, að hann kæmi bara einu sinni á vörurnar, hann væri tekinn á síðasta stigi viðskipta. En forseti Íslands er ekki fyrr búinn að staðfesta þau lög en hér er lagt fram stjórnarfrv. um veltuútsvör, sem leggst á á mörgum stigum, leggst margsinnis á sömu vörurnar. Ég sé ekki, að það sé nokkur heil brú í þessu.

Það lítur út fyrir, að þeir, sem sömdu þetta frv. og settu inn þessar heimildir um veltuútsvör, hafi miðað allt við verst stæðu sveitarfélögin á landinu, þeir hafi athugað það, hvar þessi óeðlilegu veltuútsvör hafi verið notuð í sem ríkustum mæli, og síðan sé það hugmynd þeirra að lögfesta þetta fyrir landið allt, taka þá, sem hafa lökustu aðstöðuna, og færa það yfir alla hina. Það er vitað mál, að aðstaða sveitarfélaganna er misjöfn og afkoma þeirra hefur verið mjög misjöfn að undanförnu. En er ekki skynsamlegra að gera sérstakar ráðstafanir út af þeim, sem lakast standa? Þetta hefur að nokkru leyti áður verið gert með ákvæðunum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Og þetta sýnist mér miklu skynsamlegri aðferð en vera að færa öll sveitarfélög á landinu á þeirra plan, þessara, sem verst eru sett.

Það er ýmislegt fleira í þessu frv., sem ástæða væri til að tala um og verður auðvitað að taka til rækilegrar athugunar. Ég vil nefna t. d. heildverzlanirnar í landinu, sem mér skilst að eigi eins og önnur fyrirtæki að borga veltuútsvör. Heildverzlanirnar eru flestar á einum stað á landinu, einum kaupstað, höfuðborginni, en þær skipta svo við verzlanir úti um allt land. Hvaða sanngirni er í því, að veltuútsvör heildverzlana fari í svo stórum stíl á þann stað, þar sem þær eru staðsettar, veltuútsvör lögð á viðskipti manna um landið allt? Það er komin hér fram till. á þingi um athugun á því að leggja á landsútsvör. Mér finnst ástæða til þess að íhuga það í þessu sambandi.

Ýmislegt er nú óljóst í þessu frv., t. d. hvað það er í raun og veru viðtækt. Eiga ríkisfyrirtæki að greiða veltuútsvar af veltu sinni eftir sömu reglum og önnur fyrirtæki, þó að þau hafi verið laus við það að undanförnu? Það má nefna í því sambandi verzlanir ríkisins, eins og áfengiseinkasölu og tóbakseinkasölu. Eiga þessi ríkisfyrirtæki og ýmis önnur, sem ríkið rekur, að borga einnig veltuútsvar af sínum viðskiptum? Yfirleitt er það svo með ríkisfyrirtækin eins og heildverzlanir einstakra manna og hlutafélaga, að þau hafa viðskipti við menn um land allt, og það, sem fyrst og fremst þarf að athuga í sambandi við þetta stóra mál, er, hvort eigi að lögfesta það fyrirkomulag, að heimilt sé að leggja á veltuútsvör. Þetta þarf að athugast, og ég vil benda á, að það hafa verið uppi áður tillögur um það að hverfa alveg frá slíku. Þetta hefur aldrei verið beinlínis í lögum, en nú virðist vera hugmyndin hjá hæstv. stjórn að lögfesta þetta.

Ég vil benda á, að fyrir nokkrum árum starfaði hér nefnd að athugun á skattamálum. Hún undirbjó t. d. lögin um tekju- og eignarskatt, þau sem nú gilda í aðalatriðum, sem sett voru 1954. Þessi nefnd gerði á sínum tíma till. til ríkisstj. um þessi efni. Í n. þessari áttu sæti Gísli Jónsson alþm., Karl Kristjánsson alþm., Kristinn Gunnarsson, Sigurbjörn Þorbjörnsson og Skúli Guðmundsson. Í ágústmánuði 1955 sendi þessi nefnd till. til fjmrn., sem hún stóð öll að óskipt, og þar voru m. a. ákveðnar till. varðandi þetta mál, sem hér liggur fyrir. Þá var hér almennur söluskattur í gildi, og n. lagði einróma til, að söluskatturinn yrði hækkaður um 25% og þeirri viðbót skipt milli bæjar- og sveitarfélaga eftir fólksfjölda. Jafnframt yrðu af-

numin veltuútsvörin og samvinnuskatturinn. Það mun hafa komið í ljós, eftir að þessar till. komu fram, að það var andstaða gegn þeim, sérstaklega frá ýmsum þeim, sem standa að Sambandi ísl. sveitarfélaga, og till. voru aldrei lagðar fyrir þingið. En mér þætti fróðlegt að heyra frá þeim, sem hafa undirbúið þetta mál og flytja það, hvort það hefði aldrei komið til athugunar hjá þeim við meðferð þessa máls, einmitt þetta að láta sveitar- og bæjarfélögin hafa ákveðinn hluta af söluskatti, e. t. v. eitthvað meira en nú er nýlega búið að ákveða, og hverfa þá alveg frá þessum veltuútsvörum. Þau hafa alltaf leiðinleg verið og illa þokkuð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að víkja nokkrum orðum fyrst að meðferð þessa máls hér í þinginu. Meðferðin hefst með því, að það er kallaður saman í gærkvöld skyndifundur í Sþ., eins og það liggi lífið á, og dagskrá þess fundar eða tilgangur þess fundar er þó raunverulega ekki annar en sá að geta komið þessum málum á dagskrá næsta dag, og þær fregnir ganga, að það sé meiningin að reyna að hespa þessu máli ásamt frv. um breyt. á tekjuskattinum í gegnum þingið í næstu viku eða fyrir páska. Ég verð að segja, að mér finnst þessi áætlun vera algerlega fjarri réttu lagi. Þetta frv. og eins frv. um breyt. á tekjuskattslögunum fjalla um mjög mikilvæg málefni, og það nær engri átt að ætlast til þess, að á þingi, sem mun standa eina fimm eða sex mánuði, sé slíkum stórmálum eins og þessum hespað í gegn á einni eða einni og hálfri viku. Það sést fullkomlega á því, að málin fá ekki þá athugun sem skyldi á þinginu, ef slíkur hraði er hafður við meðferð þeirra þar, og þó sérstaklega þegar um jafnflókin og vandasöm mál er að ræða eins og þau, sem hér liggja fyrir. Þess vegna vil ég mótmæla þeim vinnuaðferðum, sem hér virðist eiga að hafa í frammi, að reyna að drífa slík mál eins og þessi gegnum þingið á jafnskömmum tíma, og vil skora á ríkisstj. að reyna að breyta áætlun sinni frá því, sem hún virðist vera nú um þetta efni, þannig að alþm. hafi nægan tíma til þess að íhuga þessi mál og gera þær brtt. við þau, sem þeir telja nauðsynlegar, í samráði við ýmsa aðila, sem eðlilegt er að séu spurðir ráða um þessi mál og fái að fjalla um þau, áður en þau eru endanlega afgreidd.

Mér finnst þá rétt að víkja að því, sem ég tel vera heildarstefnuna eða meginstefnuna í þesu frv. og í því tekjuskattsfrv., sem lagt var samtímis fyrir þingið, það atriði, sem setji meginsvipinn á bæði þessi mál. Og þetta atriði er að mínum dómi, að það er heildarstefnan í þessum tveimur frumvörpum, að það er stefnt að því að auka stéttamuninn í þjóðfélaginu. Það er stefnt að því að auka stórkostlega stéttamuninn í þjóðfélaginu. Það er stefnt að því að gera stórar stéttir manna fátækari en þær hafa áður verið, þegar efnahagsráðstafanirnar svokölluðu eru teknar með í heild, annars vegar, en bæta aðstöðu þeirra efnameiri í þjóðfélaginu frá því, sem verið hefur.

Þetta sést mjög ljóslega, ef gerðar eru nokkrar athuganir á þessu, og skal ég aðeins nefna tvö dæmi þessu til sönnunar. Ef maður tekur skattgreiðanda, sem hefur 4 manna fjölskyldu, konu og tvö börn, og hefur um 60 þús. kr. árstekjur, þá mun láta nærri, að sú tekjuskattslækkun, sem hann fær, sé um 1200 kr. Samkv. frv. um útsvarslögin, ef tekið er tillit til þess frádráttar, sem felst í 3. gr., þá má gera ráð fyrir og reikna með því, að lækkun á útsvari hjá þessum skattgreiðanda verði einnig um 1200 kr., þannig að samanlagt hagnast skattgreiðandi, sem hefur 60 þús. kr. árslaun og hefur fyrir konu og tveimur börnum að sjá, um 2400 kr. á þessum tveimur lækkunarfrv., lækkuninni á tekjuskattinum og lækkuninni á útsvörunum, sem ráðgerð er í því frv., sem hér liggur fyrir, og ég skal taka fram, að ég miða þá við skattstigann í Reykjavík. Ef aftur á móti er athugað, hver lækkunin verður hjá skattgreiðanda, sem hefur fyrir sömu fjölskyldu að sjá, en hefur 160 þús. kr. hreinar tekjur, þá lítur dæmið þannig út, að tekjuskattur hans lækkar um 16500 kr. og útsvar hans lækkar einnig um 10 þús. kr., svo að samanlagt hagnast hann á þessum tveim frv., ef þau verða að lögum, um 26500 kr. M. ö. o.: maðurinn, sem hefur ekki nema 60 þús. kr. í árslaun, hagnast um 2400 kr., maðurinn, sem hefur 160 þús. kr. í árslaun, hagnast um 26500 kr. eða rösklega tíu sinnum meira, og það sjá allir, hver niðurstaðan af þessu verður. Sú lækkun, sem maðurinn með 60 þús. kr. árstekjur fær, nægir að sjálfsögðu engan veginn til að mæta þeirri auknu dýrtíð, sem leiðir af hinum svokölluðu efnahagsráðstöfunum ríkisstj., og hlutur hans kemur þess vegna til með að verða miklu verri eftir en áður, þrátt fyrir þessar lækkanir. Aftur á móti eru miklar líkur til þess, að hátekjumaðurinn, sem hefur 160 þús. kr. árslaun og fær hér lækkun, sem nemur 26 þús. kr., fái sinn hlut nokkurn veginn bættan, og ef hann hefur enn þá hærri tekjur, þá verður lækkun á útsvarinu og skattinum, sem hann fær, enn þá meiri, og þá getur vel farið svo, að hann bókstaflega græði á þeim breytingum, sem hér er verið að gera.

Þetta sýnir ljóslega, hver er meginstefnan hjá hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum. Meginstefnan er sú, bæði með þessum og öðrum hætti, að stefna að því að gera þá fátæku fátækari, en þá ríku ríkari, stefna að því að auka stórkostlega stéttamuninn í landinu hvað snertir tekju- og eignaskiptinguna, stefna að því að koma í veg fyrir það, að flestir einstaklingar í landinu geti orðið það sem kalla má sæmilega bjargálna, gera þá fátæka, en stuðla aftur á móti að því, að þeir, sem hafa nú hæstar tekjur og eru líklegir til þess að hafa þær áfram, hafi enn betri aðstöðu en þeir hafa nú og geti efnazt meira en þeir hafa gert að undanförnu.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp atriði úr ræðu, sem hv. 6. landsk. þm. (BK) hélt nýlega á skemmtifundi hjá sjálfstæðismönnum hér í bænum. Hann ræddi þar um efnahagsráðstafanirnar, sem þá var í ráði að gera, og sagði eitthvað á þá leið, að þessar ráðstafanir væru líklegar til þess að farnast vel, ef valdhafarnir fylgdu ráði, sem séra Arnljótur Ólafsson hefði einu sinni gefið í Möðruvallaskóla, en þar hafði þá risið upp deila í matarfélagi skólapilta vegna þess, hve fæðið þótti lélegt, og séra Arnljótur gaf þá það ráð, sem farið var eftir og varð til þess að leysa deiluna, að einn af kennurunum skyldi jafnan borða með nemendum, og eftir það gekk þetta sæmilega til í Möðruvallaskóla. Hæstv. 6. landsk. þm. taldi, að valdhafarnir ættu að fara eftir þessu ráði, sem þýddi þá raunverulega það, að þeir ættu að setjast við sama borð og almenningur. En mér sýnist á því, sem ég hef hér rakið, að hæstv. ráðherrar fylgi illa þessu ráði hv. 6. landsk. þm., því að því fer fjarri, að þeir ætli í þessum efnum að setjast við sama borð og almenningur, því að meðan þeir telja það nægilegt fyrir mann, sem hefur 60 þús. kr. árstekjur, að fá tekjuskatts- og útsvarslækkun á móti þeirri óðaverðbólgu, sem þeir eru að stefna að, lækkun, sem nemur samtals um 2400 kr., þá ætla þeir sjálfum sér lækkun, sem er sennilega ekki undir 40 þús. kr. Ráðherrarnir ætla sér til uppbóta gegn dýrtíðinni um 40 þús. kr. eða meir, en almenningi eða mönnum, sem hafa t. d. sömu laun og Dagsbrúnarmenn og Iðjuverkamenn, ætla þeir ekki nema 2400 kr. Og þeir halda, að þetta geti orðið til þess að sætta almenning við þær ráðstafanir, sem þeir eru að gera á öðrum sviðum í efnahagsmálunum og eru nú að steypa óðaverðbólgu yfir þjóðina.

Þessi löggjöf, sem hæstv. ríkisstj. er að setja, er nær eingöngu miðuð við þrengstu hagsmuni ráðherranna, miðuð við það, að þessar ráðstafanir verði ekki til þess að skerða þeirra hlut, verði jafnvel til að bæta þeirra aðstöðu, þó að þetta bitni með stórkostlegum þunga á öllum almenningi í landinu. Og það mega hæstv. ráðh. gera sér ljóst, að með því að breyta þannig alveg gagnstætt því ráði, sem séra Arnljótur gaf í Möðruvallaskóla, og með því ráði, sem hv. 6. landsk. þm. vildi láta þá fylgja, þá eru þeir sjálfir að brjóta niður þær ráðstafanir, sem þeir eru hér að gera, setja naglann í sína eigin líkkistu með því að fara þannig að, sína pólitísku líkkistu.

Ég mun þá víkja nokkrum orðum að tveimur eða þremur atriðum, sem felast í þessu frv.

Í fljótu bragði er það eitt atriði í þessu frv., sem virðist vera til bóta, og það er það, að hér í Reykjavík sé settur lögbundinn, fastur útsvarsstigi. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) minntist á það áðan, að það væri óheppileg stefna í þessu frv. að taka vald af bæjar- og sveitarfélögum að ákveða sjálf útsvarsálagninguna, og það má vel vera, að þetta sé rétt hvað önnur bæjar- og sveitarfélög en Reykjavík snertir. Hins vegar eru þessi mál komin í það efni hér í Reykjavík, að það er alveg óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hér í Reykjavík hefur seinustu árin þróazt slík pólitísk spilling í sambandi við niðurjöfnun útsvaranna, að það er alveg óhjákvæmilegt að grípa til þess úrræðis að fastbinda útsvarsstigann í lögum. Það hefur viðgengizt hér á undanförnum árum og var þó sérstaklega uppvíst á síðasta ári, að niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík hefur notað aðstöðu sína eða þá heimild, sem hún hefur til þess að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum, til þess að láta vissa gæðinga stjórnarflokkanna njóta óeðlilegra útsvarshlunninda með fyrrv. borgarstjóra í fararbroddi. Ég sleppi því að nefna ákveðin dæmi um þetta nú, enda veit ég, að öllum þm. er kunnugt um þá spillingu, sem hér hefur þrifizt á undanförnum árum og gerir það alveg óhjákvæmilegt, a. m. k. hvað Reykjavík snertir, að þá sé breytt þannig um, að pólitískri og óvandaðri niðurjöfnunarnefnd sé ekki leyfilegt að leggja á útsvar eftir eigin geðþótta og undanþiggja sína pólitísku gæðinga stórfelldum álögum, heldur verður að breyta hér til í þessum efnum á þann hátt að lögbinda útsvarsstigann, og að því leyti stefnir þetta frv. í rétta átt, að útsvarsstiginn í Reykjavík er lögbundinn, eins og kemur fram í 5. gr. frv.

En sú réttarbót, því að það er rétt að orða það þannig, sem felst í 5. gr. um fastan útsvarsstiga í Reykjavík, er að verulegu leyti tekin aftur með a-liðnum í 3. gr. frv., þar sem á að gefa niðurjöfnunarnefndum heimild til þess að víkja frá skattaframtölum og leggja á útsvör eftir sínu pólitíska höfði. Ef sú réttarbót, sem felst í 5. gr., á að koma að fullum notum, er alveg óhjákvæmilegt að fella niður þetta ákvæði í 3. gr., sem felst í a-lið hennar. Ef það er gert, felst að þessu leyti talsverð réttarbót í frv. hvað Reykvíkinga snertir, og þeir eiga ekki að þurfa að eiga það yfir höfði sér eins og áður, að sú pólitíska spilling dafni í þessum málum, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum og öllum þm. er kunnugt um.

Ef horfið verður að þessu ráði án þessa óeðlilega undanþáguákvæðis, sem felst í 3. gr., og útsvörum verður jafnað niður eftir lögboðnum reglum, virðist ekki vera lengur sérstök nauðsyn fyrir niðurjöfnunarnefndir á þeim stöðum, þar sem skattstjórar eru, og er þá mikil spurning, hvort á þeim stöðum eigi ekki að fela þessum aðilum að reikna út útsvarið, eins og þeir raunverulega gera nú að mestu leyti, og fella niðurjöfnunarnefndirnar niður. Í fljótu bragði sér maður ekki, að á þeim stöðum, þar sem skattstjórar og skattstofnanir eru, sé lengur þörf fyrir niðurjöfnunarnefndirnar, og mætti það verða til þess að draga nokkuð úr kostnaði og að fækka nefndum að hverfa að því ráði. Mér finnst rétt að skjóta til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, ef horfið verður undanbragðalaust að því að lögbinda útsvarsstigana, hvort nokk-

ur þörf sé þá lengur fyrir niðurjöfnunarnefndir á þeim stöðum, þar sem skattstjórar og skattaskrifstofur eru.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að c-lið 3. gr., sem er eitt af veigameiri ákvæðunum í þessu frv., en þessi liður fjallar um það, að heimilt sé að draga útsvör s. l. árs frá hreinum tekjum og lækka þær og þar með útsvörin á þann hátt. Fljótt á litið kann þetta ekki að vera óeðlilegt, en hins vegar verður þetta í reyndinni á þann veg, að þetta kemur að mjög takmörkuðum notum fyrir láglaunafólk eða fólk með miðlungstekjur, en kemur hins vegar mjög til góða fyrir þá, sem hafa miklar tekjur og hafa greitt há útsvör áður, þeir fá miklu meiri frádrátt en hinir. Og eins og ég nefndi áðan, kemur þetta út á þann hátt, að maður, sem hefur fjögurra manna fjölskyldu á framfæri sínu eða konu og tvö börn og 60 þús. kr. árstekjur, hagnast ekki af þessu ákvæði nema um 1200 kr. Aftur á móti maður, sem hefur jafnstóra fjölskyldu, en 160 þús. kr. árslaun, hagnast á þessu um 10 þús. kr. Þess vegna held ég, að það væri miklu réttlátara, að framkvæma þá útsvarslækkun, sem hér er talað um, á þann hátt að lækka sjálfan útsvarsstigann, a. m. k. á lágum tekjum og miðlungstekjum, þó að hann stæði á hærri tekjunum, en sleppa þá þessum frádrætti. A. m. k. held ég, að öllum sanngjörnum mönnum muni þykja það eðlilegt, að ef útsvör á einstaklingum eigi að lækka nú, þegar hinu mikla dýrtíðarflóði er steypt yfir þjóðina, þá eigi sú lækkun fyrst og fremst að koma þeim að notum, sem hafa lágar tekjur eða miðlungstekjur, en síður eigi að hugsa um hina, sem hafi háar tekjur og geta þess vegna betur staðið þessa holskeflu dýrtíðarflóðsins af sér.

Það er ein meginstefnan í þessu frv. hvað varðar álagningu útsvaranna, eins og verið hefur, að útsvörin séu lögð fyrst og fremst á hreinar tekjur og hreinar eignir eða haldið sé við þá meginreglu, að menn standi undir útsvörunum eftir efnahag og ástæðum. Þó er gerð ein undantekning frá þessu, sem hefur ekki falizt í lögum áður, að það er gert ráð fyrir útsvörum, sem verði lögð á án alls tillits til afkomu og efnahags, og það eru veltuútsvörin, en þar er áreiðanlega stefnt í mjög ranga átt. Ég skal ekki hafa á móti því, að einkafyrirtæki eða samvinnufélög greiði nokkra skatta, og þó verður að gæta hófs í þeim efnum, því að ef skattar á fyrirtækjunum eru of háir, þá verður það til þess að lama þeirra starfsemi og til þess að lama nauðsynlega atvinnuuppbyggingu í landinu, sem á að fara fram á þeirra vegum, verður til þess að rýra atvinnuna og gengur þannig óbeint út yfir alla, þó að í fljótu bragði verki það þannig, að þetta sé fyrst og fremst sérmál fyrirtækjanna, og þess vegna þarf að gæta viss hófs í þessum efnum. En það á að vera sjálfsögð regla, að að svo miklu leyti sem slíkir skattar, hvort sem það eru tekjuskattar, útsvör eða annað, sem leggjast á fyrirtækin, þá á að sjálfsögðu að miða það við þeirra afkomu og efnahag, en ekki að leggja skattana á án alls tillits til þess, hvernig afkomu og efnahag fyrirtækjanna er varið. Þess vegna er hér gengið inn á mjög ranga braut í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir því að gera það, sem hefur ekki áður verið gert, að lögfesta veltuútsvar, sem er lagt á fyrirtækin án tillits til afkomu og efnahags. Og það má merkilegt vera, að það skuli vera haldið slíku dauðahaldi í þetta ákvæði, vegna þess að það er svo oft búið að sýna fram á það á undanförnum árum, hve ranglátt það er. Fyrir tveimur árum var fenginn hingað til landsins sérstakur sérfræðingur í skattamálum frá Svíþjóð til að segja sitt álit á skattamálum hér á landi, og niðurstaða hans var sú, að veltuútsvarið væri langsamlega ranglátasti skatturinn, sem lagður væri á hér á landi, í því formi, sem það var þá lagt á. Það hefði mátt vænta þess, að þetta yrði til þess, að hugsað væri um það að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. En hér virðist síður en svo slíku vera að heilsa, því að í Reykjavík á að halda því óbreyttu og lögfesta það eins og það hefur verið, en úti um land er bersýnilega stefnt að því að auka það stórlega á ýmsum stöðum. Og það má satt að segja heita alveg undrunarvert, að Sjálfstfl., sem gefst aldrei upp við það að lýsa yfir því, hve hann vilji tryggja réttláta skattálagningu á fyrirtæki, skuli hafa forgöngu um það, að slíkt álag eins og þetta skuli vera lögfest, sem það hefur ekki áður verið, og ekki aðeins það, heldur skuli það vera stóraukið á ýmsum stöðum frá því, sem áður hefur verið.

Hins vegar kann það að vera þannig í sumum tilfellum, að eins og skattstofnum bæjar- og sveitarfélaga nú er háttað, þá sé nauðsynlegt að grípa til einhverrar álagningar eins og þessarar, ef bæjar- og sveitarfélögin fá ekki nægar tekjur samkvæmt öðrum skattstofnum, sem þeim eru nú ætlaðir. En þá á að sjálfsögðu að reyna að bæta úr því með því að útvega þeim aðra réttlátari skattstofna en þennan, veltuútsvarið. Það á að stefna að því að leggja það niður, og það sjá allir, hvílíkt ranglæti það er, ef á að framkvæma veltuútsvarið áfram í því formi, sem hefur verið gert, að fyrirtækin verða í mörgum tilfellum að greiða það af eignum sínum. Slíkt nær ekki nokkurri átt, og þess vegna hlýtur það að vera algert lágmark, ef stjórnarflokkarnir vilja setja þetta ákvæði í lög, að þá væri það þó bundið þeim takmörkunum, að fyrirtæki þurfi ekki að greiða veltuútsvar umfram það, sem nemur nettótekjum þeirra, því að þá er um hreina eignatöku að ræða, ef veltuútsvarið gengur út yfir það.

Ég skal svo ekki gera öllu fleiri atriði frv. að umtalsefni að þessu sinni. Ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel óhjákvæmilegt, ef sæmileg og þingleg vinnubrögð eiga að vera á þessu máli, að þá verði því ekki hraðað í gegnum þingið með neinum ofsakrafti, þannig að það verði t. d. ekki

höfð þau vinnubrögð að afgr. þetta mál á einni eða einni og hálfri viku gegnum báðar d. þingsins, því að það hefur það óneitanlega í för með sér, að málin fá ekki slíka athugun sem þeim ber. Og það er alger óvirðing við Alþingi og raunverulega algert brot á réttum þingræðisreglum að ætlast til þess, að jafnmargþættum og mikilvægum málum og útsvarsmálinu og t. d. tekjuskattsmálinu sé hraðað í gegnum þingið, án þess að þm. og öðrum viðkomandi aðilum gefist nægilegt tækifæri til þess að athuga það og hafa áhrif á það, sem verið er að gera, og koma fram með nauðsynlegar brtt. við það.

Að síðustu vil ég aðeins endurtaka andmæli mín gegn þeirri meginstefnu, sem felst í þessu frv. og tekjuskattsfrv., sem beinist að því, eins og ég áður sagði, að auka stórlega stéttamuninn í landinu, stuðla að því að gera þá fátæku fátækari, en ríku ríkari. Og ég vil aðeins að lokum segja það og taka undir það með hv. 6. landsk. þm., að það eru ekki aðeins röng vinnubrögð hjá ríkisstj. og ráðherrunum, það eru líka heimskuleg vinnubrögð hjá þessum aðilum að afla sjálfum sér stórfelldra hlunninda með tekjuskatts- og útsvarslækkunum, á meðan almenningur allur fær sama og ekkert, engar bætur í þeim efnum. Slík sérdrægni hlýtur að hefna sín.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að halda áfram þeim almennu umr., sem urðu um þetta mál við fyrsta hluta 1. umr., en hafði búizt við því, að hæstv. fjmrh. mundi svara fyrirspurnum þeim, sem ég beindi til hans, og hafði þess vegna dregið að kveðja mér hljóðs til þess að bíða eftir því, að þeim yrði svarað. En nú hefur hæstv. ráðh. ekki kvatt sér hljóðs, og verð ég þá að nota þennan síðari ræðutíma minn til þess að endurtaka þær spurningar, sem ég hafði beint til hæstv. ráðh., í þeirri von, að hann svari þessum spurningum, því að þær eru satt að segja þannig vaxnar, að þær snerta höfuðatriði þessa máls, og innihald málsins er alveg óljóst, þangað til skýringar liggja fyrir á þessum atriðum, sem ég spurði um. Spurningarnar voru þessar:

Hverjar eru þær undanþágur, sem bæjar- og sveitarfélög hafa gefið undanfarið, eða að hvaða leyti hafa bæjar- og sveitarfélög brugðið út frá reglum skattalaganna um þau atriði, sem til eru tekin í 3. gr. þessa frv.? Þar sem ætlazt er til með frv., að þessi frávik verði lögfest á hv. Alþ., verður vitaskuld að koma hér fram, hver þessi frávik eru, sem ætlazt er til að Alþ. heimili áfram.

Annað atriðið var um það, hvað átt er við í frv. og þar með löggjöfinni, ef þetta verður að lögum, með orðinu „velta“, og á því veltur ekkert smáræði, hvað átt er við með þessu orði í frv., t. d. hvort þar er ekki aðeins átt við kaup og sölu eða hvort svo kynni að vera, að þar væri átt við það, ef einstaklingur eða félag rekur umboðsverzlun eða umboðsviðskipti, að þar sé átt við andvirði allra þeirra vara, sem í slíkum umboðsviðskiptum er séð um innkaup á fyrir aðra, m. ö. o.: þegar um umboðssölu er að ræða, hvort þar er aðeins átt við umboðslaunin eða hvort það er átt við andvirði þeirra vara, sem útvegaðar eru eða hafðar til meðferðar á einn eða annan hátt í umboðsviðskiptum. Ég veit, að allir, sem íhugað hafa þessi mál, sjá, hversu gífurlega þýðingu það hefur, hvernig líta beri á ákvæði l. að þessu leyti. Ég mundi telja eftir þeim reglum, sem fylgja um útsvarsálagningu í Reykjavík, þar sem er talað um umboðslaun í sérstökum flokki til veltuútsvars, að það mundi eiga að líta þannig á, að þegar um umboðsviðskipti eða umboðsmeðferð væri að ræða, þá væri það aðeins umboðsþóknunin sjálf, sem kæmi til veltugjalds. En hér er um svo stórkostlegt atriði að ræða, að það er alveg óhjákvæmilegt að gera þetta alveg ljóst, bæði með yfirlýsingum frá hæstv. ráðh. og eins með því að gera sjálft lagaákvæðið skýrara. Hér á veltur t. d. hvorki meira né minna en það, hvernig á að líta á svo að segja allar innlendar vörur, sem eru til sölumeðferðar hjá verzlunarfélögum og til vinnslumeðferðar, bæði fiskafurðir og landbúnaðarafurðir. Langmest af þeim gífurlegu viðskiptum, sem þarna er um að ræða, er rekið á umboðssölugrundvelli, og vinnsla á þessum afurðum fer fram á þeim grundvelli, og þess vegna getur skilningurinn á þessu ákvæði skorið úr um það, hvort hundruð milljóna af viðskiptum í landinu eiga að koma undir veltuútsvar framvegis eða ekki, — hundruð milljóna og jafnvel meira, með því verðlagi, sem nú er orðið. Hér er því um grundvallaratriði í löggjöfinni að ræða, sem má ekki fara neitt á milli mála um.

Þá spurði ég, hvort samkv. þessu frv. eða lögum, ef það verður að lögum, væri ekki skylt að leggja jafnt veltuútsvar á hverja viðskiptagrein innan hvers byggðarlags, hvort það væri heimilt að leggja mismunandi á viðskipti í hverri viðskiptagrein, t. d. hvort nýlenduvöruverzlun — svo að ég taki dæmi — í sama byggðarlagi yrði ekki að sæta undir öllum kringumstæðum sama veltugjaldi. Og í þessu sambandi spurðist ég fyrir um, hvað fyrirvarinn um þetta, sem er í Reykjavíkurreglunum, þýðir. En þar stendur, að það skuli vera allt að þessi eða hin prósentan í hverri grein, — hvernig beri að skilja þessi ákvæði. Og hér er ekki heldur um neitt smámál að ræða, því að ætlunin er að lögfesta sem heimild Reykjavíkurreglurnar, sem fylgja frv.

Þá spurði ég um, hvort ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir því, að veltuútsvör verði frádráttarbær við tekjuskattsálagningu. Þessi spurning snertir náttúrlega ekki beint það frv., sem hér liggur fyrir, en snertir það óbeint. Má vel vera, að hæstv. ráðh. geti ekki svarað þessu. Kann að vera, að það sé ekki ákveðið,

og er þá ekkert við því að segja. En það væri mjög nauðsynlegt að fá upplýst, hvað ríkisstj. hefur í hyggju í þessu efni, ef hún hefur tekið um það ákvörðun.

Loks er svo ný spurning, sem ég vildi bæta við, og hún er þessi: Verður veltuútsvarið tekið inn í verðlagsgrundvöll varanna, þegar þær verða verðlagðar af verðlagsyfirvöldunum? Þetta er grundvallaratriði í sambandi við þetta mál, hvort veltuútsvarið verður tekið inn í verðlagninguna, inn í verðið á vörunum eða ekki, og um þetta skilst mér að hljóti að verða einhver allsherjarregla. Mér leikur grunur á því, að undanfarið hafi þetta verið mjög á reiki. Mér leikur grunur á því, að í sumum dæmum hafi veltuútsvörin verið tekin inn í verðlagsgrundvöllinn eða verðið, sem leyft hefur verið að taka fyrir vöruna, en í öðrum tilfellum ekki. En hér er náttúrlega alveg nauðsynlegt að hafa einhverja fasta reglu, því að segja má, að ef það væri t. d. lögboðið eða alveg fastákveðin regla, að veltuútsvar sé tekið inn í verð á vörum, þá er veltuútsvarið orðið hliðstætt söluskattinum og skattur alveg hliðstæður honum. En ef veltuútsvarið er ekki tekið inn í verð varanna, þá er veltuútsvarið skattur á fyrirtæki og einstaklinga, sem hafa viðskiptin með höndum, m. ö. o. eins konar beinn skattur, sem er mældur með svona undarlegu móti. Hann er ekki miðaður við afkomu fyrirtækjanna á neinn hátt, heldur hvað þau selja mikið.

En þeir, sem beita sér fyrir því að lögfesta veltuútsvar, sem hefur nú verið í ýmsum dæmum lagt á við útjaðar laganna einhvers staðar, — þeir, sem beita sér fyrir því að lögleiða veltuútsvar, verða að gera það alveg ljóst, hvernig á að fara með veltuútsvarið að þessu leyti, hvort það á að vera hliðstætt söluskattinum eða hvort það á að vera skattur á einstaklinga og fyrirtæki. Það getur náttúrlega ekki undir neinum kringumstæðum staðizt, að þetta sé gersamlega á reiki og að í einu tilfelli sé farið með þetta á einn veg og í öðru tilfelli á annan veg.

Loks vil ég enn bæta við þá spurningu, hvað átt er við með veltu. Ég gleymdi því áðan í sambandi við það atriði. Á orðið „velta“ í frv. líka við allar tegundir framleiðslu? Það er sagt, að gjaldendur, sem hafi atvinnurekstur með höndum, skuli greiða þetta af veltu, og síðan er talað um vörusölu o. fl. En gildir það sama um framleiðslu? Er t. d. samkv. löggjöfinni heimilt að leggja veltuútsvar á fisk, sem útgerðarmaður framleiðir? Kemur hann undir þetta ákvæði? Það er ekki beinlínis talað um framleiðslu, og þess vegna spyr ég.

Eins og ég sagði, hafði ég spurt allra þessara spurninga nema einnar, og urðu mér það vonbrigði, að hæstv. ráðh. skyldi ekki svara þessum spurningum, áður en ég talaði aftur um þetta mál, því að það gat gefizt tækifæri til þess að ræða svör hans. En nú er þannig haldið á þessu, — ekki veit ég, hvort það er eftir áætlun, — að svör við þessu, sem ég vona að hljóti að koma, koma ekki fyrr en ég hef notað ræðutíma minn til fulls og á ekki eftir nema stutta aths. En máske kemur það ekki svo mikið að sök. Ef skýrt er svarað um þessi efni, þá er það aðalatriðið, því að vitanlega er hægt að kappræða um málið fram og aftur á síðari stigum þess.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sumar af þeim spurningum, sem hv. 1. þm. Austf. endurtekur nú, eru gersamlega óþarfar, vegna þess að þeim var svarað og svarað ýtarlega fyrir fram í framsöguræðu minni um þetta mál. Ég skal samt sem áður rekja þessar spurningar, en taka það áður fram, að af hendi þessa hv. þm. og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) er farið hér með ákaflega miklar blekkingar í sambandi við veltuútsvar. Þessir hv. þm. tala hér eins og með þessu frv. sé verið að lögleiða veltuútsvar, eins og hv. 1. þm. Austf. komst að orði. Hér er ekki verið að lögleiða veltuútsvar, heldur er verið að lögleiða hámark veltuútsvars. Veltuútsvar hefur tíðkazt um fjölda ára og verið talið heimilt, án þess að nokkurt hámark væri sett í lögum fyrir því. Veltuútsvar hefur tíðkazt í öllum kaupstöðum og fjölda annarra sveitarfélaga. Það hafa nýlega gengið um það dómar, að bæjar- og sveitarfélögum væri heimilt að leggja á veltuútsvar. Hins vegar hafa veltuútsvörin sums staðar verið hærri en hér er lögleitt sem hámark, 3%, þannig að sums staðar hafa þau komizt upp í 4% og upp í 5%. Þau hafa komizt upp í 5% m. a. á stað eða stöðum, sem hv. 1. þm. Austf. er ákaflega vel kunnugt um. Það er því verið að fara hér með hinar mestu blekkingar, þegar látið er svo í veðri vaka, að nú fyrst sé verið að leiða í lög heimild til þess að leggja á veltuútsvar. Veltuútsvar hefur sem sagt verið notað skv. heimild í útsvarslögum, ákvæðinu um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, og liggja fyrir hæstaréttardómar um, að slíkt sé heimilt.

Aðalþýðing þessa frv. í sambandi við veltuútsvör er því þessi, að nú er verið að takmarka þau frá því, sem áður hefur verið, að lögbinda algert hámark, sem er 3%, en jafnframt er svo ákveðið, eins og skýrt er fram tekið í þessu frv., í 5. gr., varðandi veltuútsvörin í Reykjavík, að veltuútsvarið megi þó í engu tilfelli á neinni tegund vöru vera hærra en það var á s. l. ári.

Hitt er svo annað mál, að það nýmæli er í þessu frv., að nú er ætlazt til að nema úr gildi þau úreltu og ranglátu ákvæði, sem skapa einni tegund verzlunar algera sérstöðu og fríðindi. Það er kannske eðlilegt, að hv. 1. þm. Austf. og 1. þm. Norðurl. v. sjái ekkert í þessu frv. eða yfirleitt í þessum skattalögum annað en það, sem snertir samvinnufélögin, enda virðist það á öllum þeirra ræðum. En menn mega ekki láta slík einhliða tillit til einnar verzlunartegundar algerlega villa sér sýn, þannig að þeim sé meinuð yfirsýn yfir málið í heild.

Hv. þm. spyr í fyrsta lagi, hverjar séu þær undanþágur, sem sveitarfélögin hafi gefið frá ákvæðum skattalaga, eins og segir í 3. gr., að víkja megi frá ákvæðum skattalaga varðandi sérstakan frádrátt frá tekjum, tapsfrádrátt milli ára og fyrningarfrádrátt. Ég gat þess hér, og ég held, að það hafi komið alveg skýrt og greinilega fram í minni framsöguræðu og því óþarft af þm. að spyrja um þetta, að þessi frávik væru ákaflega misjöfn í hinum ýmsu sveitarfélögum. Varðandi t. d. skattafrádrátt sjómanna, þá hafa sum bæjarfélög, eins og t. d. Reykjavík, tekið hann til greina að fullu við útsvarsálagningu, leyft við útsvarsálagningu sama frádrátt fyrir sjómenn og varðandi tekjuskatt. Í sumum öðrum sveitarfélögum er það þannig, að þau hafa ekki treyst sér til þess að leyfa þennan frádrátt að fullu. Varðandi fyrningarfrádráttinn er það líka mjög mismunandi. Sá almenni fyrningarfrádráttur hefur víðast hvar verið leyfður, en sums staðar a. m. k. hefur sá sérstaki fyrningarfrádráttur, sem leyfður er, sem sagt þá með sérstökum lögum, ekki verið tekinn til greina við útsvör.

Ég tók fram og tek það enn fram, að þessu er ákaflega ólíkt farið í hinum ýmsu sveitarfélögum og náttúrlega ógerningur að fara að gefa hér skýrslu um hvert einasta sveitarfélag á landinu, hvernig þetta hefur verið framkvæmt. En tilgangurinn með þessu ákvæði í 3 gr. laganna er, að ekkert sveitarfélag skuli skv. þessum lögum gera meiri frávik frá ákvæðum skattalaga í óhag gjaldanda en verið hefur, sem sagt, að hagur gjaldanda skuli í engu tilfelli versna að þessu leyti frá því, sem verið hefur.

Þá spyr hv. þm. í öðru lagi um það, hvað sé átt við með orðinu „velta". Honum er það auðvitað ákaflega vel kunnugt, að með veltu er fyrst og fremst átt við heildarupphæð vörusölu. Varðandi ýmiss konar þjónustu og m. a. það, sem hann nefndi sérstaklega, umboðsverzlun, þá er það í sumum tilfellum álitamál, hvort á að telja til veltu sjálfa upphæð umboðslaunanna eða upphæð heildarvörusölunnar. Um þetta hefur verið ágreiningur í vissum tilfellum, og geri ég ráð fyrir, að niðurjöfnunarnefndir verði að meta það í hverju einstöku tilfelli. Stundum er þetta alveg glöggt með umboðslaunin, að það á að leggja á þau sjálf, heildarupphæð þeirra er veltan. Í öðrum tilfellum er það, sem kallað er umboðslaun, í rauninni svipað og heildsala, og t. d. gekk nýlega hæstaréttardómur um það, varðandi eina tegund verzlunar, þar sem seljendur töldu að væri um umboðslaun að ræða, niðurjöfnunarnefnd taldi hins vegar að ætti að meta sem veltu heildarvörusöluna, og hæstiréttur féllst í því tilfelli á skoðun nefndarinnar. Hitt má vel vera, að æskilegt væri að setja inn í þetta frv. nánari skýringu á því, hvernig skuli líta á umboðslaunin, vegna þess að í sumum tilfellum hefur þar verið nokkurt vafamál um túlkun. En ég geri ekki ráð fyrir, að það sé nein breyting, og ekki ætlazt til neinnar breytingar á því í þessu frv. frá því, sem verið hefur framkvæmt af niðurjöfnunarnefndum, hvað sé velta. Það, sem átt er við með þessu frv., er auðvitað það sama, sá sami skilningur og lagður hefur verið í það orð öll þau ár, sem niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir hafa lagt á veltuútsvör.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., hvort skylt sé að leggja sömu prósetnu á alla veltu í sömu grein, og hann spyr t. d. vegna þess, að í skýrslunni um veltuútsvör í Reykjavík á s. l. ári segir, að veltuútsvar á nýlenduvöruverzlun sé allt að 0.5%. Þá spyr hann, hvort ekki megi samkvæmt þessu frv. leggja t. d. 0.4% á einhverja verzlun, sem verzlar með nýlenduvörur o. s. frv. Það má vera, að orðalagið skeri ekki úr þessu. En ég hef engan mann hitt, sem hefur dottið sú fjarstæða í hug, fyrr en þennan hv. þm., að lögð sé mismunandi prósenta veltuútsvars á verzlun með sömu vörutegund. Ég held, að það hafi ekki nokkurri niðurjöfnunarnefnd eða hreppsnefnd í landinu dottið slíkt í hug, fyrr en þessi hv. þm., sem kannske hefur töluverða reynslu í skattamálum, imprar á þessu. Ég ætla, að öll þau ár, sem veltuútsvör hafa verið notuð hér á landi, hafi hver einasti aðili, sem hafði með álagningu þeirra að gera, talið það svo sjálfsagða, ófrávíkjanlega reglu og að það verði einnig þannig í framtíðinni, að sama prósenta verði alltaf notuð um sölu sömu vörutegundar, hvaða verzlun sem á í hlut.

Í fjórða lagi spyr hv. þm., hvort ríkisstj. hafi ákveðið að beita sér fyrir því, að útsvör yrðu einnig frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts. Um það segir ekkert í þessu frv. og ekki heldur í því frv. um breyt. á tekjuskattslögunum, sem fyrir liggur. Samkv. þessu frv. eru greidd útsvör frádráttarbær við útsvarsálagningu. Samkv. frv. um tekjuskattinn er það óbreytt, sem verið hefur nú um 18 ára skeið, að greiddur tekjuskattur og greidd útsvör eru ekki frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Um það, hvað verður í framtíðinni, er ekki hægt að segja á þessu stigi. Endurskoðun tekjuskattslaga og útsvarslaga heldur áfram, og væntanlega liggur fyrir í haust, þegar heildarlöggjöf um þessi málefni verður lögð fyrir, svar við þessari spurningu hv. þm.

Loks spyr hv. þm. um það, hvort veltuútsvarið verði tekið inn í verðlagsgrundvöll vara. Um þetta segir að sjálfsögðu ekkert í þessu frv. Það er alveg eins og með aðra skatta, að það er ekki venja að taka það fram í sjálfum skatta- eða útsvarslögunum, hver áhrif þær greiðslur skuli hafa á verðlagningu vara. Það er ekki í núgildandi tekjuskattslögum og það er ekki í núgildandi útsvarslögum. (**Gripið fram í:** En í söluskattslögunum?) Nei, það er ekki nema að örlitlu leyti í söluskattslögunum. (Gripið fram í.) Nei. Þetta er auðvitað atriði, sem verðlagsyfirvöldin verða að ákveða. Hvort einhver slík ákvæði kæmu inn í löggjöf um verðlagið, skal ég ósagt láta, en hér hefur ekki þótt ástæða til

þess að taka inn ákvæði um það efni, fremur en um það, hvort t. d. tekjuútsvar og eignarútsvar eða tekjuskattur fyrirtækja almennt eigi að koma inn í verðlagsgrundvöll.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að víkja nokkrum orðum að þessu frv. almennt og þeim hugmyndum, sem ég hef haft um sveitarfélögin og afskipti ríkisvaldsins af þeim.

Eins og kunnugt er, segir svo í upphafi okkar þjóðskipulagsfræði, að heimilið sé undirstaðan undir okkar þjóðfélagsmálabyggingu. Þar næst koma sveitarfélögin, sem hafa verið og eru sjálfstæðar einingar innan okkar þjóðfélags, og það hefur jafnan verið skoðun mín, að sjálfstæði þessarar litlu þjóðar hafi m. a. byggzt á því, að innan hennar takmarka hafa verið sjálfstæðar einingar, sem hafa ráðið mikið um sín mál og hafa fengið æfingu í að hugsa sjálfstætt og framkvæma sjálfstætt. Sveitarfélögin hafa verið undirstaðan að þessum félagsskap, og þau hafa verið hvert á sínu sviði lítil sjálfstæð ríki, sem hafa farið með sín mál sjálf. Það er mín skoðun, að það beri nauðsyn til að halda þessum einkennum þjóðarinnar. Ég er hræddur við þá þróun, sem nú á sér stað, að það sækir meira og meira í það að svipta þessar sjálfstæðu einingar rétti sínum til þess að ráða sjálf um málefni sín og þar með að eyða þessum sérstæðu þjóðareinkennum. Og ég held, að okkar sjálfstæði stafi hætta af því, ef við sækjum meira og meira í það að leggja þessi einkenni niður og hverfa inn í fjöldahugsun, og það er ekkert, sem getur orðið okkur eins hættulegt og það, ef þessi sjálfstæðiskennd okkar sljóvgast. Það er mín skoðun, að ríkisvaldið ætti ekki að hafa nema mjög takmörkuð afskipti af sveitarfélögunum, sveitarfélögin ættu sem mest að fara með sín sérmál sjálf og það færi því bezt á því, að þau væru sem sjálfstæðastar stofnanir.

Mér fannst því eðlilegt, að þegar að því kæmi nú, að gerð væri sú breyting, að jöfnunarsjóður færi að veita fé til sveitarfélaganna, þá gæti verið betra að létta af sveitarfélögunum ýmsum þeim gjöldum, sem ríkisvaldið hefur á þau lagt nú um nokkurt árabil. T. d. hefði verið hægt að láta jöfnunarsjóðinn annast greiðslu vegna trygginga, bæði almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga. Með því móti hefði verið hægt að leysa sveitarfélögin út úr þessum þætti, án þess að ríkisvaldið hefði nokkur afskipti af þeim frekar, og þau gætu eftir sem áður farið með sín sérmál önnur á sjálfstæðan hátt. Hins vegar hefur nú verið horfið að því ráði að gera þetta þannig, að ríkisvaldið fær meiri afskipti af málefnum sveitarfélaga en áður hefur verið.

Í framhaldi af þessu er svo hér á ferðinni frv. til laga um bráðabirgðabreytingar á lögum um útsvör. Þetta frv. gefur tilefni til nokkurra hugleiðinga í sambandi við sveitarstjórnarmálin og það, sem það hefur að boða.

Það hefur á síðari árum þróazt meira í þá átt, að hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir hafa samið sér reglur til þess að fara eftir við útsvarsálagninguna. Regla sú, sem var grundvallarsjónarmið hreppsnefnda og niðurjöfnunarnefnda, að leggja útsvör á eftir efnum og ástæðum, þótti að mörgu leyti of rúm, til þess að hún væri framkvæmanleg, ekki sízt þegar fjölmenni gerðist svo mikið, að þeir, sem í þessum nefndum sátu, höfðu ekki tækifæri til þess að meta efni og ástæður gjaldendanna. Þessi þróun mála, að semja sér reglur við útsvarsálagninguna, hefur verið að aukast nokkuð mikið á síðari árum, og hafa hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir verið að leita fyrir sér um það, hvaða reglur hentuðu þeim bezt. Það hefur sýnt sig, að það er mjög breytilegt á hinum einstöku stöðum, hvað hentar þar, og þess vegna hafa þessar reglur verið nokkuð með óskyldum hætti. Það hefur m. a. verið skoðun mín, að það væri erfitt að setja í löggjöf reglur um, hvernig útsvör skyldi á leggja, og ástæðan væri sú, að hér væru svo ólík sjónarmið og ólíkar aðstæður, að ef slíkar reglur ætti að setja, þá yrðu þær að vera svo rúmar, að að þeim mundi verða lítið eða ekkert gagn, ef þær ættu að rúma þau ólíku sjónarmið, sem eru hjá hinum einstöku sveitarfélögum.

Ástæðan til þess, að það hafa komið fram þær hugmyndir, að nauðsyn bæri til að setja í lög reglur um útsvarsálagninguna, hefur fyrst og fremst verið bundin við það, að gjaldendunum hefur fundizt, að hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir hafi misnotað vald sitt í þessu sambandi og þess vegna þyrfti að ganga betur frá reglunum, svo að það væri ekki hægt. Það sýnir sig hins vegar í þessu frv., að það atriði að svipta hreppsnefndir eða niðurjöfnunarnefndir þessu valdi, það er mjög rúmt, og geta þær farið nokkuð mikið eftir sínu höfði við útsvarsálagninguna, þó að þetta frv. yrði að lögum. Í því sambandi nægir að benda á það, að í 3. gr. frv. er hreppsnefndunum og niðurjöfnunarnefndunum heimilað að vefengja skattaframtal, áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvöld hafi metið framtalið gilt. Með þessu móti er hægt að komast fram hjá þessum reglum, ef niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir hafa löngun til þess. Þær þurfa ekki heldur að taka tillit til þess frádráttar, sem skattanefndirnar heimila að gerður sé vegna tapfrádráttar milli ára eða fyrningar. Þetta gerir það að verkum, að þó að þetta frv. yrði að lögum, er á engan hátt betur séð fyrir því atriði, sem gjaldendurnir hafa viljað láta hnýta fastari böndum, að hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir væru mjög bundnar gagnvart þeim, því að þær útsvarsreglur, sem hér er verið að leggja til að verði lögleiddar, eru t. d. fyrir Reykjavík nákvæmlega sömu reglurnar og farið var eftir við útsvarsálagninguna s. l. ár, og hefur það þó verið mjög í efa dregið, að það hafi verið betur fyrir þeim þætti útsvara séð, er að gjaldendum snýr, á þeim stað en annars staðar. Þess vegna sýnir það sig, sem ég og fleiri hafa haldið fram,

að það er afar erfitt að setja löggjöf um útsvarsálagningu, ef á ekki að meira eða minna leyti að taka valdið af hreppsnefndum og niðurjöfnunarnefndum hinna einstöku staða. Og þetta er að því leyti verra en ekkert, að hér er verið að hlaða upp vörður, sem er verið að vísa á og hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir, sem með þessi mál fara, hafa því meira vald til þess að hagræða þessum hlutum eftir sínu höfði, eftir að löggjafinn hefur lagt sína blessun yfir þær, eins og hér er ætlazt til.

Ég álít því, að með þessu frv. um útsvarsreglur sé á engan hátt betur séð fyrir rétti gjaldendanna en áður var, en hins vegar sé hér verið að benda þeim, sem með þessi mál fara, á leiðir, sem sumar hverjar eru mjög vafasamar.

Annars er um þetta frv. að segja, að í því eru að öðru leyti ekkert annað en tvö meginatriði, því að hér er verið að lögleiða t. d. fyrir Reykjavík útsvarsstiga, sem hefur gilt þar tvö síðustu ár. Það eru tvö meginatriði í frv. um útsvör. Þau eru þessi: það er verið að gera útsvör fyrra árs frádráttarhæf frá útsvari næsta árs, og í öðru lagi er verið að lögleiða það að leggja veltuútsvar á félagsmannaverzlun samvinnufélaganna.

Fyrra atriðið, að gera útsvarið frádráttarhæft, það er sjónarmið út af fyrir sig, sem má deila um. Það kemur fljótt í ljós, ef farið er að skoða þetta atriði, að hér er um mikið atriði að ræða fyrir þá, sem hafa háar tekjur. Þá getur hér orðið um stórkostlegan mun að ræða. En fyrir mennina með lágu tekjurnar hefur þetta tiltölulega litla þýðingu. Ef tekið er útsvar hjá einhleypum manni með 50 þús. kr. tekjur, lækkar útsvarið um 1385 kr. fyrir það, að fyrra árs útsvar á sömu tekjur er frádráttarhæft. Ef einstaklingur með 70 þús. kr. tekjur er aftur tekinn, þá lækkar útsvar hans um 2700 kr. Ef einstaklingur hefur 100 þús. kr. tekjur, lækkar útsvarið um 5400. Hafi hann 130 þús., þá lækkar það um 8400 kr. Hafi hann 150 þús., þá lækkar útsvarið um 10200 kr. Og hafi hann 200 þús. kr. tekjur, sem útsvar ætti á að leggja, þá lækkar hans útsvar um 14700 kr. Hér er um stefnuatriði að ræða út af fyrir sig, hvort það á með þessu móti að lækka svo mjög útsvör þeirra, sem mestar hafa tekjurnar. Það hefur ríkt sú stefna hér á landi að jafna hlut manna með beinum sköttum, bæði tekjuskatti og útsvari, og þá hefur verið talið eðlilegt, að þeir, sem hefðu breiðu bökin, bæru meiri álögur. Með þessu móti er hins vegar blaðinu snúið við, og er það í samræmi við þá stefnu, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur. Hér er verið að létta af þeim, sem mestar hafa tekjurnar, en auðvitað færist svo gjaldabyrðin aftur yfir á almenning í landinu. Það er ekki hægt að komast hjá því, að þessum tekjum þarf að ná annars staðar, og þeim verður auðvitað náð af hinum almenna borgara með veltufyrirkomulaginu, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur gert að sínu máli.

Í því sambandi er ekki hægt að segja það, að það sé verið að skattleggja eyðsluna, þar sem það verður að leggja á almennar neyzluvörur, eins og gert er með söluskattinum. Hér er því um stefnumál að ræða, og sýnir sig, hvert hæstv. ríkisstj. stefnir í þessu efni. Hitt er svo það, sem snýr að samvinnufélögum í landinu. Með því atriði að leggja veltuskatt á alla vörusölu samvinnufélaganna, er hér brotið í blað. Það hefur verið skoðun löggjafans til þessa, að á samvinnufélögin bæri að líta sem annan aðila í þessu þjóðfélagi en þau félög, sem eru stofnuð sem gróðafélög sérstaklega. Þar kemur og til, að samvinnufélögin eru opin félög fyrir alla, svo að allir þegnar þjóðfélagsins hafa rétt til þess að ganga í þau, en hlutafélög eru hins vegar lokuð, og þess vegna getur ekki hvaða borgari sem er í landinu krafizt þess að fá þar inngöngu. Þetta er þungamiðjan í þessum málum, að það hefur verið talið eðlilegt, að einmitt m. a. þetta atriði skæri nokkuð úr um það, hvort hér væri á ferðinni félag, sem hefði gróðasjónarmið fyrir augum eða almenningssjónarmið.

Þá er annað atriði, sem snýr líka að byggðarlögunum, þar sem þessi félög starfa. Ég vil í því sambandi taka dæmi, að fyrir 30 árum hóf störf í einu byggðarlagi, sem ég þekki til, maður og tók að sér forstöðu fyrir kaupfélaginu þar á staðnum. Á þessu tímabili hefur þetta kaupfélag blómgazt mjög undir hans handleiðslu og er nú orðið mikið og sterkt fyrirtæki. Nú getum við hugsað okkur, að það líði ekki mjög langur tími, þangað til þessi maður hverfur frá störfum í þessu byggðarlagi. Þá gerist það, að inn í hans skrifstofu gengur annar maður og tekur við stjórn á fyrirtækinu. Fyrirtækið heldur áfram því fjármagni, sem hefur safnazt í tíð þessa kaupfélagsstjóra. Það er kyrrt í byggðarlaginu, og það heldur áfram að vera þátttakandi í atvinnu- og uppbyggingarlífinu á staðnum. Með kaupfélagsstjóranum flyzt það ekki burt, þó að hann verði að hætta störfum, annaðhvort vegna aldurs eða vegna þess, að hann kýs að fara að starfa á öðrum stað. Byggðarlagið, sem þetta fjármagn var safnað í, nýtur fjármagnsins áfram, þó að mannaskipti verði. Ef á sama tíma hefði svo setzt að í þessu byggðarlagi athafnamaður, við skulum segja á borð við hv. 3. þm. Austf. (EinS), og honum hefði tekizt að safna álíka fjármagni eða byggja upp sitt fyrirtæki eins og kaupfélagið hefur gert, og hann hverfur einnig burt af staðnum, þá fer með honum fjármagnið, sem hefur safnazt í byggðarlaginu hans vegna á þessu tímabili. Ýmislegt, sem lauslegt er, getur hann flutt með sér, vegna þess að honum þykir hentugra að starfrækja það annars staðar en í þessum kaupstað eða þessu kauptúni. Fasteignir hans verða aðrir aðilar að kaupa, og byggðarlagið verður að endurgreiða þetta á nýjan leik, ef þær verða starfræktar. Hugsum okkur hreppsnefnd, sem hefði gjarnan viljað hlúa að þessum fyrirtækjum. Hún hefði því lagt á þau tak-

markaðan veltuskatt, miklu minni en þessi lög heimila henni að gera. Byggðarlagið mun njóta áfram þess fjármagns, sem safnaðist hjá kaupfélaginu, en það yrði byggðarlaginu í óhag að hafa ekki tekið til almenningsþarfa á vegum hreppsfélagsins það fjármagn, sem það gat eftir þessum lögum náð af hinu fyrirtækinu, heldur en láta það flytjast í burt með eigandanum, þegar hann hætti þarna störfum á staðnum. Þess vegna er það ekki einungis skipulagið út af fyrir sig, sem gerir það að verkum, að það er ekki réttmætt að leggja á samvinnufélag sömu álagningarprósentu og á einkafyrirtæki, það er skaðlegt fyrir það byggðarlag, sem þessar stofnanir starfa í.

Þá er það ekki lítið atriði í sambandi við þetta mál, hvernig farið er með framleiðsluvörur t. d. landbúnaðarins. Eins og menn munu vita, þeir sem a. m. k. hafa kynnt sér það, þá er því þannig varið, að kaupfélögin almennt taka þessar vörur í umboðssölu. Þau verzla ekki með þær þannig, að þau hafi hag af því eða tap, heldur er þetta umboðssala, og þau skila framleiðendunum öllu, sem er umfram kostnað. Það er ekki lítið atriði, hvernig með þetta er farið, ef veltuútsvar yrði nú lagt á þessar vörur.

Samkv. því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, er það matsatriði hjá hverri hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd, hvernig með þetta skuli fara. Hér er þó um stórkostlegt mál að ræða, og það getur ekki farið nema á annan hvorn veginn, þannig, að annaðhvort dregst þetta frá verði framleiðandans eða þá að það verður að koma fram við sölu á vörunni og í hækkuðu verði þar, því að samvinnufélagið skilar framleiðandanum því, sem er umfram kostnað, og auðvitað fellur þetta inn í kostnaðinn, ef þetta verður framkvæmt á þann hátt, sem hér er stefnt að. Hér er um svo stórkostlega hluti að ræða, að það er óhugsandi, að þetta frv. verði afgreitt hér frá Alþ., án þess að eitthvað liggi fyrir um það, hvaða skilningur er ríkjandi hjá löggjafanum. Það var hins vegar ekkert að græða á svörum hæstv. fjmrh. hér áðan um skilning hans eða hæstv. ríkisstj. á því, hvernig með þetta skyldi fara.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr., en vil að lokum endurtaka það, að ég álít, að það sé þjóðfélaginu fyrir beztu, að sveitarfélögin fari með sín mál sjálf og að þær reglur, sem settar eru um framkvæmd á útsvarsálagningu, séu settar af sveitarstjórnum, en ekki af ríkisvaldinu, því að það mun sýna sig, að ef þær reglur eiga að vera að nokkru gagni fyrir gjaldendurna, þá binda þær svo hendur þeirra, sem með sveitarstjórnarmálin fara, að þær verða lítt framkvæmanlegar. Þetta mál er ekki heldur komið fram vegna þess, að nauðsyn beri til þess að festa þetta í skorðum, því að hér er ekki verið að gera annað en að setja upp þá útsvarsreglu, t. d. í Reykjavík, sem hefur gilt, og annars staðar er svo soðið upp úr því, sem þar hefur gilt að meira eða minna leyti. Meginmál frv. er það að lækka útsvörin á þeim, sem mestar hafa tekjurnar, og að ná útsvörum af veltu samvinnufélaganna. Þetta er tilgangur frv., þetta tvennt, því að hitt liggur til hliðar við meginmálið.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri rangt, að hér væri verið að lögleiða veltuútsvör, því að þau hefðu verið lögð á. Það væri lengi hægt að ræða um þetta, og ég hef ekki tíma til þess í þessari stuttu athugasemd. Ég vil aðeins benda á, að í lögum hefur ekkert ákvæði verið til um veltuútsvör. Nú er verið að setja slík ákvæði. Það kalla ég að lögfesta veltuútsvörin, og því er nú verr, að það á að gera á þann hátt að lögfesta allt það fargan í þeirri verstu mynd, sem það hefur verið framkvæmt, og þó útvíkka stórkostlega frá því, sem áður hefur verið. Og munu menn hafa búizt við öðru, þegar þetta mál væri tekið fyrir sem löggjafaratriði, en að þannig yrði á því haldið.

Hæstv. ráðh. var nokkuð státinn yfir því, að það væri verið að nema úr gildi ranglæti um útsvarsálögur á samvinnufélög. En hæstv. ráðh., — og það má ræða það síðar við umr. um þetta mál, — á eftir að athuga það betur, að þessi ákvæði, sem nú á að lögleiða um útsvör samvinnufélaga, fá alls ekki staðizt stundinni lengur. Það er alveg sama, þó að þetta verði sett í lög núna, þetta stenzt ekki stundinni lengur. Þeir, sem settu samvinnulögin, sáu alveg rétt. Það er ekki hægt að leggja útsvör á félagsmannaviðskipti kaupfélaga eftir sömu reglum og önnur viðskipti, m. a. af þeirri einföldu ástæðu, að kaupfélögin eru yfirleitt samtök fólks úr mörgum byggðarlögum, og hvernig á að vera hægt að skattleggja slíkt í eitt byggðarlag? Það er alveg óhugsandi, að það geti staðizt til lengdar að lögleiða eins konar toll á þessi viðskipti manna, sem dreginn sé í eitt af mörgum byggðarlögum, sem standa saman um félag. Þetta stenzt ekki stundinni lengur. Þeir, sem standa að þessu, hafa bara látið heift sína í garð samvinnufélaganna algerlega hlaupa með sig í gönur. Þeir hafa ekkert athugað, hvað þeir voru raunverulega að gera. Það var bara eitt, sem vakti fyrir þeim, og það var, að samvinnufélögin ættu að borga meira.

En niðurstaðan af þessu verður auðvitað ekki sú, að samvinnufélögin sem slík borgi neitt meira. Það verður bara fólkið í samvinnufélögunum, sem fær lakari viðskiptakjör en það hefur fengið fram að þessu. Þetta eru bara nýjar álögur á almenning, ekki verið að leggja neitt á samvinnufélögin, heldur á það fólk, sem hefur samvinnufélögin til þess að útvega sér vörur og vinna úr afurðum sínum. Það er það, sem verið er að gera. En þetta virðast þeir ekki hafa skilið eða athugað, sem standa að þessari frumvarpssmíð. Það verða að vera sérstakar reglur um þetta, vegna þess að hér er um almannasamtök að ræða, sem eru ekki lík neinum öðrum félagsskap um efnahagsmál í þjóðfélaginu. Þess vegna var samvinnuskatturinn lögleiddur.

En þá eru það svörin við spurningunum, sem ég vildi segja um aðeins örfá orð.

Ég spurði fyrst, hverjar væru þær reglur um frávik, sem talað er um í 3. gr., sem hæstv. ríkisstj. legði til að færa í lög. Og nú kemur það í ljós, að hæstv. ráðh. hefur ekkert yfirlit yfir þessi frávik, sem hann vill nú láta heimila í lögum. Hann segir, að það sé fjarstæða að ætlast til þess, að hann hafi yfirlit yfir þau, vegna þess að þau séu svo margbreytileg og mörg byggðarlög, sem eiga hlut að máli. En þá segi ég: Er hugsanlegt, að Alþ. lögfesti þessi frávik án þess að hafa hugmynd um, hver þau eru eða hvað það er að gera? Ég segi, að það sé óhugsandi. Ég segi, að einmitt þetta svar ráðh. sýni það, að þetta lagafrv. er óverjandi hrákasmíði og hefur verið rubbað upp á allt of stuttum tíma. Það, sem hér átti að gera, var að rannsaka þessi frávik, fá upplýsingar um þau víðs vegar að af landinu og setja síðan reglur um frávik í lögin.

Þá var það næst, að ég spurði um það, sem er eitt höfuðefni málsins, hvað sé velta og hvað vörusala. Hæstv. ráðh. virtist vera eitthvað óþolinmóður út af þessari spurningu og raunar fleiri spurningum. En ég verð nú að líta þannig á svar hæstv. ráðh., þótt ekki væri alveg ljóst, að skilningur hans sé sá, að velta sé í þessu sambandi aðeins vörusala, það verði að vera kaup og sala á vöru hjá gjaldanda, til þess að um veltu geti verið að ræða, — enda er það náttúrlega sá eini skilningur, sem raunverulega stenzt, — og þá hjá þeim, sem hafa vöru til umboðsmeðferðar, þá eru það umboðslaunin eða sú þóknun ein, sem einstaklingur eða fyrirtæki fær, annaðhvort fyrir að sjá um vinnslu á vörunni eða annast um kaup og sölu á henni fyrir aðra, fyrir annarra reikning. En hæstv. ráðh. minntist á það í þessu sambandi, að hér gæti verið um ýmis álitamál að ræða, og taldi, að niðurjöfnunarnefndir yrðu að skera úr því. En hér er um svo stórkostlega þýðingarmikið mál að ræða, að ég álít, að það þurfi að setja um þetta nánari ákvæði í lögin, enda kom það fram hjá hæstv. ráðh., og mér þótti vænt um það, að það mundi sjálfsagt að athuga það, í nefnd þá væntanlega, hvort þetta gæti ekki orðið skýrara. En það er einmitt mjög þýðingarmikið, að þetta geti orðið sem skýrast.

Þá sagði hæstv. ráðh. og svaraði því alveg skýrt, að að sínu viti og þeirra, sem stæðu að frv., væri það fjarstæða að leggja mismunandi veltuútsvarsprósentu á viðskiptin eftir því, hver hefði þau með höndum. En þá hygg ég, að líka hefði verið vissara að setja þetta inn í lögin sjálf, vegna þess að Reykjavíkurreglan, sem fylgir með á fskj., gæti gefið tilefni til þess að halda, að þessi prósenta mætti vera mismunandi, og gæti valdið stórkostlegum misskilningi.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég mætti ekki búast við því, að í þessari löggjöf væri hægt að setja ákvæði um það, hvort veltuútsvarið bæri að taka inn í verð varanna, eins og t. d. söluskattinn. Ég hefði nú álitið, að það hefði verið eðlilegast, að þetta hefði verið gert algerlega ljóst. Það þarf að koma fram, hvort hér á að vera um söluskatt að ræða eða skatt á tekjur og eignir gjaldendanna, sem hann er lagður á. En hæstv. ráðh. telur það ekki viðeigandi, og látum það vera, þó að því væri þá sleppt í þessari löggjöf, en þá þarf a. m. k. að liggja alveg ljóst fyrir, hvernig verðlagslögin verða framkvæmd að þessu leyti. Annars botna menn í raun og veru ekkert í því, hvað hér er verið að gera. Ef ekki væri verðlagseftirlit í landinu, mundi þetta veltuútsvar að sjálfsögðu leita inn í vöruverðið. Það kæmi nokkurn veginn af sjálfu sér, að það mundi leita inn í vöruverðið, bæði í iðnaði og verzlun og annars staðar. En nú er hér löggjöf um verðlagseftirlit, og þá kemur þessi spurning, sem er alveg nauðsynlegt að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um eða hæstv. ríkisstj. við meðferð málsins: Hvernig á að framkvæma þetta stórkostlega atriði í verðlagningunni? Á að taka veltuútsvörin inn í verðið eða ekki? — Ég hef ekki tíma fyrir nema stutta aths. og skal ekki þreyta hæstv. forseta frekar en orðið er.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa 1. umr. að segja fáein orð um þetta vandamál, til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, og sömuleiðis til athugunar og ákvarðana fyrir hæstv. ríkisstj. Ég geri þetta því fremur vegna þess, að ég hef engin áhrif haft á undirbúning þessa máls og ekkert komið þar nærri og ekki séð þetta frv. fyrr en s. l. föstudag, þegar það var lagt hér fram. En eins og kunnugt er, hefur það um langa tíð og kannske alltaf verið eitt af mestu vandamálum okkar lands, hvernig á að leggja útsvörin á, og það vandamál hefur farið sívaxandi eftir því, sem útsvörin hafa hækkað í öllum sveitarfélögum. Svo er komið á síðustu árum, að það er búið að hlaða svo miklum gjöldum á sveitarfélögin, bæði í sveitum og kaupstöðum, að þau rísa ekki undir þeim þunga. Þess vegna er þetta eitt af allra flóknustu vandamálum, sem um er að ræða, og nauðsynlegt að hugsa sem rækilegast um.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og tekið er fram í grg., samið af nefnd og lagt fram, að mér skilst, eins og það kom frá þeirri nefnd. Nú eru mörg þýðingarmikil atriði í þessu frv., sem ég tel ástæðu til að athuga nokkru nánar, og af því að ég þekki þá ágætu menn, sem eru í okkar hæstv. ríkisstj., þá efast ég mjög um, að þeir hafi hugsað þetta mál eða gefið sér nægilegan tíma til þess að hugsa það út í æsar. Það, sem ég á sérstaklega við í þessu sambandi, eru þau ákvæði þessa frv., sem snúa að veltuútsvarinu. Mér hefur alla tíð og mörgum öðrum verið illa við nokkrar heimildir til veltuútsvara, en þau hafa verið á lögð víðs vegar um land, og það má vel vera, að það sé rétt hjá þeim, sem um þetta mál

hafa fjallað, að það sé ekki hægt að komast hjá því að leggja þau á framvegis. En eins og hæstv. fjmrh. tók fram, er það rétt, að í þessu frv. er slegið föstu takmörkun á því, hvað veltuútsvör megi vera há. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þó að veltuútsvör séu heimiluð, verði að takmarka þau miklu meira en gert er samkv. þessu frv. og sérstaklega kemur fram í 6. gr. þess. Og það mál er í mínum augum óskylt þeim mikla ágreiningi, sem hefur verið og er um það, hvort það sé rétt, að útsvarsskylda sé sama á sams konar starfsemi hjá hlutafélögum, einstaklingum og samvinnufélögum, því að það er mjög mismunandi starfsemi samvinnufélaganna og sömuleiðis annarra þeirra fyrirtækja, sem fást við viðskipti.

Það, sem ég finn fyrst og fremst að þessum ákvæðum, sem hér eru, er það, að ég tel ekki réttmætt að heimila veltuútsvör á vinnslustöðvar og framleiðslufélög, því að sú starfsemi öll er gagnólík hinum almenna verzlunarrekstri og á þess vegna að vera að mínu áliti að mestu leyti útsvars- og skattfrjáls. Sú skoðun er ekki neitt ný frá minni hálfu, því að ég hef haft hana í 40 ár og hún er óbreytt enn. Ég skal taka tvö dæmi um mismuninn í þessari aðstöðu.

Við höfum hér í miðri höfuðborginni tvö samvinnufélög, sem eru gagnólík. Annars vegar er það Sláturfélag Suðurlands, sem er vinnslustöð fyrir alla bændur á Suðurlandi til þess að taka á móti sláturafurðum og selja þær aðallega í heildsölu. Hins vegar höfum við Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem er almenn verzlun og hefur ekki með höndum, að því er ég bezt veit, neina framleiðslustarfsemi. Ef veltuútsvörin eru á annað borð heimiluð, þá tel ég ekkert óeðlilegt, að Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis verði að borga veltuútsvar af sinni starfsemi alveg á sama hátt og verzlanir hlutafélaga og einstaklinga. En þessu er allt öðruvísi háttað með Sláturfélag Suðurlands. Ég teldi það alveg ógerning, að það væri heimilað fyrir niðurjöfnunarnefndina hér í Reykjavík að leggja veltuútsvar á alla starfsemi eins og Sláturfélags Suðurlands. Og svo er þetta yfirleitt almennt um landið.

Ég skal nefna annað dæmi, sem er í mínu héraði, norður á Blönduósi. Þar höfum við tvö stór samvinnufélög, sem annast meginhlutann af allri verzlun í héraðinu. Annars vegar er Sláturfélag Austur-Húnvetninga. Það tekur á móti öllu sláturfé bændanna í innhéraðinu og gerir afurðirnar að söluhæfri vöru, að miklu leyti til útflutnings og að nokkru leyti til heildsölu hingað til Reykjavíkur og kannske eitthvað ofur lítið annað, en aðallega hingað til Reykjavíkur. Í öðru lagi hefur Sláturfélag Austur-Húnvetninga með að gera mjólkurstöðina á Blönduósi, sem hefur það hlutverk að taka við allri mjólk, sem framleidd er í héraðinu og jafnvel líka í Vestur-Húnavatnssýslu, og koma henni í verð. Að leggja það til eða heimila það, að hreppsnefndin á Blönduósi hefði leyfi til þess að leggja veltuútsvar á alla starfsemi Sláturfélags Austur-Húnvetninga, það get ég ekki samþykkt. Við hliðina á Sláturfélaginu höfum við svo aðalverzlun héraðsins, sem er Kaupfélag Húnvetninga, sem hefur með að gera alla hina almennu verzlun, sem er ekki framleiðsla. Ég tel það alveg gagnólíkt, þó að veltuútsvar sé heimilað að leggja á það félag, og ef á annað borð er heimilað að leggja það á aðrar verzlanir, þá getur það gengið, þó að mér sé yfirleitt illa við öll þessi veltuútsvör.

Það væri hægt að fara víðar yfir, en þetta verður að nægja, ekki einasta varðandi samvinnufélög, heldur og líka hlutafélög og aðrar verzlanir, að það verður að greina þarna á milli, hvort það er verið að vinna úr afurðum eða það er verið með almennan verzlunarrekstur. T. d. ef við höfum fiskfrystihús og annað slíkt, þá er það gagnólíkt, hvort það er verið að vinna úr afurðunum og koma þeim í verð eða það er almennur verzlunarrekstur. Við skulum taka t. d. togaraútgerðina. Ég teldi það mjög óeðlilegt, að það væri heimilað að leggja veltuútsvar á fiskinn, sem togararnir veiða og flytja til útlanda til sölu, og sömuleiðis á þann fisk, sem unninn er í frystihúsum og vinnslustöðvum og fluttur út eða seldur í heildsölu. Þetta er ákaflega flókið og vandasamt mál, sem er í aðalatriðum hægt að marka í lögum, en ekki er hægt fullkomlega að ganga frá nema með nákvæmri reglugerð. Þó er það svo, að í þessu frv. er líka heimilað að leggja veltuútsvar á alla afurðasölu bændanna hjá einstaklingunum sjálfum. Þetta álít ég ekki heldur réttmætt, því að um leið og tekjuskattur er afnuminn að mestu leyti, sem nú er samkv. skattalagafrv., tekjuskattur er afnuminn á öllum almenningi, þá á að vera rýmra um fyrir hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir með niðurjöfnun útsvara eftir hinni almennu reglu um álagningu á tekjur og eignir. En með þessu móti gæti það vel komið fyrir, að veltuútsvar væri marglagt á sömu vöru, þannig að það er fyrst lagt á á frumstigi framleiðslunnar hjá bændunum sjálfum, í öðru lagi hjá vinnslustöðinni, sláturfélaginu eða mjólkurbúinu, og í þriðja lagi í smásölunni. Ef á annað borð á að leggja veltuútsvar á framleiðsluvörur, sem mér er ákaflega ógeðfellt, þá finnst mér, að það megi ekki elga sér stað nema í smásölunni, á hinu síðasta stigi, þegar varan er seld, því að þá er trygging fyrir því, að veltuútsvar sé þó ekki lagt nema einu sinni á sömu vöru. Þetta vildi ég taka hér fram nú þegar, en ég ítreka það, að þetta yrði að gilda alveg jafnt fyrir allan verzlunarrekstur. Ég nefni hér Sláturfélag Suðurlands. Ég álít, að það ætti að gilda alveg sama regla um það, þó að það væri frystihús eða sláturhús hjá Garðari Gíslasyni eða hann hefði um að fjalla, sem hann hefur nú, nokkra afurðasölu, þá verður það að skiljast frá og vera undir annarri reglu en hinn almenni verzlunarrekstur. Hér var rétt áðan að tala hv. 3. þm. Vesturl. (HS), sem þekkir, eins og við sennilega allir, ástandið

í Borgarnesi. Ég tel það alveg tvennt ólíkt, hvort honum sem bæjarstjóra væri heimilað að leggja veltuútsvar á mjólkurbúið í Borgarnesi eða sláturhúsið ellegar hann ætti þá heimild til að leggja á Kaupfélag Borgfirðinga, hinn almenna verzlunarrekstur þar. Á þennan hátt vil ég þess vegna aðgreina, hvernig með þetta mál yrði farið.

Það er annað atriði í 3. gr. þessa frv., sem ég tel nokkuð athugavert. Þar stendur, að það sé heimilt að vefengja skattaskýrslur framteljendanna. Þetta er nú eitt af mörgu, sem hefur það í för með sér, að það hafa oft að undanförnu verið árekstrar milli hinna einstöku skattayfirvalda, og víst hefur það verið gert af niðurjöfnunarnefndum og hreppsnefndum eitthvað að vefengja skattaskýrslurnar. Þessa vil ég ekki gefa þeim neina heimild til, — enga. Þegar er búið að ganga frá skattaskýrslum, sem á að ganga gegnum undirskattanefnd, yfirskattanefnd og, ef kært er, ríkisskattanefnd, þá á það að gilda, og þegar það á að vera grundvöllur, vil ég ekki gefa hreppsnefndum eða niðurjöfnunarnefndum neina heimild til þess að grauta þar í, því að gegn því eru einstakir gjaldendur varnarlausir. Þetta vildi ég biðja hv. nefnd einnig að taka til athugunar, því að það þarf að vera á því önnur regla, þegar á að fara að binda útsvörin eingöngu við skattaframtöl, en afnema þá almennu reglu, sem verið hefur á undanförnum áratugum, að útsvörin skuli lögð á eftir efnum og ástæðum.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, að það sé til þess ætlazt, að það gangi hér gegnum þingið. En það er okkur öllum þýðingarmikið mál, að það sé sem allra bezt athugað og sniðnir af þeir agnúar, sem eðlilegt er að séu ekki látnir vera í slíku stórmáli sem hér er um að ræða.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég mun ekki ræða frv. það, sem hér er til umr., almennt við þessa 1. umr. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér þótti rétt að vekja eftirtekt á misræmi, sem mér sýnist vera í lagagrein og svo tilsvarandi skýringu í aths., sem fylgja frv., og fá þá svör við því, væntanlega frá hæstv. fjmrh., hver sé réttur skilningur í því atriði.

Í 3. gr., c-lið, segir, að útsvör s. l. árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót. Ákvæði þetta er skýrt eitt út af fyrir sig. En í aths., sem fylgja frv., sem eru skýringar á lagagr., segir svo í 5. mgr.: „Í þriðja lagi er aftur á móti lagt til, að útsvör næstliðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, að svo miklu leyti sem þau hafa verið greidd fyrir áramót.“ Á þessu tvennu er að sjálfsögðu verulegur munur. Og nú spyr ég: Á aðeins að draga útsvör næstliðins árs frá, þegar þau hafa að fullu verið greidd fyrir áramótin, eða á að draga þann hluta útsvarsins, sem kann að hafa verið greiddur fyrir áramót, frá, enda þótt útsvarið hafi ekki að öllu leyti verið greitt? Í öðru lagi: Ég skil frv. þannig, að skýlaus heimild sé að draga veltuútsvör s. l. árs frá eins og bæði tekjuútsvar og eignaútsvar. Ég held, að það gerði ekki til, þó að það kæmi greinilegar fram en frv. ber með sér.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í því lagafrv. um útsvör, sem hér liggur fyrir, skilst mér, að fram komi einkum þrennt, sem hlýtur að draga að sér athygli. Það er í fyrsta lagi, að hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði í fyrsta sinn heimild fyrir veltuútsvörum. Í öðru lagi, að nú á að taka upp þá nýbreytni, að samvinnufélög eiga að gjalda útsvör til jafns við önnur verzlunarfyrirtæki. Og í þriðja lagi, að taka á upp skattstiga, sérstaka skattstiga, sem Alþ. samþykkir, í stað þess, sem áður hefur verið falið sveitarstjórnum í sjálfsvald, hvernig þær vildu útbúa sínar reglur, og miða þá við efni og ástæður þegnanna í viðkomandi hreppi eða bæjarfélagi. Með því að þessi nýmæli eru öll þess eðlis, að þau snerta mjög marga, flesta, máske alla þegna í landinu, þá þykir mér vert að fara um þessi atriði hvert um sig fáeinum orðum.

Í fyrsta lagi komum við þá að veltuútsvörunum. Ég minnist þess, að á mörgum undanförnum þingum hefur, að því er ég ætla, á vegum Sjálfstfl. eða a. m. k. af fulltrúa þess flokks hér á þingi verið flutt frv. um að afnema veltuútsvör og sýnt fram á það með þar tilgreindum röksemdum, að einmitt þessi útsvör ættu engan rétt á sér. Ég minnist þess, að hv. fyrrv. þm., Björn Ólafsson, hefur einmitt flutt slík frv. hér þrásinnis á þingi. Hann hefur gjarnan ár eftir ár lesið hér upp langa lista um það, hvernig einstök félög, sem hann þó hefur ekki nafngreint, eða einstök fyrirtæki hafa orðið að greiða veltuútsvör, sem námu hærri fjárhæðum en nettótekjur viðkomandi félaga. Nú er ekki því að neita, að ef treysta mætti framtölum, er hér um ranglæti að ræða, og þessi útsvör eru hreinlega til komin vegna þess, að skattanefndir í kaupstöðum og sveitum hafa haft ástæðu til þess að vefengja framtöl. Veltuútsvörin hafa raunverulega verið eins konar svikaskattur, þar eð ekki varð komið neinum útsvörum á ærið stóran fjölda fyrirtækja, ef fara átti eftir framtölum þeirra einum saman. En engu að síður hefur það legið í augum hvers manns, sem að hefur gætt, að jafnvel þau hin sömu félög, sem þannig voru ár eftir ár látin borga hærra veltuútsvar en nam öllum nettótekjum þeirra, hafa samt haldið áfram að blómgast og dafna. Það skýtur þess vegna dálítið skökku við, þegar hér stendur sá stjórnmálaflokkur fyrir því að lögfesta þessi útsvör, sem hingað til hefur háð hér á Alþingi harða baráttu gegn þeim. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, og mér þætti við eiga, að nokkur skýring kæmi hér á, hvað veldur þeirri breyt., sem Sjálfstfl. virðist hafa tekið í afstöðu til þessara mála. Ég er þeirrar skoðunar, að vissulega hefði það verið betra spor, sem stigið hefði

verið, ef takast hefði mátt að gera skattframtölin áreiðanlegri en þau eru, og eiga þá ekki við að lögfesta veltuútsvör. En hér virðist engin tilraun til þess gerð að stíga skrefið í þá átt, sem þó hefur einmitt af talsmanni Sjálfstfl. verið talin hin mesta nauðsyn hér á þingi mörg undanfarin ár.

Þegar vikið er að öðru því nýmæli, sem hér er um að ræða, útsvarsálagningunni á samvinnufélögin, þá hefur hér verið réttilega bent á, að það er mjög ósanngjörn framkvæmd að leyfa því sveitarfélagi, sem hefur innan sinna vébanda samvinnufélag eða verzlunarsamtök samvinnumanna, sem rekin eru eftir samvinnulögum, að leggja á það útsvar bara fyrir sig, enda þótt félagið starfi kannske í þjónustu fjölmargra annarra hreppa eða bæjarfélaga. Hér er þess vegna um það að ræða, að taka á upp sams konar rangsleitni varðandi þessi félög og lengi hefur viðgengizt til hagsbóta fyrir Reykjavíkurbæ gagnvart þeim fyrirtækjum, sem reka hreina landsverzlun. Ég hef hér á þessu þingi og raunar á mörgum undanfarandi þingum flutt sérstakt frv. um útsvar ríkisstofnana, sýnt hér fram á það, að af áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasölu, þessum tveim fyrirtækjum, hefur Reykjavíkurbær tekið á undanförnum árum útsvar, sem er álíka hátt og t. d. öll útsvörin í Vestmannaeyjum. Þetta útsvar er auðvitað tekið af verzlun, sem þessi fyrirtæki reka ekki bara við Reykvíkinga, heldur við landsbyggðina alla, við landsmenn alla. Ég sé ekki, að það sé nein sanngirni í því að semja nýtt frv. til útsvarslaga án þess að gera nokkra minnstu tilraun til þess að leiðrétta það augljósa misræmi, sem hér kemur fram í útsvarsálagningu þessara tilteknu ríkisstofnana. Á hinn bóginn hefði einnig mátt ætlazt til þess, að ríkisstj. við endurskoðun útsvarslaga og þeir menn, sem falið var að vinna að henni, tækju til athugunar þá hugmynd, sem oft hefur verið hér uppi á Alþingi og frv. liggur hér frammi um nú, að gera útsvar þeirra fyrirtækja, sem reka verzlun við landið allt, að landsútsvari og jafna þeim greiðslum til hinna ýmsu bæjar- eða sveitarfélaga úti á landsbyggðinni á svipaðan hátt og nú er fyrirhugað að jafna nokkrum hluta af söluskattinum gegnum jöfnunarsjóð til þessara félaga.

Ég sem sagt harma það, að til þessa hefur ekkert tillit verið tekið við samningu þessa frv., heldur þvert á móti gengið enn lengra á braut þess misræmis, sem sveitarfélög landsins búa við nú, með því að ætla nú að leyfa takmarkalausa útsvarsálagningu á samvinnufélög í þeim hreppi, sem þau starfa í, án tillits til þess, þótt þar sé verið að leggja skatt á þegna, sem búa utan þess sveitarfélags. Þá vil ég einnig halda fram þeirri skoðun, að það sé í eðli sínu ranglátt að skatta samvinnufélög með þeim hætti og þau félög, sem eru í einkaeign. En ég geri ekki ráð fyrir því, að sú skoðun mín verði til þess að breyta áliti ríkisstj., því að það er sjáanlega einn höfuðtilgangurinn í efnahagslöggjöfinni og þar með talið í því frv., sem hér liggur fyrir, sem er auðvitað einn liðurinn í öllum þeim breytingum, sem núv. ríkisstj. er að framkvæma á okkar efnahagskerfi, og einn aðalþátturinn í þeirri viðleitni, sem þar er höfð uppi, að eyðileggja samvinnufélögin, gera þau vanmegnug til þess að þjóna þeim tilgangi, sem þau voru upphaflega til stofnuð.

Kem ég þá að þriðja atriðinu, sem hér er um að ræða, en það er að útbúa stiga fyrir útsvarsálagninguna, í stað þess að láta viðkomandi hreppsfélög þar um sjálf, eins og tíðkazt hefur til þessa. Hér eru í frv. útbúnir þrír skattstigar, og þeir eru útbúnir svo hugvitsamlega, að í styztu máli eru þeir þannig gerðir, að menn skulu ekki bara skattaðir eftir því, hvað þeir hafa miklar tekjur, heldur eftir því, hvar þeir búa í landinu. Hér eru settir upp þrír skattstigar, einn fyrir Reykjavík, annar fyrir sveitarfélög og sá þriðji fyrir bæjarfélög önnur en Reykjavík. Og þótt stjórnarskrá landsins ætlist sjáanlega til þess, að þegnarnir skuli vera jafnir fyrir lögunum og þá væntanlega frammi fyrir skattalöggjöf og útsvarslöggjöf eins og annarri löggjöf, þá hefur ríkisstj. og þeir aðilar, sem að þessari lagasmíð standa, þverbrotið þessa reglu, þannig að þeir hafa sett upp regluna: Minnst skulu borga þeir, sem búa í Reykjavík. Nokkru meira skulu greiða þeir, sem búa í sveitum landsins. En mest skulu þeir greiða, sem búa í kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur. — Ég skal að vísu taka það fram, að þetta hlutfall milli Reykjavíkur og sveitarfélaganna á ekki við um allan skattstigann, því að það gildir þar til komið er í um það bil 80 þús. kr. tekjur hjá einstaklingi, þá helzt þetta í hendur. Sveitamenn eiga að borga meira en Reykvíkingar, þeir sem hafa minni tekjur en 80 þús., en þegar komið er í 80—100 þús., þá eiga Reykvíkingar og sveitamenn að borga nokkuð svipað, en Reykvíkingar öllu meira, þegar komið er yfir þær tekjur, enda munu þær vera fátíðar í sveitum landsins. En alls staðar eiga þeir, sem búa í kaupstöðum utan Reykjavíkur, að borga meira en Reykvíkingar. Það er auðvitað eðlileg afleiðing af því, að þegar Reykjavík er búin að svelgja til sín ein útsvörin af stærstu landsverzlunum, eins og ég hef nefnt hér nokkur dæmi um, þá er auðvitað hægt að ívilna skattþegnum í Reykjavík á kostnað þeirra, sem úti á landsbyggðinni búa. Það verður ekki séð, að það séu neinar aðrar þarfir, sem að kalla í Reykjavík eða kaupstöðum utan Reykjavíkur. Helztu viðfangsefnin í þessum byggðarlögum eru öll hin sömu. Þau eru að framkvæmdum til að koma á sameiginlegum vatnsveitum, sameiginlegum skolpæðum, gatnagerð o. s. frv., og verður þar ekki séður á neinn aðstöðumunur. Á hinn bóginn ber að játa það, að verkefnin eru nokkur önnur í kaupstöðum eða í sveitum. Í kaupstöðum er talið nauðsynlegt að gera ýmislegt sameiginlegt fyrir kaupstaðar-

búana, sem er ekki gert nema óvíða í sveitum. Þar er t. d. ekki mikið um það, að sameiginlegar skolpæðar séu lagðar um heilar sveitir, eða ýmislegt annað það, sem menn sameiginlega leggja fé til í kaupstöðum. Það hefði þess vegna ekki verið alveg ástæðulaust, þó að ætlað hefði verið, að hægt væri að komast af með nokkru lægri útsvör í sveitum en í kaupstöðum. Ef miðað er við Reykjavík, þá er það ekki gert, heldur farið öfugt að, þegar miðað er við almennar tekjur.

Ég vil nefna nokkur dæmi um það, sem ég hér hef sagt. Af 40 þús. kr. tekjum gera lögin ráð fyrir, að Reykvíkingur greiði 3890 kr. Sá, sem býr í sveit, á að borga af þeim tekjum 4880 kr. En sá, sem býr í kaupstað utan Reykjavíkur, á að borga af þeim tekjum 5700 kr. Þ. e. a. s., ef við berum saman Reykjavíkurbúa og íbúa í kaupstöðum utan Reykjavíkur, þá á af þeim tekjum, 40 þús. kr. tekjum, hver sá, sem býr utan Reykjavíkur, að borga 146½ kr. á móti hverjum 100 kr., sem Reykvíkingur geldur. Ef haldið er áfram upp eftir skattstiganum og athugað, hvað skeður við 50 þús. kr. útsvarsskyldar tekjur, þá kemur í ljós, að af þeim tekjum á Reykvíkingur að borga 6090 kr., sveitamaður á að borga 6680 kr., kaupstaðarbúi utan Reykjavíkur á að borga 8200 kr. Ef litið er á, hvernig þetta kemur út, þegar komið er upp í 80 þús. kr. tekjur, þá jafnast þar um það bil nákvæmlega útsvarsgreiðsla Reykvíkinga og sveitamanna. Af 80 þús. kr. útsvarsskyldum tekjum á Reykvíkingur að borga 10890 kr., sveitamaður 10880 kr., 10 kr. minna, en kaupstaðarbúi utan Reykjavíkur á að borga 13500 kr. Þannig mætti áfram halda, og réttlætið í þessu virðist liggja eitthvað dýpra en séð verður við fljóta athugun á frv., ef það þá er þar að finna.

Nú skal það að vísu játað, að ekki er þessum skattstigum slegið þann veg föstum, að ekki megi breyta út frá þeim. Ef tekjuþörf viðkomandi sveitarfélaga eða bæjarfélaga er önnur en þessi skattstigi gefur tilefni til, þá má færa til allan stigann. Engu að síður hljóta þeir skattstigar, sem hér á að lögfesta, að miða mjög að því, að þeir verði hinir raunverulegu útsvarsstigar í viðkomandi sveitar- eða bæjarfélögum. Og þó að hér sé ekki með lagaboði slegið endanlega föstu, að svona skuli það vera og engan veginn öðruvísi, þá er þó greinilega að því miðað, svo að ekki verður um villzt. Stjórnarskráin gerir ráð fyrir því, að yfirleitt séu þegnar landsins jafnir fyrir lögum. Sjálfsagt hefur þá, sem að samningu stjórnarskrárinnar stóðu á sínum tíma, ekki órað fyrir því, að nokkru sinni mundu rísa upp í landinu stjórnarvöld, sem hefðu tilhneigingu til þess að mismuna þegnunum jafnherfilega eftir því, hvar þeir hafa búsetu, eins og nú er komið á daginn, og þess vegna ekki tekið fram beinlínis í stjórnarskránni, að þetta væri bannað. En þar er t. d., í 78. gr. stjórnarskrárinnar, sagt: „Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má ekki taka í lög.“ En það liggur orðið býsna nærri, að Reykjavík sé gerð að aðili þjóðarinnar með því að lögleiða það, sem hér hafa verið lagðar fram tillögur um. En því vil ég ekki láta ómótmælt við þessa 1. umr. málsins og vænti þess, að sú nefnd, sem tekur þetta frv. til athugunar, skoði það vel, hvort hér er ekki gengið feti lengra en sæmilegt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:2 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 497, 503 og 509, 500).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 273, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör, var sent heilbr.- og félmn. til umsagnar að lokinni 1. umr. hér í þessari hv. deild. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. allýtarlega á nokkrum fundum og fengið sér til ráðuneytis skrifstofustjóra félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, við athugun þess.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og munu tveir nm., þeir Jón Skaftason, hv. 4. þm. Reykn., og Hannibal Valdimarsson, skila séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv., verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma í nál. hans á þskj. 497. Eru þessar helztar efnislega séð:

Á a-lið 7. gr. frv. leggur meiri hluti n. til að gerð verði sú breyting, að þrjú neðstu þrep þess útsvarsstiga, sem þar er tilgreindur, verði felld burt. Eins og fram kemur af grg. frv., er umræddur útsvarsstigi, sem ætlaður er hinum minni sveitarfélögum, saminn að tilhlutan stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem kvaddi sér til aðstoðar í þessu sambandi fimm starfandi hreppsnefndaroddvita. Gerði útsvarsstigi þessi ráð fyrir, að byrjað væri að leggja á 3000 kr. tekjur. Telja kunnugir, að þetta hafi verið gert fram að þessu og nauðsynlegt sé fyrir sum minnstu sveitarfélögin, sem lélegastan tekjustofn hafa, að fá að halda þessari heimild. En meiri hl. heilbr.- og félmn. telur, að ekki sé rétt að heimila nokkru sveitarfélagi að leggja útsvar á svo lágar tekjur, þrátt fyrir það að vitað er. að þetta getur valdið einstaka sveitarfélögum einhverjum örðugleikum og jafnvel orsakað, að fleiri þeirra lendi með aukaframlag úr jöfnunarsjóði en gert var ráð fyrir, er frv. var samið.

Þá leggur meiri hl. n. til, að tekin verði ný grein inn í frv. og komi hún eftir 7. gr. þess og sé þess efnis í fyrsta lagi, að sláturhús og mjólkurbú verði undanþegin veltuútsvari, í öðru lagi, að útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu verði að hámarki ekki meira en 2½‰ af heildarveltu, og í þriðja lagi, að veltuútsvör, miðað við tegund gjaldstofns, verði hvergi hærri en þau voru árið 1959.

Um sláturhús og mjólkurbú er það að segja, að meiri hl. nefndarinnar telur að athuguðu máli, að vörur þær, sem hér um ræðir, séu hjá umræddum aðilum aðeins í vinnslu, svo að þær verði söluhæfar, og afhentar þaðan án álags.

Hvað mjólkinni viðvíkur sérstaklega, hlyti það að teljast í fullu ósamræmi, ef hún yrði gerð útsvarsskyld á vinnslustigi, þegar þess er gætt, að mjólkursamsalan, sem annast sölu mjólkur til neytenda, er með sérstökum lögum undanþegin útsvari.

Varðandi annan lið þeirrar greinar, sem lagt er til að tekin verði inn í frv., þ. e., að útsvar af landbúnaðarafurðum, seldum í umboðs- eða heildsölu, skuli aðeins vera 2½‰, er það að segja, að mjög var um það spurt hér í hv. deild við 1. umr. frv., hvenær ætlazt væri til, að útsvarið væri lagt á söluverð þessara vara, og hvenær á þau umboðslaun, sem tekin væru fyrir dreifingu þeirra. Var sérstaklega um þetta spurt í sambandi við afurðir bænda, sem kaupfélögin tækju við og önnuðust fyrirgreiðslu á.

Í þessu sambandi er rétt, að hv. þm. geri sér grein fyrir, að fram að þessu hefur það alveg verið á valdi hverrar niðurjöfnunarnefndar út af fyrir sig að meta, hvenær veltuútsvar væri lagt á andvirði vara og hvenær væri aðeins lagt útsvar á þá þóknun, sem greidd væri sem umboðslaun fyrir meðferð vörunnar. Hver niðurjöfnunarnefnd hefur svo orðið að mynda sér sína eigin reglu í þessu sambandi. Heildarreglur eða ákveðin skilgreining hefur ekki verið fyrir hendi.

Nefnd sú, sem undirbjó þetta frv., leitaði í þessu sambandi álits tveggja aðila, sem mjög hafa fengizt við skatta- og útsvarsmál og eru öllum aðstæðum kunnugir, en það voru skattstjórinn í Reykjavík og form. niðurjöfnunarnefndarinnar. Töldu þessir aðilar eðlilegast, að við þá bráðabirgðabreytingu, sem verið er að gera á útsvarslögunum, yrði heimild til álagningar veltuútsvara á þessar vörutegundir mjög lág, eins og lagt er til í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir.

Það, sem hér veldur erfiðleikum, er, að umboðslaun eru mjög mismunandi há, eða frá 2—3% upp í allt að 20—25%, t. d. af bókum og tímaritum, sem í flestum tilfellum er selt í umboðssölu, eða mun hærra en leyfileg álagning á marga vöruflokka, sem veltuútsvar hefur árum saman verið lagt á.

Við *heildarendurskoðun* útsvarslaganna hljóta hins vegar að verða settar fastar reglur um, hvenær útsvar skuli lagt á umboðslaun og hvenær veltuútsvar skuli lagt á andvirði vara, sem seldar eru í umboðssölu. Þetta er atriði, sem þarf nákvæmrar athugunar við, og því eðlilegt, að það bíði heildarendurskoðunar laganna.

Í 3. mgr. þeirrar greinar, sem meiri hlutinn leggur til að tekin verði inn í frv., er tekið það ákvæði, sem áður var í 5. gr. þess, varðandi veltuútsvarsálag í Reykjavík, að það mætti ekki vera hærra, miðað við tegund gjaldstofns, en það var árið 1959, en nú látið ná til sveitarfélaganna allra, þó með því fráviki, að þar sem veltuútsvör voru ekki á lögð s. l. ár eða voru lægri að hundraðshluta en í Reykjavík, megi þau í ár hækka til samræmis við það, sem þau voru á lögð það ár á þessum tilgreinda stað.

Breyting sú, sem meiri hl. n. leggur til að gerð sé við 8. gr. frv., þess efnis, að kaupstöðunum, sbr. 6. gr., og öðrum sveitarfélögum, sbr. 7. gr., sé heimilt að fella niður útsvar af tekjum, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 kr., byggist á því, að mjög hefur verið eftir því sótt af þeim kaupstöðum, sem áður höfðu ekki lagt útsvör á lægri tekjur en 20 þús. kr., að fá heimild til þess að halda þeirri aðstöðu óbreyttri, og hefur meiri hl. n. fallizt á það sjónarmið með þessari brtt.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð sé á 9. gr. frv., að heimila sveitarfélögunum að undanþiggja við útsvarsálagningu að öllu eða einhverju leyti bætur almannatrygginga, byggist á því, að fyrir liggur vitneskja um, að þetta hefur verið gert í mjög mörgum sveitarfélögum við álagningu útsvara undanfarin ár, þó að um það hafi engin föst regla verið, enda mjög misjafnt, að hve miklu leyti tekið hefur verið tillit til bóta almannatrygginga í hinum ýmsu sveitarfélögum við niðurjöfnun útsvara.

Sama er að segja um heimildina um að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

Þetta eru þær efnisbreytingar, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til að gerðar verði á frv. frá því, sem það var, þegar það var sent nefndinni eftir 1. umr. hér í þessari hv. deild.

Mér þykir hlýða við þetta tækifæri að fara nokkrum orðum um frv. almennt.

Þegar efni þess er rætt, verður að hafa það í huga, að hér er aðeins um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum að ræða. Er ætlunin, að heildarendurskoðun þeirra fari fram þegar á þessu ári og verði frv. um nýja útsvarslöggjöf lagt fram, þegar hv. Alþingi kemur saman aftur til fundar.

Nefnd sú, sem hæstv. fjmrh. skipaði hinn 7. des. s. l. til þess að undirbúa þetta frv., lét fara fram margþætta athugun í sambandi við undirbúning málsins og þær breytingar, sem talið er nauðsynlegt að gerðar séu á útsvarslögunum.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa, varð henni ljóst, að heildarendurskoðun útsvarslaganna yrði ekki framkvæmd innan þess tíma, sem henni var ætlað að skila till. sínum. Málið er umfangsmeira en svo og margþættara, að slíkt væri unnt, enda eðlilegt, að endurskoðun útsvarslaganna og breytingar á þeim, sem til frambúðar eiga að standa, færu fram samtímis heildarendurskoðun skattalaganna.

Af þeirri ástæðu lagði nefndin til, að þær bráðabirgðabreytingar, sem um er að ræða í þessu frv., sem hér liggur fyrir, væru lagðar fyrir þetta hv. Alþingi.

Í 4. gr. gildandi útsvarslaga er svo fyrir

mælt, að útsvar skuli leggja á eftir efnum og ástæðum. Er þetta meginregla þeirra útsvarslaga, sem nú gilda. Niðurjöfnunarnefndir sveitarfélaganna, yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd og löggjafarvaldið sjálft hafa hins vegar fyrir löngu gert þetta ákvæði óvirkt. Hver niðurjöfnunarnefnd fyrir sig hefur búið sér til sínar eigin reglur og leggur útsvar á eftir þeim í samræmi við skattaframtal hvers gjaldanda. Er þá byggt á þeim tekjum og eignum, sem fram koma á framtalinu, og mun það heyra til undantekninga, ef niðurjöfnunarnefnd vefengir framtöl, eftir að skattayfirvöld hafa yfirfarið þau og metið hag og aðstæður gjaldenda, heldur hafa nefndirnar lagt útsvar á eftir því. Má segja a. m. k. hvað kaupstaðina snertir, að niðurjöfnun útsvara sé að mestu leyti orðin bein skrifstofuvinna og útreikningar eftir vissum reglum, enda er það svo, að ef niðurjöfnunarnefnd vefengir framtal og metur gjaldanda og leggur útsvar á hann eftir efnum og ástæðum, eins og útsvarslögin gera ráð fyrir, krefjast þær n., sem yfir niðurjöfnunarnefndirnar eru settar, að niðurjöfnunarnefnd sanni beinlínis tölulega mat sitt á eignum og tekjum viðkomandi aðila. Takist n. þetta ekki, er útsvar viðkomandi aðila í langflestum tilfellum lækkað til samræmis við framtalið, hvort sem það hefur verið rétt eða rangt. Mat niðurjöfnunarnefnda á gjaldþoli gjaldenda og útsvarsálagning eftir efnum og ástæðum er því ekki lengur fyrir hendi, heldur verður heildarupphæð útsvara, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, að skiptast niður á gjaldendur í samræmi við tekjur þeirra og eignir eftir ákveðnum reglum án tillits til annarra aðstæðna.

Með lögum eru svo niðurjöfnunarnefndirnar skyldaðar til að birta opinberlega þær reglur, sem notaðar hafa verið við niðurjöfnunina, þannig að gjaldandi geti sannprófað, hvort útsvar hafi verið lagt á samkvæmt framtali hans eða ekki. Um þetta er ekkert nema allt gott að segja. Það losar bæði niðurjöfnunarnefndir og framteljendur í mörgum tilfellum við óþarfa umstang við óraunhæfar útsvarskærur. En með þessu lagaákvæði er heimild niðurjöfnunarnefnda til þess að meta gjaldþol hvers einstaklings eftir efnum og ástæðum og leggja útsvar á eftir því endanlega gerð óvirk. Þegar þannig er komið, er ekki nema eðlilegt, að endurskoðun útsvarslaganna eigi sér stað, enda hafa komið fram ákveðin tilmæli um það frá sveitarstjórnunum sjálfum.

Að sjálfsögðu má um það deila, hve víðtæk slík endurskoðun eigi að vera, og einnig, hvernig hún verði bezt undirbúin. Löggjöf sú, sem nú gildir um þetta efni, er að vísu ekki nema 15 ára gömul. En aðstæður allar hafa breytzt svo hin síðari ár, að eðlilegt verður að teljast og til hagræðis fyrir alla aðila, að heildarendurskoðun og verulegar breytingar verði gerðar á þessari löggjöf, þegar er nægjanlegt undirbúningsstarf hefur verið unnið.

Þessu er nú þannig háttað, að hvert sveitarfélag fyrir sig, en sveitarfélögin munu vera rúmlega 230 í öllu landinu, hefur búið sér til sínar eigin reglur við niðurjöfnun útsvara, og mun það vera undantekning, ef fleiri en eitt sveitarfélag nota nákvæmlega sömu regluna. Þykir e. t. v. sumum nokkuð stórt stökk að ætla í einum áfanga að fækka útsvarsstigunum í landinu úr rúmlega 200 niður í aðeins þrjá. En n. sú, sem undirbjó þetta frv., var sammála um, að þetta mundi framkvæmanlegt. Byggir hún þetta á þeirri athugun, sem hún lét fara fram í þessu sambandi á útsvarsstigum, gjaldstofni og heildarupphæð útsvara í hinum ýmsu sveitarfélögum og kaupstöðum.

Í fyrstu og reyndar lengi vel taldi n. sér fært að leggja til, að útsvarsstigarnir yrðu aðeins tveir, annar fyrir kaupstaðina, Reykjavík þar meðtalin, og hinn fyrir hin smærri sveitarfélög. En við nánari athugun kom í ljós, að einstaka kaupstaðir og þá helzt þeir, sem mjög lág veltuútsvör höfðu lagt á, mundu ekki ná út tilskilinni heildarfjárhæð útsvara nema með nokkru hærri útsvarsstiga en n. fyrst hafði í hyggju að leggja til að tekinn yrði inn í frv. Af þessari ástæðu voru útsvarsstigarnir fyrir kaupstaðina hafðir tveir. Hins vegar er að sjálfsögðu að því stefnt við heildarendurskoðun útsvarslaganna að hafa stigana aðeins tvo, annan fyrir kaupstaðina alla og þau sveitarfélög, sem þann stiga geta notað, og hinn fyrir hin smærri sveitarfélög, sem hærri útsvarsstiga þurfa með til þess að ná inn tilskilinni heildarfjárhæð útsvara samkvæmt ákvörðun sveitarstjórna.

Um það má að sjálfsögðu einnig deila, hvernig bezt yrði unnið að undirbúningi fyrirhugaðrar endurskoðunar þessara laga. Umrædd n., sem undirbjó það lagafrv., sem hér liggur fyrir, var sammála um, að raunhæfasta og öruggasta leiðin í þessu sambandi væri að samþykkja þær bráðabirgðabreytingar, sem lagt er til í frv.

Skýrslusöfnun um niðurjöfnun útsvara undanfarinna ára og aðstæður í hverju einstöku sveitarfélagi er mikið verk, en gefur ekki rétta mynd, þar sem framlag jöfnunarsjóðs nú verkar mjög í þá átt, að hægt verði að finna grundvöll fyrir útsvarsstiga, sem öll hin smærri sveitarfélög gætu notað.

Ég held, að menn almennt geri sér ekki ljóst, að jöfnunarsjóðsframlagið verkar fyrst og fremst til lækkunar á útsvörum í hinum smærri sveitarfélögum. Athugun sú, sem n. lét fara fram í þessu sambandi, leiddi í ljós, að í mörgum sveitarfélögum kemur framlag þetta til með að nema allt að 33%, miðað við þau útsvör, sem álögð voru árið 1959, og allt að 50%, miðað við heildarálagningu útsvara eftir árið í ár, að óbreyttum öðrum aðstæðum.

Það liggur því alveg í augum uppi, að lögin um jöfnunarsjóð sveitarfélaga verka mjög í þá átt, að hægt verði við heildarendurskoðun útsvarslaganna að hafa aðeins einn útsvarsstiga fyrir hin smærri sveitarfélög, eins og full ástæða er til að ætla að takast muni hvað kaupstaðina snertir.

Um útsvarsstiga þá, sem tilgreindir eru í frv., varðandi tekjur og eignir, þarf ég ekki að vera margorður. Útsvarsstigi sá, sem tilgreindur er í 5. gr. frv., er útsvarsstigi Reykjavíkur frá 1959 óbreyttur. Útsvarsstigi 6. gr. er ætlaður kaupstöðunum, en samkvæmt 8. gr. er kaupstöðunum þó heimilt að nota útsvarsstiga 5. gr., enda hafi þeir tekjustofna til þess að ná inn heildarfjárhæð áætlaðra útsvara samkvæmt þeim útsvarsstiga. Útsvarsstiginn tilgreindur í 7. gr. er, eins og áður er sagt, ætlaður hinum smærri sveitarfélögum og samkvæmt tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Undirbúningsnefnd frv. tók stigann óbreyttan inn í frv., þar sem hún taldi þá aðila, sem að honum stóðu, dómbærasta á, hvað eðlilegt væri í þessu sambandi. Meiri hl. heilbr.- og félmn. vill hins vegar ekki mæla með, að byrjað verði að leggja á lægri tekjur en 7 þús. kr. samkvæmt þessum stiga, og telur það reyndar algert lágmark.

Um frávik þau, sem tilgreind eru í 3. gr. frv. um frádrátt frá tekjum, áður en útsvar er lagt á, er það helzt nýmæli, að útsvar liðins árs, sé það greitt að fullu fyrir áramót, er nú gert frádráttarbært. Eins og nú er háttað innheimtu útsvara, verður þetta að teljast eðlilegt og sjálfsagt. Mikill hluti útsvarsgreiðenda, eða allir, sem greiða útsvör sín reglulega af launum mánaðarlega, hafa raunverulega engan ráðstöfunarrétt á þessum hluta tekna sinna og sjá hann yfirleitt aldrei. Verður vart annað talið en að eðlilegt sé, að gjöld þessi séu frádráttarbær. Ég hef heyrt á það bent, að þetta atriði mundi verka til óhagræðis fyrir þá, sem e. t. v. erfiðastar aðstæðurnar hafa, að þeir mundu sízt ná til að greiða útsvör sín að fullu fyrir áramót og þess vegna ekki fá þau dregin frá. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að reynslan sýnir, að þar sem þetta ákvæði hefur verið í gildi, hefur allt annað komið í ljós en að svo væri. Útsvör verkamanna og launamanna, sem a. m. k. í kaupstöðum eru fjölmennasti hópur útsvarsgreiðenda, eru undantekningarlítið innheimt hjá vinnuveitendum við útborgun launa. Þessir aðilar eru því í langflestum tilfellum búnir að greiða útsvör sín að fullu um áramót eða á tilskildum gjalddögum og eru því sízt í hættu með, að þetta ákvæði verði þeim til óhagræðis. Það eru þeir, sem sveitarsjóðirnir hafa engan óbeinan aðgang að, miklu færri útsvarsgreiðendur, sem hafa það upp við sig að gera, hvort þeir greiða útsvar sitt fyrir áramót og gera það þar með frádráttarbært eða ekki.

Ég er sannfærður um, að það á eftir að sýna sig, að þetta er einfaldasta leiðin til að tryggja innheimtu útsvara hjá þeim aðilum, sem sveitarsjóðirnir eiga annars engan óbeinan aðgang að. En reynslan verður að sjálfsögðu að skera úr um það, hvort stefnt er í rétta átt með þessu ákvæði eins og með öðrum nýmælum, sem í frv. eru.

Um veltuútsvör þau, sem tilgreind eru í 6. gr. frv., er það helzt að segja, að nokkurs ótta hefur gætt hjá ýmsum aðilum um, að niðurjöfnunarnefndir mundu skilja þetta ákvæði svo, að ætlazt væri til, að þær færu með veltuútsvörin í það hámark, sem tilgreint er í útsvarsstiganum. Ég tel rétt, að hv. þm. geri sér ljóst, að hér er síður en svo um nokkurt valdboð um álagningu veltuútsvara að ræða. Hér er aðeins verið að lögbjóða hámark veltuútsvara, sem áður hafa ekki verið nein takmörk sett. Það mun öllum í þessari hv. d. vera ljóst, að sveitarfélögin hafa nú aðstöðu til að leggja á veltuútsvör að heita má eftir eigin geðþótta. Þessi réttur sveitarfélaganna hefur verið staðfestur bæði af ríkisskattanefnd og æðsta dómstól landsins. Það er því með þessu ákvæði frv. verið að skerða rétt sveitarfélaganna í þessu sambandi, en ekki verið að ganga á rétt gjaldenda. Engri niðurjöfnunarnefnd er fyrirlagt með frv. að nota heimildina um álagningu veltuútsvara. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem hverri nefnd er sett í sjálfsvald, hvort hún notar eða notar ekki.

Nýmæli 5. og 6. gr. frv. er það, að nú er niðurjöfnunarnefndum heimilað að leggja veltuútsvar á samvinnufélög eftir sömu reglum og aðra, sem hliðstæðan rekstur hafa.

Að sjálfsögðu má um það deila, hvort rétt sé að veita sveitarfélögum heimild til álagningar veltuútsvara. En sé slík heimild veitt, getur það varla verið nokkurt áhorfsmál, að eðlilegt sé, að hún nái til allra rekstrarforma, jafnt samvinnufélaga sem annarra. Og þegar rætt er um samvinnufélögin í þessu sambandi, er rétt að rifja upp upphaf 41. gr. laga nr. 46 frá 1937, um samvinnufélög, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þangað til fram hefur farið gagnger endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufélögin gjöld til þeirra sem hér segir.“ Er svo í 2. og 3. tölul. umræddrar greinar þessara laga tiltekið, með hvaða hætti og eftir hvaða reglum samvinnufélögin skuli greiða útsvar og samvinnuskatt til sveitar- og bæjarsjóða. Er það, eins og kunnugt er, eftir allt öðrum reglum og mun lægra en aðrir aðilar í þjóðfélaginu með hliðstæðan rekstur hafa orðið að leggja sínu sveitarfélagi til. Verður ekki annað séð af upphafi þessarar gr. samvinnulaganna en að þeir aðilar, sem að þessari lagasetningu stóðu, hafi beinlínis ætlazt til þess, að hér væri um bráðabirgðaákvæði að ræða, sem aðeins stæði þar til gagnger endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitarsjóða færi fram. Þetta ákvæði þessara laga hefur staðið óhaggað um áratugabil. Nú liggur hins vegar fyrir, að sú endurskoðun, sem vitnað er til í umræddri grein samvinnulaganna, hefur sumpart farið fram með lögunum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og liggur sumpart fyrir í því frv., sem hér er verið að ræða, og einnig er fyrirhuguð heildarendurskoðun útsvarslöggjafarinnar nú á þessu ári. Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að einmitt þetta ákvæði samvinnulaganna sé nú við afgreiðslu þessa máls, sem

fyrir liggur, tekið til endurskoðunar og aðstaða samvinnufélaganna færð til samræmis við aðra aðila, er hliðstæðan rekstur hafa.

Ef litið er á útsvörin eins og raunverulega ber að líta á þau, sem greiðslu fyrir þá þjónustu, sem sveitarfélag lætur í té, er vandséð og ég held vandfundin nokkur frambærileg rök fyrir því, að samvinnufélögin leggi ekki sínu sveitarfélagi til eftir sömu reglum og aðrir. Mér er ekki kunnugt um annað en að samvinnufélögunum sé veitt nákvæmlega sama þjónusta af hendi sveitarfélaganna og öðrum aðilum, sem þar eru staðsettir. A. m. k. veit ég ekki dæmi þess, að þau sitji þar við annað eða lakara borð, enda mundu þau af eðlilegum ástæðum ekki una því. Og fyrst svo er, hvaða rök eru þá gegn því, að þau greiði þá þjónustu, sem þeim er látin í té, eins og aðrir aðilar og eftir sömu reglum?

Og það er eitt, sem ekki má gleyma í þessu sambandi, en það er, að allar ívilnanir frá hendi niðurjöfnunarnefnda, hvort sem þær eru til einstaklinga, samvinnufélaga eða til hvers sem er, hvort heldur þær eru gerðar af frjálsum vilja eða niðurjöfnunarnefndir eru lögum samkvæmt neyddar til slíkra ívilnana, að þá mæða þær beint á öðrum gjaldendum í byggðarlaginu í hærri útsvarsálögum.

Ég sé ekki nokkurt réttlæti í því, að haldið sé áfram að láta verkamenn, launamenn og aðra greiða í hærri útsvörum þá þjónustu, sem sveitarfélögin láta samvinnufélögunum í té. En það er einmitt þetta, sem gert hefur verið að undanförnu. Aðrir aðilar í sveitarfélaginu hafa orðið að taka á sig hærri útsvarsálögur vegna útsvarsfríðinda samvinnufélaganna. Ég tel slíkt fullkomið óréttlæti.

Nú kann vel svo að fara, að niðurjöfnunarnefndir einhverra sveitarfélaga noti ekki heimildina til að leggja veltuútsvar á samvinnufélag, sem þar er staðsett. Við því er að sjálfsögðu ekkert að segja. Þá er það vilji fólksins sjálfs, sem þar býr, sem ræður, og fólkið sjálft, sem af frjálsum vilja tekur á sig hærri álögur og ræður sjálft, hvort það með því eykur sjóði samvinnufélaganna eða lætur féð renna í sveitarsjóðinn. Á þessu er aðeins sá munur einn, að sveitarsjóðurinn er sameiginlegur sjóður allra, sem í sveitarfélaginu búa, en sjóðir samvinnufélagsins eru aðeins eign þeirra, sem þar eru aðilar. En þetta er atriði, sem fólkið sjálft í hverju sveitarfélagi verður að gera upp við sig.

Ég vil svo að lokum leggja sérstaka áherzlu á þrjú atriði í sambandi við þetta frv.

Í fyrsta lagi munu vera til í landinu um eða yfir 200 mismunandi útsvarsstigar. Frv. er ætlað að koma á samræmingu í þessu sambandi, þannig að í ár verði notaðir aðeins 3 útsvarsstigar.

Í öðru lagi, að aðeins er um heimildarákvæði að ræða varðandi veltuútsvörin. Hverri sveitarstjórn er því í sjálfsvald sett, hvort hún notfærir sér þetta ákvæði eða ekki, en þó aldrei nema að því marki, sem tilgreint er í frv.

Og í þriðja lagi, að ákvæði frv. eru aðeins bráðabirgðaákvæði, sem ætlazt er til að notuð verði við niðurjöfnun útsvaranna nú í ár, til þess að sem traustastur grundvöllur fáist til að byggja á við þá heildarendurskoðun útsvarslaganna, sem fyrir liggur. Mjög margar ábendingar hafa komið fram til einstakra nm. um margs konar breyt. á útsvarslögunum umfram það, sem er í því frv., sem hér liggur fyrir. Að sjálfsögðu verða allar þessar ábendingar teknar til athugunar við heildarendurskoðun útsvarslaganna, þó að ekki hafi þótt fært að taka tillit til þeirra við þá bráðabirgðabreytingu, sem verið er að gera með því frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og fram kom af ræðu hv. frsm. meiri hl., ræddi heilbr.- og félmn. á nokkuð mörgum fundum frv. hæstv. ríkisstj. um bráðabirgðabreyt. á l. um útsvör og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Það kom fram strax hér við 1. umr. málsins í hv. þd., að mjög voru skiptar skoðanir um þetta frv. Það sætti þá þegar allmikilli gagnrýni, og á sömu lund fór, þegar umr. hófust um málið í heilbr.- og félmn. Frv. kom til n. nokkru fyrir páska, en þegar við höfðum rætt um það á tveimur fundum, var það áreiðanlega að tilstuðlan hæstv. ríkisstj. eða stuðningsflokka hennar, að umr. var þá hætt um sinn um frv., og við í minni hl. n. höfðum helzt þær spurnir af, að hæstv. ríkisstj. mundi hafa fengið einhvern höfuðverk út af þessu frv. og hefði skipað undirnefnd eða undirnefndir til þess að athuga smíðina betur og hugleiða, hvort ekki yrði samkomulag í stjórnarliðinu um að gera þar á meiri eða minni breyt. Svo mikið er víst, að horfið var frá að fjalla um málið fyrir páskana um nokkurt skeið, og þegar þm. komu aftur úr páskafríi og þingstörf hófust á ný, þá liðu langir tímar, án þess að heilbr.- og félmn. fengi aftur þetta frv. til meðferðar, og voru gefnar þær upplýsingar, að málið væri í gagngerðri athugun hjá stjórnarflokkunum. Og það var því nú fyrir örskömmu, að aftur hófust fundir í heilbr.- og félmn. til þess að fjalla um útsvarslagafrv. Meðan á þessum hvíldartíma stóð, að því er snertir meðferð þessa máls, hafði dunið á Alþ. skæðadrífa mótmæla úr ýmsum áttum, einkanlega frá sveitarstjórnum og kaupfélagsstjórnum — stjórnum samvinnufélaga — út af sérstökum ákvæðum frv. og raunar þó út af meginstefnu þess í ýmsum atriðum.

Þegar umr. hófust um málið aftur í n., kom í ljós, að þeir óánægðu í stjórnarliðinu, sem sennilega hafa ekki gefið þess kost að fylgja þessu frv. fram, nema á því yrðu gerðar breytingar, höfðu verið frekar lítilþægir, sætt sig við smávægilegar breytingar, því að það er ekki hægt að segja annað en þær breytingar, sem eftir alla biðina og töfina komu frá stjórnarliðinu, eru smávægilegar. Frv. heldur öllum sínum meginókostum eftir sem áður.

Breytingarnar eru aðallega þrjár:

Það er í fyrsta lagi fallizt á það, að mjólkurbú og sláturhús verði undanþegin veltuútsvari, en að öðru leyti er ekkert hróflað við veltuútsvarsákvæðunum í frv.

Önnur breyt. er sú, að í stað þess, sem var gert ráð fyrir í frv. um útsvör, eins og það var lagt fyrir hér í vetur, í þeim útsvarsstiga, sem lögfesta skyldi fyrir kauptúnahreppa og sveitahreppa, þá yrði útsvarsstiginn ekki látinn byrja á 3000 kr. árstekjum, eins og þar var gert, heldur skyldu 3 neðstu þrepin — eða efstu þrepin í honum, ef maður vill heldur orða það þannig — numin burt, þannig að sá einstaklingur, sem hefði 3000 kr., 4000 kr., 5000 kr. og allt upp í 6000 kr. árstekjur, skyldi ekki falla undir útsvarsstigann. Eftir breyt. skal byrja að leggja útsvör í sveitarhreppunum á hvern þann einstakling, sem hefur markið 7000 kr. árstekjur. Og þannig liggur frv. fyrir Alþ. nú, að því er þann útsvarsstiga snertir, sem gilda skal fyrir sveitirnar. Þar skal byrja að leggja útsvar á 7000 kr. hreinar tekjur einstaklings, og skulu slíkar árstekjur bera 530 kr. útsvar, ef ég man rétt.

Þriðja breyt. er svo sú, að það verður heimilað — ekki skylt, það verður heimilað að undanþiggja bætur almannatryggingarnna útsvarsálagningu, það skal ekki teljast til lögbrota. Og það má lækka frá útsvarsstiga útsvör á gamalmenni, sem orðin eru eldri en 65 ára.

Ég held, að það sé rétt hjá mér, að þetta séu þær meginbreyt., sem nú eru lagðar fram eftir alla þessa bið og hvíld, og þar með virðist allt stjórnarliðið vera orðið sammála um, að nú sé útsvarslagafrv. gott, nú geti þeir rétt upp puttana með því og stutt að því, að það verði að lögum.

Ég hefði sannast að segja búizt við, að ýmsir menn í stjórnarliðinu þyrftu að fá fram miklu stórfelldari breyt. á frv. í meginatriðum en þessar brtt., sem nú eru orðnar kunnar, bera vitni um.

Þegar menn hafa í huga þessar brtt., sem meiri hl. leggur fram, þá liggur frv. nú fyrir hv. Alþ. að öðru leyti í sama formi og upphaflega.

Það er í raun og veru þrennt, sem hægt er að segja að sé meginefni þessa frv. Það er í fyrsta lagi það, að svipta á sveitarfélögin í landinu aldagömlum sjálfsákvörðunarrétti um það, hvernig sveitarstjórnirnar jafni útsvörum niður á gjaldþegna sína. Og það er ekki svo óveruleg réttarskerðing gagnvart sveitarfélögunum, sem í þessu felst, að ekki sé orð á því hafandi. Það er vitanlega geysilega mikilsverður réttur — sjálfsákvörðunarréttur, að sveitarfélögin sjálf megi ráða því að sinni vild, hvernig þau afla fjár til síns rekstrar og til sinna nauðsynlegu framkvæmda og athafna. En með samþykkt slíks frv. sem hér liggur fyrir er verið að taka þennan rétt af sveitarfélögunum og leggja hann eins og margt fleira í hendur ríkisvaldsins. Það er verið að „sentralisera" valdið í þjóðfélaginu, taka það af sveitarfélögunum.

Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að fram að þessu hefur það verið meginatriði — grundvallarregla — í gildandi útsvarslöggjöf, og það ákvæði er víst aldagamalt, að sveitarstjórnirnar mættu leggja á eða skyldu leggja á útsvör fyrst og fremst eftir efnum og ástæðum. Ákvæðin um þetta eru í 4. gr. útsvarsl. frá 1945 og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta, það eru upphafsorð 4. gr.: „Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka eignir aðila, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðila og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum." Síðar í gr. segir: „Ástæður aðila að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefur orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sérstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sérhvað annað, er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar."

Þetta eru meginatriðin í gildandi útsvarslöggjöf um það, hvaða tillit eigi að taka af niðurjöfnunarnefnd eða sveitarstjórn við útsvarsálagningu á gjaldþegnana. Og þarna er sýnilega ætlazt til þess, að mikillar sanngirni sé gætt og álagningu nokkuð hagað eftir því, hvernig blásið hefur í seglin hjá hinum ýmsu gjaldendum, hvort þeir hafa orðið fyrir áföllum, meiri eða minni, eða hvort þeir hafa orðið fyrir höppum, og þar með gefið í skyn, að það sé í raun og veru ekki fullnæging á réttlæti að binda sig við einhverjar fastar reglur og leggja á útsvör miskunnarlaust eftir tölum tekna og eigna, heldur taka margvísleg mannleg tillit. Og ég verð að segja það, að ólíkt felli ég mig betur við þann anda útsvarslöggjafarinnar heldur en þann, sem hér skal nú innleiða, að lögfesta tölulegan útsvarsstiga fyrir sveitarfélögin, og það meira að segja mismunandi eftir tegundum sveitarfélaga, þannig að Reykjavík skuli hafa einar útsvarsreglur lögfestar, aðrir kaupstaðir talsvert aðrar og kauptúnahreppar og sveitahreppar þriðju lögfestu reglurnar, sem ég mun koma nánar að síðar.

Ég held, að í kaupstöðum úti um land hafi það komið fyrir og komi fyrir í hvert einasta skipti, sem niðurjöfnunarnefnd situr að störfum, að þeir menn, sem þar starfa, teldu sig gera rangt, vera að fremja ranglæti, ef þeir legðu sömu útsvarsupphæð á jafnháar tekjur tveggja gjaldenda, ef ástæður þeirra að öðru leyti væru gerólíkar, annars gjaldþegnsins að ýmsu leyti bágbornar vegna ýmiss konar ástæðna hans eða hans fjölskyldu, en ástæður hins mannsins að öllu leyti miklu betri. En svigrúmið til þess að taka slík tillit yrði mjög svo takmarkað, þegar búið væri að lögfesta ákveðinn útsvarsstiga, sem útsvörin skyldu á lögð eftir, og þá ekki hægt að taka önnur tillit en þau, sem beint væru upp talin í

löggjöfinni, en það eru ein 3 eða 4 atriði, sem eru upp talin hér í þessu frv., sem orkað geta til þess að lækka eða hækka útsvar frá útsvarsstiganum.

Ég tel, að þetta atriði útsvarslagafrv. sé til hins verra. Í fyrsta lagi sé það lítt verjandi að svipta sveitarfélögin þessu mikilsverða sjálfsstjórnaratriði um tilhögun útsvarsálagningarinnar og festa það í l., svo að lítt frávíkjanlegt er, af hendi ríkisvaldsins. Það grípur mjög inn í fjárhagslegt sjálfræði og sjálfstæði sveitarfélaganna, og ég hygg, að það verði sízt til þess að örva þeirra sjálfsbjargarviðleitni eða fyrirhyggju í fjármálaefnum, að ríkisvaldið grípi um úlnliði þeirra manna, sem eiga að stjórna sveitarfélögunum, og segi þeim fyrir í smáu og stóru með lagastaf, hvernig þeir eigi að haga sér um stjórn sveitarfélagsins. Ég hef trú á því, að frjálsræði sveitarstjórnarmanna hafi mikla þýðingu að því er það snertir, að þeir leggi sig betur fram um stjórn sveitarmálefnanna, ef ábyrgðin og skyldurnar hvíla á sveitarstjórnarmönnunum í nokkuð ríkum mæli og þeir verða því kallaðir til ábyrgðar, ef illa tekst til um þeirra stjórnarháttu í hinum einstöku tilfellum. En ábyrgðin hvílir að miklu meira leyti á ríkisvaldinu sjálfu, þegar það er búið að taka völd og ráð úr höndum sveitarstjórnarmannanna og binda þeirra athafnafrelsi og takmarka það með lagastaf.

Af þessu atriði leiðir, að meginmál frv. fjallar um þá væntanlegu útsvarsstiga, sem ætlunin er að lögleiða, og þeir eru 3, eins og ég áðan sagði. Ég tel það rangt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að í rauninni væri breyt. ákaflega lítil, því að það hefðu verið í gildi, — ég held hann hafi sagt í kringum 200 útsvarsstigar í landinu, en nú væri meiningin að fækka þeim niður í 3. Það væri meginbreytingin. Nei, það er annað, sem er meginbreyting, og það er þetta: að útsvarsstigarnir, sem hafa verið notaðir til hliðsjónar með reglunum um að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum fyrst og fremst, það er gersamlega annað en lögfesta útsvarsstigann. Að hafa útsvarsstiga til hliðsjónar við álagningu útsvara er allt annað. Það er reginmunur á því eða eiga að fara eftir lögfestum tölum útsvarsstiga við álagningu útsvara, svo að hér er um allt annað að ræða en það, að útsvarsstigum sé fækkað úr 200 í það, að nú séu þeir bara 3.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lögfesta útsvarsstiga fyrir Reykjavík. Þar skulu vera hjá einstaklingi útsvarsfrjálsar árstekjur allt að 25 þús. kr. En af hreinum 25 þús. kr. árstekjum skal einstaklingurinn síðan greiða 940 kr. í útsvar. En svo fer maður út fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, t. d. í Kópavogskaupstað eða Hafnarfjarðarkaupstað eða í einhvern kaupstað úti um land. Þar skal vera annar lögfestur útsvarsstigi. Og í hvaða kaupstað sem maður grípur niður, þá eiga útsvarsfrjálsar tekjur einstaklings í öllum þessum kaupstöðum aðeins að vera 15 þús. kr., 10 þús. kr. lægri. Í þeim kaupstöðum skal byrja að leggja útsvör á 10 þús. kr. upphæð, sem útsvarsfrjáls skal vera í Reykjavík. Og á 15 þús. kr. tekjur skal leggja 2150 kr. í kaupstöðunum, en 940 kr. á 10 þús. kr. hærri tekjur í Reykjavík, sem sé 25 þús. kr. hreinar tekjur. Þó versnar til muna, þegar kemur að þriðja lögfesta útsvarsstiganum, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. stiganum, sem á að gilda í öðrum sveitarfélögum en kaupstöðum, því að þar á, eins og ég áður drap á, að byrja að leggja útsvar á 7000 kr. árstekjur. Þeir góðu menn höfðu þó í haust eða í vetur, þegar þeir lögðu útsvarslagafrv. fram, látið sér detta í hug, að það væri sæmandi að byrja á útsvarsálagningu á 3000 kr. árstekjur, en hafa nú horfið frá því, talið það fulldjúpt í ár tekið. Og útsvarið á 7000 kr. árstekjurnar í sveitarhreppi skal vera 530 kr. Á 10 þús. kr. árstekjur einstaklings í hreppsfélagi skal leggja 830 kr. útsvar. Á 15 þús. kr. árstekjur, sem var lágmarkið í kaupstöðunum, sem skyldi vera útsvarsskylt, skal leggja 1380 kr. útsvar. Og á 25 þús. kr. árstekjur, sem er lágmarkið í Reykjavík, skal leggja 2630 kr. útsvar. Það fer þannig ekkert á milli mála, að með slíkum lögfestum útsvarsstiga eru það þeir tekjulægstu í sveitunum, sem verða langharðast úti um útsvarsgreiðslur. Þeir eiga að borga umtalsverðar upphæðir í útsvar af tekjum, sem engum dettur í hug í kaupstað að sé forsvaranlegt að taka útsvar af.

Til þess að sýna, hversu útsvarsbyrðarnar koma misjafnlega niður á menn eftir því, hvar menn eru búsettir, ef þetta frv. verður að l., vil ég taka nokkur dæmi. Og ég vil þá taka fyrst 50 þús. kr. árstekjur, sem eru mjög algengar, venjulegar tekjur hjá vinnandi fólki og verða þó að teljast með lægri tekjum. Maður með 50 þús. kr. árstekjur, búsettur í Reykjavík, mundi af þeim borga 6100 kr. útsvar. Í hverjum hinna kaupstaðanna yrði hann að borga 8200 kr. í útsvar, en í kauptúns- eða sveitarhreppi 6680 kr. Einstaklingur í Reykjavík, sem hefði 70 þús. kr. hreinar árstekjur, á skv. útsvarsstiganum í þessu frv. að borga 10890 kr. útsvar. Sé hann búsettur í einhverjum kaupstaðanna úti á landi eða utan Reykjavíkur, á hann að borga 13500 kr. í útsvar. Og sé hann í kauptúns- eða sveitarhreppi, þá 10880 kr. Einstaklingur í Reykjavík, sem hefði 100 þús. kr. tekjur, á að borga 18390 kr. í útsvar, í einhverjum hinna kaupstaðanna skyldi hann greiða 22200 kr. og í sveitarhreppi 18380 kr., eða nálega sömu upphæð, þegar komið er upp í þessar tekjur, 100 þús. kr. tekjur, eins og gjaldþegn í Reykjavík. En slíkar tekjur mundu vera frekar fágætar í sveit, nema þá hjá allra stærstu búhöldum. Að lokum langar mig svo til að bera saman útsvar á tekjur manns, sem hefði 150 þús. kr. Þá væri útsvarið á Reykvíkingnum 33390 kr., ef honum hefði ekki verið ívilnað neitt, hefði ekki verið þannig settur, í kaupstað utan Reykjavíkur 37200 kr. og í kauptúns- eða sveitarhreppi 30880 kr.

Þessi dæmi frá lægstu tekjum og allt upp

í 150 þús. kr. tekjur sýna það, að eftir þessum lögfestu útsvarsstigum væri mönnum mjög mismunað í útsvarsgreiðslum eingöngu eftir því, hvar þeir væru búsettir á landinu. Lágtekjumenn sveitanna yrðu langharðast úti, hundeltir með útsvarsgreiðslur af allt niður í 7 þús. kr. árstekjur, meðan Reykvíkingur slyppi þó með að borga ekki einn einasta eyri í útsvar, nema því aðeins að hann hefði 25 þús. kr. árstekjur. Gjaldendurnir í kaupstöðunum utan Reykjavíkur yrðu, hvort sem þeir væru lágtekjumenn eða hátekjumenn, yfirleitt langþyngst úti, bæru þyngstu byrðarnar að því er snerti útsvarsgreiðslur. En Reykvíkingar slyppu verulega léttara, og liggja til þess margvíslegar sérstakar ástæður, sem ég vil víkja nokkru nánar að.

Það má segja, að útsvörin yrðu yfirleitt léttbærust í Reykjavík, þungbærust í kaupstöðunum, að undanteknu fólkinu með lægstu tekjurnar í sveitunum. Ég held, að það verði að segja, að það sé frekar ólíklegt, að það yrði almenn ánægja með slíkt misrétti, lögfest misrétti. Ég efast um, að það yrði stætt á því til lengdar, þó að ríkisvaldið gæti knúið það í gegn á Alþingi, að viðhalda svona mismunandi lagaákvæðum um útsvarsgreiðslur, eingöngu eftir því, hvar menn hefðu lögheimili á þessum hólma okkar.

Hvaða orsakir liggja nú til þess, að Reykjavík telur sig geta haft aðstöðu til að leggja á skv. vægari útsvarsstiga en t. d. bæjarfélögin hin? Það mundu vafalaust einhverjir úr röðum Sjálfstfl. segja: Það er af því, að Gunnar Thoroddsen borgarstjóri hefur stjórnað borginni svo vel, og þess vegna er betra að vera í Reykjavík, þess vegna sleppa menn með lægri útsvör þar. — Nú sem sé félli það lof á hæstv. fjmrh. Ég held, að þegar menn líta á þetta með allri virðingu fyrir snilli hæstv. núv. fjmrh. og hans kunnáttu í því að stjórna Reykjavíkurborg sem borgarstjóri, þá liggi aðrar, ég vil segja allt aðrar ástæður til þess, að Reykjavík getur sloppið með lægri útsvör á sína einstaklinga en hin smærri bæjarfélög úti um land. Öllum er það kunnugt, að Reykjavík sem höfuðborg landsins nýtur þeirrar sérstöðu að taka útsvör af öllum embættismönnum ríkisins, sem hér eru staðsettir, einungis af því að þessi borg er höfuðborg landsins. Og þessir menn eru í mörgum tilfellum alltekjuháir menn, góðir gjaldþegnar, og útsvör þeirra falla Reykjavík einni til, þó að þeir séu starfsmenn þjóðarinnar allrar. Það er sennilega allálitleg milljónafúlga, sem Reykjavíkurbær fær í útsvörum af embættismannaliði ríkisins, sem hér hefur búsetu, vegna þess að Reykjavík er höfuðborg landsins.

En það kemur fleira til. Hér í Reykjavík eru staðsett fjöldamörg fyrirtæki og stofnanir, sem alls ekki eru rekin eingöngu í þjónustu Reykjavíkur eða Reykvíkinga, heldur eru í þjónustu landsins alls. Starfsemi þeirra nær til landsins alls. Meðal slíkra fyrirtækja má nefna skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök margs konar, tryggingafélög, verzlunarstofnanir ríkisins og margvísleg fyrirtæki önnur. Og það eitt er víst, að slík fyrirtæki borga marga tugi milljóna í bæjarsjóð Reykjavíkur í útsvörum. Ég held það liggi tölur fyrir um það, hvaða útsvarsupphæð bæjarsjóði Reykjavíkur kemur árlega frá tveimur ríkisstofnunum, sem þarna falla undir, Áfengisverzluninni og Tóbakseinkasölu ríkisins, og ef ég man rétt, þá held ég, að útsvör þessara fyrirtækja tveggja séu 13 millj. kr. (Gripið fram í.) Nú, 11.1 núna. Það er sem sé góður milljónatugur þar, bara frá þessum tveimur fyrirtækjum. Það er hærri útsvarsfúlga en til fellur í kaupstað hv. frsm. meiri hl. af fyrirtækjum og einstaklingum í því álitlega bæjarfélagi. Það munar um slíkt. Það er þetta, sem skapar sérstöðu Reykjavíkur og gerir það að verkum, að það er auðvelt, jafnvel þótt fjármálastjórn borgarinnar sjálfrar væri ekki neitt betri en í öðrum bæjarfélögum, sem hún er heldur ekki, að geta létt þannig á öðrum gjaldendum, að naumast sé fært hinum smærri bæjarfélögum úti um land.

Ég held því fram, að það mæli engin sanngirni með því, að útsvör slíkra stofnana, sem ég hér hef verið að ræða um, eigi að renna til neins eins sveitarfélags, og vitanlega þá sízt af öllu til þess sveitarfélagsins í landinu, sem hefur bezta aðstöðu sökum fjölmennis og margvíslegrar sérstöðu annarrar, m. a. þeirrar, að flestir embættismenn ríkisins eru hér búsettir og að fjöldamörg landsfyrirtæki eru hér staðsett. Og þá blasir sú hugsun eðlilega og beint við, að öll fyrirtæki, sem starfa í þjónustu landsins alls, eigi að greiða landsútsvör, en vera laus við það að greiða sveitarútsvar á þeim stað, þar sem þau eru sjálf staðsett með sínar höfuðbækistöðvar. Og það er till. mín í sambandi við þetta frv., að metin verði jöfnuð milli Reykjavíkur og annarra kaupstaða með því, að öll þau fyrirtæki, þær stofnanir, sem starfa fyrir landið allt, eigi að greiða landsútsvör, en vera laus við greiðslu sveitarútsvars í því sveitarfélagi, þar sem þau eru staðsett. Þegar þetta hefur verið gert, er mér nær að halda, að það væri framkvæmanlegt, sem hv. frsm. meiri hl. lét í veðri vaka að stefnt væri að og þyrfti að vera hægt að framkvæma, þegar aðalendurskoðun útsvarslaganna hefði farið fram, t. d. á næsta ári, að koma saman einum og sama útsvarsstiga fyrir öll bæjarfélögin í landinu.

Ég tel, að þau landsútsvör, sem þannig yrðu á lögð, ef brtt. mín yrði samþ., ættu öllsömun að renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og þar ætti að skipta þeim niður á öll sveitarfélög landsins, auðvitað eftir íbúatölu þeirra, þannig að þau fengju öll hlutfallslega sinn skerf af landsútsvörunum. Á þennan hátt teldi ég mjög eðlilegt og sanngjarnt, að aðstaða sveitarfélaganna yrði jöfnuð sem mest fjárhagslega.

En í framhaldi af því, þegar þetta hefði verið gert, þá hefði ég talið langæskilegast,

að hinum aldagamla grundvelli um niðurjöfnun útsvara eftir efnum og ástæðum væri síðan haldið, af því að ég tel, eins og ég áður hef sagt, að sveitarstjórnarmenn njóti sín bezt við sín störf og inni þau bezt af hendi, ef þeir hafa sem mest svigrúm og finna þannig, að þeir bera hina fyllstu ábyrgð. Að vísu er það svo, að það má halda því fram, að Reykjavík sé nú orðin svo stór, að niðurjöfnunarnefnd, þótt aldrei nema hún sé skipuð mjög kunnugum mönnum í borginni, þá geti þeir alls ekki haft nægilega nánan persónulegan kunnugleika til þess að geta dæmt svo um hagi manna sem nauðsynlegt sé, ef grundvöllur útsvarsálagningarinnar eigi að vera efni og ástæður gjaldþegnanna. Ég játa, að það gæti í ýmsum tilfellum verið svo, að enginn niðurjöfnunarnefndarmanna hér í Reykjavík hefði þá yfirsýn, að hann vissi um sérástæður, höpp eða óhöpp, sem taka bæri tillit til, ef þetta væri meginreglan hér í Reykjavík. Þess vegna hef ég nú látið mig hafa það, hálfgert þó með samvizkunnar mótmælum, að það yrði þá látið eftir vilja meiri hl. um að lögfesta útsvarsstiga í Reykjavík með tilliti til þessara sérástæðna og svo hins, að þetta vilja þeir endilega hafa, þeir vilja ekki, að niðurjöfnunarnefndin hafi það frjálsræði, sem sveitarstjórnarmönnum hefur verið trúað fyrir um aldir og yfirleitt hefur verið nokkuð almenn ánægja með. En ég vil hins vegar halda því fram, að í öllum kaupstöðum öðrum sé það vorkunnarlaust fyrir niðurjöfnunarnefndarmenn að starfa eftir grundvelli núv. útsvarslaga, að leggja útsvörin á fyrst og fremst eftir efnum og ástæðum, og teldi því rangt að lögfesta útsvarsstiga fyrir aðra kaupstaði landsins og alveg tilefnislaust að gera það fyrir kauptúna- og sveitarhreppana.

Brtt., sem ég flyt á þskj. 500 ásamt Karli Guðjónssyni, eru fyrst og fremst um þetta, að landsútsvör verði lögð á fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er ná til landsins alls, og að ákvæði frv. um lögfesta útsvarsstiga í öðrum kaupstöðum en Reykjavík og í kauptúnum og sveitarhreppum skuli niður falla.

Þá vil ég þessu næst fara nokkrum orðum um það atriði frv., sem kveður svo á, að leggja skuli ekki aðeins veltuútsvör á samvinnufélög sem önnur viðskiptafyrirtæki, eftir sömu reglum, heldur að veltuútsvörin gildi ekki aðeins um viðskipti samvinnufélaganna við utanfélagsmenn, heldur einnig félagsmennina í samvinnufélögunum. Ég tel það alrangt að leggja sama mælikvarða á samvinnufyrirtæki og einkafyrirtæki. Það er mikill eðlismunur á þessum rekstrarformum, og er hægt að rökstyðja það í löngu máli. En það nægir að benda á þann eðlismun, að samvinnufélögin eru skylduð til þess skv. lögum, skv. ákvæðum samvinnulaganna, að ráðstafa arði, sem myndast vegna viðskiptanna, á aðalfundi, dreifa þannig þeim arði, sem myndast við starfsemi þeirra. Og arðsúthlutunin verður í flestum tilfellum á aðalfundum gerð að samfélagsins eign. Sá hluti af arði, sem myndazt hefur, sem á að verða eign félagsmannanna, fer í stofnsjóð þeirra og er skattlagður þar, skattlagður bæði til tekjuskatts og útsvars, allar stofnsjóðsinnstæður meðlima samvinnufélaganna. Og vitanlega væri alrangt að skattleggja þetta líka hjá fyrirtækinu sjálfu. Í þriðja lagi er það svo alkunnugt, að samvinnufélögin hafa með höndum margvíslega þjónustu fyrir fólkið á sínu félagssvæði, sem þau í sumum tilfellum hafa engar heimildir til að taka gjald fyrir og hafa í öðrum tilfellum ekki aðstöðu til þess. Mikið af verzlun samvinnufélaganna er umboðssala innlendra afurða, og tilhögunin er sú, að framleiðendurnir fá nákvæmlega það verð fyrir vöruna, sem hún gefur, að frádregnum sannanlegum kostnaði við dreifingu og sölumeðferð. En slík viðskipti, sem af þessu leiðir hjá mörgum samvinnufélögum, nema háum upphæðum að því er veltuna snertir, en það er þarna enginn afgangur til til þess að leggja veltuútsvar á og allt öðruvísi farið en hjá einkafyrirtæki, sem ræki verzlun og nyti venjulegs frjálsræðis einkarekstrarins í verzlunarrekstri.

Það er því óneitanlega mikið af starfsemi samvinnufélaganna óarðbær verzlunarrekstur, óarðbær þjónusta fyrir fólkið í byggðarlögunum, og sannanlega í mörgum tilfellum enginn verzlunarlegur hagnaður af þessari starfsemi. Þeir menn, sem neita því að gera greinarmun á samvinnufélagsskap og einkarekstri í verzlun, setja kíkinn fyrir blinda augað og sjá ekki það, sem við blasir öllum heilskyggnum mönnum. Og það er þessi aðferð, sem sýnilega hefur verið viðhöfð af þeim mönnum, sem hafa staðið að því að semja þetta útsvarslagafrv. Þeir sjá engan eðlismun á samvinnufélögum og t. d. verzlunarfyrirtæki í einstaklingseign.

Ég held, að rökin, sem samvinnumenn geta borið fram til þess að sanna það, að rekstri kaupfélaganna er allt annan veg farið en venjulega er í kaupmannaverzlun, komi vel fram í áskorun á Alþingi, sem stjórn Kaupfélags Ísfirðinga sendi hingað í vetur, eftir að útsvarslagafrv. kom fram, og vil ég því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa þessa áskorun til þingsins hér upp í heyranda hljóði, — áskorunin er á þessa leið:

„Á fundi sínum hinn 3. apríl 1960 samþ. félagsstjórn Kaupfélags Ísfirðinga á Ísafirði svo hljóðandi áskorun á Alþingi:

Í sambandi við fram komið stjórnarfrv. um breyt. á útsvarslögunum skorar stjórn Kaupfélags Ísfirðinga mjög ákveðið á hv. Alþ. að fella það ákvæði frv., að veltuútsvar verði lagt á viðskipti meðlima kaupfélaganna. Í þessu sambandi vill stjórn Kaupfélags Ísfirðinga benda á þá staðreynd, að samvinnuverzlanir víða um landið þurfa að annast ýmis viðskipti, sem eru nauðsynleg þjónusta fyrir viðkomandi byggðarlög, en eru sannanlega fjárhagslegur baggi fyrir viðkomandi kaupfélög, m. a. sökum ákvarðana ríkisvaldsins í verðlagsmálum, sem engin verzlun í einstaklingseign mundi

taka að sér af þeirri ástæðu. Enn fremur er það augljóst mál, að á meðan ekki er stóraukið eftirlit ríkisvaldsins með framtölum verzlunarfyrirtækja í eigu einstaklinga eða hlutafélaga frá því, sem nú er, verður hér fyrst og fremst um að ræða auknar og ósanngjarnar álögur á kaupfélögin, sem lögum samkvæmt eru háð strangri endurskoðun og árlegum aðalfundum.

Stjórn Kaupfélags Ísfirðinga vill benda á það, að ef útsvarsálagning á Ísafirði á s. l. ári hefði verið framkvæmd skv. téðu ákvæði fyrirhugaðrar löggjafar, þá hefði Kaupfélag Ísfirðinga komið til með að greiða í útsvör rösklega helmingi hærri upphæð en þær 14 verzlanir í bænum, sem eru í einstaklingseign, en verzla þó með sams konar vörur, auk þess sem Kaupfélag Ísfirðinga greiðir 40 þús. kr. á ári í samvinnuskatt.

Í stjórn Kaupfélags Ísfirðinga.

Ragnar Ásgeirsson, Björgvin Sighvatsson, Guðmundur Guðmundsson, Stefán Stefánsson, Marías Þ. Guðmundsson.

Til Alþingis, Reykjavík."

Í viðbót við það, sem ég sagði áðan, en kemur fram í þessu bréfi, — þetta er áskorun til þingsins, — er það augljóst mál, að kaupmaður, sem rekur einkaverzlun, er með því eftirlitsleysi, sem nú er um framtöl slíkra fyrirtækja, nokkurn veginn sjálfráður um það að ákveða sjálfur, hvað hann telur sína veltu hafa verið. En slíkt er ekki á færi kaupfélags. Það verður að skila endurskoðuðum reikningum fyrir sinn aðalfund og er þannig undir opinberri gagnrýni, og við slíkan aðstöðumun yrði þarna framið ranglæti gagnvart samvinnufélögunum með því að skella veltuútsvarsákvæðunum á eins og þau eru í þessu frv.

Á þskj. 500 berum við Karl Guðjónsson fram till. um það, að öll ákvæði í frv. um það, að veltuútsvör skuli lögð á jafnt viðskipti félagsmanna í samvinnufélögunum sem utanfélagsmanna, skuli niður felld og ákvæði frv. verði á þá lund, að veltuútsvar falli einungis á utanfélagsmannaviðskipti samvinnufélaganna eftir sömu reglum og kaupmanna á sama stað. Þá held ég, að þetta yrði fyrst nokkurn veginn réttlátt gagnvart hvorum tveggja aðilanum.

Nú hef ég gert að umtalsefni þá viðleitni, sem mér finnst liggja í þessu frv. til þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna, og ákvæðin gagnvart veltuútsvari á samvinnufélögin, jafnt á innanfélagsmannaverzlun sem utanfélagsmannaverzlun, sem ég vil kalla árásina á samvinnufélögin. Og þetta tel ég hvort tveggja af hinu illa. Í þriðja lagi er svo ákvæði í frv., sem hv. frsm. meiri hl. gerði einnig að umtalsefni, og það er í 3. gr. frv. og er um heimild gjaldþegns til þess að draga útsvar fyrra árs frá tekjum sínum, áður en útsvar er á lagt, og því er haldið fram í aths. með frv., að þetta sé mikilsvert atriði með tilliti til innheimtu útsvaranna. Ef svo væri, að þetta væri sett inn í frv. til þess fyrst og fremst að örva skilvísi manna, þá finnst mér, að ákvæðið í þessari mynd nái ekki tilgangi sínum. Þá ættu þeir menn, sem borga skilvíslega mánaðarlega eða a. m. k. reglubundið af sinni útsvarsupphæð, að fá þá upphæð, sem þeir eru búnir að greiða af útsvari fyrra árs skilvíslega, dregna frá. Það er ekki ætlunin hér. Einungis sá maður, sem hefur fullokið útsvarsgreiðslu sinni, skal fá útsvar fyrra árs dregið frá. En skilamaðurinn, sem er búinn að borga 29 þús. af 30 þús. kr. útsvari, fær enga umbun fyrir sína skilvísi. Ég vil halda því fram, að ef tilgangurinn með þessu ákvæði í frv. væri sá að örva skilvísi manna, umbuna þeim, sem búnir eru að greiða meginþorra síns útsvars, þá eigi það að ná til allra þeirra, sem hafa sýnt skilvísi, þannig að sveitarfélagið hafi notið góðs af því. Ég verð að segja, að hár útsvarsgjaldandi, sem kæmi til gjaldkera sveitarfélagsins á gamlársdag með sínar 30 þús. kr. og fengi þannig sína útsvarsupphæð dregna frá við útsvarsálagningu næsta árs, er ekki meiri skilamaður eða hefur ekki gert sveitarfélagi sínu meiri greiða en maðurinn, sem hefur smátt og smátt greitt meginþorra síns útsvars og sveitarfélagið hefur þannig fengið það í kassann eftir hendinni yfir allt árið. Hinn síðarnefndi hefur haft sína peninga í eigin veltu og vörzlu fram á síðasta dag ársins, en hann fær það frádregið. Nei, ég held líka, að það sé auðséð, að þetta er ekki megintilgangurinn með ákvæðinu. Megintilgangurinn er sá, að háir útsvarsgreiðendur skulu fá útsvarsfríðindi. Það er augljóst mál, að maður, sem hefur 30 þúsund króna útsvar í fyrra og hefur greitt það nú fyrir 1. maí og framvegis fyrir áramót, hann fær umtalsverða útsvarslækkun, þ. e. a. s. hátekjumennirnir fá, með því að hafa greitt útsvar sitt fyrir áramót, mjög mikla lækkun á útsvari sínu næsta ár á eftir. En lágtekjumennirnir, sem hafa skilvíslega borgað þá útsvarsupphæð, sem þeim ber, fá enga ívilnun, sem um munar. Ákvæðið kæmi því hátekjumönnum fyrst og fremst til góða og mundi í ýmsum tilfellum valda því, að hátekjumennirnir fengju útsvarsbyrði, sem væri hlutfallslega léttari en á lágtekjumönnunum. Ég efast um, að stighækkun skalans næði á nokkurn hátt til slíks hátekjumanns, sem hefði fengið 30 þús. kr. útsvar ársins á undan dregið frá og þannig ákveðið miklu lægra útsvar. Ég gæti ímyndað mér, að hann væri kominn með útsvar eftir lægri skala en ýmsir lágtekjumennirnir í viðkomandi sveitarfélagi. Og það hefur þó verið talið nokkurn veginn réttmætt, það hefur verið viðurkennt sem réttmætt, að útsvarsstigar ættu að vera stighækkandi, því hærri sem tekjurnar væru, því hærri upphæð hlutfallslega væri réttmætt að menn greiddu í sveitarsjóðinn.

Ég held það sé þessi fiskur, sem liggur undir steini með ákvæðinu um heimildina til að draga útsvör frá, ef þau væru að fullu greidd fyrir áramót. Og þá verða þau eingöngu til ívilnunar fyrir hátekjumennina.

Það kemur fram í aths. með frv., að útsvörin í Reykjavík mundu lækka um 19—20% við þetta ákvæði, að menn mega draga útsvar

frá, ef það er greitt fyrir áramót. Það er ekkert lítið. Og þessarar lækkunar á allt að fimmta hluta af heildarupphæð útsvaranna í Reykjavík njóta hverjir? Alveg augljóslega hátekjumennirnir í Reykjavíkurborg að langmestu leyti. En þá kemur annað, og það er það: það verður ekki einungis þannig, að lágtekjumennirnir með lágu útsvörin njóti ekki góðs af þessu sem neinu nemur, heldur verður það til þess að hækka á þeim útsvörin, því þegar búið er að lækka á hátekjumönnunum, þannig að heildarútsvarsupphæðin lækkar um 20%, þá þarf að hækka á lægri gjaldendunum sem því svarar og færa þannig til frá hátekjumönnunum og yfir á lágtekjumennina. Og þetta veldur þannig gífurlega mikilli tilfærslu á útsvarsbyrðunum af þeim með breiðu bökin yfir á þá máttarminni, með veikari bökin. Og það er þessi tilhneiging í frv., sem ég verð að lýsa mig algerlega andvígan ásamt mörgu öðru.

Í þessu atriði einu liggur sem sé tilhneiging til tilfærslu útsvarsbyrðarinnar af hátekjumönnunum og yfir á mennina með lágar tekjur og miðlungstekjur.

Ég var farinn að halda, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. mundu ætla að hverfa frá því að knýja þetta frv. fram á þessu þingi. Þetta er, eins og í heiti frv. segir: Bráðabirgðabreyting á lögum um útsvör. Og það stendur fyrir dyrum sem sé að gera gagngerðar breytingar á útsvarslöggjöfinni og um það rætt í athugasemdum með frv., að þeirri víðtæku endurskoðun verði sennilega lokið á næsta ári. Ég fellst því ekki á, að það sé nokkur minnsta ástæða til þess að vera að knýja þetta frv. í gegnum þingið nú, allt of vanhugsað, áreiðanlega þannig úr garði gert, að það skapar óánægju og vekur andspyrnu sveitarstjórnarmanna víðs vegar um land, og það verður ekki hægt að mæla gegn því, að gjaldendur eru beittir misrétti um útsvarsgreiðslur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu, þegar búið er að lögfesta þessa 3 útsvarsstiga. Ég held það væri því að öllu leyti affarasælla fyrir hæstv. ríkisstj. og hennar flokka að hætta við afgreiðslu þessa máls nú og láta það bíða, þangað til þeir hafa haft tóm og tíma til að endurskoða útsvarslöggjöfina gagngert. Það er ekkert, sem stendur í vegi fyrir því, að það sé hægt að leggja á útsvörin á grundvelli núgildandi útsvarslaga, eftir efnum og ástæðum, með útsvarsstiga, sem hver niðurjöfnunarnefnd eða sveitarstjórn hefur búið út sér í hendur til þess að hafa til hliðsjónar. Og þannig teldi ég, að það ætti að vera, þangað til þessari vandlegu endurskoðun, sem nú er yfirstandandi, væri lokið.

Ég get því lýst því yfir, að ég er fylgjandi því, að málinu verði nú vísað frá með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur á nál. hv. 2. minni hl. Ég teldi það ákaflega eðlilegt, að svona stórmál, sem snerti svo mjög bæði fjárhagsafkomu og sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórnanna í landinu, væri ekki knúið í gegnum Alþingi, fyrr en það hefði verið sent til umsagnar öllum sveitarstjórnum landsins, og að aðalendurskoðunin færi þá fyrst fram, þegar svör hefðu borizt frá sveitarstjórnarmönnunum.

Nú liggur það fyrir, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst yfir megnri óánægju með ýmis meginatriði þessa frv., og það mundi hún varla gera að óathuguðu máli. Ég hygg, að þessi óánægja stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sé nokkurn veginn spegilmynd af því, að sveitarstjórnirnar í landinu, sveitarstjórnarmennirnir í landinu eru síður en svo ánægðir með þessa breytingu. Og ég fæ ekki séð, að málinu liggi svo mikið á, að ekki megi leita eftir skoðunum hinna reyndu sveitarstjórnarmanna víðs vegar um landið.

En fari svo, að hin rökstudda dagskrá, sem hv. 2. minni hl. ber fram, verði felld, þá mundi ég vilja freista þess að fá fram ýmsar breyt. á frv. og þá fyrst og fremst þessar: Að landsútsvör verði á lögð og þannig jöfnuð metin milli bæjarfélaganna í landinu. Að ákvæðið um frádrátt útsvars, sé það greitt fyrir áramót, sé fellt niður, af því að það mismunar gjaldþegnunum, kemur til með að létta útsvarsbyrðar á hátekjumönnum og ekki aðeins að koma að litlu eða engu gagni fyrir lágtekjumennina, heldur til þess að þyngja útsvörin á þeim, því að þau verður að þyngja, þegar þau lækka á hátekjumönnunum, til þess að sömu heildarútsvarsupphæð verði náð. Og í þriðja lagi að nema í burtu úr frv. öll ákvæði, sem ætlast til þess, að veltuútsvör séu lögð á félagsmannaverzlun samvinnufélaga. Ég er andvígur því, að veltuútsvörin nái til annarra viðskipta samvinnufélaganna en þeirra, sem fram fara við utanfélagsmenn. En að því er þau viðskipti snertir, tel ég alveg sjálfsagt, að þau séu útsvarsskyld á sama hátt og hjá kaupmönnum, eigendum einkafyrirtækja, því að þau viðskipti samvinnufélaganna eru sama eðlis, en félagsmannaviðskiptin ekki.

Nokkrar fleiri smávægilegar breytingar felast í brtt. mínum á þskj. 503, en ég vil láta hér staðar numið.

Ég vil að síðustu taka fram, að ég vildi helzt, að þetta frv. yrði sent til umsagnar sveitarstjórnarmönnum og þannig ekki afgr. á þessu þingi, látið bíða þess, að vilji sveitarstjórnarmannanna lægi fyrir um það, í hvaða átt þeir telji nauðsynlegt og æskilegt að breyta útsvarslöggjöfinni í landinu, og að hin varanlega vandlega endurskoðun fari þá fyrst fram, þegar svör sveitarstjórnarmannanna hafa fengizt. En það yrði auðvitað að bíða næsta þings, og ég sé ekki, að nokkur gild rök hnígi að því, að þessi breyting á útsvarslögunum mætti ekki bíða til næsta þings.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. mínu í þskj. 509, hefur heilbr.- og félmn. Nd. þríklofnað í afstöðu sinni til frv. þess, sem nú er verið að ræða í hv. d., um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum. Hef ég í nál. á þskj. 509 gert allýtarlega grein fyrir afstöðu minni til frv. og

legg til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En verði sú dagskrártill. felld, hef ég flutt nokkrar brtt. við frv., sem liggja hér fyrir d. á sama þskj.

Það hefur lengi verið viðurkennt af flestum, er eitthvað þekkja til, að löggjöf um tekjuöflun sveitarfélaga sé orðin úrelt og það fyrir löngu. Sveitarfélögin hafa orðið að afla langstærsta hluta tekna sinna með beinum álögum á tekjur gjaldenda sinna. Eignarskattar til þeirra hafa verið hverfandi brot af heildartekjunum. Reynslan hefur sýnt, að tekjur gjaldenda og velta atvinnufyrirtækjanna hafa í mörgum sveitarfélögum hvergi nærri verið viðhlítandi gjaldstofn. Framkvæmdafé sveitarfélaganna hefur verið svo lítið, að kyrrstaða hefur verið í framkvæmdum hjá sumum þeirra, aðbúnaður íbúanna af hálfu sveitarfélagsins lélegur og sveitarútsvör langtum hærri á lágar tekjur og miðlungstekjur en í ýmsum þeim sveitarfélögum, sem yfir ríflegu framkvæmdafé hafa að ráða. Þetta ástand hefur svo smátt og smátt haft þau áhrif, að atvinnurekstrinn hefur leitað burt til annarra sveitarfélaga, sem lögðu á minni gjöld og veittu betri aðbúnað, og fólkið hefur svo fylgt á eftir.

Ástandið í þjóðmálum Íslendinga síðustu árin og áratuginn hefur og ýtt undir þessa þróun. Strangar hömlur í fjárfestingu og skortur á lánsfé hefur orðið til þess, að allir, sem fást við atvinnurekstur, hafa að öðru jöfnu viljað staðsetja rekstur sinn í höfuðstöðvum fjárfestingaryfirvalda og bankastofnana, sem sagt hér í höfuðborginni. Ríkisstjórnaraðsetur, Alþingi og stjórnarráð og hvers kyns stjórnarskrifstofur í Reykjavík hafa sömuleiðis ýtt undir þessa þróun, auk þess sem fjölmennið hér í höfuðborginni hefur að sjálfsögðu haft sitt að segja. Hér eru því mörg samverkandi öfl að verki og við ramman reip að draga fyrir þá, sem á annað borð trúa því, að þjóðarheildinni sé fyrir beztu, að skynsamlegt jafnvægi sé í byggð landsins og að þeir staðir á landinu við sjó og í sveit, sem byggilegir eru, leggist ekki í auðn. Ég hef nokkuð lengi haft sannfæringu fyrir því, að ein af þeim leiðum, sem hjálpað gætu í þessu efni, væri sú að gerbreyta til um álagningu og reglur beinna skatta ríkisins og sveitarfélaganna, viðurkenna í verki, að þéttbýlið hér í höfuðborginni hefur óneitanlega eftir núgildandi skattareglum aðstöðu til þess að skattleggja landsmenn alla í sinn sérsjóð með útsvarsálögum á ríkiseinkasölur, stóra viðskiptaaðila og framleiðendur, og höfuðborgin léti eitthvað af þessu renna aftur til annarra bæjar- og sveitarfélaga, svo að þau komist ekki fjárhagslega á vonarvöl.

Um skipan hins nýja skattkerfis hef ég lagt fram þáltill. ásamt með 4 öðrum þm., og vísa ég til hennar um þetta atriði.

Löggjöf um útsvör er mikið verkefni, og á miklu veltur, að til alls undirbúnings sé vel vandað. Ég þekki ekki til neinnar þjóðar, sem hefur talið sér fært að setja löggjöf um slíkt stórmál án undangenginnar nákvæmrar rannsóknar sérfræðinga, sem oft hefur staðið svo árum skiptir. Hér á hins vegar að fara þveröfugt að, knýja áfram stórfellda breytingu á útsvarslöggjöfinni án viðhlítandi undirbúnings og rannsóknar og bíða síðan og sjá til, hvernig til tekst um framkvæmd þessarar löggjafar. Ég hélt, að við, sem lifum á 20. öldinni, hefðum fyrir löngu lagt á hilluna slíka happa- og glappaaðferð, en fram komið útsvarsfrv. virðist þó benda til annars. Þessi vinnubrögð eru þó þeim un fráleitari, þar sem ljóst er, að enginn nauður rekur stjórnarflokkana til þessara aðgerða einmitt nú. Útsvarslögin frá 1945 geta vissulega gegnt sínu hlutverki um 1—2 ára skeið enn þá, eða þar til fyrir lægju niðurstöður þeirra tveggja nefnda, sem nú rannsaka löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaga og skattamál ríkisins. En eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv., vinna nefndir þessar saman að nokkru leyti. Á niðurstöðum nefndanna ætti síðan að byggja löggjöf um útsvör.

Þá kemur fleira til, sem rennir stoðum undir dagskrártill. mína, og það er sú staðreynd, að um lagasetningu þessa hefur ekki verið haft nægilegt samráð við ýmsa þá aðila í landinu, sem málið varðar miklu og eðlilegt er að samráð sé haft við. Fáar sveitarstjórnir hafa verið hér spurðar ráða. Fulltrúaráðsfundur Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn var hér í Reykjavík dagana 8. og 9. apríl s. l., lýsti yfir megnri óánægju með ýmis veigamikil atriði frv. M. a. fyrir þá gagnrýni stöðvaðist frv. um skeið í meðferð þessarar hv. d., og nú er ljóst, að nokkrar breytingar hafa fengizt fram á frv., þótt ekki geti ég talið þær stórfelldar.

Við samtök gjaldenda hefur alls ekki verið talað. Hvorki framleiðendur, atvinnurekendur né launþegar hafa fengið að koma hér orði að, enda þótt algengt sé, að til slíkra aðila sé leitað um ráð og ábendingar, þegar um meiri háttar tekjuöflunarfrv. ríkisins er að ræða, t. d. eins og söluskattinn nú nýverið. Afleiðingar þessa segja líka fljótt til sín, því að nú rignir mótmælum gegn ýmsum stórum þáttum frv. yfir Alþingi úr hinum ólíkustu áttum. Vinnuveitendasambandið, kaupmannasamtökin, samvinnusamtökin, öll þessi volduga samtök og eflaust fleiri aðilar hafa mótmælt frv. að meira eða minna leyti. Hvernig halda svo hv. alþm., að frv., sem hlotið hefur svona undirbúning og viðtökur strax í byrjun, reynist í framkvæmd? Væri ekki viðurhlutaminna að fresta framgangi frv. um sinn og undirbúa málið betur?

Læt ég þessi orð nægja um málsmeðferðina.

Um efni frv. mætti tala langt mál, en ég mun þó, m. a. með hliðsjón af því, að síðasti hv. ræðumaður (HV) kom inn á mjög mörg atriði í frv., reyna að stikla aðeins á stærstu atriðum þess.

Útsvarsstigana þrjá, sem nú á að lögbjóða, tel ég brjóta freklega þá meginreglu í skatta-

málum, bæði ríkis og sveitarfélaga, sem ég tel eina heiðarlega og réttláta, sem sagt þá, að gjaldendur, einstaklingar og félög, greiði sömu sveitarútsvör, hvar svo sem þau hafa búsetu. Þetta hefur að vísu verið þannig hér á landi á undanförnum árum, að útsvör hafa verið misjöfn, en slík regla er ekki samkvæmt lagaboði frá Alþingi. Hitt er að mínu viti óhæfa, að Alþingi leggi blessun sína yfir þetta ófremdarástand, eins og gert er með frv. Ég get fyllilega viðurkennt, að fjármálum sumra sveitarfélaga væri nokkuð þröngur stakkur skorinn, ef þeim væri fyrirskipað að nota t. d. Reykjavíkurstigann, og því freistast sveitarfélögin til þess að heimta hærri útsvarsstiga fyrir sig. Sú stefna er að mínu viti alröng, og um hana mætti segja, að skamma stund verði hönd höggi fegin, því að ég ætla, að hag þeirra sveitarstjórna væri ekki vel komið, sem drepið hefðu niður atvinnureksturinn hjá sér og flæmt í burtu með of miklum álögum. Þau sveitarfélög, sem þannig er ástatt um, eiga því að beina spjótum sínum að rótum meinsins, sem að mínu viti er fyrst og fremst, að í gildi er nú löggjöf um skattamál ríkisins og sveitarfélaganna, sem er óréttlát, úrelt og of dýr.

En víkjum aftur að útsvarsstigunum og vísdómi þeirra. Jón Jónsson í Reykjavík hafði í nettótekjur á s. l. ári 24999 kr. og borgar af þeim í Reykjavík ekkert útsvar. Búi hann hins vegar í Kópavogi, má taka af honum í útsvar þar af sömu tekjum 2145 kr. Búi hann vestur á Seltjarnarnesi, sem er næsta nágrenni við okkur, þá getur hann orðið að greiða 2625 kr. af þeim tekjum, sem eru útsvarsfrjálsar í Reykjavík. Hefði þessi maður haft 50 þús. kr. nettótekjur, sem er ekki óalgengt, þá mundi hann hafa borgað samkvæmt stigunum: í Reykjavík 6090 kr., í Kópavogi 8200 kr., á Seltjarnarnesi 6680 kr. Hvernig má nú þessi skipan vera réttlát? Er svona miklu ódýrara að búa í Kópavogi og Seltjarnarnesi en í Reykjavík? Ekki mun svo vera. En er þá þetta miklu betur að gjaldandanum búið af hálfu þessara tveggja síðastnefndu sveitarfélaga en gert er í Reykjavík? Síður en svo. Ég hef hér tölur úr tveim næstum samliggjandi bæjarfélögum, Reykjavík og Kópavogi, er sýna ljóslega mátt þessara tveggja bæjarfélaga til framkvæmda. Hef ég deilt heildarupphæð álagðra útsvara árin 1957—1960 með íbúafjöldanum á þessum stöðum, og þá kemur þetta út:

Árið 1957 voru álögð útsvör í Reykjavík á íbúa 2776 kr., en í Kópavogi 1473 kr.

Árið 1958 voru útsvör í Reykjavík 3034 kr. á íbúa, en í Kópavogi 1553 kr.

Árið 1959 voru álögð útsvör á íbúa í Reykjavík 3114 kr., en 1764 kr. í Kópavogi.

Árið 1960 voru álögð útsvör á íbúa í Reykjavík 3387 kr., en í Kópavogi 1878 kr.

Í fáum orðum sagt, Reykjavík hefur nálægt því helmingi meira fé af útsvörum á íbúa en Kópavogur og getur þar af leiðandi gert fast að því helmingi meira í hvers kyns verklegum framkvæmdum en við í Kópavogi getum gert. Svipaða sögu er hægt að segja úr flestum öðrum sveitarfélögum á landinu. Það hlýtur því að verka sem kaldur gjóstur á íbúa þessara sveitarfélaga, þegar nú ýmsir af þeim þm., sem þeir hafa sent til þess að vinna að málum sínum hér inn á hið háa Alþingi, rétta upp hendurnar til þess að styðja þá stefnu, að þeim skuli lögskipað að greiða hærri útsvör en íbúum þess sveitarfélagsins, sem um flest getur búið miklu betur að sínu fólki en önnur sveitarfélög í landinu geta gert.

Þó kastar fyrst tólfunum um misrétti frv. og misrétti gjaldenda eftir því, hvar þeir hafa búsetu, þegar litið er til veltustiganna, sem nú á að lögbjóða. Það er ekkert vafamál, að flestar tegundir atvinnurekstrar hafa betri skilyrði hér í Reykjavík en annars staðar á landinu. Verzlun er betur staðsett í Reykjavík en annars staðar, iðnaðarfyrirtæki yfirleitt sömuleiðis og hvers kyns önnur framleiðslufyrirtæki önnur en þau sum hver, er vinna framleiðsluvörur úr sjávarafla og úr landbúnaðarvörum. Ég þarf ekki að rekja orsakir þær, er liggja að þessu, þær liggja í augum uppi. Ég vil þó sem dæmi benda á það skilningsleysi valdhafa á þörfum atvinnurekstrarins víða úti um land, að á öllum Suðurnesjum og alveg inn undir Reykjavík, sem er eitt hið stærsta framleiðslusvæði á öllu landinu, hefur þess ekki þótt þurfa með á undanförnum árum, að einhver þjóðbankanna setti þar upp útibú, enda þótt hér í Reykjavík við nánast eina og sömu götuna, sem þó heitir að vísu þremur ólíkum nöfnum, séu nú staðsettir svo að segja hlið við hlið 4 bankar með a. m. k. 4 útibúum. Útgerðarmenn í Sandgerði, í Grindavík og Keflavík verða vegna bankaviðskipta sinna að fara margar ferðir á mánuði hverjum hingað í bankaerindum til Reykjavíkur, meðan á hávertíð stendur, og er sú tímaeyðsla og fyrirhöfn alveg gífurleg. En sem sagt, ofan á þetta á að lögbjóða hér á Alþingi, að auka skuli enn þá aðstöðumun atvinnurekstrarins í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Nú á að lögbjóða heimild til miklu hærri veltuútsvarsálagningar á atvinnureksturinn utan Reykjavíkur en annars staðar. Ég fæ ekki betur séð en það val, sem t. d. bæjarfélög utan Reykjavíkur eiga, að velja á milli Reykjavíkurstigans og stigans skv. 6. gr., eigi ekki að gilda um veltustigann. Ég skil 1. málsgr. 9. gr. frv. þannig, að bæjarfélögum utan Reykjavíkur sé bannað að nota veltustigann þar.

Ég hef í þáltill., sem ég hef flutt ásamt 4 öðrum þm. Framsfl. um skipun milliþn. í skattamálum, sem ætlunin er að taki það að sér að rannsaka hin beinu skattamál ríkisins og sveitarfélaganna, bent á fjölmörg dæmi um þann aðstöðumun og þær misjöfnu álögur, sem atvinnurekstrinum er ætlað að búa við, eftir því, hvort hann er staðsettur hér í Reykjavík eða utan Reykjavíkur. Ég hirði ekki um að lesa þann lista upp aftur, en vil aðeins vísa til hans um upplýsingar fyrir hv. þm.

Þennan mismun á álögum virðist þó þingmeirihlutinn eða stjórnarsinnarnir á þingi ekki

telja nægilegan. Atvinnurekstrinum í öðrum bæjarfélögum en Reykjavík á að banna að draga frá veltu sinni, áður en á hana er lagt, þessa frádráttarliði, sem leyfðir eru í Reykjavík: söluskatt, gjald til útflutningssjóðs, gjald af innlendum tollvörutegundum, skemmtanaskatt og gjald af kvikmyndasýningum. Ofan á það að búa við miklu hærri veltuprósentsálögur, þá er atvinnurekstrinum utan Reykjavíkur líka bannað að draga frá vissa frádráttarliði, sem á að leyfa hér í Reykjavík. Þetta er svo fráleitt og hlýtur að enda með þeim ósköpum, að ekki tekur nokkru tali.

Ég hygg, að flestir hv. alþm. finni það inn á sér, að með frv. því, sem nú er til 2. umr., sé verið að lögbjóða stefnu, sem er stórhættuleg og veldur röskun í þjóðlífinu. Það nægir ekki við setningu útsvarslaga að einblína eingöngu á tekjuþörf hinna einstöku sveitarfélaga og miða þá allar aðgerðir við það og hið úrelta skipulag, sem nú er í gildi um tekjustofna þeirra. Gjaldþol gjaldþegnanna er líka atriði, sem verður að gefa gaum. Við samningu þessa frv. hefur algerlega verið litið fram hjá því. Veltuútsvörin á nú að löghelga. Fá opinber gjöld hafa verið gagnrýnd meir en þau, og sú gagnrýni er í langflestum tilfellum alveg réttmæt. Heimild til álagningar á brúttóveltu allt að 3% er hreinasta fásinna, hvernig sem á slíkt er litið. Tekjuútsvör og tekjuskattur geta að þessu frv. samþykktu numið 55% af hreinum tekjum félaga. Þá er eftir að telja margs kyns opinber gjöld önnur til ríkis og sveitarfélaganna. Opinber skattlagning er ærin fyrir, þótt veltuútsvörunum sé sleppt. Það er engin röksemd fyrir veltuútsvörunum, að svo og svo miklu sé stolið undan af tekjum og eignum og nauðsynlegt sé að hafa þau þess vegna. Ef menn aðhyllast þá skoðun, þá eru þeir um leið að gjalda jáyrði sitt við því, að þeim, sem telja rétt fram viðskipti sín, tekjur og eignir, skuli refsað sérstaklega fyrir það með háum greiðslum veltuútsvara, en hinum, sem undan dragi, skuli sleppt, sem sagt, þeir séu sérstaklega verðlaunaðir, skattsvikararnir, fyrir undandráttinn. Þessum bresti í þjóðlífinu, skattsvikunum, á að svara á annan og manndómslegri hátt, með því að setja sanngjörn skattalög, sem hvetja ekki um of til undandráttar tekna, koma á harðara skatteftirliti og þyngdum viðurlögum við skattsvikum. Þetta getum við vafalaust gert, eins og aðrar menningarþjóðir í Vestur-Evrópu. Ég hef þá trú, að slíkar breytingar á skattalögum og slík breyting á skattframkvæmd og skatteftirliti þyrfti ekki að leiða til tekjutaps, hvorki fyrir ríkissjóðinn né sveitarfélögin, því að ég teldi, að með þessu móti mundi vera talið miklu meira fram en nú er gert, sem sagt, þá fengjust réttari framtöl.

Um veltuútsvörin, eðli þeirra og verkanir mætti tala langt mál. Ég hygg, að fullyrða megi, að allir sérfræðingar í skattamálum séu á einu máli um það, að þau séu óheilbrigður skattur, sem standi í vegi fyrir eðlilegum og nauðsynlegum vexti fyrirtækja. Vil ég í þessu sambandi minna á ummæli Västhagens, sem er sérfræðingur í skattamálum og var kvaddur hingað til Íslands fyrir nokkrum mánuðum að tilhlutan Iðnaðarmálastofnunarinnar. Hann upplýsti, að veltuútsvörin í því formi, sem við þekkjum hér á Íslandi, væru alveg sérstakt fyrirbæri, sem hvergi þekktist annars staðar í menningarríkjum, og var mjög eindreginn andstæðingur þeirra.

Allir munu í raun og veru sammála um, að óeðlilegt sé að taka af fyrirtæki í opinber gjöld meira en hreinum tekjum þess nemur, og nauðsynlegt sé fyrir fyrirtækið að halda eftir nokkrum tekjum. Hver sá hundraðshluti eigi að vera, er nokkuð umdeilt. Í Bandaríkjunum mega opinber gjöld fyrirtækja ekki fara fram úr 52% af hreinum tekjum og í Noregi ekki fram úr 65% af hreinum tekjum. Ég flyt við frv. um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum brtt., sem gerir ráð fyrir því, að opinber gjöld fyrirtækja megi ekki fara fram úr 65% af hreinum tekjum, eins og gert er í Noregi. Við setningu útsvarslaga eins og hvers kyns annarrar löggjafar verða alþm. að hafa það hugfast, að alla lagasetningu ber að miða við það takmark að auka þjóðarframleiðsluna, afla meira til skiptanna. Aukning þjóðarframleiðslunnar ræður lífskjörunum að langmestu leyti. Veltuútsvörin vinna á móti aukinni þjóðarframleiðslu. Framleiðslufyrirtæki og þjónustufyrirtæki keppast ekki eins um að framleiða sem mest og ódýrast eða veita sem bezta þjónustu og ódýrasta jafnframt, ef þau eiga það yfir höfði sér, að opinberar álögur hirði allan afrakstur. Veltuútsvörin ber því að afnema. En mér er ljóst, að ef slíkt á að gerast, þarf samtímis að breyta öllu skatta- og útsvarskerfinu frá grunni. Um það hef ég, sem fyrr segir, lagt fram þáltill. og bent á, hver atriði þurfi helzt athugunar við og hverjar breytingar helzt þurfi að gera. Sú þáltill. er til umr. á fundi í Sþ. í kvöld.

Samkv. útsvarsfrv. á nú að breyta álagningarreglum á samvinnufélög. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um skatta- og útsvarsmál samvinnufélaga og margir sleggjudómar kveðnir upp í því sambandi. Ég hef leyft mér að flytja svofellda brtt. við ákvæði frv. um veltuútsvör varðandi samvinnufélög, með leyfi hæstv. forseta:

„Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna".

Samkv. till. þessari er lagt til, að veltuútsvör á þau viðskipti samvinnufélaga, sem eru ekki sundurgreind í félagsmannaviðskipti og utanfélagsmannaviðskipti, fari eftir sömu reglum og um aðra eru viðhafðar. Þetta tel ég eðlilegt, enda er það þessi þáttur í samvinnustarfinu, sem hvað mest hefur orðið fyrir gagnrýni og bent á sem dæmi um skattfríðindi samvinnufélaga. Um félagsmannaviðskiptin

gegnir hins vegar allt öðru máli. Það er ekki vottur af sanngirni í þeim reglum frv., að þau skuli sett við sama borð um greiðslu veltuútsvara og t. d. kaupmannaviðskiptin. Hér er gersamlega ólíku saman jafnað. Kaupmannaviðskiptin hafa að markmiði að safna verzlunarágóða fyrir kaupmanninn. Félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna eiga að tryggja sem lægst vöruverð. Hagnaði af félagsmannaverzlun samvinnufélaganna er skilað aftur, annaðhvort sem endurgreiðslum til félagsmanna, miðað við viðskipti þeirra, stundum með innlögum í séreignasjóði þeirra eða þá hann rennur í óskiptanlega sameignarsjóði. Að leggja veltuútsvör á þessi viðskipti og endurgreiðslur væri sambærilegt við það að leggja veltuútsvör á sannanlegan afslátt, er kaupmaður veitti viðskiptamönnum sínum. Sú till. hefur þó aldrei komið fram, af því að allir viðurkenna hana fráleita. En nú á að framkvæma þessa kenningu á samvinnufélögunum. Er ekki vandi að sjá, að slík stefna styðst meira við glórulaust ofstæki þeirra, sem að þessu frv. standa, en hlutlægt mat. Skal því tæpast trúað að óreyndu, að allir stjórnarsinnar séu hér á einu máli, og leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp örfáar línur úr bók, er einn stjórnarstuðningsmanna hefur skrifað nú fyrir rúmu ári, en það er hv. 5. þm. Vesturl. Í þessari bók, sem hann hefur skrifað fyrir rúmu ári, segir hann um skattamál samvinnufélaga og þann áróður, sem uppi hefur verið hafður að undanförnu og hefur verið mjög sterkur, að þau búi við einhver sérstök skattfríðindi, — þar segir greinarhöfundur þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Andstæðingar samvinnufélaganna halda því mjög á lofti, að þau njóti stórkostlegra skattfríðinda og hafi þar af leiðandi miklu betri aðstöðu í samkeppni en einkafélög. Eins og sjá má af því, sem hér hefur verið sagt, er þetta fjarri sanni. Eini munurinn, sem er á skattgreiðslum samvinnufélaga og annarra félaga, er sjálfsögð viðurkenning á ólíkum viðskiptaháttum, sem fram koma í endurgreiðslu. Hver sá, sem vill skila viðskiptavinum sínum aftur gróða og tryggja þeim þannig sannvirði, getur fallið undir sömu reglur og samvinnufélögin. Ef menn telja hlut þeirra miklu betri en t. d. hlutafélaga, hví taka þeir þá ekki upp endurgreiðslu gróðans eða breyta félögum sínum í samvinnufélög, sem allir geta gert? Sú staðreynd, að andstæðingar samvinnufélaganna hafa ekki gripið til þessara ráða, talar skýru máli. Það er einnig auðvelt að afsanna þá fullyrðingu, að samvinnumenn hafi vegna skattamála betri samkeppnisaðstöðu en hlutafélag eða einkarekstur. Þau fyrirtæki samvinnumanna, sem hafa náð skjótustum og mestum árangri í samkeppni við einkarekstur á síðasta áratug, eru einmitt félög eins og Samvinnutryggingar, Olíufélagið, Dráttarvélar, sem öll greiða skatta eins og hlutafélög og geta því ekki haft neitt forskot á því sviði. Skattamál eru vissulega ekki gild skýring á því, hvers vegna samvinnumönnum hefur gengið vel í mörgum greinum samkeppninnar. Enn er þess að minnast, þegar rætt er um skattamál félaga, að hér á landi starfa í atvinnulífi mörg samtök, sem notið hafa árum saman fullkomins skatt- og útsvarsfrelsis. Þetta er staðreynd, sem ekki er sanngjarnt að ganga fram hjá, þegar rætt er um skattamál félaga, og væri vissulega meiri ástæða til að íhuga aðstöðu þessara skattfrjálsu aðila en gera ómaklegar árásir á samvinnufélögin. Skipadeild SÍS hefur greitt allmikla skatta og útsvör. Eimskipafélag Íslands var hins vegar skatt- og útsvarsfrjálst með öllu til ársins 1955, og var aðstaða samvinnumanna í samkeppni við það því ekki góð hvað skatta snerti. Innflutningsdeild Sambandsins hefur greitt skatta og útsvör, en innflytjendasamband heildsala, Impuni, hefur aldrei sézt á neinum skattskýrslum og greiðir enga skatta eða útsvör. Útflutningsdeild Sambandsins hefur greitt skatta og útsvör. Deildin flytur út fisk, að vísu ekki í samkeppni við Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, en Sölusambandið er skatt- og útsvarsfrjálst. Þannig mætti nefna fleiri dæmi, en þess gerist ekki þörf. Þrátt fyrir þetta ástand í skattamálum stórfyrirtækja verða samvinnufélögin sí og æ fyrir árásum vegna skattamála. Það er gamla sagan, menn tala um flís í augum annarra, en sjá ekki bjálkann í eigin auga".

Þetta sagði hæstv. forseti þessarar deildar eða sá, sem situr í sæti hans, fyrir rúmu ári. Og við skulum vona, að hann sé enn sama sinnis í þessu máli, en á það mun reyna hér á eftir.

Í frv. er það nýmæli, að draga skuli fyrra árs útsvar, ef það er greitt fyrir áramót, frá hreinum tekjum, áður en lagt er á þær útsvar. Ef tekið er tillit til þess, hvernig útsvarsstigarnir eru uppbyggðir, og þeirra stórkostlegu skattalækkana, sem hátekjumenn hafa hlotið nýverið umfram aðra með breyt. skattalaganna, mundi þetta ákvæði í framkvæmd þýða enn þá meiri útsvarslækkun fyrir hátekjumenn en aðra útsvarsgreiðendur. T. d. mundi einstaklingur í Reykjavík með 200 þús. kr. nettótekjur árið 1959, sem hefði goldið 50 þús. kr. útsvar vegna tekna ársins 1958, lækka í útsvari 1960 um 15 þús. kr. En einstaklingur í Reykjavík með 60 þús. kr. tekjur árið 1959, sem goldið hefði 8500 kr. útsvar vegna tekna ársins 1958, mundi lækka í útsvari 1960 um aðeins rúmar 2000 kr. Ég tel ekki rétt að taka þátt í því að lögleiða slíkt ákvæði, miðað við það, sem á undan er gengið, og mun því flytja brtt. við þessa grein frv. um að leyfa aðeins greidd eignarútsvör til frádráttar. Verði sú brtt. samþykkt, mun ég við 3. umr. leggja fram brtt. um lægri útsvarsstiga, sem þessum frádráttarlið svarar, og láta lækkun útsvarsstigans vera mesta á lægstu tekjubilunum.

Í 3. gr. frv. eru nokkur ákvæði um heimildir niðurjöfnunarnefnda til þess að víkja frá skattframtölum, eins og frá þeim er gengið af hálfu skattyfirvalda. Þessi ákvæði eru að mínu viti mjög vafasöm. Þau opna leiðir til

mismununar og ívilnunar eftir því, hvernig afstöðu gjaldendur hafa til ráðandi bæjaryfirvalda á hverjum stað og hverjum tíma. Í sjálfu sér tel ég, að það sé fráleitt, að þegar ein skattanefnd eða skattstjóri hefur athugað skattaframtal gjaldenda og gert á þær aths., sem hann telur réttmætar, þá geti annað hliðstætt yfirvald í skattamálum, sem sagt hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd, tekið þetta plagg og farið með það sem eitthvert ómerkt skjal, breytt því á alla vegu og gert hvað eina annað við það. Það öryggi, sem gjaldendur eiga við að búa undir slíku skipulagi, getur ekki verið mikið. Þá eru ákvæði í b-lið 3. gr. um, að víkja megi frá ákvæðum skattalaga um sérstakan frádrátt frá tekjum samkv. 4. gr. laga nr. 36 1958, um tapfrádrátt milli ára og um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum, einnig að sama skapi mjög vafasöm og opnar leiðir til mismununar og ívilnunar. Hvaða vit er í því, að *einni niðurjöfnunarnefnd* eða *einni* hreppsnefnd sé heimilað með lagasetningu að strika út allar fyrningarafskriftir hjá einu fyrirtæki og taka ekkert tillit til þeirra? Það er að mínu viti hreint barbarí og mætti ekki undir neinum kringumstæðum lögfesta slík ákvæði. En þetta er hér í frv.

Þá er í frv. hvergi nærri að mínu viti skilgreint, hvað orðið velta merki. Þetta atriði hefur valdið skattyfirvöldum miklum heilabrotum á undanförnum árum, og mjög algengt hefur það verið, að leita hefur þurft til dómstólanna til þess að fá þetta atriði úrskurðað. Er slíkt að sjálfsögðu bæði tímafrekt og dýrt, auk þess sem það skapar óviðunandi öryggisleysi. Ég spurði um það í heilbr.- og félmn. t. d., hver væri velta sláturhúss og mjólkurbús, sem á að undanþiggja samkv. frv. Við því fékk ég ekki nokkur viðhlítandi svör, enda er ég ekki að segja frá þessu hér til þess að gera neitt lítið úr þeim mönnum, sem með mér sitja þar, það eru ágætir menn. Þetta hefði vafizt fyrir fleirum. En svona er hægt að taka fjölda dæma, þar sem eru vafatilfelli um það, hvað telja skuli til veltu.

Ein spurning er mjög ofarlega í hugum allra, sem líta í þetta frv., og hún er sú: Hver er velta umboðssölufyrirtækis? Hæstv. forseti hefur í sinni ágætu bók, sem ég vitnaði í hér áðan, farið um þetta atriði nokkrum orðum, og vil ég, með leyfi hans, leyfa mér að lesa það upp, — hann segir:

„Þá er rétt að benda á erfiðleika þess að ákveða, hvað telja beri veltu til útsvara. Þegar Sambandið eða eitthvert annað fyrirtæki selur vörur frá vörugeymslu í Reykjavík, leggur á hana heildsöluálagningu, blandast engum hugur um, að það er velta, sem fellur undir slíkan veltuskatt. En panti SÍS vörur fyrir aðila úti á landi og sé varan send þangað beint án viðkomu í Reykjavík, hefur ekkert gerzt í höfuðstaðnum, nema hvað 2—3 bréf voru skrifuð. Er rétt að leggja útsvar á slíka veltu?"

Ég tel, að frv., að því er þetta atriði snertir, sé engan veginn nærri nógu vel úr garði gert, og þótt ekki væri margt fleira annað, sem rennur undir þá aðaltill. mína, dagskrártill., að frv. verði vísað frá að sinni með rökst. dagskrá, þá tel ég þetta atriði eitt út af fyrir sig nægja til þess, að fresta ætti meðferð frv. og taka þetta til nánari íhugunar.

Ég hef nú rætt frv. þetta nokkuð og reynt að sýna fram á stærstu galla þess og nauðsyn þess, að málið fái meiri og betri undirbúning. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja til, að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár:

„Eins og fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga benti á og rökstuddi með dæmum í yfirlýsingu á fundi sínum 8.—9. f. m., þarf frv. þetta nánari athugunar við, áður en það er lögfest. Þeirri athugun verður ekki komið við á þessu þingi, sem nú er nærri lokið, enda er eðlilegast vegna sjálfstæðis sveitarfélaga innan þjóðfélagsins, að Alþ. hafi þau vinnubrögð í málinu að leita álits og till. sveitarstjórna um frv., áður en það er gert að lögum. Ákveður því Nd. að fela ríkisstj. að senda frv. nú þegar öllum bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum í landinu og biðja um álit þeirra og tillögur *fyrir næsta haust og jafnframt* sé frv. sent til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega — og með tilliti til þess tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Ef þessi dagskrártill. verður felld, hef ég leyft mér að flytja nokkrar, átta held ég, brtt. við frv., og liggja þær frammi á þskj. 509. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja efni þeirra ýtarlega. Flestar eru þess eðlis, að þær skýra sig sjálfar. Þó vil ég aðeins geta um 1. brtt. mína, við 3. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað orðanna „um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum" í b-lið komi: um hækkun fyrningarfrádráttar, sem felst í lögum um sérstakar fyrningarafskriftir."

Tilgangurinn með flutningi þessarar brtt. er sá að koma í veg fyrir, að niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir geti algerlega strikað út allar fyrningarafskriftir hjá fyrirtækjum og lagt á full útsvör. Ég legg til, að þeim sé aðeins heimilað að strika út þær sérstöku fyrningarafskriftir, sem eru allverulega hærri en hinar venjulegu afskriftir og hafa verið samþykktar nú ár eftir ár samkv. sérstökum lögum.

Þá hef ég flutt þá brtt. að undanþiggja veltuútsvari áburð, fóðurvöru, salt og veiðarfæri. Það er vitað, að verzlun með þessar vörur er síður en svo nokkurt gróðafyrirtæki og óeðlilegt að leggja á þessar vörutegundir, sem eru allar bráðnauðsynlegar höfuð- eða undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, há veltugjöld, eins og verðlagningu þeirra er nú háttað.

Þá sé ég aðeins ástæðu til þess að nefna seinustu brtt. mína. Hún er um það, að samanlögð upphæð veltuútsvara megi ekki í neinu sveitarfélagi vera hærri en sem nemur 15% af heildarupphæð álagðra útsvara þar og ekki megi leggja hærra veltuútsvar á gjaldanda en

svo, að samanlögð upphæð tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans. Ég tel, að þessi ákvæði séu hvor tveggja bráðnauðsynleg og sjálfsögð, enda eru dæmi eða hliðstæður til þeirra í öllum menningarríkjum í Vestur-Evrópu, sem ég þekki eitthvað til um skattamál hjá.

Ég mun svo ekki tefja þingfundinn lengur að þessu sinni. Ég vil aðeins endurtaka það, að mér finnst af efni frv. um breyt. á útsvarsl. og af þeim rökum, sem við höfum hér flutt, tveir síðustu ræðumennirnir, að þá sé það ekki óeðlileg málsmeðferð að fresta nú umr. um frv. og vísa því frá með þeirri dagskrártill., sem ég hef leyft mér að flytja hér og ég var að lýsa áðan.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Frv. til laga um bráðabirgðabreyt. á lögum um útsvör frá 12. apríl 1945, sem nú liggur hér fyrir til 2. umr., er í veigamiklum atriðum mjög frábrugðið gildandi lögum um útsvör.

Það fyrsta, sem maður hlýtur að reka sig á, er, að í frv. er gert ráð fyrir, að Reykvíkingar skuli greiða 1/3 lægra útsvar en þeir, sem eru búsettir utan höfuðstaðarins. Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lögfestir verði þrír mismunandi útsvarsstigar. Sérstakur útsvarsstigi á að gilda fyrir Reykjavík, og skulu útsvörin þar verða lægst. Þeir, sem búsettir eru í kaupstöðum utan Reykjavíkur, skulu bera allt að 1/3 hærra útsvar en Reykvíkingar og fólk búsett í sveitum og sjávarþorpum á að greiða miklum mun hærra útsvar en fólk búsett hér. Í Reykjavík skal ekki leggja útsvar, eins og stendur í frv., á lægri tekjur en 25 þús. kr. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal útsvar lagt á 15 þús. kr. tekjur, eða 10 þús. kr. lægri tekjur en í Reykjavík, og í sveitum og sjávarþorpum, eins og frv. var lagt fram í upphafi, skulu menn greiða útsvar af 3000 kr. tekjum, eða 22 þús. kr. lægri tekjum en búsettu fólki í Reykjavík er gert að skyldu að greiða útsvar af. Af hreinum tekjum skulu einstaklingar í Reykjavík greiða af 25—35 þús. kr. 940 kr., í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu menn greiða af 30—40 þús. kr. hreinum tekjum 3300 kr. Í sveitum og kauptúnum greiða einstaklingar af 25—30 þús. kr. hreinum tekjum 1980 kr., og af 10—15 þús. kr. tekjum greiðir einstaklingurinn þar 830 kr. í útsvar. Í Reykjavík er fólk með svo lágar tekjur algerlega útsvarsfrjálst.

Menn búsettir í sveit, sem engar tekjur hafa aðrar en ellilaun eða örorkubætur, en þeir eru á 2. verðlagssvæði, og það þýðir, að þeir fái í örorkubætur 19440 kr. fyrir hjón yfir árið, greiða því mikið á annað þúsund kr. í útsvar. Ef þeir ættu heima í Reykjavík, greiddu þeir ekkert útsvar af sömu tekjum.

Frá útsvari, eins og það er reiknað samkvæmt útsvarsstiga Reykjavíkur, er veittur fjölskyldufrádráttur, 800 kr. fyrir konu og fyrir eitt barn 1000 kr., annað barn 1100, fyrir þriðja barn 1200 kr. og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um 100 kr. fyrir hvert barn.

Sami fjölskyldufrádráttur skal gilda í öðrum kaupstöðum. Í öðrum sveitarfélögum skulu aðrar reglur gilda. Þar skal veita fjölskyldufrádrátt, sem hér segir: Fyrir konu 500 kr. í stað 800, sem er í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, og 500 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri gjaldenda, í stað 1000 kr. frádráttar fyrir 1. barn, og 100 kr. hækkun fyrir þau börn, sem fram yfir eru. Ég vil segja, að þetta getur maður kallað að sé réttlæti í lagi.

Það verður varla sagt, að í þessu frv. sé gengið út frá þeirri meginreglu, sem ætti þó að gilda, að menn séu jafnir fyrir lögunum, heldur þveröfugt. Það er engu líkara en að þeir menn, sem samið hafa frv., hafi vitandi vits stefnt að því að skapa óverjandi og óviðunandi misræmi og ranglæti í álagningu útsvars eftir því, hvar menn eru búsettir. Fólk búsett í Reykjavík skal búa við allt önnur og rýmri skilyrði hvað álagningu útsvars viðkemur en fólk búsett utan Reykjavíkur. Og það er ekki talið nægilegt að hafa útsvarsstigann langtum hærri utan Reykjavíkur, heldur skal til viðbótar mismunað í fjölskyldufrádrætti, þannig að hvert misræmið og ranglætið er öðru verra.

Ætli hæstv. ríkisstj., sem lætur flytja þennan óskapnað í frumvarpsformi, telji, að með slíkri lagasmíð sé verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins? Það hefur þó ekki vantað, að gefin hafa verið fögur loforð og mikil og stór fyrirheit um uppbyggingu landsbyggðarinnar utan höfuðstaðarins.

Menn tala sí og æ um flóttann úr sveitunum og sjávarþorpunum við vegar á landinu hingað suður að Faxaflóa og til Reykjavíkur. Menn telja, og það með miklum rökum, að ef slíkt misræmi haldi áfram, geti slíkir fólksflutningar stefnt að gereyðingu heilla byggðarlaga. Vitanlega er þessi skoðun alveg rétt, og móti slíkum óeðlilegum fólksflutningum ber vitanlega að vinna með öllum tiltækilegum ráðum. Á það má benda, að í tíð vinstri stjórnarinnar var gert stórt átak í þá átt að stöðva þessa óheillavænlegu þróun, m. a. með því að beina aukningu framleiðslutækjanna meira út um landið en áður hafði verið gert um fjöldamörg ár.

Þessi stefna varð til þess, að vinstri stjórnin stöðvaði að mestu leyti fólksstrauminn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og kaupstaðanna hér við Faxaflóa, enda varð gerbreyting til batnaðar á öllu atvinnulífi í kaupstöðum og sjávarþorpum úti um land frá því, sem áður hafði verið, enda naut vinstri stjórnin mikils trausts fólksins úti á landinu. En þessi stefna átti ekki fylgi að fagna meðal auðstétta Reykjavíkur og fylgifiska þeirra, — slík stefna, sem hafði hlúð að og bætt hag þess fólks, sem búið hafði við skarðan hlut árum saman við vegar um land. Já, hún var af forustuliði Sjálfstfl. — og ég vil segja nokkrum hluta Alþýðufl. — talin óalandi og óferjandi. Það er ekki óeðlilegt, þó að maður láti sér til hugar koma, að þær ráðstafanir, sem

hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa verið að koma á, og þá máske fyrst og fremst með þessu frv., sem hér er til umræðu, eigi að verða nokkurs konar refsidómur yfir því fólki, sem vildi ekki taka undir rógsiðju afturhaldsins gagnvart vinstri ríkisstj.

Ég held, að þess séu engin dæmi, að flutt hafi verið á Alþingi Íslendinga frv., þar sem svo herfilega og á hinn ósvífnasta hátt hefur verið gert upp á milli manna, allt eftir því, hvar menn hafa búsetu, eins og gert er í þessu frv.

Í þessu sambandi má benda á, að sama óréttlætið og rangsleitnin hefur verið og er enn viðhöfð í sambandi við skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði, eins og gert er ráð fyrir í lögum um almannatryggingar. Vitanlega eru slík ákvæði í þeim lögum hrein svívirðing og ekkert annað, sem verður ekki unað við og verður ekki varin með neinum rökum. Hvers á sá maður að gjalda, sem t. d., svo að dæmi sé nefnt, á heima í Hveragerði eða þorpunum í Mosfellssveit, að hann skuli ekki fá í ellilífeyri eða ellilaun yfir árið nema 19440 kr., þegar annar maður, sem eins er ástatt fyrir, en á heima í Reykjavík, Siglufirði eða Hafnarfirði, fær 25920 kr.? Í báðum tilfellum er átt við hjón, sem bæði eru á fullum ellilaunum. Halda menn, að það sé svo miklu ódýrara að lifa í smærri þorpunum en í kaupstöðunum? Ég held, að það sé mjög mikill misskilningur, ef menn halda slíku fram. Í sumum tilfellum er dýrara að búa úti á landi, í dreifbýlinu, en í kaupstöðunum. Maður, sem ætlar sér að koma börnum sínum í skóla í langan tíma, t. d. í menntaskóla, kennaraskóla eða verzlunarskóla, verður að kosta nám þeirra í skóla utan síns héraðs og þá fyrst og fremst hingað til Reykjavíkur. Við slík aukaútgjöld sleppa þeir menn að miklu leyti, sem hér eiga heima í Reykjavík. Það væri hægt að benda á fleiri dæmi, sem sýna ljóslega, að það er sízt ódýrara að búa úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík og nágrenni. M. a. eru flestar vörutegundir dýrari úti á landsbyggðinni en hér. Það gerir m. a. það, að flestum vörum er skipað upp í Reykjavík og svo aftur út gegnum Reykjavíkurhöfn og fluttar þannig út um landsbyggðina. Það liggur í hlutarins eðli, að á vöruna hlýtur að leggjast aukakostnaður, sem neytandinn úti á landsbyggðinni verður að greiða, en Reykvíkingarnir sleppa við.

Fyrir því er allur mismunur á því, hvað menn skuli fá greitt, t. d. sbr. almannatryggingarnar og skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði, eins og lögin um almannatryggingar gera ráð fyrir, og mismunur á því, hvað menn skuli greiða lögum samkvæmt í útsvar, hrein fjarstæða. Það er vitanlega hrein fjarstæða, að það eigi að fara að lögleiða 3 skala á landinu og það skuli fara eftir því, hvar menn eru búsettir. Slíkt er vitanlega hreinasta fjarstæða. Með slíkri lagasetningu er verið að gera upp á milli manna og skapa óviðunandi ranglæti.

Það er rétt, að það sé athugað, hver muni vera aðalorsök þess, að t. d. Sjálfstfl., sem ræður málefnum Reykjavíkur í krafti síns meiri hluta, getur leyft sér þann lúxus, ef svo mætti að orði komast, að láta lögfesta stórum lægri útsvör hér en annars staðar á landinu. Ég vil spyrja: Er það vegna þess, að rekstur Reykjavíkurbæjar sé ódýrari en annarra bæja? Stjórnar Sjálfstfl. Reykjavíkurbæ betur en öðrum bæjum er stjórnað? Fátt bendir til þess, að svo sé, heldur þveröfugt. Nei, ástæðurnar fyrir því, að Sjálfstfl. telur sig hafa efni á því að láta löggilda lægri útsvarsálagningarreglur en annars staðar á landinu, eru fyrst og fremst þær, að hér í Reykjavík er mikill fjöldi alls konar stofnana og fyrirtækja, sem reka margs konar þjónustustarfsemi fyrir allt landið og draga til sín stórfé hvaðanæva af landinu, en greiða aðeins útsvör í Reykjavík. Þannig lifir Reykjavíkurbær að stórum hluta á útsvörum, sem aðrir landshlutar ættu að njóta góðs af. Vitanlega er það hið hróplegasta ranglæti, sem er ekki hægt að búa við og verður að fást breyting á. Þessi fyrirtæki eru t. d. heildsöluverzlanir, þar með talið Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem að mjög miklu leyti hefur viðskipti sín við kaupfélögin úti um land, tryggingafélögin, útflutningssamtök, tóbakseinkasala ríkisins og að langmestu leyti útsvar áfengisverzlunar ríkisins o. fl., o. fl. Þá má og benda á, að hér í höfuðstaðnum er mikill meiri hluti embættismanna landsins búsettur og allir þeir hæst launuðu. Sú algera sérstaða, sem Reykjavíkurbær hefur á þessu sviði fram yfir alla aðra staði á landinu, gerir það að verkum, að ráðamenn Sjálfstfl. geta leyft sér það og hæla sér af að láta lögfesta, að útsvarsstigi Reykjavíkurbæjar skuli verða allt að 1/3 lægri en annars staðar á landinu.

Það má segja, að fulltrúum Reykjavíkur í þeirri nefnd, sem þetta frv. hefur samið, sé vorkunn, þó að þeir hafi lagt til eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir, að útsvarsstigi fyrir Reykjavík skyldi vera svo lágur, miðað við aðra staði á landinu. Aftur á móti tel ég það vítavert af þeim fulltrúum, sem nefndina skipuðu og telja verður fulltrúa landsbyggðarinnar utan Reykjavíkur, að þeir skyldu fallast á frv. þetta, eins og það nú er. En annað verður ekki séð en um það hafi verið fullt samkomulag í nefndinni, eins og það var lagt fram. A. m. k. hafa ekki komið fram nein mótmæli frá þeirra hendi. Slíkt verður að telja alveg furðulegt, þegar það er og haft í huga, að í frv. er gert ráð fyrir hróplegu misræmi, sem fyrst og fremst kemur til með að bitna á því fólki, sem búsett er utan Reykjavíkur.

Sú sérstaða, sem Reykjavíkurbær hefur í útsvarsálögum, miðað við aðra bæi og sveitarfélög, er vitanlega hreint hneyksli, sem er ekki hægt að una við. Það, sem á að gera til leiðréttingar á því misræmi, sem ríkir í þessum málum, er sú leið, sem við þrír þm. Alþb. leggjum til að verði farin, en það er, að útsvör þeirra fyrirtækja, sem staðsett eru í Reykjavík og hafa tekjur sínar viðs vegar að af landinu, skuli renna í sérstakan sjóð, sem síðan sé skipt á milli allra sveitar- og bæjarfélaga eftir ákveðnum reglum. Það virðist vera

svo sjálfsögð og réttlát leið, að um það ætti ekki að þurfa að deila, sérstaklega nú, þegar ríkisvaldið er að taka ráðin af sveitarfélögunum um álagningu útsvara. Það má benda á, að sú ráðstöfun er vitanlega bein árás á það frelsi og sjálfstæði, sem sveitarfélögin hafa haft. Um það, eftir hvaða reglum útsvörin hafa verið lögð á, hafa engin frambærileg rök verið færð fram fyrir nauðsyn þess að lögfesta sérstakar álagningarreglur. Fram að þessu hefur það að miklu leyti verið á valdi bæjarstjórnanna og niðurjöfnunarnefndanna að ákveða þær reglur, sem útsvörin skulu vera lögð á eftir. Nú er lagt til að lögskipa ákveðnar reglur hér um, sem sé lögfesta sérstakan útsvarsskala, og ekki einn, heldur brjá. Ekki hef ég orðið þess var, að sveitarfélögin hafi óskað eftir slíkri breytingu, nema síður sé.

Þá skal og ákveðið í lögum að leggja útsvar á veltu. Það voru til lagafyrirmæli um það áður. En breytingin á þeim lögum virðist fyrst og fremst vera gerð til þess að ná til samvinnufélaganna. Í frv. segir:

„Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar".

Eins og lögin eru nú, eru kaupfélögin undanskilin því að þurfa að greiða útsvar af verzlun félagsmanna. Um þetta ákvæði hafa verið háðar hinar hörðustu deilur.

Umbjóðendur kaupmanna og heildsala hafa hvað eftir annað hafið hinar hörðustu deilur á kaupfélögin og fundið þeim flest til foráttu. Má í því sambandi minnast Björns heitins Kristjánssonar, kaupmanns og alþm. Hvað sem menn annars segja um kaupfélögin og starfsemi þeirra, verður það samt ekki hrakið, að mörg þeirra hafa verið og munu verða um ófyrirsjáanlega framtíð mikil lyftistöng fjölmargra sveitarfélaga. Á mörgum stöðum hafa kaupfélögin verið og eru einu atvinnurekendurnir. Þau hafa byggt hraðfrystihús viðkomandi staða, keypt skip og báta, reist verksmiðjur og komið á fót mismunandi iðnaði. Þetta eru lýðræðisleg samtök, byggð upp af fólkinu sjálfu og stjórnað af fulltrúum þess, sem meðlimir félaganna hafa sjálfir kosið. Á mörgum þeim stöðum, þar sem nú eru starfandi kaupfélög, sem hafa með höndum margs konar atvinnurekstur, hafði einkaframtakið gefizt beinlínis upp, lagt á flótta og skilið þorpin eftir án nokkurra framleiðslutækja. Á mörgum slíkum stöðum blasti við neyð og yfirvofandi hallæri. Þá var það, sem alþýðan á viðkomandi stöðum myndaði sín samtök á sviði verzlunar- og atvinnurekstrar og bjargaði sér þar með frá yfirvofandi hörmungum. Þessi starfsemi hefur frá fyrstu tíð verið ofsótt af sérhagsmunamönnum, svo sem stærri kaupmönnum og heildsölum, enda hefur Sjálfstfl. haft forustu fyrir rógsherferð á hendur kaupfélögunum. Nú telur Sjálfstfl. með stuðningi vina sinna og samherja í Alþfl. sig hafa bolmagn til þess á Alþingi að ná sér niðri á kaupfélögunum, m. a. með því að skattleggja viðskipti félagsmanna jafnt sem utanfélagsmanna.

Nú er það vitað, að rekstri kaupfélaganna er þannig háttað, að ef um verulegan ágóða er að ræða af viðskiptum, er þeim ágóða skipt á milli félagsmannanna, þegar búið er að greiða tilskildar prósentur í sjóði félagsins. Af þeim ágóða, sem meðlimirnir þannig fá fyrir viðskipti sín við kaupfélagið, verða þeir að sjálfsögðu að greiða sína skatta og gjöld sem af öðrum tekjum. Með þeirri breytingu, sem nú er fyrirhuguð, greiðir kaupfélagið fyrst skatta af allri verzlun, svo verður hver einstakur að greiða skatt eða útsvar af þeim ágóða, sem hann kann vegna viðskipta sinna við kaupfélagið að fá. Ég get ekki séð, að í þessu sé neitt réttlæti.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að greitt útsvar verði frádráttarbært, þegar reiknaðar verði útsvarsskyldar tekjur næsta ár á eftir. Rétt er að athuga, hvað þetta þýðir. Ef miðað er við þann skattstiga, sem á að gilda í kaupstöðum, lítur dæmið þannig út:

Útsvar af 40 þús. kr. nettótekjum lækkar um 1580 kr. Ég skal viðurkenna, að það er allmikil upphæð. Útsvar af 60 þús. kr. lækkar um 2800 kr. Útsvar af 100 þús. kr. lækkar um 6850 kr. Útsvar af 130 þús. kr. lækkar um 11125 kr. Það er auðséð, hverjir koma til með að græða mest á þessari breytingu. Það verða ekki láglaunamennirnir, sem á þeirri breytingu græða stórupphæðir, heldur hinir, sem hafa háar tekjur. Það verða þeir ríku í þjóðfélaginu, sem græða. Það eru alltaf þeir sömu, sem græða á kostnað hinna mörgu fátæku. Þessir menn græða mest á tekjuskattslækkuninni, og vitanlega eiga þeir að fá að græða líka í stórlækkuðu útsvari. Það þarf að vera samræmi í hlutunum að dómi hæstv. ríkisstj.

Í sambandi við þennan nýja skatt á kaupfélögunum er rétt að taka fram, að eins og eðlilegt er hafa kaupfélögin víðs vegar um land mótmælt því ákvæði frv., að veltuútsvar verði lagt á viðskipti meðlima kaupfélaganna. Kaupfélögin hafa bent á þá staðreynd, að samvinnuverzlanir víðs vegar um land hafa orðið að taka að sér ýmis viðskipti, sem eru bein þjónusta við fólkið, en eru sannarlega baggi fjárhagslega fyrir viðkomandi kaupfélag, en verzlanir einstaklinga taka ekki að sér af þeim sökum. Veltuútsvar á öll viðskipti meðlima kaupfélaganna mundi því verða alveg sérstök refsing fyrir þá, sem mesta þjónustu inna af hendi við fólkið á hverjum stað.

Þá hafa og sum kaupfélögin bent á, t. d. Kaupfélag Siglfirðinga, í álitsgerð, sem það gerði á aðalfundi sínum, að á meðan ekki er stóraukið eftirlit með framtölum verzlunarfyrirtækja í eigu einstaklinga eða hlutafélaga frá því, sem nú er, verður fyrst og fremst þarna um að ræða auknar og ósanngjarnar álögur á kaupfélögin, sem lögum samkvæmt eru háð strangri endurskoðun og árlegum aðalfundi, þar

sem endurskoðaðir reikningar eru lagðir fram. Að kaupfélögin geti falsað framtal eða talið rangt fram, er afar ótrúlegt, enda er allur rekstur félaganna undir smásjá meðlimanna sjálfra. Hver aðalfundur kýs endurskoðendur fyrir félagið, og þeir eru ábyrgir gagnvart meðlimum félagsins fyrir því, að allt reikningshald sé í lagi. Vitanlega getur átt sér stað, að upp komi óreiða í einu kaupfélagi, alveg eins og hjá öðrum fyrirtækjum, en það er undantekning, sem bætt er úr strax og því verður við komið. Einstaklingsverzlanirnar geta hagað sínum framtölum að meira eða minna leyti eftir eigin geðþótta, enda allt skatteftirlit úrelt og í molum. Ekkert hefur fram komið af hendi hæstv. núv. ríkisstj., sem bendir til þess, að úr þessu eigi að bæta.

Í gildandi lögum um útsvör frá 1945 er ákvæði, sem segir, að jafna skuli niður útsvörum eftir efnum og ástæðum. Þetta ákvæði útsvarslaganna á eftir þessu frv. að fella niður. Ég tel það fjarri öllu lagi að fella slíkt ákvæði úr lögum, jafnvel þótt hægt sé að benda á, að niðurjöfnunarnefndirnar hafi í sumum tilfellum ekki farið eftir þessu ákvæði nema að litlu leyti. Þetta ákvæði hefur lagt niðurjöfnunarnefndunum þá skyldu á herðar að kynna sér hag og ástæður gjaldenda frekar en ella, auk þess sem gjaldendur hafa getað kært útsvör sín, ef þeir hafa talið, að nefndin hafi ekki kynnt sér ástæður gjaldenda, ef ekki eru teknar til greina veigamiklar ástæður, sem gjaldandinn hefur fram að færa, svo sem veikindi, slys og fleira þess háttar, auk þess sem það er mjög algengt, að menn, sem reka sjálfstæðan atvinnurekstur, sýna ár eftir ár taprekstur, þó að allar líkur bendi til hins gagnstæða. Undir slíkum kringumstæðum gátu niðurjöfnunarnefndirnar notað sér ákvæði laganna að leggja á útsvar eftir efnum og ástæðum. Með því að fella þetta ákvæði burt úr lögum er það að mestu útilokað, að hægt sé að leggja á útsvör nema eftir bláköldum tölum skattaskýrslnanna.

Við frv. hafa komið fram nokkrar minni háttar brtt. frá meiri hl. félmn. Þessar brtt. eru flestar mjög smávægilegar og breyta litlu aðalgöllum frv. Það er t. d. lagt til, að niður verði felld útsvör á mjólkurbú og sláturhús. Þetta er til bóta frá því, sem áður var. Þá leggur meiri hl. n. til, að ekki verði lagaleg skylda að leggja útsvör á ellilaun. Er það lagt í vald niðurjöfnunarnefnda, hvort lögð skuli útsvör á ellilaun eða ekki. Það má benda á það, að fjöldamörg bæjarfélög hafa undanfarin ár alls ekki lagt útsvör á ellilaun, a. m. k. það sveitarfélag, sem ég þekki bezt til í, hefur ekki gert það. Og það eru mörg önnur, sem hafa ekki gert það, svo að hér er ekki neitt nýtt á ferðinni, enda er þetta lagt að nokkru leyti, að mér skilst, á vald niðurjöfnunarnefndanna, hvort skuli lagt útsvar á ellilaun eða ekki. Aftur á móti er því ákvæði haldið áfram að lögfesta veltuútsvar í ríkara mæli en áður. Með því er raunverulega nýr almennur skattur á allan almenning, sem mun þýða nýjan skatt á ýmsar rekstrarvörur og neyzlu. Þannig virðist skattaæði núv. stjórnarflokka óstöðvandi, og allt stefnir að sama marki, að auka verðbólguna og rýra lífskjör almennings.

Þá hafa þeir hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) og hv. 4. landsk. (HV) flutt brtt. á þskj. 500 um landsútsvar, þannig að þar tiltekin fyrirtæki skuli greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitar- og bæjarfélaga, og skiptist heildarlandsútsvarið milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra. Þá leggja sömu þm. til, að veltuútsvörin falli niður á sannanleg viðskipti félagsmanna kaupfélaganna. Þá er og lagt til, að í öðrum kaupstöðum — utan Reykjavíkur — og sveitarfélögum skuli jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum, þ. e. a. s. taka upp að mestu leyti það ákvæði í l., sem frv. gerði ráð fyrir að fella úr gildi. Allar eru þessar breytingar til stórbóta frá því, sem er í frv., þó að ég telji hins vegar galla frv. eftir sem áður alveg yfirgnæfandi, enda tekið fram í grg. frv., að hér sé aðeins um bráðabirgðalausn að ræða. Þau rök, sem þar eru færð fyrir nauðsyn þess að breyta útsvarslöggjöfinni frá 1945, án þess þó að um varanlega lausn sé að ræða, get ég á engan hátt viðurkennt. Ég sé ekkert, sem kallar á það að samþykkja þetta frv. og gera þær breyt., sem hér er lagt til að verði gerðar, og sé ekkert, sem mæli með því. Ég sé aftur á móti margt og mjög mikið, sem mælir á móti því, að það verði samþykkt.

N. sú, sem frv. samdi, viðurkennir, að enn hafi ekki verið lokið við endurskoðun laga um nýja tekjustofna fyrir bæjarfélögin, einmitt það málið, sem mest veltur á fyrir sveitarfélögin. Það er vitað, að öll sveitarfélög utan Reykjavíkur vantar stórlega tekjustofna. Ríkisvaldið hefur mörg undanfarin ár lagt síauknar fjárhagslegar byrðar á herðar sveitarfélaganna án þess að tryggja þeim nýja tekjustofna á móti vaxandi útgjöldum. Flestu af því, sem ríkisvaldið hefur samþykkt að láta sveitar- og bæjarfélögin greiða, er varið til nauðsynlegra og nytsamra hluta, það skal viðurkennt, sem menn eru sammála um að ekki hafi verið unnt að komast hjá að lögleiða. En jafnhliða því, að hin ýmsu lög um slík mál voru sett, sem vissulega horfa í framfaraátt á sviði félagsmála og fræðslumála, láðist ríkisvaldinu algerlega að sjá sveitar- og bæjarfélögunum fyrir nauðsynlegum tekjum á móti. Þetta hefur vitanlega haft þær afleiðingar, að útsvör sumra bæjar- og sveitarfélaganna hafa verið svo há, að til vandræða hefur horft fyrir gjaldendur. Sú breyt., sem nú er fyrirhuguð á útsvarslöggjöfinni, bætir á engan hátt úr þessu ástandi, nema síður sé. Hér er aðeins lagt til að lögfesta óþolandi misræmi milli gjaldendanna, allt eftir því, hvar þeir eiga heima, hvort þeir eiga heima í Reykjavík eða úti á landi. Slíkt misræmi er óþolandi, og á því verður að fást leiðrétting. En varanleg lausn á þessu ófremdarástandi og misræmi á milli þegna þjóðfélagsins, allt eftir því, hvar þeir hafa búsetu, fæst ekki nema með því, að hið opinbera útvegi

sveitar- og bæjarfélögunum nýja, aukna tekjustofna. Þar í liggur sú eina og rétta og varanlega lausn á þessu máli. Allt annað er vandræðafálm út í loftið, sem stefnir þó örugglega í þá átt að auka misræmi á milli gjaldendanna, allt eftir því, hvar þeir eru búsettir. Ég get ekki fylgt þessu frv., eins og meiri hl. félmn. leggur til að það verði, og mun því greiða atkv. á móti frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Um það leyti, sem þingmenn voru að fara í páskaleyfi, sat hér á rökstólum í Reykjavík fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta fulltrúaráð var kvatt saman til þess að fjalla um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hafði lagt til, að frv. yrði sent sveitarstjórnarþinginu til athugunar, og var það gert. Á þessum fundi fulltrúaráðsins var m. a. samþykkt till., þar sem Alþ. var bent á það, að mál þetta þyrfti nánari athugunar við í ýmsum atriðum. Benti fundurinn á það m. a., að varhugavert væri að gera útsvör fyrra árs frádráttarhæf, og svo hitt að leggja á félagsmannaverzlun samvinnufélaganna eins og kaupmannaverzlun. Satt að segja hafði ég gert mér von um, að hæstv. ríkisstj. mundi láta þessar aðvaranir fulltrúafundarins sér að varnaði verða. Ekki sízt var ástæða til að ætla, að svo mundi verða, þar sem að samþykktum á fulltrúaráðsfundinum stóðu þrír af þeim mönnum, sem í n. sátu, sem frv. samdi. Það sýndi sig þess vegna á þessum fundi hjá fulltrúaráði sveitarfélaganna, hver vilji þeirra er, þegar hann fær að njóta sín. Þá óskuðu þeir eftir því, að þetta mál yrði betur undirbúið og betur athugað en hæstv. ríkisstj. hefur látið gera.

Það hefur verið sýnt fram á það hér í umr., að það bar enga nauðsyn til að hraða þessu máli núna, og ég mun víkja að því síðar, og það hefur komið fram í ræðum hv. þm. hér á Alþ., m. a. hjá frsm. meiri hl., að það er unnið áfram að málinu, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að láta vinna áfram að þessu máli, en ekki drífa það gegnum Alþ. að þessu sinni.

Þá hefur á þessu tímabili, sem frv. hefur verið til meðferðar hér á hv. Alþ., rignt yfir Alþ. mótmælum út af frv., — mótmælum, sem hafa verið rökstudd. Ekki hafa þar verið eingöngu að verki pólitískir andstæðingar stjórnarliða. Nei, þar hafa verið að verki menn, sem vissu, hvað þeir voru að segja, og sýndu fram á það með rökum, að sú þróun, sem frv. stefndi að, væri til óheilla fyrir byggðarlögin, og þess vegna vöruðu þeir við. Ég hafði því satt að segja vonað, að það yrði stefna hæstv. ríkisstj., að frv. færi ekki lengra en til n. í fyrri deild og yrði svo tekinn tími til þess að athuga málið með gaumgæfni og festu og reyna að finna það bezta út úr því. Það hefur hins vegar ekki orðið ofan á, heldur er nú sjáanlegt, að hæstv. ríkisstj. ætlar að drífa málið í gegn hér á hv. Alþ., áður en þingslit fara fram. En þar sem því er margyfirlýst, að þetta frv. eða lög eigi að vera áfram til athugunar, þá hef ég kosið að láta á þessu stigi málsins koma fram mínar athugasemdir, enda þótt það sé ljóst, að stjórnarliðar muni ekki samþykkja mikið af brtt. á þessu stigi málsins. Það hefur þó hins vegar sýnt sig, að fyrir harða andstöðu við 1. umr. hafa stjórnarliðar þó hörfað nokkuð og m. a. eru svo rausnarlegir nú, að þeir ætlast ekki til, að útsvar verði lagt á þá, sem hafa ekki tekjur fyrir fæði. Nú er svo komið, að það á ekki að fara að leggja útsvör á fólk, fyrr en það hefur fæðistekjur. Samkv. skattaframtali munu fæðistekjur nú vera um 7000 kr., og það er það markmið, sem hæstv. stjórnarliðar ætlast til að verði byrjað að leggja útsvar á. Ef maður hefur að borða, þá skal hann bera útsvar. Hins vegar var það svo, er frv. kom fram fyrst, að þá þurfti ekki svo mikið til.

Þá vil ég spyrja í sambandi við brtt. þeirra stjórnarliða, þar sem talað er um, að sláturhús og mjólkurbú skuli vera undanþegin veltuútsvari: Hvað er átt við hér með sláturhúsi? Er það sá aðilinn, sem kaupir fé af bændunum? Er það það, sem er undanþegið veltuútsvarinu, t. d. kaupfélag, sem á sláturhús og þar sem bóndinn leggur sitt fé inn, þegar kaupfélagið selur næsta aðila, næsta heildsala eða smásala, þá er þessi sala undanþegin? Ég óska eftir að fá skýringar á þessu. Ég skil þetta svo, að það sé þetta, sem er undanþegið veltuútsvarinu, þar sem talað er um sláturhús, því að ef það væri ekki, þá er það næsta óskiljanlegt, hvað við er átt, og þessi skýring er hliðstæð því, sem er hjá mjólkurbúunum.

Þegar hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessu frv. við 1. umr. málsins og hv. frsm. hér í dag, töldu þeir, að höfuðþáttur þessa frv. væri það, að nú væri felld niður reglan um að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum. Sú regla hefði skapað lausung í þessum málum og nú yrði sköpuð meiri festa, meira öryggi, útsvörin yrðu samræmd meira en áður hefði verið, svo sem hv. frsm., 3. þm. Sunnl., orðaði það, þar sem nú yrðu útsvarsstigarnir þrír, en áður hefðu þeir verið um 200. Þetta mundi verða til þess að draga úr tortryggni og skapa gjaldendunum meira öryggi, eins og ég áður gat um. Nú má um það deila, hvort reglan um efni og ástæður hefur verið sú regla, sem æskilegt er að losna við. Það hafa verið leidd rök að því hér í dag, að einmitt reglan um efni og ástæður, það er sú regla, sem er réttlátust, og hafa útsvör ekki komið nær því að vera réttlát en þegar hún hefur verið notuð. Hins vegar hefur verið á það bent, að vegna þess að fjölmenni gerist nú meira en áður, þá sé erfiðara að meta efni og ástæður en áður tíðkaðist.

En nú vil ég víkja nokkuð að því, hvernig það verður með framkvæmd á þessari löggjöf, ef að lögum verður, hvort þar eru ekki æðimörg matsatriði, sem nálgast það að vera eins og reglan um efni og ástæður.

Í 3. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá með þeim frávikum, sem hér greinir: a) Heimilt er að vefengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi metið framtalið gilt.“ Hér mundi ég segja, að væri verið að meta efni og ástæður manna. Ég mundi segja, að hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd, sem fengi þessa heimild, gæti sagt við hv. 3. þm. Sunnl.: Þú hafðir 20—30 þús. kr. meiri tekjur en skattframtalið þitt segir, og við leggjum á 20—30 þús. kr. meiri tekjur hjá þér en framtalið gefur tilefni til, vegna þess að samkv. l. um bráðabirgðabreyt. á l. um útsvör er okkur heimilt að gera þetta. Okkur er heimilt að hækka tekjur þínar, okkur er heimilt að hækka eignir þínar, af því að okkur sýnist, að það ætti að vera annað. — Þetta frávik er í þessum lögum, og það er fullkomin ástæða til einmitt, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir noti þetta, og það er ekki nokkur vafi á því, að þetta frávik er hægt að nota alveg eins og atriðið um efni og ástæður. Þess vegna hefur þeim mönnum, sem ætluðu sér að víkja því til hliðar, sézt hér yfir, þegar þetta er látið standa eftir. Hitt veit ég, af hverju það er. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að þegar átti að fara að binda hendur sveitarstjórna og niðurjöfnunarnefnda, sáu mennirnir, sem voru að semja frv., að þeir gátu ekki bundið það svo, að það mætti þar í engu hreyfa. Þá var búið að gera þetta mál þannig, að ósvífinn gjaldþegn, sem hefði getað komizt í gegn með sitt framtal hjá skattyfirvaldi, hafði valdið, en ekki niðurjöfnunarnefndin. Þess vegna stendur þetta eftir þrátt fyrir allt.

Þá kemur næsta atriði í þessari sömu grein. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Víkja má frá ákvæðum skattalaga um sérstakan frádrátt frá tekjum samkv. 4. gr. l. nr. 36 1958,“ — það er sjómannafrádráttur, — „um tapfrádrátt á milli ára og um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum.“ Hvað er hér á ferðinni? Halda þessir hv. þm., að það verði ekki einhver sveitarfélög á landinu, sem noti sér þetta ákvæði? Og halda þeir, að það verði þá samræmi á milli þessa og hjá hinum, sem nota það ekki? Hæstv. fjmrh. benti á það í sinni framsöguræðu, að ýmis sveitarfélög hefðu ekki farið eftir þessari reglu, önnur hefðu notað hana. Þau geta það jafnt eftir sem áður. Þau þurfa ekki að virða þennan frádrátt, þó að í skattalögum sé, samkv. þessum lögum. Og þess vegna getur Keflavíkurbær virt þetta, en Vestmannaeyjabær ekki — eða öfugt. Þess vegna er ekkert samræmi á milli útsvaranna í Keflavík og Vestmannaeyjum t. d., vegna þess að annar tók þetta atriði, en hinn hitt.

Svo höldum við áfram, og þá komum við í 9. gr. frv. Þar segir, að lækka skuli útsvar vegna sjúkrakostnaðar, slysa, dauðsfalla, eignatjóns, tekjurýrnunar, annarra óhappa eða menntunar barna. Haldið þið, að það verði ekki mat hreppsnefndar og niðurjöfnunarnefndar, hvernig á að framkvæma þessi atriði? Haldið þið, að það verði sama reglan um allt land, hvernig á að framkvæma þessi atriði? Nei, það verður það ekki. Ein niðurjöfnunarnefndin metur þetta svona og önnur á hinn veginn. Og það má um þessi atriði deila, eins og hv. 3. þm. Sunnl. sagði um útsvör kaupfélaganna, sem ég kem að síðar.

Ég hef heyrt því haldið fram í sambandi við kostnað af menntun, að menn hafa sagt sem svo: Er það eðlilegt, að ungi maðurinn, sem vinnur á eyrinni og menntar sig ekki, hans útsvar sé hærra, vegna þess að hinn fær frádrátt vegna sinnar menntunar? Þessi rök eru líka til, og þið skuluð sanna, að það verður deilt um þessi ákvæði og þau verða ekki samræmd frekar en verið hefur. Þess vegna er það svo, ef þið farið, flm., að skoða frv. ykkar, þá kemur í ljós, að það er hægt að ganga í gegnum löggjöfina uppréttur og það fyrir stærstu menn. Hún er ekki felldnari en svo, og matið um efni og ástæður, sem á að þurrka út samkv. þessu frv., það er hægt að finna alls staðar ástæður fyrir því, að það sé enn þá í gildi.

Og ef við höldum svo áfram að leita að þessu samræmda, sem á að vera í þessari löggjöf, þá kemur nú rúsínan í pylsuendanum, og það eru reglurnar, sem þessir hv. herrar koma með í þessu frv. Hér eru settir upp þrír útsvarsstigar. Það er sagt: Einn skal vera fyrir Reykjavík, annar fyrir önnur bæjarfélög og hinn þriðji fyrir sveitarfélög. — Hefði nú ekki verið hægt að setja þetta upp á þann veg að setja upp þrjá útsvarsstiga og segja: Sveitar- og bæjarfélögum landsins er skylt að leggja á eftir einhverjum af þessum stigum? Þurfti endilega að taka það fram, að Reykjavík ætti að nota einn, sveitirnar annan og kaupstaðirnir þriðja? Þurfti að brennimerkja þetta eins og gert er í frv.? Halda þessir hv. þm. og hæstv. ríkisstj., sem að þessu frv. standa, halda þeir, að þetta geti ekki náð tilgangi sínum, þó að þetta hefði verið sett upp á þennan hátt? Og ég verð að segja það, að ég sé fram á mikil vandkvæði við útsvarsálagningu í Borgarnesi á þessu ári. Við höfum tvö s. l. ár notað þá reglu, sem Reykjavík hefur notað, og höfum meira að segja verið lægri en Reykjavík. Við höfum notað nákvæmlega útsvarsstigann úr Reykjavík, nema við höfum lækkað hann um 14%. Nú er okkur gert að skyldu að nota sveitastigann, þriðja stigann, og megum fara upp í kaupstaðastigann, en við megum alls ekki nota Reykjavíkurstigann, hvað þá að við megum fara að puða fyrir neðan hann. Ég veit satt að segja ekki, hvernig við komumst fram hjá þessu atriði. Og hér er ekki um neitt smáatriði að ræða. Ef maður, sem býr í Reykjavík, hefur 40 þús. kr. tekjur, þá á hann að greiða 3900 kr. Ef hann er í öðrum kaupstöðum, þá á hann að greiða 5700 kr. En ef hann er í sveit, þá á hann að greiða 4900 kr. samkv. þessu. En hér eru ekki öll kurl komin til grafar, því að það er nefnilega meira eftir í þessum samræmdu reglum, þar sem á ekki að nota 200 útsvarsstiga á landinu, heldur aðeins 3, eins

og hv. frsm. sagði. Það er það, að ef það eru hjón með barn, þá er frádrátturinn í Reykjavík 1800 kr. fyrir þessa aðila, ef það er í öðrum kaupstöðum, þá er það sama, en ef það er úti á landsbyggðinni, þá er það 1000 kr. Og ef það eru hjón með 10 börn, þá lækka þeirra útsvör í Reykjavík og öðrum kaupstöðum um 15300 kr. vegna persónufrádráttar, en ef þau eiga heima í sveitum og kauptúnum landsins, 5500. Og svo segja menn, að það sé verið að samræma útsvarsreglurnar í landinu, þegar þannig er að farið. Trúi þeir, sem trúa vilja, að þetta sé til þess að samræma, að setja upp slíkar reglur, að persónufrádráttur skuli vera 500 kr. á barn úti á landsbyggðinni og ekki stighækkandi, en hann byrjar á 1000 kr. og stighækkar um 100 kr. við hvert barn í öðrum stöðum.

Hér er unnið flausturslega að málum, og ég hef ekki trú á því, að þessir hv. þm. og hæstv. ríkisstj., þó að ég treysti henni ekki of vel, hafi gert sér grein fyrir því, hvers lags afskræmi þetta frv. er.

Eins og ég tók fram áðan, var hægt að setja upp þrjár reglur eða þrjá útsvarsstiga í þessari löggjöf. En það þurfti ekki að nota þá sem sérstaka auglýsingu, það þurfti ekki að fara að nota löggjöf landsins til þess að auglýsa það, að í Reykjavík væri bezt búið að þegnunum. Og svo skulum við bara hugsa okkur eitt. Við skulum hugsa okkur það, að hugmyndin um landsútsvör nái fram að ganga. Og það skulu menn sanna, að henni vex nú fylgi, eftir að slík auglýsingastarfsemi er hafin, og þá skulum við bara hugsa okkur það, að svo langt yrði gengið, að útsvarsstiginn fyrir Reykjavík dygði ekki. En hún má ekki nota nema þennan eina stiga, hún má ekki nota stigann, sem aðrir kaupstaðir landsins hafa. Hún er þrælbundin við þennan eina stiga, þó að hann nægi henni ekki. Og er nokkur skynsemi að setja slíkt í löggjöf, að það sé ekki hægt í raun og veru að snúa sér í hálfhring án þess að rekast á lögin sjálf? Þess vegna er þetta einnig gagnvart Reykjavík svo fráleitt að vera að binda þetta við Reykjavík, aðra kaupstaði og sveitir, en segja ekki bara, þessar reglur mega sveitarfélögin í landinu nota. Nú munu hv. fylgismenn málsins segja sem svo: Ja, hinir kaupstaðirnir mega nota Reykjavíkurstigann, og þið megið nota kaupstaðastigann. — En þetta er ekki eins einfalt og slíkt tal gefur til kynna, að lækka allan útsvarsstigann, eftir að búið er að leggja á eftir honum og hann gefið of há útsvör, eins og ég benti á áðan um útsvör í Borgarnesi, þar sem við vorum með reglur, sem voru lægri en í Reykjavík, en eigum nú að nota reglur, sem eru mun hærri. Við t. d. byrjuðum að leggja á 25 þús. kr. tekjur. Nú megum við það ekki. Nú verðum við a. m. k. að byrja með 15 þús. kr., og svo eigum við að lækka öll útsvörin hlutfallslega. En að lækka útsvörin hlutfallslega, það er ekki jafneinfalt og menn ætla. Með því móti að lækka útsvörin hlutfallslega er verið að eyða aftur hluta af persónufrádrættinum. Einhleypur maður, sem hefði 70 þús. kr. tekjur, ætti að greiða 13500 kr. í útsvar, en hjón með þrjú börn ættu þá að greiða af þessum sömu tekjum 8400. Ef við nú lækkum stigann um 20%, þá lækkar einhleypi maðurinn um 2700 kr., á sama tíma sem hinn lækkar um 1680 kr. Hér er verið að færa saman bilið, það er verið að eyða af persónufrádrættinum, sem þeim var áður veittur. Þess vegna eru þessir hlutir ekki svo einfaldir í framkvæmd eins og í fljótu bragði virðist vera.

Þá er það annað atriði, sem einnig er í 3. gr. frv., og það er það að gera fyrra árs útsvar frádráttarhæft við álagningu nú. Hv. frsm. meiri hl., 3. þm. Sunnl., lagði mikið upp úr því, að þetta auðveldaði bæjarfélögum innheimtuna verulega mikið. Það má vel vera, að hv. þm. hafi þessa reynslu af útsvarsinnheimtu, en ég þekki hana ekki, enda höfum við ekki gefið afslátt á útsvörum í sambandi við innheimtu þeirra og innheimtast þau samt. En hér kemur miklu fleira til en þetta með innheimtuna, og því er, eins og hann benti réttilega á, þannig farið með innheimtuna, að aðallega er innheimt hjá fyrirtækjum. Þess vegna er það ekki nema mjög lítill hluti af fólkinu, sem þetta ætti við. En það eru allsæmileg innheimtulaun, sem sumir menn fá fyrir það að greiða sín útsvör samkv. þessari reglu. Maður, sem hefði 50 þús. kr. tekjur, hans útsvar lækkar um 1400 kr., en maður, sem hefur 100 þús. kr., hans útsvar lækkar um 5400. Ef hann hefur 150 þús., þá er þetta komið upp í 10200, og ef það eru 200 þús., þá fær hann 14700 kr. lækkun á sínu útsvari, og ég held, að það muni margir telja sæmilega greidd innheimtulaun, þó að minna sé greitt en þetta. Hér ber að sama brunni og fyrr hjá þessari hæstv. ríkisstj. Það stefnir allt að því að hygla þeim, sem mestar hafa tekjurnar, og það er tekið af þeim, sem minna hafa. Máli mínu til sönnunar um, að það sé tekið af þeim, sem minna hafa, vil ég benda á í grg. fyrir þessu frv. á bls. 7, að þar er tekið fram, að jöfnunarsjóðsframlagið muni lækka útsvör að öðru jöfnu um 19—20% og það sé framkvæmanlegt að gera útsvörin frádráttarhæf vegna þess atriðis. Það er lagður almennur söluskattur á fisk, kjöt og brýnustu neyzluvörur, til þess að það sé hægt að lækka útsvör á hátekjumönnum. Hér er ekki verið að skera við neglur sér, þar sem hugmyndin er að hygla að.

Þetta atriði, að gera útsvörin frádráttarbær, mun verða þess valdandi, að sum sveitarfélög verða þrátt fyrir framlag jöfnunarsjóðsins að hækka sín útsvör. Þar, sem bezt lætur, er kannske hægt að halda í horfinu, með því þó að draga úr framkvæmdum. En sveitarfélögin, sem líka hafa haft við vanskil að etja og missa eitthvað af jöfnunarsjóðstekjum sínum þannig, þeirra hlutur verður ekki stór út úr þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Það, sem eðlilegast var í þessu sambandi, var að lækka útsvarsstigana, gera þá lægri í heild vegna jöfnunarsjóðsframlagsins, en ekki láta þá njóta mests, sem hæst hafa útsvörin og

mestar tekjurnar. Það var sú leið, sem hæstv. ríkisstj. átti að fara. Þá var hægt að réttlæta að nokkru leyti söluskattinn, en ekki með því að nota hann til þess að lækka útsvör þeirra manna, sem mestar hafa tekjurnar.

Ef við höldum svo áfram að virða fyrir okkur frv., sem á að samræma, eyða tortryggni og gefa fáar útsvarsreglur í staðinn fyrir margar, þá komum við næst að því, að það á að leggja á veltuútsvör og það er beinlínis heimilað í lögum. En þar er bara um heimild að ræða, og það geta nokkur sveitarfélög á landinu notað sér þetta og önnur ekki. Eitt getur notað þessa prósentu, annað hina, þriðja allt aðra o. s. frv. Og svo koma menn og segja, að það sé verið að samræma útsvörin, skapa meiri festu en áður, eyða tortryggni o. s. frv., þar sem er hægt að fara þannig með það, að engin regla felst í þessu, enda ekki framkvæmanleg, og það er hægt að hagnýta sér þetta eftir geðþótta. Þess vegna geta á þessu ári orðið líka 200 útsvarsreglur í landinu, eins og var s. l. ár. Það er ég sannfærður um að muni líka verða. Þetta frv. útilokar það ekki, og sem betur fer bindur það ekki svo hendur sveitarstjórnanna, að þær geti ekki eitthvað snúið sér við á eðlilegan hátt.

Til hvers er þetta? Til hvers er verið að setja þessa löggjöf núna, þegar sömu dagana er því lýst yfir, að þetta sé bara bráðabirgðaatriði, sem eigi að nota þangað til annað betra sé komið? Af hverju er verið að þessu? Af hverju er ekki haldið áfram við það, sem er, og reynt að gera svo frv. þannig úr garði, að það sé hv. Alþ. sæmandi að afgreiða það? Hér er, eins og ég hef bent á, fullt af undanþágum, alls konar frávikum, sem er hægt að hagræða eftir vild, svo að það er hægt að hafa 200 reglur gildandi í landinu, alveg eins og þrjár. Þetta er þannig úr garði gert, því að eftir öll frávikin, allar undanþágurnar, sem nöfnum tjáir að nefna, þá má svo breyta þessu öllu með því að hækka og lækka eftir vild. Þannig er þetta, og ég er satt að segja mjög undrandi yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli vera að eyða tíma sínum í að flana út í mál, sem er ekki betur úr garði gert en þetta frv. er. Og eins og ég gat um áðan, hefði hún átt að hagnýta sér þá bendingu, sem fulltrúaráð sveitarfélaganna gaf henni.

En það eru ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli, og það er ónefnt, sem fyrst og fremst er að stefnt með þessu frv., og það er það að leggja útsvör á samvinnufélögin, verzlun félagsmanna eins og utanfélagsmanna. Hæstv. fjmrh. sagði í sinni framsöguræðu fyrir þessu frv. við 1. umr., með leyfi hæstv. forseta: „Það þykir ekki eðlilegt og ekki sanngjarnt, að ein tegund atvinnurekstrar njóti að þessu leyti annars og meiri réttar en atvinnurekstur inn almennt.“ Það er ástæða til að víkja nokkuð að þessu.

Það hefur verið bent á það hér um samvinnufélögin og annan atvinnurekstur, að hann er ekki sambærilegur. Í því sambandi vil ég nefna það, sem hv. 3. þm. Sunnl. talaði hér um, að samvinnufélögin yrðu eins og aðrir að taka þátt í þeim kostnaði, sem af starfsemi þeirra leiddi á hverjum stað. Þar sem ég þekki til, hefur þeirra hlutur ekki legið eftir. Það má vel vera, að þar sem hv. þm. þekkir til, sé þessu öðruvísi varið. En það er bara allt annars eðlis að ræða um samvinnufélög heldur en önnur félög. Þegar ég fluttist í Borgarnes fyrir 5 árum, átti ég ekki kost á því að gerast félagsmaður í Verzlunarfélagi Borgarfjarðar. Ég átti ekki kost á því að gerast félagsmaður í öðrum hlutafélögum á staðnum. Verzlunarfélag Borgarfjarðar var þar engin undantekning. Þetta voru hlutafélög, rekin eftir formi hlutafélaga og lokuð félög. En ég þurfti ekki að fara að biðja stjórn Kaupfélags Borgfirðinga eða kaupfélagsstjórann um leyfi til að gerast félagsmaður í Kaupfélagi Borgfirðinga. Ég fór á skrifstofu félagsins og gerðist félagsmaður. Og því er nú svo varið með flesta Borgnesinga, að þeir eru félagsmenn í Kaupfélagi Borgfirðinga. Þegar þetta félag skilaði sínum reikningum og ársarði eftir árið 1959, var honum deilt út til félagsmannanna. Þessu var skipt út til félagsmannanna. Það er þeirra eign, og það er þess vegna ekki sambærilegt að bera þetta saman við lokuð félög. Félagsmennirnir, eins og hefur verið bent á, greiða skatt af tekjum sínum og eignum í Kaupfélagi Borgfirðinga, og svo er með önnur kaupfélög. Þess vegna er ekki hægt að bera þetta saman, og eins og hv. frsm. 2. minni hl. benti á, er þetta álíka og að gera kaupmanninum skylt að greiða veltuútsvar af afslætti þeim, sem hann gæfi viðskiptafólki sínu. Það mundi ekki vera farið fram á, að hann gerði það, enda ekki réttmætt, því að það eru fjármunir, sem hann tekur ekki til sín, heldur greiðir hann af hinu, sem hann ræður með. Ég benti á það hér um daginn og vil endurtaka það nú, að það fjármagn, sem kaupfélögin safna, er kyrrt á staðnum og það er ekki hægt að flytja þaðan. Það er ekki hægt að flytja það burt úr byggðarlaginu. Það er kyrrt, og hreppsfélagið nýtur þess áfram, þó að mannaskipti verði. Hér er líka meginmunur. Það er meginmunur á þessu eða þegar hægt er að flytja fjármagnið burt. Það er annað sjónarmið frá bæjardyrum þeirra, sem sveitarfélögunum stjórna, þegar öryggi er fyrir því, að fjármagnið verði notað í þágu byggðarlagsins. Hér er svo mikill munur, að það er ekki hægt með neinum rökum að bera þetta tvennt saman. Þess vegna er það bæjarfélag, sem tekur veltuútsvar af viðskiptum kaupfélaganna eins og af kaupmannaviðskiptunum, að skaða sjálft sig. Það er að skaða sjálft sig, vegna þess að gróði kaupmannsins er ekki bundinn við staðinn og getur orðið fluttur burt eftir nokkra daga eða mánuði, en hitt er kyrrt á staðnum og tekur þátt í uppbyggingunni þar. Það er því reginmunur, þegar á að bera þetta tvennt saman, og ég veit, að þessi hv. þm., sem brosir, hv. 2. þm. Vesturl. (SÁ), veit

þetta vel. (Gripið fram í.) Hann veit betur, hann veit það ósköp vel, þegar hann hættir sínum atvinnurekstri vestur í Stykkishólmi, þá er engin sönnun fyrir því, að atvinnureksturinn verði þar áfram eða það fjármagn, sem hann hefur safnað þar, þegar hann er hættur að stjórna því fyrirtæki. Það er engin trygging fyrir því. En hann veit það líka jafnvel, að þó að kaupfélagsstjóraskipti hafi orðið í Stykkishólmi, þá hefur ekkert fjármagn verið flutt þaðan burt, — ekkert fjármagn. Þetta er meginmunur, og það þýðir ekki að hrista höfuðið yfir því, það sannar ekki neitt. Móti þessu verður ekki mælt. Og þegar menn koma svo hér á hv. Alþ. og tala um þetta sem hliðstæðu, þá hlýtur það að vera af því, að þeir hafa ekki sett sig inn í málið.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með langri ræðu að þessu sinni. Ég vil að endingu segja það, að ég held, að það væri öllum fyrir bestu og ekki síst þeim, sem fyrir þessu máli standa, að þetta mál yrði ekki afgreitt hér á hv. Alþ. nú, og það er röng stefna að búa þannig að sveitarfélögunum, að þau hafi ekki nægilegt olnbogarými. En að setja upp löggjöf, sem er ábending í hina og þessa áttina og hefur engan heildarsvip, það á ekki að gera hér á hv. Alþingi.

Skúli Guðmundsson: Hæstvirtur forseti. Það frv., sem hér er til umr., mun hafa verið lagt fyrir þingið, fyrir þessa deild, í lok marzmánaðar í vetur. Það er því búið að vera hér í d. og til athugunar hjá einni þingnefndinni hátt á annan mánuð. Þetta frv. er því kunnugt orðið mörgum, ekki aðeins þingmönnum, heldur landsmönnum yfirleitt, öllum þeim, sem hafa áhuga á þingmálum og því, sem hér gerist. Menn hafa rætt um þetta frv., það hefur verið tekið fyrir á fundum víða um land, og það hafa komið fram og verið sendar hingað til Alþ. álitsgerðir um þetta mál víða frá. Ef maður athugar það, sem komið hefur til þingsins um málið, þá kemur það í ljós, að yfirleitt eru það andmæli gegn frv. eða a. m. k. höfuðatriðum þess. Það kann að vera, að einstaka aðili, sem hefur sent um það umsögn, sjái eitthvað í því, sem hann hefur getað fellt sig við, en yfirleitt er þetta gagnrýni og víða hörð andmæli gegn frv. og aðalákvæðum þess.

Það, sem einna almennustum andmælum hefur sætt, það er ákvæði frv. um veltuútsvör. Slík ákvæði hafa aldrei áður verið hér í lögum. Ýmis bæjarfélög og sveitarfélög önnur hafa á undanförnum árum lagt á svonefnd veltuútsvör og eftir ákaflega mismunandi reglum. Þau hafa verið illa þokkuð yfirleitt. Það hefur verið á það bent, að slík skattheimta þekktist hvergi annars staðar á byggðu bóli. Þeir, sem hafa beitt þessum útsvörum, þær sveitarstjórnir, hafa talið sig hafa heimild til þess í ákvæðum útsvarslaganna um, að leggja megi á gjaldþegn eftir efnum og ástæðum.

Þessi veltuútsvör koma þyngst niður á þeim, sem veita þjónustu fyrir minnsta þóknun. Fyrirtæki, sem hafa mikla veltu, en litla álagningu, verða harðast úti í þessu efni. Þau verða sérstaklega illa fyrir barðinu á þessum veltuútsvörum. Önnur fyrirtæki, sem hafa litla umsetningu, en tiltölulega ríflegan hagnað miðað við veltuna, sleppa vitanlega miklu betur. Og það versta við þessi veltuútsvör hefur verið það, að þau eru lögð á alveg án tillits til þess, hver rekstrarafkoman hefur verið hjá fyrirtækinu. Það er alveg eins lagt á þau fyrirtæki, sem engan hagnað hafa, og hin, sem hafa einhvern rekstrarafgang, og það er meira að segja lagt á fyrirtæki, sem eru rekin með tapi, það er ekkert litið á það. Í þeim tilfellum hefur þetta verið eignaupptaka, án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir.

Ég nefndi við 1. umr. þessa frv. till., sem mþn. í skattamálum, sem starfaði fyrir nokkrum árum, lagði fram og afhenti ríkisstj. árið 1955. Í þessari mþn. voru 5 menn, og meiri hl. n., 3 nm., var einmitt úr þeim flokkum, sem standa að núv. hæstv. ríkisstj. N. skilaði tillögu, sem hún stóð öll að, og allir nm. voru sammála um þá till. Hún var um það að hækka nokkuð söluskatt, sem þá var í lögum, skipta þeirri hækkun milli allra sveitarfélaga í landinu miðað við íbúatölu, en banna að leggja á veltuútsvör, afnema veltuútsvörin. Þetta var því miður ekki tekið til greina á þeirri tíð og engin breyt. á þessu gerð síðan. Veltuútsvörin hafa verið á lögð víða, þó að mikill fjöldi sveitarfélaga hafi aldrei notað sér þetta, aldrei lagt á veltuútsvör. En nú er komið fram frv., ekki um að afnema þennan rangláta skatt, heldur að lögfesta hann. Það er eðlilegt, að fram komi mótmæli víða frá gegn þessu.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) hefur lagt hér fram á þskj. 509 till. til rökst. dagskrár í þessu máli, en hann flytur einnig brtt. til vara, ef ekki verður á dagskrártill. fallizt. Ein af till. hans er um það, að ekki megi leggja hærra veltuútsvar á gjaldanda en svo, að samanlögð upphæð tekjuskatts, tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans. Krafa um þetta hefur komið víða frá, að ef veltuútsvör verði í lög leidd, þá verði þau þó takmörkuð þannig, að aldrei sé hægt að taka í veltuútsvar að viðbættum tekjuskatti og tekjuútsvari nema ákveðinn hluta af hreinum tekjum gjaldanda. Og það virðist alls ekki til mikils mælzt, þó að á þetta verði fallizt, þessar kröfur frá fjölmörgum aðilum. En ég vil segja það, að ef meiri hluti þings getur ekki á þetta fallizt, þá er þó það minnsta, sem hann ætti að gera, að setja í lög, að veltuútsvör séu frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars. Þetta vantar í frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki þörf á þessu, ef síðasta till. á þskj. 509 verður samþ., vegna þess að þá láta menn ekki nema ákveðinn hluta af tekjum sínum í þessi útsvör, en verði hún felld, þá er nauðsynlegt að fá inn slíkt ákvæði, því að þá er veltuútsvar í mörgum tilfellum alveg hliðstætt við eignarskattinn, sem er lagður á án tillits

til þess, hvernig rekstrarafkoma gjaldanda hefur verið á skattárinu, og eignarskattur er frádráttarhæfur við álagningu tekjuskatts.

Ég sé, að hv. frsm. meiri hl. hefur vikið úr deildinni, ég vildi nú heldur hafa hann viðstaddan, þegar ég flyt mína ræðu. Það er hv. 3. þm. Sunnl.

Hv. 3. þm. Sunnl., frsm. meiri hl., sagði, að samkv. þessu frv. væri útsvarsstigum fækkað, þeir yrðu nú aðeins þrír, hefðu verið ákaflega margir áður. Ég vil benda á, að þetta fær ekki staðizt hjá hv. þm., því að mér skilst, að útsvarsstigarnir geti orðið næstum því eins margir og sveitarfélögin eru í landinu eftir sem áður. Ákvæðin um veltuútsvör eru þannig, að þar geta orðið, hygg ég, jafnmargir stigar og sveitarfélögin eru. Það er því ekki hægt að fallast á það með honum, að þetta frv. verði sérstaklega til þess að koma á samræmingu.

Hv. þm. talaði um ívilnanir og segir, að allar ívilnanir, sem veittar séu, hljóti að koma niður á öðrum gjaldendum í viðkomandi sveitarfélagi. Hann hefur líklega munað eftir því, sem gerðist hér í höfuðborg vorri árið sem leið.

Þá vitnaði hv. 3. þm. Sunnl. í samvinnulögin og það ákvæði, sem þar er um, að þar til endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga hafi farið fram, skuli samvinnufélögin greiða eftir ákveðnum reglum, sem eru tilgreindar í þeim lögum, og svo segir hv. þm.:

Nú liggur fyrir, að endurskoðun hefur farið fram. — Ég sé á þessu, að hann er ákaflega gamansamur eða hefur það til, ef hann kallar, að þetta sé endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér liggur fyrir. Ég veit ekki betur en bæði hann og aðrir, sem að frv. standa, séu stöðugt að tala um það, að þessi endurskoðun standi nú yfir og bráðum eigi að koma hið fullkomna frv. um þessi efni, byggt á endurskoðun, sem nú sé verið að vinna að, svo að ég held, að það sé alveg í fullkomnu ósamræmi við ákvæði samvinnulaganna að fara að fella niður þær reglur nú, sem hafa gilt undanfarið um greiðslur félaganna til sveitarfélaga. Það er *engin forsenda fyrir* slíku, hún er ekki til enn. Endurskoðuninni er ekki lokið.

Hv. þm. segir, og sumir fleiri segja það: Veltuútsvör eiga að ná til allra rekstrarforma, samvinnufélaga á sama hátt og annarra. — Það er ástæða til að íhuga þetta svolítið.

Veltuútsvör hafa verið lögð á verzlunarfyrirtæki, og það er hugmyndin að gera það áfram. En hvað er verzlun? Verzlunarrekstur er það að kaupa vörur til að selja þær öðrum, og þeir sem reka verzlun, hvort sem það eru einstakir menn eða fleiri saman, gera það til þess að skapa sér við það atvinnu og í mörgum tilfellum með það fyrir augum að hafa af þessu hagnað eins og af öðrum atvinnurekstri. En útvegun á vörum til eigin nota er ekki verzlun. Það er ekki verzlunarrekstur, þó að ég t. d. panti fyrir sjálfan mig frá útlöndum einhvern hlut, ef hann einhvern tíma yrði settur á frílista. Það er ekki verzlun. Ef ég er þarna bara að kaupa hlut, sem ég þarf að nota, annaðhvort til míns heimilis eða til atvinnurekstrar, sem ég hef með höndum, einhverrar framleiðslustarfsemi, það er ekki verzlun. Það er ekki heldur verzlun, þó að ég og hv. 3. þm. Sunnl. tækjum okkur saman og keyptum í félagi eitthvað frá útlöndum, sem við ætluðum að nota á okkar eigin heimilum eða við eitthvað það, sem við erum að starfa við. Það er ekki verzlun. Og það er ekki verzlun, þótt við tækjum fleiri menn í félag við okkur og við keyptum slíka hluti bara til eigin nota. Þess vegna er það, að sá þáttur, meginþátturinn í starfsemi kaupfélaganna hér á landi, að útvega félagsmönnum sínum nauðsynjavörur og láta þá hafa þessa hluti með sannvirði, það er ekki verzlun. Hins vegar hafa mörg þessi félög verzlun líka. Þau selja óviðkomandi mönnum vörur, utanfélagsmönnum. Það er verzlun, og um það eiga að gilda sömu reglur og gilda um aðrar verzlanir. Ef við, ég og hv. 3. þm. Sunnl., förum að panta vörur til að selja öðrum, þá erum við að reka verzlun, en við erum ekki að reka verzlun, þótt við kaupum eitthvað inn til eigin nota.

Já, hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) hlustar á þetta með athygli. Þetta mun vera alveg í samræmi við þær kenningar, sem hann hélt fram í bók, sem hann ritaði nýlega og hér hefur verið getið, og ég veit, að hann er mér alveg sammála um þessa hluti. Já, ég veit það.

Það er nú ýmislegt athugavert við þetta frv. Sumir þeir, sem hér hafa talað á undan mér, hafa tekið nokkur atriði þess til meðferðar, og fer ég ekki að endurtaka það.

Ég vil víkja hér næst að einni brtt., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 497. Það er 6. brtt. Hún er um það, að það komi ný grein inn í frv. viðkomandi veltuútsvörunum. Þeir hafa orðið varir við það, sem að þessari brtt. standa, að það hefur mælzt ákaflega illa fyrir m. a. í þessu frv. að heimila að leggja há veltuútsvör á framleiðsluvörur bænda, og einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar reis hér upp við 1. umr. málsins og mótmælti þessu. Skv. till. meiri hl. á þessi nýja grein að hefjast á þessum orðum: „Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú". Nú er það svo, að það er vafasamt, að það sé heimild til að leggja á sláturhús og mjólkurbú, eins og frv. er, því að hús er ekki velta. En ég tel alveg víst, að það, sem þeir eiga við þarna, séu þær vörur, sem eru teknar til meðferðar í þessum húsum, það sé mjólkin, sem fer í mjólkurbúin og þar eru unnar úr söluvörur, og það séu þær vörur, sem unnar eru í sláturhúsunum, sauðfjárafurðir, sem þar er unnið að. Ég hygg, að það sé réttur skilningur. En þá er eitt að athuga í þessu sambandi. Nú er það yfirleitt svo, a. m. k. hjá öllum hinum stærri sláturhúsum — ég held undantekningarlítið — og þeim, sem bezt eru búin, að þá er frystihús í sambandi við þau. Yfirleitt er það svo, að þetta eru sambyggingar. Frystihúsin eru áföst við sláturhúsin, og þegar búið er að slátra fénu, þá er kjötið fært úr sláturhúsinu inn í frystihúsið, fryst þar

og geymt, þangað til það er flutt á markað. Ég vil skilja þetta svo, að þetta breyti engu. Ég vil skilja þetta svo, að þessar vörur, í þessu tilfelli kjötið, sem ég nefndi, og aðrar sláturfjárafurðir, verði jafnt undanþegnar veltuútsvari, þótt þær séu færðar úr sláturhúsinu inn í frystihúsið. Ég tel víst, að þetta sé meiningin hjá þeim, sem till. flytja, og ef engar aths. koma um þetta frá hv. frsm. meiri hl. eða öðrum, er standa að frv., þá tel ég, að því sé slegið föstu, að þessi skilningur minn sé réttur. Ég tel, að þá megi slá því föstu, að þetta sé réttur skilningur, þó að vitanlega hefði verið hægt að orða þetta upphaf greinarinnar betur en gert hefur verið. En látum það vera. Ég tel, að þetta hljóti að mega skilja á þennan hátt.

Þá segir næst í þessari brtt.: „Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu má eigi meiru nema en 2½‰ af heildarveltu.“ Nú þykist meiri hl. líklega gera vel við framleiðendur landbúnaðarvara að setja þó þetta hámark, að af þessum vörum, þegar þær eru seldar í umboðs- eða heildsölu, megi veltuútsvarið ekki nema meiru en 2½ af þúsundi. En hvað er að segja um aðra umboðssölu samkvæmt frv.? Reykjavík hefur hér í sínum útsvarsreglum, sem birtar eru með frv., ákveðið um það m. a., að leggja megi allt að 2% veltuútsvar á umboðslaun. Ég skil þetta svo, að þeir, sem útvega vörur frá útlöndum, og það eru ýmis umboðssölufyrirtæki, sem gera það og taka umboðslaun fyrir, þurfi ekki að borga veltuútsvar meira en í mesta lagi 2% af umboðslaununum, og þá liggur það í hlutarins eðli, að það er ekki lagt frekar veltuútsvar á þær vörur, sem umboðssölufyrirtækin eru að útvega. Ef umboðssali hér útvegar vörur frá útlöndum einhverjum öðrum, einhverri verzlun fyrir 1000 kr. og tekur af því 2% umboðslaun, skulum við segja, þá fær hann 20 kr. fyrir ómakið. Þá má Reykjavíkurbær skv. þessu ekki leggja á þetta nema 40 aura í mesta lagi, 2% af umboðslaununum. En samkvæmt till. meiri hluta heilbr.- og félmn. er hægt að leggja á það fyrirtæki, sem selur landbúnaðarafurðir í umboðssölu, kr. 2.50 á hvert þúsund í söluverði vörunnar. Þeir segja hér: Útsvarið má eigi nema meiru en 2½‰ af heildarveltu. — Ég skil, að það sé heildarsöluverð varanna, — mér skilst, að þeir meini það, — varanna, sem er verið að selja. Og þá er það mest kr. 2.50 af hverjum 1000 kr., sem fást fyrir þessar landbúnaðarvörur. En eins og ég sagði áður: Fyrirtæki, sem útvegar vöru frá útlöndum gegn umboðslaunum og tekur 2% umboðslaun, þarf ekki að borga nema í mesta lagi 40 aura af hverjum 1000 kr., sem þarna er um að ræða. Það er sem sagt: Meiri hl. n. ætlar bændum að borga meira en sex sinnum hærra veltuútsvar af sínum afurðum heldur en þeim, sem fá vörur hjá umboðssala hér í Reykjavík frá útlöndum. Hvernig stendur á þessu? Þetta er atriði, sem hv. meiri hl. þarf mjög að endurskoða.

En svo er fleira í sambandi við þetta með umboðsviðskiptin. Það er aðeins, að því er snertir Reykjavík, talað um álagningu á umboðslaun, en ef umboðssalinn er búsettur utan Reykjavíkur, við skulum segja, að hann sé í Hafnarfirði eða suður í Keflavík og útvegar vörur gegn umboðslaunum frá útlöndum, þá má e. t. v. skilja frv. svo, að það megi leggja á hann allt að 2%, ekki af umboðslaununum, heldur af heildarverði þeirrar vöru, sem hann er að útvega, því að í 6. gr. frv. stendur, að það megi leggja allt að 2% veltuútsvar á umboðs- og heildverzlun.

Þetta er atriði, eitt af mörgum, sem hv. meiri hl. þarf endilega að taka til endurskoðunar. Það er óhjákvæmilegt. Ég álít, að þarna eigi að koma inn í 6. gr., að það megi aðeins leggja á umboðslaunin, alveg eins og manni skilst að sé að því er varðar Reykjavík. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að umboðssölufyrirtæki, sem ætti heima suður í Hafnarfirði eða Keflavík eða í Vestmannaeyjum, þurfi að borga margfalt hærra veltuútsvar af sinni starfsemi en slíkt fyrirtæki í Reykjavík. Ég þykist vita, að hv. 3. þm. Sunnl. sé mér sammála um þetta og þetta sé bara atriði, sem farið hefur fram hjá n. Hún hlýtur að taka þetta til athugunar. Og það er í raun og veru ósköp auðvelt að laga þetta. Það er ekki annað en að samþykkja hér eina af till. hv. 2. minni hl. heilbr.- og félmn., hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Það stendur hér í 4. brtt. hans, b-lið, að af umboðsviðskiptum, þ. e. útvegun á vörum gegn umboðslaunum og vinnslu og sölu á innlendum vörum í umboði framleiðenda eða eigenda, reiknast veltuútsvarið aðeins af umboðslaununum. Þetta á skv. hans till. að gilda fyrir alla staði á landinu.

Þá er hér enn viðkomandi veltuútsvörunum, þar sem er um mikið ósamræmi að ræða, ef borin er saman höfuðborgin og aðrir staðir. Í 5. gr. frv., sem gildir fyrir Reykjavík, eru talin upp nokkur opinber gjöld, sem á að draga frá veltunni, áður en veltuútsvar er á lagt. Það er í fimm liðum. Hins vegar er frv. þannig úr garði gert, að það er ekki skylt að draga þessi gjöld frá annars staðar, hvorki í öðrum kaupstöðum né hreppsfélögum, og þetta er svo fráleitt, að ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að hv. meiri hl. ætli sér að lögfesta það svona. Ég trúi því ekki, að veltuskattsskyld fyrirtæki hér í Reykjavík eigi að fá að draga öll þessi gjöld frá veltunni, áður en útsvarið er á lagt, en sams konar fyrirtæki í Hafnarfirði eða Vestmannaeyjum megi ekki draga þetta frá. Þetta hlýtur meiri hl. að taka til athugunar, og það er eins og með það, sem ég nefndi áðan, það er brtt. um þetta atriði hér frá hv. 4. þm. Reykn., sem lagar þetta ósamræmi, ef samþykkt verður.

Það er ákaflega margt skrýtið í þessu frv., sem eðlilegt er, vegna þess að það virðist vera ætlun þeirra, er að því standa, að lögfesta ýmsar reglur, sem gilt hafa hjá einstökum sveitarstjórnum eða niðurjöfnunarnefndum undanfarið, hversu fráleitar sem þær eru. Ég

skal taka hér dæmi t. d. úr 6. gr. Þar er veltuútsvarsprósentan tvenns konar: Í fyrsta lagi allt að 3%, og það má leggja allt að 3% á kvikmyndahús, bara og billjardstofur, söluturna, skartgripaverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir og eitthvað fleira, og í þessum flokki er líka olíuverzlun. Það má leggja jafnmikið veltuútsvar á olíuverzlun og bara og billjardstofur, tóbaks- og sælgætisverzlanir, skartgripaverzlanir o. s. frv. Hvaða vit er nú í þessu, þó að slíkt hafi viðgengizt í einhverju sveitarfélagi undanfarið? Olían er einhver brýnasta nauðsynjavara landsmanna, t. d. til atvinnurekstrarins í öllum greinum, fyrir sjávarútveginn, landbúnaðinn og iðnaðinn. Og það er meira en það. Þeir, sem eru ekki svo lánsamir að hafa raforku eða heitt vatn til húsahitunar, nota nú mjög margir olíu til húsahitunar. Það er orðið miklu meira um það, bæði í sveitum og kauptúnum og kaupstöðum, að olía sé notuð til húsahitunar, heldur en kolin. Það hefur færzt í það horf á síðari árum, og þessi vara á að vera í sama flokki hvað veltuútsvör snertir og mestu munaðarvörur og ýmsar óþarfavörur, og þetta bara fyrir það, að einhverjar sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir hafa fundið það upp á liðnum árum að leggja svona óverjandi há gjöld á olíuna. Menn segja kannske, að þetta sé allt í lagi, olíufélögin séu ekki of góð til að borga. En við megum vita það, að þetta kemur allt niður á notendum olíunnar. Hún verður þeim mun dýrari, sem þessu nemur.

Það er fleira þarna jafnfráleitt. Við skulum taka útsvarsreglur Reykjavíkur, sem nú á að fara að lögfesta. Þar eru farm- og fargjöld, ótalin annars staðar, í flokki, þar sem má leggja á allt að 1.1%, en svo eru í sérflokki, innan um ýmislegt, innan um blómaverzlanir og ýmislegt þess konar, farmgjöld tankskipa. Við vitum ósköp vel, hvernig á þessu stendur. Það er eitt olíutankskip til í eigu þjóðarinnar, og það er af annarlegum ástæðum, sem bæjarstjórnin í Reykjavík leggur miklu hærra veltuútsvar á þetta skip, þetta flutningaskip, sem flytur þessa nauðsynjavöru til landsins, heldur en á önnur skip, sem flytja aðrar vörur, oft margfalt ónauðsynlegri. Þetta er af annarlegum og sérstökum ástæðum, og nú á að fara að setja þetta í lög hér á voru landi.

Já, það er ýmislegt fleira skrýtið í þessu, sem nú á að fara að setja í lög. Ég vík að því aftur. Í 6. gr., í hærri flokknum, allt að 3% flokknum, eru t. d. söluturnar. Ég geri ráð fyrir, að það sé átt við þær vörur, sem seldar eru í þessum söluturnum, sem megi leggja á allt að 3%. En ef sömu vörurnar eru seldar í húsi með risi eða flötu þaki, þá fara þær niður í 2% flokkinn. Ég sé ekki betur. En þetta hefur verið í reglum niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík og jafnvel hjá fleirum, og þá er sjálfsagt að setja þetta í lög. Þetta á að koma í lagasafninu hjá okkur, lög frá Alþingi. Og þarna í þessum hærri flokki eru verzlanir og veitingastaðir, opnir til klukkan 23.30, þ. e. hálftólf að kvöldi. En ef þeir loka nú korter yfir ellefu, þá sleppa þeir náttúrlega með lægra gjaldið.

Nei, það eru ekki einstök atriði, fá, sem hér þyrfti að athuga betur, frv. allt er ósköp flausturslega samið, vægast sagt, og ekki samboðið hinu háa Alþingi að gera þetta að lögum.

Hæstv. forseti. Ég á nú eftir þó nokkuð af minni ræðu. Ég ætlaði að vitna hér í umsagnir, sem komið hafa um málið víða frá, en ef forseti vill, þá gæti ég frestað framhaldinu þar til síðar, vegna þess að nú er komið að kvöldverðartíma. (**Forseti:** Það var ætlunin að reyna að ljúka fundinum núna, en ef hv. ræðumaður telur sig eiga lengra eftir af ræðu sinni en svo, að hann geti lokið henni innan næsta hálftíma —) Ég er ekki viss um, að ég geti það. (**Forseti:** Þá verður fundinum frestað þar til að loknum fundi í Sþ.) — [Fundarhlé.]

Ég gat þess í upphafi máls míns, að það hefðu borizt til Alþingis mótmæli gegn þessu frv. og einstökum atriðum í því. Mér þykir rétt að minnast nokkuð á þessi erindi, sem Alþingi hafa borizt, þó að þau séu nú víst fleiri en ég hef hér tekið, en eins og ég sagði, eru þau allmörg, sem borizt hafa.

Ég hygg, að það fyrsta, sem kom hingað, hafi verið frá stjórn Kaupfélags Ísfirðinga. Það hefur þegar verið getið um þetta af öðrum, það er áskorun á Alþingi frá félagsstjórn Kaupfélags Ísfirðinga, þar sem segir m. a. í sambandi við fram komið stjfrv. um breyt. á útsvarslögunum: „skorar stjórn Kaupfélags Ísfirðinga mjög ákveðið á hv. Alþingi að fella það ákvæði frv., að veltuútsvar verði lagt á viðskipti meðlima kaupfélaganna."

Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga var á fundi hér í Reykjavík 9.—10. apríl í vor. Þetta fulltrúaráð gerði ályktun um það frv., sem hér liggur fyrir. Þar segir: „Fundurinn telur, að frv. það, sem komið hefur fram á Alþingi því, sem nú situr, um bráðabirgðabreyting á útsvarslögum, þurfi nánari athugunar í ýmsum atriðum. Bendir fundurinn á eftirfarandi dæmi um þetta: Varhugavert er að lögbjóða án frekari undirbúnings og athugunar en hér hefur átt sér stað til frádráttar frá tekjum við útflutningsálagningu útsvar fyrra árs, annað en veltuútsvar. Væri því athugandi að þetta ákvæði yrði aðeins heimildarákvæði." Og í 2. lið í þessari ályktun segir þannig: „Ekki er rétt, að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. frv." Þetta er í ályktun, eins og ég sagði, frá fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Hinn 20. apríl barst svo bréf frá stjórn Kaupmannasamtaka Íslands, þ. e. ályktun, sem stjórn samtakanna hefur gert á fundi sínum hinn 12. apríl. M. a. segir í þessari ályktun, að samtökin mótmæli því, að bæjaryfirvöldunum sé veitt áframhaldandi heimild til þess að leggja útsvör á veltu án nokkurs tillits til hagnaðar viðkomandi atvinnugreinar eða starfsemi. Enn fremur mótmælir stjórnin því mis-

ræmi, sem frv. er ætlað að lögbjóða að viðhaldið sé, með því að sama tegund verzlunar þurfi að greiða misháan hundraðshluta af veltunni eftir því, undir hvaða bæjar- eða sveitarfélag hún á að sækja. „Fyrir því leyfir stjórn samtakanna sér allravirðingarfyllst að skora á hið háa Alþingi, að sá fyrirvari verði settur í frv. þetta, ef að lögum verður, að aldrei megi útsvarsfjárhæð ákveðin hærri en ákveðinn hundraðshluti af hreinum tekjum fyrirtækisins, í annan stað, að veltuútsvar skuli hvar sem er á landinu vera að hundraðshluta jafnhátt, miðað við sömu grein verzlunar eða starfsemi, og hvergi hærra en í Reykjavík 1959.“ Þetta er áskorun frá Kaupmannasamtökum Íslands. Þeir benda þarna réttilega á, að það sé óhæfa að leggja á veltuútsvör án tillits til afkomu fyrirtækja, og þeir benda í öðru lagi á, að það sé rangt að gera upp á milli fyrirtækja eftir því, hvar heimilisfang þeirra er.

Næst barst til Alþingis hinn 25. apríl ályktun frá Blönduósdeild Kaupfélags Húnvetninga. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á aðalfundi Blönduósdeildar Kaupfélags Húnvetninga var eftirfarandi tillaga samþ. með öllum greiddum atkvæðum gegn 4: Deildarfundur Kaupfélags Húnvetninga í Blönduóshreppi 1960 skorar á ríkisstj. og Alþ. að fella niður þau ákvæði í fram komnu frv. ríkisstj. um veltuútsvar á samvinnufélög fram yfir 1½% af utanfélagsmannaverzlun félaganna, þar sem sannanlegt er, að samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum þann arð, er verður ár hvert.“ Enn fremur eru í þessari samþykkt mótmæli gegn því, að veltuútsvör séu lögð á afurðasölufélög, þ. e. a. s. umboðssölu á framleiðslu bænda. Það telur fundurinn að nái engri átt, nema að því marki er viðkomandi sveitarfélag kann að hafa gjöld af rekstri félaganna á hverjum stað.

Enn kom bréf um þetta mál hinn 28. apríl frá stjórn Kaupfélags Siglfirðinga. Stjórnin sendir þar til Alþingis till., sem samþ. var einróma á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga á Siglufirði 24. apríl 1960. Og ályktunin, sem þar var samþ. einróma, hefst á þessum orðum: „Aðalfundur Kaupfélags Siglfirðinga, haldinn 24. apríl 1960, skorar á hv. Alþ. að fella úr fram komnu frv. um breytingar á útsvarslögunum það ákvæði frv., að veltuútsvar verði lagt á viðskipti meðlima kaupfélaganna. Aðalfundur Kaupfélags Siglfirðinga álítur, að órétt-látt og þjóðhagslega rangt sé að lögleiða veltuútsvar, sem lagt er á án tillits til rekstrarafkomu eða annarra aðstæðna.“

Næst er erindi frá sýslumanni Suður-Þingeyjarsýslu. Það barst hingað til þingsins 5. maí. Það er ályktun sýslufundar S-Þingeyjarsýslu. Í þeirri ályktun segir m. a. á þessa leið: „Lögleiðing veltuútsvars á viðskipti almennt er dulbúin aðferð til að færa mjög verulegan hluta af útsvarsþunga bæja og kauptúna yfir á íbúa þeirra sveitabyggða, sem verða að hafa aðalviðskipti sín í bæjum, en hafa engin skilyrði til gagnkvæmra ráðstafana á hendur þeim.“ Þarna er bent á atriði, sem var nokkuð rætt við 1. umr. þessa máls. Skv. þessu frv. er ætlazt til þess, að viðskiptamiðstöðvar geti með veltuútsvörum skattlagt mjög verulega íbúa þeirra héraða, þeirra sveitarfélaga annarra, sem sækja þangað sín viðskipti. Þeir segja enn fremur, sýslufundarmennirnir í Suður-Þingeyjarsýslu: „Með fyrirhuguðu veltuútsvari á vörur í umboðssölu, sem engin verzlun er í venjulegum skilningi, og þá fyrst og fremst framleiðsluvörur landbúnaðarins, er allra lengst gengið í rangsleitninni, og það því fremur að frv. opnar leið til að leggja á eina og sömu vörueiningu í þremur sveitarfélögum.“ Þeir segja síðan: „Þar sem engar óumflýjanlegar ástæður geta legið til þess, að gera þurfi bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum á þessu þingi, skorar sýslunefndin á hv. Alþ. að afgreiða engar breyt. á nefndri löggjöf, fyrr en n. sú, sem vinnur að breyt. á henni, hefur lagt fram fullnaðartillögur sínar í því efni og landsmönnum gefizt ráðrúm til að gagnrýna þær breyt., sem þar verða væntanlega bornar fram.“

Þá er ályktun frá Kaupfélagi Borgfirðinga, sem kom hingað til þingsins 9. maí, þ. e. tillaga, sem samþ. var á aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga hinn 6. maí næstliðinn. Þar segir: „Aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga, haldinn í Borgarnesi 5. og 6. maí 1960, mótmælir harðlega frv. um útsvör, sem fram er komið á Alþ., og sérstaklega því atriði þess að heimila bæjar- og sveitarstjórnum að leggja veltuútsvör á samvinnuverzlanir, mjólkursamlög og sláturhús eftir sömu reglum og verzlunarfyrirtæki í einkaeign. Telur fundurinn, að veltuútsvör á viðskipti félagsmanna í samvinnufélögum séu ranglát, og skorar á Alþ. að fella frv. í því formi, sem það er fyrir lagt.“ Till. hlaut samþykki fundarins með 53 shlj. atkv. Enga formælendur átti stjórnin þar í þessu máli. Og svo var það víðar, þar sem ályktanir voru gerðar.

9. maí barst þinginu annað bréf um þessi mál. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., sendi þá ályktun aðalfundar Kaupfélags Þingeyinga, þar sem mótmælt er tilteknum ákvæðum varðandi veltuútsvar samvinnufélaga í fram komnu frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á lögum um útsvör og skorað á Alþ. að fella þau ákvæði úr frv. Það, sem þar er sérstaklega mótmælt, er eins og hjá öðrum veltuútsvarið í sumum greinum. Þeir telja það fjarstæðu og rangsleitni að lögbjóða, að leggja skuli veltuútsvar á heildarsölu hvers konar vöru, engar íslenzkar framleiðsluvörur undanskildar á nokkru sölustigi, svo og á vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum og utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða. Þeir segja enn fremur: „Bera þau ákvæði og fleiri í frv. vott um hróplegt skilningsleysi á aðstöðu sumrar framleiðslu og samvinnusamtökum almennings í verzlun og viðskiptum.“ Skorar fundurinn á alla þá alþm., er telja sig samvinnumenn, að koma í veg fyrir, að þessi og þvílík ákvæði verði lögleidd. Þessi till. var samþ. þar shlj.

11. maí berst Alþ. ályktun frá aðalfundi

Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, sem haldinn var hér í Reykjavík 8. maí. Þar segir svo:

„Aðalfundur KRON 1960 skorar á Alþ. að fella úr frv. til l. um útsvör, sem nú liggur fyrir, ákvæði um, að leggja skuli á veltuútsvör og að leggja skuli tekjuútsvar á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga. Verði ákveðið að leggja tekjuútsvar og veltuútsvar á félagsmannaviðskipti, er brotin grundvallarregla, sem viðurkennd er í flestum löndum, að tekjuafgangur af viðskiptum félagsmanna er sparnaður þeirra, en ekki verzlunarágóði."

Hinn 13. maí barst hingað til þingsins ályktun frá aðalfundi Kaupfélags Norður-Þingeyinga, sem haldinn var á Kópaskeri 10. maí 1960. Fyrstu tveir liðirnir í þessari ályktun eru um önnur mál, þ. e. um þá ákvörðun að krefja kaupfélag í landinu um að senda til Seðlabankans helming af aukningu innlánsdeilda félaganna. Mótmæli gegn þessu hafa verið hér fleiri í ályktunum. Og einnig eru hér mótmæli í 2. tölulið gegn hóflausri hækkun á vöxtum lánsfjár. En síðan segir í 3. lið ályktunarinnar, að fundurinn andmæli ákveðið að lögbjóða eða leyfa veltuútsvar á kaupfélög og Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem byggja rekstur sinn og þjónustu að mestu leyti á umboðsstarfi fyrir allan fjölda smáframleiðenda og neytenda um landið allt og geti ekki brugðizt við þessu á annan hátt en hækka sín umboðslaun fyrir þjónustuna, sem þessum þunga skatti nemur, og kemur því loks niður á öllum almenningi.

Hinn 19. maí barst hingað ályktun frá aðalfundi Kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi, sem haldinn var 10. og 11. maí. Þar segir m. a.: „Fundurinn telur fráleitt, að heimild sé gefin til að leggja veltuútsvar á viðskipti kaupfélaga við félagsmenn sína, þar sem það er meginregla, að verði hagnaður af þessum viðskiptum, þá endurgreiði kaupfélögin hann. Fundurinn skorar því á hæstv. Alþ. að fella þetta ákvæði úr lagafrv., þar sem fundurinn telur það alveg óþolandi."

Þá vil ég að síðustu geta um ályktun, sem gerð var á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands, sem haldinn var hér í Reykjavík 12.—14. maí 1960. Þar segir svo m. a.:

„Aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands, haldinn 12.—14. maí 1960, mótmælir fyrirhugaðri lögfestingu veltuútsvara, sem lögð séu á án tillits til afkomu félags, svo sem ráðgert er í frv. um þetta efni, sem nú liggur fyrir Alþingi."

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, það sem ég hef nú lesið. Það er áreiðanlega ástæða til þess fyrir hv. þdm. að íhuga þessi mótmæli, rökstudd mótmæli, sem komið hafa frá mörgum stöðum á landinu, viðkomandi þessu máli, ekki síst viðkomandi ákvæðum frv. um veltuútsvörin.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 509 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EÖS, EOl, EystJ, IG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS.

nei: RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, JóhH.

BGr greiddi ekki atkv.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, IngJ, EinS, JR, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, JóhH.

nei: BjörgJ, HS, HV, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EÖS, EOl, EystJ, GíslG, GJóh.

JSk, MÁM, BGr, IG greiddu ekki atkv.

1. þm. (GeirG) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 19:5 atkv.

Brtt. þskj. 500,1 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EÖS, EOl, EystJ, IG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS.

nei: ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, JóhH.

2 þm. (GeirG, SB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þar sem mér hefur verið tjáð, að nefnd þeirri, sem hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir um bráðabirgðabreytingu á útsvörum, hafi verið falið þetta atriði, þá tel ég, að þessi brtt. sé síður en svo til að flýta því, og segi nei.

Brtt. 509,1 felld með 20:12 atkv.
— 497,1 kom ekki til atkv.
— 503,1 felld með 22:8 atkv.

3. gr. samþ. með 19:4 atkv.

Brtt. 497,2 kom ekki til atkv.

4. gr. samþ. með 19:18 atkv.

Brtt. 509,2 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BFB, JK, EÖS, EOl, EystJ.

nei: SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, JóhH.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

Brtt. 500,2 felld með 19:17 atkv.
— 497,3 samþ. með 18:3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19:14 atkv.

Brtt. 503,2 felld með 19:11 atkv.
— 500,3 felld með 19:11 atkv.
— 509,3.a felld með 20:17 atkv.
— 509,3.b felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, BFB, JK, EÖS, EOl, EystJ, IG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ.

nei: AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JóhH.

BGr greiddi ekki atkv.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
Brtt. 497,4 samþ. með 20:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19:9 atkv.
Brtt. 497,5 samþ. með 28:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19:10 atkv.
Brtt. 509,4.a felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BFB, JK, EðS, EOl, EystJ, IG, GíslG.
nei: GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, JóhH.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
Brtt. 509,4.b felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BFB, JK, EðS, EOl, EystJ, IG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, HV, JSk, KGuðj, ÁS.
nei: MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, JóhH.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
Brtt. 497,6 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 28:3 atkv.
Brtt. 509,5, fyrri málsgr., felld með 20:10 atkv.
Brtt. 509,5, síðari málsgr., felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, BFB, EystJ, IG, GíslG, BjörgJ, JSk.
nei: EinS, JR, ÓTh, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, JóhH.
KGuðj, ÁS, MÁM, PS, RH, ÁÞ, BK, JK, EðS, EOl, GJóh, HS, HV greiddu ekki atkv.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
Brtt. 497,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 497,8 samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 500,4 felld með 20:18 atkv.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 20:12 atkv.
Brtt. 500,5 tekin aftur.
13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 20:12 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:17 atkv.

Á 88. fundi í Nd., 25. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514, 517).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt við upphaf þessarar umr. að gera nokkra grein fyrir ýmsum ábendingum, sem fram komu við 2. umr. um frv. það, sem hér liggur fyrir, en þær voru þessar helztar: Í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir í frv., að ákvæði um efni og ástæður verði numið burt úr útsvarslögunum. Í öðru lagi í sambandi við þá útsvarsstiga, sem tilgreindir eru í 5., 6. og 7. gr. þess. Og loks ábendingar í sambandi við veltuútsvörin.

Hv. 4. landsk. (HV) taldi stefnt í öfuga átt að afnema ákvæðið um efni og ástæður úr lögunum. Það vita allir, sem við niðurjöfnun útsvara hafa fengizt að undanförnu, að ákvæði þetta er orðið óvirkt, eins og ég gat um í framsöguræðu minni hér í gær. Til þess liggja þær ástæður, að þó að niðurjöfnunarnefndir vilji breyta framtölum og ef til vill hækka tekjur manna eða leggja á eftir öðrum leiðum en gert er ráð fyrir í hinum fyrirliggjandi útsvarsstiga, þá verða niðurjöfnunarnefndir beinlínis að sanna fyrir yfirskattanefndum, ríkisskattanefnd og dómstólunum, ef málið fer svo langt, að þær tölur, sem tilgreindar eru við niðurjöfnunina, séu réttar og raunhæfar og fái staðizt. Það er gersamlega tilgangslaust í þessu sambandi fyrir niðurjöfnunarnefnd að vera með nokkrar vangaveltur um það, að einn eða annar hafi efni eða ástæður til þess að greiða svo og svo hátt útsvar. Það eru tekjurnar og eignirnar, sem þar ráða alveg orðið málum, og þýðir ekki fram hjá þeirri staðreynd að ganga. Með þessu hefur, eins og ég sagði, það ákvæði útsvarslaganna, sem upphaflega var meginatriði, verið gert algerlega óvirkt. Og ef nú ætti að fara inn á þá braut eða halda áfram því, sem upphaflega var gengið út frá, að jafna niður eftir efnum og ástæðum, þá geri ég ráð fyrir, að það yrði svo mikið verk í hinum stærri kaupstöðum og ég tala þá ekki um hér í Reykjavík, að það yrði nær og kannske alger ógerningur að taka aðstæður hvers einasta gjaldanda og meta hans gjaldþol og leggja á hann eftir því. Þetta væri slíkt verk fyrir niðurjöfnunarnefndirnar í hinum stærri kaupstöðum, að ég tel, að það væri algerlega útilokað að fara aftur inn á þessa braut. Það er einmitt af þessari ástæðu einnig, að niðurjöfnunarnefndir um land allt hafa horfið frá því að nota þetta heimildarákvæði í lögunum og leggja á skv. því.

Þá eyddi þessi ræðumaður, hv. 4. landsk., miklum tíma í að reyna að sanna eða færa rök fyrir því, að óhæfa væri að hafa 2 mishá útsvarsstiga fyrir kaupstaðina, og staðhæfði, að menn mundu af þessari ástæðu greiða hlutfallslega hærri hluta af tekjum sínum, ef þeir byggju í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Má segja, að þetta hafi reyndar verið meginþráðurinn í ræðum fleiri hv. þm.

Ég tel það mikinn misskilning, sem mjög virðist vera útbreiddur, jafnvel meðal þeirra, sem að sveitarstjórnarmálum starfa og ættu því að vita betur, að útsvarsstigarnir í sjálfu sér séu endanlegur mælikvarði á það, hve háan hundraðshluta af tekjum sínum hver og einn greiðir til síns sveitarfélags. Mun þessu ráða nokkuð, að þannig er þessu varið með skattstiga þann, sem tekjuskattur til ríkissjóðs er

á lagður eftir. Þar er það fast afmarkað í lögum, hve háan hundraðshluta af tekjum hver og einn greiðir í tekjuskatt til ríkissjóðs, án tillits til þess, hvort heildarupphæð álagðs tekjuskatts reynist hærri eða lægri en áætlað er í fjárlögum. Um útsvörin gildir allt öðru máli. Það, sem fyrst og fremst ræður, hve háan hundraðshluta hver og einn greiðir af tekjum sínum í útsvar, er, hve há heildarupphæð útsvara hefur verið áætluð af sveitarstjórn og hvað heildartekjur almennings á viðkomandi stað eru samanlagt miklar. Tölur þær, sem tilgreindar eru í útsvarsstiganum, eru miklu frekar hlutfallsgrundvöllur fyrir skiptingu útsvara milli gjaldenda innbyrðis en þær séu nokkur endanleg ákvörðun um, hve háan hundraðshluta hver gjaldandi endanlega greiðir. Þetta er öllum ljóst, sem fengizt hafa við niðurjöfnun útsvara í hinum ýmsu sveitarfélögum.

Ég vil hér tilfæra eitt dæmi sem rök fyrir þessum staðhæfingum. Árið 1959 bar útsvarsgreiðendum hér í Reykjavík samkv. þeim skattstiga, sem í gildi var, að greiða af 50 þús. kr. tekjum 6900 kr. Útsvarið hér var þetta ár umreiknað og lækkað um 6%, þ. e. a. s. eftir umreiknun er útsvar gjaldenda hér í Reykjavík af 50 þús. kr. 5725 kr. Ég skal taka raunhæft dæmi úr öðrum kaupstað, þar sem útsvarsstiginn var mun hærri en í Reykjavík. Þar bar gjaldanda að greiða í útsvar af sömu upphæð, af 50 þús. kr., samkv. útsvarsstiganum 7650 kr. Þegar jafnað hafði verið niður og útsvörin umreiknuð til lækkunar í samræmi við heildarupphæð útsvara, eins og bæjarstjórn hafði gengið frá henni og löglegt var að leggja á, þá var útsvar sama gjaldanda í þessum kaupstað orðið 4975 kr., þ. e. a. s. í þessum kaupstað, þar sem útsvarsstiginn var mun hærri, varð útsvar gjaldanda af 50 þús. kr. tekjum 4975 kr. á móti 5725 kr. í Reykjavík, eða 750 kr. lægra en af sömu upphæð hér í Reykjavík. Þetta er það, sem er raunverulega raunhæft um álagningu útsvaranna.

Útsvarsstigarnir eru, eins og ég sagði, miklu frekar hlutfallsgrundvöllur um skiptingu innbyrðis en að þeir segi nokkuð til um eða séu nokkur endanleg ákvörðun um það, hvað hver og einn greiðir til síns sveitarfélags af ákveðinni tekjuupphæð, þannig að allt, sem um þetta hefur verið sagt, er byggt á misskilningi og ekki nægri þekkingu á því, hvernig þetta er í framkvæmd og hvernig þetta hlýtur að verða framkvæmt.

Hv. 11. landsk. (GJóh) komst mjög að sömu niðurstöðu og hv. 4. landsk. í þessu sambandi, að óréttmætt væri, að kaupstöðunum utan Reykjavíkur væri boðið upp á hærri útsvarsstiga en tilfærður er í 5. gr. frv. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það er einmitt m. a. eftir beinum tilmælum frá ráðamönnum Siglufjarðarkaupstaðar, að kaupstaðastiginn er tekinn inn í frv., og bæjarstjóri þess kaupstaðar var einn af þeim aðilum, sem stóðu að því að útbúa hann og leggja til, að hann yrði tekinn inn í frv. Töldu ráðamenn bæjarins þar, að þeir kæmust ekki af með lægri útsvarsstiga en hér um ræðir, þannig að ef hægt er að deila á okkur, sem að undirbúningi þessa frv. stóðum, þá ber að líta á það, að það er m. a. gert eftir ósk ráðamanna þessa kaupstaðar að hafa útsvarsstigana tvo fyrir kaupstaðina, en ekki einn, eins og við upphaflega ætluðumst til.

Hv. 3. þm. Vesturl. upplýsti, að í Borgarnesi hefði útsvarsstigi Reykjavíkur verið notaður við niðurjöfnun útsvara 1959, en nú væri sér meinað með frv. að nota þennan stiga við álagningu útsvara nú í ár. Ég get glatt þennan hv. þm. með því, að þetta er alger misskilningur hjá honum. Samkv. 9. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, en það er einmitt sú grein, sem kveður á um heimild sveitarfélaganna til að nota stigann, þar segir svo: „Í kaupstöðum, sbr. 6. gr., er heimilt að jafna niður útsvörum samkv. 5. gr. a-b, enda skerðist þá ekki heildarfjárhæð útsvaranna svo, að þess vegna komi til greina aukaframlag samkv. 2. gr. 2. mgr. Sama gildir um önnur sveitarfélög.“ Önnur sveitarfélög geta því einnig notað útsvarsstiga 5. gr. Það er sá útsvarsstigi, sem notaður hefur verið í Reykjavík. Þeim er og heimilt að jafna útsvörum samkv. reglum 6. gr., ef fullnægt er ákvæðum 1. mgr. um heildarfjárhæð útsvaranna. Sveitarfélögum er með þessu gefin heimild til að velja um alla 3 útsvarsstigana. Það getur hvert sveitarfélag, sem hefur aðstöðu til þess, valið um hvern þann útsvarsstiga, sem í frv. er. Þannig hljóðar 9. gr., og held ég, að hún verði ekki misskilin, ef menn vilja lesa hana eins og hún liggur fyrir, enda get ég fullyrt, að það var meining þeirrar n., sem undirbjó frv., að svo væri. Ég tel, að á því sé enginn vafi, og þetta ákvæði er tekið inn í frv. að yfirlögðu ráði, þar sem n., sem undirbjó frv., var um það kunnugt, að sum sveitarfélög höfðu jafnað niður útsvörum hjá sér samkv. útsvarsstiga, sem notaður var í Reykjavík.

Í sambandi við útsvarsstigana vil ég taka fram, að ég er sammála hv. 4. landsk. að einu leyti, en það er, að stefna beri að því að hafa aðeins einn útsvarsstiga fyrir alla kaupstaðina, Reykjavík þar með talin. Kom þetta, að ég held, greinilega fram í ræðu minni, og bráðabirgðabreyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á útsvarslögunum, tel ég að miði einmitt í þá átt. Ég tel, að þetta sé það, sem stefna beri að, og það er ekki einvörðungu af þeirri ástæðu, sem hv. 4. landsk. bar fram, að þetta væri ógurlegt ósamræmi og kæmi misjafnlega niður, heldur vegna þess, að ég tel, að þetta væri ágætt aðhald fyrir sveitarstjórnir að gæta sín um að fara ekki of óvarlega í útgjöldum, þegar fjárhagsáætlanir eru samdar. Þær hafa það að marki að keppa að því að þurfa ekki að leggja prósentur ofan á þann stiga, sem í gildi er, þannig að þeim er með þessu nokkuð skapað aðhald um að gæta hófs um álögur á borgarana. Það hlýtur að verða keppikefli hverrar sveitarstjórnar að fara ekki upp fyrir hinn gildandi útsvarsstiga, nema brýn og sannanleg og bein þörf sé fyrir, að svo sé

gert. Ég tel, að einmitt það atriði sé mikilsvert fyrir gjaldendur og fyrir þjóðina í heild.

Í sambandi við veltuútsvörin vil ég undirstrika, að það er alger misskilningur, sem komið hefur fram hjá sumum hv. þm., eins og t. d. hjá hv. 4. þm. Reykn., að verið sé að lögbjóða veltuútsvör. Í frv. er aðeins verið að lögbjóða hámark veltuútsvara og heimila álagningu þeirra. Ég tek það fram hér að gefnu tilefni, vegna þess að hv. 4. þm. Reykn. komst þannig að orði, að verið væri að lögbjóða veltuútsvarsálagningu. Það er hverju sveitarfélagi alveg í sjálfsvald sett, hvort það notar þessa heimild eða ekki. Og vegna þess misræmis, sem þessi hv. þm. taldi að væri á milli veltuútsvara í Reykjavík og annarra sveitarfélaga, vil ég benda á, að hvert einasta sveitarfélag í landinu getur ráðið því sjálft, hvort það hefur veltuútsvar hjá sér sambærilega við veltuútsvör í Reykjavík, hvort það hefur þau hærri eða hvort það hefur þau lægri, og einnig, hvort það yfirleitt notar nokkuð veltuútsvör. Þetta er svo frjálst, að það er ekkert sveitarfélag skylt til þess að nota veltuútsvör. Því er í sjálfsvald sett, hvort það hefur það hærra eða lægra, skv. 5. gr., þannig að ég held, að þetta geti ekki verið frjálsara, og þetta getur ekki skapað neitt ósamræmi, þar sem þetta er aðeins heimildarákvæði, sem sveitarfélögunum er gefið.

Um a-lið 3. gr., þ. e. a. s. heimildina til að vefengja framtöl, er það að segja, að hún er tekin í sannleika inn af illri nauðsyn. Það veit hver einasti maður, sem fengizt hefur við niðurjöfnun útsvara, að í hverju sveitarfélagi, a. m. k. hinum stærri, eru aðilar, sem þrátt fyrir skattaeftirlit það, sem nú er, hafa aðstöðu til þess að koma nokkrum hluta tekna sinna undan skatti. Þetta er staðreynd, sem liggur ljóst fyrir okkur, sem störfum að niðurjöfnun útsvara og störfum að sveitarstjórnarmálum, og það þýðir ekkert á þessu stigi, meðan skattaeftirlit er ekki sterkara en það er nú í dag, að vera að loka augunum fyrir þessum staðreyndum og ganga fram hjá því í því frv., sem hér liggur fyrir, og það er beint af þessari ástæðu, að þetta ákvæði er sett inn í frv. En það er alger misskilningur, ef hv. þm. halda, að þetta ákvæði verði notað af niðurjöfnunarnefndum, nema alveg brýna nauðsyn beri til þess og alveg augljóst sé, að framtöl séu ekki rétt. Niðurjöfnunarnefndirnar vita, að þær verða fyrir yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd beinlínis að sanna, að allar þær breytingar, sem á framtölum verða gerðar, séu raunhæfar og á þeim sé hægt að standa. Þetta hefur berlega komið í ljós, sennilega hjá öllum niðurjöfnunarnefndum, sem eitthvað hafa hreyft við framtölum, að það er ekki tekið til greina, þó að rök séu færð fyrir því og líkur, að framtalið sé ekki rétt, það verður tölulega beinlínis fyrir yfirskattanefndum og ríkisskattanefnd að sanna, að svo sé. Þetta vita allir, sem við niðurjöfnun útsvara hafa fengizt, að svo er um þetta, og ég er sannfærður um og tel mig geta sagt það af reynslu, að niðurjöfnunarnefndir munu ekki gera sér leik að því að nota þetta ákvæði nema í brýnni nauðsyn. Þetta mundi, ef farið væri að nota það víðtækt, verka þannig, að heildarupphæð útsvaranna kæmi út eins og vera ætti samkv. áætlun sveitarstjórnar. Við yfirferð yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar mundi hins vegar þessi heildarupphæð lækka og bæirnir beinlínis verða af þeim tekjum, sem þeir hefðu þannig óvarlega áætlað í útsvari á gjaldendur, sem síðan fengi ekki staðizt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., var sýnt fram á það allýtarlega, hvað frv. var meingallað og illa frá því gengið þar að auki í veigamestu atriðum. Það kom fljótt í ljós, að þeim, sem stóðu að frv., kom þessi gagnrýni talsvert illa. Og eins kom ýmislegt fram, sem benti til þess, að þeim, sem ætlað var að samþykkja lögin hér á Alþingi, þ. e. a. s. stuðningsliði hæstv. ríkisstj. á Alþ., litist ekki alls kostar á blikuna, þegar búið var að sýna fram á við 1. umr., hvað það var, sem þeim var ætlað að samþykkja. Á hinn bóginn kom í ljós með ýmsu móti í framhaldi af þessum umr. sú ömurlega vitneskja, að þetta frv. hafði sýnilega ekki verið undirbúið í samráði við þá, sem ætlað var að samþykkja það á Alþingi. Var því augljóst, að þarna mundi leiða til verulegra átaka í stjórnarliðinu, þar sem annars vegar væru þeir, sem höfðu ekki verið hafðir með í ráðum, en sáu margvísleg missmíði á þeim grip, sem gerður hafði verið, og svo hinir, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj. og einhver innsti hringur kringum hana, sem hafði látið setja saman frv. og ráðið efni þess án þess að ráðgast við hina, sem ætlað var að leggja til hendurnar til að samþykkja það.

Það var nokkuð augljóst mál, að svo mundi fara sem fyrr, að þeir, sem höfðu látið gera málið eftir sínu höfði, mundu leggja metnað sinn í, að frv. yrði barið í gegn, hvað sem hinum sýndist og hvaða missmíði sem kynnu að koma fram á því við athugun í þinginu, enda hefur þessi orðið raunin á. Það er alþjóð kunnugt, að í margar vikur hefur staðið sífelld orrusta innan stjórnarliðsins um marga þýðingarmestu þætti þessa máls, og loks kemur það nú fyrir á nýjan leik. Kemur þá fram, að hæstv. ríkisstj. er ráðin í því að reyna að berja málið fram á þinginu þrátt fyrir alla gallana og virðist hafa tekizt að berja niður þá mótstöðu, sem kom fram í stjórnarherbúðunum gegn málinu, þegar fyrir lá, hvernig það var vaxið. Að vísu hafa nú verið gerðar á því nokkrar breytingar í leiðréttingarátt, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja, en þó verður að segja, að meginefni frv. er enn eins og í upphafi var til stofnað. Meginstefna frv. er sú sama.

Á hinn bóginn sýna sumar af þeim breytingum, sem gera á, hvílíkur óskapnaður frv. var í öndverðu og hvað fyrir stjórnarherrunum vakti, eins og t. d. það, sem nú kemur glöggt í ljós, að það vakti fyrir ríkisstj. að leggja veltuútsvar á afurðir landbúnaðarins mörgum sinnum, m. a. þegar þær væru teknar til vinnslu-

meðferðar í sláturhúsum og öðrum slíkum stofnunum. Og enn fremur kemur það glöggt í ljós af þeim breytingum, sem nú hafa verið gerðar, að upphaflega vakti það líka fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja álögur á alla mjólk og mjólkurafurðir þegar á fyrsta stigi meðferðar þeirra afurða í mjólkurbúunum sjálfum. En þegar þeir stóðu frammi fyrir þeirri gagnrýni, sem hér kom fram af hendi stjórnarandstæðinga og undir var tekið raunar nokkuð úr stjórnarherbúðunum, þá hafa þeir þó guggnað á þessu. Hæstv. ríkisstj. hefur guggnað á þessu og setur nú inn það ákvæði, að undanþeginn veltuútsvari skuli vera rekstur sláturhúsa og mjólkurbúa. Enn fremur hefur það orðið árangurinn af þeim miklu átökum, sem átt hafa sér stað um veltuútsvörin í stjórnarherbúðunum, og þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram, að þau hafa dálítið verið takmörkuð frá því, sem áður var hugsað, þannig að nú er hvergi heimilt að hafa þau hærri en þau voru s. l. ár. En áður var það opið alls staðar utan Reykjavíkur að fara með veltuútsvörin upp í 3% í mörgum greinum og 2% í öðrum greinum. Hefur verið haft ofur lítið vit fyrir stjórninni og hún orðið óttaslegin út af því, sem fyrir lá, og nokkuð hefur því verið dregið í land.

En meginstefna frv. er enn sú sama sem áður var, og mun ég fara um hana nokkrum orðum.

Það kemur sjálfsagt mörgum nokkuð undarlega fyrir sjónir, þetta ofurkapp, sem lagt er á að setja nú allt í einu, einmitt nú á þessu þingi, nýja löggjöf um útsvarsmálin, og það þó að fyrir liggi og sé alveg játað af þeim, sem fyrir málinu standa, að málefnið sé svo þýðingarmikið og viðtækt, að þeir geti ekkert við það ráðið að finna viðunandi lausn á þeim tíma, sem þeir hafa til umráða. Þess vegna verði að leggja fram núna það, sem kallað er bráðabirgðalausn. Og það þarf ekki djúpt að skyggnast til að sjá, hvernig á því stendur, að það þarf að gera þetta einmitt núna og má ekkert dragast að dómi þeirra, sem hér standa fyrir málum. Mér virðast ástæðurnar aðallega vera tvær. Það er í fyrsta lagi að koma einmitt núna strax — og það má ekki dragast — veltuútsvari á félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna. Þetta er önnur ástæðan til, að það þarf að gera þetta nú alveg strax. Það þolir ekki neina bið að dómi þeirra, sem hér að standa, þar er svo mikið þjóðarnauðsynjamál á döfinni, að það er hægt að taka á sig mörg óbægindi til að koma slíku fram frá þeirra sjónarmiði. Hitt atriðið er að koma útsvarslækkun þeirri, sem hugsanlega kynni að verða vegna söluskattsálagningarinnar, þannig fyrir nú strax, að hún komi fyrst og fremst þeim til góða, sem mestar hafa tekjurnar, en almenningur verði hennar ekki aðnjótandi. Þetta er annað aðalatriði þessa frv. og önnur ástæðan til þess, að það verður að reka það fram með þessum ofsahraða, en má alls ekki bíða eftir því, að útsvarslöggjöfin sé athuguð af nokkru viti, eða menn gefi sér tóm til þess að ganga þannig frá því máli, að hugsanlegt væri, að það gæti staðizt til nokkurrar frambúðar.

Ég mun minnast fáeinum orðum á þessi atriði, sem ég hef nefnt, sem mér sýnast vera höfuðatriði í þessu máli, þótt mörg önnur stór atriði komi þar einnig til greina, og mun ég kannske líka víkja að þeim örfáum orðum í leiðinni.

Það er þá fyrst varðandi veltuútsvarið. Allir þeir, sem hafa kynnt sér nokkuð skattamál að ráði eða hugsað um þau, hugleitt þau efni, hafa gert sér grein fyrir því, að skattar og álögur eru einkum með tvenns konar móti. Annars vegar er það, sem kalla mætti beinir skattar, og hins vegar eru óbeinir skattar. Beinu skattarnir eru lagðir þannig á, að miðað er við hreinar tekjur eða hreinar eignir og greitt í hlutfalli við þær. En óbeinu skattarnir eru yfirleitt þannig hugsaðir og á lagðir, að þeir eru lagðir á ýmsa þætti viðskiptanna eða eignir, ekki með tilliti til þess, hversu mikið er þar saman komið í einn stað, heldur koma almennt á viðskipti og þjónustu. Þar undir koma allir tollar, söluskattar og öll slík gjöld. Þetta er allt það, sem kallað er í daglegu tali óbeinar álögur eða óbeinir skattar.

En svo hefur verið sérstaklega ástatt hér í okkar landi nú alllengi, að útsvörin hafa verið eins konar bastarður, alveg sérstakt fyrirbrigði, kannske alveg sérstakt fyrir Ísland að því leyti til, að það hefur verið nær ómögulegt að gera sér grein fyrir því, að hve miklu leyti útsvörin voru beinn skattur og að hve miklu leyti þau voru orðin óbeinn skattur eða óbeinar álögur. Og ástæðan til þess er sú, að það hefur tíðkazt á ýmsum stöðum nú alllengi að leggja á það, sem kallað hefur verið veltuútsvar. Og þessu veltuútsvari hefur verið háttað þannig, að það hefur verið miðað við viðskiptin hjá hverjum einstaklingi eða hverju félagi fyrir sig og mjög mismunandi eftir tegundum viðskipta. En það hefur ekki verið gerð grein fyrir þessu sérstaklega, heldur hefur því gjaldi, sem mönnum er ætlað að greiða eða félögum hefur verið ætlað að greiða eftir þessum mælikvarða, blandað saman við það, sem mönnum hefur verið gert að greiða eftir tekjum og eignum, og þetta allt í einu lagi kallað útsvar.

Nú hefur það aukið ákaflega mikið glundroðann í þessu, eins og gefur að skilja, að það hefur verið með öllu óljóst um veltuútsvörin, hvort þau væru tekin til greina t. d. við verðlagningu á vörum og þjónustu eða ekki. Og þetta ófremdarástand hefur verið þannig, að ég veit til þess, að í sumum dæmum hafa veltuútsvör verið tekin til greina við verðlagningu vara, tekin inn í vöruverðið og viðurkennd af yfirvöldunum, en í öðrum tilfellum og sennilega í langflestum tilfellum ekki. Þannig hafa veltuútsvörin orðið skattur á einstaklingana og fyrirtækin, en ekki óbeinn skattur, eins og þau þó eftir eðli sínu í raun og veru eru, sbr. t. d., hvernig söluskattur er á lagður og önnur slík gjöld, sem tekin eru til greina í vöruverðinu. Þetta hefur svo aftur orðið til þess þráfaldlega, að bæði félögum og einstaklingum hefur verið gert að greiða, þegar búið var að reikna veltuútsvar og útsvar af

tekjum og eignum, hærra útsvar en nam öllum þeirra hreinu tekjum, að ég nú ekki tali um, að þau dæmi hafa sjálfsagt verið mörg, að útsvar ásamt tekjuskatti og eignarskatti hefur verið mun hærra en nam öllum tekjum einstaklinga og fyrirtækja. Þessar aðfarir hafa allar orðið í mörgum dæmum að hreinu eignanámi eða eignaráni, og það verður ekki ofsögum af því sagt, hversu gersamlega óviðunandi það er að haga skattálagningu á þennan hátt, eins og gert hefur verið undanfarið í mörgum bæjarfélögum varðandi álagningu veltuútsvarsins og annarra útsvara um leið.

Það, sem á ríður í þessu sambandi og hefur lengi verið í athugun, en engin endanleg niðurstaða fengizt um, er auðvitað það að greina hér hreinlega á milli. Annaðhvort verða álögurnar að vera miðaðar við tekjur og eignir og vera þá beinir skattar, eða þá að þær verða að vera miðaðar við verzlunarumsetningu og aðra viðskiptaliði, og verður þá að taka þær álögur til greina á sama hátt í verðlagi og söluskatta og annað slíkt.

Ég hygg, að það sé flestum ljóst, að þannig verði að koma þessu fyrir, ef vel á að fara, og að það sé óhugsandi, að þetta geti staðizt áfram eins og verið hefur. Og sannast að segja virðist mér viðleitni þeirra, sem hafa verið að skoða þessi mál undanfarin missiri, helzt hafa beinzt í þá átt að reyna að greiða úr þessari flækju, reyna að koma því þannig fyrir, að því verði gersamlega hætt að gera mönnum að greiða álögur til ríkis og bæja, sem fari langt fram úr þeim tekjuafgangi, sem menn eða félög hafa af rekstri sínum.

Nú hefur þessi aðferð við álagningu útsvara verið gagnrýnd af mörgum, eins og eðlilegt er, og ég geri ráð fyrir, að margir mundu hafa búizt við, að þegar farið væri að endurskoða þessi mál, þá yrði reynt að breyta þessu í þá stefnu að gera þetta hreint upp, gera hrein skil á milli þeirra útsvara, sem lögð væru á sem beinn skattur, og annarra gjalda til bæjarfélaganna, sem lögð væru á sem óbeinir tollar eða óbeinir skattar. Reynt yrði að koma því þannig fyrir, að það öryggisleysi, sem menn hafa búið við að þessu leyti og hefur verið auðvitað algerlega óþolandi, hyrfi úr sögunni. En öryggisleysið hefur sem sé verið fólgið í þessu, að menn og félög hafa átt það yfir höfði sér, að niðurjöfnunarnefndir mæltu þeim útsvör, miðað við umsetningu, sem færu langt fram úr hreinum tekjum einstaklinganna eða félaganna. Og það hefur verið á algerri ringulreið, hvort þau útsvör, sem þannig væru mælt sem veltuútsvör, fengjust tekin til greina við verðlagningu eða ekki. Hér er um svo stórfellt öryggisleysi að ræða, að það má teljast hafa verið alveg siðlaust að halda sífellt áfram að leggja útsvörin á með þessum hætti. Það er engin ástæða til að álíta, að þeir, sem stóðu fyrir setningu útsvarslöggjafarinnar, hafi ætlazt til, að svona væri farið að. Það er talað um að leggja á eftir efnum og ástæðum, og liggur miklu beinna við að skilja, að þeir hafi ætlazt til, að útsvörin væru beinn skattur, en ekki að farið væri út á þessa braut. En svona hefur verið á þessu haldið undanfarið og með þeim afleiðingum, sem ég hef aðeins drepið á.

Því hefur stundum verið borið við, að það væri nauðsynlegt að hafa þennan hátt á, vegna þess að framtöl margra væru svo óáreiðanleg, að ef ekki væri partur af útsvarinu óbeinn skattur með þessu móti og miðaður við vörusölu eða þvílíkt eða þjónustu, þá yrðu margir útsvarsfrjálsir, sem ættu að réttu lagi að greiða talsvert til bæjar- og sveitarfélaganna.

Ég vil biðja menn að íhuga, hvert þessi hugsunarháttur leiðir.

Þessu hefur verið komið þannig fyrir, að veltuútsvarið hefur ekki aðeins verið lagt á þá, sem hafa verið grunaðir um að draga undan skatti, heldur hefur veltuútsvarið verið miðað við umsetningu og lagt jafnt á hjá öllum, bæði þeim, sem álitið var að teldu rétt fram, og hinum, sem menn höfðu grun um að teldu rangt fram. Það hefur þess vegna ekki verið að neinu leyti náð til skattsvikaranna með álagningu veltuútsvarsins. Það er ekkert annað en alger rökvilla. Það hefur verið lagt holt og bolt á umsetningu hjá öllum, bæði þeim, sem eru vandaðir í framtali, og hinum, sem menn hafa ástæðu til að halda að vilji skjóta sér undan gjöldum. Síðan hafa tekjuútsvörin og eignaútsvörin verið mæld á eftir, eftir skattstiganum, og bætt ofan á þá, sem telja rétt fram. M. ö. o.: veltuútsvarið, sem sumir hafa verið að tala um að ætti að vera til þess að skattsvikarar væru ekki gjaldfrjálsir til bæjanna, hefur orðið að almennum skatti á alla. En þeir, sem telja rétt fram, eru svo látnir borga útsvarið af tekjunum og eigninni rétt talinni sem sérstaka refsingu fyrir að telja rétt fram.

Það er þess vegna ekkert annað en falskenning, að veltuútsvörin sé hægt að nota til þess að ná í þá, sem ella mundu sleppa undan gjöldum. Það er a. m. k. ekki hægt nema þá með því í leiðinni að íþyngja þeim á óforsvaranlegan hátt, sem telja rétt fram, — á siðlausan hátt. Þess vegna verður þessi röksemd fyrir veltuútsvörunum að engu, gersamlega að engu. Það er ekki hægt að ná til þeirra, sem menn álíta að telji rangt fram, nema með því að áætla þeim hærri tekjur en þeir telja fram og leggja síðan á þá eftir tekju- og eignarskattsstiganum til jafns við hina, sem menn álíta að muni telja rétt fram. Á þann eina hátt er hægt að ná til þeirra, sem menn hafa grunaða um að vilja skjóta sér undan gjöldum, en á engan hátt með veltuútsvörunum.

Veltuútsvörin verða til að auka um allan helming ranglætið í garð þeirra, sem eru vandaðir menn og telja rétt fram. Veltuútsvarið verður líka til að svæfa þá, sem hafa með þessi mál að gera, — svæfa þá algerlega á verðinum og gera þá alveg tilfinningarlausa fyrir því, hvernig farið er með þá, sem telja rétt fram, því að menn hugga sig við, að skattsvikarinn greiði þó veltuútsvarið, og láta

svo bara þar við sitja, — svæfa sig og samvizku sína með því, að hann hafi þó útsvar líka, eins og hinir, í stað þess að væri veltuútsvarið ekki, þá mundu allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, miklu fremur en nú sameinast um að knýja fram betri framtöl. Bæjaryfirvöld mundu þá ganga í lið með skattstjórum og öðrum slíkum til þess að knýja fram betri framtöl, eða þá beinlínis ganga fram fyrir skjöldu og áætla þeim viðbótartekjur, sem menn álíta að telji ekki rétt fram.

Þannig hafa veltuútsvörin hreinlega orðið til að draga allt stórkostlega niður frá því, sem ella hefði verið.

Ef menn íhuga, hversu þetta ástand hefur verið óþolandi, þá býst ég við, að margir hefðu viljað álíta, að Sjálfstfl., sem a. m. k. hefur talið sig vilja hlynna að einstaklingsrekstri og einkaframtaki og öðru slíku, mundi leggja metnað sinn í það, þegar áhrif hans ykjust, að endurskoða þetta og reyna að koma hér á betri skipan, t. d. að kljúfa þessar álögur alveg greinilega niður og hafa beinu skattana og beinu útsvörin alveg sér og svo aftur sér það, sem ætti að leggja á með óbeinum hætti, en þessu siðleysi yrði hætt, þ. e. álagningu veltuútsvaranna.

Það er að vísu alveg augljóst af því, sem er að gerast, að það hefur aldrei verið nema slagorð, að Sjálfstfl. beri framleiðendur eða atvinnurekstur yfirleitt nokkuð sérstaklega fyrir brjósti. Það getur verið, að einhver hafi haldið það í fyrra eða árið þar áður, en héðan af dettur engum í hug að líta þannig á. Það er alveg augljóst af þeim ráðstöfunum, sem flokkurinn er nú að beita sér fyrir, ekki bara í þessu máli, heldur svo að segja í öllum málum og allri meginstefnu, sem flokkurinn nú hefur tekið upp, að því fer alls fjarri, að hann vilji almennt hlynna að þessu, því að öll efnahagsstefnan er yfirleitt miðuð við að leggja steina í götu þeirra, sem vilja verða sjálfstæðir atvinnurekendur og yfirleitt sjálfstæðir efnalega, þrengja að þeim með öllu hugsanlegu móti og koma í veg fyrir, að þeir geti komið fram áformum sínum um aukinn atvinnurekstur og fjárfestingu í því sambandi. Þeir vilja draga úr öllum opinberum stuðningi, sem átt hefur að miða að því, að sem flestir gætu orðið sjálfstæðir atvinnurekendur og notið sín í einkaframtakinu.

Allar meginráðstafanirnar ganga í þá átt að leggja hér steina í götu og hindranir. Auðvitað er ætlazt til þess, að í staðinn fyrir marga einstaklinga komi hin stóru félög, auðfélög, sem eiga að taka upp þá starfsemi, sem einstaklingarnir eiga samkvæmt þessari stefnu ekki að vera að baksa við. En miðað við það, sem flokkurinn hefur áður haft á oddi um þessi efni, þá hefðu sjálfsagt margir álitið, að flokkurinn mundi reyna að vanda sig á útsvarsmálinu og einmitt alveg sérstaklega á veltuútsvarsmálinu, reyna að koma í það hreinum línum, sem atvinnureksturinn í landinu gæti sætt sig sæmilega við, og að þessi mál yrðu ekki áfram í því fáránlega öngþveiti, sem þau hafa verið.

Að vísu skal játað, að það var náttúrlega ekki við góðu að búast, þegar sá maður, sem hefur staðið fyrir þessu fargani í Reykjavík árum saman á þann hátt, sem landsfrægt er orðið fyrir löngu, var gerður að fjmrh. til þess að standa fyrir þeim endurbótum, sem ættu að verða. Það var sem sé alveg sérstaklega tekið fram í verkaskiptingunni, að hann ætti að hafa með að gera tekjustofna sveitarfélaga. Ég skal játa, að það var ekki beint við góðu að búast, þegar svona var á haldið. Maður, sem er alveg orðinn samdauna þessum aðförum öllum saman, sem ég var að lýsa varðandi álagninguna á útsvörunum, var náttúrlega ekki líklegur til að koma með stórfelldar nýjungar eða endurbætur í þessum efnum. En þó að margir hafi efazt um, að það yrði rösklega snúizt gegn þessum vanda og reynt að lagfæra, þá býst ég varla við, að menn hafi gert ráð fyrir því, sem nú er að gerast, en það er blátt áfram, að hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir því og sækir það með ofurkappi að lögfesta veltuútsvarsfarganið, og þó í enn þá verri og viðtækari mynd, eins og ég mun bráðum koma að. Það eru þær endurbætur, sem eiga að verða á þessu öngþveitisástandi. Áður hafa menn þó verið að leita að leiðum til að geta afnumið þetta fargan eða a. m. k. lagað það stórkostlega frá því, sem það hefur verið. En nú eru úrræðin þau að snarast til og lögfesta þetta, og það liggur svo mikið á, að það má ekki gefa neinn tíma til þess að íhuga málið. Það verður að gera þetta strax.

Hver getur verið ástæðan til þess, að menn vilja nú leggja sig í annað eins og það að lögfesta þetta, eins og það hefur þá líka mælzt fyrir og mælist fyrir enn í dag, eins og dæmin ljósast votta? Það streyma inn andmælin, eins og eðlilegt er, það streyma inn andmælin víðs vegar að af landinu út af því að fara nú að lögfesta þetta ástand, sem nær allir hafa verið sammála um að væri óþolandi. Ég hygg, að eðlilega hafi menn búizt við öðru. En hver er þá ástæðan til þess, að gengið er í þetta með slíkri atorku og ofurkappi að lögfesta þetta dæmalausa fargan? Ég held, að það sé ekki nema ein ástæða til þess, og hún er sú, að að dómi þeirra, sem hér eiga hlut að máli, má það ekki dragast deginum lengur, að hægt sé að koma félagsmannaviðskiptum kaupfélaganna undir þetta sama og ég hef verið að lýsa, sem sagt undir veltuútsvör. Það er ástæðan til þeirrar undarlegu þróunar, sem menn verða nú vitni að. M. ö. o.: hugsunarhátturinn virðist vera eitthvað ámóta og hjá manninum, sem vildi vinna það til að láta stinga úr sér annað augað, ef annað augað yrði líka stungið úr nágrannanum. Stjórnarliðið virðist hugsa þannig: Þið verðið áfram að búa við þennan óskapnað, sem áður hefur verið talinn óalandi og óferjandi, en það er þó mikil bót í máli, að nú verða kaupfélagsviðskiptin færð undir þetta sama. Það verður stungið augað úr þeim líka.

Hvað sem um þetta er að segja að öðru leyti, þá er þetta ekki jákvæður hugsunarháttur. Þetta er fremur neikvætt og dálitið einkennilegur hugsunarháttur. Þótti það aldrei merkur maður, sem hugsaði svona. Hefur aldrei þótt stefna í jákvæða átt að temja sér slíkan hugsunarhátt og breyta samkvæmt honum. Það hefði verið miklu myndarlegra af þeim, sem hér eiga hlut að máli og hafa viljað fram að þessu a. m. k. kenna sig við heilbrigt einstaklingsframtak og frjálsan atvinnurekstur og lítil ríkisafskipti með meiru, að finna einhverja leið til þess að leggja á útsvör, sem glóra væri í og hægt væri að mæla fyrir án þess að roðna, og láta svo þá aðferð gilda, ef þeir svo vildu, um öll viðskipti. Það virðist eins og hatrið á kaupfélögunum stjórni fyrst og fremst gerðum þessara manna, þeir sjái ekki glóru fyrir því hatri og vilji lögleiða hinar verstu fjarstæður, ef þær bara gilda um samvinnufélögin líka.

Þá er ástæða til þess að skoða það ofur lítið, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem þar ráða, skuli vera svo jafnvægislausir, algerlega úr jafnvægi, að þeir láta stjórnast að verulegu leyti í ráðstöfunum sínum varðandi þýðingarmestu þætti þjóðarbúskaparins af hatri á félagsskap eins og samvinnufélagsskapnum. Hvað getur legið til grundvallar slíkum ósköpum?

Ég skal ekki fara að halda hér langan sögulegan fyrirlestur um þau efni öll saman. En hér er á ferðinni svo dæmalaus þröngsýni og skoðað frá svo þröngu, ímynduðu eiginhagsmunasjónarmiði, að það eru sjálfsagt varla dæmi til annars eins og að slíkt hafi náð til lengdar áður tökum á stórum hópi manna, að slíkt hatur hafi náð að stýra þeirra gerðum að verulegu leyti. En aðdragandinn að öllum þessum málum er nokkuð langur og mikill, og hann er í því fólginn, að það er háð hér mikil samkeppni í landinu um fyrirkomulag viðskipta og ýmiss konar þjónustu. Annars vegar í þeirri samkeppni, sem ég tel á allan hátt eðlilega og holla og heilbrigða og hefur orðið þjóðfélaginu til ómetanlegs gagns, — annars vegar í þeirri samkeppni stendur það fólk, sem hefur myndað öflug félög til að annast sjálft viðskipti og þjónustu. Flest af þessum félögum eru kölluð kaupfélög, og yfirleitt eru þau samvinnufélög og hafa samband með sér, eins og kunnugt er. Þau hafa viðskipti og ýmiss konar þjónustu fyrir sína félaga og raunar líka fyrir almenning annan. Annars vegar stendur þessi fylking, ef ég mætti svo segja. Hins vegar standa svo þeir, sem vilja reka viðskiptin í gróðaskyni fyrir sjálfa sig og þá, sem hafa trúað þeim fyrir sínum fjármunum til ávöxtunar í hlutafélögum og öðrum slíkum félögum. Frá þeim kemur mikil samkeppni á þennan hátt, og það er síður en svo ástæða til að amast við því, að menn reki þessi viðskipti í gróðaskyni. Það á auðvitað að vera algerlega frjálst, að menn geri það. Hið eðlilega í þessu efni er, að menn fái reynslu af því, hvaða úrræði duga bezt í þessu tilliti, og þetta fái að vigta sig.

Það hefur löngum viljað vera svo, að það loða talsverðir fjármunir við verzlunina í landinu. Og ég hugsa, að þetta sé ekki aðeins hér á Íslandi, ég held, að það sé yfirleitt svo annars staðar líka. Það loða talsverðir fjármunir við verzlunina, og það kom afar fljótt upp hér, eftir að Íslendingar fóru að fást sjálfir við sín viðskiptamál, sú skoðun hjá almenningi, að það væri afar vonlítið, að almenningur gæti rétt við efnalega, nema hann hefði veruleg ítök í viðskiptunum. Ef menn ættu að verða dæmdir til þess að afhenda vörur sínar og kaupa vörur sínar eða eiga aðeins skipti við þá, sem ræku verzlun og aðra þjónustu í gróðaskyni, þá mundu menn eiga sér litlar viðreisnarvonir. Menn byggðu þetta auðvitað sumpart á viðskiptum sínum við erlendu verzlanirnar, sem hér réðu ríkjum, og höfðu menn ekki góða reynslu af því, þar eð Íslendingar voru arðrændir öldum saman einmitt í gegnum verzlunina. Svo fundu menn það auðvitað fljótt, að þó að kæmu innlendir atorku- og dugnaðarmenn í staðinn fyrir þá erlendu til að reka verzlunina, — þetta gátu verið ágætismenn og mjög duglegir, — þá var svo bezt þess að vænta, að þeir legðu sig fram og væru sanngjarnir, að þeir ættu við harðsnúna samkeppni að etja. Og fljótt sáu menn, að það mundi ekki vera nóg, vegna þess að það mundi sækja í það horf, að þeir, sem ræku verzlun í gróðaskyni, mynduðu samtök með sér um að berjast ekki allt of mikið innbyrðis. Og það efldist sú skoðun í landinu, að ekkert væri einhlítt í þessu annað en að almenningur kæmi sér upp öflugum félögum til að annast viðskipti og þjónustu fyrir sig með sannvirði.

Annað kom þarna líka mjög til greina víðs vegar í landinu. Menn höfðu þá reynslu, að atorkumenn, sem komu og settu upp verzlun og kannske framleiðslu og gekk allvel og eignuðust verulegar eignir, þegar þeir voru búnir að starfa máske allmikinn hluta sinnar ævi, þá vildu þeir flytja í burtu og fluttust þá burt með meginhlutann af þeim gróða, er þeir höfðu haft af viðskiptunum, — burt úr byggðarlögunum. Og það fjármagn, sem þannig hafði safnazt í verzluninni, var byggðarlögunum algerlega glatað.

Öll þessi reynsla, sem menn höfðu af þessu, varð til þess, að almenningur hafði mjög mikinn áhuga á því að stofna til verzlunarsamtaka, sem jafnframt gætu haft ýmiss konar þjónustu með höndum, þegar þeim yxi fiskur um hrygg, t. d. siglingar eða annað slíkt.

Menn þóttust sjá fram á, að þetta væri bókstaflega eina leiðin til að tryggja sannvirði þeirrar vöru, sem þeir framleiddu, hvort sem það voru landbúnaðar- eða sjávarvörur, og eina leiðin líka til, að menn gætu fengið aðkeyptar vörur með réttu verði. Menn sáu ekki fram á annað en að strit þeirra yrði að litlu, ef þetta kæmist ekki í framkvæmd. Menn sáu fram á, að það var engin von til, að verzlunargróðinn, sem alltaf verður talsverður, gæti haldizt í byggðarlögunum öðruvísi en að stofna til slíkra almannasamtaka. Og þessi almanna-

samtök urðu kaupfélögin, sem uxu upp víðs vegar um landið og ég hika ekkert við að fullyrða að hafa orðið einn þýðingarmesti þátturinn í allri þeirri stórfelldu viðreisn, sem orðið hefur á Íslandi. Og að mínu viti má nefna þau við hliðina á verkamannasamtökunum hvað þetta varðar.

Það kom fljótt í ljós, að þeir, sem höfðu hugsað sér að reka verzlun í gróðaskyni og annan atvinnurekstur, margs konar þjónustu fyrir almenning, tóku illa þeirri samkeppni, sem þarna varð af hendi almennings, — sorglega illa, — fóru beinlínis á stúfana til að reyna að koma þessum samtökum almennings fyrir kattarnef. Þeir vildu ekki sætta sig við þá samkeppni, sem þarna var að komast á. Þeir kölluðu sig samkeppnismenn, en voru það ekki. Þeir voru ekki samkeppnismenn. Þeir vildu ekki sætta sig við þá samkeppni, sem þarna var að verða af hendi almennings eða þeirra samtaka, sem almenningur hafði komið sér upp. Og þeir hófu svæsnar tilraunir til að reyna að hefta framrás þessara félagssamtaka með öllu hugsanlegu móti.

Þessir menn brutust til valda í einum af stjórnmálaflokkum landsins til að hafa þannig aðstöðu til þess að nota ríkisvaldið til að hefta þessa þróun, þessa samkeppnisþróun almennings í viðskiptamálum. Og þeir létu þennan flokk, sem ætíð hefur starfað síðan og heitir núna Sjálfstfl., — þeir létu hann með margvíslegu móti gera tilraunir til að koma í veg fyrir, að þessi félagshreyfing gæti orðið sterk. Þeir vildu ekki þessa samkeppni. Þeir vildu fá að sitja að þeirri aðstöðu áreitnislaust, sem þeir höfðu skapað sér í landinu um þær mundir, sem almenningur hófst handa um kaupfélögin.

Það átti að nota löggjöfina, löggjafarvaldið, ósleitilega í þessu. T. d. var áratugum saman ofsalegur bardagi háður um, hvernig skyldi skattleggja þessa félagsmálahreyfingu, þessar viðskiptastofnanir, bæði heima fyrir í byggðarlögunum og eins til ríkisins. Og þá var því t. d. alveg blygðunarlaust haldið fram af þeim mönnum, sem voru á móti þessum samtökum almennings, að félögin skyldu greiða skatta af því fé, sem þau skiluðu aftur til viðskiptamannanna, til félagsmannanna, sem tekjuafgangi af viðskiptum, sem þau höfðu haft fyrir þá. Því var haldið fram, að þetta ætti að skattleggja. En á sama tíma fannst þessum mönnum alveg sjálfsagt auðvitað að draga frá og það átti ekki að telja sem tekjur hjá kaupmanni afslátt, sem hann gaf viðskiptamanni, sem var ekki heldur von. Hvaða óvitlausum manni hefði dottið í hug að kalla tekjur hjá kaupmanni þann afslátt, sem hann gefur viðskiptamanni sínum? Og samvinnumönnum datt auðvitað aldrei slík fjarstæða í hug. En hinum, sem höfðu eflt pólitísk samtök til að reyna að tefja þessa þróun, þeim datt sú fjarstæða í hug, að það væri hægt að tefja fyrir þessari félagsmálahreyfingu og lama hana með því að telja það skattskyldar tekjur hjá félögunum og skattleggja með þungum sköttum, sem félögin gátu látið félagsmenn sína hafa sem afslátt af þeim viðskiptum, sem þeir höfðu haft við félögin.

Ég nefni þetta bara sem dæmi til að sýna fram á, að það, sem við erum að sjá og reyna núna þessar vikur og þessa mánuði í sambandi við allt þetta, er ekkert nýtt í okkar þjóðlífi. Þetta er framhald af áratugalangri baráttu. Ekki baráttu þess fólks, sem stendur að samvinnufélögunum, fyrir neinum sérréttindum eða neinu slíku. Það fólk hefur aldrei reynt að berjast fyrir því að banna nokkrum manni að reka viðskipti í gróðaskyni eða öðru slíku. Hér er framhald baráttu við harðsnúinn flokk, sem hefur sett sér það markmið að reyna að nota ríkisvaldið og allar hugsanlegar aðferðir til þess að koma í veg fyrir, að þessi almannasamtök fólksins fái notið sín.

Nýjasta dæmið um þetta og eitt það fólslegasta, sem þekkzt hefur og sýnir, að andinn er vel vakandi, það er þetta nýjasta, að það er lögleitt hér á Alþ. fyrir frumkvæði þessa flokks, sem alltaf hefur viljað eyðileggja þessi félög, að það skuli taka með valdi helminginn af því fé, sem fólkið, byggir upp þessi félög, leggur félaginu sínu sem rekstrarfé, — en það er kallað að leggja í innlánsdeild, — það skuli taka helminginn af þessu fé með valdi og færa það inn í bankakerfi ríkisstj., — það skuli taka þetta fé frá þessu fólki, frá þessum félögum, og færa það inn í bankakerfi ríkisstj. Þetta er nýjasti meiðurinn á þessu tré, sem hefur vaxið hér undanfarna áratugi og enn ber þessi þokkalegu — ég vil ekki segja blóm, það er náttúrlega óviðeigandi um slíkan ávöxt. Þetta er sem sagt eitt af nýjustu dæmunum. Og þessi þróun öll sýnir okkur, hvernig þessar línur liggja. Þarna hefur verið efldur stór og sterkur flokkur í landinu, sem hefur haft sem eitt af sínum höfuðatriðum að reyna með öllu hugsanlegu móti að koma í veg fyrir, að þessi félagsmálahreyfing geti vaxið eðlilega. Þó er augljóst mál, að það er lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið, að samvinnufélögin geti verið öflug, þau geti vaxið og að það geti verið í landinu samkeppni, raunveruleg samkeppni, við skulum segja á milli fólksins, sem hefur tekið þessi viðskipti í sínar hendur í sínum félögum, og svo aftur þeirra, sem vilja reka þennan rekstur í gróðaskyni. Svo sannarlega á að vera samkeppni þar á milli, og þannig verður bezt fyrir þessu séð. Ég fyrir mitt leyti hef ekki neina verulega trú á verðlagseftirliti. Ég hef mesta trú á slíkri samkeppni, að hún geti komið að gagni. Ég hef alltaf haft litla trú á verðlagseftirliti og öðru slíku, en ég hef haft tröllatrú á því, að ef skynsamlega væri frá þessum málum gengið og hér væri möguleiki til þess, að þessar tvær stefnur í viðskiptum gætu keppt, þá væri þannig bezt séð fyrir þessum málum.

Ég vil í þessu sambandi taka fram það, sem ég veit að öllum er ljóst, hvað hættulegt það er, ef samvinnufélögin væru lömuð eða starfsemi þeirra heft, hver voði væri þá fyrir dyrum. Það er enginn vafi á því, að þeir, sem

reka verzlun eða viðskipti í gróðaskyni einvörðungu, — og ég álasa þeim ekki á nokkurn hátt, margir af þeim eru prýðis- og dugnaðarmenn og eiga fullan rétt á sér með sitt starf, — en það er ekki nokkur vafi á því, að þeir hafa sterka tilhneigingu til þess að mynda með sér samtök um að keppa ekki of mikið innbyrðis. Og það er á almannavitorði, að slík samtök eiga sér stað. Ég er því alveg sannfærður um, að ef samvinnufélögin væru ekki jafnöflug og þau eru núna í landinu, þá væri fólk algerlega ofurselt hringum og samtökum, sem mundu myndast í fjölmörgum greinum. Tilhneigingin er svo ákaflega rík í þá átt og ekki sízt í þjóðfélagi heldur fábrotnu eins og okkar, þar sem ekki eru ákaflega margir starfandi í hverri grein og eiga því auðveldara með að ná saman og hafa samtök með sér en í stærri löndum, þar sem erfiðara er að koma slíkum samtökum við. Ég álít þess vegna, að það sé lífsnauðsyn að gera ekkert til að leggja stein í götu samvinnuhreyfingarinnar, og lýsi megnri andúð á þeim ráðstöfunum, sem núverandi ríkisstj. beitir sér fyrir í þessu efni. Og það er víst alveg óhætt að segja, að yfirleitt er mikill skilningur í landinu á því, að hér er farið algerlega rangt að, og menn skilja vel og miklu betur en áður, hvað á bak við liggur. En það út af fyrir sig er náttúrlega þýðingarmikið og mikil bót.

Annað atriði, sem veldur þessu óskiljanlega hatri á samvinnuhreyfingunni og ofsóknum í hennar garð, er svo það, að því miður virðast foringjar Sjálfstfl. haldnir slíku ofstæki, pólitísku ofstæki, að ef mönnum, sem eru annarrar skoðunar en þeir í landsmálum, er trúað fyrir trúnaðarstöðum innan félagssamtaka, eins og t. d. samvinnufélaga, þá missa þeir jafnvægið og leggja hatur á þann félagsskap og ofsækja hann með öllu móti. Þetta er alveg furðulegt, en þetta er nú því miður svona.

Ein af ástæðunum fyrir þessum óstjórnlegu aðförum í garð samvinnufélaganna virðist vera sú, að það hefur orðið þannig, að andstæðingar sjálfstæðismanna hafa valizt til forustu í samvinnuhreyfingunni, sem er heldur ekkert einkennilegt, ef það er skoðað, hvernig flokkurinn hefur leyft sér að koma fram í garð samvinnuhreyfingarinnar. Það hefur því vitanlega farið þannig, að áhugamenn í samvinnufélögunum eru margir andstæðingar sjálfstæðismanna. En af því að þessir andstæðingar sjálfstæðismanna eru margir hverjir manna áhugasamastir í þessum félögum, þá er þeim að sjálfsögðu oft trúað þar fyrir trúnaðarstörfum. Þetta virðist verða til þess, að sjálfstæðismenn sleppa sér alveg, og auka tilhneigingu þeirra til að ofsækja þennan félagsskap, sem er þó ærin fyrir. En svona hugsunarháttur er alveg ósæmilegur. Það er alveg ósæmilegt að leggja fæð á félagsmálahreyfingu eða nýtilega þjóðmálastarfsemi fyrir það eitt, að andstæðingum manna í pólitík hefur verið trúað þar fyrir forustu eða þeir hafa gengið þar fram fyrir skjöldu. Þetta er algerlega ósæmilegur hugsunarháttur, en virðist vera ákaflega ríkur í herbúðum sjálfstæðismanna.

Ég sé ekki betur en allt þetta, sem ég hef verið að lýsa, séu aðalástæður fyrir þessum undarlegu ráðstöfunum, sem nú er verið að gera. Við verðum vitni að því, að ætlunin er að lögleiða veltuútsvarafarganið, bara í enn víðtækari mynd, þannig að nú eiga félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna einnig að koma undir þetta. Ég held því fram, eins og ég sagði áðan, að hér liggi á bak við hugsunarháttur, sem er einna líkastur og hjá þeim náunga, sem var þannig hugsandi, að hann vildi vinna það til að láta stinga annað augað úr sjálfum sér, ef það yrði stungið annað augað úr nágrannanum líka. Það getur bókstaflega ekki verið annar hugsunarháttur en þessi, sem liggur til grundvallar því, að flokkur eins og Sjálfstfl. rembist nú eins og rjúpan við staurinn að lögfesta veltuútsvarafarganið, eins og það þá líka hefur verið í framkvæmd og eins og það er þokkað yfir höfuð, ekki sízt hjá þeim, sem hafa einhvern rekstur með höndum. Ég held því fram, að það geti aldrei vel farið, að þessi hugsunarháttur fái að ráða.

En þá kemur spurningin: Hvernig eru þá þessi viðskipti vaxin, sem nú eiga að koma undir þetta nýja veltuútsvar, sem á að lögleiða, félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna? Þetta er mjög víða þannig, að í samvinnufélögunum eru menn úr mörgum byggðarlögum í einu félagi og félagið fær sínar vörur í einn stað, verzlunarstaðinn, og þaðan er þeim skipt út á milli félagsmannanna. Það á sem sé að lögleiða, að í þessum eina stað, þar sem vörurnar fara í gegn, sé hægt og eigi að leggja á allar þessar vörur sérstakan skatt. Það er alveg sama, hvaða vörur það eru. Þeir hafa að vísu orðið það skelkaðir, að þeir undanþágu mjólkurbú og sláturhús. En það var fellt hér í gær að undanþiggja vörur eins og t. d. tilbúinn áburð og fóðurbæti, þetta á allt að skattleggjast, og líka fellt að undanþiggja vörur til sjávarútvegsframleiðslu, eins og t. d. salt og veiðarfæri. Þetta var nú flutt til reynslu og til þess að sýna, hvers konar skrípalöggjöf það er, sem hæstv. ríkisstj. er að beita sér hér fyrir, enda held ég sannast að segja, að margur sjálfstæðismaður hafi fengið sig fullsaddan á atkvgr. hér í gær, og fékk það náttúrlega ekki dulizt neinum, sem hér var staddur. En til þess að sýna, hvers konar skrípalöggjöf það er, sem hér er verið að setja, voru þessar brtt. fluttar, og það sýndi sig, að þær voru felldar. Það mátti ekki einu sinni undanþiggja þennan varning. Þetta skal allt skattleggjast í þeim stað, þar sem vörurnar fara í gegn, og það alveg eins fyrir því, þó að það séu kannske 10 eða 20 byggðarlög, sem standa að þessum viðskiptum. Hvaða vitglóra er í öðru eins og þessu? Það hefur enginn reynt að færa nein rök fyrir því.

Þegar samvinnufélögin fóru að starfa og voru búin að starfa hér æðilengi, og það var,

eins og ég sagði, mikill ágreiningur um, hvernig þau skyldu skattlögð og útsvarslögð, þá var það 1921, að sett var löggjöf um þessi mál. Og þeir, sem settu löggjöfina 1921, beygðu sig fyrir staðreyndum, því að þeir sáu, hvernig félögin voru upp byggð og að þetta var ekki hægt, það væri eins og hver önnur endileysa að byggja þetta upp á þennan hátt. Til þess að koma því í veg fyrir, að þannig væru fjöldamörg byggðarlög skattlögð í þágu eins byggðarlags, þá settu þeir um þetta alveg sérstaka reglu. Þeir settu sérstaka reglu, og hún var sú, að félagið skyldi greiða nokkurt gjald til þess byggðarlags, þar sem það starfaði, ekki venjulegt útsvar af félagsmannaviðskiptunum, en sérstakt gjald, sem var miðað við fasteignir. En þetta var auðvitað gert af því, að menn sáu, hvaða rangindi það voru að skattleggja þannig fólk í mörgum byggðarlögum til ágóða fyrir eitt.

Og annað er líka í þessu sambandi. Þessi viðskipti eða þjónusta, sem samvinnufélögin hafa með höndum fyrir sína félagsmenn, er ekki á nokkurn hátt sambærileg við kaup og sölu. Það er ekki verið að kaupa og selja til þess að hafa hagnað af því, heldur er þar verið að útvega vörur eða koma vörum í verð fyrir félagsfólkið. Og þannig er því háttað, að þar getur aldrei neinn gróði orðið í venjulegum skilningi þess orðs, af þeirri einföldu ástæðu, að ef afgangur er, þá er hann annaðhvort látinn ganga til félagsmannsins sem hækkun á vöruverði, ef hann hefur látið framleiðsluvöru í félagið, eða sem lækkun eða afsláttur á aðkeyptum vörum. Og ef allt það, sem afgangs er, er ekki látið úti á þennan hátt, þá rennur það, sem eftir er, í sjóð, sem félagið hefur undir höndum og aldrei getur orðið eign félagsmannanna. Sá sjóður verður ævinlega og ævarandi eign félagsins sjálfs, og félagið er stofnun í byggðarlaginu, og það fé getur því aldrei þaðan farið og aldrei orðið notað í öðru skyni en handa opnu samvinnufélagi, sem vill reka viðskipti fyrir fólkið í byggðarlaginu.

En svo koma þeir menn, sem hér tala fyrir stjórnarliðið, og segja, að þessi viðskipti séu alveg nákvæmlega hliðstæð því að kaupa vöru í því skyni að hafa hag af því að selja hana aftur, — þetta sé nákvæmlega hliðstætt því.

Þessir menn vita miklu betur en þeir segja um þetta. Þeim er vel ljóst, hvernig þetta er. Með þessu er bara verið að gera eina tilraunina til þess að hefta þessa starfsemi — starfsemi samvinnufélaganna — alveg eins og með innlánsdeildirnar. Innlánsdeildirnar eru ekki neinar útlánastofnanir, sem séu hliðstæðar t. d. við banka. Það er ekki nokkur eyrir lánaður nokkru sinni út úr nokkurri innlánsdeild. Það er algerlega bannað. Það er rekstrarfé, sem lagt er inn í félögin. Félagsfólkið leggur það fé inn í sitt eigið félag. Og það mætti alveg nákvæmlega með sams konar rétti taka upp á því næst, — og kannske það verði gert, ef þeir, sem eru í andstöðu við þessa menn, hugsa líka eins og maðurinn með augað, að þá yrði tekið upp á því næst að lögleiða, að ef einhver einstaklingur í landinu legði fjármagn inn í sitt félag, t. d. hlutafélag, þá ætti hann að leggja jafnmikið fé inn í bankakerfi landsins. Það væri alveg hliðstætt, að slíkt væri gert, eins og það, sem þessir hv. meirihlutamenn hafa gert gagnvart kaupfélögunum í sambandi við innlánsdeildirnar. En þessir menn vita þetta allt saman upp á hár. Þeir vita vel, hvert er eðli innlánsdeildanna og hvað þeir eru að gera. Þeir vita líka vel, hver er munurinn á venjulegum gróðaviðskiptum og þeirri þjónustu, sem samvinnufélögin veita, að það er ekki svo hliðstætt, að það geti gilt hispurslaust sama reglan þar um. Þeir vita líka vel um það, sem ég var að segja áðan, hvernig þetta kemur út fyrir fólkið í þeim byggðarlögum, þar sem það verður skattlagt með háum gjöldum fyrir allt annað byggðarlag o. s. frv. Þeim er þetta auðvitað allt ljóst. En þessu er öllu vikið til hliðar fyrir þessari höfuðnauðsyn: að koma fjötri um fót samvinnuhreyfingarinnar. Og þetta er allt vegna þess, að þeir hafa ekki, að því er virðist, manndóm til að taka upp eða halda áfram með eðlilegu móti samkeppni við samvinnuhreyfinguna. Það er það, sem þeir ættu þó að gera, án þess að vera nokkuð að misnota ríkisvaldið til að koma henni á kné. En það er eins og ég hef líka sagt hér, þetta er ekkert nýtt. Það er það sama, sem reynt hefur verið frá byrjun, sbr. orrustuna um skattana og útsvörin á samvinnufélögunum áður fyrr o. s. frv. Nú hefur þetta magnazt upp aftur, vegna þess að Sjálfstfl. hefur fengið það sem kalla má hreinan meiri hluta. Þá er þetta allt saman vakið upp aftur.

Það hefur verið sagt eitthvað um það í þessu sambandi, að það hafi komið fram stórkostlegur galli á útsvarslöggjöfinni, sem hafi þurft að leiðrétta í skyndi, og hann var sá, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi allt í einu orðið útsvarsfrjálst, af því að það standi í löggjöfinni núna, að það megi ekki leggja hærra útsvar á en nemur hagnaðinum af utanfélagsmannaviðskiptunum. Ég held því alveg hiklaust fram, að þeir hér í Reykjavík hafi eftir áætlun gert Sambandið útsvarsfrjálst. Þeir hefðu vel getað komið útsvari á Sambandið eftir gildandi löggjöf. En þeir vildu ekki gera það, því að þeir vildu hafa þetta svona til þess að hafa það að eins konar skálkaskjóli. Þá hafa þeir auðvitað haft í huga að gera þessar breytingar á löggjöfinni og aðrar slíkar. Það er svo mikið frjálsræði um það, hvernig meta skuli fyrningarafskriftir og annað slíkt í sambandi við útsvarsálagningu, að þetta var vandalaust, ef þeir hefðu viljað. Þeir vildu hins vegar láta S. Í. S. vera útsvarsfrjálst og vitna síðan í það.

En þetta ákvæði var í löggjöfinni, það er alveg rétt. Það skyldi ekki leggja meira á utanfélagsmannaviðskipti samvinnufélaga en næmi öllum hagnaðinum af viðskiptunum. Nú skyldu menn að vísu hafa haldið, að

Sjálfstfl., sem hefur þótzt vera, skulum við segja, mikill stuðningsflokkur einstaklingsrekstrar og frjáls atvinnurekstrar, að þeim flokki fyndist þetta ákvæði ekkert óeðlilegt. Það er ákaflega einkennilegt, að Sjálfstfl. skuli ekki finnast það sjálfsagt lagaákvæði, að enginn greiði hærra útsvar en hann hefur í hreinar tekjur. Og sannast að segja hefði maður átt að mega búast við því, að ef hér væri um misrétti að ræða, þá mundi Sjálfstfl. reyna að leiðrétta það misrétti með því, að aðrir í landinu fengju þessi „hlunnindi" að þurfa ekki að borga meira útsvar en nam öllum tekjunum. Ég býst ekki við, að það hefði þótt nein ofrausn, þó að Sjálfstfl. hefði beitt sér fyrir því. En það er ekki það, sem Sjálfstfl. beitir sér fyrir, því jafnrétti, sem þó lá náttúrlega alveg beint við: að takmarka einmitt slíkt hjá öllum.

En þar kemur aftur hugsunarháttur mannsins með augað: Það mátti ekki setja slíkt í lög, heldur varð að vinna það til að lögleiða allt veltuútsvarafarganið eins og það hefur verið og reyna að koma sem sagt um leið höggi á samvinnuhreyfinguna. Eins var það mjög auðvelt að nema þetta ákvæði brott úr löggjöfinni, sem þeir töldu sig hafa steytt á, og þá stóð samvinnuhreyfingin, að því er varðaði utanfélagsmannaviðskiptin, nákvæmlega eins að vígi og aðrir þeir, sem reka verzlun. Og það var alveg réttmætt, vegna þess að utanfélagsmannaviðskipti eru kaup og sala, gerð í hagnaðarskyni, á sama hátt eða hliðstæðan hátt og venjulegur verzlunarrekstur.

Nú þykjast þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa verið ákaflega leiknir. Nú muni þeir koma þungum höggum á samvinnuhreyfinguna, kaupfélögin og Sambandið. Það verði gífurleg útsvör, sem þessir aðilar þurfi að greiða, og verði nú léttari gliman við þessi félög. Ég skal ekkert segja um, hvernig þetta mælist. Þetta er allt saman svo flókið, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því. Svo sýnist mér sá háttur vera nokkuð á hafður að hafa þetta „mátulega loðið" allt saman, þannig að þeir, sem eru hæfilega velviljaðir, geti hreyft þetta til í hendi sér, eins og þarf til að koma þá höggi á þá, sem þeir vilja slá. Og mætti færa mörg rök fyrir því, hvernig þetta er einmitt haft á þá lund í ýmsum greinum — kannske til þess. Ég skal þess vegna ekki segja um það, hvernig þetta mælist. En hitt er augljóst mál, að margar vörur koma undir þetta nýja gjald. Og hvar kemur það þá niður, ef þetta nýja gjald verður lögleitt á þessi viðskipti, sem ég hef verið að ræða hér um, félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna? Það hefur oftast nær verið þannig, að samvinnufélögin hafa getað skilað nokkrum tekjuafgangi af félagsmannaviðskiptum. En ef þeim tekst með þessu að hafa þessi veltugjöld vel rífleg og koma þungum gjöldum á þessar vörur, sem ég var hér að ræða um, og aðrar neyzluvörur almennings í samvinnufélögunum, þá verður það auðvitað hreinlega til þess, að félögin geta greitt minni afslátt eða minni tekjuafgang en áður hefur verið og kannske engan. Þess vegna verður þetta skattgjald í reyndinni hreinlega skattur á almenning í landinu, sem notfærir sér úrræði samvinnunnar. Það er kannske líka meiningin að draga úr áhuga manna á því að notfæra sér þessa leið til þess að komast fram hjá óeðlilegum verzlunargróða.

Ég held því þess vegna fram og færi fyrir því þær ástæður, sem ég nú þegar hef gert, að það sé með öllu óeðlilegt að gera þessa breytingu, sem nú er fyrirhuguð á veltuútsvörunum. Í fyrsta lagi sé það alveg óverjandi að lögfesta veltuútsvörin, — það sé algerlega óverjandi, ekki bara gagnvart samvinnufélögunum, heldur gagnvart landsmönnum yfirleitt, að lögfesta það siðleysi, sem veltuútsvörin hafa verið, og það öryggisleysi fyrir allan rekstur í landinu, sem þeim er samfara. Í annan stað sé það algerlega óverjandi að setja það nú í lög, að það skuli leggja þessa skatta á félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna. Það er svo einn þáttur í þessu máli, að hér getur orðið um æðibungar búsifjar að ræða fyrir margan með þessu nýja sniði, því að það getur farið svo, að það verði lagt veltuútsvar á sumar vörur mörgum sinnum. T. d. getur farið svo fyrir framleiðendum, að það verði lögð veltuútsvör á þá heima í byggðarlögunum fyrst, miðað við þeirra eigin framtöl, framleiðendanna sjálfra. Þeir guggnuðu á því að leggja á afurðirnar, um leið og þær færu í gegnum mjólkurbúin og sláturhúsin. En það er svo alveg sérstaklega lögboðið á hinn bóginn, að það skuli leggja á afurðirnar, þegar farið er að selja þær t. d. í heildsölu, og það jafnvel þó að um umboðsþjónustu sé að ræða. Og það er gengið svo langt í þessu, að það eru höfð sérákvæði í frv. um, að það skuli skattleggja landbúnaðarafurðir með veltuútsvari, þó að þær séu í umboðssölu. Það er meira að segja þannig frá þessu gengið, að allar aðrar vörur í landinu eru undanþegnar slíku gjaldi, ef þær eru í umboðssölu, — allar aðrar vörur en landbúnaðarafurðirnar. Það á að gilda sérákvæði um þær, að þær skuli koma undir veltuútsvar, verð þeirra, þó að þær séu til umboðssölumeðferðar. Þetta er kveðjan, sem framleiðendur í sveitum landsins fá alveg sérstaklega í þessu frv. Þá kemur veltuútsvar á landbúnaðarvörur, ef þær fá einhvers konar iðnaðarmeðferð í bæjunum. Og loks kemur í fjórða sinn á þær veltuútsvar, þegar þær eru boðnar almenningi í búðum. Það er því dálagleg álagningarkeðja, sem hér er sett upp, og alveg í stíl við aðrar aðfarir hæstv. ríkisstj., — ríkisstj., sem stóð fyrir því að leggja söluskatt á þann fisk, sem almenningur kaupir daglega sér til lífsviðurværis, sem er algert einsdæmi í sögu landsins. Má segja, að það sé í fullum stíl við það, sem það nú er verið að gera í þessu tilliti.

Ég sagði það í upphafi máls míns, að mér skildist, að það væri tvenns konar tilgangur með því að berja þetta mál fram einmitt núna, — og það er furðulegt, að nokkur maður skuli vilja leggja sig í slíkt, miðað við allan þann

frágang á málinu, sem nokkuð hefur verið rætt um, og ég sagði, að það væri annars vegar til að koma veltuútsvörum á félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna, m. ö. o. að koma veltuútsvörum á félagsfólk samvinnufélaganna, — það er nú kannske réttara að orða það þannig, — þær tugþúsundir alþýðuheimila, sem notfæra sér úrræði samvinnunnar við útvegun nauðsynja og við að koma framleiðslu sinni í verð. Ég hef rætt nokkuð um þennan þátt. En hinn aðalþátturinn í málinu, sem virðist reka svona gífurlega á eftir, er sá að tryggja, að sú lækkun, sem kynni að verða á útsvörunum, komi þeim einum til góða, sem hafa greitt há útsvör, en ekki hinum. Mun ég fara um þennan þátt málsins fáeinum orðum.

Þegar hæstv. fjmrh. og hans menn lögðu hér fyrir söluskattsfrv., var ákveðið, að hluti af söluskattinum skyldi renna til sveitarfélaganna og bæjarfélaganna, 20%, og það var sagt, að þetta ætti að verða til að lækka útsvörin. Nú hafa menn að vísu sumir leyft sér að draga í efa, að lækkun útsvaranna verði veruleg, vegna þess að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í mörgum greinum hafa í för með sér stórfellda hækkun á útgjöldum bæjar- og sveitarfélaga, og við vitum líka, að það er alltaf nokkur útþensla einnig í þessum gjöldum. Það má þess vegna vel vera, að það verði lítið úr heildarlækkun útsvaranna, en e. t. v. verður hún einhver, ég vil ekkert um það fullyrða. En þegar þetta lá fyrir, kom strax upp spurningin um, hverjir skyldu verða aðnjótandi þeirrar lækkunar, sem kynni að verða á útsvörunum, — menn taki eftir því. Og þá hefur auðvitað verið farið að íhuga í stjórnarherbúðunum, þar sem átti að lögfesta veltuútsvör á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga og útsvarslöggjöfin yrði þar af leiðandi rifin upp eða yrði hreyfð, þá hefur það auðvitað komið til íhugunar, hvað skyldi setja í lög um þetta. Þá komu auðvitað margar aðferðir til greina. Það kom auðvitað til greina sú aðferð að láta útsvarslækkunina koma þeim til góða, sem höfðu lægstar tekjurnar og verða mest fyrir barðinu á efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj., t. d. fólki, sem hefur ekki nema 50—60—70 þús. kr. tekjur og á að lifa á því og fær á sig gífurlegar hækkanir á öllum sviðum, og svo fólki, sem hefur eitthvað meiri tekjur og vitanlega á fullt í fangi. Það gat vitanlega komið til greina, að þetta fólk nyti fyrst og fremst útsvarslækkunarinnar, ef það auðnaðist að láta hana verða. Þá gat líka komið til greina sú leið að lækka útsvarsstigann hlutfallslega allan saman. Þá var það að vísu svo, að þeir hæstu fengu meiri lækkun í krónutölu en þeir lægri, og var á því stórfelldur hængur, en þó hefðu allir fengið hlutfallslega jafna lækkun. Hvorugur þessi háttur er á hafður, en það er tekið upp alveg nýtt ákvæði, sem er ákaflega meinleysislegt og lítur mjög sakleysislega út, og við fljóta íhugun mætti segja mér, að ýmsum þætti ekki óréttmætt. Og það hljóðar þannig, að áður en útsvar er á lagt og áður en tekjurnar eru lagðar á útsvarsstigann, þá skuli draga frá greidd útsvör. Síðan er sett í frv., að útsvarsstiginn fyrir Reykjavík skuli vera sá sami og verið hefur.

Hvernig verkar svo þetta? Þetta verkar þannig, að þeir, sem hafa haft háar tekjur og greitt há útsvör, fá bróðurpartinn eða nær alla útsvarslækkunina, vegna þess að þeir fá svo mikinn frádrátt vegna hinna greiddu útsvara. Með þessari aðferð er sem sagt hægt að tryggja, að meginhlutinn af útsvarslækkuninni, sem kynni að verða, renni til þeirra, sem hafa haft hæstar tekjurnar. Og þeir virðast hafa þorað að leggja út í þetta af því, að hægt var að fela þetta á svona sakleysislegan hátt. Það er bara lítið sanngirnisatriði, sem verið er að lögleiða, að greidd útsvör komi til greina til frádráttar eins og önnur greidd útgjöld.

En í raun og veru er þarna verið að kollvarpa algerlega útsvarsstiganum, því að útsvarsstiginn, sem notaður hefur verið, er miðaður við, að greiddu útsvörin séu ekki dregin frá, og þess vegna er hann eins og hann er. Ef það hefði áður verið í lögum, að útsvörin mætti draga frá, væri útsvarsstiginn áreiðanlega öðruvísi. Það á að nota sama stigann, engu að breyta, — nota sama stigann og setja pínulítið sanngirnisákvæði inn. En það verkar svona, að það er sama sem að gerbreyta útsvarsstiganum til hagræðis fyrir þá, sem hafa hæstu tekjurnar. Og ef verður um nettólækkun á útsvörum að ræða, þá fá þeir með háu tekjurnar mestalla lækkunina, en ef ekki verður um lækkun að ræða á heildarútsvörunum, þá verkar þetta þannig, að verulegur hluti af þeirri útsvarsbyrði, sem þeir með hæstu tekjurnar hafa borið áður, verður færður yfir á hina, því að þá duga ekki útsvörin eftir stiganum, og þá verður að leggja hlutfallslega ofan á allt á eftir.

Þegar þetta er haft í huga, þá skilja menn ofur lítið betur en áður, hvernig stendur á því, að þeir skuli leggja það á sig að reka áfram með ofurkappi annað eins afskræmi og þetta frv. Það er til talsverðs að vinna. Það er í þessu frv. alveg ný stefna í álagningu beinna útsvara, og hún er falin á þennan hátt, sem ég hef verið að lýsa. Og þetta er að verulegu leyti, þó að þarna sé stigið enn stærra skref, sama stefnan og sú, sem kom fram í tekjuskattsbreytingunni, því að sú stefna var einnig þannig, að þeir fengu margfalda lækkun á tekjuskattinum, sem höfðu hærri tekjurnar, en hinir sáralitla, sem höfðu lægri tekjurnar. Samt var til þeirrar breyt. vísað sem þýðingarmikils máls í sambandi við kjaraskerðingu þá, sem stjórnin stendur fyrir, sem sé að það ætti að vera mjög þýðingarmikið fyrir almenning að fá breyt. á tekjuskattslöggjöfinni til þess að vega á móti kjaraskerðingunni, þó að það liggi fyrir, — og það sama er gert í sambandi við útsvörin, — að almenningur í landinu og það meira að segja talsvert hátt upp í tekjustigann fær sama og engar ívilnanir vegna þess, hvernig þessu er fyrir komið, bæði varðandi útsvarið og skattinn.

Það er því ekki aðeins, að hæstv. ríkisstj. stefni að almennri kjaraskerðingu í landinu með ráðstöfunum sínum, og það svo rækilega, að hún ætlar sér að koma neyzluvöruinnflutningnum niður fyrir það, sem hann var 1958, fyrir tveimur árum, þrátt fyrir fjölgun þjóðarinnar, heldur ætlar hún um leið að breyta sjálfri tekjuskiptingunni til óhagræðis fyrir þá, sem hafa haft lægri tekjur. Auðvitað getur þetta alls ekki með nokkru móti staðizt, það er svo heimskulega langt gengið. Það hefur verið sagt, að menn ættu aldrei að vega tvisvar í sama knérunn. En hér er ekki aðeins vegið tvisvar, heldur oft í sama knérunn, og ber þetta auðvitað allt dauðann í sér. Þetta getur ekki staðizt. Að lokum verður verr farið en heima setið, eins og við er að búast, þegar þannig er út siglt. En þetta er sem sagt annað aðalatriðið í þessu frv.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast líka á, að það má segja, að það fari saman þrennt, þ. e. útsvarsbreytingin, tekjuskattsbreytingin og fjölskylduuppbæturnar, sem lögleiddar hafa verið. Þær eru náttúrlega út af fyrir sig stórkostleg útfærsla á styrkjakerfinu. Það er ekkert annað en stórkostleg útfærsla á styrkjakerfinu að innheimta — ætli það séu ekki á milli 60 og 70 millj. til þess að greiða bætur með fyrsta barni og eitthvað um 30 millj. til að greiða bætur með öðru barni, þ. e. 90—100 millj. samanlagt. Þetta er auðvitað stórkostleg útfærsla á styrkjakerfinu. En þar er þessu sama til að dreifa um ójöfnuðinn. Það er hækkun á fyrsta og annað barn, og mun vafalaust ekki veita af fyrir þá, sem þar eiga hlut að máli, en síðan með þriðja barni og fjórða barni í raun og veru engin hækkun. Á þriðja barn mun hækkun vera tvö hundruð þrjátíu og eitthvað krónur og með fjórða barni sama fjárhæð. Ekkert auknar uppbætur til manna, þegar ómegðin fer að vaxa. Alveg sama stefnan kemur fram í sambandi við útsvarsbreytinguna og í sambandi við tekjuskattslagabreytinguna.

Það er ýmislegt fleira, örfá atriði enn, sem ég vildi minnast á í þessu sambandi. Það er t. d. með útsvarsstigana, eins og þeir voru úr garði gerðir í frv. Þar var gert ráð fyrir að leggja þung útsvör á þá, sem höfðu ekki nema ellilaun til að styðjast við. Það átti að skylda sveitarstjórnir með lögum til þess að leggja á þá þung útsvör. Þetta var bara einn vottur um það, hvernig hafði heppnazt með þetta mál. Nú hefur stjórnarliðið séð missmíði á þessu og vill nú ekki lengur lögbjóða þetta og setur nú inn þá breyt., að það sé ekki lögboðið að gera þetta. En það á samt að vera lagleg bending í lögunum um það, að þetta geti vel komið til mála. Það verður ekki hægt að skilja lögin öðruvísi en svo, að þau séu bending um, að þótt þetta sé ekki skylt, þá geri löggjafinn ráð fyrir því, að slíkt geti komið til greina.

Þá er eitt atriði enn, sem ég vildi leyfa mér að benda á, og það benti ég líka á við 1. umr. málsins. Það er tekið fram, að það skuli mega víkja frá ákvæðum skattalaga um sérstaka frádráttarliði, og síðan stendur, að frávik samkvæmt þessu megi þó ekki vera gjaldanda meir í óhag en var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959. Ég spurðist fyrir um það við 1. umr. málsins, hvort hæstv. ráðh., sem fyrir málinu stendur, gæti ekki gefið okkur upplýsingar um, hvernig þessar undantekningarreglur væru, sem notaðar hefðu verið í sveitarfélögunum og hann vildi fá Alþingi til þess að heimila í lögum. Ég lét þá í ljós þá skoðun, og ég hef hana enn, að það sé ósæmilegt fyrir Alþingi að lögheimila slíkar undanþágur án þess að vita, hvað það er að gera með því, án þess að hafa hugmynd um, hvað felst í þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri eins og hver önnur fjarstæða, að hann eða þeir, sem hefðu undirbúið málið, gætu vitað, í hverju þessar undanþágur hefðu verið fólgnar. Ég hugsa, að það sé alveg rétt, að hæstv. ráðh. hafi ekki hugmynd um þetta, og kannske ekki þeir heldur, sem hafa sett þetta fyrir hann á blað. En ég held, að einmitt það, að hæstv. ráðh. hefur ekki hugmynd um, hvað hann er að gera í þessu tilfelli og ekki heldur ráðunautar hans, sé einmitt gleggsti votturinn um, hvað þetta mál er með öllu óverjandi smíði og hversu fráleitt það er að ætlast til þess, að Alþingi setji svona lög. Og fátt sýnir máske betur, hve ótímabært það er að flana að þessu, en einmitt það, að skynsamir menn skuli hafa látið sér til hugar koma að leggja fram þvílíka frumvarpsgrein. Og á þessu hefur engin leiðrétting fengizt við meðferðina í hv. n. né verið nokkuð tekið til greina það, sem sagt hefur verið um þetta atriði. En þess í stað kemur nú fram breyt. á frv., sem er athyglisverð og samþykkt var hér í gær, og hún er um, að í nýrri grein, sem þá var sett í málið, 8. gr., eigi að standa, með leyfi hæstv. forseta:

„Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en var á hverjum stað árið 1959.“ M. ö. o.: hér er í raun og veru um framhald af þessu sama að ræða, að það á að festa þarna í lög ákvæði, sem enginn á hv. Alþ., ekki ráðherrar eða neinir hafa hugmynd um, hvað raunverulega þýðir né hvað það er, sem verið er að heimila, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi fyrir sér eða geti gefið okkur upplýsingar um, hvaða veltuútsvarsreglur giltu fyrir sveitar- og bæjarfélög á árinu 1959. Hér er sem sagt ætlazt til, að Alþingi setji það í lög, að þessar reglur megi gilda áfram, án þess að það sé nokkuð upplýst um, hvað í þessum reglum felist um veltuútsvörin. Það verður þó að segja, að upphaflega var í frv. vísað til veltuútsvarsstigans í Reykjavík, sem ætti að nota áfram. Þá var sá háttur á hafður, að sá veltuútsvarsstigi var birtur sem fskj. með frv., og menn vissu, hver hann var og hvað verið var að lögleiða að því leyti. En nú er ætlazt til að lögleiða með vissum hætti, þótt í heimildarformi sé, alla veltuútsvarsstiga, sem giltu á landinu 1959, án þess að nokkuð liggi fyrir

um það, hvernig þessir stigar voru. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Getur hann gefið okkur upplýsingar um, hvernig þessir veltuútsvarsstigar voru t. d. í stærstu bæjarfélögunum, hversu langt var gengið í álagningu veltuútsvara, eða er það enn svo, að hann ætlist til, að svona höfuðatriði verði sett í lög, án þess að nokkrar slíkar upplýsingar liggi fyrir? Ég verð að segja, að mér finnst með þessu vera blátt áfram stefnt að því, að löggjafarstarf Alþingis verði fært á lægra plan en það hefur áður verið. Og þó að þessir menn, sem hér að standa, kunni ekkert að vilja gera fyrir mín orð eða annarra þeirra, sem mæla í móti þessu máli, og hafi enga tilhneigingu til að hlusta á þau opnum huga, þá vil ég þó alvarlega beina því til þeirra að hugsa um þá stofnun, sem við störfum í, og virðingu hennar, og reyna að skoða þetta mál og ýmislegt fleira líka frá því sjónarmiði, hvað Alþingi sem æðstu og mestu stofnun þessarar þjóðar er sæmilegt að gera, en gera ekki tilraunir til í ofsa að reka í gegn óviðurkvæmileg ákvæði, þó að þau hafi af einhverjum ástæðum slæðzt inn í frv., sem þeir hafa látið undirbúa. En þetta er aðeins eitt af því, sem sýnir, hversu því fer alls fjarri, að þetta mál sé á því stigi, að það geti með skynsamlegum hætti orðið lögtekið. Þótt litið sé brott frá öllu öðru, þá er það alveg augljóst, að það hafa alls ekki verið þær upplýsingar fyrir hendi, að það hafi verið hægt að semja forsvaranlega löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga.

Þetta mál ber það allt með sér og sannleikurinn er sá, að manni sýnist, að það hefði verið sæmilegra fyrir hæstv. ríkisstj., fyrst hún vildi með þessu ofurkappi reka fram ákvæði um að leggja útsvör á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga og að fá lögfestan þennan útsvarsfrádrátt, lögfesta, að það mætti draga greidd útsvör frá, þá hefði þó verið sæmilegra og a. m. k. heiðarlegra að flytja þá aðeins breytingu um þessi efni, heldur en að látast vera að setja nýtilega löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga með því að beita sér fyrir því að lögfesta það afskræmi, sem hér liggur fyrir, sem þeir líka sjálfir viðurkenna að sé hugsað og eigi að verða til bráðabirgða.

Ég vil svo að lokum aðeins minna á, að þetta mál hefur alls ekki fengið þann undirbúning, sem sæmilegur er á nokkurn hátt. Það er alveg ósæmilegt að setja nýja löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga án þess að bera það undir sveitar- og bæjarstjórnir landsins, — alveg með öllu óverjandi. Það hefði verið hægt að forsvara að setja ákvæði um einstök atriði í slíku máli, kannske tiltölulega einföld atriði, en að leyfa sér að láta gera og leggja fram og berja fram með hroka og yfirlæti lagasmíð eins og þessa, sem á að heita heildarlöggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, án þess að bera það undir sveitar- og bæjarstjórnir, slíkt er með öllu óverjandi framkoma og ég hugsa nær algert einsdæmi í löggjafarsögu þessa lands. Enda liggur það fyrir, að þjóðinni hefur ofboðið þessi frekja, sem hér á að sýna, því að það hefur rignt mótmælunum frá ýmsum aðilum yfir Alþingi, þar sem m. a. hefur verið á þetta bent, hvernig á málinu hefur verið haldið, og einstök atriði í því gagnrýnd sterklega og raunar heildarstefna málsins.

Ég vil í því sambandi benda á, að ýmsar sveitarstjórnir í landinu hafa sent mótmæli og kröfur um, að málið væri borið undir sveitarstjórnir, eins og skylt er og siðaðra manna háttur. Þá vil ég einnig benda á margvísleg rökstudd mótmæli, sem hafa komið fram frá samvinnumönnum í landinu eða því fólki, sem notfærir sér úrræði samvinnunnar við sín viðskipti og í sinni framleiðslu, þar sem sýnt hefur verið fram á með sterkum rökum, að það nái engri átt að lögfesta þau ákvæði um veltuútsvör á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga, sem í þessu frv. felast.

Ég vil einnig benda á, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur sent frá sér mjög harða gagnrýni á þetta mál, þar sem því er, eins og eðlilegt er, alveg sérstaklega mótmælt að lögfesta nú veltuútsvarafarganið, eins og ég hef kallað það, sem notað hefur verið á undanförnum árum, og þar sem þess er krafizt, að þegar þessi mál verði tekin fyrir af löggjafarþinginu, þá verði hreinsað til og reynt að koma einhverju lagi á þann óskapnað, sem hér hefur gilt um þessi efni. Þar er t. d. alveg greinilega bent á, að það verði að gera þetta málefni varðandi veltuútsvörin hreinlega upp. Það verði að gera upp, hvort veltuútsvörin eru beinn skattur, sem fyrirtækin og einstaklingarnir eiga að greiða af tekjum sínum, og þá sé allt annað siðleysi en að ákveða það, að útsvör og tekjuskattur megi ekki fara yfir ákveðinn hluta af tekjunum. Þetta sjónarmið er þar mjög greinilega rakið.

Það verður að gera þetta upp, hvort útsvörin eigi að vera skattur á tekjur gjaldandans eða hvort hér eigi að vera um almennan skatt að ræða, hliðstæðan við söluskattinn. En það er svo vandlega gengið fram hjá því að taka nokkurt tillit til þess, sem þessi samtök og mörg önnur hafa látið í ljós um þetta, að það er á því öllu traðkað af fullkominni fyrirlitningu, því að hér er einmitt gert ráð fyrir, í þessari löggjöf, eins og ég hef sýnt fram á, að lögfesta þann óhæfilega glundroða, sem í þessum efnum hefur ríkt t. d. hér í Reykjavík. Þegar búið verður að samþykkja þessi lög hér, hefur enginn fremur en áður hugmynd um, hvar hann stendur að þessu leyti. Það verður haldið áfram að leggja á veltuútsvörin eftir þessum reglum, sem hér er gerð grein fyrir og menn hafa búið við, algerlega án tillits til þess, hver afkoma einstaklinganna eða fyrirtækjanna er. Og það hefur enginn fremur en áður hugmynd um það, hvort veltuútsvörin verða tekin til greina í verðlagningu t. d. eða hvort það er verið að fléfletta hann sjálfan með því að taka af eignum hans árlega nokkurn skerf, að því leyti sem útsvör og tekjuskattur kunna að verða hærri en það, sem hlutaðeigandi get-

ur haft í tekjur af rekstri sínum. Og fyrir þessu stendur Sjálfstfl., — flokkurinn, sem hefur talið sig forsvarsflokk einstaklingsframtaksins í landinu og hefur lofað því á undanförnum árum æ ofan í æ, að ef hann fengi aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessi mál, þá skyldu verða gerðar hér hreinar línur og búið öðruvísi að atvinnurekstrinum en verið hefði.

En hver hefur verið ferill þessara manna í skattamálum, t. d. skattamálum ríkisins? Þeir hafa haft með höndum skattamál Reykjavíkurbæjar á þann hátt, sem ég hef verið að lýsa, og er nú meiningin að lögfesta það fargan allt saman, sem núv. hæstv. fjmrh. hafði beitt sér fyrir. Hann ætlar að flytja það með sér upp í stjórnarráð. Hann ætlar að flytja þetta fargan, sem hann hefur staðið fyrir niðri í miðbæ, á bæjarskrifstofunum, hann ætlar að flytja það með sér upp í stjórnarráð. Hann ætlar að tryggja það með löggjöf, að menn verði að búa við það, þó að hann sé farinn. Þó að hann sé búinn að skila af sér fjármálum Reykjavíkurbæjar, þá ætlar hann að tryggja það með löggjöf, að menn verði að búa áfram við það fargan, sem hann stóð fyrir.

En hverju er svo líka við að búast, þegar maður íhugar, hvernig afstaða Sjálfstfl. hefur verið í skattamálum ríkisins? Þeir hafa sí og æ verið að tala um skattpíningu og skattaálögur annarra. En hvað er það rétta í því? Það rétta í því er, að Sjálfstfl. hefur staðið fyrir lögfestingu hæstu beinna skatta til ríkisins, sem nokkru sinni hafa gilt á Íslandi. Og síðan 1950, að Sjálfstfl. afhenti þau mál eða varð að afhenda þau mál til annarra, hefur sífellt verið sett löggjöf til að draga úr, til að lækka þá skatta, sem Sjálfstfl. hafði beitt sér fyrir. Það var sett löggjöf 1956 um verulega lækkun á tekjuskattinum. Það var sett sérstök löggjöf um skattlagningu félaga, þar sem afnumin var stighækkun á sköttum á tekjur félaga til að mæta þeirri gagnrýni, sem hafði komið fram um, að skattálagningin á félögunum færi algerlega úr hófi fram, miðað við þá skattstiga, sem Sjálfstfl. hafði staðið fyrir að lögleiða. Þess í stað var sem sé lögleidd sú regla, að félög skyldu greiða, að því er mig minnir, 25% af tekjum sínum og ekki undir neinum kringumstæðum meira. Þetta er sú regla, sem aðrir hafa beitt sér fyrir að koma í skattalöggjöf ríkissjóðs. En þegar Sjálfstfl. kemur nú aftur að þessum málum, beitir hann sér fyrir að koma því alveg greinilega í lög, svo að ekki verði um villzt, að það sé fullkomlega heimilt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að leggja á menn hærri beina skatta samtals en nemur öllum tekjum þeirra.

Og þegar fram kemur í gær brtt. til að setja undir þennan leka, að skattar og útsvör skuli þó aldrei samanlagt fara hærra en í 65%, þá raða sjálfstæðismenn sér upp til að fella, að slíkt geti orðið lögfest. Slíka óhæfu má ekki setja í lög. Þetta er einstaklingsframtaksflokkurinn, sem þannig hagar sínum vinnubrögðum.

Ég held því enn fram eins og ég hef gert í þessum fáu orðum, sem ég hef sagt, að hér sé á ferðinni „maðurinn með augað", — það er sá hugsunarháttur, sem einkennir alla þessa frammistöðu. Það er „maðurinn með augað", sem er hér á ferðinni. Það er sá hugsunarháttur, sem liggur til grundvallar öllu því, sem hér er verið að gera. En slíkur hugsunarháttur getur ekki góðri lukku stýrt.

Að lokum vil ég svo aðeins minna á, að ég hef ekki orðið var við, — það hefur þá farið fram hjá mér og verður þá leiðrétt, ef það er misskilningur, — ég hef ekki orðið var við, að nokkur aðili hafi sent Alþingi meðmæli með þessu frv. Ég hef ekki orðið þess var. Og ég hef ekki marga hitt, sem hafa mælt þessu frv. bót. Ég hef minnzt hér á ýmsa, sem hafa sent hingað gagnrýni á frv., og ég vil að lokum benda á einn aðila enn, sem hefur sent hingað gagnrýni á frv. og óskað eftir því, að frv. yrði ekki samþykkt. Og það er sá aðili, sem ætti að vera bezt dómbær allra um að meta þetta mál. Það er fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Það fékkst þó fram, að þeir fengju að segja álit sitt um málið, enda var ekki hægt að koma í veg fyrir það. Og þá kemur í ljós, að fulltrúaráð þessara samtaka, sem hefur verið mjög hvetjandi þess, að löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga væri endurskoðuð, og hefur oft bent á nauðsyn þess, — að einmitt þessi stofnun óskar eftir því, að þetta frv. verði ekki samþykkt, — alls ekki þetta, sem hér er hugsunin að lögleiða, — og hefur bent á þá leið, sem auðvitað er alveg sjálfsögð, að taka meira tóm til þess að skoða málið og reyna að finna skynsamleg úrræði, sem kynnu að geta staðið eitthvað til frambúðar og komið að liði. Ég hefði talið, að það væri nær fyrir hæstv. ríkisstj. að fara eftir leiðbeiningum þessara samtaka en að reyna nú að keyra þetta mál fram með slíku ofurkappi sem raun ber vitni um. Og ég tel það alveg furðulega ófyrirleitni að berja fram löggjöf um þessi efni, án þess að hún hafi áður verið borin undir bæjar- og sveitarstjórnir og fengið að öðru leyti sómasamlegan undirbúning.

Forseti (JóhH): Það eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og kynnu að verða fleiri. Nú hefur jafnan verið heldur hlíft við því að halda þingfundi á venjulegum fundartímum þingflokkanna, en frá þessu verður að gera frávik, þegar komið er svo mjög að þingslitum sem nú er. Það er þess vegna ákveðið, að fundinum verði frestað nú og fundurinn haldi áfram kl. 5, og þá jafnframt í trausti þess, að þingflokkarnir geti notað tímann milli 4 og 5 til sinna fundarhalda, sem venjulega hafa verið á seinni tíma. — Fundinum er frestað til klukkan 5. — [Fundarhlé.]

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það gerast ýmis tíðindi nú í vorri hv. d. og auðséð, að allmiklar breytingar virðist eiga að gera á gömlum þjóðfélagsháttum, sem eru ekki til bóta.

Það lítur út fyrir, að sú braskarastétt, sem nú er að reyna að brjótast hér til valda sem agent fyrir vestrænt auðvald, ætli sér að róta burt sem mestu af því, sem hefur verið hefðbundið í okkar þjóðfélagi. Það gerðist hér í gær, að samþ. var hér frv. á Alþingi, sem þó fyrir 10 árum var óhugsandi hér, enda slíkum tilraunum þá hrundið. Ég á við, þegar meiri hlutinn í þessari hv. d. samþ. að ræna Kristfé, stela úr fátækrasjóði í sambandi við þá jarðasölu, sem þá var ákveðin. Ég hafði heyrt utan að mér, að á meðan sá eini klerkur, sem sæti á þinginu, átti enn þá sæti í landbn., hefði hann ekki kunnað við það, kinokað sér við það að vera staðinn að því að stela Kristfé, en eftir að stórbóndinn á Akri tók við af honum, þá lét hann sig hafa það með allan Sjálfstfl. í eftirdragi að fremja álíka verknað og það hefði þótt forðum daga að brjótast inn í kirkju og stela þar þeim sjóðum, sem ætlaðir voru fátækum.

Það er ákaflega leitt, að það virðingarleysi, sem virðist vera að grípa um sig fyrir gömlum stofnunum okkar þjóðfélags, skuli hafa fært sig inn í sali Alþingis. Maður er máske ekki hissa á því, þótt sumir stórbændur, þegar þeir eru búnir að fá nýtízkutæki eins og ýtur, plægi niður gamlar klausturrústir, en að meiri hlutinn á Alþ. skuli láta hafa sig í þessa verknaði, jafnvel með kristindómsorð á vörunum, það er hart.

Nú erum við með annað frv., þar sem sömuleiðis er verið að vega að og róta upp elztu samfélagsháttum, sem til eru á Íslandi, og er það þó svo við þær umr., að það hefur ekki verið hægt að fá hér upp á Alþ. einu sinni almennilegar umr. um, hvað þarna væri verið að gera, vegna þess að meiri hluti þm. virðist bókstaflega varla gera sér það ljóst. Það, sem um er að ræða í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er að gerbreyta þeim háttum, sem hafðir hafa verið á um sjálfstæði sveitarfélaga á Íslandi um langan aldur. Það lagafrv., sem hér liggur fyrir, 1. gr. þess, ákveður, að í stað ákvæðanna, sem hafa verið í 3., 4. og 6. gr. útsvarslaganna, skuli koma allt önnur ákvæði. Og hver eru þessi ákvæði, sem verið er að afnema? Það eru þau, að útsvör skuli leggja á eftir efnum og ástæðum. Það eru þessi grundvallarréttindi íslenzkra sveitarfélaga, sem verið er að afnema, verið er að gerbreyta með því lagafrv., sem hér liggur fyrir, og það er vert, að menn geri sér það ljóst, eða a. m. k. vil ég reyna að gera það, sem ég get, til þess, að menn hafi dálitla hugmynd um, hvað þeir eru að gera, þegar verið er að samþ. þetta.

Það hefur ýmislegt verið gert til að skerða sjálfstæði íslenzkra sveitarfélaga á undanförnum áratugum, en þetta er raunverulega rothöggið. Þetta er stærsta sporið, sem stigið hefur verið til þess að svipta sveitarfélögin þeirra efnahagslega sjálfstæði, þeirra sjálfsforræði. Hreppar nir eða sveitarfélögin eru elzta form samfélags, sem til er á Íslandi. Hreppar nir eða sveitarfélögin eru það form, sem íbúar þessa lands skapa sér, áður en þeir skapa sér þjóðfélag og áður en þeir skapa sér ríki, af því að þetta er frumstæðasta samfélag mannanna yfirleitt og á dýpstar rætur af öllum þeim samfélögum, sem mennirnir hafa skapað sér. Það er þess vegna vert, að menn geri sér alveg ljóst, hvað þeir eru að gera, þegar menn eru að vega að rótum þessa samfélags. Þetta samfélag einkenndi alla okkar fornu löggjöf. Eitt af fyrstu ákvæðunum, sem samþ. voru, þegar lög yfirleitt voru sett á Íslandi, það var, að löghreppar skyldu vera á Íslandi, og það hélzt allan þjóðveldistímann. Það er fyrst þegar útlent vald, útlent sterkt ríkisvald og síðar meir einveldi konunga kemur til, sem smám saman er farið að draga úr sjálfsforræði þessara hreppa og þessara sveitarfélaga, og að lokum er verið að svipta þau sjálfsforræði sínu. Og þó hygg ég, að það hafi verið svo, að hreppsfundirnir hafi lifað, þó að hvergi hefðu þeir stoð í lögum þær aldir, sem myrkastar voru hér á Íslandi, og þjóðarerfðin haldizt á þessum hreppafundum, á meðan annars ekkert lýðræði var hér til og eingöngu konungseinræði. Þarna er yfirleitt um að ræða sjálfsákvörðunarrétt þeirra samfélagsheilda, sem demókratískastar eru og þess vegna höfuðundirstaðan í því þjóðfélagi, sem við erum að reyna að byggja upp.

Hvað snertir það efnahagslega sjálfsforræði þessara sveitarfélaga, þá hefur það alltaf byggzt á þessu ákvæði, og þegar hrepparnir fá aftur sitt sjálfsforræði eftir að hafa lotið einveldi konungs eins og aðrar samtakaheildir Íslendinga, þá er það einmitt það, sem þeirra sjálfsforræði fyrst og fremst felst í, að ráða sjálfir sínum álögum eftir efnum og ástæðum. Það, sem menn verða hins vegar að gera sér ljóst, þegar verið er að ræða þetta, er, að það er ekki verið að ræða um það, hvort það sé lagt á réttilega eða ranglega í sveitarfélögum, hvort útsvör eða útsvarsstigar, sem notaðir eru í hinum og þessum sveitarfélögum, séu hagnýtir eða ópraktískir, hvort þeir séu réttlátir eða hvort þeir séu ranglátir. Það er óskaplega margt, sem mátt hefur gagnrýna í öllu okkar hreppaskipulagi frá upphafi vega og ekki sízt lengi vel eftir að við fengum sjálfsforræði aftur. En það, sem er þó höfuðatriðið þarna í, og það, sem er rétt að menn geri sér ljóst að nú er á vogarskálinni, það er þeirra sjálfsforræði, það er, hvort þessi sveitarfélög skuli sjálf ákveða, hvernig þau leggja á, eða hvort það skuli vera ríkisvaldið, sem gerir það. Það er þetta prinsip, sem verið er að taka ákvörðun um núna.

Hér hafa menn ákaflega mikið rætt um það í þeim umr., sem fram hafa farið, að það hafa verið mismunandi stigar í hinum ýmsu sveitarfélögum í landinu. Sumir hafa lagt á svona og aðrir hafa lagt á hinn veginn. Ég er ekki að ræða um það. Það er hægt að verja hina og þessa skattstiga, útsvarsstiga, sem hin og þessi hreppsfélög hafa lagt á eftir, eða ráðast á þessa útsvarsstiga. Spurningin, sem þarna er lögð fram, er sú, hvort þessi hreppsfélög eigi

að ráða þessu eða hvort þau eigi ekki að ráða þessu, hvort það eigi nú með lögum endanlega að svipta þau valdi til að ráða þessu eða hvort það eigi ekki að gera það. Það er sú höfuðregla, sem verið er að taka ákvörðun um með þessum lögum, með þessu lagafrv., sem liggur hér fyrir, og það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst.

Ákvæðið um að leggja á eftir efnum og ástæðum er búið að standa um áratugi. Í því felst vald, ákveðið vald til handa sveitarfélögunum. Sveitarfélögin geta notað þetta vald vel eða illa, róttækt eða íhaldssamt eða afturhaldssamt. Það er ekki það, sem ég er hér að tala um. Það er um það, hvort þau eigi að hafa þetta vald áfram eða hvort þeir, sem hér sitja á Alþ. nú, ætli að svipta þau þessu valdi. Og það er rétt, að menn geri sér ljóst, að það er það, sem þarna er um að ræða. Með þessum lögum er meiri hlutinn, sem samþ. þetta, að ákveða, að íslenzk sveitarfélög skuli héðan af ekki hafa rétt til þess að ákveða sjálf að leggja á eftir efnum og ástæðum, heldur skuli héðan af Alþ. og ríkisvaldið fyrirskipa sveitarfélögunum, hvernig þau skuli leggja á. Menn eru líklega ákaflega lítið fyrir nú á tímum, þessum tímum vélrænunnar, að ræða prinsip, að ræða hugsjónir eða að ræða höfuðreglur. Það er verið að ræða það, sem sé praktískt, hvort veltuútsvar eigi að vera 2 eða 3% eða slíkt eða 2 eða 3‰, eða annað þess háttar, hvort það megi leggja á veltuútsvar eða hvort það megi ekki, hvort það skuli vera svona og svona hátt á efnuðum einstaklingum eða svona og svona hátt á gamalmennum, og allt annað slíkt. Það er allt saman mál, sem sjálfsagt er að ræða og eðlilegt er, að skiptar séu skoðanir um. En það, sem er hið stóra mál, liggur fyrir í þessu sambandi, og bezt er, að menn geri sér það alveg ljóst, svo að það komi engir á eftir, sem þykist vera fulltrúar fyrir einhver bæjarfélög eða sveitarfélög úti á landi, og segist ekki hafa vitað, hvað þeir voru að gera. Það er bezt, að þeir viti, hvað þeir eru að gera, þegar þeir eru að leggja sveitarfélög sín í rúst, þegar þeir eru að svipta þau sjálfsforræði, og það er það, sem ég held að hafi nokkuð mikið skort á um ýmsa menn, sem telja sig vera fulltrúa t. d. sveitarfélaga úti á landi, að þeir geri sér það ljóst.

Spurningin, sem hér liggur fyrir, er ekki sú, hvort það eigi að vera einn eða tveir eða þrír eða tíu mismunandi útsvarsstigar á Íslandi, hvort það skuli vera hár eða lágur útsvarsstigi í Reykjavík, hvort það skuli vera hæstir útsvarsstigar í sveitum eða kaupstöðum. Það er ekki þessi spurning, sem liggur fyrir í dag. Spurningin er þetta, hvort þessi sveitarfélög á Íslandi eigi að hafa nokkurn skapaðan hlut með það að gera að ákveða, hvernig þau leggja á, eða hvort ríkið eigi að ákveða það. Það er það prinsip, sem verið er að innleiða nú, ef haldið er áfram með þetta frv. eins og það nú er. Þá er verið að ákveða, að héðan af er það Alþ., sem ákveður, hvernig útsvör skuli lögð á í hreppunum á Íslandi. Héðan af er það Alþ. Héðan af er það ekki réttur Ísafjarðar, Hafnarfjarðar, Reykjavíkur, Akureyrar eða einhverra annarra slíkra, svo að ég tali ekki um Akrahrepp eða eitthvað slíkt. Það er ekki þessara hreppa að ákveða, hvað skuli gert viðvíkjandi niðurjöfnun útsvara, það verður Alþingis, það verður ríkisvaldsins að ákveða það. Hvort ríkisvaldið ákveður það svona í dag, eins og lagt er fyrir með þessu frv., eða öðruvísi á morgun, það er svo aftur annað mál. En ríkisvaldið er að taka í sínar hendur þessa ákvörðun með samþykkt þessa frv., og það er það, sem er rétt að menn geri sér ljóst.

Sveitarfélögin eru frumstæðasta samfélagsheild manna hér á Íslandi, eins og þau hafa verið í flestum eða öllum öðrum löndum. Allan þann tíma, sem þessi sveitarfélög hafa verið til, hafa þau átt í vissu höggi við ríkisvaldið vegna þess, að eftir að ríkisvaldið er myndað, þá sækir það á um að ráða yfir sveitarfélögunum, og þar sem ríkisvald hefur gerzt mjög sterkt í sögu þjóðanna, hefur ríkisvaldið svo að segja innlimað sveitarfélögin í sig. Það hefur gert sveitarfélögin að verkfærum í sinni hendi. Það hefur snúið sveitarfélögunum, þessum frumstæðu samfélögum, úr því að vera samhjálparheild mannanna, lítilla hópa upphaflega, eins og þeir voru í fornöld hér hjá okkur, þegar þau voru í senn samhjálp við framfærslu og samhjálp um tryggingar, — það hefur snúið henni yfir í það að vera verkfæri í höndum ríkisvaldsins á móti bændunum og íbúunum í þessum hreppi. Það hefur þess vegna verið höfuðatriði allra þeirra, sem gerðu sér gildi þessara sveitarfélaga ljóst, að berjast fyrir sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldinu, að reyna að halda því uppi, að þessi sveitarfélög hafi einhvern sjálfsákvörðunarrétt, sem ríkisvaldið geti ekki alveg keypt, m. ö. o.: að þessi sveitarfélög væru frumstæðar, lýðræðislegar heildir í mannfélaginu, sem tækju ákvarðanir um vissa hluti, sem þessar samfélagsheildir fengju sjálfar að ráða. Það er þetta, sem verið er að brjóta niður með þessu, og það er rétt, að menn geri sér það ljóst, þeir sem taka þátt í þessu, að þeir séu að brjóta þetta niður. Það má vel vera, að þeir vilji ýmsir þeirra segja sem svo, sem það gera: Ríkið mun stjórna betur, réttlátar og annað slíkt en hrepparnir, sveitarfélögin eða kaupstaðirnir hafa gert. — Það álitu vafalaust einvaldskonungarnir líka, þegar þeir sviptu okkur þessu valdi, og það er hægt að koma fram með ýmis rök um það, að oft og tíðum hafi ríkisvaldið breytt réttar og hrepparnir verið á rangri hillu og gert það, sem rangt var. En það, sem er höfuðatriðið í þessu, er hitt, að með því að innlima þessi sveitarfélög í ríkisvaldið, gera þau að tæki þess, svipta þau sínu sjálfsforræði, þá er verið að brjóta niður frumstæðustu lýðræðisheildina í okkar mannfélagi. Það þýðir ekki, að það þurfi ekki að vera til löggjöf um þessa hluti. Hún verður að vera. Það þýðir ekki, að ríkið þurfi ekki á ýmsan hátt að setja um það ákveðnar takmarkanir á ýmsum sviðum hvað

mannréttindi snertir og annað slíkt. En hitt er höfuðatriðið, hvort þessar heildir eiga að fá að halda sínu efnahagslega sjálfstæði eða ekki.

Nú vil ég alveg sérstaklega vekja athygli þeirra hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl., sem hér kynnu að vera í þessari d. og fulltrúar væru fyrir kjördæmi úti á landi, — ef nokkrir væru þeir, sem mættu mál mitt heyra, þá vildi ég vekja athygli þeirra á, hvað þeir eru að gera, því að það eru ef til vill einmitt þeir og þeirra samfélög eða þau sveitarfélög, sem þeir eru fulltrúar fyrir, sem hér eiga mest í húfi.

Það er komið svo, að meiri hl. allra Íslendinga er búsettur í þeim gamla, forna Seltjarnarneshreppi, í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Meiri hluti allra Íslendinga er búsettur þar, sem fyrir nokkrum áratugum, réttara sagt kannske tveimur öldum, var enn þá einn hreppur. Og nú á eftir þessu frv. að leiða það í lög, gefa fordæmi um það, að meiri hl. hér á Alþ. geti ákveðið, hvernig útsvör skuli lögð á í öllum hreppunum á Íslandi. M. ö. o.: það vald, sem sú hreppsnefnd, sem kjörin var og verður í hinum og þessum sveitarfélögum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi, það vald, sem sú hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum áður hafði, það vald færist nú burt frá þessari hreppsnefnd eða viðkomandi bæjarfélagi og raunverulega yfir til Alþ. Nú tekur með þessari löggjöf Alþ. í sinar hendur að ákveða, hvernig útsvör skuli lögð á, eftir hvaða stiga í Hafnarfirði, Ísafirði, á Siglufirði eða Seyðisfirði, á hverjum þeim stað á Íslandi, sem þeim, sem koma hér á eftir okkur, þóknast að ákveða. Í dag yrði kannske ákveðið, að það sé einn skali fyrir Reykjavík, annar fyrir nokkra kaupstaði, þriðji fyrir sveitir. Það getur eins á næsta þingi verið ákveðið, að það séu 10 mismunandi skalar. Það er eins hægt að fara inn á að ákveða, að svona skuli lagt á í Hafnarfirði, svona skuli lagt á á Ísafirði. Það er eins hægt, — og það er verið að nefna Reykjavík sérstaklega, — það er eins hægt að ákveða, að svona skuli leggja á í hreppum á Suðurlandi, svona skuli leggja á i hreppum á Norðurlandi. Það verður hér eftir Alþ., ef farið er inn á þessa braut, sem ákveður, hvernig sveitarstjórnir skuli haga sér um álagningu útsvara, og það er bezt, að þeir, sem greiða atkv. með þessu frv. nú, geri sér það ljóst og standi frammi fyrir því í sínum kjördæmum, að þeir eru að afsala sínum sveitarfélögum þessum aldagamla rétti.

Spurningin stendur ekki um það, eins og ég vil taka einu sinni enn þá fram, hvort útsvarsstiginn verði þægilegri, réttari, sanngjarnari en útsvarsstigi hafði verið á Siglufirði, Ísafirði, Hafnarfirði eða Norðfirði. Baráttan stendur ekki um það. Baráttan stendur um, hvort þessir bæir eigi að fá að ráða því sjálfir, hvers konar útsvarsstiga þeir leggi á hér eftir. Það er í þessum lögum hægt að gefa þeim eitthvað rúmt viðvíkjandi því, hvað skalinn megi vera mismunandi, hann geti verið 10—20% frá þessu, þeir megi kannske taka Reykjavíkurskala eða kaupstaðaskala eða eitthvað annað slíkt, þeir megi e. t. v. leggja á veltuútsvar. En ef farið er inn á þessa leið, þá er eins hægt að ákveða á morgun hér á Alþ., að það skuli leggja alls staðar á veltuútsvar eða það megi hvergi leggja á veltuútsvar. Þá eru það ekki sveitarfélögin, sem ráða þessu lengur, þá er það Alþ., sem ræður. Það er þetta prinsipmál, það er þetta spursmál um reglu, sem ég vil að mönnum sé ljóst, þegar þeir eru að taka þær ákvarðanir, sem hér liggja fyrir, þegar menn eru að afsala, hvort það er Ísafjörður, Akureyri, Hafnarfjörður eða Seyðisfjörður, sjálfsákvörðunarrétti sínum til útsvarsálagningar.

Það hefur verið sá rýmsti réttur, sem menn hafa haft til skattlagningar á Íslandi, sem sveitarfélögin hafa haft. Ríkisvaldið hefur að vísu raunverulega reynt að taka sjálft sig og sínar eignir undan með því valdi, sem því er gefið, en annars hafa þessi sveitarfélög getað lagt á eftir efnum og ástæðum, eftir því sem þau hafa álitið og sá meiri hluti, sem þar er á hverjum tíma, hefur álitið sanngjarnt og nauðsynlegt.

Út frá þeirri mynd, sem ég var að draga upp hér áðan, að meiri hluti Íslendinga er nú í þeim forna Seltjarnarneshreppi, Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi, þá er það gefið, að með því að fara inn á þessa leið, — það vil ég sérstaklega segja við þá fulltrúa, sem hér eru utan af landi í stjórnarflokkunum, — þá er verið að fara inn á þá leið að gefa okkur hér í Reykjavík og þeim, sem eru hér í kring, ef við stæðum saman, réttinn til þess að ákveða allar útsvarsálagningar í öllum sveitarfélögum landsins, gefa meiri hluta þjóðarinnar þann rétt. Að vísu óskum við, sem skoðum okkur sérstaklega fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar hér á Alþ., ekki eftir þessu. Þvert á móti, við, sem erum fulltrúar verkalýðsins hér í Reykjavík, viljum viðhalda þessu sjálfsforræði sveitarfélaganna. Við viljum ekki láta brjóta þessa frumstæðustu lýðræðisheild í íslenzku samfélagi niður. Við viljum láta sveitarfélögin viðhalda þessu valdi sínu að geta lagt á eftir efnum og ástæðum, að geta reynt að bjarga sér hvert um sig sjálft í þeim erfiðleikum, sem þar eru, eins og þau sjálf álíta bezt og sanngjarnast og réttlátast. Það eru aðrir, sem standa að þessu, heldur en fulltrúar verkalýðsins í Reykjavík. Það eru fulltrúar auðvaldsins hér í Reykjavík, sem gjarnan vilja koma því ástandi á, að þeir ráði ekki aðeins um alla skattálagningu viðvíkjandi ríkinu, heldur líka alla útsvarsálagningu allra sveitarfélaga á landinu. Það er auðvaldið hér í Reykjavík, sem vill svipta sveitarfélögin því sjálfstæði, sem þau hafa haft meira eða minna, frá því að landið byggðist, með þeim undantekningum, þegar meira eða minna einveldi útlendra konunga ríkti hér. Og það er gott, að mönnum sé þetta ljóst, að menn afgreiði ekki þetta mál án þess að gera sér ljóst, hvað þarna er um að ræða.

Við, sem skoðum okkur sérstaklega fulltrúa

verkalýðsins hér í Reykjavík, álítum þetta að öllu leyti óréttmætt og rangt og prinsipielt vitlaust að fara inn á þessa leið. Við þekkjum það af sárri reynslu undanfarinna áratuga, hvað það þýðir fyrir sveitarfélögin, ekki síst sveitarfélögin úti á landi, að hafa sem mest sjálfsforræði og hafa þann rétt að mega leggja á eftir efnum og ástæðum. Sveitarfélögin úti á landi eiga í þeim erfiðleikum oft og tíðum að reyna að útvega atvinnu handa þeim, sem þar búa. Og ég skil ekki blindni þeirra manna, sem eru fulltrúar fyrir sveitarfélög úti á landi, ef þeir sjá ekki, að sú hætta vofir nú yfir svo að segja öllum sveitarfélögum þar, að það kunni að verða nokkrir erfiðleikar fyrir þau sveitarfélög að tryggja atvinnu í sínum byggðarlögum. Saga Íslands á þessari öld segir frá því, hvernig sveitarfélögin úti um land hafa sjálf orðið að grípa til sinna ráða og þeirra oft róttækra til þess að reyna að bjarga sér út úr atvinnuleysi eða kreppu, bjarga sér, þegar atvinnutækin voru flutt af stöðunum, og þá var venjulega ekki annað fyrir hendi en sveitarfélögin yrðu sjálf að ráðast í eitthvert atvinnufyrirtæki til þess að halda lífinu í fólkinu. Þannig var samvinnuútgerðin á Ísafirði stofnuð og bæjarútgerðin í Hafnarfirði. Þannig hafa bæjarstjórnir bæði á Akureyri og Siglufirði ráðizt í framkvæmdir. M. ö. o.: þessi sveitarfélög hafa getað notað það efnahagslega sjálfsforræði, sem þau hafa haft, til þess að reyna að sjá íbúum sínum farborða, og þau hafa getað þetta í krafti þess, að þau voru á vissan hátt efnahagslega sjálfstæðar heildir. Þau höfðu rétt til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum, og þau voru óháð ríkisvaldinu um þetta. Það þýddi ekki, að þau ættu ekki í sífellu undir högg að sækja. Ríkisvaldið hefur haft miklar tilhneigingar til þess að leggja á þessi sveitarfélög kvaðir, að skikka þau með lögum til þess að borga svo og svo mikið. Þetta er lagt á í ýmsum opinberum útgjöldum og öðru slíku, sem þau hafa vart getað staðið undir. Ríkisvaldið hefur oft sýnt sig mjög ágengt þannig gagnvart sveitarfélögunum. Og sveitarfélögin hafa oft jafnvel í sjálfsvarnarskyni bundizt samtökum til þess að verjast slíkri ágengni. En með þessu frv. er svo að segja öxin reidd að rótum trjánna af hálfu ríkisvaldsins. Með þessu frv. er ríkisvaldið beinlínis að höggva þær rætur, sem sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaganna byggist á, með því að svipta þau réttinum til að leggja á eftir efnum og ástæðum og ákveða sjálft svo í lögum, hvernig sveitarfélögin skuli leggja á. Hvort það er í dag, eins og ég tók fram áðan, með einum útsvarsstiga eða þremur eða tíu, það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er hitt, að það er ríkisvaldið, sem ætlar að taka það í sínar hendur í dag að ákveða útsvarsstiga til handa sveitarfélögum á Íslandi. Það þýðir, þegar þetta efnahagslega sjálfstæði sveitarfélaganna hefur verið höggvið niður, þá koma þau til með að eiga erfiðara að bjarga sér á eftir. Þau koma til með að eiga erfiðara með að koma af stað þeim fyrirtækjum, sem þau ætla að koma af stað. Þau koma til með að verða miklu meira upp á ríkisvaldið komin með allt saman, og það hefur stundum þótt nóg um það, stundum verið kallað kvabb af hálfu sveitarfélaganna um land allt. Og við þekkjum það núna, hvernig þau verða að gera út heilar sendinefndir hingað til Reykjavíkur til þess að reyna að biðja um að bjarga sér, og það er þó aðeins byrjunin á því, sem mun verða, ef svona verður haldið áfram, eins og nú er verið að byrja á með þessu frv.

Það hefði verið nær af ríkisvaldinu að létta eitthvað þær álögur, sem það hefur lagt á sveitarfélögin, hvort heldur það var viðvíkjandi almannatryggingum, skólum eða öðru slíku, og sjá heldur sjálft um að útvega sér tekjur til þess að bera meiri hluta en hingað til af þeim útgjöldum, en gefa sveitarfélögunum nokkru meiri möguleika til þess að standa undir þeim erfiðleikum, sem þau koma til með að eiga í á næstu árum, a. m. k. ef þeirri stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, verður fram haldið. Og stefnan, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, er sú, að atvinnurekstur skuli standa á eigin fótum, eins og hún hefur svo fagurlega orðað það, m. ö. o., að atvinnurekendur skuli bjarga sér sjálfir án þess að njóta sérstakra styrkja eða uppbóta frá ríkinu. Að vísu virðist okkur þetta í reyndinni munu verða á þann veg, að ef ríkið kynni að draga eitthvað úr sínum uppbótum eða nefna þær öðru nafni, þá eigi atvinnurekendurnir að standa því fastar á fótum bankanna, ríkisbankanna, og þeir að styðja þá því betur, svo að ekki hallist á hjá þeim. En ástandið í okkar landi er þannig, að meiri hlutinn og sérstaklega allir stærstu og sterkustu atvinnurekendur landsins eru hér í Reykjavík og nágrenni. Meginið af þeirri raunverulegu auðmannastétt, sem til er á Íslandi, er hér saman komið. Það þýðir, að öll hin fjölmörgu sveitarfélög úti um allt land verða mikið að reyna til að bjarga sér sjálf og hafa kannske ekki einu sinni á neina atvinnurekendur og þeirra fætur að treysta, heldur verða oft og tíðum að koma sjálf af stað þeim bjargræðisatvinnuvegum, sem fólkið á að lifa af, ef það á ekki að flosna upp. Það þýðir, að ef þessi sveitarfélög úti um allt land eiga að geta skapað öruggan grundvöll fyrir atvinnulíf fólksins á þessum stöðum, þá þurfa þessi sveitarfélög að hafa sem mest efnahagslegt sjálfsforræði og vald til þess að geta beitt þeim samtakaþrótti, sem þau geta komið upp hjá sér, í þágu sinnar sveitarfélagsheildar, til þess að reyna að byggja efnahagslegan grundvöll, atvinnulegan grundvöll fyrir þeirra bæjareða sveitarfélög.

Allri þeirri sjálfsbjargarviðleitni, sem bæjarfélögin og sveitarfélögin úti um allt land hafa orðið að beita á undanförnum áratugum, er stefnt í hættu með þeim ákvörðunum, sem hér er verið að taka, með því að taka í hendur

ríkisins ákvarðanirnar um útsvarsálagninguna í þessum stöðum. Það er oft talað um það í sambandi við ríkið sjálft og okkar þjóðfélag, að okkar sjálfstæði byggist á okkar efnahagslega sjálfstæði, sem sé okkar pólitíska sjálfstæði byggist á okkar efnahagslega sjálfstæði, og er nokkuð rétt í því. En þetta á ekki síður við hvað snertir sjálfsforræði sveitarfélaganna. Séu þau raunverulega svipt sínu efnahagslega sjálfstæði, þá er þar með verið að grafa grunninn undan þeirra sjálfstæði, undan þeirra tilveru. Ég veit, að það er til mikil íhaldssemi í gömul réttindi hjá ýmsum sveitarfélögum á Íslandi, þegar um tiltölulega smá atriði er að ræða, eins og t. d. um hreppamörk og annað slíkt, og getur þá oft verið erfitt að koma fram þeim málum, sem skynsamleg eru. En ég er hissa á, að þeir þm. hér á Alþingi, sem á undanförnum árum og áratugum hafa oft verið viðkvæmir, þegar um einhver mál hefur verið að ræða, sem kölluð eru að vera hreppapólitísk, — ég er hissa á, að þeir skuli ekki sjá, hvað er verið að gera með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að ákveða í dag, þegar verið er að vega raunverulega að sjálfri grundvallartilveru þessara sveitarfélaga sem sjálfstæðra heilda.

Það er nokkurn veginn vitanlegt, enda hef ég orðið var við það nú strax, þegar farið er að róta svona um í þessum gömlu málum, — ég hef orðið var við það nú strax, að það kemur upp hjá sumum þm. sú tilhneiging, hvort það eigi ekki bara að afnema allt, sem heitir útsvör, hvort það eigi ekki að gera bara útsvör og tekjuskatt að einu og sama fyrirbrigðinu og leggja hann á með lögum frá ríkinu um allt land. Vissulega er það miklu hagkvæmara upp á innheimtuna. En ég veit ekki, hvort þeir menn, sem gera slíka till., gera sér ljóst, að þar með er verið að strika út þá raunverulegu tilveru sveitarfélaganna sem sjálfstæðra aðila á Íslandi. Það er vafalaust hægt að færa ýmis rök fyrir því frá fjárhagslega tæknilegu sjónarmiði, að það sé úrelt að vera að láta einhverjar og einhverjar niðurjöfnunarnefndir, sem einhverjir og einhverjir karlar úti á landi séu að kjósa, vera að jafna niður á menn, það sé eins gott að láta bara einhver skattayfirvöld setja einn skatt á alla landsmenn í slíkum efnum. (**Gripið fram í:** Hvað með útsvörin sjálf?) Útsvörin sjálf? Það fer eftir því, í hvaða formi maður vill taka þau. Upphaflega ákvörðunin er sú, að menn skuli á hreppamótum jafna niður því, sem þarf til þess að ala önn fyrir þeim, sem vegna fátæktar eða ómegðar þurfa að leita hjálpar sinna félagsbræðra. Í Grágás eru þau fyrirmæli, að á hreppamótum, ég held vor og haust, skuli þessi ákvörðun tekin, og þá, eftir því sem fram kemur í Íslendingasögunum, bjóða menn sig sjálfir fram og gefa sjálfir friviljuglega svo og svo mikið til þess að hjálpa þessum félagsbræðrum sínum, og væri hægt að tilgreina mjög hrífandi myndir af slíkum íslenzkum hreppamótum frá tíundu og elleftu öld til þess að sýna, hvernig menn hafa í þessum litlu hreppum, sem þá voru í a. m. k. 20 búendur, litið á sig eiga að hjálpa hver öðrum. Ef við þess vegna viljum taka útsvör í þeirri mynd, sem þau upphaflega voru, að það sé framlag þeirra aðila, sem betri hafa efni og ástæður heldur en aðrir, til þess að hjálpa þeim, sem lélegri hafa efni og ástæður, þá eru þau raunverulega þúsund ára gömul. En þá er að vísu peningagildið ekki komið sem aðalatriði, og það er ekki jafnað niður, en menn gefa kannske sauð, kannske eitthvað annað, sem gat hjálpað til þess að framfleyta þeim, sem sjálfir höfðu annaðhvort mikla ómegð eða bjuggu við fátækt eða höfðu orðið fyrir óhöppum. Og á þessum sömu hreppamótum er þá líka sameiginlega jafnað niður þeim skaða, sem hreppsfélagið tók þátt í, ef menn urðu fyrir bruna, fjárfelli eða öðru slíku, því að þessi samfélög voru um leið á þjóðveldistímanum tryggingarsamfélög.

Þess vegna er raunverulega, þó að þetta sé í annarri mynd hjá okkur nú á tímum, öðruvísi fyrir komið og hafi á þeim myrku tímum erlends ríkisvalds á Íslandi fengið á sig allt það óorð, sem enn þá loðir við orðið hrepp í sambandi við hreppaflutninga og annað slíkt, þá var þetta upphaflega gott fyrirbrigði og gæti verið enn, svo framarlega sem það fengi að þroskast á réttan máta.

Þegar þess vegna farið er inn á þá stefnu, sem þetta frv. markar, þá verða sveitarfélögin smátt og smátt lögð að velli sem sjálfstæð samfélög eða þá innlimuð þannig í ríkisvaldið, að þau séu einvörðungu gerð að eins konar innheimtukerfi eða jafnvel framkvæmdakerfi þess, í staðinn fyrir að verða sjálfstæðar heildir, þar sem menn stjórna og ákveða sín eigin mál, hver heildin út af fyrir sig, og síðan geta menn metizt á um það, einn getur sagt, að það sé vel stjórnað á Akureyri, og annar sagt, að það sé illa stjórnað kannske á Siglufirði, og þessi sagt, að það sé rétt stjórnað í Reykjavík, og hinn, að það sé vel stjórnað uppi í Kjós. Menn geta rifizt um, hvernig það sé hjá hinum ýmsu sveitarfélögum, og oft hefur það verið gert. Menn hafa metizt um þetta. En það, sem hefur þó einkennt þetta allt saman og verið grundvöllurinn fyrir því öllu saman, það er, að menn hafa ráðið því sjálfir í hverju af þessum sveitarfélögum, hvernig þar var stjórnað. Það var ekki ákveðið af Alþingi hér í Reykjavík, hvernig útsvörin skyldu vera í hreppunum í Húnavatnssýslu. Það var ákveðið í hverjum hreppi af íbúum þess hrepps. Ef það var illa gert, þá var það þeim sjálfum að kenna, því að það var þeirra meiri hluti, sem kaus þetta. Ef það var vel gert, þá áttu þeir sjálfum sér að þakka það. Þeir voru sjálfir sinnar gæfu smiðir, en það var ekki Alþingi hér, sem ákvað fyrir þá, hvernig þeir skyldu jafna niður sínum útsvörum.

Ég er ekki þar með að segja, að Alþingi geti ekki oft gert þessa hluti betur en þessi hreppsfélög mundu gera. Það getur oft verið svo, og væri vafalaust hægt að benda á, að það væru réttlátari ýmsar ákvarðanir, sem hér hafa verið

teknar, heldur en t. d. ýmsar þær útsvarsálagningar, sem framkvæmdar hafa verið í ýmsum hreppsfélögum. Við höfum líka heyrt, og það jafnvel í þessum umr., að í þessu sveitarfélagi sé þetta gott og í hinu sveitarfélaginu sé það slæmt, og um þetta hefur oft verið deilt á undanförnum þingum og metizt um þetta í kosningum og í blöðum. En það, sem hefur verið grundvöllurinn að þessu öllu saman, er, að íbúarnir í þessum sveitarfélögum hafa ráðið þessu sjálfir og hafa síðan sjálfir orðið að súpa seyðið af því, ef það var slæmt, eða fengið að njóta þess, ef það var gott. Og það er þetta sjálfsforræði þeirra, hvort þau nota það vel eða illa, rétt eða rangt, — það er það, sem verið er nú að byrja að höggva niður með þessu, og það er það, sem ég vil að mönnum sé ljóst, þegar þeir eru að taka þessa ákvörðun.

Ég held alveg sérstaklega, að það sé rangt, vegna þess að eðlilega nýtur lýðræðið sín bezt í smáum heildum, og þegar menn kjósa í smáum heildum, eins og sveitarfélögunum, þá eiga að öllu jöfnu að vera meiri möguleikar á því, að menn stjórni sér þar svo að segja eins og þeir eiga skilið. Menn fylgjast þar það náið með sínum eigin málum, eru það kunnugir öllu, sem þar er að gerast, að menn eiga að hafa þar mestar forsendur til þess að ráða sínu samfélagi í samræmi við sinn eigin vilja. Því fjær sem fulltrúarnir þannig verða, því erfiðara vill það oft verða, að lýðræðislegur vilji sjálfs meiri hlutans komi til framkvæmda. Sveitarfélögin eru þess vegna venjulega í mannfélaginu lýðræðislegustu einingarnar í uppbyggingu þjóðfélagsins, og þegar verið er að brjóta þær einingar niður, eins og nú er verið að gera, þá er þess vegna um leið verið að vega að einu af því, sem er líftaug í lýðræðinu, og yfirleitt sjálfsbjargarviðleitni fólksins.

Ég minntist á þetta við 1. umr., og ég minnist á þetta aftur núna, vegna þess að ég hef tekið eftir því, að í þeim umr., sem fram hafa farið, raunverulega bara með einni undantekningu, hefur ákaflega lítið verið inn á þetta komið. Jafnvel till., sem hér liggja fyrir á öðrum þskj., benda til þess, að meira að segja ýmsum af þeim þm., sem eru á móti þessu frv., sé ákaflega óljóst, hvert verið er að fara með samþykkt þessa frv., hvílík gífurleg stefnubreyting er að verða í afstöðunni á milli sjálfsforræðis sveitarfélaganna og ríkisvaldsins með þeim ákvörðunum, sem hér er verið að taka.

Það hefur stundum komið hér til umr. í sambandi við umr. um afstöðu Reykjavíkur og landsins, ég hef tekið það fram hér, að við, sem skoðum okkur fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík sérstaklega, við erum algerlega andstæðir því, að verið sé að brjóta niður sjálfsforræði sveitarfélaganna úti um allt land, eins og verið er að gera með þessu, og ég hef reynt einmitt fyrir hönd verkalýðsins í Reykjavík að vara fulltrúana utan af landi, hvaða flokki sem þeir annars tilheyra, við því, hvað þeir eru að gera. Þegar komið er inn á þessa leið hins vegar, sem hér er um að ræða, að það sé ríkið, sem eigi að fara að ákveða, hvernig útsvör skuli lögð á í öllum sveitarfélögum landsins, þá er allt mögulegt til. Það er hægt að mismuna eftir því, hvernig meiri hlutinn er á Alþ. á hverjum tíma. Mér ægja þessar aðferðir. Þegar ríkið á annað borð er búið að taka þetta í sínar hendur, þá vita menn alveg, hvar það endar. Ef einu sinni er horfið burt frá þeim grundvelli, að hvert sveitarfélag hafi sjálft valdið til þess að ákveða sínar álögur eftir efnum og ástæðum, þá er ómögulegt að segja, hvað út úr því kemur. Spurningin stendur þess vegna ekki fyrir mér í dag um það, hvort það séu þrír skalar, hvort Reykjavíkurskalinn sé lægstur, ekki heldur um hitt, þó að það væri settur einn skali fyrir allt landið, hvernig svo sem því yrði jafnað niður á eftir, eða þó að það væru settir tíu skalar, þó að það væri settur sinn útsvarsstiginn jafnvel fyrir hvert bæjarfélag á landinu. Spurningin stendur ekki um þetta, spurningin stendur um hitt, hvort menn ætla að vera með því, að ríkisvaldið taki þetta vald af sveitarfélögunum, og það er það, sem ég er fyrst og fremst á móti í þessu öllu saman. Þetta er að mínu áliti það, sem er númer eitt. Það er grundvallarlega rangt í stefnu þessa frv. að brjóta niður sveitarfélögin, brjóta niður þessar frumstæðu samtakaheildir mannanna, brjóta niður þessar lýðræðislegustu samtakaheildir í sjálfu mannfélaginu, fyrir utan þau félög, sem menn kunna að mynda og hinar ýmsu stéttir.

Það er greinilegt, að það er sú auðmannastétt hér í Reykjavík og fyrst og fremst verzlunarauðvaldið, sem nú er þar að reyna að brjótast til valda, sem hefur forgönguna um þetta. Það er þetta verzlunarauðvald, sem hefur tökin á núv. stjórnarflokkum og er að reyna að fría sig sem mest við tekjuskatt og um leið að losa sig sem mest undan útsvörum, og yfirleitt efnamenn þjóðfélagsins. Það er þetta verzlunarauðvald, sem er nú að vega að sveitarfélögunum og þeirra sjálfsforræði, og það er fyrsta og aðalatriðið í þessu frv.

Annað aðalatriðið í þessu frv. er svo árás þessa sama verzlunarauðvalds á samvinnuhreyfinguna, á samvinnufélögin í landinu. Það er atriði, sem ég kom líka inn á við 1. umr. þessa máls, og er alveg greinilegt, hvert stefnt er þar. Það er stefnt að því að reyna að hindra, að sá almenningur, sem hefur skapað sér samtök til þess að verjast árásum á sín lífskjör, geti reynt að fá ódýrari vörur með því að starfa í samvinnufélögum og losa sig þannig að einhverju leyti undan arðráni verzlunarauðvaldsins. Með þeirri breytingu, sem verið er að gera sérstaklega með 13. gr. þessa frv., er verið að brjóta niður rétt manna til þess að reka þá verzlun, sem sé ekki rekin í gróðaskyni. Það er máske ekkert undarlegt á þeim tíma, sem gróðalöngun og gróðaþorsti nokkurra auðmanna í landinu á að fara að verða það afl, sem á að fara að stjórna Íslandi, þó að það verzlunarauðvald, sem vill gera þennan gróðaþorsta að sínum guði, vilji reyna að

brjóta niður réttindi samvinnufélaganna. Og það er eftirtektarvert, að þetta tvennt er látið fylgjast að í þessu frv., að samtímis því sem á að brjóta niður réttindi og sjálfsforræði sveitarfélaganna, þessara frumstæðu samtakaheilda, þá er einnig verið að reyna að brjóta niður einmitt þá samtakaheild almennings, sem frá því að verzlunareinokun útlends verzlunarauðvalds hvíldi yfir Íslandi hefur mest unnið að því að bæta kjör almennings á verzlunarsviðinu. Það er máske engin tilviljun, að slík árás á samvinnuhreyfinguna skuli gerð á sama tíma sem reynt er að koma Íslandi undir járnhæl vestrænna auðhringa og ofurselja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, eyðileggja útflutningsatvinnuvegi hennar og framleiðslu með verzlunarpólitík, sem sé einvörðungu í þjónustu auðhringa utanlands og innan. Það er ekki til neins í slíku sambandi, þegar verið er að ræða um þá árás á samvinnufélögin og samvinnuhreyfinguna, sem hér er verið að gera, að reyna að vitna í það, að einstakir forustumenn í samvinnuhreyfingunni kunni að hafa gert einhverjar vitleysur á undanförnum árum eða misstigið sig, eins og í því að fara í of náið samstarf við auðhringana hér í Reykjavík. Slíkt er engin afsökun af hálfu verzlunarauðvaldsins fyrir þeirri árás, sem verið er að gera á samvinnufélögin með þessum lögum, og alþýðusamtökin í landinu þurfa einmitt sérstaklega á því að halda, þegar eins illa er að þeim vegið og nú er gert með skipulagðri dýrtíð af hálfu stjórnarvaldanna, að geta fengið að reka sín samvinnufélög með þeim réttindum, sem þau hafa búið við á undanförnum áratugum og kostaði langa baráttu fyrir alþýðu Íslands að knýja fram. Og eitt er víst, að verkalýðshreyfingin, sem skoðar samvinnuhreyfinguna sem annan þátt í sinni starfsemi, mun ekki verða mildari í sínum kröfum og sinni baráttu, þegar hún finnur til þess, að það er sótt að henni beggja vegna frá, bæði með kerfisbundnum launalækkunum og launaráni og vísitölusviptingu og svo hins vegar með skipulagðri dýrtíðaraukningu, og um leið reynt að hindra verkalýðshreyfinguna í því að geta hagnýtt samvinnufélögin á eðlilegan hátt til þess að vinna á móti þeirri dýrtíð. Það er þess vegna eðlilegt frá sjónarmiði verzlunarauðvaldsins, að í sama frv., sem það er að ráðast á sveitarfélögin og þeirra sjálfsforræði, þá ráðist það líka á þá sjálfsbjargarviðleitni, sem samvinnufélögin eru almenningi. Það er hins vegar um leið auðsætt, að alþýða Íslands mun setja sig til varnar gegn svona árásum, og þó að alþýðu manna úti um land sé það máske ekki ljóst enn þá, hvaða árás er verið að fremja á hennar sjálfsforræði með þeirri innlimun sveitarfélaganna í ríkisvaldið, sem hér er verið að framkvæma, þá mun henni verða það ljóst von bráðar, og þá mun hún gera sakirnar upp við þá fulltrúa sína hér á Alþingi, sem koma þessu á.

Ég hef nú gert að umtalsefni það, sem ég álít höfuðatriðin í þessu frv.: Annars vegar árásina á sjálfsforræði sveitarfélaganna, sviptingu þeirra raunverulega á sínu gamla sjálfsforræði, og hins vegar árásina á samvinnufélögin. Það er þetta tvennt, sem ég álít vera höfuðeinkenni á þessu frv.

Hér hefur verið ýtarlega rætt um ýmsa aðra hluti, veltuútsvörin, skattstigana eða útsvarsstigana á hinum ýmsu sviðum. Um það mætti margt segja. Það er furðulegt raunverulega, að mönnum skuli detta það í hug að vera að tala um útsvarsstiga af eins lágum tekjum og hér er lagt til, sérstaklega í 6. gr. og 7. gr., á sama tíma sem menn hafa verið að státa af því að reyna að létta sköttum af lágtekjunum. Það sýnir bezt, hvers konar hrákasmíð þetta frv. allt saman er, og undarlegt raunverulega, að það skuli virkilega vera til meiri hl. alþm. í þessari hv. d., sem vill bera ábyrgð á því að fara að setja svona útsvarsstiga í sveitarfélögunum. Ég veit, að það hafa verið settir ósköp vitlausir og ranglátir útsvarsstigar í ýmsum sveitarfélögum. En þau um það. Þetta hafa þau sjálf gert. Þetta hafa þau þá á lýðræðislegan hátt ákveðið hjá sér, þeirra meiri hl. komið sér saman um, að svona skuli þetta vera. Vilji þau breyta þessu, þá geta þau gert það næst þegar þau kjósa, kosið öðruvísi. En að meiri hl. í þessari hv. d. af alþm. skuli geta verið þekktur fyrir það að setja svona ákvæði fyrir hreppsfélögin úti um allt land, eins og þarna er í 6. og 7. gr., það undrar mig, vitandi það, að jafnvel þó að um leið sé sagt við þessa hreppa og þessi sveitarfélög: Ja, þið megið breyta þessu ofur lítið, þið megið hafa einhverja tilbreytingu í þessu, — þá er svo sem alveg eins hægt næst, þegar einu sinni er komið inn á þetta, að ákveða þennan útsvarsstiga án þess, að það séu nokkrir möguleikar til slíks. Fordæmið er gefið, að það er Alþ., sem ákveður útsvarsstiga og tekur það í hendur ríkisvaldsins, en lætur ekki sveitarfélögin og þeirra stjórnir gera það.

Ég mun þess vegna ekki gera þau atriði, sem annars hafa verið mjög rækilega rædd hér, og margt er rétt og vel sagt í því sambandi, — ég mun ekki gera það að umtalsefni. Hitt er fyrir mér höfuðatriðið, það verzlunarauðvald, sem nú er á rústum svikinna kosningaloforða að brjótast til valda hér á Íslandi. Það er að reyna að brjóta undir sig ríkisvaldið, það er að reyna að einoka það fyrir sína einkahagsmuni, það er að reyna að brjóta niður samtök almennings, sveitarfélögin, samvinnufélögin, allar lýðræðislegar eindir í þjóðfélaginu. Það hefur þegar sýnt sig í því að skerða samninga allra verkalýðsfélaga á landinu. Og þetta sama verzlunarauðvald er svo, á sama tíma sem það er að framkvæma þetta með þessu frv. og öðrum, þá er það að fórna hagsmunum útflutningsins og framleiðslunnar á Íslandi fyrir sína skítugu hagsmuni, fyrir sitt gróðabrall. Þannig stöndum við frammi fyrir því í dag, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna viðurkenna, að það sé raunverulega enginn grundvöllur til þess að reka framleiðsluna á Íslandi, vegna þess að frekja þessa verzlunar-

auðvalds er slík, að það er verið að móta þjóðfélagið einvörðungu með tilliti til þess, þeirra brasksjónarmiða, sem vaða uppi hjá því, án nokkurs skilnings, án nokkurs vits og án nokkurrar ábyrgðartilfinningar fyrir þjóðarheildinni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn þáttur í þessari árás, er einn þáttur í þeirri gagnbyltingu, sem þetta verzlunarauðvald er að reyna að framkvæma á Íslandi til þess að leiða aftur yfir okkur kreppu og ófremdarástand fyrri ára. Og það er bezt, að þeir fulltrúar úr stjórnarflokkunum utan af landi, sem standa með þessu frv., geri sér það ljóst, þegar þeir koma hér svo aftur svo að segja við hverjar einustu umr., sem hér fara fram, og kvarta fyrir hönd sinna sveitarfélaga, að með því að samþ. svona frv. eins og þetta eru þeir að svipta sín sveitarfélög möguleikanum til þess að geta bjargað sér sjálf, höggva niður þeirra efnahagslega sjálfsforræði, sem þó hvað eftir annað hefur verið það, sem gert hefur þessum sveitarfélögum mögulegt á undanförnum áratugum að forða sér undan þeim hörmungum, sem fánýtt verzlunarauðvald hefur verið að leiða yfir þessi sveitarfélög. Hins vegar sé ég það, eins og oftar, að þeir fulltrúar stjórnarflokkanna utan af landi, sem ættu máske að hafa einhvern snefil af ábyrgðartilfinningu fyrir þeim sveitarfélögum, sem þeir eru úr, í þessu efni, þeir sjást hér lítið, fást lítið til að hugsa og skilja máske enn þá minna. En ég vil segja þessi orð engu að síður, til þess að þegar dagur reikningsskilanna kemur, þá standi þeir þó frammi fyrir því, að það hafi verið reynt að segja þeim, hvað þeir væru að gera, þó að þeir vissu það kannske ekki sjálfir.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Í umr. þeim, sem orðið hafa um útsvarsfrv. í gær og í dag, hefur lítið nýtt upplýstst um hin mörgu vafaatriði, sem í frv. er að finna og um var spurt í gær af mér o. fl. Engin rök hefur heldur verið komið fram með fyrir þeirri ákvörðun að rífa útsvarsþáttinn út úr þeirri heildarendurskoðun, sem nú fer fram á tekjustofnum sveitarfélaganna.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hv. 3. þm. Sunnl., margendurtók það í ræðu sinni í gær, að frv. það, sem við erum að ræða í hv. d., væri aðeins bráðabirgðafrv., tími hefði ekki enn þá unnizt til þess að undirbúa heildarreglur um veltuútsvör, sagði hann, tími ekki unnizt til þess að kynna sér nægilega vel hina ýmsu útsvarsstiga, sem í gildi hafa verið, og álagningarreglur, sem verið hafa í sveitarfélögunum á undanförnum árum, o. fl., o. fl. í sama dúr. Ræða hans í gær var í megindráttum einn samfelldur afsökunaróður — með tilbrigðum þó — fyrir þeim vinnubrögðum, sem hér á að viðhafa í þessu máli.

Hv. þm. sagði m. a. í gær, að eðlilegt væri og sanngjarnt, að samvinnufélög greiddu útsvör eftir sömu reglum og aðrir aðilar, sem svipaðan rekstur hefðu, þau nytu sömu eða svipaðrar fyrirgreiðslu af hálfu sveitarfélaganna og aðrir aðilar, götur væru gerðar fyrir þau, rafmagn og vatn tengt við fyrirtæki þeirra. Þessi yfirlýsing hv. þm. er mjög einkennandi fyrir þann háværa áróður, sem mikill holtónn er þó venjulegast í, sem notaður hefur verið að undanförnu og haldið uppi af andstæðingum samvinnufélaganna. Hér er nefnilega algerlega litið fram hjá kjarna málsins. Ef samvinnuaðili t. d. rekur verzlun í einu bæjarfélagi og kaupmaður sömuleiðis á sama stað og þeir verzla báðir með sömu vöruna, þá telja þessir menn, að þetta tvennt sé alveg sambærilegt. Ef sláturhús samvinnumanna fyrirfinnst á einum stað og sláturhús í einkaeign líka, þá eru þetta taldir sambærilegir aðilar skattalega séð. Á hitt er ekki litið eða minnzt, sem þó hlýtur að skipta meginmáli, að eðli þessa rekstrar er gerólíkt. Þótt samvinnuaðilinn endurgreiði sannarlega allan hagnað af rekstrinum til félagsmanna, en hinn aðilinn taki allan ágóðann til sín sem gróða, þá skiptir það þá engu. Hér á að lögleiða reglur, sem ákveða, að veltuútsvör skuli lögð eftir sömu reglum á báða þessa aðila þrátt fyrir þennan meginmun á tilganginum með rekstri þeirra. Það er eðlilegt, að samvinnufyrirtækin greiði til þeirra sveitarfélaga, sem þau starfa í, eitthvert gjald fyrir aðstöðu þá, sem þau þar njóta óneitanlega og bæjarfélagið kostar. Það hafa samvinnufélögin líka gert umfram aðra, þar sem samvinnuskatturinn er. Hvort hann er nógu hár til þess að standa undir þeim kostnaði, sem bæjarfélögin verða að láta af hendi til þess að búa fyrirtækjunum rekstrarskilyrði, það verður svo aftur annað mál. Ég er ekki neinn talsmaður skattfríðinda til handa samvinnurekstrinum í landinu. Þar tel ég, að allir, sem sambærilegir eru, eigi að sitja við nákvæmlega sama borð. Ég fæ ekki heldur séð, að sá árangur, sem samvinnufyrirtækin hafa náð í viðskiptalífinu á undanförnum árum, sé fenginn vegna sérréttinda þeirra á sviði skatta- og útsvarsmála. Samvinnutryggingar t. d., sem á örfáum árum hafa orðið stærsta tryggingafélag landsins, hafa verið skattlagðar og útsvarslagðar eins og um hlutafélag væri að ræða. Skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, sem nú er orðin eigandi að stærsta skipaflota í eigu íslenzks aðila, hefur goldið há útsvör og skatta til ríkis og bæja á undanförnum árum. En Eimskipafélag Íslands, sem er langtum eldra félag, hefur notið algerra skatt- og útsvarsfríðinda allt til ársins 1955. Útflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur greitt skatta og útsvör á undanförnum árum, en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur verið skatt- og útsvarsfrjálst. Innflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur sömuleiðis greitt skatta og útsvör á undanförnum árum, en Impuni, innflutningssamband heildsala, hefur verið skatt- og útsvarsfrjálst. Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sanna haldleysi þeirrar kenningar, að árangur sá, sem samvinnusamtökin hafa náð í viðskiptalífinu, sé að þakka einhverjum sérstökum skattfríðindum, sem þau hafi notið á undanförnum árum.

Þá bar mjög á því sjónarmiði í ræðu hv. þm., sem ég hef leyft mér að kalla sveitarstjórnarsjónarmið, sem er ekki óeðlilegt, þar sem hann er bæjarstjóri í einum af stærri kaupstöðum þessa lands. Ég hef orðið var við þetta sama sjónarmið hjá mörgum þm., sem ég hef rætt við um þessi mál, að þeir hafa haldið því fram, að útsvarsstigarnir í þeirra sveitarfélögum þyrftu að vera hærri en þeir eru í Reykjavík. Ég skal ekki neita því, að svo sé ástatt um mörg sveitarfélaganna. En ályktanirnar, sem þessir ágætu menn draga af þessari staðreynd, eru harla einkennilegar og óraunsæjar. Öllum þeim mönnum, sem þekkja til þessara mála, er ljós orsök þessa, en hún er að sjálfsögðu sú, að gjaldþol gjaldenda í þessum sveitarfélögum, sem eiga við fjárskort að stríða, er ekkert sambærilegt við gjaldþol t. d. gjaldenda í Reykjavík. Hér í Reykjavík eru, eins og áður hefur komið fram, ríkiseinkasölur yfirleitt staðsettar, t. d. áfengissalan og tóbakseinkasalan, sem guldu í bæjarsjóð Reykjavíkur á s. l. ári 11.1 millj. í útsvar, og hér eru líka staðsett heildsölufyrirtæki, skipafélög, starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana, og þessir aðilar greiða allir há útsvör í bæjarsjóð Reykjavíkur. En öllum er þeim það sameiginlegt, að þeir inna af höndum þjónustu, sem er fyrir landið allt. Það er þetta, sem gerir það að verkum, að í Reykjavík og ýmsum öðrum sveitarfélögum, sem hafa innan sinna vébanda stóra viðskiptaaðila, sem hafa viðskiptasvæði, sem nær yfir þrjár sýslur, er hægt að búa við lægri útsvarsstiga en hægt er að gera víða annars staðar. En hvaða vit er það hjá þessum forustumönnum sveitarfélaganna, sem fé skortir, að vilja fara þá leið út úr þessum vanda að leggja hærri útsvör á einstaklinga og atvinnurekstur hjá sér heldur en er í þeim sveitarfélögum, sem þessarar sérstöðu njóta? Þar eru yfirleitt gjaldendur miklu tekjulægri og yfirleitt fátækari, og hvaða réttlæti er í því, að þeir menn, sem eru tekjulægri og hafa alla vega minna gjaldþol, séu skattlagðir meira í sínum sveitarfélögum en hefði verið gert, ef þeir hefðu t. d. átt heimilisfestu hér í Reykjavík? Slík afstaða hlýtur að enda með ósköpum, enda er fyrir því nokkur reynsla. Þeir eru ekki fáir, atvinnurekendurnir, sem flúið hafa byggðarlög sín af þessari ástæðu, og enginn komið í staðinn til þess að standa undir þeim gjöldum, sem sveitarfélagið óneitanlega hefur orðið að leggja á. Einasta leiðin út úr þessu öngþveiti er auðvitað sú að taka til algerrar endurskoðunar löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaganna. Og að því eiga þessir ágætu menn, bæjarstjórar og sveitarstjórar, að einbeita sér. Þeir eiga að beita krafti sínum til þess að knýja þá endurskoðun fram sem fyrst, því að það er eina leiðin, sem getur bætt úr þessu. Það að ætla að fara að skattleggja gjaldendur í sínum sveitarfélögum umfram það, sem þeir eru skattlagðir hér í Reykjavík, er hrein endileysa og hlýtur að enda með ósköpum.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að samkv. frv. um bráðabirgðabreyt. á l. um útsvör væri sveitarfélögunum heimilt að velja á milli allra þeirra stiga, sem í frv. væru. Þetta er nú að vísu ekki nema hálfur sannleikur. Hrepparnir mega að vísu velja um kaupstaðastigann og Reykjavíkurstigann og kaupstaðirnir mega fara upp í Reykjavíkurstigann, þannig að valið upp á við má segja að sé frjálst. En hina leiðina má ekki velja. Reykjavík getur ekki farið í kaupstaðastigann og kaupstaðirnir ekki í hreppastigann. Auk þess get ég ómögulega fengið inn í mitt höfuð annað en það, að í l. mgr. 9. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr., sé lagt bann við því, að bæjarfélög utan Reykjavíkur geti notað veltustigann, sem þar er, og m. a. þá notið þeirra frádráttarliða, sem í veltustiga Reykjavíkur eru. Ég hygg, að öllum, sem lesa frv., hljóti að vera þetta ljóst, og ég hélt, að þessu mundi verða breytt, af því að mér skildist á hv. 3. þm. Sunnl., þegar við ræddum þetta atriði í heilbr.- og félmn., að þetta mundi vera misskilningur hjá mér. En ég skil frv. a. m. k. þannig.

Hv. þm. sagði einnig, að hann teldi æskilegast, að einn útsvarsstigi gilti í öllum kaupstöðunum. Það er eðlilegt, og mér skildist, að hann meinti þá Reykjavíkurstigann. En ég er sannfærður um það, eins og frv., sem við erum nú að ræða, ber raunar með sér, að þetta er ekki hægt nema samfara mikilli breyt. á löggjöfinni um tekjustofna sveitarfélaganna, alveg eins og mér er það fyllilega ljóst, að afnám veltuútsvarsins eins og út af fyrir sig er ekki hægt að framkvæma, nema löggjöfin um tekjustofna sveitarfélaganna sé öll tekin samtímis til endurskoðunar. Ef á að lögbjóða, að bæjarfélög utan Reykjavíkur verði að nota Reykjavíkurstigann án þess að breyta nokkru öðru, þá þýðir það, að í þeim bæjarfélögum verður ekki hægt að halda uppi framkvæmdum í neitt nándar nærri svipuðum mæli og nú er gert í Reykjavík. Ég rakti hér í gær dæmið um útsvörin í Kópavogi og Reykjavík 4 seinustu árin, eða frá 1957 til 1960, og sýndi fram á það með tölum, að Reykjavíkurbær hefur í tekjur af útsvörum helmingi meira á íbúa en við í Kópavogi höfum. Þar af leiðandi getur Reykjavíkurbær gert næstum helmingi meira fyrir sitt fólk en við getum framkvæmt í Kópavogi. Þess vegna er það út í bláinn að mínu viti að halda, að hægt sé að lögbjóða Reykjavíkurstigann fyrir aðra kaupstaði, nema samtímis fari fram endurskoðun á löggjöfinni um tekjustofna sveitarfélaganna, eins og nú er að unnið.

Hv. þm. sagði enn fremur, þóttist hafa það eftir mér, að ég hefði sagt í gær, að lögbjóða ætti veltuútsvör. Ég minnist ekki þess að hafa sagt það. Ég hygg, að ég hafi talað um, að lögbjóða ætti heimild til álagningar veltuútsvara, sem hefði ekki áður verið í lögum, en helgast af ákvæðunum um álagningu eftir efnum og ástæðum í 4. gr. laga frá 1945. Hv. þm. sagði líka, að öllum sveitarfélögum væri í sjálfsvald sett, hvað þau notuðu af veltu-

prósentum, sem ætti að heimila. Ég hygg, að hv. þm. sé alveg fullvel um það kunnugt, að öll sveitarfélaganna — eða a. m. k. langflest — munu fara í hámark þeirrar löglegu prósentu, strax eftir að frv. er orðið að lögum. Veltuprósentan og stigarnir eru nefnilega samdir miðað við ástand þessara mála, eins og það er í dag, og miðað við þá tekjuþörf, sem sveitarfélögin telja sig þurfa að fullnægja. Og það er gefið mál, að sveitarfélögin flestöll hafa ekki nokkrar leiðir til þess að innheimta það, sem þau þurfa af fjármagni á hverju ári, með því að leggja á tekjur einar og eignir. Þau verða að nota veltuprósentuna, eins háa og lög frekast leyfa, þar sem aðrar tekjur hrökkva ekki til til þess að gefa nægilegar tekjur.

Þá talaði hann einnig um, að eðlilegt væri — eða ég skildi hann þannig — heimildarákvæðið í 3. gr. frv. um, að hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir mættu taka framtöl, sem skattstjórar og skattanefndir hafa venjulega rannsakað mjög náið, og fara með þau eins og einskisverð plögg. Ég tel þetta algera óhæfu. Sannleikurinn er sá, að krítiska endurskoðunin á framtölum fer yfirleitt fram hjá skattstjórunum, og ég þykist þekkja svo mikið til þessara mála, að ég megi leyfa mér að fullyrða, að sú vinna, sem niðurjöfnunarnefndirnar leggja í það að gagnrýna framtöl, sé ekki neitt sambærileg við það, sem skattstjórarnir gera, af eðlilegum ástæðum. Niðurjöfnunarnefndirnar eiga samkv. lögum að byggja mjög á verkum skattstjóranna í sambandi við álagningu útsvara. Þessi heimildarákvæði tel ég því að nái engri átt, svo rúm eins og þau eru. Þau gefa hreppsnefndum og niðurjöfnunarnefndum óeðlilega mikið vald. Þær gefa þeim t. d. vald til þess að strika út í einu lagi allar fyrningarafskriftir hjá fyrirtækjum, og það er ekkert aðhald um það, að þær geti ekki beitt því eftir því, hvernig hugur þeirra stendur til viðkomandi aðila. Þær geta leyft einum að telja fram fullar afskriftir, þó að þær banni öðrum að gera það. Það er ekki heldur rétt hjá hv. þm., að það sé krafizt fullkominna sannana hjá yfirskattanefndum og ríkisskattanefnd fyrir þeim breyt., sem niðurjöfnunarnefndir kunna að gera á framtölum. Framkvæmdin hefur sýnt annað í mörgum tilfellum. Mér er það kunnugt, ég hef unnið hjá t. d. ríkisskattanefnd. Í mörgum tilfellum hafa þar verið — og eins hjá yfirskattanefndum — staðfestar áætlanir, sem hafa þótt sanngjarnar, en engan veginn færðar fullar sönnur á, t. d. ef maður leggur svipaðan skilning í orðið sönnur og gert er fyrir dómstólunum. Þar eru kröfurnar allt aðrar og miklu slakari. Skattayfirvöld hafa nefnilega — yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd — verulega rúmt vald til þess að meta og vega þær breytingar, sem niðurjöfnunarnefndir kunna að gera á framtölunum.

Um veltuútsvörin vildi ég aðeins bæta örfáum orðum við það, sem ég hef áður sagt og ég held að hafi ekki verið mikið rætt hér við þessar umr., en það er það öryggisleysi, sem heimildin til álagningar veltuútsvara hefur á allan rekstur í landinu. Sannleikurinn er sá, að ef það á að vera heimilt, að niðurjöfnunarnefndir geti ári síðar ákveðið, að þessi og þessi rekstur skuli bera 3% veltugjald, sem kannske var árið áður 1%, eða fari jafnvel upp í 5%, eins og dæmi eru til, þá er um óþolandi öryggisleysi að ræða. Einu sinni var lagt á Hamrafellið, rekstur þess, 5% veltugjald í Reykjavík, hækkað í einu um að ég held 2 eða 3%. Þessi óvissa er óþolandi fyrir allan rekstur í landinu. Það er ekki hægt að gera neinar áætlanir með fullri vissu um, að þær standist, fyrir fram, ef sveitarfélögunum á að vera heimilt að ákveða eftir á, að þetta og þetta mikið skuli tekið í veltuútsvör af rekstri fyrirtækja.

Ég bar fram hér nokkrar fsp. í gær, þegar við ræddum þetta frv. við 2. umr. Ég innti m. a. þá eftir því, hver væri velta umboðssölufyrirtækja. Ég spurði einnig um það að gefnu tilefni vegna þeirra undanþáguákvæða, sem sláturhús og mjólkurbú eiga að hafa frá greiðslu veltuútsvara, þá spurði ég um það, hver væri velta þessara aðila. Við þessum spurningum og fleiri hefur ekkert svar fengizt. Ég vildi því leyfa mér að ítreka enn þá einu sinni þessar fsp. mínar og vonast til þess, að hv. frsm. heilbr.- og félmn. telji sér fært að svara þeim hér á eftir.

Ég vil þá að síðustu víkja að einu atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Reykv. (EOl), sem raunar hv. 4. landsk. þm. (HV) kom líka inn á í gær, þar sem ég er þeim ekki sammála. Þeir hafa talað um það, að samræming stiga og það að lögbjóða stiga, fáa stiga, það væri óeðlileg árás á sjálfstæði sveitarfélaganna, eins og þeir hafa kallað það, og farið um þetta mörgum orðum. Fyrir mér lítur dæmið hins vegar dálítið öðruvísi út. Í fyrsta lagi: Menn verða að gera það upp við sig í eitt skipti fyrir öll, hvort það verði talið réttmætt, að menn greiði misjöfn útsvör eftir því, hvar þeir eru staðsettir í landinu, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Báðir þessir þm. hafa mótmælt þessu kröftuglega, og er ég þeim að því leyti algerlega sammála. Þeir hafa talið það óhæfu að byrja útsvarsstigann á 7000 kr. í sveitahreppum, en í 25 þús. kr. í Reykjavík. Og þeir hafa báðir tveir talið það óhæfu, að menn greiddu mishá útsvör af sömu tekjum eftir því, hvar þeir væru búsettir. Nú er það staðreynd, að ef menn eru á því, að þetta sé óhæfa, þá er aðeins ein leið til þess að tryggja, að þetta verði ekki gert áfram, og hún er sú að lögbjóða einn og sama útsvars- og skattstiga fyrir allt landið. Það er nefnilega ekki hægt að gera hvort tveggja í senn að segja, að sveitarfélögin skuli algerlega vera sjálfráð um það, hvað þau leggja á og hvaða útsvarsstiga þau noti, og samtímis segja, að útsvörin skuli vera þau sömu um allt land.

Hv. 3. þm. Reykv. vék líka að því áðan, að hann harmaði, að nú ætti að hverfa frá ákvæðinu um álagningu eftir efnum og ástæðum, eins og gert hefur verið hingað til. Ég harma

þetta ekki. Sannleikurinn er sá, að vegna breytinga á þjóðlífi okkar Íslendinga er þetta ákvæði að verða óframkvæmanlegt, t. d. í Reykjavík, þar sem fjölmennið er orðið eins mikið og raun ber vitni um. Þar er það óframkvæmanlegt vegna þeirrar vélanotkunar, sem nú er notuð í sambandi við útreikning skatta og útsvara í Reykjavík. Í stærri bæjarfélögunum er þessi regla líka að verða ónothæf. Auk þess er hægt að tryggja þessi sjónarmið, efna- og ástæðusjónarmiðin, eftir öðrum leiðum. Það er hægt að lögbjóða skattstiga og hafa, eins og t. d. hér í frv., ákvæði um sérstakar ívilnanir, sem hægt er að finna út, eftir að búið er að leggja á eftir hinum lögboðnu stigum. Þetta er auðvelt. Öryggisleysið, sem þessi álagningarregla um efni og ástæður hafði í för með sér, var orðið algerlega óþolandi, og ég man ekki betur en einmitt blað þessara hv. þm. hafi á s. l. ári skrifað mjög um þá óhæfu, sem þá var sögð að hefði átt sér stað hér í Reykjavík í sambandi við útsvarsálagningu, að ýmsum mönnum, gjaldendum, sem voru inn undir hjá ráðandi bæjarstjórnarmeirihluta, hafi verið svo og svo mikið ívilnað um útsvör. Reglan um efni og ástæður býður slíkum ívilnunum heim.

Þá sagði 3. þm. Reykv., sem fyrr segir, að óhæfa væri í því að lögbjóða einn stiga eða fáa stiga fyrir landið, það væri óverjandi árás á sjálfstæði sveitarfélaganna. Mín skoðun er sú, að það aðhald, sem sveitarfélög fengju með því að lögbjóða einn stiga í landinu, eftir að löggjöfinni um skatta og útsvör hefði verið breytt, mundi vera aðhald, sem fæstar sveitarstjórnir mundu gráta, þegar fram í sækti. Ég veit ekki betur en það sé ein af meginkenningum sósíalista, hvar sem er í heiminum, að sjálfstæði einstaklinga eða sveitarfélaga, — það á alveg eins við um sveitarfélög, — án fjárhagslegs sjálfstæðis sé ákaflega lítils virði. Við óbreytta tekjulöggjöf sveitarfélaga og óbreytta skatta er það sjálfstæði, sem sveitarfélögunum sumum hverjum er ætlað, svipað frelsi einstaklingsins, sem hefur ekki peninga til þess að kaup sér mat fyrir næsta dag, og mér skilst á sósialistum yfirleitt, að þeir telji það frelsi ákaflega lítils virði. Ég er sannfærður um, að sú skipan, sem á eftir að sigra hér á Íslandi í sambandi við skattamál og útsvarsmál, er sú, að þessi gjöld hvor tveggja verða sameinuð og lögð á í einu og þeim skipt á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Sú skipan hefur marga og óumdeilanlega kosti yfir þá tvískiptingu, sem nú er í þessu, og hún ein getur tryggt það, að sveitarfélög, fámenn sveitarfélög og sveitarfélög, sem hafa ekki stórar viðskiptamiðstöðvar innan sinna vébanda, geti nokkurn veginn komizt af eins og þau, sem hafa þessa stóru viðskiptaaðila innan sinna vébanda. Ég er því sannfærður um, að því fyrr sem menn komast út úr þeim vítahring, sem við erum nú í í sambandi við tekjustofna sveitarfélaganna og skattamálin, því betra.

Ég vil að endingu aðeins segja það, að við þær umr., sem hér hafa orðið um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögum, hafi svo lítið nýtt verið upplýst af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, að tæpast sé verjanlegt að afgreiða málið úr þessari deild, án þess að gerð sé tilraun til þess af hálfu þeirra að svara ýmsum þeim fsp. og svara að einhverju leyti þeirri gagnrýni, rökstuddu gagnrýni í mörgum tilfellum, sem hér hefur fram komið. Ég vil því vænta þess, að frsm. heilbr.- og félmn. tali hér á eftir og svari þá m. a. þeim af fsp., sem ég hef nú tvisvar sinnum borið upp, en ekki fengið svar við enn þá.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 27. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði kosið, að hæstv. fjmrh. væri við þessa umr., og vildi biðja forseta að athuga um það, hvort hann mundi ekki vera í húsinu. (**Forseti:** Það verður athugað, hvort ráðh. er í húsinu, og gerðar ráðstafanir til að láta hann vita. — Hæstv. fjmrh. er ekki í þinghúsinu eins og stendur, en það verða gerðar ráðstafanir til að koma boðum til hans.) Er þá ekki hægt að fá meðferð málsins frestað, þar til hann kemur, og taka fyrir annað á meðan? Ég hefði kosið það. (**Forseti:** Hv. þm. er heimilt að fresta ræðu sinni, ef hann óskar.) Já, þá þigg ég það boð.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frsm. meiri hl. fjhn., 3. þm. Sunnl. (GuðlG), fylgdi úr hlaði nál. fjhn. varðandi frv. það, sem hér er til umr., á fundi í þessari hv. d. Að sjálfsögðu átti ræða hans að vera frekari rökstuðningur fyrir frv. því, sem hér er til umr., og bragarbót á þeirri grg., sem frv. fylgir. En ég verð að segja fyrir mig, að ég fann ekki í ræðu þessa hv. frsm. þau svör, sem ég hafði vonazt eftir að hann mundi flytja, við þeim spurningum, sem fram höfðu verið bornar.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem talað hafa í þessu máli, hafa lagt fram ýmsar fyrirspurnir varðandi þetta frv., og það má segja, að það sé e. t. v. að bera í bakkafullan lækinn að fara að endurtaka þær. En með því að enn er þeim ekki fyllilega svarað, ætla ég að leyfa mér að endurtaka nokkrar þeirra.

Fyrsta spurningin, sem ég vil leyfa mér að beina til hv. frsm., er þessi: Hver er í raun og veru orsök þess, að þörf er að gera nú á þessu þingi bráðabirgðabreyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör? Hafa sveitarfélögin óskað eftir þessari breytingu í þeirri mynd, sem hún liggur hér fyrir Alþ.? Hafa þau óskað eftir því, að þetta mál fái í raun og veru þá afgreiðslu, sem það virðist ætla að fá á þessu þingi?

Mér er það alveg ljóst, að sveitarstjórnirnar óska eftir endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna almennt, en það er allt annað en hér á sér stað. Ég er viss um, að t. d. bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og hreppsnefndin á Raufarhöfn mundu ekkert hafa á móti því,

að hv. Alþ. endurskoðaði útsvör síldarverksmiðja ríkisins og í þeirri endurskoðun yrði tryggt, að það endurtaki sig ekki, að síldarverksmiðjur ríkisins greiði álíka há útsvör til þessara bæjarfélaga og smáverzlanir hér við Laugaveginn og Bankastræti greiða til Reykjavíkurbæjar. Ég er viss um það, að sveitarfélögin, bæði hrepparnir og kaupstaðirnir, hefðu heldur ekkert á móti því, að tekjustofnar sveitarfélaga yrðu endurskoðaðir með það fyrir augum, að eitthvað af þeim fjölmennu fyrirtækjum í landinu, sem eru algerlega útsvarsfrjáls, yrðu látin bera einhverjar útsvarsbyrðar. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að sveitarfélögin mundu fagna því.

Mig langar einnig til að fá vitneskju um það hjá hv. frsm., hver er hin raunverulega forsenda fyrir því, að veltuútsvarsgreiðendur í Reykjavík fá skv. þessu bráðabirgðabreytingafrv. heimild til þess að draga frá við framtal vegna veltuútsvars ýmis gjöld, svo sem söluskatt, gjald til útflutningssjóðs skv. 20. gr. l. nr. 86 1956, gjald af innlendum tollvörutegundum skv. l. nr. 60 frá 1939, skemmtanaskatt skv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56 1927 og gjald af kvikmyndasýningum skv. l. nr. 28 1952, en veltuútsvarsgreiðendur utan Reykjavíkur, í kaupstöðum t. d., fá ekki þessa heimild. Það má vel vera, að til séu frambærileg rök fyrir þessu, ég skal ekkert um það segja, ég hef ekki heyrt þau. Það getur vel verið, að þegar hv. frsm. gefur skýringar á þessu, þá séu það þau rök, sem hægt er að taka til greina.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) flutti brtt. einmitt varðandi þetta atriði, en sú brtt. var felld, og í ræðu hv. frsm. komu engin rök fyrir andstöðu stjórnarliða gegn brtt.

Í 5. gr. frv., undir c-lið, er umræddur frádráttur heimilaður veltuútsvarsgreiðendum í Reykjavík, en í 6. gr., c-lið, er veltuútsvarsgreiðendum utan Reykjavíkur gert að greiða veltuútsvar án tillits til þessa frádráttar. Mér finnst æskilegt, að undir þessum umr. verði upplýst, hvers vegna veltuútsvarsgreiðendum er mismunað eftir því, hvar þeir búa á landinu.

Það hafa verið skiptar skoðanir um það, hvort þessu frv. um bráðabirgðabreyt. á útsvarsl. sé stefnt gegn sveitarfélögunum eða ekki. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég tel, að svo sé. Og það væri fyllilega ástæða til að láta fram fara athugun á afstöðu Alþ. til sjálfstæðis sveitarfélaganna á liðnum árum. Ég er andvígur þessu frv. og mun því við næstu atkvgr., eins og ég hef þegar gert, greiða atkv. gegn því.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í 8. gr. frv., eins og það nú er eftir 2. umr. hér í d., segir, að útsvar á veltu megi ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en það var á hverjum stað árið 1959. Þó skal þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á því ári, miðað við tegund gjaldstofns, en lagt var á í Reykjavík árið 1959, heimilt að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar með þessu frv. um það, hvaða reglur hafi gilt yfirleitt um álagningu veltuútsvara á árinu sem leið, nema að því er varðar Reykjavík. Í aths. með frv. eru birtar þær reglur, sem Reykjavíkurbær fór eftir við álagningu útsvara 1959, og þ. á m. reglurnar um álagningu veltuútsvars. Þar er greint frá því, hvað hátt veltuútsvar mátti leggja á hverja tegund umsetningar, og þar segir m. a., að leggja megi allt að 2% veltuútsvar á umboðslaun. Mér skilst af þessu, að sú regla hafi verið í Reykjavík 1959, að á umboðssöluviðskipti hafi ekki verið lagt veltuútsvar á heildarupphæð þeirrar vöru, sem verið var að kaupa eða selja í umboðssölu, heldur aðeins á umboðslaunin, sem greidd voru eða tekin voru fyrir þessa þjónustu. Og þá liggur það fyrir, að þannig muni þetta verða einnig á þessu ári. Reykjavík er ekki heimilt að breyta til í þessu efni og má ekki samkv. þessu, þegar um umboðsviðskipti er að ræða, hvort heldur er kaup á vörum í umboði annarra eða sölu á vörum í umboði annarra, taka annað veltuútsvar af þeim viðskiptum en af umboðslaunum og þá í hæsta lagi 2% af þeim. Hins vegar gildir annað samkv. þessu frv., eins og það nú er, um aðra staði. Í 6. gr., þar sem ákveðin er útsvarsálagning í öðrum kaupstöðum, segir í síðustu mgr. þeirrar greinar, að leggja megi allt að 2% veltuútsvar á umboðs- og heildverzlun. Það á sennilega að skilja þetta þannig, að ef umboðssali er búsettur t. d. í Hafnarfirði eða Vestmannaeyjum, þá sé heimilt að krefja hann um veltuútsvar, sem nemi allt að 2% af heildarupphæð þeirra viðskipta, sem hann annast í umboði annarra, og þá er það vitanlega margfalt hærra veltuútsvar en heimilt er að taka í Reykjavík af sams konar viðskiptum og jafnmiklum viðskiptum. Þetta sýnist mér vera fjarri öllu lagi, að heimila slíkt. Því er það, að ég hef ásamt hv. 4. þm. Reykn. borið fram á þskj. 517 brtt. um þetta atriði. Það er 1. brtt. á þskj. og er við 6. gr. Till. er þannig, að í staðinn fyrir umboðs- og heildverzlun, sem talin er í síðustu mgr. greinarinnar, komi umboðslaun, heildverzlun og annað ótalið. Þá verða umboðssalar jafnt settir í öllum kaupstöðunum, og þannig tel ég þetta eiga að vera. Ég tel það alveg fráleitt, að menn, sem vilja stunda slík viðskipti í öðrum kaupstöðum en Reykjavík, geti átt það á hættu, að á þá verði lagt veltuútsvar margfalt hærra en á þá, sem fara með slík viðskipti í Reykjavík, en það sýnist mér liggja fyrir, ef frv. verður ekki breytt.

Í 2. mgr. 8. gr. frv. segir, að útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu megi ekki nema meiru en 2½‰ af heildarveltu. Samkv. því, sem ég sagði áðan um það, að Reykjavík væri ekki heimilt að taka hærra veltuútsvar en 2% af umboðslaunum, þegar um umboðsviðskipti er að ræða, þá skilst mér, að þrátt

fyrir þetta ákvæði í 8. gr. geti Reykjavík ekki tekið meira veltuútsvar en 2% af umboðslaunum, þegar um sölu á landbúnaðarvörum er að ræða. Það hlýtur að gilda jafnt um þær vörur og aðrar, sem seldar eru eða keyptar í umboðssölu hér í Reykjavík. En þá mundi þessi heimild í 8. gr. aðeins snerta staði utan Reykjavíkur. Það væru þá aðeins staðir utan Reykjavíkur, sem mættu taka 2½‰ af heildarveltunni, Reykjavík væri það ekki heimilt, hún yrði að binda sig við sínar reglur frá í fyrra og taka aðeins 2% af umboðslaununum. En þetta 2½‰ af heildarveltunni er vitanlega miklu hærra gjald en 2% af umboðslaununum.

Við hv. 4. þm. Reykn. höfum því líka í 2. brtt. okkar á þskj. 517 lagt fram till. um það, að þessari 2. mgr. 8. gr. verði breytt þannig, að þegar um umboðssölu er að ræða á landbúnaðarvörum, þá sé ekki heimilt að taka meira veltuútsvar af þeim viðskiptum en 2% af umboðslaununum. Þá verða menn settir á sama bekk, þeir sem fást við það að selja slíkar vörur í umboðssölu, hvort sem þeir eru í Reykjavík eða í öðrum kaupstöðum eða á öðrum stöðum á landinu, og þannig á þetta að vera. Það er vitanlega ekki heil brú í því, að menn, sem taka að sér sölu á landbúnaðarvörum og eru búsettir annars staðar en í Reykjavík, þurfi að borga miklu hærra veltuútsvar af þeim viðskiptum en fyrirtæki í Reykjavík, sem annast verzlun með þessar vörur í umboðssölu.

Enn höfum við, ég og hv. 4. þm. Reykn., flutt brtt. við 13. gr. frv. Það er 3. og síðasta brtt. okkar á þskj. 517. Till. er um það, að á eftir 13. gr. komi ný grein, þannig:

„Veltuútsvar og eignarútsvar skal draga frá tekjum, áður en tekjuskattur er á þær lagður".

Við 2. umr. þessa máls bar hv. 4. þm. Reykn. fram till. um það, að tekjuútsvar, tekjuskattur og veltuútsvar mætti aldrei nema hærri upphæð samtals en 65% af hreinum tekjum gjaldanda. Þessi till. var felld hér í d. Úr því að svo fór um þá till., teljum við, að það sé alveg nauðsynlegt og sjálfsagt að setja ákvæði inn í frv. um það, að veltuútsvar megi draga frá tekjum, áður en tekjuskattur er á þær lagður, og við teljum, að það sama eigi að gilda um eignarútsvar, enda er það svo nú í lögum, að eignarskattur er frádráttarhæfur við álagningu tekjuskatts. Þetta er alveg eðlilegt. Það gegnir öðru máli um þetta en tekjuskatt og tekjuútsvör, því að þar er þó ekki tekinn nema ákveðinn hluti af hreinum tekjum gjaldanda. En það virðist vera ætlun meiri hluta þessarar hv. d. að leyfa að leggja á veltuútsvör án tillits til rekstrarafkomu gjaldanda, þannig að það sé hægt að leggja veltuútsvar á mann eða fyrirtæki, jafnvel þó að rekstur hans hafi engum hreinum hagnaði skilað. Þá er þetta í raun og veru bara eignaupptaka, og það er vissulega að bæta gráu ofan á svart, ef á svo að telja þær upphæðir, sem þannig eru af mönnum teknar, með skattskyldum tekjum þeirra, þannig að þeir verði að greiða á eftir tekjuskatt af þessum upphæðum.

Ég vænti þess, að mér hafi tekizt að gera þannig grein fyrir þessum brtt., að það sé ljóst þeim, sem á hafa hlýtt, að hverju þær stefna, og sé ekki ástæðu til að svo stöddu að fara um málið fleiri orðum.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hér hefur verið beint til mín nokkrum fyrirspurnum í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum. Hv. 5. þm. Norðurl. v. (JK) bar hér fram tvær fyrirspurnir, sem hann óskaði svars við. Í fyrsta lagi, hver væri orsök þeirrar bráðabirgðabreyt., sem nú er verið að gera á frv., og í öðru lagi, hver væri forsenda fyrir því, að veltuútsvarsgreiðendur hér í Reykjavík fengju heimild til þess að draga ýmis gjöld frá umsetningu samkv. 5. gr., c-lið, áður en veltuútsvar er lagt á þar, en þetta er ekki heimilað annars staðar.

Í sambandi við fyrri fsp. skal ég upplýsa það, að n. sú, sem ætlað var að undirbúa löggjöf um heildarendurskoðun útsvarslaganna, undirbúa þá löggjöf, sem yrði lögð fram í því sambandi, var alveg sammála um, að bezta og raunhæfasta leiðin til þess að fá einhvern grundvöll til þess að vinna eftir í því sambandi, væri að láta í ár fara fram niðurjöfnun útsvara um land allt eftir ákveðnum reglum, sem fyrir fram væru markaðar hér á hinu háa Alþ., þ. e. a. s. gera till. um að samræma útsvarsstigana og láta síðan, eftir að niðurjöfnunarnefndir hefðu lagt á eftir þeim, vinna úr þeim gögnum, sem þá lægju fyrir, til þess að reyna að finna út grundvöll, sem hæfur væri fyrir kaupstaðina sér í lagi og hin smærri sveitarfélög sér í lagi að vinna á við niðurjöfnun útsvaranna eftirleiðis. Ég gat um það í framsöguræðu minni, að að vísu hefðu verið til fleiri leiðir í þessu sambandi, t. d. að láta fara fram skýrslusöfnun um land allt í þessu sambandi. En slíkt er mjög mikið verk, það lá alveg ljóst fyrir. Og í öðru lagi hefur orðið veruleg breyt. á í þessu sambandi, eftir að lög um jöfnunarsjóð sveitarfélaga voru samþ., þannig að nokkuð er ljóst, að sá tekjugrundvöllur, sem kaupstaðirnir og sveitarfélögin hafa haft áður til að leggja á, ef hann helzt óbreyttur, þá þolir hann lægri útsvarsstiga en áður en lögin um jöfnunarsjóð voru samþykkt, þar sem jöfnunarsjóður gefur sveitarfélögunum og þá frekast hinum smærri sveitarfélögum auknar tekjur, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, allt að 35%, miðað við þau útsvör, sem lögð voru á 1959, og má ætla að óbreyttum ástæðum nokkru hærri prósentutölu við álagningu útsvara eftirleiðis. Hjá kaupstöðum er þetta allmiklu lægra hlutfallslega, en lá þó nokkuð ljóst fyrir, að jöfnunarsjóðsframlag til kaupstaðanna mundi nema 10—12%, miðað við þau útsvör, sem þar hefðu verið lögð á áður. Það liggur í augum uppi, að nýr tekjustofn á að auka líkurnar fyrir

því, að hægt sé að samræma útsvarsstigana, fækka þeim, eins og við höfum trú á, sem að þessu höfum starfað, þannig að eftirleiðis verði hægt að hafa aðeins einn útsvarsstiga fyrir kaupstaðina alla, þar með talda Reykjavík, og annan, sem sveitarfélögin öll gætu notað til þess að ná inn heildarupphæð útsvara hvert hjá sér. Þetta er ástæðan fyrir því, að n. lagði til, að þessi bráðabirgðabreyt., sem hér liggur fyrir, yrði gerð á útsvarslögunum nú á þessu þingi, í því skyni að fá einhvern raunhæfan grundvöll til þess að vinna eftir við heildarendurskoðun útsvarslaganna síðar á þessu ári.

Forsenda fyrir því, að veltuútsvarsgreiðendur í Reykjavík fá að draga ýmis útgjöld frá heildarveltu, áður en veltuútsvar er lagt á þá, er sú, að þetta hefur verið gert undanfarið í Reykjavík, en ekki í öðrum kaupstöðum. Útsvarsstigi Reykjavíkur var tekinn inn í frv. óbreyttur, og n. sá ekki ástæðu til og taldi ekki eðlilegt að taka þetta eina atriði út úr, þar sem þetta hafði verið hér árum saman, og sá heldur ekki ástæðu til að skylda kaupstaðina til að gera þetta, þar sem þeir höfðu ekki gert það áður, þar sem hér var um breyt. að ræða, sem aðeins á að gilda við niðurjöfnun útsvaranna í ár.

Ég vona, að þetta sé fullnægjandi svar við fsp. þessa hv. þm.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) bar hér einnig fram fsp., sem hann beindi til mín sem frsm. fyrir till. heilbr.- og félmn., og skal ég leitast við að svara þeim einnig.

Það var í fyrsta lagi varðandi veltuútsvör á vörur í umboðssölu og í öðru lagi, hver væri velta mjólkurbúa og sláturhúsa.

Um álagningu veltuútsvars á vörur í umboðssölu er það að segja, að fram að þessu hafa niðurjöfnunarnefndir um land allt verið látnar ákveða hver um sig og eftir sínum eigin reglum, hvenær útsvar væri lagt á umboðslaun og hvenær á andvirði seldra vara. Mér er það kunnugt, að reglur hinna einstöku n. í þessu sambandi eru nokkuð mismunandi, en víðast hvar hefur þó í höfuðdráttum verið fylgt þeirri reglu, að þar sem umboðslaun eru mjög há, eins og á sér stað um einstakar vörur og ég tilgreindi í framsöguræðu minni, eins og t. d. í sambandi við bókasölu og tímaritasölu, þar sem umboðslaun nema 20—25% af andvirði vörunnar, að þar mun í flestum tilfellum hafa verið lagt á andvirði vörunnar eftir þeim reglum, sem gilt hafa á hverjum stað, en ekki á umboðslaunin. Umboðslaun þessara vara eru svo há, að þau eru mun hærri en leyfð álagning á marga aðra vöruflokka, sem veltuútsvar hefur verið lagt á. Veltuútsvar á vörur í umboðssölu, sem eru með lágum umboðslaunum, mun því víðast hvar hafa verið fellt niður eða þá aðeins lagt á umboðslaunin eða þær tekjur, sem þau hafa gefið.

Eins og margsinnis hefur verið tekið fram, er hér aðeins um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum að ræða, sem gert er ráð fyrir að gildi aðeins við niðurjöfnun útsvara nú í ár. Er ekki í frv. gert ráð fyrir, að breyt. verði á þessu við þá niðurjöfnun, sem í hönd fer. Það er í því ekkert ákvæði um að breyta þeirri aðstöðu, sem sveitarfélögin hafa haft í þessu sambandi, og reiknað með, að það haldist óbreytt og hvert þeirra hafi þær reglur, að því er þetta varðar, sem verið hafa fram að þessu. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að þetta er atriði, sem þarf mjög náinnar og mjög nákvæmrar athugunar við. En að sjálfsögðu hlýtur við heildarendurskoðun útsvarslaganna að verða mörkuð þarna föst og ákveðin leið, þannig að það verði ekki um það deilt, hvenær ber að leggja á umboðslaun og hvenær á andvirði vara, sem seldar eru í umboðssölu.

Um mjólkurbú og sláturhús er það að segja, að telja verður, að ákvæði 1. mgr. 8. gr. sé alveg tæmandi hvað þessa aðila varðar, þar sem beinlínis segir, að þeir skuli undanþegnir veltuútsvari. Það skiptir því að sjálfsögðu minna máli, hvað talin er velta þessara fyrirtækja, þegar það liggur ljóst fyrir samkv. þessari tilvitnuðu grein, að hún er útsvarsfrí. En ég skal þó ræða þetta nokkru nánar.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni og ég hef hér bent á, er andvirði þeirra vara, sem þessir aðilar hafa til meðferðar, undanskilin því, að á hana verði lagt veltuútsvar. Vegna spurningar hv. 4. þm. Reykn. vil ég láta það koma fram hér sem mitt álit, að ég tel engan vafa á því, að þær vörur, sem hjá þessum aðilum eru á vinnslustigi, séu jafnt undanþegnar útsvari, þó að þær einhvern tíma séu t. d. í frystigeymslu og afhentar aftur þaðan til sölu. Ég tel engan stigsmun á því, þó að þær séu einhvern tíma hjá þessum aðilum í ákveðnu geymsluformi, að á þær ber ekki að leggja fyrr en þessir aðilar hafa skilað þeim frá sér. Þó skal það tekið fram, að ef þessir aðilar, t. d. sláturhús, önnuðust úr opnum sölubúðum sölu þessara vara og dreifingu þeirra til neytenda, þá mundi ég telja, að það kæmi undir þá heimild, er sveitarstjórnunum er gefin til að leggja á veltuútsvar, en meðan þær eru á vinnslustiginu hjá sláturhúsunum, þá væri ekki heimilt að leggja á þær, fyrr en þær væru þaðan afhentar.

Varðandi mjólkurbúin er alveg sama að segja, nema að því viðbættu, að Mjólkursamsalan er með sérstökum lögum undanþegin veltuútsvari. Og ég vil ítreka það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að ég teldi það óeðlilegt, að lagt væri á vöruna á vinnslustigi hjá þeim aðila, sem vinnur hana, ef síðan ætti að gefa heimild til að leggja á hana við sölu, þar sem aðalútsala mjólkurinnar hér í höfuðborginni er undanþegin þessu ákvæði með sérstökum lögum, þannig að ég tel, að 8. gr. sé fullskýr um það, að ekki sé heimild til álags veltuútsvars á þessa aðila, fyrr en þeir hafa skilað vörunum frá sér, nema svo sé, að þeir sjálfir hafi sölubúðir, sem annist dreifinguna til neytenda, þá hljóti þeir eins og aðrir að koma undir þær reglur, sem gilda þar um samkvæmt frv.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) var hér með ábendingar um þann mun, sem er á ákvæðum 5. gr. varðandi Reykjavík og ákvæði 6. gr. varðandi aðra kaupstaði, þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að í Reykjavík sé aðeins lagt á umboðslaun, en öðrum kaupstöðum heimilað að leggja allt að 2% á umboðssölu. Þetta byggist á því sama, sem ég benti á í svari mínu til hv. 5. þm. Norðurl. v., að aðstaðan hefur fram að þessu verið þannig, og n. þótti ekki rétt við þessa bráðabirgðabreyt., sem ná á til niðurjöfnunar aðeins í ár, að raska þeim grundvelli, sem þar er. Þó er það svo, að samkv. 8. gr. er fram tekið, að útsvar á veltu megi ekki nema hærri hundraðshluta miðað við tegund gjaldstofns en var á hverjum stað árið 1959. Þetta vill segja, að hafi niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur t. d. í einhverjum sérstökum tilfellum lagt á andvirði seldra vara í umboðssölu, en ekki umboðslaunin, þá gefur þessi málsgr. 8. gr. aðstöðu til, að svo verði, þar sem stiginn frá s. l. ári er tekinn óbreyttur inn, að þá hljóta einnig þau frávik, sem frá honum kunna að hafa verið, sem mér er ekki kunnugt um, einnig að gilda.

Ég held, að ég hafi með þessu svarað þeim fsp., sem til mín hefur verið beint í sambandi við þetta mál.

Það hefur komið fram við þessar umr., nokkuð verið rætt og allýtarlega t. d. af hv. 3. þm. Reykv., sem mér þykir ástæða til þess að fara nokkrum orðum um, en það var um ákvæði útsvarslaganna um efni og ástæður. Þessi hv. þm. fordæmdi það mjög, að taka ætti þetta ákvæði út úr útsvarslögunum, og taldi, að það mundi jafnvel svipta sveitarfélögin sjálfsforræði sínu. Ég er þar mjög á annarri skoðun af þeirri reynslu, sem ég um margra ára skeið hef af þessu haft, þar sem þetta ákvæði útsvarslaganna er mörg undanfarin ár búið að vera gersamlega dauður bókstafur í útsvarslögunum og óvirkt. Ég þarf ekki að fara að fjölyrða um það frekar en ég gerði í framsöguræðu minni, að svo er við niðurjöfnun útsvara, að ef niðurjöfnunarnefndirnar vilja gera breyt. á framtölum, þá er þess krafizt af þeim beinlínis, að þær sanni tölulega þær breyt., sem þær gera. Það mundu ekki vera, hvorki af yfirskattanefndum né af ríkisskattanefnd, talin fullgild rök af hendi niðurjöfnunarnefndar, þó að hún vildi halda því fram, að þessi og þessi aðilinn hefði efni og ástæður til að greiða svo og svo mikið, heldur mundu yfirskattanefndirnar krefjast þess, að niðurjöfnunarnefndir héldu sér gagnvart þessum aðilum eins og öðrum innan þess ramma, innan þeirra reglna, sem starfað væri eftir. Ég sé ekki, að það geti verið nein röskun eða hætta á, að sjálfsforræði sveitarfélaganna fari forgörðum, þó að þetta ákvæði sé tekið út úr útsvarslögunum, þar sem, eins og ég hef sagt, það hefur verið dauður bókstafur þar um mörg ár. Aðstæður allar um rekstur sveitarfélaganna hafa gerbreytzt síðustu áratugina, og er svo komið, að útgjöld þeirra eru bundin samkvæmt lögum að mjög miklu leyti og víst í flestum sveitarfélögum að 75—80%. Það má þá segja, að ef það er að svipta sveitarfélögin sjálfsforræði að taka þetta ákvæði út úr útsvarslögunum, þá er það ekki síður að svipta þau fjárhagslegu sjálfsforræði að ákveða með lögum, hvernig meginhluti útgjalda þeirra skuli vera. Ég er, eins og ég sagði, alveg á öndverðri skoðun við hv. 3. þm. Reykv. Ég tel það til bóta fyrir sveitarfélögin, að þetta ákvæði er tekið út úr lögum, frekar en það sé þeim til ama.

Þá hefur því mjög verið haldið hér á loft í sambandi við það ákvæði, sem í þessu frv. er, um heimild sveitarfélaga til að leggja veltuútsvar á samvinnufélögin, að félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna væru ekki verzlunarviðskipti, heldur væri þar um þjónustu að ræða, þar fari ekki fram kaup og sala, eins og það hugtak almennt er túlkað, heldur væri þarna um þjónustu frá hendi samvinnufélaganna að ræða. Ég get ekki túlkað þetta atriði á þá leið og ekki fallizt á þá túlkun, sem hér hefur komið fram í þessu sambandi. Ég sé ekki, hvaða stigsmunur er á því, þegar maður, sem er félagi t. d. í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, kemur inn í sölubúðir þess hér í höfuðstaðnum, kaupir þar ákveðnar vörur, greiðir þær við búðarborðið, fer með þær út úr verzluninni, — þá sé ég ekki, hvaða munur er á því og venjulegum viðskiptum milli kaupmanna og þeirra, sem þeir selja. Ég held, að þetta ákvæði verði aldrei túlkað undir annað en að þarna fari fram kaup og sala. Það er það, sem gerist. Viðkomandi aðilar fá sínar vörur, greiða fyrir þær og hafa þar með eignazt þær, og verður varla vefengt með nokkrum rökum, að þetta séu mjög eðlileg viðskipti og þarna eigi sér sala á vörum stað.

Ég held því fram, eins og ég gerði í framsöguræðu minni, að þeim sveitarfélögum, sem þess óska, eigi að vera heimilt að láta samvinnufélög eins og aðra aðila og eftir alveg sömu reglum, hvorki betri né verri, greiða þá þjónustu, sem sveitarfélögin láta þessum aðilum í té. Ef samvinnufélögin, eins og hér hefur verið staðhæft, láta sínum viðskiptamönnum í té þjónustu umfram það, sem á sér stað í venjulegum viðskiptum, þá eiga þau að láta þá, sem þjónustunnar njóta, greiða hana, en ekki að vera að rugla því saman við útgjöld sveitarfélagsins og krefjast af þeim orsökum annarrar aðstöðu um greiðslu til síns sveitar- og bæjarfélags heldur en aðrir hafa. Ég tel miklu eðlilegra og heilbrigðara, að samvinnufélögin láti greiða þá þjónustu, sem þau láta í té, en séu ekki að reka hana á kostnað síns sveitarfélags og í skjóli þess að krefjast annarrar aðstöðu en aðrir, sem þar búa.

Ég held, að fleiri fsp. hafi ekki verið til mín beint en ég hef hér svarað, og vona, að svör mín séu nægileg skýring fyrir þá, sem fsp. hafa til mín beint.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Afnám lágra tekjuskatta láglaunamanna var í vetur haft að skálkaskjóli til þess að tryggja niðurfellingu margfalt hærri skatta hinna tekjuhærri þjóðfélagsþegna, en sömu og þó margfalt hærri upphæðum náð inn aftur til ríkisins með neyzlusköttum, sem koma harðast niður á barnmörgum fjölskyldum. Ekki þykir þó nóg að gert í því efni að bæta hag hátekjumanna. Þrátt fyrir breytingar á skattheimtu til ríkisins til hagsbóta fyrir hátekjumenn, urðu þeir eftir sem áður að sætta sig við, að sveitarfélög hefðu allfrjálsar hendur um álagningu útsvara til að standa straum af kostnaði við rekstur sveitarfélaganna. Og við þá skattlagningu urðu auðmenn að sætta sig við það, að álagningunni væri ekki hagað á þann veg, að þeir greiddu mest, sem stærstar hafa fjölskyldurnar, eins og átti sér stað um hina stórauknu neyzluskatta til ríkisins, heldur urðu menn að greiða útsvör í nokkru hlutfalli við tekjur og efni og ástæður að öðru leyti.

Lög um útsvör hafa fram til þessa tryggt sveitarfélögum rétt til þess að afla útsvaranna, en sveitarfélögunum að öðru leyti gefið frjálsræði um tilhögun álagningarinnar, sem beinlínis var gert ráð fyrir að færi fram með hliðsjón af efnum og ástæðum gjaldenda. Við þetta frelsi sveitarfélaganna hafa hinir tekjuhærri skjólstæðingar ríkisstjórnarflokkanna ekki getað unað, eftir að hafa fengið blóð á tönnina við breyt. á tekjuskattsl. í vetur. Og með því frv., sem hér liggur fyrir, er stigið fyrsta skrefið í þá átt að svipta sveitarstjórnir réttinum til að ráða tilhögun um útsvarsálagningu, og með því stíga ríkisstjórnarflokkarnir um leið annað skrefið í þá átt að létta beinum sköttum af hinum tekjuhærri á kostnað þeirra, sem minni hafa tekjurnar. Með því að skipa sveitarstjórnum fyrir um, eftir hvernig útsvarsstiga skuli farið við álagningu, er verið að svipta þær því frelsi, sem þær hafa haft til að meta sjálfar hverju sinni, hvernig útsvarsálagningunni verði bezt hagað. Og með því að lögbjóða, að lækka skuli þá tekjuhæð hvers gjaldanda, sem lögð er til grundvallar við álagningu, um þá upphæð, sem útsvar hans nam árið fyrir álagningu, hafi hann greitt það að fullu fyrir áramót, eru langsamlega mest lækkuð útsvör þeirra, sem hæstar hafa tekjurnar, svo sem margsýnt hefur verið fram á við þessar umr. Þessarar lækkunar eiga þeir að njóta, sem hæst hafa haft útsvörin og bezta aðstöðuna til að greiða þau, því að þrátt fyrir stighækkandi útsvör eiga þeir, sem hæstu útsvörin greiða vegna hæstu teknanna, að sjálfsögðu hægast með að greiða þau.

Samkvæmt þeim útsvarsstiga, sem nú á að lögbjóða í kaupstöðum eða í Reykjavík, á t. d. einhleypur maður með 130 þús. kr. skattskyldar tekjur að greiða 27390 kr. í útsvar og á þá eftir um 102600 kr. af tekjum sínum til annarra nota fyrir sína einu persónu. En fjölskyldumaður með 3 börn og 60 þús. kr. tekjur á af þeim að greiða 4290 kr. í útsvar og á þá eftir um 55700 kr. til afnota fyrir 5 manna fjölskyldu, og dylst auðvitað engum, hvor þessara manna á auðveldara með að greiða útsvör sín, ekki sízt nú eftir stórfellda hækkun neyzluskatta og stórlækkun á tekjuskatti hins tekjuhærra einhleypings. Og auðsýnt er, hvor þeirra á hægara um vik að njóta frádráttarhlunnindanna vegna greiðslu á útsvari fyrir áramót. Takist hinum tekjuhærri að greiða útsvarið fyrir tilskilinn tíma, en fjölskyldumanninum ekki, þá greiðir fjölskyldumaðurinn lækkunina á útsvari einhleypingsins, með því að sveitarfélagið þarf að fá jafnháa heildarupphæð útsvara þrátt fyrir lækkun á útsvörum þeirra, sem greiða fyrir áramót, og verður því að hækka útsvörin sem frádrættinum nemur.

En svo langt hefur gengið áróður ríkisstjórnarflokkanna fyrir því að láta lögbjóða röskun á mati skattskyldra tekna vegna greiðslu á útsvari fyrir tilskilinn gjalddaga, að þeir hafa beinlínis reynt að láta fólk trúa því, að þessi nýja regla valdi lækkunum á heildarútsvörum borgaranna. Ef tekjuöflun sveitarfélaganna væri svo auðveld, þá væri margt hægara en nú er. En vitaskuld getur ekkert sveitarfélag lækkað heildarupphæð útsvara, nema annaðhvort komi til: afnám gjalda eða nýjar tekjur, en um hvorugt er að ræða, þótt útsvör séu dregin frá skattskyldum tekjum einstakra gjaldenda. Sú útsvarsupphæð, sem sveitarfélagið þarf að leggja á, er hin sama eftir sem áður, en hins vegar veldur þessi regla breytingu á útsvörum til gjaldenda innbyrðis, hinum lægra launuðu í óhag. Þegar fylgismenn ríkisstjórnarflokkanna ganga þó ekki svo langt að halda fram blekkingunni um almenna lækkun útsvara vegna þessarar reglu um frádrátt vegna greiðslu á útsvari fyrra árs, þá er tekin upp sú vörn, að sveitarfélögin muni njóta góðs af henni vegna greiðari útsvarsinnheimtu. Og ekki neita ég því, að svo muni vera, þótt mér þyki ekki sá kostur nægja til þess, að hægt sé að fylgja því, að hún verði tekin upp.

Við 2. umr. um þetta frv. var felld till. um að nema úr frv. ákvæði um skyldu sveitarfélaga til að draga frá skattskyldum tekjum gjaldenda útsvar fyrra árs, hafi það verið greitt að fullu fyrir áramót. Hv. 11. landsk. þm. (GJóh) og ég höfum talið rétt að freista þess að fá fram þá breytingu við 3. umr. um frv., að sveitarstjórnum sé í sjálfsvald sett, hvort þær nota þetta ákvæði eða ekki, og flytjum á þskj. 528 brtt. í þá átt.

Ef sveitarstjórnir eru jafnsannfærðar og hv. þm. ríkisstj. um ágæti frádráttarreglunnar, þá mun víst ekki standa á þeim að nota sér heimildina. En ef einhverjir kynnu að líta meir á þær innbyrðis breytingar á útsvörum gjaldenda, sem af henni getur leitt, þá teljum við rétt, að þeim sé heimilt að ákveða, að reglunni skuli ekki beitt. Við teljum alla vega rétt og sanngjarnt, að sveitarstjórnirnar fái sjálfar að velja hér á milli.

Þá leggjum við til, að ákvæðunum verði breytt á þann veg, að ekki sé skylt, að allt

útsvarið sé greitt fyrir áramót næsta á undan niðurjöfnun, heldur verði frá tekjunum dreginn sá hluti útsvarsins, sem greiddur hefur verið fyrir áramót, mínus það, sem á vantar, að staðið hafi verið við fyrirframgreiðslu, en skv. ákvörðun sveitarstjórnarinnar er gjaldendum gert að greiða 50% af útsvari fyrra árs fyrir 1. júní það ár, sem útsvar er á lagt. Það er sveitarstjórn að vísu mikils virði, að útsvör séu greidd að sem mestu leyti fyrir áramót, en það er ekki síður mikilvægt, að þau séu greidd jafnhliða því, sem greiðsluþörf sveitarfélagsins kemur til, og að sem næst helmingur útsvara sé greiddur á miðju ári.

Till. þessa berum við fram í tvennu lagi. Í fyrsta lagi, að frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna greiðslu útsvars fyrra árs verði miðaður við það, sem greitt hefur verið af útsvarinu fyrir áramót, án tillits til þess eingöngu, hvort það hefur verið greitt að fullu eða ekki, og að sveitarstjórnum sé í sjálfsvald sett við hverja niðurjöfnun, hvort þær beiti reglunni eða ekki. Og í öðru lagi till. um, að frádrátturinn sé ekki gefinn á þeim hluta fyrirframgreiðslu, sem ógreiddur er á síðasta gjalddaga, þ. e. 1. júní. Við teljum, að ef það er á annað borð samþykkt, að draga megi frá tekjum greitt útsvar, og það sé í og með gert til þess að örva innheimtu vegna sveitarfélaganna, þá sé það engu síður nauðsynlegt, að staðið sé í skilum um fyrirframgreiðslur, en ekki sé nóg, að gjaldendur greiði allt útsvar í árslok. Af launamönnum eru útsvör yfirleitt tekin viku- eða mánaðarlega á vinnustað, og þeir eru að jafnaði búnir að greiða tiltölulega hærri hluta af útsvörum sínum á miðju ári en hinir, sem taka ekki laun sín hjá öðrum og hafa margir hverjir hærri tekjur og útsvör, en mundu samkvæmt frv., eins og það er, njóta fullrar ívilnunar, þótt þeir snertu ekki við útsvarsgreiðslu fyrr en rétt undir áramótin.

Ég vænti þess, að þótt einhverjir hv. þm. stjórnarflokkanna felli sig ekki við fyrri hluta brtt. um, að sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett, hvort þau beita frádráttarreglunni, þá geti þeir fylgt síðari hluta brtt. um, að við frádráttinn sé tekið tillit til þess, hversu gjaldandi hefur staðið í skilum um fyrirframgreiðslu útsvarsins til sveitarsjóðsins.

Eins og ég minntist á áðan, er þetta frv. annað sporið á þessu þingi í þá átt að létta beinum sköttum af hátekjumönnum, og er það í fullu samræmi við þá jafnréttisbaráttu Alþfl. og Sjálfstfl., sem rekin er undir kjörorðinu: Jafnir skattar hjá öllum án tillits til tekna. — Og að hinu leytinu er um að ræða viðleitni flokkanna til þess að skerða rétt sveitarfélaganna og gera þau háðari ríkisvaldinu en verið hefur. Þessar breyt. á útsvarsl. eru réttlættar með því, að til þessa hafi útsvarsstigar verið svo mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu, að setja þurfi löggjöf um samræmingu þeirra, og látið líta svo út, að með þessum lögum sé verið að samræma þá. Þessi áróður hefur gengið svo langt, að jafnvel hv. frsm. 2. minni hl. heilbr.- og félmn. taldi við umr. um þessi mál, að skerðingin á rétti sveitarfélaganna með þessu frv. væri lítilvæg á móts við að fá þessa samræmingu fram.

Gallinn er aðeins sá, að þetta frv. sviptir sveitarfélögin óneitanlega aldagömlu frelsi um niðurjöfnun gjalda innan sveitarfélaganna, en það bætir á engan hátt úr misræminu á útsvarsstigunum og misrétti milli gjaldenda hinna ýmsu sveitarfélaga. Frv. aðeins viðurkennir misréttið og staðfestir það, en afnemur það ekki og bætir í engu úr því.

Svo sem getið er í grg. fyrir þáltill., sem við þrír þm. Alþb. höfum flutt um landsútsvör, eru orsakirnar til þess, að útsvarsstigar sveitarfélaganna eru mismunandi, annars vegar eðlilegar vegna þess, að þarfir sveitarfélaganna eru misjafnar og t. d. aðstaða dreifbýlisins öll önnur en þéttbýlisins til þess að veita þá þjónustu, sem um getur verið að ræða í kaupstöðum. Þess vegna er eðlilegt, að útsvarsstigar geti verið hærri í þeim sveitarfélögum, sem jafnframt geta veitt meiri þjónustu. Hins vegar er svo sú orsök til misræmis útsvarsstiganna, sem þáltill. er ætlað að ráða bót á, þ. e. hið hróplega misrétti, sem kemur fram í því, að eitt sveitarfélag sérstaklega nýtur þeirrar sérstöðu að fá stórkostlegar útsvarstekjur frá fyrirtækjum, sem taka tekjur sínar frá öllum landsmönnum, — fyrirtækjum, sem þetta eina sveitarfélag fær allar tekjur frá, en íbúar allra sveitarfélaga greiða til. Hafi verið ástæða til að breyta útsvarsl. á þessu þingi, var það fyrst og fremst til þess að bæta úr þessu misrétti. Það er ekki gert, heldur hefur meiri hl. þessarar hv. d. beinlínis fellt að bæta úr þessum rangindum, sem landsbúar utan Reykjavíkur eru beittir, en misréttið staðfest með því að lögbjóða 3 mismunandi útsvarsstiga, lægstan fyrir Reykvíkinga, en hærri fyrir aðra landsmenn. Vegna þeirra sérstöku hlunninda Reykjavíkur að geta setið ein að útsvörum landsfyrirtækja, hefur höfuðborgin getað státað af lægri útsvarsstiga á einstaklinga en aðrir kaupstaðir, og hefur þó munurinn þess vegna átt að geta verið enn meiri en verið hefur. Mismunurinn á útsvarsstiga Reykjavíkur og annarra kaupstaða hefur síðan verið notaður af íhaldinu í Reykjavík, sem með stjórn borgarinnar hefur farið, svo og af íhaldsmönnum í þeim kaupstöðum, þar sem þeir fara ekki með stjórn, til þess að halda fram þeirri kenningu, að orsakasamhengi væri á milli þess, að í Reykjavík væri stjórn Sjálfstfl. og þar væri lægri útsvarsstigi en annars staðar. Morgunblaðið hefur fyrir hverjar bæjarstjórnarkosningar birt myndasíður af misstórum kössum og pokum, sem áttu að tákna útsvarsbyrðar manna í hinum einstöku sveitarfélögum, og kassi eða skjatti Reykvíkinga verið þar snöggt um minni en annarra, en þess vandlega gætt, að hvergi væri á það minnzt, að utanborgarmenn bæru í sínum byrðum hluta af því, sem Reykvíkingar ættu með réttu að bera. Myndamótin voru síðan send íhaldsmönnum í þeim kaup-

stöðum, þar sem þeir voru í stjórnarandstöðu, til þess að þeir gætu sýnt samborgurum sínum fram á, að ekki þyrfti annað en fela þeim stjórnina, til þess að gjaldapoki bæjarbúanna skryppi saman í Reykjavíkurstærð. Vegna þessarar sérstöðu Reykjavíkur um einkarétt til útsvarsálagningar á landsfyrirtæki hafa ráðamenn hennar haft úr meira að spila, miðað við íbúatölu, en önnur bæjarfélög, en samtímis getað haft útsvör á hliðstæðar tekjur einstaklinga lægri en aðrir bæir.

Svo margt illt sem segja má um það frv., sem hér liggur fyrir, má þó segja, að það sé ekki einskis virði að fá nú með frv. viðurkennt, að að óbreyttum útsvarsl. varðandi landsútsvör telja flutningsmenn og stuðningsmenn þess óhugsandi, að hægt sé að ætlast til þess, að sami útsvarsstigi geti gilt úti á landi annars vegar og í Reykjavík hins vegar. Kassa- og pokaáróður íhaldsins um orsakasamhengið milli íhaldsstjórnar í Reykjavík og lægri útsvarsstiga þar en annars staðar er að engu gerður. En þeir sömu menn, sem með þessu viðurkenna, að útsvörin hafi verið lægri í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum einungis vegna sérstöðu og sérréttinda Reykjavíkur, ætla sér samt ekki að afnema þessa sérstöðu og þau rangindi, sem landsmenn utan Reykjavíkur eru beittir. Nei, nei, þeir staðfesta rangindin með því að lögfesta útsvarsstiga Reykvíkinga og tvo hærri útsvarsstiga fyrir aðra landsmenn.

Það er því grundvallarmisskilningur, að þetta frv. miði að því að samræma útsvarsstiga sveitarfélaganna. Öðru nær, ósamræmið, sem verið hefur og stafar af misrétti, því, að sveitarfélögum er mismunað í tekjuöflun, er lögfest, en beinlínis fellt að bæta úr þeim rangindum, sem valda misháum útsvarsstigum.

Það, sem fyrst og fremst þurfti að gera varðandi breyt. á útsvarsálagningu á landsmenn, var að tryggja sem mest jafnrétti milli sveitarfélaga með því að lögfesta landsútsvör á þau fyrirtæki, sem reka starfsemi, sem nær til landsins alls, — landsútsvör, sem síðan yrði skipt milli allra sveitarfélaga í landinu. Eftir að sveitarfélögunum hefði verið gert jafnhátt undir höfði, hefði verið hægt að ætlast til þess, að sveitarfélög landsins legðu á íbúana sambærileg gjöld. Þess ber hins vegar að geta varðandi lögfestingu ákveðins útsvarsstiga fyrir einstakt sveitarfélag, að það er jafnvel ekki endilega sjálfsagt, að sveitarfélag geti eða kjósi að nota sama útsvarsstiga tvö ár í röð. Þarfirnar fyrir fé í sveitarsjóðinn geta verið misjafnar frá ári til árs. Eitt árið getur hagað svo til, að leggja þurfi í fjárfrekar framkvæmdir fram yfir það, sem vanalegt er, byggja skólahús, tryggja atvinnuöryggi með stofnsetningu atvinnufyrirtækis, og útsvarsstigi þurfi því að vera hærri. Annað árið getur útsvarsstigi verið lægri, vegna þess að um slíkar framkvæmdir er ekki að ræða eða vegna góðæris og hárra tekna, sem veldur því, að sami útsvarsstigi gefur miklum mun hærri heildarútsvör en árið áður, og þá er unnt að lækka útsvarsstigann. Þetta á að vera málefni sveitarfélagsins sjálfs.

En nú gerist það, að hv. Alþ. tekur sig til og skipar svo fyrir, að gefi útsvarsstiginn sjáanlega of mikið, þá skuli samt lagt á eftir honum, en útsvörin síðan hvert um sig lækkuð þannig, að álagningarupphæðin og áætlunarupphæðin jafnist. Hvernig kemur það út? Við skulum taka dæmi. Skv. þessu frv. skipa lögin svo fyrir, að persónufrádráttur sé fyrir konu 800 kr., fyrir 1. barn 1000 kr., fyrir 2. barn 1100 kr. og fyrir 3. barn 1200 kr., þ. e. a. s. 4100 kr. skuli muna á útsvari manna með jafnháar tekjur, ef annar er einhleypur, en hinn kvæntur og á 3 börn. Hvað verður um þetta lagaboð, ef útsvarsstigi, sem skylt er að leggja á eftir, reynist 20% of hár? Við skulum segja, að einhleypingurinn hafi skv. stiganum átt að bera 6000 kr. útsvar, en hinn kvænti með 3 börnin þá 6000 kr. mínus 4100 kr., þ. e. a. s. 1900 kr. Nú skal skv. lögunum í þessu tilfelli lækka bæði útsvörin um 20%. Einhleypingurinn lækkar um 1200 kr., úr 6000 í 4800 kr., en kvænti maðurinn með 3 börnin — útsvar hans lækkar auðvitað minna. Það er í samræmi við jafnréttið og bræðralagið. Það lækkar ekki um 1200 kr., heldur um 380 kr., úr 1900 kr. í 1520 kr. Nú er mismunurinn á útsvörum þessara tveggja manna orðinn 4800 kr. mínus 1520 kr., eða 3280 kr. í stað 4100, áður en útsvörin voru lækkuð, þ. e. a. s. persónufrádrátturinn lækkar vitaskuld um 20% eða um 820 kr. Persónufrádrátturinn, sem skv. lögum skal vera hjá þessum manni 4100 kr., er nú líka skv. lögum kominn niður í 3280 kr. Það yrði líklega ekki fyrir aðrar stofnanir en gerðardóma að skera úr, ef gjaldandinn heimtaði sinn lögskipaða persónufrádrátt og engar refjar.

Í þessu tilfelli hefði það hins vegar gerzt hjá flestum sveitarstjórnum, ef þær fengju að fara með sín mál áfram sem hingað til, að þær hefðu lækkað sjálfan stigann, fengið í byrjun reiknað út hjá skýrsluvélum, hvað upphaflegi stiginn gæfi um of, og síðan lækkað hann með aðstoð skýrsluvéla, ef þörf krefur, og jafnvel gert annað jafnframt, fyrst hægt var að lækka útsvörin á annað borð. Þær hefðu hækkað persónufrádráttinn, þveröfugt við það, sem þeim er nú skipað að gera. Ýmsum sveitarstjórnarmönnum mundi nefnilega þykja það sanngjarnt, að ef unnt væri að lækka útsvör, þá fengju barnafjölskyldur ekki hvað sízt að njóta þess. Í sumum tilfellum mundu sveitarstjórnirnar nota lækkunina til þess að lækka sérstaklega útsvör þeirra einstaklinga, sem erfiðast eiga. Þetta gera niðurjöfnunarnefndir í kaupstöðum. Og það er alrangt, sem hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. hélt fram í framsöguræðu sinni, að ekki sé lengur um það að ræða, að lagt sé á gjaldendur eftir efnum og ástæðum.

Nei, það er ástæðulaust og hættulegt, að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á sveitarstjórnum um tilhögun útsvarsálagningar. Ég ítreka það, að það, sem nú hefði átt að gera, var að tryggja framgang landsútsvara til þess að

veita sveitarfélögunum jafnrétti. Fyrst þarf að uppræta eina helztu orsökina til mishárra útsvarsstiga, og þá kemur samræmið sem afleiðing af því. Jafnframt hefði þurft að tryggja stóraukið skatteftirlit með skipulögðum grundvallarrannsóknum ákveðins hluta framtala eftir hverja niðurjöfnun og hörð viðurlög við skattsvikum, svo sem aðrar þjóðir hafa gert. Það hefði leitt til aukins jafnréttis innbyrðis milli íbúa sveitarfélaganna og mundi stuðla að því að gera sveitarfélögum kleift að lækka útsvarsstigann. Þá fyrst væri einhver glóra í baráttu framsóknarmanna fyrir að létta á veltuútsvörunum. Það er alveg sama sagan um landsútsvör og mismunandi skattstiga annars vegar og veltuútsvör og skatteftirlitið hins vegar. Fyrst þurfa að koma landsútsvör, og þá er hægt að ætlast til samsvarandi útsvarsstiga, og fyrst þarf að tryggja eftirlit með framtölum, og eftir það er unnt að draga úr veltuútsvörunum. En afnám veltuútsvara á þessu stigi mundi þýða skattfrelsi flestra fyrirtækja og þar af leiðandi stórhækkun á útsvörum almennings. En ekki er ólíklegt, að með þessu frv. sé einmitt ætlunin að fikra sig að því, a. m. k. segir svo í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Í fjórða lagi þykir verða að gera ráð fyrir veltuútsvari á þessu ári, eins og tíðkað hefur verið í öllum kaupstöðum og fleiri sveitarfélögum um langt skeið.“ Loforðin um, að þessu verði breytt, liggja í loftinu.

Þetta frv. skerðir sjálfsforræði sveitarfélaga landsins. Það lögfestir rangindin, sem íbúar sveitarfélaga utan Reykjavíkur eru beittir með hærri útsvörum vegna einkaréttinda Reykjavíkur um álagningu á landsfyrirtæki. Frv. er ætlað að tryggja hátekjumönnum viðlíka ívilnanir og hagsbætur í útsvarsálagningu og þeir hlutu um tekjuskatt með breytingum á tekjuskattslögunum á þessu þingi. Með frv. eru stórfyrirtækjum einnig tryggðar sérstakar ívilnanir á kostnað láglaunamannanna, með heimild til frádráttar á greiddum útsvörum, og líklegt er, að þetta frv. sé spor í þá átt að afnema veltuútsvör á fyrirtæki. Það er því hagsmunamál fyrir alla alþýðu manna, að það verði fellt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG) hefur nú, að því er hann telur, svarað þeim fsp. mínum, sem ég flutti í upphafi fundarins í kvöld, og þakka ég honum svör hans, svo langt sem þau ná.

Hv. 3. þm. Sunnl. skýrir tilveru þessa umrædda frv. á þann veg, að mennirnir, sem fjmrh. skipaði 7. des. 1959 til að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga, hafi talið eðlilegast, að þessu mjög svo umdeilda frv. skyldi varpað inn í þing það, sem nú situr, og þar skyldi það knúið í gegn, gegn atkv. fjölda sveitarstjórnarmanna, sem sæti eiga á Alþingi. Þetta er auðvitað svar út af fyrir sig, en burt séð frá vilja umræddra nm., sem ég þekki flesta persónulega og met mjög mikils, vil ég leyfa mér að spyrja hv. frsm. fjhn.: Hver var vilji hreppsnefndanna, hver var vilji bæjarstjórnanna, hver var vilji sýslunefndanna í landinu? Og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hver hann var. Fulltrúar þessara aðila hafa sagt sitt álit um þetta frv. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, samþykktir fulltrúaráðsfundar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn var í Reykjavík í apríl s. l. En fulltrúafundur þessara samtaka er fyrst og fremst aðilarnir, sem eiga að gæta hagsmuna hreppsnefndanna og bæjarstjórnanna og sýslunefndanna í þessu máli. Samþykktirnar hljóða svo:

„Fundurinn telur frv. það,“ — þ. e. frv., sem við erum að ræða hér, — „sem komið hefur fram á Alþingi því, er nú situr, um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum, þurfa nánari athugunar í ýmsum atriðum. Bendir fundurinn á eftirfarandi sem dæmi um þetta:

1) Varhugavert er að lögbjóða án frekari undirbúnings og athugunar en þegar hefur átt sér stað til frádráttar á tekjum við útsvarsálagningu útsvar fyrra árs, annað en veltuútsvar, og væri því athugandi, að þetta ákvæði yrði aðeins heimildarákvæði.

2) Ekki er rétt, að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. frv., og þyrftu því að vera í frv. nánari ákvæði um það efni og sérstaklega nánari skilgreining á því, hvað orðið velta þýðir í frv., t. d. í sambandi við umboðssölu og framleiðslufélög, sem starfa á samvinnugrundvelli.

3) Fundurinn telur mjög vafasamt,“ — og bið ég nú hv. frsm. að hlusta alveg sérstaklega eftir þessu, — „fundurinn telur mjög vafasamt að lögbjóða nú án frekari undirbúnings ákveðna útsvarsstiga í hreppum og bendir á, að rétt væri að fyrirskipa sýslunefndum að samræma útsvarsálagningu, hverri í sínu umdæmi, áður en fastákveðinn er með lögum sérstakur útsvarsstigi fyrir hreppsfélög.“

Þegar þessar samþykktir eru hafðar í huga, þá er ekki von, að maður taki það sem góða og gilda vöru, að komið sé fram með á hinu háa Alþingi frumvarp eins og það, sem hér er til umræðu og gefið í skyn, að í raun og veru sé þetta bráðabirgðabreytingafrv. fram komið í samráði við sveitarstjórnirnar í landinu.

En það, sem verst er, er það, að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi vill ekki vita um álit hreppsnefndanna, sýslunefndanna og bæjarstjórnanna í landinu um þetta mál, og sérstaklega ber að harma það, því að ef stjórnarmeirihlutinn hefði viljað það, þá hefði Alþingi á fundum sínum samþykkt dagskrártill. 4. þm. Reykn. (JSk), sem hann flutti hér við umr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga benti á og rökstuddi með dæmum í yfirlýsingu á fundi sínum 8.—9. f. m., þarf frv. þetta nánari athugunar við, áður en það er

lögfest. Þeirri athugun verður ekki við komið á þessu þingi, sem nú er nærri lokið, enda er eðlilegast vegna sjálfstæðis sveitarfélaganna innan þjóðfélagsins, að Alþingi hafi þau vinnubrögð í málinu að leita álits og tillagna sveitarstjórna um frv., áður en það er gert að lögum. Ákveður því Nd. að fela ríkisstj. að senda frv. nú þegar öllum bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum í landinu og biðja um álit þeirra og tillögur fyrir næsta haust og að jafnframt sé frv. sent til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega, og með tilliti til þessa tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það var þessi dagskrártill., sem var felld, og þar með lýsti Alþingi eða meiri hluti þess, stuðningsmenn stjórnarinnar, yfir, að það vildi ekki hafa nein samráð við sveitarstjórnirnar um þetta mál. Og fyrir þessari fylkingu fer bæjarstjóri, hv. 3. þm. Sunnl., og tel ég það illa farið.

Ég spurði einnig um það, hvaða forsendur lægju bak við það, að veltuútsvarsgreiðendur í Reykjavík fengju að draga frá söluskatt, gjald til útflutningssjóðs, gjald af innlendum tollvörutegundum, skemmtanaskatt og gjald af kvikmyndasýningum, áður en þeirra veltuútsvar er reiknað út, en starfsbræður þeirra utan Reykjavíkur fengju ekki heimild til að draga þessa sömu frádráttarliði frá. Ég fékk greitt svar, sem var það, að fulltrúar bæjarstjórnanna hefðu upplýst, að þessir frádráttarliðir hefðu ekki verið teknir til greina í kaupstöðunum og þeir vildu hafa það svo í hinu nýja frv. Ég vil nú leyfa mér að segja það, að fyrst Alþingi ætlar sér að taka sjálfsákvörðunarréttinn af sveitarstjórnunum almennt í útsvarsálagningunni, þá á að sjálfsögðu Alþingi að gera það upp við sig, hvort umrædd frádráttarheimild er rétt eða röng. Er rétt að kaupfélagið og kaupmaðurinn í Kópavogi hafi ekki heimild til að draga frá þessa umræddu liði, sem ég hef talið, en kaupfélagið og kaupmaðurinn í Reykjavík megi gera það? Ég sé ekki neina sanngirni mæla með því, að þeir, sem reka t. d. atvinnu og kvikmyndahús á Siglufirði, hafi ekki heimild til að draga þennan skatt frá, en eigendur kvikmyndahúsanna hér í Reykjavík og atvinnurekendur þar hafi heimild til þess.

Ég dreg ekki í efa, að það sé satt, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði um þetta, að ef einhverjar viðræður hafa farið fram við einstaka bæjarfulltrúa, þá hafi það komið í ljós, að þeir vildu ekki láta skerða meira rétt niðurjöfnunarnefnda og hafa þetta ákvæði áfram. En þetta ákvæði er ekki réttlátt, og þess vegna átti að samþykkja till. 4. þm. Reykn., eins og hún kom hér fram, varðandi þetta atriði.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, það er nú búið að tala mikið um þetta. En það er eðlilegt, að frv. eins og þetta sé rætt mikið, því að í fyrsta lagi er það ósanngjarnt, og í öðru lagi skerðir það verulega, eins og ég tók áður fram, sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði íslenzku sveitarfélaganna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 528, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 514, 517, 528).

ATKVGR.

Brtt. 528,1 felld með 17:13 atkv.
— 528,2 felld með 18:12 atkv.
— 517,1 felld með 18:13 atkv.
— 517,2.a felld með 17:12 atkv.
— 517,2.b felld með 16:11 atkv.
— 517,3 felld með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, GíslG, BjörgJ, HS, JSk, ÁS, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EystJ.

nei: GeirG, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GJóh, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EOl, EmJ, JóhH.

KGuðj greiddi ekki atkv.
3 þm. (HV, JK, EðS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Pálmason: Herra forseti. Í 3. gr. þessa frv., c-lið, segir, að útsvör s. l. árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau eru borguð fyrir áramót, og það eru öll útsvörin. Þessi till. fer fram á, að það sé hægt að draga frá tekjuútsvör og eignarútsvör, og mér skilst, að það þýði eingöngu það, að þá megi draga þau frá, þó að það sé ekki búið að borga þau. Ég vil ekki ganga svo langt og segi þess vegna nei.

Frv. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, JóhH.

nei: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BFB, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, GJóh, BjörgJ, HS, JSk, KGuðj, ÁS.

MÁM greiddi ekki atkv.
3 þm. (JK, EðS, HV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að lögfesta ýmsa þætti varðandi útsvör og álagningu þeirra, sem ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á. Hins vegar felst í frv. þessu mikil leiðrétting á útsvarsmálum hinna ýmsu rekstrarforma, og er ætlunin, að verulegur hluti þeirra sitji nú við sama borð hvað útsvarsálögur snertir. Þar sem ég tel þetta mikilsverða leiðréttingu á því misrétti, sem ríkt hefur í útsvarsmálum fyrirtækja, og í því trausti og von, að nefnd sú, sem vinna mun að undirbúningi þess frv. um útsvör, sem fjmrh. skýrði frá að lagt yrði fyrir á næsta þingi, taki þau atriði, sem ég get ekki fallizt á í frv. þessu, til breytingar, vil ég ekki leggja stein í götu þessa frv. og greiði því ekki atkvæði.

Frv. afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreyt. á lögum um útsvör er einn liður í þeirri allsherjarendurskoðun, sem nú fer fram á skatta-, tolla- og útsvarsmálum. Sérstök n. vinnur að því að endurskoða og undirbúa nýja löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Þeirri endurskoðun er hvergi nærri lokið, en vonir standa til, að unnt verði að leggja fram frv. um málið í heild fyrir Alþingi, er það kemur saman í haust. Hins vegar þótti rétt að gera nú þegar nokkrar breyt. á útsvarslögum, og fer þetta frv. í þá átt, en aðalefni þess er það, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi er afnumin sú regla, sem verið hefur í útsvarslögum nú um hríð, að sveitarfélög skuli jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum. Sú regla er með þessu frv. afnumin og í stað þess lögfestir ákveðnir útsvarsstigar. Í öndverðu var ætlunin að reyna að hafa þá útsvarsstiga tvo, annan fyrir alla kaupstaði og hinn fyrir öll önnur sveitarfélög. Við nánari athugun kom þó í ljós, að ekki var unnt á þessu stigi að fara þessa leið, og varð niðurstaðan sú að hafa útsvarsstigana þrjá, eins og greinir í 5., 6. og 7. gr., einn fyrir Reykjavík, og er hann óbreyttur frá þeim stiga, sem notaður hefur verið þar undanfarin ár, í öðru lagi fyrir aðra kaupstaði og í þriðja lagi fyrir önnur sveitarfélög. Þótt útsvarsstigi sé þannig ákveðinn og lögfestur, er gert ráð fyrir allrúmri heimild til niðurjöfnunarnefnda og sveitarfélaga til þess að hækka eða lækka þennan útsvarsstiga eftir þeim útsvarstekjum, sem hann gefur hverju sinni, allt miðað við það, hvort útkoman, eftir að jafnað hefur verið niður, er hærri eða lægri en sú útsvarsupphæð, sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Þó er það takmark sett, að útsvarsstiga má aldrei hækka meira frá því, sem í frv. greinir, en um 30%.

Önnur breytingin er sú, að nú er tekin upp sú regla, að greidd útsvör skuli dregin frá tekjum, áður en útsvar er á lagt. Er gert ráð fyrir sem almennri reglu, að útsvör, sem greidd eru að fullu fyrir áramót, skuli dregin frá, en varðandi árið 1960 er sett í ákvæði til bráðabirgða sú sérregla, að útsvör, sem greidd eru að fullu fyrir 1. maí 1960, komi til frádráttar, áður en útsvar er lagt á tekjur á þessu ári. Ástæðurnar fyrir þessari frádráttarreglu, sem áður gilti, en var afnumin bæði varðandi tekjuskatt og útsvör árið 1942, eru að segja má aðallega tvær. Önnur er sú, að sveitarstjórnir telja það miklu skipta varðandi innheimtu útsvaranna, að skilamenn séu að vissu leyti verðlaunaðir fram yfir vanskilamenn, og telja sveitarstjórnarmenn yfirleitt, að sú regla, að greidd útsvör skuli frádráttarbær, örvi mjög innheimtuna og sé um leið viðurkenning til skilamannanna og hvatning til þeirra. Í öðru lagi hefur það lengi verið skoðun margra, að það sé nokkur vörn gjaldþegna gegn of háum álögum, að heimilt sé að draga útsvörin frá tekjum, áður en á þau er lagt útsvar.

Þriðja breyt. er svo varðandi veltuútsvör. Um alllangan aldur hefur það tíðkazt í öllum kaupstöðum og mjög mörgum öðrum sveitarfélögum og jafnvel flestum, að útsvör hafa ekki aðeins verið á lögð og innheimt af tekjum gjaldanda og eignum, heldur einnig farin þriðja leiðin, að leggja á veltu fyrirtækja. Þetta er byggt á þessu ákvæði í útsvarslögunum, að jafnað skuli niður eftir efnum og ástæðum. Ég skal ekki rekja það, hvernig þessi veltuútsvör eru upphaflega til komin, en það má segja, að meginsjónarmiðin muni vera þar tvö. Annað sjónarmiðið er, að það er alkunna, hversu framtölum hefur lengi verið áfátt hjá mörgum og skattaeftirlit ekki í því lagi, sem vera ætti. Það er því enginn vafi á því, að ýmis sveitarfélög hafa tekið upp veltuútsvörin til þess að reyna að ráða nokkra bót á þessu ástandi, þar sem ýmis fyrirtæki hafa kannske árum saman talið fram litinn eða engan tekjuafgang, en haft mikið umleikis, og því talið eðlilegt og réttlátt, að þau greiddu nokkuð til þarfa bæjar- og sveitarfélagsins. Til þess að koma þessu sjónarmiði fram hafa veltuútsvörin verið að nokkru leyti notuð. En í annan stað kemur svo hitt, að mörg sveitarfélög hafa séð, að með hóflegum útsvarsstigum næðist ekki sú heildarupphæð útsvara, sem þyrfti til að standa undir eða mæta nauðsynlegum útgjöldum sveitarfélagsins, og þá hefur verið um tvennt að velja: annaðhvort að hækka enn útsvörin á almenningi, sem hefur ekki þótt fært, eða fara í einu eða öðru formi inn á veltuútsvör. Þessi ætla ég að séu höfuðsjónarmiðin, sem því hafa ráðið. Hinu er ekki að neita, að sem skattstofn eða gjaldstofn eru veltuútsvör í rauninni í núverandi mynd neyðarúrræði, og það er skoðun mín, að að því beri að stefna, ekki aðeins að takmarka veltuútsvörin, heldur að þau verði afnumin í þeirri mynd, sem þau nú eru. Hitt er svo annað mál, að það er ógerningur, eins og sakir standa, að lögbanna veltuútsvör með öllu. Það var eitt af því, sem ég fól sveitarstjórnarnefndinni að kanna, hvort væru möguleikar á því að afnema veltuútsvörin, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væri ógerningur, eins og sakir standa, enda mátti öllum ljóst vera, eins og fjárhagsmálefnum sveitarfélaganna er háttað, að ef ætti að afnema veltuútsvörin, þá er aðeins tvennt til: annað að hækka útsvörin á almenningi, sem því svarar, til þess að ná inn þessari upphæð, eða hitt, að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna. Ég tel, að fyrri leiðin sé ófær og að til þess að draga úr eða afnema veltuútsvörin í þeirri mynd, sem þau nú eru, verði að fara hina leiðina, að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna enn meir en gert hefur þó verið nú með þeim fimmtungi af söluskatti, sem lögleitt hefur verið að renni

til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Hins vegar eru í þessu frv. settar ýmsar takmarkanir, sem hafa ekki verið til áður varðandi veltuútsvör, þannig að í þessu frv. felst í fyrsta lagi bann gegn því, að veltuútsvör í nokkru tilfelli fari yfir 3%, en eins og nú standa sakir, er öllum sveitarfélögum það í sjálfsvald sett, hve hátt þau fara með veltuútsvörin, og hafa í ýmsum tilfellum farið upp fyrir eða jafnvel langt upp fyrir 3%. Þessi takmörkun er sem sagt lögbundin með þessu frv. Í öðru lagi eru svo í 3. gr. frv. frekari takmarkanir, sem sagt á þá leið, að útsvar á veltu megi aldrei nema hærri útsvarshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hundraðshlutinn var á hverjum stað árið 1959. Þó er gert það frávik, að ef einhver sveitarfélög hafa annaðhvort ekki lagt á veltuútsvör eða veltuútsvör voru lægri en veltuútsvör í Reykjavík á s. l. ári, þá sé því sveitarfélagi heimilt að fara upp í Reykjavíkurstigann, eins og hann var í fyrra.

Þá er enn fremur í fjórða lagi sú breyting í þessu frv., að úr lögum eru numin gömul lagaákvæði, sem setja samvinnufélög á annan bekk en atvinnurekstur almennt og verzlun og veita þeim óeðlileg fríðindi og forréttindi. Þessar takmarkanir eru aðallega tvenns konar. Önnur er sú, að í stað þess að atvinnufyrirtæki þurfi að greiða sitt veltuútsvar, hvort sem það telur fram beinan tekjuafgang eða ekki, þá er í lögum, eins og þau hafa verið túlkuð af hæstarétti, ákvæði um það, að tekjuútsvar og veltuútsvar á samvinnufélag megi þó aldrei nema meira en tekjuafgangur félagsins. Það þýðir, að ef samvinnufélag eða samvinnusamband telur sér engan ágóða eða engan hagnað af viðskiptum við utanfélagsmenn, þá er það þar með útsvarsfrjálst að þessu leyti. Þetta er óeðlilegt ákvæði, og er gert ráð fyrir, að það verði afnumið með þessum lögum. Í annan stað er svo sú takmörkun nú í gildi, að óheimilt er að leggja nokkurs konar útsvör á viðskipti félagsmanna við samvinnufélagið. Það er aðeins heimilt að leggja — og þó með þessum takmörkunum, sem ég gat um, á viðskipti við utanfélagsmenn. Nú er gert ráð fyrir í þessu frv., að heimildin til útsvarsálagningar nái til allra viðskipta samvinnufélags eins og annarra viðskiptaaðila.

Hins vegar er, um leið og numin eru úr gildi þessi gömlu sérákvæði, sem giltu um samvinnufélög, þá er þó í 8. gr. sett inn ákvæði annars vegar um það, að þó séu sláturhús og mjólkurbú undanþegin veltuútsvari, og í annan stað til þess að koma í veg fyrir, að í nokkru tilfelli verði lagt óeðlilega hátt á framleiðslu landbúnaðarafurða, þá er í sömu grein ákveðið, að útsvar af landbúnaðarafurðum, framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu, megi ekki meira nema en 2½‰ af heildarveltu.

Þessi eru meginatriði þess frv., sem hér liggur fyrir. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, er hér um að ræða aðeins nokkur atriði, einn lið í þeirri heildarendurskoðun, sem nú fer fram á útsvars- og skattamálum. Menn spyrja kannske: Hvers vegna máttu þessi atriði þá ekki bíða heildarendurskoðunar, hvers vegna er þetta lagt fram nú og óskað eftir afgreiðslu á því á Alþingi? Og þá er því fyrst til að svara, að það er talið af þeim mönnum, sem fjalla um þessi mál, undirbúningsnefndinni og öðrum, sem til hafa verið kvaddir, að við lausn þessa ákaflega flókna vandamáls um útsvarsmál og tekjustofna sveitarfélaga sé það mjög mikils virði að fá reynslu af því á þessu ári, hvernig útkoman verður af þrem lögboðnum útsvarsstigum og öðrum ákvæðum, sem í þessu frv. eru, til þess að sú reynsla, sem fæst við niðurjöfnun á þessu ári, verði höfð til hliðsjónar í haust, þegar endanlegar till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga verða lagðar fyrir Alþingi.

Það þarf að hafa í huga, að með þessu frv. er að sjálfsögðu gerð ákaflega gagnger breyting frá því, sem verið hefur nú um marga áratugi, þar sem afnumin er reglan um efni og ástæður, en teknir upp lögboðnir útsvarsstigar. Þegar við höfum það í huga, að raunverulega eru það yfir 200 útsvarsstigar, sem notaðir hafa verið hér á landi, eða upp undir það jafnmargir og sveitarfélögin eru, og að samkvæmt frv. á að fækka þeim niður í þrjá, þá er hér um mjög mikla breyt. að ræða og vafalaust nauðsynlegt og gagnlegt einmitt að fá á þessu ári reynslu af því, hvernig þetta gefst, til þess að sú reynsla verði höfð til hliðsjónar, þegar ganga á til fullnaðar, væntanlega á næsta þingi, frá þessum málum.

Ég vil láta þessi inngangsorð nægja og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég tel rétt að drepa á örfá atriði í þessu frv., áður en það fer til n., sem um það mun fjalla, í þeirri von, að þau atriði verði þá athuguð þar.

Þetta frv. mun vera eitt af síðustu sporum hæstv. ríkisstj. á þessu þingi til „viðreisnar" í þjóðfélaginu. Það kemur mönnum kynduglega fyrir sjónir, að það þurfi að hraða þessari bráðabirgðabreyt. nú, þar sem ætlunin er, eftir því sem hæstv. ríkisstj. segir, að koma með nýja löggjöf á komandi hausti, því að á sumrinu, sem nú stendur yfir, er varla að búast við mikilli reynslu af þessu plaggi, þó að lögfest verði.

Mér sýnist, að aðaltilgangurinn með þessu frv. sé þrenns konar: Í fyrsta lagi sá að ná sér niðri á samvinnufélögunum í landinu. Í öðru lagi að létta útsvarsbyrðum af hátekjumönnum. Og í þriðja lagi að koma nokkru þyngri byrðum útsvara á fólk, sem býr utan Reykjavíkur, heldur en á hina, sem í Reykjavík búa. Ég skal víkja örlítið að þessu nánar.

Á samvinnufélögin á nú að fara að leggja veltuútsvar á viðskipti félagsmanna, sem hefur ekki verið áður leyfilegt. Er þetta mikið áhugamál hjá stjórnarflokkunum, og telja þeir, að viðskipti samvinnufélags við félagsmenn sína

séu sama eðlis og kaupmannsins við sína viðskiptamenn. Ég vil benda aðeins í fáum orðum á nokkurn mismun á þessu tvennu.

Samvinnufélög selja framleiðsluvörur félagsmanna og skila þeim sannvirði fyrir þær, að frádregnum kostnaði. Samvinnufélög kaupa vörur fyrir félagsmenn sína með sama hætti. Tekjuafgangur samvinnufélags af viðskiptum félagsmanna er endurgreiddur sem hluti af verðlaginu, þegar frá eru dregin lögákveðin tillög til sjóða. Allur rekstur og reikningshald samvinnufélags er undir gagnrýni alls þess fjölda manna, sem eru þátttakendur í samvinnufélaginu. Öll samvinnufélög eru opin samkvæmt lögum til þátttöku fyrir hvern sem er, og fjöldinn allur af samvinnufélögum birtir opinberlega, jafnvel í blöðum og útvarpi, yfirlit yfir rekstur sinn og það árlega. Ég ætla ekki að nefna fleira. En hvernig er þetta um kaupmanninn, sem Sjálfstfl. setur á sama bekk? Kaupmaðurinn eða heildsalinn gerir ekkert af þessu. Hann kaupir ekki vörur til að selja aftur fyrir sannvirði til viðskiptamanna sinna, heldur kaupir hann vörur til að selja þær með álagningu, þ. e. með gróða, sem hann skammtar sér sjálfur. Kaupmaðurinn skiptir ekki gróðanum milli viðskiptamanna sinna, heldur stingur hann honum í eigin vasa. Kaupmaðurinn er ekki háður gagnrýni neinna annarra en sjálfs sín, að undanteknu því, að hann þarf að skila framtali, sem aðeins var vikið að hér áðan af hæstv. ráðh. Hann birtir ekki opinberlega eitt eða neitt um rekstur sinn eða reikningshald. Fyrirtæki hans er ekki opið neinum öðrum til þátttöku. Ég ætla ekki að nefna fleiri dæmi en þessi, en ég ætla, að þetta nægi til að sýna, að það er regindjúp á milli samvinnufélags og einkaverzlunar. Samt á nú að taka upp þann hátt að leggja veltuútsvör á viðskipti samvinnufélags við félagsmenn sína. Þetta eru, eins og ég hef sýnt fram á, engar hliðstæður, einkaverzlunin og samvinnufélagið, og veltuútsvar á verzlun félagsmanna við samvinnufélag er engin hliðstæða við verzlun kaupmanns við sína viðskiptavini, því að hann sinnir að engu leyti því hlutverki, sem samvinnufélagið gerir.

Það er kunnugt, að það hefur lengi verið draumur Sjálfstfl. að hnekkja vexti samvinnufélaganna í landinu, allt frá þeim tíma, er Björn Kristjánsson skrifaði „Verzlunarólagið" fræga, og til þessa dags. En nú telja þeir sjálfstæðismenn, að þeir hafi nægilega sterkan bandamann sér til aðstoðar til að stíga drjúgt spor í þá átt, sem þeir hafa ekki treyst sér til að undanförnu að gera. Og það er táknrænt, hvernig komið er hlut flokks, sem kennir sig við verkalýðinn í landinu, að hann gengur nú til aðstoðar við þetta tiltæki. Trúmennska þess flokks við alþýðu manna til sjávar og sveita, hvort sem það er í samvinnufélagi eða verkalýðsfélagi, er söm við sig.

Í 3. gr. þessa frv. er tekin upp sú regla, að draga skuli fyrra árs útsvar frá hreinum tekjum gjaldanda, áður en útsvar er lagt á, þó því aðeins, að fyrra árs útsvar hafi verið greitt fyrir síðustu áramót. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því áðan frá sínu sjónarmiði, af hverju þetta væri gert, þetta væri hentugra fyrir sveitarfélögin, þetta væri hentugra fyrir innheimtuna o. s. frv. Ætli það sé ekki hentugra fyrir aðra? Ætli það sé ekki hentugra fyrir hátekjumennina í landinu að hafa þessa reglu? Auðvitað er það tilgangurinn, alveg eins og með skattalagabreytingunni í vetur. Þetta er ekkert annað en áframhald á þeirri lagabreyt., sem þá var gerð, kemur ekkert við innheimtu, þó að svo sé látið í veðri vaka.

Ég vil nefna örlítið dæmi um það, hvernig þessi regla verkar í framkvæmdinni, að draga fyrra árs útsvar frá hreinum tekjum manna, áður en útsvar er á lagt. Einstaklingur í Reykjavík, sem hefur 60 þús. kr. hreinar tekjur, lækkar við þetta í útsvari um 1930 kr. skv. þeim útsvarsstiga, sem settur er upp í þessu frv. Hafi hann aftur á móti 90 þús. kr. hreinar tekjur, lækkar hann um 4000 kr. Hafi hann 120 þús. kr. hreinar tekjur, lækkar hann um 7100 kr. Og hafi hann 180 þús. kr. tekjur, lækkar hann um 12700 kr. Það má finna minna grand í mat sínum til að sjá, hver tilgangurinn er með þessu ákvæði frv.

Þegar þetta er svo sett upp við hliðina á skattalagabreyt. í vetur, sést, að hvort tveggja er ákaflega kristilega hugsað í garð þeirra manna, sem háar tekjur hafa, umfram hina, sem verða að búa við lágtekjurnar. Svo að ég taki sama dæmið aftur, þá verður þessi útsvarslækkun að viðbættri tekjuskattslækkuninni frá í vetur sem hér segir: Einstaklingur með 60 þús. kr. hreinar tekjur lækkar um 4800 kr. til samans með þessu frv. og skattalagabreyt. í vetur. Ef hann hefur 90 þús. kr. hreinar tekjur, lækkar hann um 9600 kr. Hafi hann 120 þús. kr. hreinar tekjur, lækkar hann um 16300 kr. En hafi hann 180 þús. kr. tekjur, lækkar hann um 26700 kr.

Stjórnarflokkarnir þekkja sína. Þeir vita, fyrir hverja þeir eru að vinna með þessu frv. og skattalagabreyt. í vetur. Einstaklingurinn með 180 þús. kr. hreinar tekjur fær um 22 þús. kr. meiri lækkun á skatti og útsvari en einstaklingur með 60 þús. kr. tekjur. Þótt lífsnauðsynjar einstaklings hækki í verði vegna „viðreisnar" ríkisstj. um t. d. 26700 kr. á ári, þá fær þessi einstaklingur, sem hefur 180 þús. kr. hreinar tekjur, það bætt upp að fullu, verður ekki fyrir neinu áfalli, neinu tapi af allri viðreisninni, en hinn manninn, með 60 þús. kr. hreinu tekjurnar, vantar 22 þús. kr. til að verða jafnt settur og hátekjumaðurinn. Nei, það fer ekki milli mála, að það er ekki gert fyrir almenning í landinu til sjávar og sveita að flytja svona frv. Það er ekki gert fyrir verkamennina. Það er ekki gert fyrir bændurna. Það er ekki gert fyrir verksmiðjufólkið. Það er ekki gert fyrir láglaunamenn yfirleitt.

Í 5. gr. frv. er settur upp útsvarsstigi fyrir Reykjavík, í 6. gr. útsvarsstigi fyrir kaupstaðina og í 7. gr. útsvarsstigi fyrir önnur sveitar-

félög í landinu. Allir eru þessir útsvarsstigar sinn með hverju móti, og í 3. gr. og reyndar þessum greinum öllum er ákvæði um fjölskyldufrádrátt, þ. e. þær upphæðir, sem draga skal frá útsvari, eftir að það hefur verið á lagt, þegar um fjölskyldur er að ræða. Þar er þessi persónufrádráttur miklu hærri í Reykjavík og kaupstöðunum en annars staðar. Barnlaus hjón í Reykjavík fá 800 kr. frádrátt af útsvarinu sínu, en annars staðar á landinu fá slík hjón ekki nema 500 kr. Hjón með eitt barn fá 1800 kr. frádrátt á útsvarinu sínu, ef þau eru í Reykjavík eða kaupstöðum, en ekki nema 1000 kr., ef þau eru annars staðar á landinu. Hjón með 2 börn fá 2900 kr. frádrátt á útsvarinu sínu í Reykjavík og kaupstöðunum, en ekki nema 1500 kr. annars staðar á landinu. Hjón með 3 börn fá 4100 kr. frádrátt á útsvarinu sínu, ef þau eru í Reykjavík eða kaupstað, en annars staðar á landinu ekki nema 2000 kr. Og hjón með 5 börn fá 5400 kr. frádrátt á útsvarinu sínu, ef þau eru í Reykjavík eða kaupstað, en bara 2500, ef þau eru annars staðar á landinu. Þetta er eitt réttlætið í þessu frv.

Eins og ég nefndi, eru tekjuskattsstigarnir misjafnir í þessu frv. Sem dæmi skal nefna, að í Reykjavík þarf enginn að greiða útsvar, ef tekjur hans eru undir 25 þús. kr., en í kaupstöðunum verður að greiða útsvar, ef þær fara yfir 15 þús. kr., og í öðrum sveitarfélögum verður að greiða útsvar, ef þær fara yfir 7000 kr., en voru bara 3000 kr. í frv., eins og ríkisstj. lagði það fram. Samkvæmt þessu þarf einstaklingur, sem hefur 24 þús. kr. hreinar tekjur, engan eyri að borga, ef hann á heima í Reykjavík. Hann þarf aftur á móti að borga 1920 kr., ef hann á heima í Kópavogi, en hann þarf að borga 2500 kr., ef hann á heima í Garðahreppi. Það er vel útbúið þetta.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. eða forsvarsmenn hennar muni segja: Það er heimild í þessu frv. fyrir sveitarstjórnirnar að nota aðra stiga en þessa, nota Reykjavíkurstigann. — Jú, rétt er það. En til hvers er verið að setja þessa stiga, nema til að nota þá? Og sveitarstjórnirnar hafa fulla heimild til að nota þá, og til þess eru þeir settir upp. Hitt er allt annað mál, sem hvorki ríkisstj. né Alþ. ræður yfir, hvort sveitarstjórnirnar notfæra sér þessa heimild í frv. eða ekki, og auðvitað er það aðalreglan, að þessir útsvarsstigar eiga að gilda.

Ég kem þá að veltuútsvörunum. Eins og kunnugt er, á nú að leggja útsvar á fyrirtæki, hvort sem það græðir eða tapar. Skiptir engu máli, hvort það er gróði eða ekki gróði, þá skal borga veltuútsvar, ef viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn þóknast að leggja það á. Í 5. gr. frv. segir, að gjaldendum sé heimilt að draga frá veltu sinni nokkur opinber gjöld. Þar er nefndur söluskattur, gjald til útflutningssjóðs, gjald af innlendum tollvörutegundum, skemmtanaskattur og gjald af kvikmyndasýningum. Þetta má draga frá hjá fyrirtækjum í Reykjavík. En hjá fyrirtækjum annars staðar, hvernig er það? Nei, það er ekki meiningin, að þetta sé dregið frá þar. Ef viðkomandi bæjarstjórn eða niðurjöfnunarnefnd þóknast úti á landi, þá er t. d. hægt að leggja á útgerðarfyrirtæki á Akranesi eða í Hafnarfirði veltuútsvar á söluskatt og útflutningsgjald, sem er ekki heimilt að leggja á hér í Reykjavík. Iðnfyrirtæki, sem framleiða tollvörutegundir, og kvikmyndahús t. d., sem eru í Keflavík eða Kópavogi eða einhverjum slíkum kaupstað, verða að greiða veltuútsvar af skemmtanaskattinum kvikmyndagjaldinu og tollvörugjaldinu í sínum rekstri, en slík fyrirtæki í Reykjavík þurfa ekki að gera það. Allt er undir því komið, hvernig þeim sýnist að hafa það, viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnum.

Í 6. gr. frv., um kaupstaðina, segir, að þar skuli heimilt að leggja allt að 2% veltuútsvar á umboðsverzlun, en það má ekki vera hærra en það var í Reykjavík 1959, eða ekki vera hærra en það var hjá því sveitarfélagi 1959, ef það leggur á útsvörin eftir 6. gr. Þarna er því slegið föstu, að leggja skuli veltuútsvar á umboðsverzlun, ekki umboðslaunin, heldur umboðsverzlun. Um Reykjavík er sagt í þessu frv., að þar megi ekki frekar en annars staðar vera hærra veltuútsvar en var 1959, og í frv. ríkisstj., í grg., á bls. 10, er greint frá því, hvað þetta hafi verið. Þar segir, að það hafi verið allt að 2% á umboðslaun. Reykjavík hefur þá ekki lagt á umboðsverzlun, heldur umboðslaunin, en í kaupstöðunum á að heimila að leggja á umboðsverzlunina. Reykjavík getur ekki tekið upp þá reglu að leggja á umboðsverzlunina, af því að hún lagði á umboðslaunin, og má ekki hafa veltuútsvarið hærra en það var í fyrra. Það er varla, að ég geti trúað því, að þetta sé meiningin samkv. frv. Ég vænti þess, að það verði leiðrétt, ef þetta er misskilið. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, að bæjarstjórn utan Reykjavíkur hafi heimild til að leggja veltuútsvar á umboðsverzlun, en í framkvæmdinni sé óheimilt í Reykjavík að leggja nema á umboðslaunin samkv. þessu frv., þá kemur þetta einkennilega út, ef viðkomandi bæjarstjórnir notfæra sér heimildir þessa frv.

Ef umboðsverzlun t. d. í Hafnarfirði hefur 10 millj. kr. veltu og tekur 3% í umboðslaun, þá mundi hún ef til vill þurfa að greiða í veltuútsvar í Hafnarfirði samkv. þessu frv. allt að 2% af veltunni, eða um 200 þús. kr. veltuútsvar. Ef sams konar umboðsverzlun er hér í Reykjavík, má ekki samkvæmt mínum skilningi leggja á hana nema allt að 2% á umboðslaunin. Ef þau eru 3%, mundi sú umboðsverzlun hér fá aðeins 6 þús. kr. útsvar, þegar hin fengi 200 þús. kr. útsvar. Ég endurtek, að ég á bágt með að trúa, að þetta sé meiningin hjá þeim, sem standa að þessu frv., og óska því eftir leiðréttingu á þessu, ef þetta er misskilningur. Hitt er mér ljóst, að hvorki bæjarstjórn Hafnarfjarðar né neins annars kaupstaðar er skyldug að gera þetta, en henni er það heimilt.

Í 8. gr. frv. hefur komið inn setning á ferða-

lagi frv. gegnum Nd., sem hljóðar þannig: „Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.“ Ekki kann ég við þetta orðalag um sláturhús, þau séu undanþegin veltuútsvari. Ég hygg, að allmörg sláturhús í landinu framkvæmi engin viðskipti, því þó að það sé slátrað kind, þarf þar með ekki að felast neinn verzlunarrekstur, ekki frekar en í fjárhúsi eða hesthúsi. En ef það á að skilja þetta á þann veg, að sauðfjárafurðir skuli ekki bera veltuútsvar, þá er það annað mál. Ég vildi gjarnan spyrja um það, hvort þetta orðalag um sláturhúsin nái þá til hraðfrystihúsa, sem taka auðvitað við kjötinu úr sláturhúsinu og selja það þaðan. Ég ætla þó ekki að gera ráð fyrir því, að þau séu veltuútsvarsskyld. Ég ætla, að það hefði verið þörf á að hafa þarna heppilegra orðalag.

Aftur á móti sýnist mér, að umboðsverzlun með landbúnaðarafurðir hér í Reykjavík þurfi að borga sýnu minna veltuútsvar, þrátt fyrir það, að þetta er ekki nema 2½‰ úti á landi, því að þessir 2½‰ eru af heildarandvirðinu, en í Reykjavík 2% á umboðslaun. M. ö. o.: á umboðsverzlun úti á landi, sem selur landbúnaðarafurðir til umboðsverzlunar í Reykjavík, t. d. fyrir 5 millj. kr., er heimilt að leggja 12500 kr. veltuútsvar, þ. e. 2½‰, en þegar þessi vara er komin til umboðsverzlunar í Reykjavík og umboðssalinn selur hana hér, þá er ekki heimilt að leggja nema allt að 2% á umboðslaunin sjálf. Ef þau eru t. d. 3%, þá sýnist mér, að þetta geti ekki farið yfir 3 þús. kr., veltuútsvarið á umboðsverzlunina í Reykjavík, þegar það er 12500 kr. af umboðsverzluninni úti á landi, hvort tveggja samkvæmt ákvæðum þessa frv. Jafnvel þetta 2½‰, af því að það kemur á alla veltuna, er svona miklu hærra en veltuútsvar á umboðsverzlun í Reykjavík með þá sömu vöru og þá sömu upphæð, ef fylgt er reglunum, sem birtar eru í frv. ríkisstj.

Ég nefndi þrenns konar tilgang með þessu frv., sem ég tel að sé auðsjáanlegur. Það er árásir á samvinnufélögin, útsvarslækkanir á hátekjumönnum og þyngri gjöld á gjaldendur utan Reykjavíkur en í Reykjavík, ef niðurjöfnunarnefndirnar notfæra sér heimildir í þessum væntanlegu lögum og fylgja þeim útsvarsstigum, sem hér eru settir upp. Og hvað þetta atriði snertir, gjaldendur utan Reykjavíkur annars vegar og í Reykjavík hins vegar, vil ég rifja upp aðeins þessi fjögur atriði: Útsvarsstiginn er þyngri fyrir gjaldendur utan Reykjavíkur en í Reykjavík. Persónufrádráttur fyrir fjölskyldu er miklu hærri í Reykjavík en annars staðar og meira en helmingi hærri hjá fjölskyldu með meira en tvö börn. Í þriðja lagi er fyrirtæki í Reykjavík gert mögulegt að draga ýmis opinber gjöld frá viðskiptaupphæð sinni, áður en veltuútsvar er lagt á, en fyrirtæki utan Reykjavíkur ekki, svo framarlega sem viðkomandi bæjar- og sveitarstjórn sýnist svo. Og í fjórða lagi, að veltuútsvör á umboðsverzlun geta orðið margfalt hærri utan Reykjavíkur en í Reykjavík.

Ég get ekki að því gert, að þegar ég var að fara í gegnum þetta frv., fannst mér það einhvern veginn minna á þriggja þrepa eldflaug. Fyrsta þrepið er árásin á samvinnufélögin, annað þrepið er útsvarslækkunin á hátekjumönnunum, og þriðja þrepið er þyngri útsvör á gjaldendur utan Reykjavíkur en í Reykjavík. En þá kemur bara spurningin, hversu lengi þessi eldflaug ríkisstj. helzt á lofti. Hún er nefnilega ekki betur úr garði gerð en svo, að það er öllu til skila haldið, að atómið í Alþfl. dugi sjálfstæðismönnum til að koma henni á loft, eftir því sem fram kom í Nd., og það getur því farið svo, að fljótlega nálgist þessi eldflaug andrúmsloft heilbrigðrar skynsemi, og þá verður lítið úr henni, jafnvel á næsta þingi.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði nú raunar varla ætlað mér að taka til máls, en þar sem að því var komið, að atkvgr. færi fram og enginn kvaddi sér hljóðs og ekki hæstv. fjmrh. til þess að svara fyrirspurnum hv. 4. þm. Vestf., þá vildi ég þó segja nokkur orð, ekki sízt vegna þess, að málið fer að líkindum í n., sem ég á sæti í, og ég tel þess vegna fyrir mig mjög heppilegt að fá upplýsingar um ýmis atriði, áður en n. fer að starfa, m. a. þau atriði, sem hv. 4. þm. Vestf. spurði ráðh. um. Ég þykist vita, að ráðherrann muni eiga í fórum sínum einhver svör við þessum spurningum. Máske eru þau ekki jákvæð fyrir þá, sem lagt hafa frv. fram, en eigi að síður er nauðsynlegt fyrir nefnd að vita, hvaða svör eru til.

Mig langar auk þess til að vita, hvort nokkur sveitarfélög hafa beðið ríkisstj. um að stofna til þess að setja slíka löggjöf sem þessa. Ég veit að vísu, að hér gerðust atburðir í Reykjavík á s. l. ári í sambandi við útsvarsálagningu, sem voru þess eðlis, að nokkuð er eðlilegt, að gjaldendur Reykjavíkur óski þess, að sett sé löggjöf um niðurjöfnun útsvara hér. En ég veit ekki til þess, að slíkir atburðir hafi gerzt annars staðar. Mér þætti ekki ósennilegt, að Reykvíkingum þætti eftir þá atburði heppilegra, að numið yrði úr lögum ákvæðið um, að jafna skuli niður „eftir efnum og ástæðum“, vegna þess að það liggur ljóst fyrir, að slíkt ákvæði er ekki framkvæmanlegt, svo að í lagi sé, í fjölmenni eins og í Reykjavík og á þar alls ekki lengur við, þó að það kæmi upp úr dúrnum, að það hafði verið notað mjög einkennilega á s. l. ári og skapaði þá misræmi, sem náttúrlega er ekki búandi við fyrir gjaldendur. En ég þekki ekki sams konar dæmi annars staðar, og sízt af öllu veit ég til þess, að nokkuð skylt því hafi komið fyrir í hinum minni sveitarfélögum, þar sem kunnugleikasjónarmiðið er fyrir hendi hjá niðurjöfnunarnefndum og ákvæðið „efni og ástæður“ er þess vegna framkvæmanlegt yfir alla sveit og alla gjaldendur. Já, mig langar til að vita, hvort sveitarfélög hafa beðið um slíka löggjöf sem þessa. Ég veit hins vegar, að sveitarfélög hafa oft og tíðum beðið um nýja gjaldstofna. Þau

hafa átt í erfiðleikum með að jafna niður öllum þeim gjöldum, sem þarfir sveitarfélaganna hafa kallað eftir til þess að fullnægja skyldum, og þess vegna hafa þau beðið um nýja gjaldstofna. Og nú hafa þau fengið hlutdeild í söluskatti ríkisins, og það skal ég síður en svo lasta. Mér finnst hæstv. fjmrh. eiga heiður fyrir það að hafa beitt sér fyrir slíku.

En hins vegar get ég ekki annað en litið svo á, að hæstv. ráðh. hafi gengið of langt með því að leggja fram þessa löggjöf, eins illa undirbúin og hún er. Mér finnst það vera mikið gerræði við sveitarfélögin að demba yfir þau þessari löggjöf.

Á sveitarfélögin hefur verið litið sem sjálfstæðar heildir, þau hafa orðið að starfa sem sjálfstæðar heildir, og það hefur verið heppilegra, að þau hafa verið sjálfstæðar heildir um mörg samfélagsmálefni. En einmitt af því, að þau hafa verið það, er skylda ríkisins við þau að láta þau hafa tækifæri til þess að segja sitt álit um eins þýðingarmikla löggjöf og hér er á ferðinni. Það hefur líka verið venja í þjóðfélaginu að senda meiri háttar löggjöf, meðan hún var í frumvarpsformi, til sveitarfélaganna til umsagnar, þegar um löggjöf hefur verið að ræða, sem þau hefur sérstaklega snert. Og nú hefur verið lagt fram hér á Alþingi, — ég held það sé einmitt í dag, sem slíkt frv. kemur fram, — frv. um breyt. á sveitarstjórnarlöggjöfinni í öðrum efnum en að því er útsvörin snertir, heilmikill lagabálkur. Ég veit, að það er ekki gert til þess, að Alþingi eigi að afgreiða þessa löggjöf, en það er gert til þess, að löggjöfin geti fengið þann undirbúning, sem telja má sjálfsagt að löggjöf um sveitarstjórnarmálin fái, sem sé að frv. geti orðið sent sveitarstjórnum landsins og sýslunefndum til umsagnar. Það kalla ég vel unnið. En hvers vegna að haga sér svona með þennan bálk um útsvörin? Það er þó ekki þýðingarminna málefni fyrir sveitarfélög og íbúa sveitanna heldur en ýmsir aðrir lagabálkar, sem sveitarfélögin hafa fengið til umsagnar áður. Ég held, að það sé fráleitt, að efsta hæðin taki ekki meira tillit til undirstöðunnar, því að skipulag þjóðfélagsins er þannig uppbyggt, að sveitarfélögin verða að teljast þar sem undirstöður, — ég tel fráleitt, að efsta hæðin taki ekki meira tillit til undirstöðunnar en þetta.

Hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að þetta væri vandasöm lagasetning, — það er rétt, — og að það væri nauðsynlegt að koma löggjöfinni út til þess að geta prófað hana í sumar í sveitarfélögunum, prófað álagningarreglurnar. Jú, þetta er að parti til rök, það sem þau ná. En ég álít, að löggjöf, sem er eins áhrifamikil og grípur eins inn í hag manna og útsvarslöggjöfin, sé þannig, þegar hún er þá ekki betur undirbúin en þetta, að það sé of gróft leikur að gera þetta próf. Ég heyri sagt, að þeir á Keldum, sem eru að brugga meðul til lækninga, prófi þau á músum og kanínum, áður en þeir fara að gefa þeim gripum þau, sem eiga að læknast af þeim. Það má á vissan hátt líkja þessu saman.

Þetta frv. sjálft skapar ekki nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Það er ekki uppfylling óska þeirra um nýja tekjustofna. Jú, það má segja, að einn nýr tekjustofn komi þarna til sögunnar, það er veltuútsvar á viðskipti samvinnumanna í þeirra eigin félögum. Það er nýr tekjustofn, eins réttlátur og hann nú er. Get ég í því sambandi látið mér nægja að skírskota til mjög glöggs rökstuðnings hv. 4. þm. Vestf. áðan um eðlismun á viðskiptum félagsmanna í gegnum sitt félag og kaupmannaverzlun, sem eigi að lúta sömu reglum að því er veltuútsvar snertir. Út í það fer ég svo ekki frekar að sinni. Að vísu skal ég taka það fram strax, að ég tel ekkert óeðlilegt, að breytt væri ákvæðum um útsvarsskyldu samvinnufélaga frá því, sem nú er, þó að ég viti ekki til þess, að sú löggjöf, sem hefur gilt að þessu og er sett að vísu, þegar kaupfélögin voru rekin að ýmsu leyti á annan hátt en þau eru rekin nú, hafi komið að sök, nema ef það hefur verið hér í Reykjavík á s. l. ári, þegar það fyrirbæri gerðist, að Samband ísl. samvinnufélaga var haft útsvarsfrítt til þess að auglýsa, því að annars staðar á landinu veit ég ekki annað — (**Fjmrh.:** Til þess að auglýsa hvað?) Til þess að auglýsa það, að þeir, sem stýrðu niðurjöfnuninni, væru í þjónustu þeirra, sem sækja að samvinnufélögunum. Ég veit ekki betur en samvinnufélögin hafi þrátt fyrir þessa löggjöf verið víðast hvar í landinu hæstu gjaldendur og greitt þá meira en þröngt skýrður lagabókstafur gæti ætlazt til. Ég álít, að félagsmannaviðskipti séu allt annars eðlis en viðskipti við kaupmann, kaupfélag sé allt annars eðlis en kaupmannsverzlun. Ég álít, að það þurfi að beita við þessi fyrirtæki tvenns konar álagningu. Að því er utanfélagsmannaviðskipti kaupfélaga snertir, eiga þau vitanlega að skattleggjast og útsvarsskyldast eftir sömu reglum og viðskipti við kaupmann, vegna þess að afstaða utanfélagsmanna til samvinnufélagsins er hin sama og afstaða viðskiptamannanna til kaupmannsins. En hins vegar eru félagsmannaviðskiptin allt annars eðlis. Það er samlag manna, sem eru að útvega sér vörur á sem hagkvæmastan hátt og láta selja fyrir sig framleiðslu sína. En ýmsir þættir í starfsemi kaupfélaganna upp á síðkastið hafa verið reknir þannig, að ég tel, að það væri eðlilegt, að þeir heyrðu undir hið sama hvað gjaldskyldu snertir og einkaverzlun. Þar á ég við t. d. bílarekstur, skipaafgreiðslu, fatahreinsanir, svo að ég nefni einhver dæmi, þar sem ekki er gert upp á milli félagsmanns og utanfélagsmanns. Það er skoðun mín, að þannig eigi að flokka verzlun kaupfélaga eftir því, hvort hún er framkvæmd sem félagsmannaviðskipti eða eins og viðskiptamaðurinn sé ekki félagsmaður, heldur gerður upp með viðskipti sín eins og kaupmaður gerir upp við sína menn. Ég álít, að frv., eins og það er um þetta atriði, sé hið fráleitasta.

Mig langar til að vita í alvöru, af því að ég viðurkenni ekki þörfina fyrir að prófa frv. og sízt af öllu þegar það er ekki betur úr garði gert en svona, — að prófa það, áður en þeir, sem eiga að vinna samkvæmt því, hafa fengið tækifæri til þess að fjalla um það. Ég viðurkenni ekki þau rök sem rétt. En mig langar til að vita, hvers vegna það getur ekki verið af þeim ástæðum einum, að bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum hefur ekki verið sent frv. þetta til umsagnar.

Það skal þó viðurkennt, að ég varð var við það í vetur, að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga taldi sig þurfa að kalla saman fulltrúaráð sveitarfélagasambandsins einmitt til þess að skoða — fyrir ríkisstj., að mér skildist — þetta frv., eins og það lá fyrir. Og hann boðaði fund tímanlega í marz. En þegar fundarmenn voru komnir á staðinn, kom í ljós, að frv. var ekki tilbúið, og þá var fundinum frestað þangað til í apríl, þá var hann aftur kallaður saman. Og þessi fundur fékk frv. til meðferðar. Hann sagði um það álit sitt, og ég vil nú á þessu stigi leyfa mér að lesa upp afgreiðslu hans í málinu, en n. hafði starfað á fundinum að því að athuga frv., og tvær umræður um málið fóru fram. Mér þykir afar illt að vera með fsp. til hæstv. ráðh., þegar hann gengur úr salnum. Hann er víst kallaður í síma. (**Forseti:** Ætli hann komi ekki? Já, hann var kallaður í síma.) Ég mætti kannske gera hlé á ræðu minni? (**Forseti:** Já, sjálfsagt.)

Fulltrúaráð sveitarfélaganna afgreiddi á fundi sínum útsvarsmálin með svofelldri ályktun:

„Fundurinn telur frv. það, sem komið hefur fram á Alþingi því, er nú situr, um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum, þurfa nánari athugunar í ýmsum atriðum. Bendir fundurinn á eftirfarandi sem dæmi um þetta:

1) Varhugavert er að lögbjóða án frekari undirbúnings og athugunar en þegar hefur átt sér stað til frádráttar á tekjum við útsvarsálagningu útsvar fyrra árs, annað en veltuútsvar, og væri því athugandi, að þetta ákvæði yrði aðeins heimildarákvæði.

2) Ekki er rétt, að samvinnufélög greiði útsvar af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. frv., og þyrftu því að vera í frv. nánari ákvæði um það efni og sérstaklega nákvæmari skilgreining á því, hvað orðið velta þýðir í frv., t. d. í sambandi við umboðssölu og framleiðslufélög, sem starfa á samvinnugrundvelli.

3) Fundurinn telur mjög vafasamt að lögbjóða nú án frekari undirbúnings ákveðna útsvarsstiga í hreppum og bendir á, að rétt væri að fyrirskipa sýslunefndum að samræma útsvarsálagningu, hverri í sínu umdæmi, áður en fastákveðinn er með lögum sérstakur útsvarsstigi fyrir hreppsfélög."

Ég sé ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið til greina þær bendingar, sem fulltrúaráð og fundur sveitarfélaganna afgreiddi með þessari ályktun í þremur liðum. Og nú vil ég spyrja, hvers vegna það var ekki gert.

Það er þrennt, sem er höfuðatriði í þessari ályktun. Það er fyrst, að varhugavert sé að taka fyrra árs útsvar til frádráttar. Hv. 4. þm. Vestf. benti rækilega á, hvaða galla það hefur, „annað en veltuútsvar", sagði fulltrúaráðið, en veltuútsvar er vitanlega sama eðlis og t. d. söluskattur, sem er frádráttarhæfur. Ég sé á hinu nýja frv., að hvorki það, að breytt væri frádrættinum á útsvörunum í heimildarform né veltuútsvar sé gert frádráttarhæft sérstaklega, hefur verið tekið til greina. Hvorugt hefur verið tekið til greina.

Í öðru lagi er það skýrt tekið fram, að fulltrúaráðið telur ekki rétt að leggja útsvar á sama hátt á félagsmannaviðskipti í samvinnufélögum og kaupmannsviðskipti. Það ætlast frv. til að sé gert.

Og í þriðja lagi er á það bent, að t. d. hreppsfélögin hafi svo misjafnar ástæður, að hæpið sé að skipa fyrir með lögum, hvern gjaldstiga þau öll saman skuli hafa, og betri sé sú þróun, ef að því á að stefna, að sýslunefndunum, hverri hjá sér, sé falið að vinna að samræmingu heima fyrir, áður en löggjafinn geri um þetta fyrirskipun.

Hvers vegna gerir hæstv. ríkisstj. ekkert með till. þess fundar, sem mér skilst þó, að hafi verið haldinn í fulltrúaráði sambands sveitarfélaganna að ósk hennar? Ég sé ekki betur en hér sé hafður óafsakanlegur hraði á og ofstjórn sé hér á ferðinni gagnvart sveitarfélögunum.

Þá eru ýmis atriði, sem fróðlegt væri að fá upplýsingar um. Hv. 4. þm. Vestf. minntist á sláturhús. Inn í frv. hefur komið ákvæði um það, að undanþegin skuli vera veltuútsvari sláturhús og mjólkurbú. Mjólkurbú veit maður vel, hvað er. Og það er auðvelt til framkvæmda. En sláturhús, hvað er það? Ég er eins og hv. 4. þm. Vestf., að ég veit ekki til þess, að sláturhús verzli. Sláturhús er kallað hús, þar sem fé eða gripir eru aflífaðir og gerðir til. Greiðslur eiga sér ekki stað í sambandi við vöruna þar, aðrar en þær, að verkamönnum eru greidd laun, og það er gert með því, að þeir, sem fénaðinn eiga, greiða sláturlaun. Skyldi það vera meiningin þarna að undanþiggja vinnulaun verkafólksins við slátrunina og sláturlaunin veltuútsvari? Mér finnst þetta vera bágborin lagasetning. Eitthvað hlýtur annað í raun og veru að vaka fyrir löggjafanum, þeim sem leggur til orðið, en það hugtak, sem í því felst.

Þá sé ég hér, að útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu má eigi meira nema en 2½‰ af heildarveltu. Hér er ákvæði sett, sem er náttúrlega augljóst. Ég er því mótfallinn að leggja veltuútsvar á afurðir, sem t. d. samvinnufélögin selja fyrir sína félagsmenn eða réttara sagt félagsmennirnir gera verð úr með félagi sín á milli, leggja á þær 2½‰, því að ég veit um það, að kaupfélag, t. d. kaupfélag það, sem ég er í, tekur ekki fyrir þetta meira en 1% í umboðslaun. Mér finnst hart að greiða

hærra útsvar en umboðslaunum nemur. En það, sem mér sýnist skrýtilegast við þessa grein — fyrir utan sláturhúsið kannske, er það, að í henni segir: „Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en það var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð var á í Reykjavík árið 1959, að hækka útsvör á veltu allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður."

Ég finn ekki betur en það sé í þessari grein mótsögn. Þar virðist því vera slegið föstu, að ekki megi leggja á landbúnaðarafurðir nema 2½‰, ef það hefur þá verið lagt á árið áður, en þó hefur það víðast hvar ekki verið á lagt. En ef það hefur ekki verið á lagt, þá skal þó heimilt að leggja á eins mikið og lagt var á í Reykjavík 1959, og í Reykjavík sé ég, að á sams konar vörur hefur verið lagt 6‰ gjald. Hvað gagnar þá þetta með 2½‰ ákvæðið? Mér verður að spyrja. Ég sé ekki annað en þarna séu allflæktir þræðir.

Þá finnst mér afar undarlegt, eins og hv. 4. þm. Vestf., að ákvæði um frádrátt, sem eru í 5. gr. fyrir Reykjavík, virðast ekki mega gilda að því er snertir önnur bæjarfélög eða sveitarfélög, nema þá ef þau tækju skalann upp alveg, þá kannske mega þau gilda. Mig langar til að fá skýringu á því, á hverju það er byggt.

Það er margt, sem hlýtur að verða spurn um þetta frv., það er svo óljóst. T. d. er það svo óljóst, hvað er heildarvelta, hvað er velta, að ekki veitti af, að það hefði verið nánar skilgreint og breyt. gerðar á frv., til þess að það kæmi í ljós, eins og fulltrúaráð sveitarfélaganna benti á og óskaði eftir. En máske er treyst á það, að sveitarfélögin, sem hafa vanizt því að þurfa að starfa sjálfstætt og fást við ýmsa erfiðleika, leysi þann erfiðleika líka, sem mun fylgja því að taka á móti svona frv., og geri það kannske með því að fara ekki eftir því. En víst er það mjög óeðlilegt, að Alþingi gefi út lög í trausti þess.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en ég gerði í framsöguræðu að fara út í efni þessa máls, en að gefnu tilefni í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) vil ég aðeins minnast á tvö atriði varðandi undirbúning málsins.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem hefur, allt frá því Samband íslenzkra sveitarfélaga var stofnað, verið virkur þátttakandi í störfum þess, spyr m. a., hvort nokkurt sveitarfélag hafi óskað eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir, og hvort yfirleitt nokkur aðili hafi eftir því óskað.

Út af þessari fsp. hans vil ég geta þess fyrst, að meðal þeirra, sem hafa óskað eftir endurskoðun á útsvarsl. og fyrst og fremst með meginatriðum þessa frv., er hann sjálfur. Það var t. d. á fyrsta þingi Sambands ísl. sveitarfélaga samþ., m. a. með atkvæði hans sjálfs, áskorun til löggjafarvaldsins um það að endurskoða útsvarsl. með það fyrir augum að samræma útsvarsálagninguna um land allt frá því, sem verið hefði, og gera ýmis ákvæði skýrari. Hvernig á að samræma þessa 200 eða yfir 200 útsvarsstiga nema með því að binda þá í lögum? Vitanlega skilja allir, að það er ekki unnt. Einnig hefur það verið stefna Sambands ísl. sveitarfélaga frá byrjun, að ný löggjöf yrði sett um útsvörin, þar sem reynt yrði að tryggja sem allra mest samræmi, og að útsvarsstigarnir yrðu festir í lögum, að vísu að sjálfsögðu, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., með vissum heimildum fyrir sveitarstjórnir til hækkunar eða lækkunar.

En það er ekki aðeins, að Samband ísl. sveitarfélaga hafi haft þessa stefnu frá upphafi og með fullu samþykki þessa hv. þm., heldur hefur einnig t. d. samband sveitarstjórna á Vestur-, Norður- og Austurlandi þrásinnis undanfarin ár beint áskorunum til þings og stjórna um endurskoðun á útsvarsl. sem fyrst, með þessi sömu sjónarmið í huga.

Varðandi hitt atriðið, sem ég vildi aðeins svara, þá segir hv. þm., að frv. þetta sé ákaflega illa undirbúið, og telur, að það sé í rauninni ekki undirbúið í neinu samráði við sveitarfélögin.

Ég verð að segja, að mér finnst einmitt frá þessum hv. þm. þetta vera ákaflega ómakleg ummæli, — manni, sem hefur tekið mikinn þátt í starfi Sambands ísl. sveitarfélaga. Hvernig er undirbúningi þessa frv. háttað? Til þess að starfa að þessum undirbúningi eru kvaddir í undirbúningsnefnd bæði formaður og varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga, gagnstætt því, sem gert var, þegar hafin var endurskoðun sveitarstjórnarlaganna almennt af vinstri stjórninni sálugu, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. studdi dyggilega. Þegar sett var í gang af vinstri stjórninni heildarendurskoðun sveitarstjórnarl., var þar enginn maður frá sveitarstjórnasambandinu, og það var ekki spurt ráða, ekki einu sinni óskað eftir því, að það tilnefndi nokkurn mann. Þegar ég skipaði þessa undirbúningsn., voru bæði formaður og varaformaður sveitarstjórnasambandsins þar til kvaddir til að taka þátt í hinum beina undirbúningi. Þessi hv. þm. veit líka, að við allan undirbúning var haft náið samband við stjórn sveitarstjórna- eða bæjarstjórnasambandsins fyrir Vesturland, Norðurland og Austurland, og að stjórnendur þess sambands voru með í ráðum um samningu verulegs hluta og þýðingarmikils hluta af þessu frv.

Þessi hv. þm. veit líka, að til þess að semja kaflann um útsvarsstiga fyrir önnur sveitarfélög en kaupstaði voru kvaddir — í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga — 5 kunnir oddvitar úr sveitum, m. a. 2 þm. úr flokki þessa hv. þm., þeir Ágúst Þorvaldsson og Garðar Halldórsson, sem báðir voru sérstaklega til kvaddir og eru höfundar ásamt fleirum að þessum útsvarsstiga varðandi sveitarfélögin, sem framsóknarmenn leyfa sér svo mest að gagnrýna nú og skrifa á reikning

rikisstj. eða minn. (**Gripið fram í:** Eru þeir höfundarnir?) Að sveitarstjórnastiganum eru þeir höfundar ásamt hinum 3 öðrum oddvitum, sem til voru kvaddir, og þetta veit þm. ákaflega vel. (Gripið fram í.) Þeir gerðu engan ágreining, og það er ástæðulaust fyrir hv. að vera að gera neinar aths., því að þetta liggur fyrir skjallega í grg. frv., þeir gerðu engan ágreining, hvorki fyrr né síðar.

Þegar athugaður er allur undirbúningur þessa máls, þá verð ég að segja, að það er bæði ómaklegt og furðulegt, að einn af starfandi mönnum úr Sambandi ísl. sveitarfélaga, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e., skuli leyfa sér að viðhafa önnur eins ummæli og hann hefur hér haft, því að hann veit betur.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðallega eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi vekja athygli á, og gætu raunar verið fleiri. Þó hefur áður verið vakin athygli á því — það er í sambandi við 8. gr. — bæði af hv. 4. þm. Vestf. (SE) og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK). Það er þetta orðalag: „undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú".

Það er rétt, að þetta er ekki skýrt orðalag, það getur valdið ágreiningi, hvernig eigi að skilja, og aðalerindi mitt hingað upp var að vekja máls á því, að sú nefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, hefði máske breytt þessu orðalagi eitthvað, ef hún teldi við nánari athugun, að þetta gæti valdið misskilningi eða mistúlkun. Það, sem þarna er átt við, — mér er vel kunnugt um það, — það er sala mjólkurafurða á fyrsta sölustigi frá mjólkurbúi og sala sláturfjárafurða á fyrsta sölustigi frá sláturhúsi. Þetta er atriði, sem hefur verið mikið rætt hér í vetur við endurskoðun á þessum l., einkanlega við þá endurskoðun, sem fór fram, eftir að þetta lagafrv. var fyrst lagt fram. Það er þetta, sem er alveg ákveðið meiningin, að fyrsta sölustig á þessum vörum sé undanþegið veltuútsvari, m. a. fyrir það, hversu oft þessar vörur koma til með að verða seldar og þar af leiðandi margskattaðar máske.

Þá hefði ég viljað fara fáum orðum um það atriði, sem hv. 4. þm. Vestf. og raunar hv. 1. þm. Norðurl. e. einnig víttu mjög í þessu frv. Það er það að gera skala yfir útsvarsálagningu, sem sé ekki sami yfir allt landið, þ. e. a. s. 3 skala, einn fyrir sveitir, einn fyrir kaupstaði og einn fyrir Reykjavík.

Þetta atriði finnst mér vera mjög eðlilegt, og það er af því, að það ástand, sem veldur því, að þessir skalar hafa verið misjafnir, er enn fyrir hendi. Í sveitunum mundum við t. d. alls ekki komast af með þau útsvör, sem lögð væru á eftir Reykjavíkurskala. Þannig yrði meginþorri af okkar gjaldendum algerlega útsvarslaus, vegna þess að þar eru tekjurnar yfirleitt svo lágar. Hið sama býst ég við að sé fyrir kaupstaðina, að þetta sé einnig þar fyrir hendi, þó að ég sé þar ekki eins kunnugur.

Í sambandi við þetta vil ég koma inn á það, sem hér hefur verið líka rætt, að sá skali, sem hér var gerður til bráðabirgða, til reynslu fyrir sveitarfélögin eða hreppsfélögin úti um land, var algerlega saminn af 5 oddvitum, sem til þess voru kvaddir af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég var einn í þessum hópi ásamt 4 öðrum, sem sumir hafa verið hér þegar nefndir, og við bárum saman fjöldamarga skala utan af landi, sem farið hafði verið eftir, og reyndum að gera samræmdan skala upp úr þeim, sem væri sem svipaðastur því, sem gilt hafði áður við álagningu útsvara í hinum einstöku byggðarlögum, þar sem okkur virtist, að einna vandlegast hefði verið farið í útsvarsálagningu, miðað við framtöl. Og við komumst, þessir 5 oddvitar, að raun um, að þessi skali, sem við lögðum til að yrði tekinn upp til reynslu og bráðabirgða, væri mjög nærri því lagi, sem við höfðum einmitt farið eftir, allir þessir oddvitar eða hreppsnefndir í viðkomandi sveitum, þó dálítið eftir mismunandi leiðum, sem leiddu til svipaðrar niðurstöðu.

Það má segja, að þessi skali beri blæ af okkar reynslu, og skal ég ekki neitt fullyrða um það, að þetta sé það bezta, sem hægt sé að finna út. En ég held, að þetta sé það nærri lagi, að út af fyrir sig sé ekki mikið út á það að setja að lögfesta þennan skala í eitt skipti til reynslu.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. lagði fyrir hæstv. fjmrh. í spurnarformi, um það, hvort hin einstöku sveitarfélög hefðu beðið um endurskoðun á útsvarsl., þá hafa náttúrlega ekki komið fram beiðnir frá öllum sveitarfélögum í landinu. Ég er viss um, að það eru yfir 10 ár, — ég man það fyrir víst, — síðan ég mætti fyrst á sambandsfundi íslenzkra sveitarfélaga, og þá var á þeim fundi mjög mikið rætt um, að nauðsynlegt væri að samræma útsvarsálagningu um allt land, og sambandinu var falið að vinna að því. Stuttu síðar var ég skipaður í nefnd til þess að semja útsvarsskala ásamt tveim mönnum öðrum mér færari, með það fyrir augum að fá samræmingu á þessu, og við sátum lengi á fundi norður á Akureyri og sömdum álagningarreglur, sem að vísu hafa ekki komið til neinna framkvæmda. En þetta sýnir, að þetta mál er ekki öldungis nýtt. Og ég get sagt fyrir mig, að ég hef fengizt við útsvarsálagningu í 30 ár, og ég tel það miklu betra sem hreppsnefndarmaður að hafa ákveðnar reglur til að fara eftir við álagningu, sem væru svipaðar eða þær sömu og gilda annars staðar, til þess að ekki sé hægt að núa hreppsnefndum eða niðurjöfnunarnefndum því um nasir, að þessi n. eða önnur hafi allt aðrar reglur en hinar, sem séu máske verri. En hvaða skali kynni að verða réttlátastur út úr þessu, það vil ég ekki fullyrða, en ég held, að þessi skali, að því er snertir sveitarfélögin, sé ekki fjarri lagi til reynslu.

Sá eini ágreiningur eða meiningamunur, sem var í þessari 5 manna oddvitanefnd, sem bjó til þennan skala, — ég tek fram, að hún gerði ekki annað, — var sá, að því er snertir undirbúning á þessum útsvarslögum, að flestir þessir oddvitar töldu, að ekki væri rétt að lögleiða

eða lögbinda veltuútsvar. Þó var a. m. k. einn og raunar tveir, sem töldu, að mörg sveitarfélög í hreppunum, — ég tala aðallega um það á þessu stigi, — hefðu þegar farið inn á þessa braut, að hafa veltuútsvör t. d. á framleiðsluvörum bænda, og töldu nauðsynlegt að halda því til þess að ná í vissa, tiltekna menn, sem erfitt væri að treysta framtölum frá. Það varð niðurstaða þessarar n., að hún féllst á það, að rétt mundi vera að leyfa lág veltuútsvör á afurðir búanna í sveitunum til bráðabirgða, meðan þau útsvarslög, sem væntanlega yrðu afgreidd nú til bráðabirgða, væru að sýna sig, hvernig reyndust. Hins vegar get ég sagt það sem mína afstöðu gagnvart veltuútsvörum, að ég tel þau mjög hæpna aðferð til þess að ná inn útsvörum, og raunar hef ég við mjög fáa menn talað, sem eru ánægðir með þá aðferð að taka útsvörin að meira eða minna leyti þannig. Ég tel, að réttara sé í framtíðinni að hugsa sér, að þær tekjur, sem sveitarfélögin ná inn gegnum veltuútsvör, komi heldur gegnum söluskattinn, sem ég geri ráð fyrir að verði nú varanlegur, kannske lengi. Hann er a. m. k. kominn á í bili, og ef honum verður haldið áfram, þá hefði ég talið réttara, að hann væri hækkaður, t. d. um 1%, sem gengi þá til sveitarfélaganna gegnum jöfnunarsjóð. En á þessu stigi hef ég hallazt að því, að ekki væri hægt að ganga fram hjá veltuútsvörunum eins og sakir standa vegna þess, hvað þau hafa verið mikill liður í álagningu svo að segja allra sveitarfélaga, í bæjunum og einnig í vaxandi mæli í sveitunum líka.

Ég veit ekki, hvort ég hef ástæðu til þess að segja fleira um þetta frv. Það hefur tekið talsverðum breytingum, frá því að það var lagt fram hér fyrst, og ég tel þær breyt. allar til bóta, og það hefur verið mikið tillit tekið til ýmissa viðhorfa gagnvart þessu frv. á ýmsum stigum, síðan það kom fram í fyrstu. Í aðalatriðum mun ég styðja þetta frv. sem bráðabirgðaúrlausn. Ég er á öðru máli en sumir hv. þm., sem hér hafa talað, um það, að ekkert sé unnið við það að fá eins árs reynslu á ákvæðum frv., áður en útsvarslög eru endanlega afgreidd, sem væntanlega verður á næsta þingi. Ég tel það mikinn stuðning fyrir þá n., sem hefur málið til endanlegrar afgreiðslu, að hafa fengið reynslu og umsagnir sveitarfélaganna einmitt við næstu álagningu, áður en sú nefnd lýkur störfum. Gæti hún snúið sér til sveitarstjórnanna og beðið þær um ákveðin svör við vissum atriðum, sem væru vafaatriði. Svör sveitarstjórnanna ættu að geta orðið nefnd þeirri, er undirbýr lagafrv. um útsvör, mjög til leiðbeiningar í ýmsum greinum.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. (BGuðm) skýrði frá því, hvað samkv. hans skilningi fælist í orðunum sláturhús og mjólkurbú. Það væri meiningin með því að setja inn það nýja ákvæði, sem þeim fylgir, að leggja ekki veltuútsvar á söluvörur bændanna á fyrsta sölustigi. En hví þá ekki að orða það alveg blátt áfram? Hvers vegna að vera að setja það fram á óskiljanlegan hátt og jafnvel fráleitan hátt, eins og snertir sláturhús, þar sem engin sala fer fram, eins og sýnt hefur verið fram á? Ég veit, að hv. 10. landsk. þm. þekkir mjög vel sláturhús í nágrenni sínu, þar sem ekkert annað fer fram en það, að þar er aflífaður fénaður og hann gerður til. Og það er það hús, sem heitir sláturhús skv. mæltu máli og réttu.

Hv. 10. landsk. þm. skýrði frá því, að það hefðu fimm oddvitar tekið þátt í að semja stigann að því er snertir hreppsfélögin. Það er nú út af fyrir sig það, sem sagt var í aths., sem fylgdu frv. En þótt þeir væru kallaðir til sem snöggvast til þess að gera uppkast, þá er ekki þar með sagt, að þetta verk sé fullkomið eða það sé í raun og veru unnið til hlítar á þann hátt, sem sveitarfélögin verða að ætlast til að slík löggjöf sé unnin.

Annars hef ég ekkert við ræðu hv. 10. landsk. þm. að athuga. Ég er honum sammála um það, að veltuútsvar sé neyðarúrræði, en sem sveitarstjórnarmaður tel ég eins og sakir standa óhægt um vik að banna veltuútsvör. Hitt er svo allt annað mál, hvort á að lögbjóða þau eða þau verði heimiluð og hvort það á að gera þau svo gegnumgangandi eins og gert er í þessu frv., og þess saknaði ég úr ræðu hv. 10. landsk. þm., að hann minntist á það, hvort hann teldi réttmætt að leggja veltuútsvar á félagsmannaviðskipti í samvinnufélögum. Það nefndi hann ekki, og þess saknaði ég mjög. Mér þætti mjög fróðlegt að vita, hvort hann er þeirrar skoðunar, eins kunnugur og hann er og ætti að vera gangi viðskipta í samvinnufélagi, hvort hann er ánægður með það ákvæði.

En viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um afstöðu mína sem starfandi manns í Sambandi ísl. sveitarfélaga frá upphafi þess, vil ég segja nokkur orð. Hann taldi, að vegna þess að ég hefði verið þar starfandi og tekið þátt í afgreiðslu mála þar, væri það ómaklegt af minni hálfu að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir undirbúninginn á þessu máli. Ég spurði, hvort sveitarfélögin hefðu beðið um slíka löggjöf sem þessa. Hann sagði, að snemma á árum sambandsins, kannske á fyrsta sambandsfundinum, — ég man ekki, hvort hann sagði það, — þá hefði verið samþ. ályktun um, að æskilegt væri að samræma útsvarsstigana um land allt, og ég hefði tekið þátt í þeirri afgreiðslu. Ég man þetta ekki, hvernig sú ályktun var orðuð. En ég kannast við það vel frá sambandsfundunum, að það hefur sí og æ verið óskað eftir því, að sveitarfélögin fengju nýja tekjustofna til þess að létta á útsvarsálagningunni, og sú hugsun hefur vitanlega svifið þar yfir stólum, að æskilegt væri, að samræmi væri í útsvarsálagningu um land allt, — æskilegast, að hægt væri að hafa útsvörin jafnþung um land allt. Og ég þykist viss um það, að þessi ályktun, sem samþykkt var og hæstv. ráðh. vitnaði í, hafi verið orðuð á þá leið, að það væri tekið til athugunar og fram-

kvæmda, svo fljótt sem unnt væri, að samræma útsvarsálagninguna, eftir því sem unnt væri. Ég veit, að þar hefur aldrei verið samþykkt gerð öðruvísi en í þeim anda: Eftir því sem unnt væri. En ég verð að halda því fram, að þetta frv. feli í sér álagningarreglur, sem ganga lengra en unnt er, eins og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu er nú háttað.

Þá deildi hæstv. ráðh. á mig fyrir það, að ég hefði gert kröfu til þess, að sveitarfélögin væru höfð meira í ráðum um þessa lagasetningu en gert hefði verið nú, og hann sagði, að ég, sem hefði stutt vinstri stjórnina, hefði ekki haft við það að athuga, þó að vinstri stjórnin hefði skipað n. til að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina, án þess að biðja samband sveitarfélaganna um mann í n. Því er þá fyrst til að svara þar, að það var maður úr stjórn sambands sveitarfélaganna í n., varaformaðurinn var tilkvaddur í n. Og í öðru lagi er það að segja, að mér datt aldrei í hug, og ég hygg, að vinstri stjórninni hafi ekki dottið í hug að setja löggjöf um þessi efni án þess að bera hana fyrst undir sveitarfélögin sjálf, stjórnir sveitarfélaganna. Og það er það, sem ég er að finna að, að frv. skuli ekki hafa verið sent til umsagnar sveitarfélögunum, eins og venjulegt hefur verið með meiri háttar löggjöf, sem þau snertir.

Hæstv. ráðh. sagði, að í þeirri n., sem núv. ríkisstj. hefði kvatt til þess að vinna þetta verk, semja frv., hefði bæði verið formaður sveitarfélagasambandsins og varaformaður þess. Það er alveg rétt. En eigi að síður var full ástæða til þess að senda frv. til umsagnar. Og svo kemur að því, að fulltrúaráð sveitarfélaganna, sem kom hér saman snemma í apríl og samþykkti þá ályktun, sem ég las hér upp áðan, hefur ekki verið tekið til greina. Ályktunin hefur ekkert verið tekin til greina. Og þó var í þeirri n., sem lagði fram ályktunina, varaformaður sambandsins, sá sem átti sæti í n., sem upphaflega samdi frv., og einnig vann með n. sjálfur formaður sambandsins. Og þegar ályktun fundarins var afgreidd, greiddu þessir menn báðir atkv. með henni. Þetta kalla ég að gera ekkert með það, sem fulltrúar sambandsins vilja, fulltrúar sveitarfélaganna vilja, og meira að segja gera ekkert með það, sem nm. sjálfir, sem ríkisstj. hafði til kvatt, vilja. Ályktunin var samþykkt með 15:1 atkv., og atkvæði beggja þessara manna, sem hæstv. ráðh. nefndi sem fulltrúa stjórnarinnar, voru í 15 atkvæðunum. Þeir greiddu atkv. með ályktuninni. Það er langt frá því, að ég hafi gengið of langt í því að deila á hæstv. ráðh. fyrir það að taka ekki nægilegt tillit til sveitarfélaganna. Hann hefur ekki einu sinni tekið tillit til þeirra manna, sem hann kvaddi sjálfur til að semja frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Ed., 2. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 514, n. 588 og 608, 611).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., eða við þrjú, sem stöndum að nál. á þskj. 588, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila sérnál.

Það er orðið alllangt síðan frv. þetta kom fyrst fram hér á hv. Alþ. Þm. hefur því gefizt rúmur tími til að kynnast efni þess og mynda sér um það skoðun, enda hefur það mikið verið rætt, bæði innan þings og utan, þ. á m. í dagblöðunum. Við 1. umr. málsins hér í hv. Ed. fylgdi fjmrh. frv. úr hlaði með ýtarlegri ræðu, og ég get því orðið um það fáorð.

Við 1. umr. málsins tóku hér til máls hv. þm., andstæðingar frv. Þar var m. a. vikið að ályktunum frá fulltrúaráðsfundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Ég vil bæta því við, að það er síður en svo, að í þeirri ályktun, sem vitnað var til, komi fram andstaða fundarins gegn megintilgangi þessa frv., og nægir um það að benda til till., sem fram kom á þessum fulltrúaráðsfundi, sem ég leyfi mér hér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Sú till. var svo hljóðandi:

„Þar sem fulltrúaráðsfundurinn telur, að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna um sin innri mál sé einn af hyrningarsteinum tilveru þeirra og sjálfstæðis, mótmælir hann eindregið fram komnu frv. um bráðabirgðabreytingu á l. um útsvör, þar sem það gerir m. a. ráð fyrir lögboðnum útsvarsstigum, og skorar á Alþ. að fella frv."

Þessi till., sem fram var borin þarna á fundinum, var felld af yfirgnæfandi meiri hl., og það gefur nokkra vísbendingu um það, að fundurinn hafi ekki verið frv. andvígur í meginatriðum, enda þótt sú ályktun, sem hér hefur verið vitnað til áður við 1. umr. málsins, feli í sér ábendingar um einstök atriði í frv., sem talið er að þurfi nánari athugunar við, og þar á meðal ætla ég að séu ýmis atriði, sem engar líkur eru til að sveitarstjórnarmenn yfirleitt séu á einu máli um. Þar eru viss atriði, sem maður veit að skoðanir eru mjög skiptar um, jafnt meðal sveitarstjórnarmanna sem annarra.

Ég hlýt af þessu að draga þá ályktun, að fulltrúaráðsfundurinn hafi ekki lagzt gegn megintilgangi frv., sem sé heildarsamræmingu á útsvarsálagningu sveitarfélaganna og lögfestingu á hámarki veltuskatts, og ekki heldur gegn þeim megintilgangi, sem reyndar felst í heildarsamræmingu, að það séu lögboðnir útsvarsstigar, þó að lengi megi sjálfsagt um það deila, hvernig þeir verði bezt úr garði gerðir.

Það hefur verið fundið að því af hv. andstæðingum frv., að það hafi ekki verið nóg til undirbúnings þess vandað. Eins og fram

kemur í grg. með frv., hafa unnið að samningu þess menn, sem eru þaulkunnugir sveitarstjórnarmálum og skattheimtu sveitarfélaganna. Og þeir kvöddu sér aftur til ráðuneytis um einstök atriði aðra menn, sem höfðu langa reynslu í þeim efnum.

Eins og fram kom reyndar í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins hér í d., hafa komið fram ítrekaðar óskir um samræmingu á útsvarsálagningu sveitarfélaganna. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) spurði við 1. umr. málsins hér, hvort sveitarfélögin hefðu óskað eftir slíkri lagasetningu sem þessu frv. Ég held nú, að ef sveitarfélögin hefðu hvert um sig átt að gera till. um slíka lagasetningu, þá hefðu till. í einstökum atriðum sjálfsagt orðið jafnmargar eða allt að því jafnmargar og sveitarfélögin eru, og hefði þá, ef freista átti að fá á komið nokkurri samræmingu, orðið að fara þar einhvern meðalveg. En ég býst við, að öruggasti leiðarvísir við slíka lagasetningu séu þær reglur, sem sveitarfélögin um árabil hafa skapað sér við niðurjöfnun útsvara eftir efnum og ástæðum, eins og hún hefur verið og er nú.

Með hliðsjón af þessum reglum, sem undirbúningsnefnd frv. að sjálfsögðu hafði orðið sér úti um, hafa verið samdir útsvarsstigar með heimild til hækkunar og lækkunar og reglur, sem að fróðustu manna yfirsýn er talið að eftir atvikum geti annars vegar mætt tekjuþörfum sveitarfélaganna og hins vegar tryggt gjaldþegnana gegn handahófslegri útsvarsálagningu eða svo hárri, að ósanngjarnt megi teljast.

Þó að ýmsir hafi haft sitthvað við þetta frv. að athuga, og ég held nú reyndar, að það verði vandsett sú skattalöggjöf, að ekki þyki einhverjum á sig hallað, þá verður því ekki á móti mælt, að með þessu frv. er stigið stórt spor í þá átt að samræma útsvarsálagninguna í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Og það má segja, að það sé einmitt tímabært að gera þetta nú, þegar í fyrsta sinn rennur til sveitarfélaganna hluti af söluskatti skv. nýsamþykktum lögum um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Sem kunnugt er, stendur yfir heildarendurskoðun útsvarslaganna, og við, sem stöndum að nál. meiri hl. heilbr.- og félmn., teljum, að þetta frv. stefni í meginatriðum í rétta átt og að mikilvægt sé, að reynsla fáist af því í framkvæmd nú á þessu ári, — reynsla, sem geti orðið ómetanleg vísbending fyrir þá menn, sem vinna að heildarendurskoðun útsvarslaganna. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við hv. 9. þm. Reykv. (AGl) urðum í minni hl. í hv. heilbr.- og félmn. og höfum gefið út sameiginlegt nál., sem sagt er að muni koma úr prentun eftir nokkrar mínútur. Enn fremur höfum við gefið út á sérstöku blaði nokkrar brtt., sem búizt er við að komi á sama tíma. En vegna þess að nú þarf að nota daginn, vil ég mæla nokkur orð, þó að þessi skjöl liggi ekki fyrir, í von um það, að þau komi eftir fáar mínútur.

Sveitarfélögin eru sjálfstæðar heildir um margt innan þjóðfélagsins, og hefur farið vel á því, og væntanlega getur farið vel á því áfram. Hæstv. fjmrh. hefur oft sem sveitarstjórnarmaður lagt á þetta mikla áherzlu. Ég man eftir ágætu ávarpi, sem hann flutti á síðasta landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga sem borgarstjóri Reykjavíkur, þar sem hann undirstrikaði nauðsyn sveitarfélaganna til þess að gæta sjálfstæðis síns. Hann sagði, að þau ættu að vara sig á valdinu að ofan, þ. e. a. s. ríkisvaldinu. Mér þóttu þetta viturleg orð og þykja það enn. Valdið að ofan, þ. e. a. s. ríkisvaldið, hefur yfirleitt ekki, að mínu áliti, verið nærgætið við sveitarfélögin eða tekið svo sem skyldi tillit til hlutverka þeirra og þarfa.

Hæstv. fjmrh. lagði á það áherzlu í útvarpsræðu sinni síðustu, hvílíkt fjöregg það er fyrir sveitarfélögin að halda sjálfstæði sínu. Þessu er ég alveg sammála. Það er þeim ákaflega mikilsvert, og það er þjóðfélaginu sömuleiðis mikilsvert. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er valdið að ofan að gera sig allt of mikið gildandi gagnvart sveitarfélögunum, ekki eingöngu á þá leið að ætla að setja með lagaákvæðum óvenjuleg fyrirmæli til þess að knýja sveitarfélögin til þess að hafa fastar reglur, sem áður hafa ekki gilt, um tekjuöflun sína að því er útsvörin snertir, en útsvörin hafa verið og eru enn mestur hlutinn af þeim tekjum, sem sveitarfélögin hafa. En það, sem ég tel alvarlegast í sambandi við þetta frv., er, að þessi ákvæði á að setja án þess að spyrja sveitarfélögin eða stjórnir þeirra eða gefa þeim tækifæri til íhlutunar og tillagna um löggjöfina. Það hefur verið venja um öll meiri háttar mál, sem Alþingi hefur sett lög um og snerta sveitarfélögin sérstaklega, að senda þeim frv. til umsagnar. Þessi regla hefur verið brotin nú, og þó er hér um að ræða málefni, sem segja má að snerti sveitarfélögin eingöngu og íbúa þeirra heima fyrir. Að þessu finnst mér ástæða til að finna og úr þessu mikil þörf að bæta, því að vissulega er það hægt enn. Ég sé ekki, að þessu máli liggi svo geysilega á nú, að ekki sé hægt að gefa það tóm að senda frv. á því stigi, sem það er nú, til þeirra til umsagnar.

Því er haldið fram, að þetta eigi að vera bráðabirgðalöggjöf. En mér finnst valdið að ofan satt að segja gera sig nokkuð frekt, þegar það ætlar að prófa á sveitarfélögunum sjálfum, bara prófa löggjöfina, sem getur gripið eins sterklega inn í starfsemi þeirra og rekstur og þetta frv. gerir. Með frv. er verið að skipa sveitarfélögunum í flokka og setja þeim með löggjöf reglur fyrir þá þrjá flokka. Það er ofur lítið svipað því og að svo væri fyrir mælt, að klæðskerar hefðu bara 3 númer af fatnaði handa öllum mönnum og þeir gætu valið um 3 númer. Að vísu er ofur lítil teygja í reglunum, en ekki sú teygja, sem að mínu áliti nægi til þess, að þarna sé hægt fyrir hvern að telja

stakk við sitt hæfi, og ekki svo mikil teygja, að það sé ekki sjálfsagt að spyrja sveitarfélögin að því, hvort þau þoli þá stakka, sem þeim eru þarna sniðnir. Og það er einmitt það, sem væri hægt að gera, ef málið væri lagt fyrir sveitarfélögin. Þá mundu þeir prófa fötin, án þess að þurfa að vera í þeim, fyrr en búið væri að laga þau, ef þeir treystu sér ekki til að þola stakkinn. Eitt ár skiptir kannske ekki miklu máli — og hálft segja menn hér. En það mundi þykja hart af skósmið, ef hann vildi ekki lofa manni að athuga númerið á skónum öðruvísi en hann væri skyldugur til að vera í skónum svo sem einn árstíma.

Hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að af því að þetta væru bráðabirgðalög, fengist reynsla, ómetanleg fyrir þá nefnd, sem er að starfa að samningu útsvarslaganna. Ég vil halda því fram, að sú reynsla fengist líka, ef sveitarfélögin fengju frv., eins og það stendur núna, til þess að athuga það og vita, hvort þau geta búið við þær reglur, og væru látin segja til um það hvert um sig.

Það er enginn vafi á því, að það er vel hægt að setja löggjöf fyrir Reykjavík sem eitt sveitarfélag, og stigi Reykjavíkur virðist vera byggður á reynslunni þar. Það er miklu erfiðara að setja upp stiga, sem hæfir öllum hinum bæjarfélögunum. En það er ákaflega létt að fá umsagnir þeirra um það atriði. En fjarstæðast er þó að ætla hreppsfélögunum, mismunandi stórum, mismunandi efnalega stöddum og hátt á annað hundrað að tölu að búa við einn stiga.

Hv. frsm. meiri hl. las upp till., sem kom fram á fulltrúaráðsfundi sveitarfélagasambandsins, sem haldinn var snemma í aprílmánuði, og felld, í sambandi við þetta mál, sem þar var til umr., eins og ég lýsti hér við 1. umr. Allt var rétt, sem frsm. sagði um þetta. En till., sem samþykktar voru, voru komnar fram og lágu fyrir, þegar þessi till. var borin fram, lágu fyrir frá n., og fundurinn hallaðist vitanlega miklu frekar að þeim, vegna þess að till., sem frsm. las upp, var beinlínis um það að fella frv., en það var ekki andi fulltrúaráðsins yfirleitt að telja það athugavert, þó að gerð væri tilraun til þess að samræma a. m. k. meira en nú er álögureglur sveitarfélaganna, og hann leit yfirleitt á þetta frv. eins og uppkast að tilraun til þess að móta löggjöf, sem gengi í þessa átt. En hann gerði, eins og yfirlýsingin, sem samþykkt var, sýnir, margar aths. til ábendingar við frv., sumar þeirra nokkuð stórvægilegar, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, og ég tel, að af því að þessi fundur var haldinn og haldinn með tilliti til þess að fjalla um þetta frv., þá sé það hastarlegt og langt gengið af valdinu að ofan gagnvart sveitarfélögunum að taka enga bendingu fulltrúaráðsfundarins til greina, þó að það sé rétt, að fulltrúaráðsfundurinn skoraði ekki á Alþingi að fella frv. beinlínis, en skoraði á það að gera á því breytingar, sumar mjög miklar.

Það er einkennilegt, að sú eina formlega tilraun, sem hefur verið gerð til þess að spyrja sveitarfélög eða fulltrúa þeirra um álit þeirra á þessu frv., hún er ekki höfð að neinu, ekkert gert með álit þeirra, sem spurðir eru um slíkt. Það er von, að þeir, sem vinna að sveitarstjórnarmálum, styrkist í þeirri trú við þetta, að þeir þurfi að gæta sín gagnvart valdinu að ofan. Og þeir, sem líta svo á, að sjálfstæði sveitarfélaganna sé mjög mikilsvert fjöregg fyrir þau, ættu að gæta þess, að með þetta fjöregg sé ekki leikið eins og skessurnar léku stundum samkv. þjóðsögum að fjöreggjum. Mér virðist, að ef hv. meiri hl. eða stjórnarflokkarnir ætla að reka þetta mál áfram og gera frv. að lögum eftir þann lélega undirbúning, sem það hefur fengið, þá séu þeir að fara mjög ómjúkum höndum og gálauslega með fjöregg sveitarfélaganna.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að með þessu frv. væri stigið stórt spor, og það er vissulega rétt. Sporið er nefnilega allt of stórt og stigið fram án tillits til þess, að þetta spor mátti ekki vera til úrslita í þessum skammleik. Ég er alls ekki að tala um það og segi það að gefnu tilefni frá hv. frsm. meiri hl. n., að það hefði átt að láta öll sveitarfélögin semja frv. Nei, það er vissulega rétt að farið að skipa nefnd, láta hana gera uppkast, en leita svo álits hjá sveitarfélögunum og láta þau gefa þær bendingar, sem þau telja hagsmuna sinna vegna að nauðsynlegt sé að gera. Með því eina móti að fara þannig að er ekki skemmt fjöregg þeirra.

Eitt af því, sem fulltrúaráð sveitarfélaganna benti á, var, að ekki væri rétt, að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, svo sem fyrir er mælt í 12. gr. frv., og þetta er líka í samræmi við fjöldamargar áskoranir, sem borizt hafa til þingsins frá fólki úti á landi.

Annað atriði, sem fulltrúaráðið benti á, var, að það væri mjög vafasamt að lögbjóða nú án frekari undirbúnings ákveðna útsvarsstiga í hreppum, og benti á, að rétt væri að fyrirskipa sýslunefndum að samræma útsvarsálagningu, hverri í sínu umdæmi, áður en fastákveðinn er með lögum sérstakur útsvarsstigi fyrir þau. Menn voru yfirleitt, þeir sem þekkja til, sammála um, að það væri mjög örðugt að finna stiga handa þeim mörgu sveitarfélögum, sem nefnast hreppsfélög. Þetta hefur ekki verið litið á hér á Alþingi.

Þá var kvartað yfir því, að óljóst væri um það, hvað ætti að teljast velta, og ekkert hefur verið gert til að bæta úr því.

Bent var á, að varhugavert væri án undirbúnings að taka til frádráttar útsvör, og ég veit ekki til þess, að nokkur undirbúningur eða slík athugun hafi farið fram. Þess vegna tel ég, að úr því að ekkert hefur verið orðið við þessu, þá sé einboðið fyrir þessa hv. deild að fresta nú afgreiðslu málsins með tilliti til þess, að það verði sent sveitarfélögunum, og ég hygg, að það verði allt að einu ómetanleg reynsla, ómetanleg þekking um málið, sem nefndin fær í svörum sveitarfélaganna.

Eitt er það enn, sem er til áherzlu, að hér sé hægar farið, og það er, að það blasir við eftir frv., eins og það liggur fyrir, að hagur sveitarfélaganna og skilyrði til tekjuöflunar eru ákaflega mismunandi. Og það er ekki annað hægt að segja en að áður en ríkisvaldið fer að fyrirskipa sveitarfélögunum að jafna niður eftir reglum, þar sem t. d. Reykjavík getur komizt af með miklu léttari álagningarreglur en önnur sveitarfélög, þá sé málið á því stigi, að það ætti annað áður að gera heldur en þetta er gert. Það ætti sem sé að jafna aðstöðu sveitarfélaganna fyrst, gera það áður en þeim er sniðinn stakkurinn.

Ég skal játa, að með þeirri hlutdeild, sem sveitarfélög fá á þessu ári í söluskatti frá ríkinu, er stefnt í þessa átt. En það er þó ekki meira en svo, að þeim, sem þetta frv. hafa samið og reiknað með skiptingu söluskattsins milli ríkisins og sveitarfélaganna, sýnist ekki fært annað en að ætla í útsvarsniðurjöfnunarreglunum mjög misjafnlega þungan hlut þessum þremur flokkum sveitarfélaga, sem settir eru upp samkvæmt frv.

Finnst þeim mönnum nú, sem hafa fengizt við það að vinna í félagsmálum, viðkunnanlegt að gefa út slík lög, sem fela í sér þá yfirlýsingu sem þetta frv. gerir um misjafna aðstöðu fólksins í landinu? Finnst þeim virkilega ekki, þegar farið er að athuga þá hliðina, réttara að jafna þessa aðstöðu?

Við, sem erum í minni hl., leggjum til, að strax sé horfið að þessu til viðbótar því, sem búið er þó að gera, með því að taka upp reglu um landsútsvör, sem skiptist milli sveitarfélaganna. Það er sem sé álit okkar, og við tökum það fram í nál., að fyrr en verulegur jöfnuður hefur komizt á, sé ekki tímabært eða viðeigandi að lögbjóða allsherjar útsvarsstiga, t. d. í hreppsfélögum, og ekki tímabært að gera það nú á þessu þingi fyrir önnur sveitarfélög heldur. Þó hefði vel mátt, ef frv. hefði þannig verið tilbúið, gera það í Reykjavík, sem er eitt sérstakt sveitarfélag og þarf bara föt við sitt hæfi sem einstaklingur í hópi sveitarfélaganna. Þannig föt væri hægt raunverulega að sníða.

Það, sem er höfuðnýmæli í frv., er það fyrst, að það á að leggja niður regluna og banna um að jafna niður eftir efnum og ástæðum, en taka upp þá þrjá útsvarsstiga, sem ég er búinn að gera að umtalsefni. Hitt aðalatriðið er svo það, að lögleiða á heimild til að leggja á veltuútsvör. Veltuútsvör hafa verið á lögð í skjóli reglunnar „eftir efnum og ástæðum“, því að menn hafa tekið upp ýmiss konar aðferðir til þess að mæla efni og ástæður. Og þó að ég viðurkenni, að veltuútsvar sé ákaflega gallað álöguform, þá er ég alls ekki reiðubúinn til þess að vera á móti því út af fyrir sig, að þetta form sé notað. En mér finnst ekki liggja á að lögleiða það nú í dag, þó að mér finnist ekki vera rétt heldur eða hefði ekki talið það vera rétt heldur að setja ákvæði um það, að veltuútsvar mætti alls ekki eiga sér stað. Hitt er það, að ég tel nauðsynlegt að marka básinn að því er veltuútsvörin snertir, og það má segja, að það sé betur gert með lagasetningu, sem heimilar, heldur en undir jafnóákveðnu ákvæði og verið hefur í lögunum, þar sem eru efni og ástæður. En þetta tel ég ekki svo aðkallandi, að ekki mætti bíða þess, að lokið væri fullkomlega endurskoðun útsvarslaganna, og gott væri að heyra álit sveitarfélaganna líka um þetta atriði, áður en gengið er frá ákvæðunum, sem eru í frv. satt að segja mjög gölluð frá mínu sjónarmiði, og þar á ég þó sérstaklega við, að það er illa skilgreint, á hvað útsvarið á að leggjast, hvers konar velta það er, þó að hér sé minnzt á það í almennum orðum. Og mér finnst illkynjaðasti gallinn að því er snertir veltuútsvarið samkv. þessu frv., að því er ætlað að ná til viðskipta samvinnumanna í sínum eigin félögum.

Veltuútsvar er mjög hliðstætt söluskatti, það er söluskattur í raun og veru. En það er að því leyti varhugaverðara en söluskatturinn til ríkisins, að með því að hafa þetta form til álagningar á viðskipti samvinnumanna, eru menn á öllu félagssvæðinu, sem víðast hvar nær yfir nokkur sveitarfélög, mismunandi mörg víðast hvar, þá eru þeir skattlagðir til eins sveitarfélags, og það nær í raun og veru ekki neinni átt að skattleggja þannig menn um breiða byggð í ýmsum sveitarfélögum til eins sveitarfélags í gegnum viðskipti þeirra í samvinnuverzlun, sem er bara í raun og veru umboðsverzlun eða viðskipti, ætti að kalla „verzlun“ innan gæsalappa. Að skattleggja þá þannig í gegnum félagið, eins og kaupmaðurinn er skattlagður á staðnum með veltuútsvari, er fjarstæða, vegna þess að þeir njóta ekki þeirra félagslegu réttinda, sem í sveitarfélagi eru veitt og kaupmaðurinn nýtur þar. Kaupmaðurinn er að gjalda sem persóna eins og hver annar maður, sem í sveitarfélaginu býr, en kaupfélagið samanstendur af einstaklingum, sem eru með sinn hag og sín sveitarfélagsréttindi og sínar sveitarfélagsskyldur á öðrum stað. En þegar tekinn er söluskattur fyrir ríkið, í ríkissjóðinn, þá er það sameiginlegur sjóður allra. En veltuútsvarið af samvinnuverzluninni í kaupstaðnum er bara skattur fyrir þann eina kaupstað eða það eina sveitarfélag.

Við, sem í minni hl. erum, flytjum þess vegna tillögu í þessu sambandi til breytinga á þessum ákvæðum, og till. er á þá leið, að viðskipti félagsmanna við samvinnufyrirtæki verði sundurliðuð í bein félagsmannaviðskipti og utanfélagsmannaviðskipti. Og þau félagsmannaviðskipti, sem þar fara fram og ekki eru gerð upp á annan hátt við félagsmanninn en við utanfélagsmanninn, séu útsvarsskyld eins og utanfélagsmannaviðskipti. Með þessu móti álít ég, að það komi af sjálfu sér meira undir veltuútsvarsskylduna hjá kaupfélögunum en nú er, ef bara eru tekin utanfélagsmannaviðskiptin sjálf, og ég álít, að þetta sé réttmætt, vegna þess að starfsemi samvinnufélaganna hefur þannig færzt inn á fleiri svið en var, þegar löggjöfin var sett, og það er tekinn upp ýmiss

konar rekstur af samvinnufélögum, sem ég fyrir mitt leyti álít að eigi að gjalda eins og hver annar rekstur.

Ég vona, að menn skilji á þessu, að ég er ekki að segja, að það megi ekki og eigi alls ekki að breyta neitt ákvæðum í sambandi við gjaldskyldu samvinnufélaga til sveita, en hitt er áreiðanlegt, að í frv. er ekki fundin leiðin til þess, og að taka málin þessum tökum, getur leitt af sér mjög alvarlega hluti.

Það var í Nd. töluvert gert að því að lesa upp þær áskoranir, sem komið höfðu fram og lagðar höfðu verið fram á Alþingi, frá ýmsum samtökum úti um land. Hér var mér lánuð yfirlýsing, sem er nýlega komin til Alþingis og hefur ekki heyrzt hér, en hún felur í sér rök til stuðnings því, sem ég hef verið að halda fram hér í sambandi við þetta ákvæði, sem ég var að gera að umtalsefni, og ég vil þess vegna leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp. Hitt dettur mér ekki í hug, að fara að lesa upp það, sem áður er búið að lesa hér í þinginu, og tefja með því fund á síðustu dögum þingsins. Það er aðalfundur Kaupfélags Langnesinga, haldinn á Þórshöfn 17. maí 1960, sem ályktar eftirfarandi:

„Fundurinn lýsir fullkominni andstöðu við frumvarp til laga um útsvör, sem nú liggur fyrir Alþingi, er heimilar bæjar- og sveitarstjórnum að leggja á veltuútsvör, m. a. á félagsmannaviðskipti í samvinnufélögum. Telur fundurinn slíka skattheimtu mjög rangláta, þar sem verulegur hluti veltunnar eru rekstrarvörur atvinnuveganna og framleiðsluvörur, sem samvinnufélögin selja í umboðssölu, enda mundi hún torvelda þeim að veita almenningi þá þjónustu, sem einstaklingar hafa ekki tekið að sér, og valda stórfelldum fjárflutningum úr höndum einstaklinga í sveitum til þorpa og bæja. Með þessum lögum væri ríkisvaldið að heimila eins konar arðrán og leyfa óhæfuverk gegn fámennum sveitarfélögum eða því fólki, sem enn heldur vörð um hina dreifðu byggð. Skorar fundurinn því á hv. Alþingi að fella frv."

Það getur sem sé haft alveg stórkostlegar afleiðingar, ef slík ákvæði, sem ég hef nú verið að tala um, veltuútsvör á félagsmannaviðskipti, eru í lög leidd. Þau raska jafnvægi milli sveitarfélaga stórkostlega, og það er enginn vafi á því, að ef þau eru í lög leidd og fást ekki fljótt afnumin, þá rís upp krafan um það, að farið verði að skipta slíkum álögum á milli þeirra sveitarfélaga, sem eiga hlut að máli í þessum félagsskap.

Nú er farið að tala um landsútsvör, og við í minni hlutanum leggjum til, að unnið verði að því að taka þau upp, og enginn vafi er á því, að það kemur fljótlega upp úr dúrnum, að slíkt verður að gera. En málið fer að vandast fullkomlega, ef svo þurfa að fara að eiga sér stað á smærri svæðum slíkar skiptingar, og til þess er ekki rétt af stjórninni að beita valdi við sveitarfélögin, — ég segi: valdi við sveitarfélögin, og leyfi mér í því sambandi að skírskota til þess, sem fulltrúaráðsfundur sveitarfélagasambandsins samþykkti um þessi atriði. Það er aðalniðurstaðan í nál., sem við skilum, minnihlutamennirnir, að við leggjum til, að sveitarfélögum og sýslufélögum verði gefið tækifæri til að segja um þetta frv. sitt álit, og þegar það er gert, teljum við líka réttlátt og sanngjarnt, af því að þá gefst ráðrúm til þess, að senda frv. líka til umsagnar heildarsamtökum framleiðenda, atvinnurekenda og launþega. Einstök félög úr röðum atvinnustéttanna hafa líka látið til sín heyra óánægju yfir ákvæðum frv.

Ég er í nokkrum vanda staddur, vegna þess að tillögur þær, sem við gerðum, eru ekki komnar úr prentun, og þó að ég hafi minnzt á sumar þeirra, þá er mér nú ekki unnt að rekja þær allar án þess að hafa þskj. við höndina. Og ég bið bæði sjálfan mig og hv. deild afsökunar á því, að framsaga mín verður dálítið meir í molum af þessum ástæðum og ekki eins tæmandi og hún hefði getað orðið, með því líka að ég vil ekki tefja lengi tímann. Nú verður málið ekki tekið til afgreiðslu, fyrr en þskj. liggur fyrir. (**Forseti:** Ef til vill vill hv. þm. fresta ræðu sinni, það verður nú gefið fundarhlé.)

Þessar till., sem ég er að tala um, eru allar varatill. Við leggjum til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Fáist hún ekki samþ., viljum við með þessum varatill. gera tilraun til að kippa í lag ýmsu, sem í frv. er, þó að hins vegar sé ógerningur að flytja við það till., sem hefði þurft að gera. Nú á síðustu stundu er það ómögulegt, og í raun og veru þyrfti að umsteypa frv., til þess að það væri að mínu áliti frambærilegt. En ég hugsa mér, að ef rökst. dagskráin yrði samþ., þá mundi það koma mjög af sjálfu sér, að þær bendingar, sem kæmu frá sveitarfélögunum, sem mundu prófa stakkinn án þess að láta hann misþyrma sér, eins og gæti orðið, ef raunverulega á að vera í honum heilt ár, — þær bendingar, sem þessi sveitarfélög mundu gefa, mundu verða ómetanlegar einmitt fyrir n. og sú bezta upplýsing, sem hún gæti fengið.

Ég vil vekja athygli á því, að frv. þetta er nú þegar orðið svo seint á ferðinni, að eftir gildandi lögum um niðurjöfnun útsvara á að vera búið að jafna niður útsvörum í landinu. Ég býst við, að stærri sveitarfélögin séu ekki búin að því, og máske hafa þau dokað, af því að þau vissu, að þetta frv. var á ferðinni. En ekkert þætti mér ólíklegt, að ýmis hreppsfélög væru búin að ljúka þessu starfi og þess vegna næði frv. ekki til þeirra, nema ef svo færi nú, sem hefur ekki verið óþekkt í sögunni, að frv., sem á að vera til bráðabirgða, yrði varanlegt og menn sætu þá í spennitreyjunni lengur en til er ætlazt.

Ég ætla þá ekki að hafa mál mitt lengra núna, en vænti þess að geta fengið að segja nokkur orð, þegar þskj. liggur fyrir, og gera grein fyrir þeim till., sem þar eru og ég hef enn ekki í höndum.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þó að hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. hafi gert grein fyrir afstöðu okkar í minni hl., vildi ég samt gera örfáar aths. við þetta frv. frá eigin brjósti og láta í ljós mína skoðun.

Þetta stjórnarfrv. lá hjá n. í hv. Nd., eins og kunnugt er, og var ekki hreyft við því þar í margar vikur. Það hefur sætt harðri gagnrýni úr öllum áttum, innan þings og utan, og mótmælunum hefur rignt yfir, síðan það leit dagsins ljós.

Á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga gætti mikillar óánægju með frv., og margar sveitarstjórnir hafa mótmælt samþykkt þess. Ýmis önnur samtök auk fjölda einstaklinga hafa gagnrýnt einstök atriði frv. og mótmælt þeim harðlega.

Þessi mikla óánægjualda, sem einnig gætti innan stjórnarliðsins, mun hafa komið óþægilega við hæstv. ríkisstj., sem flytur frv. Mun hafa sett að henni geig allmikinn, svo að hún hikaði við. Voru meira að segja margir farnir að ætla, að frv. fengi að sofna alveg út af í n. að þessu sinni. Svo var þó ekki. Fyrir nokkrum dögum gerist það snögglega, að frv. er afgr. úr n. og síðan afgr. í skyndi úr hv. Nd. Hingað er það komið og til 2. umr., og mun ætlazt til, að það fái fullnaðarafgreiðslu á þrem dögum í hv. Ed. Hér er líklega ekki ætlazt til þess, að menn hugsi, heldur aðeins framkvæmi. Það er ekki ný bóla á þessu þingi í vetur.

Frv. var athugað og rætt á tveim fundum í hv. heilbr.- og félmn. þessarar d., og hafði n. tvo daga til umráða, einmitt þá daga, sem eldhúsumræður fóru fram, með þeim undirbúningi, er þær heimta, auk annars annríkis nú í þinglokin. Á nefndarfundunum virtist mér það koma skýrt fram, að sérhver nm. hefði sitthvað við frv. að athuga, teldi það óljóst og á ýmsan annan hátt gallað. Samkomulag náðist þó ekki um að vísa frv. frá að þessu sinni né að bera fram brtt. Mælir meiri hl. með því, að það verði samþ., en minni hl. leggur til, að því verði vísað frá.

Þetta er frv. til laga um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögum, frv. til bráðabirgðalaga, samið í skyndingu, til þess, eins og segir í aths., að sveitarfélögin gangi ekki lengra en góðu hófi gegnir í því að taka til sín í útsvörum þær lækkanir, sem verða á tekjuskattinum. Þessi er hinn eini rökstuðningur fyrir þessu flaustursfrv. Ekki er nú traustið til sveitarstjórna landsins mikið á allra hæstu stöðum hér. Það þykir vissara að binda hendur þeirra í þessu efni. Að vísu mega þær taka til sín í útsvörum eitthvað af þeim lækkunum, sem verða á tekjuskattinum, það gefur grg. frv. í skyn, en ekki meira en góðu hófi gegnir. En til þess eru þær einmitt líklegar, og því skulu brbl. sett, svo hæpin sem ýmis ákvæðin eru að allra dómi og enda stórgölluð að áliti velflestra manna.

Hæstv. ríkisstj. vantreystir sveitarstjórnum landsins og hyggst koma í veg fyrir fjárgræðgi þeirra með þessu frv. til l. um bráðabirgðabreyt. Mikil er umhyggjan fyrir skattgreiðendum og sýnilega meiri nú í þinglokin en framan af þingi, og hefði hæstv. ríkisstj. betur sjálf gætt hófs í þessu efni fyrr.

Þetta vantraust á sveitarstjórnunum í landinu tel ég yfirleitt ómaklegt, og ég fyrir mitt leyti er andvígur því, að hendur sveitarstjórna verði bundnar svo sem ráðgert er af þessari tilgreindu ástæðu.

Ég trúi því tæpast, að nokkur hv. þdm. sé ánægður með þetta frv., nema ef vera skyldi hæstv. fjmrh. Ýmsir, sem neyðast til að fylgja því, færa það til afsökunar, að nauðsynlegt sé að fá einhverja reynslu á þeim ýmsu atriðum, sem í frv. felast, áður en endanlega verður gengið frá breyt. á útsvarslögunum. Þetta er léleg afsökun og flaustursleg. Enga breyt., ekki heldur til bráðabirgða, á að gera á lögum nema að vandlega athuguðu máli. Oftast verða ágallarnir nógu margir fyrir því, er til reynslunnar kemur. En í þessu frv. vilja stuðningsmenn hæstv. stjórnarvalda láta allt flakka og afsaka sig með því að fá gallana prófaða ásamt öllu hinu. Þessi aðferð var í minni skólatíð kölluð happa- og glappaaðferðin og talin vottur um skynsemi á lágu stigi.

Sú meginbreyting, sem í frv. felst, er löggilding ákveðinna útsvarsstiga, lögbinding ákveðinna reglna um álagningu útsvara. Eiga þær reglur að ná til allra sveitarfélaga, og er um þrjá stiga að ræða. Með þessari breytingu er afnumið hið gamla ákvæði um álagningu útsvara eftir efnum og ástæðum. Um það ákvæði í sjálfu sér má margt segja, bæði með og móti. Að mínu áliti mælir ýmislegt gegn þessu gamla ákvæði, ekki sízt þegar um er að ræða fjölmenn sveitarfélög eins og Reykjavík. Í fámennum sveitarfélögum er viðhorfið nokkuð annað.

Ég ætla ekki að rökræða þessa breyt. nú frá almennu sjónarmiði. Ákvæði frv. um skattstiga útiloka álagningu útsvara eftir reglunni: efni og ástæður. Útsvörin eiga að ákvarðast í samræmi við lögbundnar reglur, ákveðinn skattstiga. Alls eru skattstigarnir þrír, einn er ætlaður Reykjavík, annar öðrum kaupstöðum og hinn þriðji hreppsfélögum. Í þessum stigum er allt sundurliðað og útreiknað, og ákvæðið um efni og ástæður úr sögunni. En viti menn, það er raunar ekki úr sögunni. Í 3. gr., staflið a, er heimilt að vefengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvöld hafi metið framtalið gilt. Gamla ákvæðið um efni og ástæður er þá aldeilis ekki úr sögunni. Niðurjöfnunarnefndir geta þá eftir sem áður vefengt skattframtölin upp til hópa og lagt á útsvör eftir eigin geðþótta, eftir eigin áliti um efni manna og ástæður. Það, sem gefið er með annarri hendinni, er þannig hrifsað aftur með hinni, og þannig á líklega að gera öllum til hæfis, bæði þeim, sem eru með og móti gamla ákvæðinu um efni og ástæður.

Skattstigarnir eru þrír og misháir. Með því verður fólki mismunað mjög í útsvarsgreiðslum eftir því, hvar það býr á landinu. Ekki lítur það vel út, og ekki veit ég, hvaða sanngirni mælir með því, en þannig skal þetta lögbind-

ast. Þessu er ég andvígur sem meginreglu, og ef útsvarsbyrðarnar nú verða að vera misþungar á fólki einhverra orsaka vegna, verður hið bráðasta að leita þeirra orsaka og nema þær í burtu. Lögfesting þessarar mismununar er fráleit, jafnvel þótt gerð sé til bráðabirgða. Það ætti að vera hlutverk jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að uppræta þessa mismunun, og verður hann að fá til þess eðlilegar tekjur, svo sem sérstök landsútsvör.

Auk þeirrar meginbreytingar, sem ég hef drepið á og í frv. felst, eru þar ýmis nýmæli, sem mjög orka tvímælis, hve sanngjörn eru, og verða þau því mikið umdeild. Eitt þeirra er lögfesting veltuútsvars. Þótt sveitarfélög telji sér það yfirleitt nauðsynlegt, er það samt viðsjárvert á ýmsan hátt, og fjölyrði ég ekki um það. En það er með veltuútsvörin eins og annað, að þau eiga samkv. frv. að leggjast misþungt á eftir því, hvers konar sveitarfélög er um að ræða. Það virðist ekki sanngjarnt og mun fyrirsjáanlega mælast illa fyrir. Það er einnig alveg út í hött og óumdeilanlega rangt að leggja samvinnufélög til jafns við einkafyrirtæki um álagningu útsvara. Eðli þessara fyrirtækja er gerólíkt og aðstaða öll sömuleiðis. Því er ekki rétt að láta sömu reglur gilda um þau. Það mundi koma fram sem áníðsla á samvinnufélögin og sem ívilnun handa fyrirtækjum í einkaeign.

Ákvæði í 3. gr., staflið c., um, að útsvör s. l. árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót, er umbun, sem sérstaklega er ætluð hátekjumönnum og er þannig í stíl við stefnu hæstv. ríkisstj. Þeir einir koma raunverulega til með að græða á þessu. Vegna þessa frádráttar lækka heildarupphæðir útsvara t. d. í Reykjavík um 15—20 millj., að ég ætla, og verður þá að hækka álagningu sem því nemur, en obbinn af þeirri hækkun fellur á þá, sem hafa lágar tekjur og miðlungstekjur. Þetta er því ein tilfærslan á fjármagni hjá hæstv. ríkisstj. frá hinum fátæku til hinna ríku. Hún er sjálfri sér samkvæm, hæstv. ríkisstj., í þessu sem öðru. Ef sanngirni hefði ráðið um þennan frádrátt, hefði um leið þurft að gera breytingu á skattstigum til samræmis, þannig að engum yrði ívilnað á annarra kostnað.

Ég hirði ekki um að tína fleira fram úr þessu frv. Þar er sem sagt ýmislegt augljóslega misjafnt, en fleira er þar þó óljóst og loðið, vegna þess að það er ófullkomlega hugsað og unnið, og kom það skýrt fram við þá litlu athugun, sem fram fór í hv. heilbr.- og félmn.

Ég hygg, að tvímælalaust hefði verið betur heima setið en af stað farið með þetta frv., betra að bíða með breyt. á útsvarslögunum en að samþ. þetta frv., jafnvel þó að til bráðabirgða sé. Hroðvirkni og flaustur hefur einkennt vinnubrögð hæstv. ríkisstj. á þingi í vetur, og ekki er þetta frv. barnanna bezt. Hæstv. stjórn virðist liggja einhver lifandis ósköp á. Kannske hún sjái pólitíska feigð sína fyrir og sé þess vegna svo mjög að flýta sér? Áhugamálin knýr hún fram með svo miklum bægslagangi, að hvorki henni sjálfri né starfsfólki hennar gefst tími til að sjá fótum hennar forráð, en lög hennar frá í vetur hafa þegar verið til leiðréttingar hér, eins og kunnugt er. En víst er, að öll hennar lagasetning þarfnast hinnar bráðustu endurskoðunar, og þetta frv. orðið að lögum verður sízt undantekning frá því.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hafði í dag gert grein fyrir aðaltill. okkar, sem erum í minni hl. hv. heilbr.- og félmn. í þessu máli, en hún kemur fram á þskj. 608. Sú till. er ákveðin og einföld um það, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem þýðir það, að því verði frestað og leitað verði umsagnar þeirra aðila, sem við teljum rétta, áður en það verður lögfest. En af því að við flm. þessarar till. vorum ekki alveg vissir um, að hún mundi verða samþ., af reynslu þeirri, sem orðið hefur í þessu máli, gangi þess í þinginu, þá fluttum við til vara nokkrar till., sem voru ekki komnar úr prentun, þegar ég hélt ræðu mína í dag, en eru nú komnar á þskj. 611. Þetta eru 6 aðaltill., sumar í liðum. Ég hafði minnzt á efni þessara till. sumra í sambandi við aðaltill., en vil nú í stuttu máli fara um þær nokkrum orðum.

1. till. er um það, að ákveðið verði að leggja landsútsvar á tilteknar stofnanir, sem telja má að hafi landsútsvarseðli. Það kemur í ljós glögglega, þegar farið er að meta aðstöðu sveitarfélaganna til þess að bera svipaðar byrðar, þá er hún ákaflega misjöfn, og ef á að skipa málum þannig að hafa um það allströng ákvæði, að sveitarfélög samræmi álagningu sína, þá verður líka að skapa þeim grundvöll til þess að geta lotið slíkum reglum, og landsútsvarið virðist þá vera sjálfsagt. Við gerum ráð fyrir því, að þessi landsútsvör gangi til styrktar og jöfnunar milli sveitarfélaganna eftir mannfjölda, en þó fái heimasveitin allt að 10% af útsvari því, sem á fyrirtækið leggst, og það teljum við eðlilegt, vegna þess að alltaf fylgir því einhver kostnaður fyrir heimasveit, að sú stofnun hefur þar aðsetur. Eitthvað þarf heimasveit fyrir aðstöðuna að gera, sem stofnunin fær.

2. till. er um það að breyta ákvæðunum um veltuútsvör á þá leið, að það sé afnumið, að samvinnufélög greiði veltuútsvar af viðskiptum félagsmanna sinna, en hins vegar er gengið út frá því, að viðskipti í samvinnufélagi séu flokkuð nánar en verið hefur undir utanfélagsmanna- og félagsmannaviðskipti, og gerði ég grein fyrir því í dag, af hverju ég teldi það vera eðlilegt. En með því að taka upp þessi ákvæði er hægt að gera hvort tveggja í senn, að viðurkenna eðlismun samvinnuviðskipta og einkarekstursverzlunar, en með því að flokka viðskiptin nánar er hægt að skapa reglur, sem gera það að verkum, að samvinnufélögin greiði

nokkru meira en þau lagaákvæði, sem nú eru, skylda þau til, þó að ég hins vegar haldi því fram og um það sé hægt að nefna fjölda dæma, að þau hafa borgað meira en lagabókstafurinn hefur skyldað þau til, af því að yfirleitt eru samvinnufélögin góðir þegnar í sveitarfélögum, þar sem þau hafa aðsetur, og kæra sig ekki um meiri ívilnanir en sanngirni mælir með.

Þá er það 3. till., að í 6. gr. komi 3 málsgr. í stað 1. málsgr. Það er um veltuútsvar í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík. Er þá þar aftur tekin upp till., sem ég var að lýsa áðan, en til viðbótar er það, að við teljum rétt, að þeir frádráttarliðir, sem ætlað er að komi til greina, áður en veltuútsvör eru lögð á fyrirtæki í Reykjavík, svo sem frádráttur söluskatts, gjald til útflutningssjóðs, gjald af innlendum tollvörutegundum o. s. frv., sá frádráttur eigi sér líka stað í öðrum kaupstöðum en Reykjavík. Við teljum fráleitt að fara þannig að gera upp á milli fyrirtækja eftir því, hvort þau eru búsett í Reykjavík eða í öðrum kaupstöðum.

Þá er það 4. till., að 7. gr. orðist svo: „Sýslunefndir skulu vinna að samræmingu á reglum við niðurjöfnun útsvara í hreppum hver í sínu umdæmi.“ M. ö. o.: við tökum upp till. fulltrúaráðs sveitarfélagasambandsins, gerum hana að okkar, um það, að hreppar séu ekki skyldaðir með þessari löggjöf til þess að lúta einum stiga, en sýslunefndirnar, sem hafa yfirstjórn sveitarmálefna, taki að vinna að því að samræma útsvarsálagninguna hver á sínu svæði og þannig verði leitazt við að skapa grundvöll fyrir því, að hægt sé að setja hinum mörgu hreppum reglur til samræmingar, sem þeir hreppar geti búið við, og farið sé þannig að í þessum efnum, að teljast megi, að sjálfstæði þessara sveitarfélaga sé ekki misboðið, eins og þeim verður misboðið með valdinu að ofan, ef þessi löggjöf verður afgreidd, sem liggur hér fyrir í frumvarpsformi.

5. till. er, að á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: „Samanlögð upphæð veltuútsvara má ekki í neinu sveitarfélagi vera hærri en sem nemur 15% af heildarupphæð álagðra útsvara þar.“ Þetta á við, þegar farið er að vinna að því að samræma útsvarsálagninguna og sett eru ákvæði inn í lög þau, sem á að gera gildandi, eins og það ákvæði, sem er hér í 2. gr., 2. málsgr. hennar: „Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal skv. 11. gr. 2. málsgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði 3. gr. d. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.“ Við teljum, að þegar slík ákvæði eru sett, þá sé hægt að ná því, sem hefur vakað fyrir mönnum, að draga úr því, að útsvör yrðu svo há, að afgangur hreinna tekna yrði í sumum tilfellum jafnvel enginn. Það er að sjálfsögðu hægt að deila um það, hvað svona takmark ætti að vera hátt. Þessi 15% snerta bara veltuútsvarið, en næsta málsgr. er á þessa leið: „Ekki má leggja hærra veltuútsvar á gjaldanda en svo, að samanlögð upphæð tekjuskatts, tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans.“ Það er náið samband milli þessara ákvæða og náið samband milli þeirra og ákvæðisins í 2. gr., sem ég las upp áðan. Sé það gert gildandi, þá er hægt, án þess að misbjóða sveitarfélögunum, að setja slíkt ákvæði. Það gæti verið hneigð til þess í sveitarfélagi að beita um of veltuútsvarinu, en veltuútsvar er í eðli sínu þannig, að það má til að setja skorður við því, að það gangi úr hófi fram, — ætti raunar helzt að vera bara vara-ákvæði, varaheimild, sem mætti nota, þegar mikil þörf gerðist í sveitarfélagi, t. d. þegar tekjur ganga saman, að þá sé hægt að leggja á umsetningu, sem yrði eins og aðstöðugjald undir þeim kringumstæðum af viðskiptum eða þjónustu, sem illa borgar sig í slæmu árferði og náttúrlega kreppir að gjaldandanum, en samtímis er mjög hætt við því, að kreppi líka að sveitarfélaginu, svo að þörf þess fyrir álögur sé engu minni en áður. En með því að ákveða 15% af veltuútsvarinu sem hámark, þá er komið í veg fyrir, að hægt sé að nota álagningarheimildina nema að því marki.

Nú er mér sagt, að sveitarfélög, sem hafa notað veltuútsvar að undanförnu, hafi gert það mjög misjafnlega, að Reykjavík hafi tæplega farið í 15%, að Akureyri hafi farið niður í 8% og ýmis sveitarfélög séu nálægt 15% eða neðan við þau, til séu sveitarfélög, sem séu ofan við, og þess vegna hygg ég, að hér sé ekki langt frá því, að í hóf sé stillt. Þó má vitanlega deila um hundraðsgjaldið. Með því að setja svona ákvæði er trygging fyrir því fyrir gjaldandann, að eignaupptaka í stórum stíl eigi sér ekki stað með þessari álagningarheimild, en jafnframt er með 2. gr. og ákvæðunum þar tryggt, að ef sveitarfélag fer í þetta hámark og það hrekkur ekki til, þá eigi það rétt á hinni almennu aðstoð. Ég held þess vegna, að þetta ákvæði sé alveg eðlilegt og rétt, að það sé samfara fyrrnefndu ákvæði í 2. gr. og samfara því, að settir eru stigar, bindandi fyrir sveitarfélögin. — Sama er að segja um það, að samanlagður tekjuskattur, tekjuútsvar og veltuútsvar megi ekki nema meira en 65% af hreinum tekjum gjaldandans. Þar er sett trygging fyrir gjaldandann, en hið einstaka sveitarfélag hefur aftur trygginguna skv. 2. gr.

6. till. er við 8. gr., að aftan við 1. málslið, sem ég vil nú leyfa mér að lesa, komi viðbót, en 1. málsliður í 8. gr. er á þessa leið: „Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.“ Ég lýsti því hér um daginn við 1. umr., að ég teldi í raun og veru þetta mjög óákveðið, þar sem engin skilgreining væri á því, hvað væri sláturhús og hvað mjólkurbú í merkingu þessara orða. Á þessu hefur verið beðið um skýringu. Félmn. bað um skýringu frá formanni þeirrar n., sem gerði uppkastið að upphaflega frv. Hann taldi sig ekki réttan aðila til að gefa skýringuna.

Þetta er liður, sem hv. Nd. bætti inn í. Það var upplýst af hv. 10. landsk. (BGuðm) hér um daginn, sem hefur vafalaust fylgzt vel með þessum þætti í smíði frv., að hér mundi nánast sagt vera átt við fyrsta sölustig. En svo

hafa aðrir, sem að þessu hafa staðið, sagt, að sláturhús ætti t. d. að tákna Sláturfélag Suðurlands, og ef það væri almenn skýring á þessu og mætti draga ályktanir af því, að Sláturfélag Suðurlands væri veltuútsvarsfrítt, þá mundi ég vel sætta mig við það, því að þá lít ég svo á, að önnur félög, sem fara með vörur bænda, sem ganga í gegnum sláturhús, mundu njóta hins sama fyrir þær vörur og þær mundu þá verða undanþegnar veltuútsvari. Mjólkurbú er sjálfstæðari stofnun en sláturhús. Þau eru líkari hvert öðru með framkvæmdir en sláturhúsin, og ég hef ekki séð ástæðu til þess, af því að ekki er hægt að taka frv. í gegn, að gera brtt. um þetta. En okkur kom saman um það, minnihlutamönnunum, að leggja til, að aftan við þessa málsgr. komi: „svo og sala áburðar, fóðurvöru, salts og veiðarfæra.“ Þær vörur ættu við sölu að vera veltuútsvarsfrjálsar, vegna þess að þetta eru bæði vörur, sem þarf til rekstrar, og líka vörur, sem verzlanir taka mjög litla þóknun fyrir að útvega og selja. Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þetta, því að það er mikið sanngirnismál.

Þá er b-liðurinn. Hann er um, að ný málsgrein komi á eftir 1. málsgr. Hún er um skilgreiningu á því, hvernig veltuútsvar fellur á umboðsviðskipti. Eitt af því, sem fulltrúaráð sveitarfélaganna taldi óljóst og þyrfti athugunar við, var einmitt þetta. Við leggjum til, að þetta sé gert skýrt með því að bæta þessari málsgr. þarna inn í, að af umboðsviðskiptum, það er útvegun á vörum gegn umboðslaunum, og vinnslu, sölu á innlendum vörum í umboði framleiðanda eða eiganda, reiknist veltuútsvarið aðeins af umboðslaununum og ekki hærra en 2%. Þá er það hvort tveggja, að það er ákveðið, að reiknað skuli af umboðsviðskiptum eða umboðsmennskuverzlun af umboðslaunum, og enn fremur, að hámark sé 2%.

Þessar till. eru allar bornar fram sem varatill., eins og ég hef margtekið fram. Þær eru tilraun til þess að taka nokkra agnúa af frv. og gera það þolanlegra að þó dálitlu leyti fyrir þá aðila, sem á að láta það gilda hjá a. m. k. árlangt. Það eru teknir þarna nokkrir naglar, sem ganga inn úr skónum, sem á að setja, hvað sem tautar og raular, á fætur sveitarfélaganna og þau eiga að ganga á árlangt að minnsta kosti.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í umr. um útsvarsfrv. bæði hér í þessari hv. d. og Nd. hefur nokkuð verið vitnað til erinda, sem borizt hafi til Alþingis um þetta mál, og hefur yfirleitt verið svo frá þeim skýrt, að mótmælum rigni hvaðanæva yfir Alþingi gegn frv., og meira að segja var svo komizt að orði í umr. í dag, að m. a. væru eindregin mótmæli frá ýmsum sveitarstjórnum gegn þessu frv.

Mér þykir ástæða til að leiðrétta nokkuð þessar missagnir. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að það er alrangt, að nokkur mótmæli hafi borizt Alþingi gegn frv. frá nokkurri bæjarstjórn eða nokkurri hreppsnefnd.

Þær ályktanir eða erindi, sem borizt hafa til Alþingis, hafa að langmestu leyti verið frá einni tegund aðila, þ. e. a. s. frá kaupfélögum eða kaupfélagsdeildum. Það er Blönduósdeild Kaupfélags Austur-Húnvetninga og fleiri samvinnufélög, sem hafa andmælt því, að heimilað sé að leggja útsvar á samvinnufélögin framar en nú er. Út af fyrir sig mátti alltaf búast við slíku. Það er reynsla, og vissulega má segja, að það sé mannlegt, að þeir, sem notið hafa einhverra forréttinda og sérréttinda um langan aldur, eru ófúsir að sleppa þeim og mótmæla, þegar á að koma á meira réttlæti í þessum efnum en verið hefur. Þetta þekkjum við ákaflega vel og þarf í rauninni ekki svo mjög að undra.

En meðal þeirra erinda, sem gerð hafa verið að umtalsefni, er erindi frá Vinnuveitendasambandi Íslands, og hefur verið vitnað í, að Vinnuveitendasambandið mótmæli frv. eindregið. Hér er farið með mjög rangt mál, og vildi ég nota þetta tækifæri til að leiðrétta það.

Í ályktunum frá nýafstöðnum aðalfundi Vinnuveitendasambandsins er vikið nokkuð að skattamálum, m. a. lýst ánægju yfir breytingum á tekjuskattslögunum og enn fremur ítrekuð fyrri mótmæli Vinnuveitendasambandsins gegn veltuútsvörum almennt. Þetta er ekkert nýtt. Við höfum vitað, og það hefur komið fram í ályktunum fyrr, að Vinnuveitendasambandið væri andvígt veltuútsvörum. En um leið og Vinnuveitendasambandið tilkynnti mér þessar ályktanir varðandi skatta- og útsvarsmálin, skýrði það nokkru nánar afstöðu sína, og vildi ég leyfa mér að lesa það upp hér, með leyfi hæstv. forseta, til þess að það liggi þó fyrir réttilega frá skýrt í þingtíðindum. Í bréfi Vinnuveitendasambandsins segir svo:

„Það hefur jafnan verið skoðun Vinnuveitendasambands Íslands, að því aðeins geti heilbrigð samkeppni þróazt og réttur samanburður verið gerður á hagkvæmni og raunverulegri afkomu hinna ýmsu rekstrarforma, að sömu skattar og skyldur séu lagðar á allan atvinnurekstur án tillits til þess, hver eigandinn er. Þess vegna teljum vér það verulega réttarbót, að útsvör verði lögð á samvinnufélög á sama hátt og atvinnurekstur annarra félagsforma, eins og lagt er til í frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum um útsvör.“

Síðan ítreka þeir fyrri mótmæli gegn veltuútsvörum almennt, en segja síðan:

„Eins og áður hefur komið fram í ályktunum Vinnuveitendasambands Íslands, erum vér meðmæltir því að nema úr gildi ákvæði í lögum um, að leggja megi á útsvör eftir efnum og ástæðum. Vér teljum til bóta í fram komnu frv., að fyrirhugað er að gera útsvör frádráttarbær við álagningu útsvara. Þá teljum vér spor í rétta átt að ákveða í áðurnefndu frv. fast hámark veltuútsvars, meðan það er enn við

lýði. Að endingu viljum vér taka fram, að vér teljum hámarksákvæðið í 5. gr. síðast og frv. sem heild framför frá núverandi ástandi".

Ég tel rétt, að þetta komi fram, vegna þess að hér hafa verið gefnar alrangar myndir af afstöðu Vinnuveitendasambandsins, sem er sem sagt á þá leið, að það telur frv. í heild til verulegra bóta, lýsir sig beinlínis samþykkt aðalákvæðum frv., en ítrekar eins og fyrr, að almennt sé það andvígt veltuútsvörum.

Fyrst minnzt er hér á afstöðu samtaka atvinnuveganna, er kannske rétt að nefna hér einnig ályktun, sem ársþing iðnrekenda nú nýafstaðið gerði um þetta, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ársþing iðnrekenda 1960 telur frv. ríkisstj. um breytingar á útsvarslögunum spor í rétta átt og væntir þess, að það verði lögfest á yfirstandandi Alþingi."

Ég gat þess hér og sérstaklega að gefnu tilefni úr ummælum hv. 9. þm. Reykv. (AGl), að það er rangt, að nokkur mótmæli hafi borizt gegn frv. frá nokkurri bæjarstjórn eða hreppsnefnd í landinu. Það hefur ekki ein einasta slík ályktun verið gerð.

Í þessum umr. hefur það verið mjög gagnrýnt, að ekki hafi verið haft nægilegt samráð við sveitarstjórnirnar í þessu efni, og sú mynd, sem hv. frsm. minni hl. gefur í þessu efni, er ákaflega ljót mynd af öllum aðförum ríkisstj. varðandi undirbúning og meðferð þessa máls. En vegna þess, að þar er farið mjög villandi með staðreyndir, tel ég rétt að rekja þetta nokkru nánar.

Það er fyrst rétt að geta þess, að tvö sambönd sveitarstjórna eru til hér á landi. Annað er Samband ísl. sveitarfélaga, þar sem þau öll eru eða flestöll, og hitt er samband kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og bæði þessi sambönd hafa mjög oft gert ályktanir um tekjustofna og fjárhagsmál sveitarfélaganna og útsvarslögin. Á stofnþingi Sambands ísl. sveitarfélaga var mörkuð stefnan í upphafi, og þar segir svo m. a.:

„Stofnþing Sambands íslenzkra sveitarfélaga samþykkir að skora á ríkisstj. að láta fara sem fyrst fram gagngerða endurskoðun á löggjöf þeirri, sem fjallar um tekjustofna sveitarfélaganna. Sérstaklega nauðsynlegt telur þingið, að útsvarslögin verði rækilega endurskoðuð og upp í þau tekin m. a. nánari ákvæði um reglur þær, er fylgja beri við álagningu útsvara, en nú eru þar."

Enn fremur ákvað stofnþing sveitarstjórnasambandsins að skipa nefnd sveitarstjórnarmanna til þess að gera tillögur um fast kerfi fyrir álagningu útsvara, sérstaklega að því er tekur til hreppsfélaga, og felur þingið stjórninni að koma þeim till. á framfæri, þegar endurskoðun útsvarslaganna fer fram.

Það er svo greinilegt og skýrt sem verða má, að hér markar stofnþing Sambands ísl. sveitarfélaga þá stefnu, sem það hefur fylgt æ síðan, að útsvarslögin séu rækilega endurskoðuð, að settar séu nánari og fastari reglur um álagningu útsvara og lögboðið fast kerfi fyrir álagningu þeirra og þó alveg sérstaklega að því er tekur til hreppsfélaga. Þeim, sem fylgzt hafa með starfi sambandsins, er það einnig ljóst, að þessi hefur jafnan verið stefnan.

Ekki síður kemur þetta skýrt fram í ályktunum frá fulltrúafundum kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og vil ég leyfa mér að rekja það nokkuð til skýringar, til þess að sýna hv. þdm. það svart á hvítu, að með þessu frv. er í öllum meginatriðum aðeins verið að framfylgja því, sem þessi sveitarstjórnasambönd bæði hafa markað sem sína eigin stefnu árum saman. Í ályktun fulltrúafundarins á Vestur-, Norður og Austurlandi 1955 segir svo m. a.:

„Bæjarfélögum heimilist að leggja veltuútsvar á rekstur bæði einstaklinga, hlutafélaga og samvinnufélaga. Hámark rekstrarútsvara verði ákveðið með lögum og reglugerð, er samin verði í samráði við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga."

Í ályktun 1956 segir svo:

„Bæjarfélögum og sveitarfélögum, þar sem samvinnufélög eru staðsett, heimilist að leggja veltuútsvör á rekstur samvinnufélaga á sama hátt og rekstur einstaklinga og hlutafélaga. Hámark rekstrarútsvara verði ákveðið með lögum og reglugerð, er samin verði í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Álögð rekstrarútsvör verði frádráttarbær frá skatt- og útsvarsskyldum árstekjum fyrirtækisins."

Og 1957 segir svo:

„Sett verði ákvæði um hámark veltuútsvara í hinum ýmsu greinum verzlunar og atvinnurekstrar og þau látin ná til alls rekstrar samvinnufélaga sem og alls annars rekstrar. Slík veltuútsvör séu frádráttarbær frá skatt- og útsvarsskyldum árstekjum fyrirtækisins."

Það má hverjum manni vera ljóst, sem kynnir sér þessar ályktanir, að með þeim er einmitt mörkuð í meginatriðum sú hin sama stefna sem farið er inn á með þessu frv.

Varðandi undirbúning þessa máls er rétt að taka það fram, að ég sneri mér strax til formanns Sambands ísl. sveitarfélaga og óskaði eftir, að haft yrði sem allra nánast samstarf við sambandið um endurskoðun útsvarslaganna og heildarlöggjafarinnar um tekjustofna sveitarfélaga. Og í þá n., sem fjallar um þessi mál, voru valdir formaður sveitarstjórnasambandsins, varaformaður þess, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, forseti bæjarstjórnar á Ísafirði og ráðuneytisstjórinn í félmrn., sem sjálfur er þaulvanur sveitarstjórnarmaður, frá því að hann var sýslumaður á Austurlandi. Allir þessir 5 nm. voru því mjög vanir og kunnugir sveitarstjórnarmálefnum og samvinnan og sambandið við sveitarstjórnasambandið tryggt alveg sérstaklega með því að tilnefna formann og varaformann þess í n. Og ég vil segja, að hér var nokkuð annar háttur á hafður en því miður hefur oft verið áður og þá alveg sérstaklega í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar hún m. a. skipaði n. til endurskoðunar á sveitarstjórnarmálunum án þess svo mikið sem að ræða við stjórn sveitarstjórnasambandsins eða óska

eftir tilnefningu frá því um menn í þá endurskoðun.

En það var ekki nóg, að þessi háttur væri á hafður, heldur var varðandi samningu útsvarsstiga fyrir sveitarfélögin, önnur en kaupstaðina, stjórn sambands sveitarfélaganna alveg sérstaklega beðin um að semja þann útsvarsstiga í samráði við kunnugustu menn. Og hún kvaddi sér til aðstoðar fimm oddvita úr sveitahreppum, eins og getið er í grg. þessa frv., og af þessum reyndu og kunnu oddvitum eru þrír, sem eiga sæti hér á hv. Alþingi. Auk þessa var svo haft alveg sérstakt samráð við stjórn kaupstaðasambandsins á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og stjórn þess kom hingað til samráðs við undirbúningsnefndina. Og útsvarsstiginn í 6. gr. þessa frv., fyrir aðra kaupstaði en Reykjavík, er beinlínis saminn í fullu samráði við stjórn þessa sambands.

Þegar litið er á undirbúning málsins og hversu náið samstarf hefur verið haft við sveitarstjórnarmenn og samtök þeirra, þá er það alveg furðulegt, að maður eins og hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn., sem sjálfur hefur verið töluvert starfandi í sveitarstjórnasambandinu, skuli leyfa sér að viðhafa aðrar eins fullyrðingar og hér, að þetta mál sé í rauninni undirbúið og flutt án nokkurs samstarfs við samtök sveitarfélaga. Þar er hallað mjög réttu máli. Ég verð þvert á móti að segja, að ég veit ekki til þess, að varðandi mál, sem snertir sveitarfélögin, hafi nokkru sinni verið haft jafnnáið samstarf og samráð við samtök sveitarfélaganna og einmitt nú. Ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma verið gert.

Ég verð einnig að segja, að mig undrar mjög á þeim ummælum í ræðum hv. minnihlutamanna úr heilbr.- og félmn., sem og í nál. þeirra, þar sem þeir slá því föstu, að frv. þetta sé mjög lélega undirbúið og sýni hroðvirkni og flaustur, og ég verð að segja, að mér finnst það ákaflega ómaklegt frá þessum mönnum að bera slíkt á borð og saka þessa ágætu og þrautreyndu fimm sveitarstjórnarmenn, sem í undirbúningsnefndinni eru, um flaustursverk, hroðvirkni og lélegan undirbúning, vegna þess að það er vitað mál, að þeir hafa lagt í þetta frv. mjög mikla vinnu og athugun.

Í rauninni er einnig það, sem stendur í nál. minni hl., hrein móðgun í garð þessara manna, þar sem gefið er í skyn, að þeir hafi verið algerlega viljalaus og skoðanalaus verkfæri í minni hendi. Mér skilst á því, sem hv. frsm. minni hl. hefur sagt hér og segir í nál., að þá hafi þessir menn í rauninni engar skoðanir haft og ekki gert annað en skrifa frv. eftir minni fyrirsögn. Ef þau hafa verið vinnubrögðin, þá hefði verið óþarfi að kalla þá til, ég hefði getað samið það sjálfur. En þetta er heldur léleg og vesældarleg tilraun hv. frsm. minni hl. n. til þess að reyna að koma höggi á ríkisstj. Það vita allir, að þetta frv. er verk þessara manna, sem í n. voru, enda er það venja, til þess eru n. skipaðar, sem eiga að undirbúa frv., að nm. láti skoðanir sínar og þekkingu koma þar fram.

Ég vil þvert á móti segja, að þessir fimm nm., sem undirbjuggu málið, eiga miklar þakkir skyldar fyrir þá miklu vinnu, sem þeir hafa í þetta lagt, og hversu þeir hafa alveg sérstaklega gert sér far um að kynna sér skoðanir sem allra flestra sveitarstjórna í landinu á þessu máli. Og þau gögn, sem n. hefur aflað sér úr fjölda, ef ekki flestum sveitarfélögum á landinu, sýna það vissulega, að hér var vel unnið og vandvirknislega.

Hv. frsm. minni hl. gerði hér að umtalsefni þær ályktanir, sem fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga gerði nú í vor um þetta mál, og túlkun hans á þeim ályktunum er vægast sagt villandi.

Í fyrsta lagi, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. n., var fyrst og fremst ein almenn tillaga um frv. borin fram, og hún var svo hljóðandi:

„Þar sem fulltrúaráðsfundurinn telur, að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna um sín innri mál sé einn af hyrningarsteinum tilveru þeirra og sjálfstæðis, mótmælir hann eindregið fram komnu frv. um bráðabirgðabreyting á lögum um útsvör, þar sem það gerir m. a. ráð fyrir lögboðnum útsvarsstigum, og skorar því á Alþingi að fella frv.“

Hv. frsm. minni hl. gerði að vísu virðingarverða tilraun þar frá sínu sjónarmiði til þess að fá þessa mótmælatillögu samþykkta, en tókst ekki betur en svo, að aðeins tveir aðrir en hann sjálfur greiddu atkv. með henni, og till. var felld með 9:3 atkv. Út af fyrir sig gefur afgreiðsla þessarar till. nokkra mynd hér af, því að þau mótmæli gegn frv., sem þarna var reynt að koma á framfæri, m. a. þar sem gert væri ráð fyrir lögboðnum útsvarsstigum, var sem sagt felld með svona miklum atkvæðamun. Sú afgreiðsla segir vissulega sína sögu. Varðandi ályktanir fundarins að öðru leyti, þær sem afgreiddar voru, verður því ekki neitað, að þessar ályktanir eru nokkuð loðnar og óljósar, og eru auðsæ fingraför hv. frsm. minni hl. n., 1. þm. Norðurl. e., á þeim, enda vita það allir, sem fylgdust nokkuð með þessum fundi, að hann hafði þar töluverð áhrif á.

Það er margt, sem vekur nokkra undrun í þessu sambandi, t. d. þessi till., sem ég nefndi og felld var með miklum atkvæðamun, um að mótmæla frv., vegna þess að gert væri ráð fyrir lögboðnum útsvarsstigum. Hún var flutt af sama manni sem hafði skömmu áður flutt á fundi Sambands ísl. sveitarfélaga svo hljóðandi till.:

„Þar sem vaxandi ósamræmis gætir í álagningarreglum sveitarfélaganna við niðurjöfnun útsvara, skorar fulltrúaráðsfundurinn á Alþingi og ríkisstj. að láta þegar á þessu ári fara fram endurskoðun á reglum um álagningu útsvara og hafa um það sem nánust samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.“

Þessi till., bæði eins og orðalag hennar ber með sér og efni hennar og túlkun, var á þá

leið, að það væri brýn nauðsyn að fá lögfestar fastar reglur um niðurjöfnun útsvara. En sá hinn sami sem hafði flutt þetta, hann kemur nú og vill mótmæla frv. um útsvör vegna þess, að það geri ráð fyrir föstum og lögboðnum útsvarsstiga. Það bendir vissulega til þess, að þarna hafi verið einhver öfl að verki, sem höfðu meiri áhuga á öðru en að gæta samræmis við fyrri stefnumál Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og það er vitað, að fyrir einstaka manni á þessum fulltrúaráðsfundi mun það hafa vakað öllu meira að reyna að fá einhver andmæli eða einhverja ályktun, sem gæti gert ríkisstj. erfiðara fyrir, heldur en hitt, að þoka fram umbótum fyrir sveitarfélögin.

Ef svo litið er á þessar ályktanir, þá segir í fyrsta lið, að varhugavert sé að lögbjóða án frekari undirbúnings og athugunar framvegis til frádráttar tekjum við útsvarsálagningu útsvar fyrra árs, annað en veltuútsvar. M. ö. o.: það virðist mega lesa út úr þessari till., að fundurinn hafi verið þó samþykkur því, að veltuútsvör væru frádráttarbær, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Niðurlag þessarar ályktunar er svo, að því væri athugandi, að þetta ákvæði yrði aðeins heimildarákvæði. Að því leyti sem eitthvað ákveðið er í þessari loðnu till., þá er það helzt þetta, að fundurinn sé samþykkur því, að veltuútsvörin séu frádráttarbær.

Í öðrum lið ályktunarinnar segir, að ekki sé rétt, að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Eins og þessi till. var túlkuð á fundinum, var hún ekki mótmæli gegn því, að á samvinnufélög væru lögð útsvör, heldur var aðaláherzlan lögð á það, að þetta væri ekki heppilegt orðalag, að segja, að þau skyldu greiða útsvörin af viðskiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum o. s. frv. En síðast segir í þessari sömu ályktun: „Þyrftu því að vera í frv. nánari ákvæði um það efni og sérstaklega nákvæmari skilgreining á því, hvað orðið velta þýðir í frv., t. d. í sambandi við umboðssölu og framleiðslufélög, sem starfa á samvinnugrundvelli.“

Nú hefur hv. frsm. minni hl. látið sér þau orð um munn fara hér, að allar ályktanir þessa fulltrúafundar hafi verið hunzaðar og ekkert tillit tekið til þeirra. Þetta er alrangt. M. a. gerði ég sérstakar ráðstafanir til þess að freista þess að fá í frv. eftir óskum fulltrúaráðsfundarins nánari skilgreiningu á því, hvað velta þýddi í frv., sérstaklega í sambandi við umboðssölu og framleiðslufélög, sem starfa á samvinnugrundvelli. Undirbúningsnefndinni var falið að athuga þetta, og hún kvaddi tvo mjög reynda menn í útsvars- og skattamálum sér til ráðuneytis um það. Það voru þeir Halldór Sigfússon skattstjóri í Reykjavík og Guttormur Erlendssson formaður niðurjöfnunarnefndar hér. Þeir sögðu svo um þetta efni, að sérstaklega hefði verið óskað eftir því, að athugað væri að ákveða nánar en gert er í frv., hvað telja beri til útsvarsskyldrar veltu, sérstaklega þegar um ýmsar tegundir umboðssölu er að ræða, og þá fyrst og fremst með hliðsjón af því, að ákvæði tilvitnaðrar frvgr. bitnuðu ekki með fullum þunga á sölu innlendra landbúnaðar- og sjávarafurða. Þeir athuga það svo rækilega, hvernig væri hægt að koma þessu við, telja, að það gæti komið til orða að setja sérreglur um álagningu veltuútsvars hjá sérstökum félögum og samlögum, sem annast sölu eða úrvinnslu á afurðum meðlima sinna, en telja á því veruleg vandkvæði. Í öðru lagi ræða þeir þann möguleika að sleppa veltuútsvari á einhverju sölustigi framleiðsluvörunnar. Það telja þeir líka annmörkum háð, og till. þeirra beggja er því sú að setja skorður við veltuútsvarsupphæð umfram það, sem gert er í frv., og segja þeir: „Teljum við þá leið heppilegasta og leggjum til, að aftan við 5. og 6. gr. frv. bætist eftirfarandi ákvæði“— og það er sams konar ákvæði og tekið var inn í frv. í 8. gr. 2. mgr.: „Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðseða heildsölu má eigi meiru nema en 2½‰.“ Þetta er nákvæmlega eftir till. þessara tveggja manna, og þetta hámark, 2½‰, er sett sem öryggisráðstöfun fyrir landbúnaðinn eða landbúnaðarframleiðsluna. Þetta er sem sagt árangurinn af því, að sérstaklega var freistað að verða við þessum óskum fulltrúa sveitarstjórnasambandsins, sem getur hér í 2. lið.

Þriðja ályktun fulltrúaráðsfundarins var svo sú, að rétt væri að fyrirskipa sýslunefndum að samræma útsvarsálagningu hverri í sínu umdæmi, áður en fastákveðinn er með lögum sérstakur útsvarsstigi fyrir hreppsfélög. Ég tel þessa ábendingu ekki til bóta. Ég álít, að það sé ekki fengur að því að blanda þarna enn nýjum aðila í þetta mál, þar sem eru sýslunefndirnar. Sýslunefndir hafa ekkert með niðurjöfnun útsvara að gera í landinu annað en það, að þær hafa visst eftirlit að vísu með niðurjöfnun, að sínu leyti eins og félmrn. hefur visst eftirlit með niðurjöfnun útsvara í kaupstöðum. Ég held, að til þess að samræma útsvarsstigana í landinu séu miklu heppilegri þau vinnubrögð, að það sé gert fyrir milligöngu Sambands ísl. sveitarfélaga og kaupstaðasambandsins á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og það sé ekki fengur að því að fara að blanda sýslunefndunum sérstaklega þar inn í. Auk þess er ljóst, að ef sú leið væri farin og einhver árangur yrði af því að samræma útsvarsstigana innan hverrar sýslu, þá skapast enn þeir örðugleikar að samræma svo milli sýslufélaganna innbyrðis, því að ef svo færi, að sýslunefndir gætu samræmt eitthvað hver innan sinna marka, þá er viðbúið, að það yrði ósamræmi milli þessara nýju útsvarsstiga fyrir hverja sýslu, og þyrfti þá að leggja í það alveg nýja vinnu og fyrirhöfn að samræma útsvarsstiga hverrar sýslu, og þyrfti auðvitað þá að nýju að leita um það mál til hreppsnefndanna og gæta þess, að þeir nýju útsvarsstigar hentuðu fyrir hreppsfélögin. Ég tel því, að þessi ábending sé ekki til bóta og væri ekki æskilegt að fara þá leið.

Þegar litið er á afstöðu til sveitarfélaganna og allan undirbúning málsins, þá held ég, að sé óhætt að fullyrða, að um þetta mál og undirbúning þess hafi verið haft meira samráð við samtök sveitarfélaganna en nokkurt annað mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, og að meginatriði þessa frv. eru einmitt í beinu samræmi við og í framhaldi af þeim ályktunum, sem ár eftir ár hafa verið gerðar hjá þessum samtökum sveitarfélaganna.

Þá hefur mjög verið vikið að því í umr. á Alþ. um þetta mál, að með þessu frv. sé verið að svipta sveitarfélögin sjálfsforræði og binda hendur þeirra um of. Í rauninni er þá fyrst nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir þeim alveg furðulegu mótsögnum, sem úir og grúir af í málflutningi andstæðinga frv. Við heyrum hér, að annars vegar er talað um hinn fornhelga, aldagamla rétt um að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Ég hef svarað því áður, hversu fjarri lagi þetta er, því að ákvæði um heimildir fyrir hreppsnefndir eða sveitarstjórnir til að jafna niður eftir efnum og ástæðum eru ekki gömul, það eru ekki gamlar reglur.

Ef við tökum t. d. afstöðu Alþb. fyrst, þá flutti formaður þingflokks þess langar og hávaðasamar ræður í Nd. um þetta mál, þar sem hann annars vegar hélt því fram, að sveitarfélögin ættu að hafa algert frelsi til að jafna niður eftir efnum og ástæðum og þann rétt mættum við undir engum kringumstæðum skerða. En þegar hann var búinn að lýsa þessum helga sjálfsákvörðunarrétti, bætti hann því við, að auðvitað yrði að banna sveitarfélögunum með lögum að leggja útsvör á kaupfélögin og enn fremur yrði að banna sveitarfélögunum með lögum að leggja á tilteknar lágmarkstekjur. M. ö. o.: um leið og sveitarfélögin áttu að hafa algert frjálsræði óháð löggjafarvaldinu, þá var þeim þó ekki treystandi til þess að gera þessa hluti rétt og sanngjarnlega.

Ef við lítum á Framsfl., virðist vera töluvert ósamræmi í skoðunum þar. Það kom t. d. fram í umr. í Nd., og nokkuð hefur bólað á því hér raunar líka, að sumir þm. Framsfl. vilja halda sér ákveðið við regluna um efni og ástæður, og t. d. lýsti einn hv. þm. Framsfl. því yfir í Nd., að hann teldi regluna um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum réttlátasta. Svo aftur á móti var flokksbróðir hans, sem lýsti því yfir, — það mun hafa verið hv. 4. þm. Reykn., — að þessi regla um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum væri úrelt og óframkvæmanleg og að það væri til bóta að ákveða í lögum fasta útsvarsstiga. Þar stangast ekki aðeins þetta á, heldur yfirleitt ræðuhöld hér, þar sem annars vegar er því haldið fram, að sveitarfélögin eigi að hafa algert sjálfsforræði í þessum efnum, miklu meira en er í gildandi lögum, en svo um leið er dembt yfir okkur hér brtt. um það að binda hendur sveitarfélaganna miklu meira en gert er í frv. M. a. hefur hv. frsm. minni hl. gert sig sekan um þetta ósamræmi og mótsögn. Hann lýsir því með sterkum orðum, að það sé verið að binda hendur sveitarfélaganna og taka af þeim sjálfsforræði þeirra, en sjálfur flytur hann hér ýmsar till. um það að binda hendur sveitarfélaganna miklu meira en gert er í frv. M. a. má nefna hér eitt lítið dæmi. Ég býst við, að flestar sveitarstjórnir eða niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir leyfi venjulegan fyrningarfrádrátt, venjulegar fyrningarafskriftir hjá fyrirtækjum, eins og þær eru almennt ákveðnar í skattalögum. Þó er einstaka undantekning þar frá, að niðurjöfnunarnefndir og sveitarstjórnir hafa ekki leyft fyrningarafskriftir. M. a. mun það vera þannig á Akranesi, þar sem einn af flokksbræðrum hv. framsóknarþingmanna er bæjarstjóri og hefur átt sæti um tíma á þessu þingi nú. Þar er sem sagt ekki tekið tillit til fyrningarafskrifta. En svo er einn af flokksbræðrum hans hér, sem ber fram till. um að banna honum beinlínis í þessu frv. eða þessum lögum að hegða sér svona. Hann flutti í hv. Nd. till. um að skylda allar niðurjöfnunarnefndir, allar sveitarstjórnir til þess að leyfa hinn almenna fyrningarfrádrátt. M. ö. o.: hann vill setja sérákvæði, fyrst og fremst væntanlega til þess að banna þessum flokksbróður sínum, bæjarstjóranum á Akranesi, og samherjum hans að hegða sér eins og hans vandi hefur verið varðandi þetta mál.

Í rauninni, þegar litið er almennt yfir mótmælin hér á þingi eða gagnrýnina á þessu frv., þá verður það að segjast, að það, sem undrar mann mest, eru hinar herfilegu mótsagnir í málflutningnum, ekki aðeins milli stjórnarandstæðinganna, þ. e. a. s. Framsfl. og Alþb., innbyrðis, hvort á móti öðru, heldur líka innbyrðis í þessum flokkum, þar sem hver þm. í rauninni stangar annan.

Nú er það svo, að í núgildandi lögum hafa sveitarstjórnir auðvitað ekki alveg frjálsar hendur við niðurjöfnun. Þær eru bundnar við ýmsar reglur. T. d. er sú regla í lögum nú, að heildarupphæð útsvaranna má í engu sveitarfélagi nema hærri upphæð en meðaltali síðustu þriggja ára að viðbættum fimmtungi, nema með sérstöku leyfi ríkisstj. Auk þess eru með sérstökum lögum gerðar ýmsar undanþágur, fyrirtæki og félagsform njóta sérstakra forréttinda, annaðhvort algerlega undanþegin eða að einhverju leyti. Eftir þessu frv. hafa sveitarstjórnirnar auðvitað allfrjálsar hendur. Hér er gert ráð fyrir þremur útsvarsstigum, en þó þannig, að varðandi veltuútsvörin er það aðeins heimild og ekkert sveitarfélag er skylt samkv. þessu frv. að leggja á veltuútsvar, það er engin skylda til þess. Enn fremur geta sveitarstjórnirnar lækkað eða slegið af þeim útsvarsstigum, sem hér eru, alveg ótakmarkað. Þær geta slegið af þeim eins hárri hundraðstölu og þeim sýnist. Á hinn bóginn hafa þær heimild til þess, ef nauðsynlegt er að ná meiri tekjum en útsvarsstigarnir gefa, að hækka útsvarsstigana um allt að 30%. Auk þess er þess að geta, að kaupstaðir aðrir en Reykjavík hafa heimild til þess að velja milli tveggja útsvars-

stiga. Þeir geta jafnað niður eftir 6. gr., hinum almenna kaupstaðastiga, eða valið Reykjavíkurútsvarsstigann, ef þeir kjósa það heldur. Varðandi sveitahreppana er valfrelsið enn meira, því að þeir geta valið milli þriggja útsvarsstiga eða allra, sem í frv. eru. Þeir geta jafnað niður eftir 7. gr., þeir geta valið líka kaupstaðastigann og þeir geta valið útsvarsstiga Reykjavíkur, ef þeir kjósa heldur.

Ég ætla, að með þessu frv. sé sveitarstjórnunum veitt svo mikið frjálsræði við niðurjöfnun útsvara, að ég efast um, að nokkur sveitarstjórn í landinu óski eftir að hafa meira frjálsræði, því að það hefur iðulega komið fram, eins og ég gat um áðan, að samtök sveitarfélaganna og ég ætla allur þorri sveitarstjórnarmanna í landinu óskar beinlínis eftir því, að útsvarsstigar séu lögboðnir, m. a. vegna þess, að það skapar þeim, sem jafna niður, svo miklu þægilegri aðstöðu að hafa ákveðna lögboðna stiga, sem jafnað er niður eftir, þó að svo sé nokkurt valfrelsi um hækkun eða lækkun frá þeim stiga.

Þá er um það rætt, að fólki sé mismunað eftir því, hvar það býr, og allsterk orð hafa verið notuð í umr. á Alþ. um þetta. M. a. hafði hv. 9. þm. Reykv. (AGl) orð um það hér áðan, að hann var mjög hneykslaður á því, að með þessu frv. væri fólki mismunað og væri ætlað mismunandi þungt útsvar eftir því, hvar það býr í landinu, og þessu er hann algerlega andvígur. Nú hefur þessi hv. þm. átt í nokkur ár sæti í bæjarstjórn og hefur kynnt sér töluvert bæjarmál. Það er alveg furðulegt að heyra slika menn, sem eitthvað hafa fengizt við bæjar- og sveitarstjórnarmál, tala eins og þeir hafi ekki hugmynd um, að það séu til nú mismunandi útsvarsstigar eða útsvarskerfi í landinu. Þessir menn tala hér á hv. Alþ. eins og það séu nákvæmlega sömu reglur, sem nú gilda í öllum kaupstöðum og sveitarfélögum landsins um útsvör, það sé bara einn útsvarsstigi, — koma hingað og belgja sig af hneykslun út af því, að nú eigi að fara að mismuna fólki eftir því, hvar það býr í landinu. M. a. talaði hv. 4. þm. Vestf. (SE) um daginn af miklum móð um þessi rangindi. Hér er sannleikanum snúið svo kirfilega við sem frekast er unnt að gera. Það er vitað, að nú eru um eða yfir 200 mismunandi útsvarsstigar eða útsvarskerfi í landinu, og eitt aðalatriði þessa frv. er að fækka þessu og að mismuna fólkinu minna eftir því, hvar það býr, heldur en verið hefur. Það hefur ekki þótt fært í þessu frv. að bera fram till. um einn útsvarsstiga fyrir allt landið, það þarf miklu meiri reynslu og meiri undirbúning til þess. En í meginatriðum er hér um 3 útsvarsstiga að ræða, sem er náttúrlega ákaflega mikil framför og mikið spor í samræmingarátt frá því, sem verið hefur, þannig að þeir, sem hafa mikinn áhuga á því, að fólkinu sé ekki mismunað í landinu eftir því, hvar það býr, ættu að fagna ákvæðum þessa frv., þar sem þó þetta er mjög stórt spor í átt til samræmingar. Að leyfa sér að halda því fram, að með frv. sé sveitahreppunum lögskipað að leggja þyngri útsvör á íbúana þar en er í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, er auðvitað hrein fásinna, því að eins og ég gat um áður, þá getur hver einasta sveitarstjórn á landinu jafnað niður eftir 5. gr., eftir lægsta útsvarsstiganum, eftir Reykjavíkurstiganum.

Svo er samræmið í málflutningnum þarna eins og oftar, að þeir sömu menn, sem hneykslast á því, að þetta frv. bindi hendur sveitarstjórna of mikið, þeir hneykslast um leið á því, að það eigi að vera þrír útsvarsstigar. Nei, nei, það átti að vera einn útsvarsstigi, sem sé bindandi fyrir alla. Það má ekki mismuna fólkinu eftir því, hvar það býr. Hvað þýðir það? Það þýðir það, að þá á að vera einn og sami útsvarsstigi fyrir allt landið. M. ö. o.: um leið og þeir segja, að hendur sveitarfélaga séu allt of bundnar með þessu frv., þá segja þeir um leið: Hendur sveitarfélaga þarf að binda miklu meira með því að lögbjóða bara einn stiga.

Það er sama, hvar á er litið, alls staðar er sama ósamræmið og mótsagnirnar í þessum efnum.

Enn fremur er því svo haldið fram, að þetta útsvarsfrv. sé aðeins til hagsbóta fyrir hátekjumenn, það sé gagnslaust fyrir þá, sem lægri hafa tekjur, miðlungs- eða minni tekjur, jafnvel skaðlegt. Hver er sannleikurinn í þessu efni? Nú er ástandið þannig, að sum sveitarfélögin í landinu hafa ekkert tekjulágmark til að jafna niður. Þau jafna niður útsvörum á allra lægstu tekjur, hversu lágar sem þær eru. Meira að segja er gengið lengra. Þess eru dæmi, að sveitarfélög leggi á útsvör, þó að tekjur séu engar, það sem sumir hafa viljað kalla tilveruútsvar, bara fyrir það að vera til. Þannig er t. d. þess dæmi, að hreppsfélag leggur á útsvar án tillits til tekna, lægst 370 kr., svo byrjar þar að auki álagning á tekjurnar, nettótekjurnar, þegar þær ná 3000 kr. Fyrir utan tilveruútsvarið án tillits til tekna eru mörg sveitarfélög nú, sem leggja á allar tekjur, hversu lágar sem þær eru, stundum er byrjað á 3000 kr., stundum er byrjað á 6000 kr., stundum er byrjað á 7700 kr., stundum er byrjað á 8000 kr.

Nú er það þannig, að öllum þeim sveitarfélögum, sem hafa þessar reglur að leggja á útsvör, annaðhvort tilveruútsvar eða að leggja útsvar á tekjur, sem eru lægri en 7000 kr., þeim er bannað það nú, m. ö. o., að menn með lægstu tekjur verða miklu betur úti eftir þessu frv. en þeir eru nú í mörgum sveitarfélögum. Við getum tekið sem dæmi einn kaupstað, sem er Siglufjörður. Nú er það þannig, að þar er byrjað að leggja útsvör á 8000 kr. Siglufjörður mun falla undir 6. gr., þannig að þar er ekki heimilt að leggja á fyrr en 15 þús. kr. tekjur, m. ö. o.: fyrir hina tekjulægri í þessum kaupstað er því mikill hagur að frv. Við getum ekki aðeins nefnt þessar lægstu tekjur, við skulum nefna einnig Siglufjörð, að á t. d. verkamannatekjum, við skulum segja 50 þús. kr., er útsvar á Siglufirði nú tæpar 8 þús. kr., en mundi eftir útsvarsstiga 6. gr. í frv. lækka í 6200 kr., þannig að ef Siglufjörður léti sér nægja þennan út-

svarsstiga án þess að leggja ofan á hann einhverjar prósentur, lækkar verkamaður með venjulegar verkamannatekjur, t. d. 50 þús., um nærri 1800 kr. samkv. frv. Þannig mætti lengi telja, að einmitt fyrir hinar lægstu tekjur er frv. til mikilla hagsbóta í mjög mörgum greinum og væntanlega í flestum sveitarfélögum landsins.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á það, sem ég hef áður upplýst, — það var í sambandi við umr. um söluskatt, — að það er alrangt, að þær breyt. á sköttum, sem gerðar eru nú á þessu þingi með því að lækka beinu skattana og taka almennan söluskatt í staðinn, séu til óhags fyrir fátækari fjölskyldurnar. Ég sýndi fram á það þá, að sú fjölskylda, sem hefur þær tekjur, sem *vísitalan er útreiknuð* eftir, hagnast á þessari breyt., þannig að afnám 9% söluskattsins og afnám tekjuskattsins og hin fyrirhugaða lækkun útsvara hér í Reykjavík á þessari fjölskyldu, þetta nemur samtals nokkru hærri upphæð en 3% söluskatturinn, sem kemur nýr á. En þær tölur voru í stórum dráttum á þá leið, að þessar lækkanir á sköttum, sem ég gat um varðandi þessa fjölskyldu, nema um 2200 kr., en söluskatturinn um 1400 kr., þannig að það er alrangt, sem hér er haldið fram, að þessar breyt. á skattakerfinu, sem verið er að gera og gerðar hafa verið á þessu þingi, geri hinum fátækari og efnaminni erfiðara fyrir, því að það er þvert á móti, með þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru, — og ég vil taka það fram, að vitanlega verður útsvarsfrv., sem hér liggur fyrir, að skoðast í beinu sambandi við frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem hefur verið afgreitt, vegna þess að þetta útsvarsfrv. og þeir stigar, sem í því eru, og aðrar reglur, er beinlínis byggt allt saman á því, að sveitarfélögin fái þann hluta af söluskattinum, sem lögfest hefur verið. En einmitt með því að ætla sveitarfélögunum þennan *hluta af söluskattinum hafa* verið skapaðir möguleikar á því að lækka útsvörin, og útsvörin í heild í landinu eiga á þessu ári að verða 50—60 millj. lægri en þau hefðu orðið, ef ríkisstj. hefði ekki beitt sér fyrir frv. um jöfnunarsjóð og sveitarfélögin fengju ekki hluta af söluskattinum. Um það, hve mikið útsvörin lækka á hverjum stað, get ég ekki fullyrt neitt hér nema varðandi Reykjavík, að þar er gert ráð fyrir, að útsvörin lækki um 10—15% frá því, sem var í fyrra.

Ég skal ekki fara út í mörg fleiri atriði, en vildi aðeins láta þessi sjónarmið koma hér fram og leiðrétta að nokkru þær missagnir, sem slæðzt hafa inn í ræður manna. En varðandi veltuútsvarið, sem hér er mjög gagnrýnt, vil ég endurtaka það, sem ég margsinnis áður hef sagt, að ég tel, að veltuútsvarið sé neyðarúrræði og vandamál, sem við þurfum að glíma við, *og að því beri að stefna að losna við* veltuútsvarið í núverandi mynd.

En rétt er, vegna þess að veltuútsvarið er mjög rætt í sambandi við þetta mál, að athuga, hvernig veltuútsvörin eru til komin. Það vita allir, að í rauninni eru tvær meginástæður til þess, að veltuútsvör voru upp tekin. Önnur er sú, að framtölum þótti í ýmsum efnum víðs vegar um land mjög áfátt og að niðurjöfnunarnefndum og hreppsnefndum þótti það ekki eðlilegt, að kannske stór fyrirtæki, sem höfðu mikið umleikis og nutu þjónustu og fyrirgreiðslu sveitarfélaganna í stórum stíl, en töldu sig ekki hafa tekjur af rekstri sínum, slík fyrirtæki greiddu ekkert til síns bæjar- eða sveitarfélags. Í annan stað var það, að útsvarsstigar víða á almenningi voru orðnir svo háir, að ekki þótti á það bætandi, og til þess að ná inn heildarupphæð útsvaranna þurfti því að grípa til þessa ráðs. En í rauninni er meginorsökin til þess, að veltuútsvörin voru upp tekin, skortur sveitarfélaganna á tekjustofni, *og nú um heilan áratug* hefur það verið aðalbaráttumál sveitarfélaganna og samtaka þeirra að fá lögfesta nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. En hvernig undirtektir hefur það mál fengið hér á Alþingi? Því er fljótsvarað, að á Alþingi og sérstaklega í þremur stjórnmálaflokkum hefur verið verulegur skilningur á því í þessu efni, þ. e. í Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. eða Sósialistaflokknum. Hins vegar hefur einn stjórnmálaflokkur frá upphafi verið ákaflega skilningslítill á þessar þarfir. Það kom að vísu fyrir einu sinni, að hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. gerði það fyrir siðasakir að verða meðflm. að frv. um hluta sveitarfélaganna af söluskatti, en ekki tókst honum að fá flokk sinn með í það, og þannig var það jafnan, meðan Framsfl. hefur haft ráðh. í ríkisstj., að aldrei hefur fengizt nein leiðrétting á þessum málum. Ég minnist þess t. d. á þinginu 1951, þegar samþykkt var í Nd. till. um það í sambandi við söluskattinn, að hluti hans skyldi renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, þá gerðist hvorki meira né minna en það, að bæði forsrh. og fjmrh., sem báðir voru úr Framsfl., risu upp og lýstu því yfir, að þeir mundu tafarlaust *rjúfa stjórnarsamstarfið*, *ef* þessi firn ættu fram að ganga. Þeim tókst þá að stöðva þetta mál. Ár eftir ár hefur þetta verið borið fram, m. a. flutti ég það mál á þingi 1957, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskattinum. Það tókst ekki að fá það samþykkt, enda var þá Framsfl. í stjórn, en þó náðist samkomulag um það hér í þessari hv. d. að samþykkja svo hljóðandi þáltill.:

„Efri deild Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.“

Þetta var samþykkt í Ed. Alþingis 28. maí 1958. Auðvitað datt vinstri stjórninni ekki í hug að gera handtak í þessu efni. Nú er það fyrst eftir að Framsfl. hefur oltið úr stjórnaraðstöðu, sem þetta mál hefur verið tekið upp og komið fram, og eftir reynslu minni af Framsfl., því að þannig hefur verið með Sjálfstfl., að *hann hefur á undanförnum árum* verið alllengi í samstarfi við þann flokk, hefur það verið alveg óhugsandi að koma fram nokkrum umbótum í fjárhagsmálum sveitarfélaganna eða fá nýja tekjustofna í samstarfi við Framsfl. Það hefur alltaf strandað á honum,

og það er í rauninni þannig varðandi ráðamenn þar og þá ekki síst formann þingflokks framsóknarmanna, sem lengst af hefur verið fjmrh. og ráðið mest í þessum málum, að í sveitarstjórnarmálum er alveg óhætt að segja, að áhugi hans er neikvæður og þekkingin engin í þeim efnum. Nú hins vegar hefur þetta baráttumál sveitarstjórnanna og samtaka þeirra orðið að veruleika, þannig að lögfest hefur verið, að hluti söluskattsins, 56 millj. á þessu ári, gangi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og þaðan sé því úthlutað til sveitarfélaganna. Mín skoðun er sú, að lengra þurfi að ganga í þessu efni og hækka það framlag eða þann hluta af söluskattinum, sem gengur til sveitarfélaganna, en út í það mál skal ég ekki fara á þessu stigi.

Í sambandi við þessar umr. hefur það komið fram, bæði í hv. Nd. og eins við umr. hér, að niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík hafi á s. l. ári af ásettu ráði ekki lagt útsvar á Samband ísl. samvinnufélaga, þó að hún hefði getað það. Hv. 1. þm. Norðurl. e. viðhafði orð í þessa átt við 1. umr., sem að vísu var dálitið erfitt að átta sig á, hvað þyddu, þau voru dálítið óljós og loðin, en beindust þó efnislega að því sama, sem hv. 1. þm. Austf. sagði í Nd. um málið, og hann lét þau orð falla, að niðurjöfnunarnefndin hefði ekki lagt á Sambandið af ásettu ráði, manni skildist af pólitískum ástæðum, til þess að gera Sambandið óvinsælt á þennan hátt í Reykjavík og víðar um land, þó að n. hefði vel getað lagt á Sambandið. Í rauninni er þetta afskaplega furðuleg yfirlýsing frá þeim manni og þeim báðum, sem ég gat um, vegna þess að þessi yfirlýsing þýðir í rauninni það, að þessir hv. þm. framsóknarmanna eru að segja, að framtal Sambandsins hafi ekki verið neitt að marka. Það eru alveg fastar reglur um þetta efni, og hæstiréttur hefur kveðið upp skýran dóm um það, eftir hvaða reglum megi leggja á samvinnufélögin, og þegar samvinnufélag eða samvinnusamband hefur ekki tekjur eða hagnað af viðskiptum við utanfélagsmenn, þá má ekki á þau leggja. Nú taldi Sambandið í fyrra, að það hefði á árinu 1958 haft 5 millj. kr. tap á skiptum við utanfélagsmenn, og þess vegna var ekki hægt á það að leggja. Nú segja þessir tveir ráðamenn í Framsfl., að þetta hafi verið tóm vitleysa af n., vegna þess að það hafi ekki verið eitt orð að marka í þessu framtali Sambandsins, og finnst mér það vissulega koma úr hörðustu átt, þegar þessir þm. eru að bera slík brigzl á Samband ísl. samvinnufélaga, að framtöl þess séu markleysa ein. Nei, það, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gerði í fyrra, var auðvitað það eina, sem hægt var að gera samkv. lögum og samkv. hæstaréttardómi, þannig að ef, þrátt fyrir það að Sambandið taldi sig hafa verulegt tap af utanfélagsviðskiptum, n. hefði samt sem áður lagt á Samband ísl. samvinnufélaga, þá hefði sú álagning vitanlega verið felld niður, annaðhvort af yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd eða þá með dómi, og þetta fyrirtæki hefur ekki vílað fyrir sér að fara alla leið til hæstaréttar til að fá létt af sér útsvörum.

Ég held, að það sé óhætt að segja og slá því föstu, að hin harðvítuga andstaða og barátta framsóknarþm. gegn þessu frv. er ekki sprottin af umhyggju fyrir sveitarfélögunum, engan veginn, og hún er ekki sprottin af umhyggju fyrir lágtekjumönnum. Það má vera, að þeir hugsi þannig sjálfir, að þetta sé af umhyggju fyrir samvinnufélögunum. Ég ætla, að það sé þá mjög misskilin umhyggja, vegna þess að ég er sannfærður um, að það er ekki samvinnuhreyfingunni eða samvinnuhugsjóninni í hag að ætlast til, að sá félagsskapur haldi sérstökum forréttindum í útsvarsmálum, og alveg sérstaklega vegna þess, að þá er það auðvitað lýðum ljóst, að eftir því sem viðskipti í einu sveitarfélagi aukast við samvinnufélögin, minnkar hlutur þess sveitarfélags í útsvörum af verzlunarrekstrinum, og sá hluti hlýtur auðvitað að leggjast yfir á bak almennings, alveg eins og t. d. hér í Reykjavík, að ef þetta stærsta verzlunarfyrirtæki landsmanna greiddi útsvar eins og önnur verzlunarfyrirtæki, þá mundu það vera allmargar milljónir, sem útsvörin á öllum almenningi í Reykjavík gætu verið léttari.

Ég læt þessar aths. nægja, en vísa að öðru leyti til þeirrar almennu grg. um þetta frv., sem ég flutti við 1. umr. málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 630) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja skrifl. brtt. við 7. gr. frv.

Í 5. gr. frv. segir um útsvör í Reykjavík: „Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir: Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn."

Þetta eru reglurnar í Reykjavík.

Í 6. gr. segir um útsvör í kaupstöðum: „Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. A. 1." M. ö. o.: fjölskyldufrádráttur frá útsvörum á að vera sá sami í Reykjavík og öllum kaupstöðum landsins.

En í 7. gr. segir um útsvör í öðrum sveitarfélögum: „Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 500.00 fyrir konu og sama upphæð fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri gjaldanda."

Eins og ljóst er af þessu, er ætlazt til samkv. frv., að persónufrádráttur verði allt annar í sveitarfélögum á landinu en í kaupstöðum og Reykjavík, og munar mjög miklu. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, munar á þessu því, að barnlaus hjón í kaupstöðum fá 800 kr. frádrátt, en í sveitarfélagi 500 kr. Hjón með

eitt barn fá 1800 kr. frádrátt í Reykjavík og kaupstöðum, en aðeins 1000 kr. í öðrum sveitarfélögum. Hjón með tvö börn fá 2900 kr. frádrátt í kaupstöðum og Reykjavík, en aðeins 1500 kr. í öðrum sveitarfélögum. Hjón með þrjú börn fá 4100 kr. frádrátt í Reykjavík og kaupstöðunum, en aðeins 2000 kr. í öðrum sveitarfélögum, eða meira en helmingi minna. Og hjón með fjögur börn fá 5400 kr. frádrátt á útsvari í kaupstöðum og í Reykjavík, en aðeins 2500 kr. í öðrum sveitarfélögum.

Mér er gersamlega ráðgáta, hvers vegna á að lögfesta þennan mikla mismun á frádrætti frá útsvari. Samkv. 9. gr. geta sveitarfélög valið um útsvarsstiga til álagningar, eins og hæstv. fjmrh. hefur réttilega tekið fram, en mér sýnist, að um þetta geti þau ekki valið. Í 9. gr. er skýrt tekið fram, að við niðurjöfnun útsvaranna geti sveitar- og bæjarfélög valið á milli skattstiga, en þetta er ekki niðurjöfnun, heldur er þetta ákvæði um, hvað má draga frá útsvarinu, eftir að búið er að jafna niður, og ég sé enga skynsamlega ástæðu fyrir því að hafa þetta lægra í sveitarfélögum almennt heldur en í kaupstöðum og Reykjavík, því að ef þarf að hafa misjafnlega háa útsvarsstiga í hinum ýmsu sveitarfélögum eftir þörfum sveitarfélaganna, sem vel getur komið fyrir, þá kemur það fram í því, að sveitarstjórnirnar annaðhvort velja á milli skattstiga eða notfæra sér ákvæði þessara laga um hækkun eða lækkun allt að 30%. Hitt er fjarri öllu lagi að mínum dómi, að gera þennan mun á fjölskyldunum, á húsmóðurinni og börnunum, eftir því, hvar þau eiga heima. Eða hvaða skynsamleg ástæða er fyrir því, að fjölskylda með fjögur börn, sem á heima úti á Seltjarnarnesi, fái aðeins 2500 kr. frádrátt frá sínu útsvari, þegar jafnstór fjölskylda í Kópavogi eða Reykjavík fær 5400 kr.? Þess vegna hef ég flutt þá skrifl. brtt., að þessi fjölskyldufrádráttur sé alls staðar sá sami. Samkv. frv. á hann að vera sá sami í Reykjavík og öllum kaupstöðunum. Ég legg til, að hann verði alls staðar sá sami, og ég vænti þess, að till. þessi sé svo sanngjörn, að það verði ekki amazt við henni.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta á að verða síðasta nótt þessa þings, og það þarf sjálfsagt að fara sparlega með tímann, til þess að hún endist, því að svo mörg mál virðast vera á ferð í báðum d. og þurfa að ganga milli d. Ég vil ekki gera leik að því að tefja tímann, enda hafði ég lofað því fyrir mitt leyti, þegar þeir, sem yfir málunum ráða hér á Alþingi, frestuðu því að taka málið fyrir á miðvikudaginn, til þess að nm. gætu fengið betra ráðrúm til að starfa, að bregða ekki fæti fyrir, að það gæti fengið fullnaðarafgreiðslu bæði að því er snertir 2. og 3. umr. nú í þessari lotu.

En sumt af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, var þess eðlis, að ég get ekki komizt hjá því að svara því nokkrum orðum. Að vísu var það svo, að ég fann ekki, að þó að hann væri að leita ósamræmis í framkomu stjórnarandstæðinga í sambandi við þetta frv., þá gæti hann sýnt fram á, að ég væri að nokkru leyti ósamkvæmur sjálfum mér í flutningi þessa máls f. h. minni hl. heilbr.- og félmn., en hann þurfti að fara um báðar d. til þess að sýna fram á, að þar hefði hvor verið með sína till., og þetta gengur nú svo í máli eins og þessu og mun þannig vera í öllum flokkum, að menn stilla ekki saman till. sínar fullkomlega og sízt af öllu þegar þannig er á höfuðmáli haldið eins og hér, að það liggur í loftinu, að það skipti ekki máli, hvaða till. eru fluttar, þær séu fyrir fram dæmdar til að falla.

Hæstv. ráðh. sagði það einna hvassast í minn garð og lét það gilda líka fyrir Eystein Jónsson vegna þess, sem hann hafði sagt í Nd., að ég hefði haldið því fram, að með því að niðurjöfnunarnefnd hefði gert Samband ísl. samvinnufélaga útsvarsfrítt á árinu sem leið, þá hefði verið ljóst, að það hefði verið gert í því skyni að ófrægja Sambandið. En hann hélt því fram, að skv. skattframtali Sambandsins hefði niðurjöfnunarnefnd ekki annað getað gert og þess vegna hlyti að felast í orðum þeirra, sem teldu, að þarna hefði verið farið að öðruvísi en vera bæri, þegar jafnað er niður eftir efnum og ástæðum, að þeir teldu, að skattframtal Sambandsins hefði verið rangt. Þetta er algerlega rangt ályktað, og ég vil sanna það með því að minnast á atriði, sem hæstv. fjmrh. gerði hér að ádeiluefni, og það var það, að einn framsóknarmaður í Nd. hefði flutt tillögu um að banna að víkja frá ákvæðum skattalaga um sérstakan frádrátt frá tekjum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og eins og talið hefur verið fært að gera að undanförnu vegna ákvæðanna um efni og ástæður, sem ættu að vera grundvöllur álagningar, og í þessu sambandi benti hæstv. ráðh. á, að þessu hefði einmitt verið beitt í bæjarfélögum, og var á honum að heyra, að það hefði verið réttmætt og ekki ásökunarefni. En nú var það svo, að það tap, sem hæstv. fjmrh. las upp, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði orðið fyrir á viðskiptum við utanfélagsmenn, var tap, sem komst í þá hæð, að það varð til þess að éta upp tekjur í framtali og kom fyrir afskriftir af eignum, löglegar afskriftir að vísu, en afskriftir, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefði ekki þurft að taka til greina, en hefði getað metið upp, og þannig hefði ekki verið nema eðlilegt, að hún hefði látið þetta fyrirtæki bera útsvar. Og það er full ástæða, þegar þetta er skoðað þannig, að gera ráð fyrir því, að þetta hafi verið gert til þess að sýna dæmi um það, að þetta fyrirtæki bæri ekki útsvar, og vekja óánægju hjá öðrum gjaldendum bæjarins í garð fyrirtækisins og skapa sér möguleika til þess að koma fram með tillögur um breytingar á lögum um útsvör að því er snertir samvinnufélög, eins og þær, sem hér liggja fyrir. (**Fjmrh.:** Má ég gera eina fyrirspurn til hv. þingmanns? Telur þingmaðurinn, að niðurjöfnunarnefnd hefði átt að láta aðrar afskrifta-

reglur gilda um þetta eina fyrirtæki en þær almennu?) Nú er ég vitanlega ekki svo kunnugur reglum í Reykjavík, eins og þær hafa verið, þær hafa ekki verið öðrum auglýstar, a. m. k. á þeim vettvangi, að ég hafi átt aðgang að þeim. En ég tel, að ef þetta hefði verið t. d. í því sveitarfélagi, sem ég hef starfað í, þá hefði hiklaust verið dregið úr afskriftunum, þegar útsvar var á lagt, vegna þess að við hefðum litið svo á, að þó að svona væri þetta árið, þá yrði fyrirtækið að taka þátt í útgjöldum eftir sem áður, „eftir efnum og ástæðum". Satt að segja virðist mér samkvæmt þeim fréttum, sem maður hafði af breytingum, sem gerðar voru á útsvörum í Reykjavík, og samanburði, sem blöð birtu á útsvarsupphæðum, miðað við tekjur, að það hefði allfreklega verið notað ákvæðið um efni og ástæður í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, enda var það náttúrlega löglegt. Og ég tel engan vafa á því, að flestar sveitarstjórnir hefðu, að því er snertir atvik eins og átti sér stað með Sambandið á þessu gjaldári, sem hér er um að ræða, ekki látið það koma fyrir, að það stóra fyrirtæki hefði verið útsvarsfrítt.

Hæstv. ráðh. sagði, að engin áskorun hefði komið frá nokkurri sveit um, að þetta frv. ætti ekki fram að ganga. Það var nú víst ekki ég, heldur hv. 9. þm. Reykv., sem vitnaði í yfirlýsingar frá sveitarfélögum, en af því að við stöndum báðir, hv. 9. þm. Reykv. og ég, að till. þeim, sem hér liggja fyrir, og nál. því, sem hér liggur fyrir, og af því að þetta er dálítið atriði í málinu, þá vil ég mótmæla þessu, því að ég minnist þess, að hér á lestrarsalnum liggur erindi frá sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem er gerð rökstudd grein fyrir því, að sýslunefndin telur, að þetta frv. eigi ekki að ná fram að ganga, eins og það liggur fyrir og eins og nú standa sakir. En sýslunefndir hafa yfirstjórn sveitarmála hver á sínu svæði, og það er því meira en að það komi fram mótmæli frá einni sveitarstjórn, ef þau koma frá sýslunefnd, þar sem eru 11 sveitarstjórnir á bak við, og nú vildi ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér upp þetta erindi frá sýslufundi Suður-Þingeyjarsýslu, erindið er dagsett 2. maí:

„Á nýafstöðnum sýslufundi Suður-Þingeyjarsýslu var samþykkt eftirfarandi ályktun," segir sýslumaðurinn. „Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu lýsir yfir, að hún telur fram komið frv. til bráðabirgðabreytinga á lögum um útsvör marka mjög varhugaverða stefnu, og færir þetta helzt til um rökstuðning fyrir því áliti: 1) Álagning almennra útsvara er alveg einskorðuð við tekjuskattsframtöl, sem engar líkur eru til að verði ábyggilegri undirstaða álagningar hér eftir en hingað til. 2) Lögleiðing veltuútsvars á viðskipti almennt er dulbúin aðferð til að færa verulegan hluta af útsvarsþunga bæja og kauptúna yfir á íbúa þeirra sveitarbyggða, sem verða að hafa aðalviðskipti sín í bæjunum, en hafa engin skilyrði til gagnkvæmra ráðstafana á hendur þeim. 3) Með fyrirhuguðu veltuútsvari á vörur í umboðssölu, sem engin verzlun er í venjulegum skilningi, og þá fyrst og fremst framleiðsluvörur landbúnaðarins, er allra lengst gengið í rangsleitninni og það því fremur, að frv. opnar leið til að leggja á eina og sömu vörueiningu í þremur sveitarfélögum.

Þar sem engar óumflýjanlegar ástæður geta legið til þess, að gera þurfi bráðabirgðabreytingar á útsvarslögunum á þessu þingi, skorar sýslunefndin á hv. Alþingi að afgreiða engar breytingar á nefndri löggjöf, fyrr en nefnd sú, sem vinnur að breytingum á henni, hefur lagt fram fullnaðartillögur sínar í því efni og landsmönnum hefur gefizt ráðrúm til að gagnrýna þær breytingar, sem þar verða væntanlega bornar fram.

Þetta leyfi ég mér hér með virðingarfyllst að tilkynna hinu háa Alþingi," segir sýslumaðurinn, sem ritar undir erindið.

Það er því alveg rétt, sem haldið var fram, að mótmæli hefðu komið fram frá sveitarfélögum og sveitarstjórnum og þau rökstudd. Í þessu erindi og yfirlýsingu sýslufundarins eru sömu meginathugasemdirnar, sem við höfum verið að færa hér fram.

Hæstv. ráðherra deildi nokkuð á Framsfl. fyrir það að hafa ekki verið skeleggur í því að bæta úr þörf sveitarfélaganna fyrir fjáröflun, og benti á það, að hann hefði flutt, meðan samstjórn sjálfstæðismanna og Framsóknar stóð, till. um að ætla sveitarfélögunum hluta af söluskatti. Þetta er alveg rétt. Þá þótti ára illa og erfiður var fjárhagurinn, og þá voru málin ekki komin á það stig, að yfirleitt væri farið að reka eftir því af hálfu sveitarfélaganna, eins og síðar hefur orðið, að fá hlutdeild í tekjustofnum, sem ríkið hefur notað.

Það er langt frá því, að ég sé að vanþakka það, að hæstv. ráðherra hefur nú komið því til leiðar, að sveitarfélögin fá hlutdeild í söluskatti. En ég held, að það hafi yfirleitt ekki verið meiri tregða hjá Framsfl. að undanförnu í þessu efni en öðrum. Málin hafa verið að þróast. Hvert mál hefur fæðingartíma, og alltaf hefur verið erfitt um fjárhag, þegar hefur átt að koma saman fjárlögum.

Nú brá aftur svo við, að reyndar varð allt í einu rúmt um hendur fyrir þær miklu efnahagsaðgerðir, sem gerðar voru, svo rúmt um hendur, að telja má, að samanborið við það, sem áður var, sé þetta tillag til sveitarfélaganna eins og einn keppur í sláturtíð. Náttúrlega gat hæstv. ráðherra látið það vera að láta þennan kepp í sláturtíðinni af hendi, og ég er ekkert að vanþakka honum það. Ég er búinn að margtaka slíkt fram, en þegar hann ber sig saman við aðra, sem hafa farið með fjármál ríkisins, þá er honum skylt að líta á þessa aðstöðu.

Hæstv. ráðherra benti á það, að þing Sambands ísl. sveitarfélaga, sem fyrst var háð og kallað var stofnþing sambandsins, hefði strax gefið út yfirlýsingu um, að það óskaði eftir því — skoraði á ríkisstj. meira að segja — að láta fara fram sem fyrst gagngera endurskoðun á löggjöf þeirri, sem fjallar um tekjustofna

sveitarfélaganna. Sérstaklega nauðsynlegt telur þingið, að útsvarslögin verði rækilega endurskoðuð og upp í þau tekin m. a. nánari ákvæði um reglur þær, sem fylgja ber við álagningu útsvara, en nú eru þar, og tryggt verði á þennan hátt, að á tekjustofn þeirra, útsvörin, verði ekki gengið af öðrum aðilum, nema sveitarfélögunum sé jafnframt séð fyrir tekjum á annan hátt.

Meginhluta þessa las hæstv. ráðherra upp, en ég hef leyft mér að lesa það aftur, vegna þess að á því er allt annar blær en sá, sem gerir eðlilegt, að eins sterkar aðgerðir séu hafðar í frammi og gerðar eru með þessu frv. Samband sveitarfélaganna er ekki að biðja nema með hóflegum orðum um endurskoðun á útsvarslögum. Það er ekki að biðja um, að gripið sé til þess að gera slíka byltingu í þeim efnum sem þessu og keyra í fjötra ráðstöfunarrétt eða sjálfsákvörðunarrétt, sem sveitarfélögin hafa haft í þessu efni.

Hæstv. ráðherra las líka upp úr ályktun ráðstefnu bæjarstjóra, og það skal játað, að þar er sterkar að orði kveðið, og hann benti á, að þar kemur fram einmitt ósk um það, að eitt sé í útsvarsálagningu látið ganga yfir öll félagsform, yfir samvinnufélög sem annað. Og þetta verður skiljanlegt, að menn, sem standa fyrir málefnum bæjarfélaganna og eru í fjárþröng, eru að kalla til ríkisstj. og vilja þá hafa svo hátt og kveða svo sterkt að orði, að eftir sé tekið, gefi út slíkar yfirlýsingar, einkum ef á það er litið, sem kemur fram í ályktun sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, sem ég las upp áðan og við höfum verið að benda á í þessum umræðum, að með því að leggja útsvar og sérstaklega veltuútsvar á viðskipti félagsmanna í samvinnufélögunum, þá eru í raun og veru skattlagðir með því gjaldendur í öðrum sveitarfélögum til bæjarfélaganna. Þess vegna er það ekkert merkilegt, þó að bæjarstjórarnir, sem mæta þarna á fyrsta kröfustigi, tali svona, af því að það er verið að hugsa um tekjuöflun handa þeim bæjarfélögum, sem hafa innan sinna vébanda verzlun fólksins í umhverfinu eða viðskipti fólksins, en ekki gjaldálögurétt á það eftir öðrum leiðum.

Þá er líka tekið fram í yfirlýsingu ráðstefnunnar, sem hæstv. ráðh. las upp, að ætlazt sé til, að sú löggjöf, sem samin yrði, væri gerð í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga. Nú hef ég verið að halda því fram, að meira að segja sú samvinna hafi ekki verið viðhöfð, því að það stendur óhaggað þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðh. sagði um ályktun fulltrúaráðs sveitarfélaganna, að hæstv. stjórnarandstæðingar hér á Alþ. hafa ekki tekið til greina það, sem þar var beðið sérstaklega fyrir, og þar af leiðandi hefur ekki verið höfð sú samvinna, sem þarna var þó talin eðlileg. En þar að auki verð ég að segja það, að mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hæstv. ráðh. segir, að það hafi ekki verið venja að senda sveitarstjórnum til umsagnar helztu frv. um löggjöf, sem þau eiga sérstaklega að búa við, því að það hefur verið meginregla. Ég minnist þess oft, að slík frv. hafa verið send þeirri sveitarstjórn, sem ég hef lengst starfað í.

Þá sagði hæstv. ráðh. frá því, að hann hefði skipað n., sem samdi þetta frv., þannig, að í henni hefðu verið formaður sambandsins og varaformaður o. s. frv. Þess vegna hefði nefndin verið þannig skipuð, að tryggt hefði verið sjónarmið sjálfra sveitarfélaganna. En hins vegar sagði hann, að þessa hefði ekki verið gætt í nefndarskipun vinstri stjórnarinnar, og hann las hér upp ályktun frá þeim tíma, þar sem þessi hæstv. d. óskar eftir því, að endurskoðuð verði sveitarstjórnarlöggjöfin, og sagði, að ekkert hefði verið gert með þá áskorun til ríkisstj. En það var einmitt vegna tilmæla Ed. skipuð nefnd til þess að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina, og það var skipaður í n. varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga, svo að alls ekki var gengið fram hjá þeim. Og enn þá er það svo, að nefnd þessi er að starfa, og nýlega kom hér inn í þessa d. heilmikil bók frá henni, sem sé frv. að sveitarstjórnarlöggjöf. Og nú hefur hæstv. heilbr.- og félmn. samþ., að það frv. skuli sent sveitarstjórnum landsins til umsagnar, svo sem venjulegt hefur verið. En þetta frv., það sem fjallar um þau málefni sveitarfélaganna, sem eru kannske þyngst í vöfunum hjá þeim og erfiðust við að fást, það er alls ekki sent til umsagnar. Og það er þetta, sem ég er að deila fyrst og fremst á hæstv. ríkisstj. fyrir. Ég er ekki að deila á hana fyrir það að hafa skipað nefnd til þess að endurskoða útsvarslöggjöfina. Ég er ekki að deila á n. fyrir það, hvernig hún út af fyrir sig vann sitt verkefni, því að venjulegt er, að nefndarfrv. þurfa lagfæringu. En ég er að deila á ríkisstj. fyrir það að hafa sýnt sveitarfélögunum lítilsvirðingu og skaðað málefni þetta með því að senda það ekki út til umsagnar. Og ég er líka að deila á þá, sem fara með þetta mál og ráða afgreiðslu þess, fyrir, að ekki hefur verið tekið tillit til ályktunar þeirrar, sem fulltrúaráðið þó gerði, þrátt fyrir það að það hafði stuttan tíma til athugunar. Það er ekki tekið tillit til þess. Mér sýnist, að það sé fullkomlega vítavert að framkvæma þannig lagasetningu, sem er jafnsterk og gengur svo langt í því að setja sveitarfélögunum lífsreglur, gengur svo nærri sjálfstæði þeirra eins og þessi löggjöf gerir, sem hér er á ferðinni.

Ég hef lagt áherzlu á það, að hæstv. ráðh. hafi, meðan hann vann að sveitarstjórnarmálum sem borgarstjóri, lagt áherzlu á það við sveitarfélögin, að þau yrðu að gæta að sér gagnvart valdinu að ofan. Nú virðist mér, að hann, þegar hann er orðinn valdhafi fyrir ofan sveitarfélögin, hafi beitt þau ofríki og þau eigi erfitt að koma vörnum við. Á þessu þykir mér illa fara.

Ég vil að lokum taka fram, að það er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh. að halda, að ég telji, að samvinnufélögin eigi að vera útsvarsfrjáls. Ég tel, að samvinnufélögin eigi að greiða útsvar. En ég tel, að það eigi að taka tillit til þess, að skipan samvinnufélagsskaparins og eðli er þannig ósambærilegt við einkarekstur-

inn, að það er ekki að láta eitt yfir þessar stofnanir ganga, ef algerlega sömu reglur eru látnar gilda. Með því að láta sömu reglur gilda er samvinnufélögunum misboðið. Og ég hef lagt til, og það kemur fram í till. minni einni, sem ég var að gera grein fyrir áðan, — ég hef lagt til, að það sé gert upp á milli viðskipta við kaupfélagið á nýjan hátt vegna nýrra tíma og breyttra starfshátta, verði gert þannig upp, að látin verði sama regla gilda um þá þætti starfseminnar, sem eru hliðstæðir einkarekstrinum, en sjálf samvinnuskipulagsviðskiptin verði gjaldskyld á annan hátt, eins og vera ber, ef ekki á að vera beint ranglæti gagnvart þessum fyrirtækjum.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þessi mál. Ég vil ekki hér tefja tíma á þessari síðustu nótt þingsins.

Að því leyti, sem kann að vera hægt að segja, að í brtt. þeim, sem ég er annar flm. að, sé einhvers konar ósamræmi við það, sem áður hefur gilt, svo sem eins og hámarksákvæði um hlutfall veltu og hámarksákvæði um það, hvað samanlagt tekjuútsvar, veltuútsvar og tekjuskattur megi vera, þá eru þessar till. nú fluttar til þess að reyna að bæta þetta frv., og þær eru í fullu samræmi við það kerfi, sem verið er að setja upp með frv. Óðruvísi er ekki hægt að hafa það, þegar fluttar eru einstakar brtt. En ekki er til nokkurs að flytja till. um að umskapa kerfið.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að orðlengja fremur um þetta mál, svo rækilega sem um það hefur verið rætt, en hv. andmælendum þessa frv. hefur þó tekizt sérlega vel að fara í kringum þau atriði í frv., sem væru þó ámælisverðust. Þeir hafa fjölyrt hér um atriði, sem eru alveg sjálfsögð, eins og það að samræma útsvarsreglur í sveitarfélögunum. Ég hef þreifað fyrir mér í nágrannalöndum og reynt að kynna mér útsvarsreglur. Ég hef hvergi orðið var við, að ekki sé til heildarlöggjöf um þessi mál, að það séu ekki ákveðnar reglur að ofan um það, hvernig þessi mál eigi að vera.

En það er annað atriði í þessu frv., sem rétt er að undirstrika, ákvæði, sem alls ekki er æskilegt að hafa í frv., er kemur frá Alþingi, og þar á ég við veltuútsvörin. Veltuútvörin eru það form tekjuöflunar sveitarfélaga, sem sízt er æskilegt. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að þetta sé vandræðatekjuöflunaraðferð, og það hefur áður komið fram í þessum umr., að þetta frv. sé aðeins ætlað til bráðabirgða og til reynslu á þessu ári. Það eru aðeins 5—6 mánuðir, þangað til þing kemur aftur saman, og þá má búast við því, að eigi líði langur tími, unz endurskoðað frv. kemur fram um útsvarsmálin í heild. Á þeim tíma munu sveitarfélögin áreiðanlega öll fá þetta til umsagnar. Á þeim tíma hafa þau fengið að reyna þessa stiga í framkvæmd og sjá, hvernig þeir gefast. Og að þeirri reynslu fenginni mun áreiðanlega verða sterkari grundvöllur fyrir nefndina og Alþingi að byggja upp sanngjarna og réttmæta álagningarskala fyrir sveitarfélögin.

Það var aðeins þetta, sem ég ætla að taka fram, áður en til atkvgr. kemur, að ég tel, að velta út af fyrir sig sé fræðilega fáránleg tekjuöflunarviðmiðun fyrir sveitarfélögin. Engu að síður er hv. alþm. ljóst, að sveitarfélögin mættu alls ekki við því nú að missa þennan tekjustofn, svo mikilvægur sem hann er í þeim allflestum, og þess vegna erfitt og nánast ógerlegt af Alþingi að svipta þau þeim tekjustofni á þessu ári, án þess að þeim sé séð fyrir öðrum nýjum tilsvarandi tekjustofni í staðinn.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 608 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 611,1 felld með 11:8 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 611,2 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
5. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 611,3 felld með 11:8 atkv.
6. gr. samþ. með 11:8 atkv.
Brtt. 611,4 felld með 11:6 atkv.
— 630 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB.
nei: BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
7. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 611,5 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, AGl, ÁB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.
nei: AuA, BGuðm, BjörnJ, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
Brtt. 611,6 felld með 11:8 atkv.
8.—14. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem nokkurn veginn er sýnt, að þetta frv. nær fram að ganga á þessu þingi, og mér skilst, að

nokkrir annmarkar séu á framkvæmd þessarar löggjafar nú á þessu ári, vildi ég leyfa mér að bera fram nokkrar fsp. til hæstv. fjmrh., sem að sjálfsögðu mun hafa kynnt sér þetta mál til hlítar.

Það er í fyrsta lagi, að nú mun vera kominn sá tími, sem niðurjöfnunarnefndum ber að vera búnar að jafna niður útsvörum. Ég hygg, að sá frestur muni vera útrunninn nú, þegar þessi lög öðlast gildi.

Í öðru lagi, þar sem hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir eru nú miklu háðari framtölum um álagningu útsvara en verið hefur til þessa, vildi ég vita, hvort fjmrn. hefur gert einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að útbúa skýrsluform, sem skattanefndir eiga að útbúa og senda niðurjöfnunarnefndum, eða hvort hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir eigi að fá aðgang að skýrslunum, meðan þær eru hjá skattanefndum, því að mér skilst, að annað tveggja verði að vera til staðar, ef niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir eiga að geta framfylgt þeim lagaákvæðum, sem hér á að samþykkja. Og sem dæmi um það vil ég nefna, að það er ekki nóg fyrir niðurjöfnunarnefndir að vita um heildartekjur hlutaðeigandi manna, vegna þess að þau veltuútsvör, sem nú öðlast gildi, verða misjöfn að því er varðar einstakar vörutegundir. T. d. getur einn maður haft helming af sínum tekjum sem lausatekjur, helming af búskap, og svo er hugsanlegt í þriðja lagi, að hann reki verzlun og nokkur hluti af tekjum hans verði því ekki háður veltuútsvari, en misjöfn veltuútsvör á hinum hlutunum eftir því, hvort um er að ræða framleiðslu eða verzlun og með hvað hlutaðeigandi verzlar, og þannig eru mörg ákvæði þessara laga. Þess vegna leikur mér nokkur forvitni á að vita sem skattanefndarmanni, hvort mér ber skylda til þess að lofa niðurjöfnunarnefnd eða hreppsnefnd að hafa aðgang að öllum þeim gögnum, sem niðurjöfnunarnefndir varða, eða ekki.

Venjan hefur verið sú, að þegar undirskattanefndir hafa lokið störfum, hafa þær sent skýrslurnar til yfirskattanefndar hlutaðeigandi héraðs, án þess að til kæmu aðrir aðilar, sem þar hefðu aðgang að. En á þessu stigi þætti mér vænt um að fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðherra, vegna þess að þetta er bæði í fyrsta skipti, sem þetta kemur til framkvæmda, og eigi að framfylgja lögunum, þá þarf annað tveggja, skilst mér, að vera til staðar, að niðurjöfnunarnefndirnar fái lagalegan aðgang að öllum plöggum hjá skattanefndum eða skattanefndir verði skyldaðar til að útfylla sérstök eyðublöð, sem fjmrn. hefur þá væntanlega látið útbúa.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt hér eftir eins og áður, að niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir hafi aðgang að plöggum og upplýsingum skattanefnda. Varðandi það, hvernig eyðublöð verða útbúin í þessu sambandi, skal ég ósagt láta hér, en félmrn., sem fer með þessi mál, mun að sjálfsögðu ganga frá því á viðunandi hátt.

Varðandi hitt atriðið, að sá tími sé liðinn, sem í lögum er ákveðinn um það, hvenær jafna skuli niður útsvörum, er því til að svara, að um margra ára skeið hefur það ákvæði ekki verið tekið bókstaflega, heldur hefur það um langan aldur tíðkazt, að bæði niðurjöfnunarnefndir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum hafa jafnað niður alllöngum tíma eftir að þessi lömælti frestur er útrunninn, og hefur ekki verið fengizt um slíkt. Ég ætla, að almennt þurfi niðurjöfnun ekki að verða miklu seinna á ferðinni nú en tíðkazt hefur undanfarin ár.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 633).

34. Verðlagsmál.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um verðlagsmál [162. mál] (stjfrv., A. 453).

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ákvæði þessa frv. eru í öllum meginatriðum samhljóða þeim ákvæðum, sem eru í gildandi lögum um verðlagseftirlit og verðlagsákvarðanir.

Þegar flutt var frv. um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, voru ekki tekin í það frv. ákvæði gildandi laga um verðlagsmál, heldur þótti ríkisstj. rétt að flytja um það mál sérstakt frv., enda eru rökin, sem á sínum tíma voru fyrir því að sameina ákvæði laga um gjaldeyris- og innflutningsmál og verðlagsmál, nú fallin burt, en meginrökin fyrir því voru þau, að á sínum tíma var sömu stofnuninni, innflutningsskrifstofunni, falið að fara með yfirstjórn innflutnings- og gjaldeyrismála annars vegar og verðlagsmála hins vegar. Þegar sú stofnun, innflutningsskrifstofan, er nú lögð niður og stjórn innflutningsmálanna er fengin í hendur gjaldeyrisbönkunum, ber að sjálfsögðu nauðsyn til þess að fela nýjum aðila, nýju stjórnvaldi ákvarðanir um verðlagsmál, og þegar svo er komið, er engin ástæða til þess lengur, heldur þvert á móti óeðlilegt að hafa lagaákvæði um innflutningsmál annars vegar og verðlagsmál hins vegar í sömu löggjöfinni. Það var þess vegna, sem ákveðið var að taka upp þann sið, sem í gildi var, áður en innflutningsskrifstofunni voru falin þessi tvö verkefni, þ. e. að í gildi skyldu vera tvenn lög, annars vegar um innflutnings- og gjaldeyrismál og hins vegar um verðlagsmál.

Í 1. gr. þessa frv. er ákveðið, að með verðlagsákvarðanir skuli fara 5 manna nefnd og

skuli formaður hennar vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., en hinir 4 nm. kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ., þegar lög þessi taka gildi, og síðan eftir hverjar alþingiskosningar.

Það á ekki að þurfa að gera ráð fyrir því samkvæmt þeirri reynslu, sem fengizt hefur undanfarin ár, að störf þessarar nefndar þurfi að vera viðamikil. Hún ætti ekki að þurfa að halda fundi oftar en t. d. tvisvar í mánuði til þess að taka þær ákvarðanir, sem verðlagsstjóri og starfsmenn hans búa undir fundi hennar, svo að það á ekki að þurfa að gera ráð fyrir því, að hér verði um mikið starf að ræða, og þar af leiðandi ekki, að af störfum nefndarinnar þurfi að hljótast mikill kostnaður. Að öðru leyti eru ákvæði þessa frv., eins og ég gat um áðan, efnislega svo að segja alveg samhljóða þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi um verðlag. Þó er um að ræða nokkrar minni háttar breyt., sem mér þykir rétt að vekja athygli á í örfáum orðum.

Það eru felld niður ákvæði gildandi laga um skyldur verðlagsstjóra til þess að vekja athygli innflutningsyfirvalda á því, ef innflutt vara er seld á mismunandi verði, og um skyldu hans til að gera samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkrar og erlendrar iðnaðarvöru. Ástæðan til þess, að þessi ákvæði eru felld niður, er sú, að í þann áratug, sem þau hafa verið í gildi, hafa þau aldrei komið til framkvæmda, þeim hefur aldrei verið beitt. Þykir ástæðulaust að vera að hafa slíkan dauðan lagabókstaf áfram í gildi.

Þá er verðlagsnefnd í þessu frv. heimilað að fela verðlagsstjóra að taka verðlagsákvarðanir að nokkru leyti í sínu umboði. Í gildandi lögum tekur hliðstætt ákvæði aðeins til trúnaðarmanna verðlagsyfirvalda, en þetta orðalag í gildandi lögum frá 1950 er tekið að erfðum frá eldra fyrirkomulagi, sem nú hefur lengi verið breytt. Í reyndinni hefur skipun þessara mála verið sú, að einungis verðlagsstjóra, en ekki trúnaðarmönnum hans utan Reykjavíkur eða öðrum undirmönnum hans hér í Reykjavík, hefur verið falið að taka slíkar ákvarðanir, og er ástæðulaust að hafa slík ákvæði í lögum. Hitt er nauðsynlegt, að verðlagsnefnd eins og innflutningsskrifstofan geti falið verðlagsstjóranum að taka vissar minni háttar ákvarðanir í sínu nafni, til þess að það þurfi ekki að halda fund um hvaða smáatriði sem er, og þess vegna er eðlilegt, að þessu ákvæði sé haldið í lögum svo breyttu.

Í gildandi lögum eru ákvæði um, að verðlagsstjóra sé heimilt að birta nöfn þeirra, sem gera sig seka um óhóflega álagningu. Þessi ákvæði eru felld niður, enda hefur þeim aldrei verið beitt í þau nær 10 ár, sem þau hafa verið í gildi. Ástæðan til þess, að þessi ákvæði voru upphaflega tekin upp, var sú, að þau voru tekin upp jafnhliða því, sem ákveðið var að fella mjög mörg verðlagsákvæði úr gildi eða gefa álagningu frjálsa að mjög verulegu leyti. Þá þótti löggjafanum rétt að hafa í verðlagslögum þann hemil á því, að álagningarfrelsið yrði ekki misnotað, að heimilt væri að birta nöfn þeirra manna, sem gerðu sig seka um óhóflega álagningu, og var gert ráð fyrir, að ráðh. setti reglur um það, hvað teljast skyldi óhófleg álagning. Nú hefur hins vegar framkvæmd verðlagsmála aftur breytzt í það horf, að nær allar vörur og þjónusta eru háð verðlagsákvæðum, þannig að það ástand, sem var, þegar þetta ákvæði var lögleitt, er ekki lengur fyrir hendi og þess vegna alveg ástæðulaust að hafa slík lagaákvæði í gildi, enda hefur reynslan einnig sýnt, að mjög erfitt væri að framkvæma þau. Það væri miklum erfiðleikum bundið fyrir ráðherra að skera úr um, hvað teljast skyldi óhæfileg álagning á þær vörur, sem engin verðlagsákvæði gilda um, enda hefur það aldrei verið gert, ráðherra hefur aldrei gefið út neina slíka reglugerð, neinar slíkar reglur, og verðlagsstjóri aldrei beitt þeirri lagaheimild, sem í gildi hefur verið, til þess að birta nöfn þeirra manna, sem misnota álagningarfrelsið þannig að leggja meira á en hæfilegt geti talizt. Þess vegna telur ríkisstj. rétt að fella þennan lagabókstaf, sem einnig hefur verið algerlega dauður, úr gildi.

Ef verðlagsnefnd telur, að einhvers staðar hafi verið lagt of mikið á þá vöru, sem verðlagsákvæði gilda ekki um, hefur hún samkvæmt þessu frv. heimild til þess að setja lagaákvæði um hámarksálagningu á þá vöru þegar í stað, og ætti það að sjálfsögðu að vera næg trygging fyrir því, að um óhóflega álagningu sé ekki að ræða.

Þá er mælt svo fyrir í 8. gr. þessa frv., að útsöluverð skuli miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda, ef það verð er lægra en greinir á innkaupareikningi vegna galla eða skemmda. Slík framkvæmd virðist sjálfsögð, en lagaákvæði um þetta efni eru óskýr, og féll nýlega dómur í hæstarétti, þar sem kveðið var svo á, að ekki væri skylt að miða útsöluverð við það innkaupsverð, sem lagt hefði verið til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda, þó að það hafi verið lægra en greinir á innflutningsreikningi vegna galla eða skemmda. Þykir því rétt að taka af öll tvímæli um þetta og hafa lagaákvæðin svo skýr, að ekki þurfi að koma til slíks. Ef ekki væri kveðið á um þetta í lögum núna, mundi dómur hæstaréttar í þessu efni að sjálfsögðu gilda áfram eða sú regla, sem hann skapaði.

Í 12. gr. frv. er kveðið svo á, að meðdómendur í verðlagsdómi skuli skipaðir til 3 ára, en ekki til eins árs, eins og nú er. Það er eðlilegt til að skapa nokkru meiri festu, að skipunartími þeirra sé lengdur frá því, sem verið hefur.

Að síðustu eru í 20. gr. sektir nokkuð hækkaðar frá ákvæðum gildandi laga, sem eru orðin 10 ára gömul, með tilliti til þeirrar rýrnunar á verðmæti peninga, sem átt hefur sér stað, síðan þau lög voru sett.

Þetta eru einu breytingarnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á gildandi verðlagslögum, og eins og hv. þdm. heyra, eru þær allar mjög smávægilegar, að frátalinni þeirri breytingu,

sem samkvæmt eðli málsins hlýtur að verða á yfirstjórn verðlagsmálanna, á þeim aðila, sem með sjálfar verðlagsákvarðanirnar fer. Það er stefna núv. ríkisstj. að halda verðlagseftirliti og gera ráðstafanir til þess, að það geti verið haldgott, þannig að þær verðhækkanir, sem hljóta að sigla í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, sem nýlega hefur verið ákvörðuð, verði ekki meiri en gengisbreytingin sjálf gefur beint eða óbeint tilefni til.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 493 og 499).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., frv. til l. um verðlagsmál, á þskj. 453. Frv. þetta er fyrst og fremst fram komið vegna þess, að fyrirhugað er, að innflutningsskrifstofan verði lögð niður, en hún fór áður með yfirstjórn verðlagsmála. Frv. gerir ráð fyrir, að í stað innflutningsnefndarinnar fari 5 manna verðlagsnefnd með verðlagsákvarðanir. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., en hinir fjórir nm. skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar lög þessi taka gildi, ef samþykkt verða, og síðan eftir hverjar alþingiskosningar og kjörið þannig gilda út hvert kjörtímabil. Að öðru leyti felur frv. ekki í sér neinar teljandi breytingar frá gildandi lögum, en safnað er á einn stað, í ein lög, öllum þeim ákvæðum um verðlagsmál, sem gilt hafa, en það eru lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum, og VIII. kafli laga nr. 39 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Aðrar breytingar en þær, er lúta að nauðsynlegri breytingu á yfirstjórn verðlagsmála, eru, eins og ég gat um, mjög smávægilegar, svo sem orðalagsbreytingar vegna breyttra aðstæðna. Í 8. gr. eru þó nýmæli um, að ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda á vörunni, skuli útsöluverð miðað við það verð, sem lagt hefur verið til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda. Hefur þótt vanta lagaheimild til þeirrar framkvæmdar, og er hér með úr því bætt. — Þá eru sektir samkvæmt ákvæðum 20. gr. hækkaðar nokkuð frá því, sem áður var.

Ég geri ráð fyrir því, að lítill ágreiningur verði um afgreiðslu þessa frv., enda hafa fjórir nm. skrifað undir nál. og mæla með samþykkt þess, þó að þeir að vísu áskilji sér rétt til að koma fram með eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Að svo stöddu leggur meiri hl. því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram nál. um þetta frv. á þskj. 499, og fylgir þar með ein brtt.

Það er hæstv. ríkisstj., sem ber þetta frv. fram. Það ber víst að skoða það sem einn þáttinn, einn af mörgum, í þeim ráðstöfunum stj., sem hún nefnir viðreisn. Samkv. frv. á opinber íhlutun um verðlag að haldast og eftirlit með verðlagi.

Mér þykir sennilegt, að þetta frv. hafi komið mörgum einkennilega fyrir sjónir, þegar það var lagt fram. Undanfarnar vikur og mánuði hefur ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar birt margar fagurorðaðar yfirlýsingar um verzlunarfrelsi hér á landi, yfirlýsingar um afnám hafta og frjálsræði á viðskiptasviðinu. Manni hefur skilizt, að frjáls samkeppni í viðskiptalífinu ætti að leysa ríkisafskiptin af hólmi. Stór orð hafa verið sögð og rituð um það, hvað þetta hefði mikla þýðingu til að bæta hag landsmanna.

Hinn 3. febr. í vetur var útbýtt hér í þd. frv. ríkisstj. um efnahagsmál. Í aths., sem því frv. fylgdu, var m. a. boðað, að gerðar yrðu viðtækar ráðstafanir í viðskiptamálum. Sagt var frá því, að stjórnin hefði tryggt landinu 20 millj. dollara lán hjá alþjóðastofnunum. Lánið kvaðst stjórnin ætla að nota til að koma verzluninni á heilbrigðan grundvöll, innleiða verzlunarfrelsi, en leysa höft af landsmönnum. Í aths. með þessu frv. segir svo á einum stað m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Höftin takmarka eðlilega samkeppni í innflutningsverzluninni og stuðla þannig beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur en ella mundi. Það er ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, hversu gagnlegt sem verðlagseftirlit annars kann að vera.“

Í málgögn ríkisstj. var mikið skrifað um komandi frelsisöld í sambandi við efnahagsmálafrv. ríkisstj.

Meiri hl. fjhn., fulltrúar stjórnarflokkanna þar, skiladi nál. um efnahagsmálafrv. 10. febr. Það er á þskj. 93. Í nál. skrifa þeir m. a. um stóraukið innflutningsfrelsi til þess að tryggja meiri samkeppni um verð og vöruval á markaðinum. Þannig lýstu þeir stefnu sinni 10. febr. í vetur. Aukið frelsi átti að tryggja mönnum meiri samkeppni verzlana, lægra vöruverð og meira vöruval, betri vörur, sem sagt betri þjónustu á viðskiptasviðinu. Þetta gátu menn ekki að þeirra dómi fengið, meðan höftin voru á verzluninni. Þau stuðluðu beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur, og það var ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, sögðu stjórnarflokkarnir.

Tíminn leið og það kom annað stjórnarfrv., sem var útbýtt hér 8. apríl í vor. Það var frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Og

þá var ekki sparað stóra letrið í blaðafrásögnum eða stóru orðin í ræðunum. Næsta dag, 9. apríl, mátti sjá stóra fyrirsögn á forsíðu Morgunblaðsins, aðalmálgagns stjórnarflokkanna. Þar stóð: „Ríkisstjórnin leggur fram frv. um viðskipta- og framkvæmdafrelsi.“ „Allt að 85—90% innflutningsins gefin frjáls.“ Þar segir enn fremur: „Frumvarp þetta markar stærsta sporið, sem stigið hefur verið á síðari árum til viðskipta- og framkvæmdafrelsis í landinu.“

Frv. fór að sjálfsögðu til fjhn. þessarar d., og nál. komu fram síðustu dagana í aprílmánuði. Í áliti sínu á þskj. 343 sagði meiri hl. n., þ. e. a. s. stjórnarstuðningsmennirnir: „Undirritaðir nm. telja, að verzlunarfrelsi það, sem stefnt er að með frv., muni verða alþjóð til hagsbóta“ o. s. frv. Og 28. dag aprílmánaðar var þetta frv. hér til 2. umr. Frsm. meiri hl. fjhn., hv. 6. landsk. (BK), flutti ræðu um málið allýtarlega. Hann sagði þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Takmark þessarar verzlunarpólitíkur er að gera okkur fært að vera öllum sem óháðastir í viðskiptum, að gera okkur kleift að kaupa nauðsynjar okkar í sem ríkustum mæli þar, sem þær eru beztar, ódýrastar og hentugastar, og með þeim hætti að verða aðilar að sem frjálsustum viðskiptaheimi.“

Og hann sagði enn fremur: „Við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. erum hins vegar þeirrar skoðunar, að góð lífskjör verði helzt tryggð með sem allra víðtækustu athafna- og verzlunarfrelsi. Nú er stefnt að verzlunarkerfi, sem hefur verið nefnt fríverzlunarkerfi.“

Hann sagði fleira, hv. 6. landsk., hann sagði: „Ef viðskiptin verða frjáls, þá getur samkeppnin ein, hæfnin ein, tryggt öryggi okkar.“ Og hann sagði í framhaldi af þessu: „Persónulega leyfi ég mér að láta í ljós þá skoðun, að hin 20 ára gömlu verðlagshöft hefðu að mínum dómi einnig mátt leggjast í þá sömu gröf, því að verzlunarhöft, fjárfestingarhöft, skömmtun og verðlagshöft eru að mínu viti allt meðlimir sömu Bakkabræðrafjölskyldunnar.“ En nál. meiri hl. á þskj. 493 sýnir, að hv. 6. landsk. þm. og aðrir stuðningsmenn ríkisstj. vilja þó tryggja, að ættin deyi ekki út.

Í Morgunblaðinu 30. apríl eru birtir aðalþættirnir úr hinni miklu ræðu frsm. meiri hl., hv. 6. landsk. þm., um þetta frv., sem blaðið kallar fríverzlunarfrumvarp ríkisstj. Yfirskrift blaðsins er með stóru letri þannig: „Í frjálsu þjóðfélagi er farsæld einstaklinganna bezt tryggð.“ Og á einum stað segir þar: „Frjálsa utanríkisverzlun kvað Birgir Kjaran enn fremur m. a. tryggja þjóðinni ódýrari vörur, betri vörur, meira vörumagn og aukið vöruval.“

Leiðari Morgunblaðsins sama dag er um ræðu Birgis, og hann ber yfirskriftina „Lífskjörin og frelsið.“ Þetta var 30. dag aprílmánaðar í vor.

Þetta mál ríkisstj., frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, var túlkað þannig, að það markaði tímamót í verzlunarsögu íslenzku þjóðarinnar. Það var ekkert minna. Það er ekkert undarlegt, þótt ýmsir menn, sem hafa fengizt við viðskiptastörf að undanförnu, gerðu sér vonir um aukið frelsi og bjartari framtíð eftir allar þessar skorinorðu yfirlýsingar stjórnarflokkanna um, að þeir væru að leysa höft af þjóðinni. Mönnum var sagt, að 85—90% af vöruinnflutningnum yrðu frjáls. Kaupsýslumenn gerðu sér eðlilega vonir um, að nú gætu þeir fengið að njóta krafta sinna og sýna, hvers þeir væru megnugir, óheftir af ríkisvaldinu. Þeir gerðu sér vonir um að geta nú sýnt í verki, hverju frjálsa samkeppnin gæti áorkað. Nú skyldu þeir reyna að tryggja þjóðinni ódýrari vörur, betri vörur, meira vörumagn og aukið vöruval, eins og hv. 6. landsk. hafði orðað það.

En svo kom krossmessuhretið. Hinn 13. maí er útbýtt stjórnarfrv. um verðlagsmál, sem hér liggur fyrir. Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna verðlagsnefnd og verðlagseftirlit, úr því að verzlunin á að verða frjáls? Þar sem verzlun og viðskipti eru frjáls og samkeppnin fær að njóta sín, er engin þörf fyrir slíka ríkisíhlutun um verðlagsmál. En þetta er víst samt einn af mörgum þáttum í viðreisnarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Vafalaust eru skýringar á þessu í aðalmálgagni stjórnarflokkanna, og ég lít í Morgunblaðið næsta dag, krossmessudaginn 14. maí. Nú, en hvernig má þetta vera? Það er ekki eitt orð á forsíðunni um þetta mál, eitt af viðreisnarfrumvörpum ríkisstj. Í stað þess má lesa á forsíðunni með stóru letri: „Kvennagullið Alí Khan dó í bílslysi.“ Ég fletti blaðinu við, það hlýtur þó að vera á fyrstu opnunni eitthvað um þetta viðreisnarmál. Nei, nei, fyrst á 8. síðu í Morgunblaðinu er smágrein, og þar er sagt frá þessu merka stjórnarfrumvarpi. Yfirskriftin á þeirri smágrein er „Skipulagsbreyting á stjórn verðlagsmála.“

En þó að lítið væri sagt frá málinu í Morgunblaðinu, hefur það fráleitt farið fram hjá mönnum, og þeir, sem lagt höfðu trúnað á það, að stjórnarflokkarnir ætluðu að standa við fyrirheitin um afnám hafta, frjálsa verzlun og bætt kjör landsmanna eftir þeim leiðum, urðu sem þrumu lostnir. Þeir sáu nú, að stjórnarflokkarnir trúðu ekki sjálfir á öll sín fagurmæli um frelsið í viðskiptalífinu. Það var ekki frjáls verzlun og samkeppni á því sviði, sem átti að gefa landsmönnum kost á ódýrari vörum og betri verzlunarþjónustu, tryggja þjóðinni betri viðskiptakjör, betri lífskjör, nei, það er þingkjörin nefnd fjögurra manna og einn ráðuneytisstjórinn í stjórnarráðinu.

Þetta stjórnarfrv. sýndi, að það var ekki ætlun stjórnarflokkanna að veita frelsi þrátt fyrir skrafið og skrifin um þá hluti. Það höfðu allt verið blekkingar. Ef það hefði verið ætlun þeirra, þá hefðu þeir ekki lagt fram þetta verðlagsmálafrv. sitt, því að þá var slík ríkisíhlutun um verðlagsmálin algerlega óþörf.

13. maí 1960 var óhappadagur, þá hrundu vonirnar um verzlunarfrelsið á Íslandi, þá ók bifreiðin á Alí Khan, og konurnar grétu sitt horfna gull.

Ríkisstj. ætlar að halda verðlagsafskiptunum

við. Frv. hennar, sem hér liggur fyrir, er um það. Samkvæmt því á að hafa hér eftirleiðis 5 manna verðlagsnefnd, fjórir nm. skulu kosnir hér í Alþ., og ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. á að vera á toppnum. Svo á ráðh. að skipa verðlagsstjóra, og svo á að vera sérstakur verðlagsdómur til að fjalla um brot á þessum lögum.

Það hafa áður komið fram á þessu þingi aðrar till. um skipan þessara mála. Þær er að finna á þskj. 162, í lagafrv. þeirra hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Þeir hafa lagt þar til, að verðlagsnefndin verði skipuð fulltrúum frá neytendum, þannig að Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipi hvert um sig einn mann í n., en Verzlunarráðið, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefni einnig hvert um sig í n., þannig að hún verði skipuð sex mönnum. Þeir leggja enn fremur til, að þegar er um að ræða verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar, skuli fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna taka sæti í n. í stað fulltrúans frá Stéttarsambandi bænda. Þeir leggja enn fremur til, að ef samkomulag næst ekki í þessari 6 manna n. um verðlagsákvarðanir, skuli ágreiningsatriðum skotið til fullnaðarúrskurðar undir þriggja manna yfirnefnd, sem sé þannig skipuð, að fulltrúar neytenda í sex manna nefndinni tilnefni einn nm., fulltrúar kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda í sömu n. tilnefni einn, en hæstiréttur oddamann.

Ég lít svo á, að meðan talin er þörf fyrir verðlagseftirlit, sé þetta eðlilegri skipan en sú, sem stungið er upp á í stjórnarfrv. Þetta fyrirkomulag, sem þeir hafa lagt til að tekið yrði upp, hv. 7. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykn., er mjög hliðstætt því, sem gilt hefur nú mikið á annan áratug um verðlagningu landbúnaðarvara, og það hefur gefizt þannig, að ekki eru horfur á, að frá því verði horfið.

Ég legg því til í brtt. minni á þskj. 499, að 1. gr. verði orðuð um og hún verði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefni hvert um sig einn mann í verðlagsnefnd, er fer með verðlagsákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Þegar um verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar er að ræða, skal fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna taka sæti í n. í stað fulltrúa Stéttarsambands bænda. Náist ekki samkomulag með öllum nm. um verðlagningu, skal vísa ágreiningi til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúa neytenda í sex manna nefndinni, öðrum tilnefndum af fulltrúum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda og þeim þriðja tilnefndum af hæstarétti. Yfirnefndin fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) lét orð liggja að því, að flutningur þessa frv. bæri vitni um, að ríkisstj. hefði sjálf ekki mikla trú á fyrirætlunum sínum um að auka mjög verulega frelsi í innflutningsmálum. Það er þó að sjálfsögðu alger misskilningur, að ekki geti farið saman tiltölulega mjög frjáls innflutningur til lands og eftirlit með verðlagi innanlands, og ætti ég raunar ekki að þurfa að fara mjög mörgum orðum um það. En að gefnu þessu tilefni hv. þm. vildi ég aðeins minna á, að einmitt nú er meiningin að haga þessum málum öðruvísi, að fara öðruvísi að ráði sínu en gert var undir mjög svipuðum kringumstæðum, þegar Framsfl. átti aðild að ríkisstj., eða á árunum 1950—1951.

Í kjölfar gengisbreytingarinnar, sem gerð var 1950, var gerð tilraun til þess að auka mjög verulega frelsi í innflutningi, tilraun, sem því miður mistókst. Ein af ástæðunum fyrir því, að hún mistókst, var einmitt sú, að þá var um leið stigið það mikla víxlspor að afnema nær alveg allt eftirlit með verðlagi innanlands, og hafði það hinar alvarlegustu og hörmulegustu afleiðingar. Hv. Framsfl. stóð á sínum tíma að því, að þetta mikla víxlspor væri stigið. Það víti, sem þá kom í ljós, mun nú verða til varnaðar, og hæstv. ríkisstj. vill ekki stuðla að því, að nú fari eins og þá, með því að létta öllum hömlum af verðlagningu innanlands. Þess vegna er ríkisstj. sammála um, að verðlagseftirliti skuli haldið, meðan ástand er í grundvallaratriðum óbreytt hér á Íslandi frá því, sem nú er. Hún vill ekki eiga á hættu, að neitt líkt gerist og gerðist með góðu samþykki Framsfl. á árinu 1951 og á næstu árum þar á eftir. Þetta raskar að sjálfsögðu í engu þeirri meginstefnu núv. ríkisstj. að hafa innflutning til landsins sem frjálsastan. Hún vill ekki umsvifalaust treysta því, að samkeppni í landinu verði svo mikil, að unnt sé að komast af án alls verðlagseftirlits eða án allra verðlagsákvæða. Ein af ástæðunum fyrir því, að slíku er ekki unnt að treysta, er sú, að samvinnuhreyfingin hér á Íslandi hefur ekki reynzt sá samkeppnisaðili gagnvart kaupmönnum sem æskilegt hefði verið. Er mjög vandalítið að færa rök fyrir því, ef tilefni gefst til. En meðan samvinnuhreyfingin á neytendasviðinu gegnir ekki því sjálfsagða hlutverki sínu að halda uppi strangri samkeppni hér innanlands, getur ríkisvaldið ekki látið sig verðlagsmálin engu skipta, og þá hlýtur það að telja skyldu sína að sjá til þess, að verðlagsákvæði séu í gildi og að þeim ákvæðum sé framfylgt með verðlagseftirliti.

Annars var erindi mitt í ræðustólinn ekki það að flytja fram andmæli gegn þessum almennu bollaleggingum hv. 1. þm. Norðurl. v., heldur að láta í ljós nokkra undrun mína yfir þeirri brtt., sem hann sem minni hl. hv. fjhn. hefur flutt við 1. gr. frv. Það hefur, það sem af er þessu þingi, verið helzta ádeiluefni hv. Framsfl. á ríkisstj., að hún gætti ekki sparnaðar í nægilega ríkum mæli, að hún hafi reynzt of treg

til þess að sýna sparnaðarvilja sinn í verki. Með hliðsjón af þessu hefði maður mátt búast við því, að eina brtt. hv. Framsfl. við þetta frv. yrði um eitthvað annað en að auka kostnað við verðlagseftirlitið. Um það getur enginn ágreiningur verið, að nauðsynlegt er að fela einhverjum nýjum aðila yfirstjórn verðlagsmálanna, þegar innflutningsskrifstofan er lögð niður. Ríkisstj. valdi þann kost að búa hér um á sem brotaminnstan og einfaldastan hátt og ódýrastan með því að láta Alþingi kjósa 4 menn til þess að bera ábyrgð á yfirstjórn verðlagsmálanna með þeim hætti, að allir flokkar þingsins munu fá fulltrúa í slíka nefnd, en hún yrði síðan undir forustu ráðuneytisstjórans í viðskmrn. sem hlutlauss embættismanns. Ég hygg, að ógerningur sé að benda á nokkra tilhögun, sem líkleg sé til þess að vera ódýrari í framkvæmd en einmitt þessi, jafnframt því sem enginn aðili, sem þarna getur talizt átt réttmætra hagsmuna að gæta, er sniðgenginn. En svo undarlega bregður nú við, að Framsfl. þykir hér of sparlega á haldið og hann leggur fram till. um það, að yfirstjórn verðlagsmálanna skuli ekki vera í höndum 5 manna, heldur 10 manna: 6 manna fastrar nefndar, og skuli þeir tilnefndir af ýmsum samtökum og skuli einn víkja sæti undir vissum kringumstæðum og þá sá sjöundi taka sæti hans. En þessir 7 menn duga ekki til að leysa málið endanlega. Ef ágreiningur er milli þeirra, skulu 3 aðrir menn koma til skjalanna og fella fullnaðarúrskurð um ágreiningsefnið. M. ö. o.: 10 menn skulu hafa yfirstjórn verðlagsmálanna með höndum, og má þá geta nærri, að ekki er annað líklegt en kostnaðurinn verði nákvæmlega helmingi meiri en ríkisstj. hefur gert ráð fyrir með þeirri skipan, sem hún hefur lagt til að hafa á þessum málum.

Þessa till. hv. þm. tel ég óskynsamlega, fyrst og fremst af því, að hún með alveg ónauðsynlegum hætti tvöfaldar kostnað við yfirstjórn verðlagsmálanna, og vildi ég því mælast til þess við hv. d., að þessi till. verði felld.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. segir, að það muni verða aukinn kostnaður við þessi mál, ef brtt. mín verði samþykkt. Þetta eru fullyrðingar, sem ég held að fái ekki staðizt. Ráðherra talar um 10 menn. Ég hef hingað til litið svo á, að 6 og 3 væru 9. Að vísu er gert ráð fyrir í till., að í sumum tilfellum gæti komið inn annar maður í staðinn fyrir einn af þessum sex, en þeir verða þó aldrei fleiri en 6 í aðalnefndinni, og í yfirnefndinni eru bara 3. Og það er fjarri lagi, að það sé hægt að gera ráð fyrir því, að kostnaður yrði helmingi meiri. Ég efast um, að hann verði nokkurn hlut meiri, þótt þetta fyrirkomulag yrði upp tekið. En hitt er líka stórt atriði og í raun og veru aðalatriðið, að á meðan þessu er haldið uppi á annað borð, þessari íhlutun ríkisins, þá verði henni þannig fyrir komið, að hún verði sem þolanlegust fyrir alla þá, sem við það eiga að búa. Og ég tel miklar líkur fyrir því, að þetta verði betur framkvæmt, ef það verður falið þessum fulltrúum, sem ég legg til að verði skipaðir í þessa verðlagsnefnd. Eins og ég gat um, hefur það reynzt vel að fela fulltrúum neytenda og framleiðenda að fara með verðlagsmál landbúnaðarins, og þó að þar sé í lögum ákvæði um yfirnefnd, er ákaflega lítið um það, að til hennar hafi þurft að grípa, málin hafa verið leyst yfirleitt með samkomulagi í sex manna nefndinni. Og ég tel ástæðu til að ætla, ef þetta fyrirkomulag yrði upp tekið við verðlagningu á öðrum vörum, að þá geti tekizt þarna gott samstarf með fulltrúum neytenda og þeirra, sem fást við það að útvega landsmönnum vörur, — geti komizt á gott samstarf um að koma þarna á sanngjörnum verðlagsákvæðum og halda þeim.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki hægt að treysta því, að samkeppnin verði nógu mikil til þess, að hægt sé að afnema verðlagseftirlitið. Já, mér kom þetta ekkert á óvart hjá honum. Eins og ég sagði áður, ætlar ríkisstj. alls ekki að koma á því verzlunarfrelsi, sem hún hefur verið að prédika um undanfarið, og þá verður náttúrlega samkeppnin ekki nógu mikil. Hann talar um það, að ef samvinnuhreyfingin haldi ekki uppi nægilegri samkeppni við kaupmenn, þurfi ríkisvaldið að halda uppi íhlutun um þessi mál. Vissulega er það svo, að samvinnufélögin geta vel tryggt heilbrigt verðlag í landinu og haldið uppi samkeppni við aðra, ef þau fá að njóta sín, ef það er viðskiptafrelsi í landinu og þeim er gert fært að kaupa inn vörur fyrir félagsmenn sína og aðra, sem vilja við þau skipta. En þessu verður ekki til að dreifa. Það eiga að vera hér höft áfram, og þess vegna er stjórnin að burðast með þetta frv. sitt um verðlagsmál. Og meðan svo er, meðan ekki er frjáls verzlun, er vitanlega ekki hægt að treysta hinni frjálsu samkeppni, það er rétt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er eingöngu vegna þess, að mér þykir rétt, að það liggi ljóst fyrir, að trú manna á verðlagseftirliti innan ríkisstj. er nokkuð misjöfn, að ég hef kvatt mér hljóðs til þess að undirstrika þetta og ekkert annað.

Það hefur margt verið sagt hér, sem væri ákaflega skemmtilegt yrkisefni, en ég hygg nú, að ef við í stjórninni hefðum lagt í vana okkar að mótmæla, þegar mótmæla þarf, og mótmæla allir í staðinn fyrir að láta einn gera það, þá hefðu umræður dregizt nokkuð á langinn umfram það, sem gerzt hefur, og er þó nóg. Ég læt þess vegna nægja aðeins að segja þetta: Enda þótt það sé sameiginlegur vilji ríkisstj., miðað við það ástand, sem er í dag, að verðlagseftirlitið verði, þá er það engan veginn af því, að við allir höfum sömu óbilandi trú á ágæti verðlagseftirlitsins.

ATKVGR.
Brtt. 499 felld með 17:7 atkv.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 453, 506).

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að gera hér fsp. til hæstv. viðskmrh. vegna ákvæða í þessu frv., og svo ákvæða, sem eru í lögum þeim um efnahagsmál, sem voru sett á í febrúarmánuði s. l. En ég sé, að hæstv. viðskmrh. er hér ekki staddur, og vildi þess vegna beina því til hæstv. forseta, hvort það væri ekki hægt að fá málinu frestað þangað til ráðherrann væri viðstaddur.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mig langaði til þess að beina einni fsp. til hæstv. viðskmrh. í sambandi við ákvæði, sem er í þessu frv., og svo annað ákvæði, sem er í lögunum um efnahagsmál, sem voru samþ. hér í febrúarmánuði s. l. Í lögunum um efnahagsmál, 27. gr. þeirra, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku þessara laga setja nýjar reglur um álagningu í heildsölu og smásölu á innfluttum vörum, er miðist við það, að álagningin í krónum hækki ekki nema sem svarar beinni hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna."

Samkvæmt þessu lagaákvæði virðist það vera í gildi nú, að álagning megi ekki vera hærri en hún var, þegar lög um efnahagsmál tóku gildi, að þó viðbættri þeirri hækkun, sem leiðir beint af hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða laganna, en við það sé álagningin fastbundin. Í því frv., sem hér liggur fyrir, í 3. gr. þess, segir hins vegar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur."

Mér sýnist, að ef þessi regla er tekin upp og hún verður í lögum, sem eru sett seinna en efnahagsmálalögin, þá muni hún verða sú, sem verðlagsyfirvöldin nýju eigi að fara eftir, þ. e. a. s. þau eigi eingöngu að binda sig við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur, en séu þá ekki lengur bundin af þeim ákvæðum, sem nú eru í 27. gr. efnahagsmálalaganna. Það, sem ég vil spyrja hæstv. viðskmrh. um, er, hvort þessi skilningur minn sé ekki réttur, að ef árekstur verður á milli þeirra ákvæða, sem eru í væntanlegri löggjöf um verðlagsmál samkvæmt þessu frv., og þeirra ákvæða, sem eru nú í efnahagsmálalöggjöfinni, þá verði það ákvæði hinna nýju verðlagslaga, sem komi til með að gilda, þ. e. að verðlagsákvarðanir verði fyrst og fremst miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur, en verði hins vegar ekki bundnar af þeim ákvæðum, sem nú er að finna í efnahagsmálalöggjöfinni.

Ég hef í sambandi við frv. lagt fram brtt., sem ég þarf ekki að mæla fyrir mörgum orðum. Hún er um það, að í stað orðanna í 1. gr. frv., að formaður hennar, þ. e. verðlagsnefndar, skuli vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., komi, að formaður verðlagsnefndarinnar skuli skipaður af ríkisstj. eftir tilnefningu hæstaréttar. Ég held, að það sé mjög óheppilegt fyrirkomulag að gera ráðuneytisstjóra, sem á að vera hlutlaus og óumdeildur embættismaður, að oddamanni í dómstóli, sem getur þurft að fjalla um mjög viðkvæm deiluefni, og þess vegna sé heppilegt að fela öðrum aðila að fara með þetta oddavald. Og ég hygg, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, neytendur annars vegar og svo verzlanir hins vegar eða vinnuveitendur, mundu bezt geta sætt sig við það, að slíkur oddamaður væri tilnefndur af hæstarétti. Ég held, að þetta sé svo augljóst mál, að óþarft sé að fara fleiri orðum um það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Skilningur sá, sem hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) lýsti á 27. gr. laga um efnahagsmál og ákvæðum 3. gr. þessa frv. um verðlagsmál, er réttur og er í samræmi við þann skilning, sem ríkisstj. leggur í þessar greinar. Ákvæðin í 27. gr. efnahagsmálalaganna höfðu þýðingu fyrir þá breytingu, sem nauðsynlegt var að gera á verðlagsákvæðum í beinu framhaldi af gengisbreytingunni. Ákvæðin í 27. gr. voru eins konar leiðarvísir til verðlagsyfirvalda um, hvernig þau skyldu haga þeim. Í fyrsta lagi voru það fyrirmæli um að setja ný verðlagsákvæði, setja nýjar hlutfallstölur um hámarksálagningu, og í greininni fólst vísbending um, hvernig þessi nýju hámarksákvæði skyldu sett. En það var frá upphafi til þess ætlazt, að þessi gr., 27. gr., gilti eingöngu um þá endurskoðun verðlagsákvæða, sem fara skyldi fram þegar eftir gildistöku laganna, en byndi á engan hátt hendur verðlagsyfirvalda áfram. Þess vegna er sjálfsagt, að þegar þetta frv. hefur verið samþ., ef svo fer, þá felast þær reglur, sem verðlagsyfirvöld eiga að starfa eftir, í 3. gr. frv., þar sem svo er kveðið á, að verðlagsákvarðanir allar skuli miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Þetta er einnig skoðun forstjóra innflutningsskrifstofunnar, sem nú fara með verðlagsmál, og eftir þessu telur ríkisstj., að væntanleg verðlagsnefnd eigi að starfa.

ATKVGR.
Brtt. 506 felld með 17:9 atkv.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, EinS, JR, MÁM, ÓTh, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, EI, EOl, EmJ, GíslG, GuðlG, GÍG, JPálm, GJóh, GÞG, JóhH.

BjörgJ, HS, JSk, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EystJ, IG greiddu ekki atkv.

9 þm. (HV, KGuðj, ÁS, PS, RH, BBen, EðS, GeirG, SB) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., 25. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkvæmt nýsamþykktum lögum um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála er gert ráð fyrir því, að innflutningsskrifstofan hætti störfum, þegar reglugerð samkvæmt þeim lögum verður gefin út. Eins og ég tók fram við 3. umr. þess máls í þessari hv. d., er ráð fyrir því gert, að reglugerð samkvæmt lögum um gjaldeyris- og innflutningsmál taki gildi 1. júní n.k., og mun þá innflutningsskrifstofan hætta störfum. Samkvæmt lögum, sem áður giltu um gjaldeyris- og innflutningsmál og verðlagsmál, fóru forstjórar innflutningsskrifstofunnar með verðlagsákvörðunarvald. Er því augljóst, að nauðsyn ber til þess að gera nýja skipan á þeim málum, kveða á um það með nýrri lagasetningu, hvaða aðili skuli fara með verðlagsákvörðunarvaldið.

Það er höfuðtilgangur þessa frv. að koma á laggirnar aðila, sem hafa skuli með höndum verðlagsákvörðunarvald. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að með verðlagsákvarðanir fari 5 manna nefnd, verðlagsnefnd, og skuli formaður hennar vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., en hinir 4 nm. skuli kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ., er lög þessi hafa tekið gildi, og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Ber því nauðsyn til þess, að Alþ. taki afstöðu til þessa frv. fyrir 1. júní n. k. og að n. verði kosin samkvæmt því, ef það nær fram að ganga.

Þetta er megintilgangur frv. Að öðru leyti eru ákvæði þess í öllum aðalatriðum samhljóða gildandi ákvæðum um verðlagsmál, sem í meginatriðum hafa verið í gildi allar götur síðan 1943, þegar í fyrsta skipti voru sett mjög ýtarleg ákvæði um verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit. Nokkrar smávægilegar breytingar eru þó gerðar á atriðum, sem frekar verða þó að teljast leiðréttingar en efnisbreytingar, og skal ég víkja að þeim með örfáum orðum.

Það eru felld niður ákvæði núgildandi laga um skyldur verðlagsstjóra til þess að vekja athygli innflutningsyfirvalda á því, ef innflutt vara er seld á mismunandi verði, og um skyldu hans til að gera samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkrar og erlendrar iðnaðarvöru. Ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur talið rétt að fella þessi ákvæði niður, er sú, að þau hafa aldrei verið framkvæmd, hafa ekki verið talin hafa raunhæfa þýðingu og munu hafa enn minni þýðingu eftir en áður, þegar innflutningur hefur verið gerður frjálsari en áður var, svo sem nú er tilætlunin.

Þá er í 4. gr. þessa frv. gert ráð fyrir því, að verðlagsstjóra megi heimila að taka verðlagsákvarðanir að meira eða minna leyti í umboði verðlagsnefndar. Í gildandi lögum tekur slík heimild hins vegar aðeins til trúnaðarmanna verðlagsyfirvalda, en þetta orðalag er arfur frá fyrra fyrirkomulagi og nauðsynlegt, að hægt sé að fela verðlagsstjóra slíka heimild í umboði verðlagsnefndar sjálfrar, enda hefur þetta í reynd verið falið honum, þó að gildandi lagabókstafur geri strangt tekið ekki ráð fyrir því.

Þá eru í gildandi lögum ákvæði um heimild til þess að birta nöfn þeirra, sem gera sig seka um óhóflega álagningu á vörur, sem engin verðlagsákvæði gilda um. Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt. Gert er ráð fyrir því í gildandi lögum, að ráðh. setji reglur um það, hvað teljast skuli óhófleg álagning á vörur, sem engin verðlagsákvæði gilda um. Slíkar reglur hafa aldrei verið settar, og hafa þó margir menn farið með viðskiptamál, síðan þessi lagaákvæði fyrst tóku gildi. Þau eru í raun og veru leifar eldra fyrirkomulags í stjórn verðlagsmála, þau eru leifar þess fyrirkomulags, þegar verðlagsákvæði tóku til fjarri því allra vörutegunda, og var þá hugmynd löggjafans að reyna að hafa hemil á hinu svokallaða frjálsa verðlagi með því að veita verðlagsstjóra heimild til þess að birta nöfn þeirra, sem gerðust sekir um svonefnda óhóflega álagningu, þó að verðlagsákvæðin giltu ekki. En reynslan hefur sýnt, að bæði viðskmrn. og verðlagsyfirvöldum og verðlagsstjóra hefur ekki þótt fært að draga þar skýr mörk, hvað skuli teljast hófleg álagning, ef verðlagsákvæði gilda ekki, og þess vegna hefur ákvæðum þessum aldrei verið framfylgt. Samkvæmt gildandi lögum og þessu frv., ef að lögum verður, er verðlagsyfirvöldum og heimilt að setja verðlagsákvæði á hvaða vöru og þjónustu sem er, og gerir það slík ákvæði sem þessi auðvitað algerlega ónauðsynleg. Þess vegna er lagt til, að þau falli niður.

Þá er í 8. gr. þessa frv. ákvæði um, að útsöluverð vöru skuli miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda, ef það verð er lægra en greinir í innkaupsreikningi vegna galla eða skemmda. Þetta virðist vera eðlileg framkvæmd, þó að hún hafi ekki stoð í lögum. En einmitt sú staðreynd, að þessi framkvæmd hefur ekki stoð í lögum, hefur orðið til þess, að hæstaréttardómur hefur fallið, sem hefur staðfest verðlagsákvörðun á grundvelli innkaupsreiknings, þó að raunverulegt innkaupsverð hafi reynzt lægra og tillit verið tekið til þess við ákvörðun aðflutningsgjalda. Það virðist því vera alveg nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta í lögum, þannig að verðlagsyfirvöldum sé heimilað að miða útsöluverðið við

hið raunverulega innflutningsverð, sem aðflutningsgjöld eru miðuð við, en það geti ekki komið fyrir aftur eða enn einu sinni, að útsöluverð sé miðað við reikningsverð erlendis frá, þó að innflutningsyfirvöld hafi byggt innheimtu aðflutningsgjalda á lægra verði vegna galla eða skemmda, sem í ljós hafa komið.

Þá er í þessu frv. kveðið svo á, að meðdómendur í verðlagsdómi skuli skipa til þriggja ára í stað eins árs nú, og er það mál allra, sem til þekkja, að það væri til bóta. Ástæðulaust er að hafa slíkar tilnefningar árlega.

Og að síðustu eru sektir hækkaðar frá ákvæðum gildandi laga með tilliti til þeirrar rýrnunar á verðgildi peninga, sem átt hefur sér stað, síðan gildandi lög voru síðast sett.

Ég vona, að hv. þdm. séu á einu máli um, að þessar breyt. allar saman séu nánast leiðréttingar og gefi ekki tilefni til umræðna eða deilna, og að öðru leyti en að því er snertir yfirstjórn verðlagsmálanna sjálfra, verðlagsákvörðunarvaldið, er frv. alveg í samræmi við gildandi lög.

Í hv. Nd. kom fram nokkur ágreiningur um 1. gr., þ. e. a. s. um skipun verðlagsnefndarinnar. Af hálfu minni hl. í fjhn. kom fram till. um að hafa skipan n. með nokkuð öðrum hætti, en þrír flokkar í hv. fjhn. studdu þá skipan, sem gert er ráð fyrir í 1. gr.

Með tilliti til þess, sem ég sagði í upphafi, vil ég leyfa mér að óska þess við hv. fjhn. og hv. þd., að þær hraði afgreiðslu málsins, þannig að þd. hafi tekið afstöðu til þess svo snemma fyrir 1. júní, að Sþ. gefist tækifæri til þess að kjósa þá n., sem 1. gr. gerir ráð fyrir, ef frv. verður að lögum.

Að svo mæltu vil ég mega óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 529 og 552).

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og sjá má hér á þskj., átti ég nokkra aðild að nál. meiri hl. fjhn. um verðlagsmál, þ. e. a. s. áður en það tók mjög stórvægilegri breyt., sem meiri hl. n. hefur nú samþ. að flytja. Þessi breyt. er það stórvægileg, að hún mun leiða til þess að mínum dómi, að ég sé mér ekki fært að eiga neina aðild að þessu nál. og vildi þess vegna fara þess á leit, að málinu yrði frestað nú, þannig að mér gæfist tækifæri til að skila séráliti.

Forseti (SÓÓ): Það hefur komið fram ósk um, að þessu máli yrði frestað núna, til þess að hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) gæfist færi á að gefa út sérstakt nál. Ég vil verða við þessari ósk hv. þm., en óska sérstaklega eftir því, að nál. verði tilbúið það fljótt, að hægt verði að taka málið á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., 31. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 453, n. 529, 552 og 568).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um verðlagsmál eða nánar tilgreint um verðlagsákvarðanir, verðgæzlu og verðlagsdóm. Frv. þetta hefur ekki í för með sér neinar verulegar breytingar frá gildandi löggjöf.

Ástæðurnar til þess, að frv. er flutt, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi, að þar sem innflutningsskrifstofan hefur nú verið lögð niður, en hún fór m. a. með yfirstjórn verðlagsmála, þarf að fela nýjum aðila vald til að fara með verðlagsákvarðanir. Í öðru lagi voru ákvæðin um verðlagsmál orðin nokkuð dreifð í löggjöfinni og því sjálfsagt að nota tækifærið til þess að safna þeim saman á ný í heildarlög.

Af öðrum breyt. má nefna, að sektir við verðlagsbrotum verða hækkaðar með tilliti til þeirrar rýrnunar á peningaverðmæti, sem átt hefur sér stað frá því að eldri lög voru sett um þetta efni.

Um aðrar breyt. læt ég nægja að vísa til aths. um frv., þar sem gerð er grein fyrir þeim.

Fjhn. hefur fjallað um þetta frv. á tveimur fundum, og er meiri hl. nm. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem fylgir nál. meiri hl. á þskj. 552. Með frv. er fimm manna n. falið ákvörðunarvald um verðlag, og skulu 4 kosnir af Alþ., en hinn 5., sem er formaður n., skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Með þessu er tekið upp nýtt fyrirkomulag, sem eykur vald Alþ. á þessu sviði, en dregur úr valdi ríkisstj. eða ráðh., því að samkv. eldri lögum hefur það aldrei verið, að því er ég bezt veit, þingkjörin n., sem hefur fengið þetta vald í hendur.

Meiri hl. n. vill gera á þessu lítils háttar breyt. með því að fjölga hinum þingkjörnu nm. úr 4 í 5, en atkv. formanns skeri úr, ef atkv. verða jöfn. Með þessari breyt. kemur þingvilji skýrar í ljós, og meiri hl. Alþ. fær þá sjálfsagt meiri hl. hinna þingkjörnu fulltrúa. Jafnframt er tryggt mun betur en áður, að allir þingflokkar geti átt þar fulltrúa, en það er einmitt heppilegt, að sem flest sjónarmið fái notið sín, þar sem um þýðingarmiklar ákvarðanir er að ræða.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. mínu á þskj. 529, tel ég rétt að láta afskiptalaust það frv., sem hér liggur fyrir. Frumvarpið sannar það, að hv. stjórnarflokkar trúa ekki á prédikanir sínar um aukið verzlunarfrelsi eða afnám hafta, og þeir um það. Fyrir aðra er svo aftur að draga af því ályktanir í afstöðu til flokkanna.

Frv. er nánast um tilfærslu valds. Það virðist nú vera íþrótt þessara flokka, sem þeir meta einna mest, að leggja niður nefnd til þess að stofna jafnharðan aðra nefnd. Hér á

að leggja niður nefnd til að auka frelsið, en stofna jafnharðan aðra til að sjá um, að frelsið aukist ekki. Þetta er nú grikkur að þessara rauma geði. Ég man ekki betur en Sjálfstfl. hafi lagt á það mikla áherzlu við ýmis tækifæri, að verðlagseftirlit væri heldur fávíslegt og kostnaðarsamt og leiðinlegt, en nú virðist hann ómögulega vilja missa það. Hvernig hann réttlætir það gagnvart sínum mönnum, sem ýmsir hverjir vilja sjálfsagt ekkert verðlagseftirlit, skiptir ekki miklu máli. Máske segir hann þeim, að hann hafi neyðzt til að gera þetta vegna Alþfl., það er náttúrlega ekki mikil fórn kannske. En hvað segir svo Alþfl. sínum mönnum, þegar í ljós kemur, að eftirlitið gerir sáralítið gagn? Segir hann máske, að það sé Sjálfstfl. að kenna? Ja, þeir um það.

Verðlagseftirlit var upphaflega sett í góðum tilgangi, í þeirri trú, að með því væri hægt að vernda almenning gegn verzlunarokri, gegn því, að vörur væru seldar hærra verði en eðlilegt væri. Reynslan hefur sýnt það, að þó að þetta væri gert í góðri trú, hefur það ekki komið nema að litlu haldi, og það er vegna þess, að þeir, sem við var að eiga og venjulega vilja nota sér að okra á verzlun, komast með einhverjum ráðum fram hjá verðlagseftirlitinu, ef þeir eru á annað borð nokkrir refir. En það er samt einhver trú á því enn, að þetta sé til bóta. Ég get þó tæplega trúað því, að þeir flokkar, sem beita sér fyrir þessu hér á Alþ., hafi mikla trú á því. Samt vil ég ekki verða til þess að greiða atkv. á móti því, að þeir menn fái einhverja huggun, eitthvert traust af svona löggjöf. Sannarlega veitir mönnum ekki af slíku í þeirri ofsaverðbólgutíð, sem nú er stofnað til og hér geisar vaxandi dag frá degi.

Við samvinnumenn höfum enga ástæðu til þess að leggja nokkuð upp úr verðlagseftirliti. Við teljum, að kaupfélögin séu okkur trygging fyrir réttu verði á þeim vörum, sem við þar kaupum, og viljum helzt kaupa þar, en ekki annars staðar. Fái þau nægilegar vörur handa okkur, þá er þeim málum borgið frá mínu sjónarmiði.

Annars er þetta frv. eins og nokkuð margh liða dæmi um starfsemi núv. stjórnarflokka, að færa til vald, að flytja prédikanir um umbætur, sem svo, þegar til kemur, ekkert verður úr. Sá háttur hjá stjórnarflokkunum, sem komið hefur fram í vetur, byrjaði með hrókaræðu um afnám hafta og sparnað í rekstri ríkisbáknsins, virðist nú ætla að enda og hefur farið fram í raun og veru eins og Hannes Hafstein lýsir gosinu úr hvernum, þar sem „hver bunan annarri hratt, unz máttlaust, sífrandi sogavatn í sömu holuna datt.“ Það má segja, að með þessu frv. detti kenningarnar um afnám hafta og gildi þess í sömu holuna.

En þó að ég ætli mér ekki að greiða atkv. á móti þessu frv., þá er hér komin fram brtt. frá meiri hl. fjhn., sem mér finnst engin ástæða til að greiða atkv. með. Mér finnst, að eiginlega sé skylt að greiða atkv. á móti henni. Þar virðist enn eitt dæmi um, að hver bunan hrindi annarri hjá þessum flokkum. Verðlagsnefndarmennirnir eiga samkv. frv. að vera 5, og hvers vegna er það ekki nóg út af fyrir sig, með því að skipun n. er á þá leið, sem þar er til lagt? Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta væri gert til þess, að þingviljinn gæti notið sín betur, að hafa hina þingkjörnu nm. 5. En hvers vegna er þá verið að leggja þann sjötta í ofanálag? Ég held, að það hefði þá mátt hafa það fyrirkomulag, ef þingviljinn er þarna hafður sérstaklega í heiðri, að láta formanninn vera skipaðan af hlutaðeigandi ráðh., og hvers vegna þá að vera að setja út á það sérstaklega í hv. Nd., þegar till. kom fram um það að skipa n. á annan hátt og bæta við, til þess að það skipulag nyti sín, sjötta manninum? Þá skilst mér, að gildasta mótástæðan hafi verið sú, að það væri bruðl að vera að hafa 6 menn í n. Hvers vegna þessi hughvörf? Hvaða buna er það nú, sem hrindir hinni þarna?

Ég trúi ekki, að þetta sé ástæðan, sem hv. frsm. n. nefndi. Hún hlýtur að vera einhver önnur, og það væri mjög æskilegt að fá hana fram. Einhver frétt flaug fyrir um það, að þetta kynni að stafa af því, að ráðuneytisstjórinn væri ófús að vera beinn oddamaður í n. Hvers vegna þá ekki að létta því af ráðuneytisstjóranum og fara að till. þeirri, sem kom fram í Nd., að láta hæstarétt skipa manninn og fá þannig einn utan pólitíkurinnar til að vera oddamann í n.? Máske er ekki flugufótur fyrir þessari fregn, en máske er það ástæðan, að nú sé hugmyndin að fara að auka atvinnu. Þarna er starf, nýtt starf, sem er að vísu ofur lítið í bága við kenninguna um, að það eigi að draga úr kostnaði við ríkisbáknið. En hver bunan hefur nú hrundið annarri í þessu sambandi, önnur eins málefni hafa dottið í sömu holuna. Mér finnst fjarstæða að flytja hér á síðasta stigi till. um að fjölga mönnum. Það er í algeru ósamræmi við það, sem stjórnin hefur talið stefnu sinu, að öllu leyti ósamræmi.

Það kann að vera, að þetta sé í samræmi við starfsemi þá, sem maður hefur kynnzt af hálfu ríkisstj., en það er sú starfsemi, sem ég vil ekki viðurkenna og ég vil skora á ríkisstj. að láta nú smátt og smátt af. Við, sem erum í fjhn., fengum orðsendingu um það, að fjhn. væri beðin að flytja þessa till. Þá fylgdi engin grg. um það, hvers vegna ætti að flytja till., stjórnin óskaði þess. Það var bókað af meiri hl. á fundinum að flytja till., þó að ég hyggi, að það sé áreiðanlegt, að hann vissi ekki, hvers vegna stjórnin vildi láta flytja hana. Þetta kallar maður nú góðan stuðning. Þetta kalla ég fyrir mitt leyti of góðan stuðning. Og ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. ríkisstj. hafa hér allt of góðan stuðning, þegar svo langt gengur, að till. eru fluttar fyrir hana í blindni. Og mér

finnst ég hafa nokkurn rétt til þess, af því að ég er í fjhn., að biðja um betri upplýsingar en komu fram hjá hv. frsm. nefndarinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það má segja, að þetta frv., eins og það var flutt hér inn á hv. Alþ. af hæstv. ríkisstj., hafi verið bein afleiðing, eðlileg afleiðing og raunar óhjákvæmileg afleiðing af þeirri breyttu skipan mála, að innflutningsskrifstofan hefur verið lögð niður og þar með felld úr gildi þau ákvæði, sem verið hafa um yfirstjórn verðlagsmálanna. Þetta nýja frv. fól aðeins í sér fremur óverulegar breytingar frá eldri lögum, eins og hér hefur komið fram, um framkvæmd verðlagsmálanna, og öllum eldri lagaákvæðum um þau var safnað í eitt. Sú var ein breyt., sem máli skipti, að sérstök verðlagsnefnd, 5 manna, skyldi kosin, 4 kosnir af Alþ., eins og áður var um forstjóra innflutningsskrifstofunnar, og formaður hennar yrði ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Það mátti segja, að formennska hans og atkv. í svo skipaðri n. væri ekki óeðlileg, miðað við það, sem áður hefði verið, þar sem um leið var afnumið úrskurðarvald ríkisstj. í ágreiningsmálum, sem kynnu að rísa í yfirstjórn verðlagseftirlitsins, en í staðinn ákveðið, að afl atkv. innan n. skyldi nú verða látið ráða í öllum tilvikum. Með þessum hætti mátti líka heita tryggt, a. m. k. við núverandi aðstæður, að atkv. allra nm. yrðu jöfn á metunum og þingflokkarnir, hvort sem þeir væru tveir eða þrír saman, sem hefðu sameiginlegan meiri hl. á Alþ., réðu líka ákvörðunum um verðlagsnefnd. Þannig var þetta frv., þegar fjhn. þessarar hv. d. tók afstöðu til þess á fundi sínum 25. þ. m. og ég tjáði mig meðmæltan því í aðalatriðum og taldi mig geta staðið að nál. meiri hl. Síðan ber það til tíðinda, að kvaddur er saman fundur í fjhn. seint með kvöldi 27. þ. m., en ég var forfallaður þá til að geta mætt á þeim fundi. Þess er ekki getið í nál. meiri hl., að ég hafi verið þar fjarstaddur, og má skilja á því, sem þar er skráð, að ég hafi aðeins ekki verið tilbúinn að taka afstöðu til þessarar brtt. En það er fljótsagt, að ég er með öllu andvígur þessari brtt. og tel hana til svo stórfelldra skemmda á frv., að verðlagseftirlitið kunni að verða lítils virði að henni samþykktri.

Sú brtt., sem hv. meiri hl. fjhn. flytur nú, felur það í sér í fyrsta lagi, að nm. verði 6 að tölu, en ekki 5, og í öðru lagi, að verði atkv. jöfn í verðlagsnefndinni, ráði atkv. hins sjálfkjörna formanns, þ. e. a. s. ráðuneytisstjórans í viðskmrn. og efnahagsmrn., sem er, eins og allir vita, einn og sami maðurinn. Það kann nú að virðast í fljótu bragði, að hér sé ekki um mjög veigamikla breyt. að ræða. En ef betur er að gáð, hygg ég, að ljóst verði, að við núverandi aðstæður þýðir þetta í reyndinni, að verið er að afhenda Sjálfstfl. hreint flokksvald yfir öllum verðlagsákvæðum. Ekkert væri í sjálfu sér við þetta að athuga, ef Sjálfstfl. væri í meiri hl. hér á hv. Alþ. og í meiri hl. með þjóðinni, en allir vita, að því fer fjarri, að svo sé. Til þess að ná þessu takmarki á að lögfesta þá lýðræðisreglu — eða hitt þó heldur, að formaður hafi í ýmsum tilvikum og kannske þeim, sem mestu máli skipta, tvöfaldan atkvæðisrétt á við aðra nm. Enda þótt fulltrúar þriggja flokka í verðlagsnefndinni, Framsfl., Alþb. og Alþfl., sem samanlagt hafa mikinn meiri hluta á Alþ., stæðu þar saman, þegar taka á verðlagsákvarðanir, þá stoðar það ekki. Það á að löggilda, að 2 fulltrúar Sjálfstfl. og skoðanabróðir þeirra í öllum þessum málum, Jónas Haralz, hafi samt yfirhöndina. Með öðrum orðum, það er verið að lögbinda flokkseinræði í verðlagsmálunum, sem einmitt nú á tímum stórfelldra verðhækkana og dýrtíðar eru mála viðkvæmust og almenningur á hvað mest undir að sé farið með af festu og einbeitni í hans þágu. Meira virðingarleysi fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum en hér er sýnt er varla hægt að hugsa sér. En hitt er svo annað mál og ekki síður mikilvægt, hvernig líklegt er eða víst, að Sjálfstfl. ásamt Jónasi Haralz tvöföldum muni nota sér það vald, sem Alþfl. er nú að hjálpa honum til þess að fá í hendur. Ég þarf, held ég, ekki að rifja það upp, að Sjálfstfl. hefur alltaf hatazt við allt verðlagseftirlit, öll afskipti af því, hvað kaupsýslumenn tækju til sín stóran hluta af verði þeirra vara, sem landsmenn kaupa og nota. Hugsjón hans hefur alltaf verið sú, að þar sem annars staðar ríkti það frelsi, sem leyfir hverjum að hrifsa til sín það, sem hann getur. Meira að segja nú í sambandi við flutning þessa frv. hafa talsmenn flokksins hér á hv. Alþ. lýst því yfir, svo að ekki verður um villzt, að þeim væri mjög þvert um geð að flytja slíkt mál sem þetta.

Hv. 6. landsk. þm., formaður fjhn. Nd., kallaði verðlagseftirlitið einn af meðlimum Bakkabræðrafjölskyldunnar, og sjálfur hæstv. forsrh. hefur lýst ógleði sinni yfir því, að verðlagseftirlit væri ekki þegar lagt niður. Önnur ummæli og hugleiðingar, sem að vísu hafa ekki komið fram í ræðum nú, en eru þm. jafnkunnar fyrir því, eru t. d. þær, að verðlagseftirlitið herði nú svo mjög að verzluninni, að óhjákvæmilegt sé að hækka álagningu stórlega, en réttast sé að láta opinbert verðlagseftirlit fyrirskipa slíka hækkun, svo að óvinsældir hennar bitni ekki á kaupsýslustéttinni sjálfri, að því afreki unnu megi svo eftirlitið fara sína leið.

Hvers virði halda menn, að verðlagseftirlit verði í höndum slíkra manna og slíks flokks? Þarf nokkur að fara í grafgötur um, að það yrði í bezta falli tilgangslítið eða tilgangslaust og í verra fallinu og því trúlega aðeins skálkaskjól til þess að tryggja sem hæsta álagningu og mestan gróða milliliðanna, en allur kostnaður ríkisins af eftirlitinu héldist eftir sem áður óbreyttur?

Sjálfstfl. hefur látið í það skína, að hann féllist á áframhald verðlagseftirlits fyrst um sinn, vegna þess að Alþfl. sækti málið fast.

Það er þá víst eina málið, sem hann hefur ekki hlýtt húsbónda sínum ljúflega í nú um hríð. En nú virðist fundin kænleg millileið í málinu, sú að láta eftirlitið haldast að nafninu til, en tryggja, að kaupsýslumennirnir eða beinir umboðsmenn þeirra ráði sjálfir öllu um eftirlitið, sem ríkisvaldið á að hafa með þeim. Þannig sættir Alþfl. sig við að beygja sig í duftið, ef það aðeins heitir á pappírnum að standa uppréttur. Þó er því ekki að leyna, að í afstöðu Sjálfstfl. felst nokkur viðurkenning á Alþfl. Sjálfstfl. telur sér ekki nægilegt að treysta á fulltrúa hans í verðlagsnefnd til fulltingis kaupsýslustéttinni. Hann treystir honum ekki fyllilega í því að fylgja sér þar í einu og öllu, trúir því e. t. v., að svo kunni að fara, að fulltrúi hans gæti endrum og eins leiðzt til þess að standa með Alþb. og Framsfl., þegar álagningarkröfur heildsalanna verða áleitnastar og freklegastar. Og honum finnst hyggilegast að eiga ekkert á hættu í slíku máli. En Alþfl., hvernig bregzt hann við þeirri viðurkenningu, sem í þessu felst? Verkin sýna hér merkin. Hann reynir ekki að verða verðugur viðurkenningarinnar með því að standa fast á sínu úrslitavaldi, heldur hamast við að þvo sómann af sér. Fyrst styður hann þessa endemis brtt., sem gerir hann áhrifalausan í þessum málum, og hagræðir sér svo síðar, að húsbóndanum verði sem þægilegast að stjaka við honum og ýta honum til hliðar.

Ég ætla ekki að hefja hér umr. um gagnsemi verðlagseftirlits yfirleitt. Ég vil aðeins segja það, að ég tel, að það hafi miklu og nauðsynlegu hlutverki að gegna og miklum mun frekar í okkar litla þjóðfélagi en víðast hvar annars staðar, þar sem samtök kaupsýslumanna geta hér auðveldlega og hafa í reynd á fjölmörgum sviðum komið í veg fyrir alla raunverulega samkeppni og eiga auðvelt með það. En hitt ætla ég að sé auðsætt, að frá hendi löggjafarvaldsins er ekki og hefur ekki verið gengið svo frá starfsreglum eftirlitsins, — og mun raunar næsta torvelt að gera það, — að allur árangur sé ekki kominn undir framkvæmdinni einni. Allt raunverulegt mat í þessum efnum er lagt í hendur þeirrar yfirstjórnar, sem með málið fer á hverjum tíma. Ég held, að engum geti blandazt hugur um, ekki heldur stjórnarliðinu og áreiðanlega ekki Sjálfstfl., að eftirlit, sem er í höndum flokks og manna, sem eru því með öllu andstæðir og hafa auk þess efst í huga sjónarmið þeirra, sem eftirlitið og hömlurnar eiga að beinast gegn, er einskis virði og sé því betur sæmandi að spara þjóðinni þau útgjöld, sem slíku eftirlitskerfi eru samfara.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þar sem hv. frsm. minni hl. fjhn. hafa sérstaklega í framsöguræðum sínum veitzt að Sjálfstfl. í sambandi við afstöðu hans til verðlagseftirlits, þá vildi ég aðeins segja fáein orð af því tilefni, án þess að ég ætli að fara að lengja mikið þessar umr.

Ég skal nú ekki fara langt út í það að svara bunuræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. eða reyna að skilgreina það, í hvaða holur bunur hans hafi runnið. Það er kannske dálítið erfitt að átta sig á því, eins og í fleiri greinum um afstöðu hans virðulega flokks hér á Alþ. nú í vetur, miðað við hans fyrri viðhorf í ýmsum málum, og það kom einnig í ljós í sambandi við afstöðu Framsfl. nú til frv. um verðlagseftirlit, að það er dálítið erfitt að átta sig á, hvað sá flokkur raunverulega vill. Hann sagðist mundu láta afskiptalaust frv. um verðlagseftirlit, en veittist hins vegar að Sjálfstfl. fyrir það og ríkisstj., að hún hefði brugðizt stefnu sinni með því að ætla nú að halda í verðlagseftirlitið. Raunverulega var ræða hv. þm. ekki skiljanleg á annan veg en þann, að hann væri raunverulega á móti verðlagseftirliti. Öll hans ræða hné í þá átt, og hann taldi, að verðlagseftirlit væri gagnslítið. En mér er þá spurn: Hvernig stendur á því, að flokkur þessa hv. þm. hefur stutt verðlagseftirlit og það svo mjög, að hann á sínum tíma taldi, að það væri alls ekki nægilegt aðhald, sem samvinnufélögin veittu með sínu verðlagi, og því væri nauðsynlegt að hafa sérstakt verðlagseftirlit? Þegar ræða þessa hv. þm. og viðhorf hans til verðlagseftirlits er skoðað, er næsta broslegt að hlusta á ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), þegar hann er sérstaklega að tala um þá sem skoðanabræður og örugga samherja í sambandi við að halda niðri verðlagi, Alþb.-menn og framsóknarmenn, og er nú að gera sér vonir um, að það kunni stöku sinnum að koma fyrir, að Alþfl. hnigi þar á sveif. En það er í hans huga ekki nein efasemd um það, að framsóknarmenn og fulltrúi þeirra muni jafnan standa með Alþb. í að halda niðri álagningu, enda þótt því sé yfir lýst af hv. 1. þm. Norðurl. e., að verðlagseftirlit sé gagnslaust, og raunverulega lýst lítilli hrifningu yfir því, vægast sagt, að ríkisstj. skuli vera að halda þessu máli hér fram. Ég skal annars ekki fara lengra út í þær orðræður, en aðeins segja örfá orð varðandi afstöðu Sjálfstfl. til verðlagseftirlits yfirleitt og ástæðu þess, að Sjálfstfl. telur rétt að beita verðlagseftirliti nú, eins og sakir standa.

Það er alveg rétt, sem hér kom fram, að Sjálfstfl. er þeirrar skoðunar, að verðlagseftirlit sé engin örugg leið til þess að skapa eðlilegt og hófsamlegt verðlag. Hins vegar viðurkennir flokkurinn það og hefur gert bæði fyrr og síðar, að þegar ekki séu fyrir hendi þau skilyrði, að frjáls verðmyndun geti notið sín til hagsbóta fyrir neytendur, þannig að hætta sé á því, að hægt sé að sprengja upp verðlag vegna vöruskorts og af öðrum slíkum ástæðum, þá geti verið fullkomlega réttmætt og eðlilegt að hafa verðlagseftirlit. Barátta Sjálfstfl. fyrir frjálsri verzlun og fyrir frjálsu vöruvali og nægilegu vöruvali byggist ekki á því, að flokkurinn telji, að með því móti eigi að vera auðunnin leið fyrir kaupsýslumenn að notfæra sér gróða, heldur er það skoðun

flokksins, að með slíku ástandi í viðskiptamálum, — og það er einmitt það ástand, sem að er stefnt með þeirri viðskiptastefnu, sem hæstv. núv. ríkisstj. fylgir, — sé bezt trygging fengin fyrir því, að neytendur geti fengið vöru við hagstæðustu verði. Það vita allir, sem til þekkja, að haftatímabil og vöruskortur skapar alls konar óheilbrigða verzlunarhætti og óeðlileg skilyrði til gróðamyndunar, sem eru ekki neytendum til hagsbóta, þannig að ef menn vilja viðhalda slíku ástandi, eru þeir síður en svo að búa í haginn fyrir neytendur í þjóðfélaginu.

Það er ekkert efamál, og því hefur ekki af neinum verið leynt, að með þeim víðtæku breytingum í efnahagsmálum, sem nú er verið að gera, eru kvaðir lagðar á almenning í landinu, og það er skoðun ríkisstj. og full eining um það milli stjórnarflokkanna, að það beri að sjá til þess, að þær kvaðir skiptist sem réttlátast á þjóðfélagsborgarana og allir leggi þar sitt af mörkum.

Ástæðan til þess, að nú er haldið uppi verðlagseftirliti og það mjög ströngum hömlum á álagningu, byggist fyrst og fremst á þeirri nauðsyn, sem er fyrir hendi að halda verðlagi í sem allra mestu skefjum. M. a. getur það verið nauðsynlegt um sinn vegna þess, að eðlileg og frjáls verðmyndun hefur ekki skapazt, fyrr en eðlilegt fjármálaástand er orðið í þjóðfélaginu, og því getur verðlagseftirlit verið nauðsynlegt um skeið af þessum sökum. Það er því ekki vegna þess, að einn hafi neytt annan til eins né neins, að þetta mál er hér flutt og ríkisstj. hefur beitt sér fyrir samþykkt þess með stuðningi flokka sinna. Það er um að ræða sameiginlega skoðun þessara tveggja flokka, að þetta sé eðlilegt að gera og nauðsynlegt, svo sem sakir standa.

Með þeirri breyt., sem hér er gerð á þessu frv., er ekki ætlunin sú, að Sjálfstfl. fari sérstaklega að æskja eftir tryggingu fyrir því, að hann geti fengið meiri hluta í verðlagsnefnd og ráðið verðlagningunni eftir eigin geðþótta, sem er þá þannig túlkað, að það eigi að vera sérstaklega innflytjendum í hag. Mér er ekki kunnugt um það, að ráðuneytisstjórinn í efnahagsmrn. sé sjálfstæðismaður. Það eina, sem er vitað um hans flokksafstöðu, er, að hann var eitt sinn bæjarfulltrúi kommúnista. Ég er ekki með því að segja, að hann sé í þeim flokki nú, ég hef ekki neina hugmynd um það. En mér er ekki kunnugt um, að hann hafi nokkurn tíma látið það í ljós, að hann sérstaklega styddi Sjálfstfl., þannig að það sé hægt að halda því fram, þó að Sjálfstfl. fái tvo fulltrúa í þessari sex manna nefnd, að þá hafi hann þar með tryggt sér meiri hluta. Slíkt er auðvitað gersamlega út í hött. Ráðuneytisstjórinn getur eins staðið með fulltrúum hvaða annars flokks sem er, og ég efast ekki um, að hann muni meta málin eftir því, sem hann telur sanngjarnast og réttlátast hverju sinni, og ástæðulaust að bera honum annað á brýn.

Það getur vel verið, að þetta sé sagt vegna þess, að framsóknarmenn og Alþb.-menn séu vanir því í samvinnu á milli flokka, að það sé sífellt verið að reyna að kúga annan hvorn aðilann og beygja hann undir eitthvert jarðarmen. En ég get sagt þessum hv. ágætu þm. það, að mér er ekki kunnugt um, að í sambandi við þetta mál eða önnur í samskiptum núv. stjórnarflokka hafi verið gerðar tilraunir til að kúga einn né neinn. Það hefur verið samstaða um að reyna að leysa málin á þann hátt, sem farsælast og heppilegast mætti telja fyrir þjóðfélagið, og ég held, að það sé aldrei giftusamlegur grundvöllur að neinni stjórnarsamvinnu, — kannske er vinstri stjórnin og örlög hennar ekki hvað sízt dæmi um það, hve ógiftusamlegt það er, þegar einn flokkur ætlar að fara að kúga annan á óviðurkvæmilegan hátt. En ég hygg, að það sé aldrei til farsældar fyrir neina stjórnarsamvinnu, að slíkur háttur sé á hafður, og það er a. m. k. víst í sambandi við þetta mál, að þótt þessir tveir flokkar kunni að hafa í eðli sínu einhvern skoðanamun varðandi gagnsemi verðlagseftirlits, hefur ekki verið ágreiningur um, að eins og sakir standa nú sé rétt að hafa þetta eftirlit, þó að það hins vegar sé, eins og ég áðan sagði, grundvallarskoðun okkar sjálfstæðismanna, að þegar nauðsynlegar og eðlilegar forsendur eru fyrir hendi í þjóðfélaginu, sé það miklum mun vænlegra fyrir almenning, að þau eðlilegu viðskiptalögmál séu látin njóta sín, heldur en það, þó að reynt sé að beita verðlagseftirliti og þannig halda niðri verðlagi, þegar hins vegar er við að stríða algerlega óeðlilegt ástand í viðskipta- og fjárhagsmálum. Þegar til lengdar lætur, mun það áreiðanlega sýna sig, að hið fyrra er hagsælla, enda er staðreyndin sú, að hvarvetna meðal frjálsra þjóða er stefnt að slíkum frjálsum viðskiptaháttum. Og það er einmitt í þeim anda, sem hæstv. núv. ríkisstj. vill starfa, ekki til þess að gefa einhverjum ákveðnum gróðamönnum grundvöll til þess að græða á almenningi, heldur vegna þess, að hún telur, að það verði almenningi til mestra hagsbóta.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi gera hér lítillega að umtalsefni ræður hv. þm. úr minni hl. fjhn.

Ég varð sérstaklega fyrir vonbrigðum með hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), því að þessi þm. hafði í megindráttum lýst yfir stuðningi sínum við það frv., sem hér er borið fram. Síðar gerði meiri hl. fjhn. að honum fjarstöddum, — það er alveg rétt, það náðist ekki í hann, hann var forfallaður, svo að hann mætti ekki á fundi, — þá gerði hann lítils háttar till. um breyt. á frv. Þessi breyt. var vissulega til bóta, en það hef ég sjaldan upplifað, að menn hafi hætt stuðningi sínum við eitthvert málefni vegna endurbóta á því. Það hef ég sjaldan heyrt, og mér þótti þetta satt að segja mjög leitt. Hitt er svo annað, sem mér virðist þessum hv. þm. alveg sjást yfir og reyndar þeim báðum úr minni hl., að þeir líta alltaf aðeins á líðandi stund. Það getur

vel verið, að sú regla, sem við erum að taka upp nú um verðlagsákvarðanir, geti gilt um langa framtíð, hún getur lifað af sér margar stjórnir og margar kosningar. Um þá hluti veit enginn. Þetta er allt vegið og metið hjá hv. stjórnarandstöðu út frá þeim mælikvarða, hvernig þessir hlutir standa nú í augnablikinu. Ég vil t. d. álíta, að með því að fjölga hinum þingkjörnu fulltrúum úr 4 í 5 sé einmitt t. d. réttur Alþb. betur tryggður en áður. Ég sé ekki, að þessi flokkur, Alþb., hafi neina örugga tryggingu fyrir því að fá einn mann af fjórum eins og nú standa sakir. Hann hefur enga örugga tryggingu fyrir því. Hann getur kannske vel gert það með bandalagi við Framsfl., en að öðrum kosti hefur hann það ekki. Sama er náttúrlega að segja um Alþfl. Það getur alltaf skipazt svo málum, að Alþfl. eigi þess ekki kost að fá einn mann af fjórum, en hann getur fengið einn mann af fimm. Þess vegna er þetta vitanlega til hagsbóta fyrir smærri flokkana í þinginu, að fjölga hinum þingkjörnu fulltrúum. Það, sem þessi hv. þm. er aðallega óánægður með, er, að á þennan hátt fái Sjálfstfl. nú í augnablikinu meiri hl. í þessari nefnd, þ. e. a. s. hann fái væntanlega 2 af 5 og svo hafi hann ráðuneytisstjóra viðskmrn. á sínu bandi. Eins og hér hefur komið fram, veit enginn til þess, að ráðuneytisstjórinn, Jónas Haralz, sé sjálfstæðismaður. Hann er óflokksbundinn. En það verð ég að segja, að mér finnst undarlegt, að vinstri stjórnin skuli hafa ráðið þennan mann fyrir sinn aðalefnahagsmálaráðunaut, ef þetta væri sjálfstæðismaður. Mér finnst það satt að segja mjög ótrúlegt.

Þá veit ég ekki til þess, eftir að þær álagningarreglur voru settar að lokinni gengisbreytingu, er nú gilda og kaupsýslumannastéttin hefur verið mjög óánægð með, að það sé nokkur ástæða til þess að vantreysta Jónasi Haralz í þessu starfi. Það er fjarri því. Hann átti einmitt sinn mikla þátt í því að setja þessar álagningarreglur.

Um ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. og hans nál. ætla ég í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum. Það er augljóst af því, sem hann flytur, að honum er skáldskapur tamari en veruleiki. Í þessu nál. hans segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir (þ. e. a. s. hv. stjórnarflokkar) höfðu boðað frjálsa verzlun, nóg vöruval, heilbrigða samkeppni og lækkandi vöruverð sjálfkrafa þar af leiðandi. Nú er frv. þetta sönnun þess, að þeir treysta ekki á boðskap sinn og trúa ekki sjálfum sér.“

Ég vildi nú leyfa mér að spyrja þennan hv. þm.: Er það skoðun Framsfl., að frjáls verzlun og nægjanlegt vöruval og heilbrigð samkeppni sé útilokuð, nema verðlagseftirlit sé afnumið? Ég vildi gjarnan fá skýr svör við þessu. Nú vita auðvitað allir menn, að verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit er fólgið í því, að það er ákveðið hámarksverð á vöru. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að S. Í. S. og kaupfélögin selji vöruna á lægra verði, — ekki nokkur skapaður hlutur, — eða óttast þessi hv. þm. e. t. v., að kaupfélögin og S. Í. S. vilji jafnvel selja vöruna á hærra verði en þessi n. kemur til með að ákvarða að sé heimilt? Það vita reyndar allir menn, að stærsta verðlagsbrot í landinu hefur verið framið undir handarjaðri S. Í. S. Það virðist sem sagt, að það frelsi, sem Framsfl. þráir mest, sé gróðafrelsið.

Þessi hv. þm. var að spyrjast fyrir um það, hvaðan þetta væri komið, þessi brtt., hvort þetta væri komið frá ríkisstj. eða n. Í sjálfu sér skiptir engu máli, hvaðan gott kemur. Aðalatriðið er í raun og veru að meta þessa till. málefnalega, en ekki velta vöngum yfir því, hver fyrstur hafi átt hugmyndina að þessu. (**KK:** Ég spurði um ástæðuna fyrir því.) Ástæðuna? Nú, ég hef nú verið að skýra ástæðurnar og líka í minni frumræðu. Ég tel það t. d. fyrir Alþfl. mjög heppilegt, að það skuli vera fimm menn í staðinn fyrir fjóra.

Það hefur oft af hálfu Framsfl. verið kvartað undan því, að það væri verið að draga völdin úr höndum Alþingis og fá þau ráðherrum og ríkisstj. Nú erum við að gera alveg hið gagnstæða. Það hefur aldrei verið þingkjörin nefnd í þessu áður. Áhrifavald Alþingis hlýtur að aukast við það að fá fimm menn í nefndina. Hvað gera þá framsóknarmenn, þegar við erum að taka upp þessa stefnu, sem þeir þykjast alltaf berjast fyrir? Þá sitja þeir hjá. Það virðist svo sem þeir ætli í raun og veru að fara að draga sig út úr pólitík og þeir láti sér bara nægja drauminn um það að komast í ríkisstj., en um það má vitna til orða skáldsins: „Sumir eiga sorgir, og sumir eiga þrá, sem aðeins í draumheimum uppfyllast má.“

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér finnst, að það megi ekki láta þetta mál fara svo frá þessari umræðu að drepa ekki á það nokkrum orðum, því að þetta er að mínum dómi langskemmtilegasta frv., sem hefur komið frá ríkisstj. nú í vetur.

Það eru sjálfsagt eitthvað skiptar skoðanir um það, hvort gagn sé að verðlagseftirliti eða ekki. Sjálfstæðismenn vilja ekkert verðlagseftirlit, telja það þýðingarlaust og gagnslaust og jafnvel skaðlegt. Þó sagði hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) hér áðan, að það væri þó því aðeins gagnslaust, að skilyrði væru til frjálsrar verðmyndunar, þá þurfi ekki verðlagseftirlit, þegar þessi skilyrði til frjálsrar verðmyndunar eru fyrir hendi. Hvað er þá um frelsisfrv. stjórnarinnar? Eru ekki komin skilyrði til frjálsrar verðmyndunar í landinu eftir allt frelsishjalið hjá ríkisstj.? Kannske þetta sé ekkert frelsi, sem stjórnin er að flytja? Hv. þm. nefndi meira að segja vöruskort. Vöruskortur er t. d. því til hindrunar, að frjáls verðmyndun geti átt sér stað. Er hv. þm. kannske að gefa í skyn, að nú geti orðið vöruskortur eftir allt frelsið?

Ég er þeirrar skoðunar, að verðlagseftirlit geti orðið að gagni. Ef þeir menn, sem framkvæma eftirlitið, vilja vera til gagns, getur

það sannarlega orðið til gagns. Eins og frv. var úr garði gert upphaflega, átti þetta að vera fimm manna nefnd, þingkjörin nefnd, sem átti að hafa verðlagseftirlitið með höndum. Út af fyrir sig var ekkert óðelilegt við það. Það var líka öruggt, að stjórnarliðið gat haft meiri hluta í þeirri nefnd, og er heldur ekkert sérstakt við það að athuga. En svo kemur skrýtlan sjálf í dagsljósið, þegar meiri hl. n. flytur þá brtt., að nefndin skuli ekki skipuð fimm mönnum, heldur sex, og sjötti maðurinn á að vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., sá maðurinn í stjórnarráðinu, sem mest mun hafa á sig lagt utan ráðherra að koma fram þeim efnahagsráðstöfunum, sem ríkisstj. er nú að framkvæma, — maðurinn, sem mun vera í einu og öllu sammála ríkisstj. og jafnvel höfundur að mörgu því, sem lögfest hefur verið í vetur í efnahagsmálum, — maðurinn, sem trúir á frjálsa verzlun og telur enga þörf á verðlagseftirliti, m. ö. o. er í aðalatriðum nokkurn veginn á sömu línu og Sjálfstfl. Þetta á að verða sjötti maðurinn í nefndinni og sá, sem hefur tvö atkvæði, ef jöfn eru annars atkvæði. Þá er nú sæmilega séð fyrir viðhorfum Sjálfstfl. á þessari skrifstofu. Þá eru atkvæðin orðin sjö hjá sex mönnum. Ef þrír eru sammála, geta komið fjögur atkvæði á móti, og þau fjögur eru öll í anda Sjálfstfl. Þetta kalla ég vel að verið. En það skemmtilegasta af öllu er, að Alþfl. skuli sætta sig við þetta. Ég hélt fyrst, þegar ég sá nál. með brtt. á þskj. 552, að þarna hefði orðið ljóta skyssan á í prentsmiðjunni, þar sem stóð Jón Þorsteinsson. Ég hélt, að þetta hefði átt að vera Jón Árnason og það hefði verið farið Jóna-villt, því að það er hér um bil ómögulegt að koma því inn í höfuðið, að Alþýðuflokksmaður gerist ekki aðeins flm. að tillögunni, heldur frsm. Og hver er þá tilgangurinn með sjálfri till.? Hann er einfaldlega sá, að sjálfstæðismenn þurfi aldrei að treysta Alþýðuflokksatkvæði þarna í verðlagsnefndinni, það er ekkert annað.

Nú held ég, að þetta séu algerlega rangar getsakir, sem felast í till. af hálfu sjálfstæðismanna til Alþfl. Ég hef enga ástæðu til að halda, að Alþýðuflokksmaðurinn kynni að bregðast sjálfstæðismönnum þarna, — enga, — og þeir hafa sannarlega ekki unnið til þess nú á undanförnum missirum að verða fyrir slíkum aðdróttunum, þó að svona óbeinar séu í tillöguformi. En samt þykir sjálfstæðismönnum vissara að hafa vaðið fyrir neðan sig, og til þess að tryggja það enn þá betur, að Alþfl. sé ekki að abbast upp á þessa brtt., er Alþfl.-maður hafður fyrir framsögumann. — Þetta nálgast kvikmynd, þetta nálgast það mest, að maður horfi á kvikmynd hér á Alþingi og hana ekki óskemmtilega.

Það er því sýnilegt á þessari brtt., að verðlagseftirlitið verður lítils virði, — hefði kannske orðið það hvort sem var, en verður sannarlega lítils virði á eftir, þegar einn flokkur eða jafngildi hans ræður öllu, ef um ágreining kynni þarna að vera að ræða. En að Alþfl. skuli geta beygt sig svona lágt, það er merkilegt — og þó ekki merkilegt, eftir að einn af forustumönnum Sjálfstfl. á Alþingi er búinn að lýsa því yfir, að það sé betra fyrir Sjálfstfl. að hafa Alþfl. með sér í ríkisstj. og á Alþingi og mynda þannig meiri hluta en að Sjálfstfl. einn hefði þennan meiri hluta. Og þá fer maður að skilja það, að Alþfl. finnist sjálfum, að hann sé svo sem ekkert að beygja sig í þessu máli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætlaði satt að segja ekki að blanda mér inn í þennan þátt þessara umræðna um þetta frv. En þær ræður, sem hér hafa verið fluttar af hálfu hv. framsóknarmanna og þá sérstaklega ræða hv. síðasta ræðumanns, gera það að verkum, að ég sit ekki kyrr í stól mínum. Mér satt að segja ofbýður talið. Ég ætla að upplýsa þennan hv. ræðumann og þingdeildarmenn alla um það, að ég hef um alllangt skeið haft náin afskipti af verðlagsmálum, nú undanfarið nokkuð á annað ár sem ráðherra og haft með að gera þá stofnun, sem með verðlagsmál hefur farið. Þar áður, síðan 1956, átti ég sæti í ríkisstj. með þessum flokki og hafði þar af leiðandi náin afskipti af verðlagsmálum þá, sökum þess að í þeim málum gilti áfrýjunarvald til ríkisstj. frá þeirri stofnun, sem með þau fór. Og einu sinni endur fyrir löngu átti ég um nokkurra ára skeið sæti í viðskiptaráði, þegar það fjallaði um verðlagsmál, svo að kynni mín af þessum málum eru orðin nokkuð gömul og þar á meðal kynni af fulltrúum Framsfl. í þeim ráðum og stofnunum, sem með þessi mál hafa farið. Og það ætla ég að segja, að atkvæði fulltrúa þeirra þar hafa sannarlega verið með nokkuð öðrum hætti en ræður þessara manna hér í þessari hv. deild.

Ég þekki varla dæmi þess undanfarin 3—4 ár, að fulltrúar Framsfl. í innflutningsskrifstofunni hafi ekki greitt atkvæði með svo að segja hverri einustu hækkunartillögu á álagningu, sem þar hefur komið fram. Um það er enginn vandi að afla nákvæmra skýrslna, ef frekara tilefni gefst til. Hitt þætti mér gaman að fá skýrari upplýsingar um, hvaða tillögur fulltrúar þessa flokks hafa flutt í innflutningsskrifstofunni um lækkun á álagningu, annaðhvort yfirleitt eða í einstökum atriðum. Ég þekki það ekki og hef þó haft náin afskipti af þessum málum síðan sumarið 1956. Þvert á móti hefur reynslan verið sú, að fulltrúar þessa flokks hafa stundum haft beinlínis frumkvæði að því, að álagning eða verðlag hefur verið hækkað. Ég endurtek: ég man ekki eftir neinu stórmáli, sem þar hefur verið á döfinni, þar sem fulltrúi flokksins hefur ekki verið með hækkaðri álagningu eða hækkuðu verðlagi.

Með hliðsjón af þessu er sannarlega tómahljóð í þeim ræðum, sem hér eru fluttar af hálfu fulltrúa þessa flokks, og hefðu stóru orðin betur verið ótöluð.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. gat nú ekki setið lengur, sem ekki var von, þegar honum var sýnt fram á frv., kvikmyndina, sem verið er að sýna í hv. Ed., — kvikmyndina af því, hvernig Alþfl. er látinn beygja sig í þessu máli, beygja sig þannig, að ef svo kynni að fara, að einhvern tíma yrðu 3 menn í verðlagsn. á sama máli gegn sjálfstæðismönnum, þá var 6. maðurinn auk tveggja sjálfstæðismanna til með tvöfalt atkv. til þess að kúska Alþfl.-fulltrúann, ef hann yrði ekki með á annað borð eða færi að vilja þeirra. Þeir flytja þetta sjálfir Alþfl.-mennirnir og hafa Alþfl.-mann fyrir framsögumann að þessari brtt., að gera sjálfan sig dauðan og óvirkan í þessari n. Nú var ég ekkert að finna að þessu að því leyti, að það væri ástæða til þess að halda, að Alþfl.-fulltrúinn yrði nokkuð skeleggari en sumir sjálfstæðismenn í verðlagseftirlitinu. En ég benti hæstv. ráðh. á álitið, sem samstarfsflokkur hans hefur á Alþfl., að þeir vilja ekki einu sinni treysta honum þarna og hafa vaðið fyrir neðan sig að grípa til annarra, ef með þyrfti. Út af þessu var það, sem hæstv. ráðh. kom upp í stólinn. En lítið stoðar að fara að vitna í atkvgr. í innflutningsskrifstofunni. Fyrst og fremst hygg ég, að hæstv. ráðh. hafi haft einhverjum öðrum hnöppum að hneppa en vera þar alltaf við atkvgr., enda sagðist hann ekki hafa handbæra skýrslu yfir þær. Það er víst ekki von. Ég get vel skilið, að honum sárnar, hvernig þessi brtt. stjórnarinnar verkar á almenning, og þess vegna þurfi hann að koma upp, en allt tal hans um, að framsóknarmenn hafi viljað fá hækkanir á álagningu, koma út af fyrir sig ekkert við skipun nefndarinnar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég mun aldrei hafa verið talinn í hópi velunnara verðlagseftirlits, svo að þess vegna finnst mér ástæða til þess, m. a. í tilefni af ýmsum þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að gera með örfáum orðum grein fyrir því, hvers vegna ég er stuðningsmaður þessa frv.

Það er alveg rétt, og í því efni tek ég ekkert aftur, sem ég áður hef sagt um þessi mál, að á verðlagseftirlitinu eru margir og stórir ágallar. Og víst er um það, að verðlagseftirlit út af fyrir sig getur ekki verið nein einhlít ráðstöfun til þess að halda verðbólgu í skefjum. Sönnun þess er það, að þó að hér á Íslandi hafi sennilega verið strangara verðlagseftirlit og víðtækara frá styrjaldarlokum en í flestum Evrópulöndum, hefur verðbólga hvergi verið jafnör og hér. En þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það, að verðlagseftirlit er tvímælalaust haftaráðstöfun og að því leyti í skyldleika við t. d. innflutningshöftin, þá er það svo með þessar haftaráðstafanir, að þó að æskilegt sé, að þær verði afnumdar sem fyrst, þá verður til þess að velja þann rétta tíma, en á undanförnum árum hafa mörg mistök orðið í því efni, að reynt hefur verið að afnema haftaráðstafanir, án þess að slíkt væri tímabært.

Það er nú yfirleitt þannig, að afnám hafta út af fyrir sig er vinsælt hjá öllum almenningi. Hins vegar eru þær ráðstafanir, sem oftast nær eru skilyrði fyrir því, að hægt sé að afnema höftin, miður vinsælar. Þess vegna hefur það oft viljað brenna við, af því að það er nú þannig með okkur þm., að við viljum gjarnan gera þá hluti, sem eru vinsælir, en forðast í lengstu lög það, sem er miður vinsælt, að ýmiss konar höft hafa verið afnumin, án þess að gerðar hafi verið þær ráðstafanir, sem oft eru miður vinsælar og skapa mundu eðlilegan grundvöll að slíku. Það má t. d. nefna sem dæmi um þetta, að í lok heimsstyrjaldarinnar síðari og fyrstu missirin eftir styrjöldina var leitazt við að gera innflutninginn að verulegu leyti frjálsan, og í fljótu bragði virtist það ekki óeðlileg ráðstöfun með tilliti til þeirra miklu gjaldeyrisinnstæðna, sem við áttum þá. En það, sem gerði það að verkum, að ég tel, að slík ráðstöfun hafi þá verið mistök, var það, að gengi íslenzku krónunnar var þá rangskráð. Það voru þá ekki stjórnmálalegir möguleikar fyrir hendi til þess að framkvæma þá leiðréttingu á gengisskráningunni, að grundvöllur væri fyrir því að afnema innflutningshöftin. Afleiðingin varð sú, að gjaldeyrisinnstæður okkar gengu til þurrðar á miklu skemmri tíma en annars hefði orðið og við vorum brátt sokknir aftur í haftafen, sem jafnvel var verra en nokkurn tíma áður hafði þekkzt. Ég dreg enga dul á það heldur, að það er persónuleg skoðun mín, að það hafi verið mistök á sínum tíma, árið 1951, að verðlagseftirlitið var afnumið of fljótt. Það er enginn vafi á því, að ýmsir einstaklingar, þó að það eigi engan veginn við um samtök verzlunarmanna eða verzlunarstéttina í heild, misnotuðu það álagningarfrelsi, sem þá var gefið, sem olli því, að verðhækkanir af völdum þeirra ráðstafana urðu meiri en ella hefði þurft að vera.

Ég er því þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir það, að ég telji, að komist það jafnvægi á í efnahagsmálum, sem að er stefnt með till. og þeirri löggjöf, sem hæstv. núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, þá ætti verðlagseftirlitið að verða óþarft, tel ég ekki tímabært að afnema það nú.

Það hefur verið réttilega á það bent af ýmsum þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað úr hópi stjórnarsinna, að auðvitað er það algerlega úr lausu lofti gripið, að að því sé stefnt, þó að brtt. sú, sem meiri hl. fjhn. flytur og ég stend að um fjölgun manna, verði samþ., að þetta þýði það, að Sjálfstfl. fái meiri hl. í verðlagsnefnd. Jónas Haralz ráðuneytisstjóri hefur aldrei verið sjálfstæðismaður og er það ekki, og jafnvel þó að svo væri, efast enginn um það, sem hann þekkir, að í því trúnaðarstarfi, sem hér er um að ræða, mundi hann aðeins taka málefnalega afstöðu, óháð flokkshagsmunum. Í öðru lagi má á það

benda, að mér finnst það nokkuð langt gengið í miður vönduðum málflutningi, ef því væri haldið fram, að hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styddu, hefðu áhuga á því, að verðhækkanir af völdum hækkaðrar álagningar og með öðrum ráðstöfunum yrðu sem allra mestar. Hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar gera sér auðvitað fyllilega ljóst, að það er beinlínis skilyrði fyrir því, að efnahagsmálaráðstafanir geti náð tilgangi sínum, að verðhækkanirnar umfram það, sem beinlínis hlýtur að leiða af þeim, verði svo litlar sem mögulegt er. Af þeim ástæðum tel ég, að enda þótt ég geri mér fyllilega ljóst, að verðlagseftirlit nægir ekki, þegar til lengdar lætur, til þess að halda verðlagi í skefjum, getur það þó um skemmri tíma gert gagn, og ég tel, að miðað við núverandi aðstæður sé sjálfsagt að beita öllum þeim tækjum, sem fyrir hendi eru, til þess að ná slíkum árangri. Það má líka benda á þá að mínu áliti mikilvægu yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að ef til kauphækkana komi á næstunni, muni nú verða tekin upp ný afstaða í þeim málum, nefnilega sú, að atvinnurekendur verði að greiða þær kauphækkanir, sem þeir kunna að semja um, úr eigin vasa af ágóða sínum, en ekki verði, eins og alltaf hefur verið áður, leyft að demba þessum verðhækkunum viðstöðulaust yfir á almenning. Ég tel, að ef verðlagseftirlitið væri afnumið nú, yrðu það ábyggilega fáir, bæði í verkalýðsstétt eða meðal atvinnurekenda, sem mundu taka slíka yfirlýsingu alvarlega, og það eitt út af fyrir sig tel ég ærna ástæðu fyrir því, að það skref verði ekki tekið að svo stöddu að afnema verðlagseftirlitið.

ATKVGR.
Brtt. 552 (ný 1. gr.) samþ. með 11:7 atkv.
2.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586, 590).

Afbrigði um brtt. 590, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við það frv. um verðlagslög, sem hér liggur fyrir. Það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra, að ég hefði borið þær fram við 2. umr., en ég varð of síðbúinn með þær, og þess vegna koma þær nú ekki fyrr en við 3. umr., en þessar breyt., sem hér er um að ræða, varða skipun verðlagsdóms.

Samkv. núgildandi ákvæðum laga og eins og gert er ráð fyrir í frv., þá er verðlagsdómur þannig skipaður, að í honum eiga sæti tveir menn, þ. e. a. s. hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi, skipaður með þeim hætti, sem þar nánar segir. Síðan er svo tekið fram í 16. gr. frv., og það ákvæði er líka raunar samhljóða því, sem er í núgildandi lögum, að ef ágreiningur verður á milli dómara, skeri atkv. formanns úr. Ég legg til, að þessu verði breytt á þá lund, að í verðlagsdómi skuli eiga sæti þrír menn, hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins eftir sem áður, og tveir meðdómendur, skipaðir með hliðstæðum hætti og þessi eini meðdómandi áður. Ég legg svo til, að 16. gr. verði breytt á þá lund, að ef ágreiningur verði í verðlagsdómi, ráði atkvæði þar úrslitum.

Þessi skipun, sem nú er á verðlagsdómi, er mjög óvenjuleg skipun dóms. Ég held, að hún sé alveg einstæð. Ég held, að það sé ekki neinn annar fjölskipaður dómur hér skipaður með þessum hætti. Það er engan veginn óþekkt og hefur reyndar heldur farið í vöxt og getur verið gott eitt um það að segja, að leikmenn taki þátt í dómsstörfum, að það séu meðdómendur. En ef þeir eiga að starfa, verða þeir að mínum dómi að starfa á nokkrum jafnréttisgrundvelli með þeim reglulega héraðsdómara, því að annars gætir þeirra lítið og verður lítið gagn að því að hafa meðdómendur. Markmiðið með því að hafa meðdómanda í verðlagsdómi er auðvitað það, að almenningur geti fylgzt betur en ella með þessum dómum og beri meira traust til þess dóms en ella væri, og svo líka, eins og almennt er um meðdómendur, að með þeim hætti sé skapað nokkurt aðhald að þeim reglulega embættismanni, sem dóminn skipar.

Þessum tilgangi held ég að varla verði náð með þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í frv. og reyndar er í núgildandi lögum, því að ég held, að þar sem meðdómandi á einn að sitja með héraðsdómara og það er fyrir fram vitað, að þótt hann geri sératkvæði, þá ræður atkvæði dómarans, komi sjaldan til þess, að slíkur einn meðdómandi geri sératkvæði, enda hygg ég, að það sé í reyndinni í þessum dómi afar fátítt, að það hafi átt sér stað.

Ég held, að sú skipan, sem ég legg til í mínum brtt., sé á allan hátt eðlilegri, sé í betra samræmi við það, sem almennt gerist um skipan fjölskipaðra dóma hér, og sé líklegri til þess, að tilgangur þessa ákvæðis náist, heldur en með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég held, að þetta mál sé út af fyrir sig svo ljóst, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það. Og þar sem gerðar hafa verið breytingar á frv. í þessari hv. d., svo að það þarf hvort eð er að fara til Nd. aftur, getur það ekki staðið í vegi fyrir því, að menn samþ. þessa breyt., ef þeim sýnist hún eðlileg. Um þessa brtt. þarf ég svo ekki að hafa fleiri orð, en vona, að menn geti fallizt á, að það sé ástæða til þess að breyta þessu í það horf, sem mínar brtt. gera ráð fyrir.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða þetta mál hér almennt, vildi aðeins mæla fyrir þessari brtt. Ég vil þó, úr því að ég tók til máls, benda á það ákvæði, sem nú hefur verið sett í 1. gr. um skipun verðlagsnefndar og ég verð að telja ákaflega óeðlilegt. Það er sjaldgæft,

að ég hygg, jafnvel einsdæmi um 5 manna nefnd, sem kjörin er af Alþ., að það sé skotið þar við 6. manninum, sem á að eiga þar sæti samkv. sinni embættisstöðu. Það er venjulega hafður sá háttur á um nefndir, að þær eru látnar standa á stöku, ef þess er kostur. Sú breyt., sem hér var á gerð í þessu efni, var rökstudd með því, að með þeim hætti kæmi þingviljinn betur í ljós og stæði betur að baki þeirrar nefndar, sem kjörin væri, ef kosnir væru 5 í stað 4. En hvað á þá að gera við þennan 6. mann? Hvers vegna er ekki nóg að hafa 5 þingkjörna menn og ráðh. skipi svo einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar, eins og venjulegt er, þegar um þingkjörnar n. er að tefla? Hvers vegna er verið að taka þarna ráðuneytisstjórann í viðskmrn. og setja hann þarna sem 6. manninn og gera þannig tölu nm. jafna, með þeim afleiðingum, að svo verður að ákveða það, ef atkv. verða jöfn, að þá ráði þó atkv. þessa sjálfkjörna embættismanns? Ég held, að þetta sé mjög óvenjuleg skipun, og mér finnst hún satt að segja heldur óeðlileg. Úr því að þingviljinn á þarna að vera aðalatriðið, er bezt að láta hann ráða út í gegn og vera ekki að bæta við þessum ráðuneytisstjóra.

Satt að segja hélt ég líka, að þessi ágæti maður, ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., sem reyndar er jafnframt ráðuneytisstjóri í efnahagsmrn., hefði ærið á sinni könnu, þó að ekki væri þetta sett á hann til viðbótar. Og það fer ekki hjá því, að maður eiginlega leiti skýringar á því, hvers vegna er verið að setja hann á þennan varðpóst. Það er alveg áreiðanlegt, að hann hefur nóg við að fást, þó að honum sé sleppt við þetta. Ég skal ekki segja, hvaða ástæða er til þessa, en það fer ekki hjá því, að það hvarfli að manni, að það sé vilji stjórnarsinna að tengja þennan ráðuneytisstjóra, Jónas Haralz, við þetta mál með þessum hætti. Maður heyrir það í umræðum manna á milli, ekki sízt hjá stjórnarsinnum, að þeir eigna þær aðgerðir, sem heldur eru nú óvinsælar í sambandi við þessi mál, mjög Jónasi Haralz og öðrum hagfræðingum. Er það kannske meiningin, ef allt fer nú illa, sem margir ætla, að skella þá skuldinni á Jónas Haralz og aðra hagfræðinga og einmitt líka í sambandi við þessi verðlagsmál? Ég skal ekkert segja um það. En það er a. m. k. eitt víst, að þegar þennan ágæta mann ber hér á góma í umr., er það jafnan rækilega undirstrikað af sjálfstæðismönnum, að það eitt sé vitað og upplýst um flokkspólitíska afstöðu þessa ágæta manns, að hann hafi eitt sinn verið sósíalisti, en sjálfstæðismaður sé hann örugglega ekki. Það gæti bent til þess, að nefnd spá rættist seinna, ef á þyrfti að halda að koma einhverju á hann.

Um þetta verðlagsmál skal ég ekki annars segja annað en það, að það er náttúrlega, eins og margtekið hefur verið fram í þessum umræðum, í æpandi ósamræmi við allt hið mikla skraf um frelsi, frelsi í viðskiptamálum, og það er eiginlega táknrænt, að það skuli verið að afgreiða þetta verðlagsmál einmitt á þessum mikla frelsisdegi, sem nú er talinn upprunninn, því að manni skilst nú, að ef raunverulegt viðskiptafrelsi væri hér komið á, engin leyfi þyrfti til innflutnings, hver og einn gæti gengið í bankana og fengið gjaldeyri fyrir þeirri vöru, sem hann hyggst flytja inn, þá væri allt verðlagseftirlit nokkuð óþarft. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég held að vísu, að það sé ekki ýkjamikið hald í verðlagseftirliti og það sé erfitt að koma því við, en ég vil þó ekki fullyrða, að það sé gagnslaust. Og þess vegna vil ég fyrir mitt leyti ekki leggja neinn stein í götu þessa verðlagseftirlits, en það haldi áfram að vera hér. En þetta frv. sýnir með vissu, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa ekki eins mikla trú á viðskiptafrelsinu og þeir vilja vera láta.

ATKVGR.
Brtt. 590,1 samþ. með 7:6 atkv.
Brtt. 590,2 samþ. með 8:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, US, GTh, SÓÓ.
HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BjörnJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (AGl, EggÞ, FRV) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 93. fundi í Nd., 2. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 596).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 596, 597).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 597. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Ed. hefur samþ. tvær breyt. á þessu frv. eins og þessi d. afgreiddi það.

Hin fyrri er á 1. gr. Hv. Ed. samþ., að verðlagsnefndin skyldi skipuð sex mönnum, fimm mönnum kjörnum af Alþingi og ráðuneytisstjóranum í viðskmrn., og skyldi hann fara með úrslitaatkvæði, ef atkv. yrðu jöfn.

Ríkisstj. vill mæla með því við þessa hv. d., að greinin verði samþ. eins og hv. Ed. gekk frá henni. Það má til sanns vegar færa, að sannari mynd af þingviljanum komi fram í fimm manna n. en fjögurra manna n., enda eru langflestar n., sem Alþingi kýs til þess að fara með tiltekin verkefni, einmitt fimm manna nefndir, og má því segja, að margt mæli með því, að það eigi einnig við hér. Hins vegar er nauðsynlegt, að í n. sé einnig sá embættismaður, sem mest fjallar um verðlagsmál í ráðuneytunum, þ. e. ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., og vegna þess að með honum verða sex menn í n., þarf einhver einn

að fara með úrslitaatkvæði, og er þá eðlilegt, að það sé í höndum hins hlutlausa embættismanns. Ríkisstj. vill þess vegna mæla með því við hv. d., að gr. verði samþ. óbreytt eins og hv. Ed. gekk frá henni.

Þá samþ. hv. Ed. einnig aðra breyt. á frv., sem kemur fram í 12. og 16. gr., en þar samþ. Ed. að fjölga dómendum í verðlagsdómi úr tveimur í þrjá og að kveða svo á, að meðdómendur í verðlagsdómi skuli skipaðir af dómsmrh. eftir till. tilgreindra aðila, þ. e. beinlínis í samræmi við það, sem þeir leggja til, en það jafngildir að sjálfsögðu því að færa dómsvaldið raunverulega til þeirra aðila, sem eiga að ráða skipun meðdómendanna.

Ríkisstj. sér ekki ástæðu til þess að fjölga í verðlagsdómi frá því, sem verið hefur, frá því að verðlagsdómi fyrst var komið á laggirnar. Það má mjög um það deila, hvort sú skipun hafi verið eðlileg og hvort reynslan af starfsemi verðlagsdóms sé þess eðlis, að ástæða sé til þess að halda þeirri skipun yfirleitt. Þó varð það niðurstaðan við undirbúning þessa frv. að raska þessum ákvæðum ekki, heldur láta þau haldast óbreytt eins og þau hafa verið undanfarin ár, þannig að meðferð verðlagsmála verði hin sama og hún hefur verið undanfarið. Hins vegar sér ríkisstj. ekki ástæðu til þess að fjölga dómendum í verðlagsdómi, eins og hv. Ed. samþykkti, og enn síður ástæðu til þess að binda hendur dómsmrh. um tilnefningu dómaranna.

Ég vildi því leyfa mér, herra forseti, að leggja fram brtt. við 12. og 16. gr., skriflega, svo hljóðandi:

„12. gr. orðist svo:

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmrh. að fengnum till. þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

16. gr. orðist svo:

Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir".

Orðalag brtt. er nákvæmlega sama og ákvæði gildandi laga um þetta efni.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti æski afbrigða fyrir þessari till., áður en umr. málsins lýkur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 617) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefði raunar verið rétt, að þetta mál hefði farið til fjhn. þessarar hv. d., um leið og það kom aftur frá Ed. Við höfðum fjórir menn í fjhn. verið sammála um málið, eins og það fór héðan, og nú hafa verið gerðar þar tvennar breyt., svo að það hefði verið betra, að það hefði verið fjallað um það þar.

Hins vegar er máske ekki vert að vera að gera kröfur til þess, með tilliti til þess, að mér skilst, að það ríki það ástand í dag, sem Sjálfstfl. óskar mest eftir að fá, að það sé ekkert verðlagseftirlit til í landinu. Það var eitt af því, sem hæstv. ráðh. hafði lagt sérstaka áherzlu á við okkur í fjhn. þessarar hv. d., að þau tvö mál, sem snertu hina frjálsu verzlun og verðlagið, skyldu fylgjast að. Nú skilst mér, að það sé búið að gera að lögum með sérstakri heimild, sem hæstv. viðskmrh. hefur, lögin um innflutning og gefa þar með frjálst og fella þar með niður allar verðlagsákvarðanir, allt verðlagseftirlit. Ef ekki hafa verið gerðar sérstakar varúðarráðstafanir a. m. k., þá virðist ástandið vera þannig í dag, svo að það er kannske ekki vert að tefja það, að það komist á ný lög um verðlagsmál. En mér sýnist, að þessir tveir dagar, ef ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir, muni verða alfrjálsir hvað álagningu snertir og annað slíkt. En látum það nú vera.

Það, sem hér liggur fyrir, er, að breytt hefur verið í Ed. af hálfu stjórnarflokkanna 1. gr. þessa frv., og ég fæ satt að segja ekki séð, hvers konar ástæður eru til þess, og finnst farið þarna inn á nokkuð nýjar brautir, sem séu að ýmsu leyti óheppilegar. Áður var þetta svo, að það var ákveðið, að fjórir menn væru kosnir af Alþingi og fimmti maðurinn var stjórnskipaður. Þetta er fyrirkomulag, sem tíðkazt hefur um ýmsar nefndir hjá okkur í ríkiskerfinu. Þetta er svo um ýmis bankaráð t. d. og hefur lengi verið og annað slíkt, svo að það er ekki beint neitt nýtt fyrirkomulag, að hæstv. ríkisstj. skipi fimmta mann, þegar Alþingi kýs fjóra, eða þá að hann sé embættismaður ríkisins sjálfskipaður.

Nú hins vegar er þessu breytt þannig, að það á að vera sex manna n., sem með þetta fer, og ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. á raunverulega að fara þarna með tvö atkvæði. Það er mjög óviðkunnanlegt fyrirkomulag: Í fyrsta lagi vegna þess, að embættismaður ríkisins er látinn fá þarna alveg sérstakt vald, sem áður hefur ekki tíðkazt gagnvart Alþ., meira vald en nokkur af þeim mönnum, sem Alþingi kýs, vald, sem þýðir það, að þessi embættismaður getur með stærsta flokki þingsins tekið ákvarðanir á móti meiri hl. Alþingis. Þótt fulltrúar þeir, sem t. d. Alþfl., Alþb. og Framsfl. ættu þarna í, stæðu saman um eitthvert mál, getur ráðuneytisstjórinn ásamt þeim tveimur fulltrúum, sem Sjálfstfl. eftir núverandi hlutföllum mundi fá, tekið ákvarðanir á móti þeim, sem fulltrúarnir fyrir meiri hl. Alþingis vilja, og það er óviðkunnanlegt.

Það liggja nú fyrir till. um, að þetta verði fimm manna n. Það er líka hugsanlegur möguleiki, alveg eins og að hafa fimm manna n.,

þar sem fjórir væru kosnir af Alþingi, að hafa þá fimm manna n. kosna af Alþingi. En þetta fyrirkomulag með sex manna n., þar sem raunverulega séu sjö atkv. og ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. geti haft tvö, það kann ég ekki við.

Ég er líka hræddur um, að þarna komi nokkuð annað til greina. Fyrir utan það hreint stjórnarfarslega, sem við þetta er að athuga og ég nefndi áðan, þá er það pólitiskt við þetta að athuga frá mínu sjónarmiði, að það liggja fyrir yfirlýsingar nú í sambandi við einmitt þessa löggjöf, að Sjálfstfl. er henni raunverulega andvígur, að Sjálfstfl. álítur, að það eigi ekkert verðlagseftirlit að vera í landinu. M. ö. o.: hann hefur kannske fallizt hér á einhver lög, sem hann ætlar að lofa að fara í gegnum Alþ., en hann vill raunverulega helzt gera að engu, og það hefur ekki farið neitt leynt síðustu dagana, komið alveg greinilega fram, m. a. í yfirlýsingum í leiðurum Morgunblaðsins, að Sjálfstfl. er alveg á móti verðlagseftirlitinu og álítur það illa nauðsyn, og aðalmálgagn Sjálfstfl. hefur þannig alveg tekið undir við vissa af fulltrúum flokksins hér á Alþingi um, að þetta eigi raunverulega að þolast til sem allra skemmsts tíma.

Ég skal viðurkenna, að það er ekki nema rökrétt hjá Sjálfstfl., að svo miklu leyti sem hann hugsar út frá sjónarmiði verzlunarauðvaldsins, að hugsa þannig. Það kerfi, sem hér er verið að innleiða nú, grundvallast á þeirri siðferðisreglu, ef ég má nota svo fallegt orð um þann hlut, að hver eigi að græða sem bezt hann getur, og ef menn ekki passi sig sjálfir að láta ekki flá sig, megi þeir, sem sterkir eru, flá þá, sem smærri eru, eins freklega og þeim frekast er mögulegt. En það hefur hingað til verið álitið, að ríkið eða þjóðfélagið ætti að reyna að setja einhverjar skorður við því, hvernig þeir sterku geti farið með þá veiku. Hins vegar virðist takmarkið eftir yfirlýsingu Sjálfstfl. vera það, að sem fyrst eigi að skapa þarna það frelsi, að úlfarnir geti étið lömbin.

Það er þess vegna yfirlýst frá hálfu Sjálfstfl., að þetta verðlagseftirlit sé skoðað frá hans hálfu sem ill nauðsyn til sem allra skemmsts tíma. Mér er spurn: Hver mun vera afstaða ráðuneytisstjóra viðskmrn., ef á að fara að skikka þann mann sem sérstakan embættismann til þess að fá sérstök völd til þess að geta skapað meiri hluta á móti meiri hluta Alþingis í n., sem Alþingi annars kýs, fá völd á við tvo af fulltrúum Alþingis í slíkri n. og geta þannig ráðið, þegar hann vill, með einum flokki þess, Sjálfstfl., um, hvaða niðurstöðu sé þarna komizt að? Það er a. m. k. ekkert undarlegt, þó að maður vildi gjarnan vita um slíkar skoðanir. Ég veit t. d. ekki, hvort slíkur ráðuneytisstjóri mundi skoða það sem sitt hlutverk að fara í öllum slíkum málum einvörðungu eftir áliti síns ráðh. Ef það lægi fyrir, að ráðuneytisstjóri í viðskmrn., sem settur væri í slíkt embætti af hálfu Alþingis með slíkum lögum, liti svo á, að hann væri þarna ekki sem bara ráðuneytisstjóri, heldur sem fulltrúi síns ráðh., þannig að það væri ráðh., sem raunverulega færi með þessi atkv., þá náttúrlega lítur málið á vissan hátt dálítið öðruvísi út, og það væri þá a. m. k. gott, að það kæmu yfirlýsingar um það, ef það væri svo.

Eigi hins vegar t. d. núv. ráðuneytisstjóri í viðskmrn., — ég veit ekkert, hvenær það kann að breytast, hann er ráðuneytisstjóri í fleiri rn., og það virðast miklar tilhneigingar núna á Alþingi til að fjölga hálaunuðum embættum, þannig að það má vel vera, að það verði einhverjar breytingar þar á, — en eftir því sem við alþm. þekkjum skoðanir ráðuneytisstjórans í viðskmrn. nú, virðist hann trúa á frelsið, trúa á það, að allir hlutir tempri sig bezt sjálfir. Það komi það bezta út, þegar menn séu látnir slást, hver sem betur getur, og það á náttúrlega líka við um verðlag og undirboð og yfirboð og verðlagsmyndun og að frjáls samkeppni fái yfirleitt að ríkja. Mér sýnist það vera hans skoðun, og mér þætti þá ekki ólíklegt, að hann væri á einhverri svipaðri skoðun og fram hefur komið hjá Sjálfstfl. hér, að máske væri þetta ill nauðsyn til skamms tíma, að dandalast með þetta verðlagseftirlit, kannske m. a. af því, að Alþfl. hafi e. t. v. aldrei þessu vant sótt eitt mál dálítið fast. Mér sýnist nú satt að segja eftir þeim yfirlýsingum, sem ég hef heyrt hér á Alþingi í þessu máli, að það séu bara þessir tveir flokkar, Alþfl. og Alþb., sem séu raunverulega með því, svo að það standi ekki á allt of öruggum grundvelli, þannig að ef ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. skyldi vera á einhverjum svipuðum skoðunum viðvíkjandi verðlagsmyndun og hann hefur verið um, hver gifta það sé að fá frjálsa verzlun að öðru leyti, lízt mér ekkert á að gefa honum slíkt vald.

Ég álít þess vegna, að annaðhvort væri réttast að færa þetta til þess forms eins og það var, þegar við fulltrúar þriggja flokka í fjhn. þessarar d. samþ. málið, eins og það fór frá Nd., eða þá, ef ég fyndi það á stjórnarflokkunum, að þess væri enginn kostur að fá slíka breyt., þá álít ég, að það kæmi til mála líka að samþ. þá brtt., sem liggur fyrir á þskj. 597.

Ég held, að þegar ákvarðanir eru teknar um það að kjósa svona n. á Alþ., eigi ábyrgðin þar fyrst og fremst að hvíla á Alþingi og valdið að vera hjá því og það eigi ekki að vera að rugla því á þann hátt, sem þarna er gert, og sízt af öllu álít ég, að það eigi að stofna til þess, að ákveðinn embættismaður í ríkiskerfinu geti haft vald til þess að hindra það, sem meiri hl. þeirra fulltrúa, sem kosnir væru á Alþingi, ella vildi. Ég held, að menn ættu ekki að rugla saman embættisvaldi og valdi Alþingis í þessum efnum.

Hins vegar viðvíkjandi verðlagsdóminum og þeirri breyt., sem Ed. hefur gert á honum, sýnist mér það vera út af fyrir sig góð breyt. og sé rétt að halda henni. Það er vitanlegt,

að verðlagsdómur hefur komið að allgóðu haldi, og ég fæ satt að segja ekki séð, að það séu neinar ástæður til þess að draga úr því öryggi, sem í honum eigi að vera, ef verðlagseftirlit á annað borð á að standa. Það hefur kostað allmikla baráttu áður meira að segja að fá fram þann dóm og fá fram þær rannsóknir, sem felldar hafa verið í verðlagsdómi og mesta eftirtekt vakið, og menn hafa séð af því, sem síðast hefur gerzt, að það mun ekki vanþörf á að halda þeim dómi sem sterkustum.

Ég vænti þess vegna raunverulega nánari skýringa frá hálfu stjórnarflokkanna á þessari breyt. viðvíkjandi 1. gr., m. a. þeirra meðnm. minna, sem sammála voru mér um að afgreiða málið frá þessari hv. d. eins og gert var, um, hvernig á þessari breyt. stendur. Maður hélt satt að segja, að það hefði verið búið að athuga þetta mál svo vel af ríkisstj. áður, a. m. k. kom það svo seint fram, að það hefði átt að vera orðið nokkurn veginn fullbúið. Það er engan veginn skemmtileg aðferð, sem stundum hefur tíðkazt og hefur síður en svo gefizt vel, að Ed. sé á síðustu dögum þingsins að taka upp á því að breyta frv., sem Nd. er búin að vinna vel að og afgreiða á þann hátt, sem menn hafa venjulega hugsað sér að afgreiða mál frá Alþingi. Það getur orðið ríkissjóði nokkuð dýrt, kannske kostað nokkra tugi milljóna króna. Menn muna eftir því fyrir 10 árum í sambandi við áburðarverksmiðjuna og hvað búið er að standa út af því, og ég held, að það sé ekki rétt að koma Ed. upp á að vera að hringla svona með frv., sem Nd. er búin að vinna vel að. Þess vegna er ég alveg á móti því, ef ekki koma fram nein sérstök og góð rök fyrir þessari breyt., og álít, að hv. d. eigi að halda fast við það, sem hún ákvað í þessum málum áður.

Forseti (BGr): Ég vil biðja þingmenn um að sýna öðrum deildum þingsins tilhlýðilega virðingu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hv. síðasti þm. sagði um Ed., er ég honum ekki að öllu leyti sammála. Ég álít, að sú breyt., sem Ed. hefur gert á ákvæðunum um verðlagsdóminn, sé til bóta og eigi þess vegna að standa. Öðru máli gegnir svo um þá breyt., sem d. hefur gert á 1. gr., en við þá grein hef ég borið fram sérstaka brtt. og aðra til vara og vil ég aðeins gera stutta grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess liggja.

Ég hef áður staðið að till. um skipan verðlagsdóms eða verðlagsnefndar réttara sagt, sem væri skipuð á þann hátt, að viðkomandi stéttir tilnefndu nm., þ. e. neytendur annars vegar og svo fulltrúar verzlana og verzlanafyrirtækja hins vegar. Þegar ég stóð að þeirri brtt., hafði ég það fyrirkomulag til hliðsjónar, sem hefur verið í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða og hefur gefizt vel þar, og ég taldi ekki óeðlilegt, að slíkt fyrirkomulag gæti einnig gefizt vel í þessu sambandi. Og það er líka rétt að athuga, að hvaða afstöðu sem menn hafa til kaupmannastéttarinnar og verzlunarfyrirtækja yfirleitt, finnst mér, að það sé sanngirnismál, að þeir aðilar fái samningsrétt um hagsmunamál sín í samræmi við það, sem aðrar stéttir hafa, og ég sé ekki, að það eigi að stafa nein hætta af því, ef það er gert með líkum hætti og nú er gengið frá verðlagsákvörðunum landbúnaðarins.

Hv. d. féllst ekki á þessa brtt., sem ég hafði flutt ásamt öðrum þm. um þetta efni, og virðist enn ekki vera þeirrar skoðunar, að það sé rétt að veita verzlunarfyrirtækjum og verzlunarstéttinni samningsrétt um þessi hagsmunamál sín, og hefðu menn þó getað búizt við því, að afstaða Sjálfstfl., eftir allar hans yfirlýsingar um þessi mál, hefði ekki orðið á þá lund, að hann stuðlaði að því, að slík till. væri felld.

Nú hefur orðið nokkur breyt. í Ed. á því fyrirkomulagi á skipan verðlagsnefndar, sem Nd. gekk frá, á þá leið, að í staðinn fyrir, að Nd. gerði ráð fyrir því, að í verðlagsnefndinni væru fimm nm., ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. og 4 þingkjörnir menn, þá er nú gert ráð fyrir 5 þingkjörnum mönnum og ráðuneytisstjóranum að auki og hann hafi tvö atkv., ef jöfn atkv. verða í n. Ég tel, að þessi breyt. sé til hins verra. Ég áleit strax, að það væri óheppilegt fyrirkomulag, og flutti brtt. í sambandi við það að láta ráðuneytisstjórann í viðskmrn. sitja í verðlagsnefndinni, vegna þess að það væri óeðlilegt af ýmsum ástæðum, að ráðuneytisstjóri fjallaði sérstaklega um þessi mál og hefði þetta sem aukastarf, að það væri heldur óheppilegt að gera ráðuneytisstjóra að eins konar oddamönnum í slíkum gerðardómum eins og þessum og það samræmdist ekki starfi þeirra. Þess vegna flutti ég í Nd. við 3. umr. þá brtt., að í staðinn fyrir ráðuneytisstjórann væri oddamaður tilnefndur frá hæstarétti. Það fékkst ekki samþ. En nú, þegar búið er að breyta þessu fyrirkomulagi í það horf að tilnefna 5 nm. af Alþ., sýnist mér, að það eigi ekki lengur að vera þörf fyrir ráðuneytisstjórann sem oddamann, því að það er þá orðinn þegar oddamaður af hálfu hinna þingkjörnu manna til staðar, þar sem þeir eru orðnir 5, og þá sé eðlilegt að fella ráðuneytisstjórann alveg niður, samkv. þeirri röksemd, sem ég hef hér áður flutt og minnzt á núna, að það sé óeðlilegt að hafa ráðuneytisstjóra fyrir oddamann í slíkri nefnd. Og satt að segja veit ég ekki heldur, hvernig það á að vera framkvæmanlegt, á meðan núv. ráðuneytisstjóri er í viðskmrn., vegna þess að til viðbótar starfi sínu þar er hann líka ráðuneytisstjóri í efnahagsmrn., og ef á að fara að leggja þetta starf á hann til viðbótar, að vera formaður og oddamaður í verðlagsnefnd, sér maður ekki með góðu móti, hvernig hann á að geta komizt yfir það. Af því að því hefur verið haldið fram af hæstv. ráðh., að þetta sé alveg sérstaklega dýrmætur maður, er ég næstum undrandi yfir því, að þeir skuli vilja

leggja svona mikla vinnu á hann og reyna ekki að spara hann betur, og sú ástæða ætti m. a. að geta ýtt undir það, að þeir féllust á þá breyt., sem er í till. minni um að fella þátttöku hans í verðlagsnefndinni alveg niður og hafa n. aðeins skipaða hinum 5 nm., sem eru kjörnir af Alþ. Sú skipan er ríkjandi nú á mörgum sviðum. T. d. í því máli, sem kemur fyrir hér næst á eftir, er bankaráð Búnaðarbankans fært í það horf að vera skipað 5 mönnum kosnum af Alþ. og af ríkisstj. haldið fram, að það sé sérstaklega heppilegt fyrirkomulag þar. Mér fyndist, að það væri þá ekki óeðlilegt, þó að það gæti einnig átt við um verðlagsnefndina, að hafa þar aðeins 5 menn, sem eru kjörnir af Alþingi. Ef hins vegar það fæst ekki fram, að í verðlagsnefndina væru aðeins 5 menn kjörnir af Alþingi, og ef hæstv. ríkisstj. heldur fast við það að láta ráðuneytisstjórann vera formann í verðlagsnefndinni, er það ákaflega óvarlegt fyrirkomulag að láta hann sitja þar, vera þar með tvö atkvæði, ef atkv. verða jöfn, og láta hann mega sín þar meira en þá menn, sem eru kosnir á Alþ. Ég álít, að við þingmenn eigum að hafa það traust til Alþingis og bera það mikla virðingu fyrir því, að við eigum að telja menn, sem eru kjörnir af því, eiga að vera rétthærri en menn, sem eru tilnefndir í einhverja nefnd vegna þess, að þeir gegna einhverju starfi um tíma og tíma, og þess vegna, ef nm. eru hafðir 6, eins og gert er ráð fyrir núna í frv., sé eðlilegra, að það sé meiri hl. þingkjörinna nm., sem skeri úr, ef atkv. verða jöfn í n., en ráðuneytisstjórinn sé ekki látinn hafa tvöfaldan atkvæðisrétt á við hina undir þeim kringumstæðum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hefði talið langheppilegast, að það fyrirkomulag væri haft á þessum málum, að fulltrúar viðkomandi stétta fengju að semja um það og að verzlunarmannastéttin fengi að því leyti samningsrétt eins og aðrar stéttir njóta nú. En fyrst hæstv. ríkisstj. fellst ekki á það, held ég, að það sé heppilegasta fyrirkomulagið að hafa þingkjörna nefnd til þess að annast þetta mál, og vænti þess vegna, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar endurskoði afstöðu sína til 1. gr. og athugi það, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirkomulag, sem felst í minni till. Meiri hl. þeirra í n. á eftir sem áður að vera tryggður, og þeir ættu þess vegna ekki að hafa á móti henni af þeirri ástæðu.

ATKVGR.
Brtt. 597 felld með 21:15 atkv.
— 597 varatill. felld með 21:13 atkv.
— 617,1 samþ. með 21:14 atkv.
— 617,2 samþ. með 21:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A 618).

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

---

35. Háskóli Íslands.

Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands** [175. mál] (stjfrv., A. 535).

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að formi til er þetta frv. um stofnun þriggja prófessorsembætta við háskólann, tveggja í læknadeild og eins í verkfræðideild. Í reynd er hér þó eingöngu um breyt. á starfsheiti og skipulagi að ræða, en engan veginn stofnun þriggja nýrra embætta. Öll þau störf, sem nú er gert ráð fyrir að unnin verði við háskólann, ef þetta frv. nær fram að ganga, eru þegar unnin, sumpart við háskólann og sumpart við aðrar opinberar stofnanir, svo að samþykkt þessa frv. hefur þá þýðingu eina sumpart að löghelga störfin og sumpart að koma í kring skipulagsbreytingu, sem þeir, sem um málið hafa fjallað, hafa talið eðlilega og sjálfsagða. Þess vegna mun enginn kostnaðarauki hljótast af samþykkt þessa frv. fyrir ríkissjóð. Öll störfin eru þegar unnin og greidd af opinberu fé.

Þessi prófessorsembætti, sem frv. fjallar um, eru þrjú. Hið fyrsta er við læknadeild háskólans í geðveikifræðum. Í ágústbyrjun 1958 varð staða yfirlæknis á Kleppi laus við fráfall dr. Helga Tómassonar. Yfirlæknisstaðan var auglýst laus til umsóknar 1. okt. s. á. með umsóknarfresti til 1. jan. 1959. En um svipað leyti gerði þáv. landlæknir till. um það, að yfirlæknisembættið yrði sameinað prófessorsstöðu við háskólann, og hlaut sú till. fylgi læknadeildar háskólans og Læknafélags Reykjavíkur. Þess vegna var frv. um það efni flutt vorið 1959, en náði ekki það ár fram að ganga, m. a. vegna þeirra stjórnarskipta, sem þá höfðu orðið, og þeirra kosninga tvennra, sem fram fóru á því ári. Núv. landlæknir hefur einnig fjallað um þetta mál og sömuleiðis lýst fylgi sínu við þá tilhögun, að yfirlæknisstaða á Kleppi og prófessorsembætti við háskólann verði gert að einu starfi, svo sem hér er lagt til.

Þess má geta, að þótt yfirlæknisstörf séu

nokkru hærra greidd, ef þeim fylgir prófessorsstaða, heldur en yfirlæknisstaðan ein, þá annast nú kennslu í geðveikrafræðum dósent, en sú staða mundi að sjálfsögðu falla niður, ef þetta frv. næði fram að ganga og stofnað yrði prófessorsembætti í geðveikifræðum og prófessorinn hefði jafnframt á hendi yfirlæknisstörf við geðveikrahælið á Kleppi.

Um hina prófessorsstöðuna í læknadeild er það að segja, að þar er um að ræða prófessorsstöðu í efnafræði. Trausti Ólafsson efnafræðingur hefur um næstum þrjá áratugi gegnt því starfi, en lætur nú af störfum af heilsufarsástæðum. Prófessor Trausti hefur haft prófessorsnafnbót og prófessorslaun, þó að starfið hafi ekki verið bundið í lögum um háskólann. Sú eina breyt., sem mundi verða, ef þetta frv. nær fram að ganga, er sú, að starf það, sem prófessor Trausti hefur gegnt, yrði nú talið með reglulegum prófessorsstöðum við háskólann, þannig að hægt yrði að veita það nýjum manni sem prófessorsstöðu. Áhrif á launakjör hefði það engin, þar sem prófessor Trausti hefur um meira en 20 ára skeið haft prófessorslaun.

Um þriðja prófessorsembættið, í eðlisfræði í verkfræðideild, er það að segja, að á vegum kjarnfræðinefndar Íslands hefur undanfarin ár starfað eðlisfræðingur sem framkvæmdastjóri og hefur hann og kjarnfræðinefndin verið ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðimálum. Vegna ráðuneytisstarfs kjarnfræðinefndar hefur Alþ. veitt kjarnfræðinefndinni 100 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum undanfarin ár. Nú þykir kjarnfræðinefnd og verkfræðideild eðlilegt, að verkfræðideild háskólans takist þetta ráðuneytisstarf á hendur, enda verði þá fjárveitingin, sem hingað til hefur gengið til kjarnfræðinefndarinnar, flutt yfir til verkfræðideildar háskólans í næstu fjárlögum. Er þá gert ráð fyrir því, að framkvæmdastjórastarf við kjarnfræðinefndina leggist niður, en í stað þess komi prófessor í eðlisfræði við verkfræðideild háskólans. Laun þau, sem framkvæmdastjóri kjarnfræðinefndar hefur notið, eru mjög svipuð prófessorslaunum, svo að 100 þús. kr. fjárveitingin, sem kjarnfræðinefnd hefur haft, gerir meira en duga til þess að standa undir kostnaði við hið nýja prófessorsembætti.

Kjarnfræðinefndin hefur haft nokkurt skrifstofuhald, sem hins vegar ætti að geta fallið niður, ef þessi skipun kemst á, þar eð háskólinn ætti að geta annazt það skrifstofuhald, sem verið hefur á vegum n. og framkvæmdastjóra hennar undanfarið.

Það er von mín, að þær skipulagsbreytingar, þær formsbreytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verði ekki deiluefni hér í hv. d. og að hún sjái sér fært að afgreiða frv. svo tímanlega, að það geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Það er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum. Það er nauðsynlegt að auglýsa sem allra fyrst prófessorsembættið í geðveikifræðum til þess að koma endanlegri skipun á þau mál. Prófessor Trausti Ólafsson mun ekki geta hafið kennslu í efnafræði á næsta hausti, þannig að nauðsynlegt er að ráða mann til efnafræðikennslunnar fyrir næsta haust. Og það er eðlilegt að koma sem allra fyrst á þeirri skipulagsbreytingu, að ráðunautarstörf í kjarnfræðimálum flytjist frá kjarnfræðinefndinni yfir til verkfræðideildar háskólans. Ég vildi þess vegna leyfa mér að óska þess, að hv. menntmn. tæki frv. sem fyrst til meðferðar, og leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur orðið við óskum ríkisstj. um að hraða afgreiðslu þessa máls og hefur þegar komið saman til að ræða frv. Nefndin fékk á sinn fund hæstv. menntmrh. og bauð einnig á sinn fund hv. 9. þm. Reykv. (AGl) sem sérfræðingi í geð- og taugasjúkdómafræðum, en um þau fræði fjallar eitt af þeim embættum, sem hér um ræðir.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því að lögfesta þrjú prófessorsembætti. En í raun og veru er hér ekki um ný störf að ræða. Hér er í öllum þremur tilfellunum um að ræða störf, sem hafa verið til, og því skipulagsbreyting eða formbreyt., sem um er að ræða.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða að lögfesta prófessorsembætti í efnafræði við læknadeildina. Þessu embætti hefur Trausti Ólafsson efnafræðingur gegnt um langt skeið við góðan orðstír. Hann lætur nú af störfum. En það hefur komið í ljós, að formlega hefur embættið verið bundið við hans nafn, og það er ekki hægt að auglýsa það eða skipa í það eftirmann, nema það verði fest í lög. Er því væntanlega óumdeilt, að embætti þessu verði bætt inn í háskólalögin.

Í öðru lagi er hér um að ræða stofnun prófessorsembættis í geð- og taugasjúkdómum. Aðdragandi málsins er sá, að um langt árabil gegndi yfirlæknir á Kleppi einnig kennslustörfum í þessum greinum við háskólann. Þegar yfirlæknisstaðan var auglýst laus eftir fráfall dr. Helga Tómassonar 1958, benti landlæknir á, að rétt væri að gera nú úr þessu embætti prófessorsembætti, sem jafnframt væri yfirlæknisembætti, á svipaðan hátt og gert er með sameiningu á prófessorsembættum og yfirlæknisembættum við landsspítalann. Við meðferð málsins komu upp tvö ólík sjónarmið. Annað er það að hafa þetta prófessorsembætti tengt yfirlæknisembættinu á Kleppi. Hitt sjónarmiðið var, að nauðsynlegt

væri að stofna sérstaka geðveikradeild við landsspítalann, aðalsjúkrahús landsins, þegar slík deild væri komin á laggirnar, mundi eðlilegast, að prófessorsembættið við háskólann í þessum fræðum væri tengt deildinni við landsspítalann. Þetta mun hafa orðið til þess, að málið var ekki afgr. á sínum tíma. En nú standa sakir svo, að landlæknir og forráðamenn læknadeildarinnar, svo og þeir hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir, hæstv. heilbrmrh. og hæstv. menntmrh., eru sammála um, að rétt sé að stefna að því að koma upp slíkri deild við landsspítalann, og liggur raunar fyrir yfirlýsing um, að í áætlunum um hina nýju landsspítalabyggingu sé gert ráð fyrir slíkri deild. Þegar slík deild verður tilbúin, sem því miður getur ekki orðið fyrr en eftir 3—4 ár, þá sé sjálfsagt, að prófessorsembættið við háskólann í geðsjúkdómafræðum verði tengt þeirri deild, en þangað til deildin verður sett á laggirnar, finnst þessum aðilum eðlilegast og sjálfsagt, að prófessorsembættið sé tengt yfirlæknisstarfinu á Kleppi. Menntmn. hefur fallizt á þetta sjónarmið, eftir að hafa rætt það m. a. við hv. 9. þm. Reykv., sem var nokkur aðili að einni skoðun um málið, þegar það var hér til meðferðar áður. Í nál. segir svo, að nm. áskilji sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Þetta var sett inn í álitið á fundi nefndarinnar s. l. laugardag með tilliti til þess, að nm. töldu eðlilegt, að það væri sett örlítið nánari skilgreining á því inn í frv., að ætlun manna væri sú, að þetta prófessorsembætti tengdist í framtíðinni öðru geðveikisjúkrahúsi en Kleppi. Þetta var rætt við nokkra af þeim aðilum, sem málið heyrði undir, og er nú svo komið, að ég vil flytja hér brtt., sem er á þá leið, að í 2. gr. þessa frv., sem fyrir liggur, þar sem segir, að prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði skuli vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, bætist við þessi orð: „unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika". Þá er það tryggt í lögum, að þetta skipulagsatriði verði tekið til endurskoðunar, strax og fyrir liggur önnur sjúkradeild fyrir geðveika. Það er ekki bundið við landsspítalann, sökum þess að ýmsir læknar telja hugsanlegt, að slík deild gæti eins orðið við bæjarsjúkrahúsið, en hvor þeirra, sem fyrr kæmist á fót, yrði til þess, að þetta ákvæði endurskoðaðist. Það var um þetta atriði rætt og nm. sammála um þetta á laugardaginn var, en ekki gengið frá till. þá vegna þess, að það var talið rétt að ræða hana við nokkra aðila, og þess vegna flyt ég þessa till. formlega, þótt ég geri ráð fyrir því, að ef tími hefði verið til eða ástæða til að halda sérstakan nefndarfund um það, hefðu aðrir nm. fallizt á, að n. í heild flytti till., því að allir voru sammála um þetta atriði á fundinum s. l. laugardag. — Þetta var um prófessorsembættið í geð- og taugasjúkdómum að segja.

Þriðja embættið, sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta, er prófessorsembætti við verkfræðideild háskólans. Um nokkurt skeið hefur verið til kjarnfræðinefnd Íslands, sem hefur fengið 100 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum. Þetta fé hefur verið notað til þess að kosta einn starfsmann, ungan eðlisfræðing, sem hefur fjallað um kjarnorkumál fyrir ríkisstj. landsins. Hefur þótt sjálfsagt fyrir íslenzka lýðveldið að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að ekki geti gerzt hlutir á hinu tæknilega sviði kjarnorkunnar í öðrum löndum, sem kynnu að hafa áhrif á hag okkar eða afkomu, án þess að nokkur maður vissi um það hér á landi. Það hefur því verið talið sjálfsagt öryggisatriði í þessum efnum og öllu kjarnorkunni viðkomandi, að íslenzka ríkið hefði í sinni þjónustu a. m. k. einn færan ungan mann, sem hefði það að aðalstarfi að fylgjast með þessum málum. Nú er það talið eðlilegt, að þetta starf verði flutt frá kjarnfræðanefnd og inn í verkfræðideild háskólans, þar sem þessi sami maður gæti stundað nokkra kennslu og einnig tekið þátt í öðrum eðlisfræðistörfum, sem þar eru unnin, m. a. mælingum á geislavirkni lofts og annarra hluta hér á landi. Ungur eðlisfræðingur hefur haft þetta starf, en hefur nú um a. m. k. eins árs skeið verið ráðinn til starfa við Busch-stofnunina í Kaupmannahöfn, og þykir það bera vott um traust í hans garð. Er það vitað mál, að þeir menn, sem að þessu standa, vilja ekki sízt gera þessa breyt. til þess að geta tryggt þjóðinni starfskrafta hans áfram, jafnframt því sem þessum málum er komið á fastan fót og í eðlilegan farveg.

Menntmn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ., og legg ég hér fram skriflega brtt. um efni, sem n. varð sammála um á fundi sínum og ég hef þegar lesið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 565) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós óánægju yfir því, hve seint þetta frv. er fram komið, þar sem það er ekki lagt fram á Alþ. fyrr en komið er að þingslitum, þó að það virðist hins vegar, að það hefði verið mjög auðvelt að leggja það fyrr fram. En ég álít, að það séu ekki sízt slík mál eins og þessi, sem Alþ. eigi að fá nægan tíma til þess að athuga, þegar um það er að ræða að stofna ný embætti, og þetta segi ég burt séð frá því, hvort þau embætti, sem hér um ræðir, séu nauðsynleg eða ekki. Ég álít, að við þurfum yfirleitt að stinga þannig við fótum í sambandi við embættismannafjölgun, að þingið eigi að fá nægilegan tíma til að athuga það í hvert skipti, sem farið er fram á fjölgun embættismanna af hálfu ríkisstj., og þess vegna segi ég þetta með tilliti til þess, að ég álít, að það eigi að vera almennt venja, að þegar ríkisstj. leggur til, að embætti séu stofnuð, þá sé það gert svo tímanlega, að þm. geti fengið nægan tíma til að kynna sér alla málavexti.

Því er að vísu haldið fram í grg. frv., að hér

sé ekki um ný embætti að ræða. En mér sýnist þó á því, sem kemur fram í áliti landlæknis, að a. m. k. eitt embættið, stofnun prófessorsembættis í geð- og taugasjúkdómafræði, muni innan tíðar eða mjög fljótlega hafa það í för með sér, að stofnað verði annað embætti á eftir. En það kemur fram í áliti landlæknis, að hann telur starf Kleppsspítalans nú orðið slíkt og verkefnið þar svo fjölþætt, að ofviða megi kallast einum manni að sinna öllu í senn án aukinnar læknisaðstoðar frá því, sem nú er, stjórn sjúkrahússins, umönnun sjúklinga með allar tegundir geðsjúkdóma og kennslu í geðsjúkdómafræðum. Þess vegna sýnist mér, þó að það verði ekki kannske beinlínis niðurstaðan á þessu þingi, að þá mundi það mjög fljótlega, ef þetta prófessorsembætti verður stofnað núna og tengt saman við yfirlæknisstöðuna á Kleppi, leiða til þess, að stofnað verði annað yfirlæknisembætti þar. Og þetta er dálítið sýnishorn þess, að þegar verið er að koma á nýjum embættum, er jafnan byrjað á að segja, að þetta muni engan aukakostnað hafa í för með sér og til þeirra útgjalda, sem því fylgi, sé raunverulega búið að stofna áður. En áður en varir er þetta komið í þann farveg, að það þarf að bæta nýju embætti við sem afleiðingu af því, sem áður hefur verið gert og hefur verið fóðrað með því, að ekki yrði um frekari embættismannafjölgun að ræða, enda held ég, að það gefi auga leið, að það að stjórna jafnstórum spítala og Kleppsspítalanum á þann veg, að það fari sæmilega vel úr hendi, hlýtur að vera svo veigamikið starf, að það sé ofvaxið hverjum manni að ætla ofan á það að bæta því á sig að vera prófessor við Háskóla Íslands og gegna því starfi svo, að vel sé.

Hitt dæmið, sem hér liggur fyrir, í sambandi við aukninguna í verkfræðideildinni, sýnir líka, hvernig embætti verða til. Það er byrjað á því að láta ungan mann hafa einhvern styrk til kjarnfræðirannsókna, og áður en varir, er þetta komið inn á þá braut, að það þykir nauðsynlegt að gera þetta að föstu starfi og að prófessorsembætti.

Mér finnst ástæða til að segja þetta hér til þess að vekja athygli á því, hvernig embætti verða yfirleitt til, og ef sú þróun á ekki að halda hér áfram, eins og verið hefur að undanförnu, að embættismannakerfið fari sívaxandi, þarf að fara að stinga betur við fótum. Alþ. þarf að veita þessum málum meiri athygli en það hefur hingað til gert. Yfirleitt hafa störf þess verið fólgin í því að segja já og amen og leggja blessun sína yfir slíkar till., þegar þær koma frá ríkisstj., í stað þess að slík mál ættu að fá sem vandlegasta athugun hér á þinginu, og helzt ætti það að vera alveg sérstök n., sem hefði það til meðferðar að kynna sér till., sem koma fram um embættismannafjölgun hér í þinginu, en ekki verið að fara í eina eða aðra n. eftir því, hvaða málefni eða hvaða starfssvið viðkomandi embætti snertir. En það er lítið dæmi þess, hvað menn hugsa nú lítið um það að stöðva sig á þeirri braut að fjölga embættum, t. d. það frv., sem var til meðferðar hér í þinginu rétt áðan, þar sem lagt var til að bæta við tveimur nýjum bankaráðsmönnum og einum bankastjóra. En það er einmitt athugunarleysi eða gáleysi, vil ég jafnvel segja, bæði ríkisstj. og Alþ., sem á sinn þátt í því, hve embættismannakerfið hefur þanizt ört út á undanförnum árum og heldur áfram að þenjast út, ef ekki verða settar frekari hömlur til þess að sporna á móti því.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það má vissulega segja, að þetta frv. sé seint fram komið. En ein höfuðástæðan fyrir því, að það kom ekki allmiklu fyrr, var sú, að það, sem e. t. v. er mikilvægast af þessum þrem embættum, sem frv. fjallar um, embættið við læknadeildina, var umdeilt mál áður, og þótti sjálfsagt að bíða eftir umsögn hins nýja landlæknis um það, en hann tók ekki við embætti sínu fyrr en um eða upp úr áramótum. Hann gat ekki skilað þessu áliti þá þegar í stað, svo að þar er að finna eina höfuðástæðuna fyrir því, að málið kom ekki fram þegar í byrjun þings.

En um þau tvö embætti, sem hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) gerði sérstaklega að umtalsefni, vil ég benda á, að málið er hvorugt að koma hér fyrir í fyrsta skipti. Alþ. er áður búið að fjalla allýtarlega um skipan yfirlæknisembættis á Kleppi og prófessorsembættis í geðheilsumálum. Það eru búnar að koma fram mismunandi skoðanir, það er búið að leita álits frá forustumönnum læknadeildar háskólans, frá tveimur landlæknum og frá að ég hygg ýmsum fleiri aðilum, þannig að þar er um að ræða langan aðdraganda með ýtarlegri umhugsun og athugun margra aðila um, hvernig koma megi fyrir þessu máli. Það breytir því, sem hér er að gerast, í engu, þó að á það sé bent, að það hljóti að koma að því, að yfirlæknar á geðveikraspítölum verði fleiri. Þjóðinni fjölgar, og enginn maður hefur mótmælt því, að við þyrftum á að halda betri sjúkrahúsakosti en við höfum haft. Það er ósköp lítið gagn í því að hafa myndarleg sjúkrahús, ef ekki eru á þeim læknar. Þar að auki er þróunin á þessu sviði í þá átt, að geðveikrasjúkdómum er veitt meiri athygli en áður og gert meira til þess að hjálpa þeim sjúklingum, þannig að engan þarf að undra, þó að einhver fjölgun yrði þar. En sú fjölgun er ekki í þessu frv. Þetta frv. gerir ekkert annað en að lögfesta þá skipun, sem verið hefur um langt árabil, að yfirlæknir á Kleppsspítalanum kenni jafnframt við háskólann.

Að vissu leyti má segja sömu sögu um kjarnorkumálin. Ég hefði satt að segja vænzt þess, að stjórnarandstaðan stæði hér upp og gagnrýndi ríkisstj. — og það mætti þá kannske gagnrýna aðrar fyrri ríkisstj. — fyrir að veita ekki kjarnorkumálunum miklu meiri athygli en hér hefur verið gert. Ég verð að segja, að mér finnst það vera algert lágmark til öryggis í þessum málum, sem eru þannig, að

ein smásprengja gæti bundið endi á allt líf hér og annars staðar, að sett var upp þessi kjarnfræðanefnd eða hvað hún hét, tínt saman til hennar örlítið fé, 5000 kr. frá þessum, 5000 kr. frá hinum og svo einn 100 þús. kr. styrkur, og fenginn ungur maður til að starfa þar. Ef það dytti kjarnorkusprengja einhvers staðar nálægt okkur, ef það kæmi geislavirkt ryk hér inn yfir úr einhverjum áttum, ef það gerðist eitthvað á sviði kjarnorkunnar, sem gæti snert okkur annaðhvort til góðs eða ills, þá hygg ég, að menn mundu allt í einu vakna og segja: Hvernig stendur á því, að íslenzka ríkið hefur ekki fylgzt með þessu? Hvernig stendur á því, að þetta, sem er að gerbreyta lífi eða eyða lífi þjóðanna annars staðar í veröldinni, hefur farið fram hjá okkur? En hér er farið eins hóflega og rólega í sakirnar og verjandi er með því að byrja á því að setja upp þessa kjarnorkumálanefnd. Þar með var ríkið eða aðrir aðilar ekki bundnir til framtíðar. Af störfum og mönnum þar hefur fengizt nokkurra ára reynsla, og á þeirri reynslu er það byggt að festa þetta skipulag með því að færa það inn í háskólann, en hér er ekki um að ræða neina aukningu.

Það byggist því ekki á raunveruleikanum, þegar hv. þm. er að tala um, að höfuðatriði þessa frv. byggist á athugunarleysi eða gáleysi eða einhverju slíku. Hér er um að ræða mál, sem hafa haft töluverðan aðdraganda, og formbreytingar, sem hafa ekki nein veruleg útgjöld í för með sér. Er því engin ástæða til, að hv. þm. geti ekki á viku til 10 dögum áttað sig á þessu máli nógu vel til þess að greiða atkvæði með því eða á móti. Ef mönnum finnst tíminn ekki nægilegur, er þó alltaf sú nauðvörn þm. eftir að greiða atkv. á móti, ef hann getur ekki áttað sig á því, um hvað málið snýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 565 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 566).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði vænzt þess, að þessu frv. yrði hér fylgt úr hlaði og höfð framsaga af hálfu ríkisstj. Ég get samt talað um það nokkur orð.

Það er nú svo með þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. um breyt. á 1. um háskólann, að það er ekki hægt annað en að láta í ljós ánægju sína yfir þeirri rausn, sem í því kemur fram í garð háskólans. En samkv. þessu frv. á að stofna þrjú ný prófessorsembætti við Háskóla Íslands. Það er raunar svo, að háskólinn þarf alls ekki að kvarta undan sambúðinni við ríkisvaldið, og það er vissulega viðeigandi að undirstrika það, að yfirleitt — með fáum undantekningum — hefur sambúð ríkisvaldsins og háskólans verið góð. Ríkið hefur í mörgu tilliti gert stórvel við háskólann miðað við getu sína. Það er auðvitað svo, að þegar okkar háskóli er borinn saman við háskóla annarra landa, þá er hann lítill og honum að ýmsu leyti áfátt og hann vanefnum búinn. En þegar tillit er tekið til aðstæðna hjá okkur, þá hygg ég, að ekki verði annað sagt en ríkið hafi yfirleitt búið vel og myndarlega að háskólanum, og mér er ljúft að taka það fram hér, að núv. hæstv. menntmrh. hefur yfirleitt sýnt málefnum háskólans mikinn skilning og góðvilja. Og fyrir þann góðvilja og þann myndarskap, sem ríkið hefur þannig sýnt háskólanum, er ástæða til að þakka. Þess er að vænta, að viðhorf ríkisvaldsins í garð háskólans verði hið sama framvegis, því að vissulega er það svo, að háskólinn á að vera óskabarn þjóðarinnar allrar.

Eins og ég áðan sagði, er þetta frv. um stofnun þriggja nýrra prófessorsembætta við háskólann. Þrátt fyrir það, sem ég áðan sagði um góðvilja ríkisvaldsins í garð háskólans, má þó segja, að í þessu frv. komi fram alveg óvenjulegur höfðingsskapur í garð háskólans. Það hefur stundum áður verið nokkur fyrirstaða á því, eins og eðlilegt er, að fá stofnað, þótt ekki væri nema eitt nýtt prófessorsembætti við háskólann, alveg nauðsynlegt prófessorsembætti. En nú á í einu vetfangi að stofna þrjú ný prófessorsembætti við háskólann. Hér er um svo stórfellda breyt. að ræða, að það er ástæða til að staldra aðeins við við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. og segja um það nokkur orð. Og það, sem gefur mér sérstakt tilefni til þess, er sú meðferð, sem málið hefur sætt hjá hv. Nd.

Ég lít svo á, að það sé eðlilegast, að stofnun kennaraembætta við háskólann eigi sér stað samkv. óskum háskólans sjálfs, að háskólinn sjálfur eigi frumkvæðið að stofnun þeirra kennaraembætta, sem þar eru stofnuð. En um þessi prófessorsembætti, sem þarna er um að ræða, er það að segja, að þar er lagt til, að yfirlæknir við Kleppsspítalann sé gerður að prófessor. Frumkvæðið að stofnun þess embættis er ekki frá háskólanum komið, heldur mun það vera fyrrverandi landlæknir, sem átti hugmyndina að því. Þeirri hugmynd var svo komið á framfæri við læknadeild háskólans og hún gerði um það ályktun á sínum

tíma, 1958, þar sem hún að vísu mælti með þessari hugmynd landlæknis, en benti þó jafnframt á, að hún teldi, að það væri meiri nauðsyn á prófessorsembættum í vissum öðrum greinum, eins og t. d. í kvensjúkdómum o. fl., áður en þetta prófessorsembætti væri stofnað. Um annað prófessorsembætti, sem þarna er lagt til, í efnafræði, er það að segja, að það er meiri formbreyting en efnisbreyting. En um þriðja prófessorsembættið, sem þarna er um að tefla, prófessorsembætti við verkfræðideild, þar sem gert er ráð fyrir, að framkvæmdastjóri eða sá, sem gegnt hefur framkvæmdastjórastörfum hjá kjarnfræðanefnd, verði gerður að prófessor við verkfræðideildina, er það að segja, að háskólinn hefur þar ekki átt að neitt frumkvæði. Hugmyndin um stofnun þessa embættis er komin frá menntmrh.

Ég lít svo á, eins og ég sagði áðan, að það sé eðlilegt, þegar um það er að ræða að stofna ný kennaraembætti við háskólann, að þá sé það háskólinn sjálfur, sem eigi þar frumkvæði að. Nú er það svo, að ég hefði talið það mjög sjálfsagt og eðlilegt, að háskólinn, háskólaráð, hefði fjallað um þetta frv., áður en það væri a. m. k. komið langleiðis í gegnum þingið. En þetta frv. hefur að því leyti sætt óvenjulegri meðferð, að háskólinn hefur ekki til þessa látið uppi álit um það. En ég álít, að af þremur ástæðum a. m. k. væri sérstaklega eðlilegt, að um málið væri ekki verulega fjallað á Alþ., fyrr en háskólinn hefði látið uppi sitt álit. Það er í fyrsta lagi af því, að það er að mínum dómi sjálfsögð kurteisi gagnvart háskólanum og háskólaráði, að því sé gefinn kostur á að tjá sig um mál, sem háskólann varða sérstaklega, og sá háttur mun raunar áður hafa verið á hafður. Það er í öðru lagi af því, að ég tel það skynsamlegast, vegna þess að háskólinn og stjórnvöld hans munu bezt skynbær um það, hver þörf honum sé á nýjum kennaraembættum eða nýjum prófessorsembættum. Og í þriðja lagi svo af því, að það er fyrir hendi skilorðslaus lagaskylda til þess að leggja frv. sem þetta fyrir háskólaráð. Samkv. háskólalögunum er það svo, að þar segir, í 4. mgr. 2. gr. háskólalaganna: „Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leitað umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka svo og nýmæli.“ Og enn fremur segir: „Nú varðar málefnið sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.“ Og þetta ákvæði er endurtekið í reglugerð háskólans, sem staðfest er af forseta Íslands.

Nú má auðvitað segja, að löggjafinn geti ekki bundið hendur sjálfs sín og hann geti vikið frá þessu ákvæði hvenær sem er. En ég veit, að það dettur ekki nokkrum einasta hv. þdm. í hug að fara að halda því fram, að Alþ. og löggjafinn eigi að fara að víkja frá því ákvæði, sem þannig er sett, og sízt af öllu mun hæstv. menntmrh., sem beitti sér fyrir setningu þessara laga á sinni tíð, halda því fram, að það eigi að víkja frá þessu fortakslausa ákvæði.

En sá háttur hefur samt verið á hafður, að þetta frv. var lagt fyrir hv. Alþ., án þess að það væri borið undir háskólaráð, og hv. menntmn. Nd. lét sig hafa það að skila áliti um málið án þess að senda það til umsagnar háskólaráði, enda þótt til þess væri lagaskylda, eins og ég hef bent á. En auðvitað er samkv. þessu ákvæði, sem ég hef vitnað til, gert ráð fyrir því, að frv. sé sent til háskólaráðs, áður en það er lagt fyrir Alþ. Auðvitað má um það deila, hvort bókstafnum sé ekki fullnægt, ef frv. er sent til umsagnar, á meðan það sætir meðferð hér á Alþingi. En eftir að hv. menntmn. Nd. hafði skilað áliti, þar sem hún lagði til, að frv. yrði samþ., sendi hún háskólaráði frv. til umsagnar, en ekki hefur hv. menntmn. Nd. beðið eftir svari háskólans, vegna þess að málið hefur nú verið rætt í Nd. og farið gegnum allar umr. þar og er komið hingað upp í hv. Ed. án þess, að mikið svigrúm hafi gefizt til þess fyrir háskólaráð að athuga þetta frv.

Ég hef viljað taka þetta fram, vegna þess að frá sjónarmiði háskólans er hér ekki um neitt hégómamál að ræða. Hér er um mikið prinsipmál að ræða frá hálfu háskólans, að það sé ekki gengið fram hjá honum í efni sem þessu, og hann verður að standa fast á sínum rétti í þessum efnum, og ég tel það skyldu mína sem fyrirsvarsmanns háskólans að gæta þess, að það sé ekki gengið á rétt hans að þessu leyti.

Þó að seint sé, hefur þó, eins og ég sagði, frv. þetta verið sent til háskólans. Það barst háskólanum í gærdag, og þær deildir, sem þetta snertir, a. m. k. önnur þeirra, hafa þegar haldið fund um málið. Og fundur mun verða haldinn í háskólaráði nú síðdegis í dag, og þá mun háskólaráð láta uppi sitt álit. Og ég vildi nú mega vænta þess, og mér finnst ástæða til þess að taka það fram vegna þess, hversu málinu hefur verið hraðað, tekið hér á dagskrá viðstöðulaust, að það væri ekki afgr. úr hv. menntmn. Ed., áður en þessi umsögn háskólaráðs berst. Ég býst við því, að sú umsögn, sem háskólaráðið lætur í té um þetta, verði jákvæð að því leyti til, að það fallist á, að þessi prófessorsembætti verði stofnuð, enda má segja, að það sé erfitt að gera annað, þegar — eins og einu sinni var sagt — steiktar gæsir fljúga upp í munninn á manni. — En ég kemst þó ekki hjá því að vekja athygli á því, að það er nokkur hængur á þessari aðferð, sem hér er beitt, að því leyti til, að mér sýnist, að með þessu sé stefnt að því að koma yfir á fjárlög háskólans kostnaði við stofnanir og embætti, sem raunverulega tilheyra fremur öðrum málefnaflokkum. Þessu held ég, að til sé að dreifa um starf yfirlæknisins á Kleppi. Það tilheyrir auðvitað heilbrigðismálum. Yfirlæknirinn á Kleppi kennir ekki við háskólann nema á einu litlu námskeiði, og sú námsgrein, sem hann kennir, er ekki sérstök prófgrein þar. Og hvað því

viðvíkur að færa framkvæmdastjóra kjarnfræðanefndar yfir til verkfræðideildar, þá er í raun og veru um sama tilvik þar að ræða. Það er auðvitað sjálfsagt, að það má að einhverju leyti nota starfskrafta hans hjá verkfræðideild, en það er þó ekki beinlínis a. m. k. tekið fram í frv. um hans kennsluskyldu, heldur virðist eftir aths. að dæma hugsunin vera sú, að hann sé ríkisstj. fyrst og fremst til ráðuneytis í kjarnfræðimálum. Það gæti vel verið hugsanlegt, að aðrir vildu fara inn á þessa braut líka. Það væri t. d. hugsanlegt, að seinna væri sett fram till. um það að gera ráðunaut ríkisstj. í utanríkismálum að prófessor við lagadeild háskólans. Lagadeild háskólans mundi væntanlega ekkert hafa á móti því. Og það mætti hugsa sér, að fram kæmi till. um að gera ráðunaut ríkisstj. í efnahagsmálum að prófessor við viðskiptadeildina, og væntanlega mundi ekki verða haft á móti því. En ég held samt, að þetta sé dálítið vafasöm stefna.

Það er að vísu sagt um stofnun þessa prófessorembættis við verkfræðideildina, að því muni ekki fylgja aukinn kostnaður. Það má vel rétt vera. En það er a. m. k. þó þetta, sem ég hef bent á, að með þessu er í raun og veru verið að færa til liði, sem ég tel ekki alls kostar eðlilegt, og í annan stað er það nú svo, a. m. k. um mörg þau störf, sem lúta að raunvísindum, eins og þessi, eða það er a. m. k. reynsla háskólans — og er náttúrlega eðlilegt, að þau kalla á aukinn kostnað, því að þá þarf að koma til rannsóknarstofa og aðstoðarstarfsmenn, þannig að það er nú venjulega svo, að það er ekki bara embættið, sem er verið að setja á stofn.

Þetta mun vera fyrsta breyt., sem gerð er á háskólal. frá 1957, og ég hef viljað setja þessar aths. fram í sambandi við þetta mál vegna þess, að mér finnst ekki hafa verið farið hér að öllu leyti rétt að. En eins og ég sagði áðan, geri ég ráð fyrir því, að háskólaráð láti í té jákvæða umsögn um þetta frv., en ég vildi mælast til þess, að málinu yrði ekki hraðað hér, svo að sú umsögn gæti legið fyrir, áður en n. skilar áliti.

Ég hef hér á engan hátt viljað draga úr því, að þessi prófessorsembætti væru stofnuð, en ég bendi aðeins á staðreyndirnar í sambandi við aðdragandann að þessu, og skoðun mín er sú, að það séu önnur prófessorsembætti og kennaraembætti við háskólann, sem ekki sé síður þörf á, og ég vil segja meiri þörf á en þessum, og ég vil þar sérstaklega tilnefna prófessorsembætti, sem ég tel að ætti að ganga á undan þessu, og það er prófessorsembætti við viðskiptadeild háskólans eða við laga- og viðskiptadeildina, prófessorsembætti í viðskiptafræðum. En það má einmitt segja, að með háskólalögunum sé sérstaklega gefið undir fótinn um stofnun þess embættis, þar sem þar segir, að lagadeildin og viðskiptadeildin skuli verða skildar að, þegar þriðja prófessorsembættið hefur verið stofnað við viðskiptadeildina. Þar hafa ekki verið nema tvö prófessorsembætti. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, að það er of lítið. Það er þörf þar á meiri kennslukröftum. Þau fræði, sem þar eru kennd, verða æ þýðingarmeiri í okkar þjóðlífi, hagfræðileg og viðskiptaleg málefni, og það hefur oft verið rætt um þetta innan d. og þar hafa allir verið á einu máli, og ég hygg, að hæstv. menntmrh. hafi látið það í ljós oftar en einu sinni, að hann mundi beita sér fyrir því, að þetta prófessorsembætti við viðskiptadeildina yrði stofnað. Og við höfðum satt að segja vænzt þess, að það yrði fyrsta prófessorsembættið, sem stofnað yrði, þegar breyt. yrði gerð á háskólalögunum. Ég get upplýst það, að laga- og hagfræðideild hefur þegar haldið fund um þetta mál og hefur einróma lagt til, að tekið yrði upp í þetta frv. ákvæði um stofnun prófessorsembættis í viðskiptafræðum. Það á eftir að fara í gegnum háskólaráð, en ég vænti þess, að ef háskólaráð mælir einnig með því, taki hv. menntmn. þessarar d. það einnig inn í frv. Það mætti að sjálfsögðu segja mörg orð um nauðsyn á því prófessorsembætti, en ég þarf ekki að gera það, og ég veit, að þar er hæstv. menntmrh. mér fróðari, og veit, að hann muni vera mér að öllu leyti sammála um það.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil að endingu endurtaka það, að ég vænti þess, að hv. menntmn. taki vel í þá málaleitun, ef hún kemur, að bæta hér einu prófessorsembættinu við. En ef svo færi mót von minni, að hún gerði það ekki, mun ég flytja við frv. brtt. síðar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér var því miður ekki kunnugt um það, að fundur mundi verða settur hér í hv. d. öðru sinni í dag. Ef ég hefði vitað það, hefði ég að sjálfsögðu verið viðstaddur til þess að fylgja þessu frv. úr hlaði með fáeinum orðum. En ég skal í stað þess nú, þó að þegar hafi verið flutt ræða um málið, fara um það fáeinum orðum og svo bæta við það örfáum atriðum í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v.

Í þessu frv. er lagt til, að stofnuð verði þrjú embætti prófessora við háskólann. Í raun og veru er hér þó ekki í neinu þessara þriggja tilfella um stofnun nýrra embætta að ræða, heldur um skipulagsbreytingu.

Hið fyrsta og elzta málið lýtur að stofnun prófessorsembættis í geðveikrafræðum, og skal prófessorinn einnig vera yfirlæknir við ríkisspítalann á Kleppi. Við spítalann á Kleppi starfar að sjálfsögðu yfirlæknir, og hann er jafnframt kennari í geðveikifræðum við háskólann. Hann hefur meira að segja nýlega verið skipaður dósent í þeim fræðum samkv. breyt., sem nýlega hefur verið gerð á reglugerð um háskólann, um læknadeildina, og hv. síðasta ræðumanni hefur e. t. v. ekki verið kunnugt um. En þetta starf er svo mikilvægt, að allir sérfróðir menn, sem um það hafa fjallað, hafa verið á einu máli, að eðlilegt væri að gera þetta starf hliðstætt prófessorsem-

bættum og yfirlæknisstörfum við landsspítalann, þar sem einmitt svo háttar, að saman fara kennslustörf og yfirlæknisstörf á sjúkradeildum.

Þetta mál er þegar orðið allgamalt. Þegar embætti dr. Helga Tómassonar losnaði við *fráfall hans* í ágúst 1958, var það að sjálfsögðu auglýst. En skömmu síðar kom páv. landlæknir fram með þá hugmynd að breyta starfinu í prófessorsembætti. Með því móti taldi hann miklu líklegra, að hæfir umsækjendur til þessa mikilvæga starfs fengjust. Það mál var lengi á döfinni og var rætt ýtarlega í læknadeild og háskólaráði, og báðir þessir aðilar urðu sammála um að leggja til við menntmrn., að frv. um það efni yrði flutt á þinginu 1958—59. Læknafélag Reykjavíkur fjallaði einnig um það, þannig að segja mætti, að allir aðilar, sem eðlilegt væri að um málið fjölluðu, væru sammála um að óska eftir því, að háskólalögunum yrði breytt á þann veg, að yfirlæknisembætti á Kleppi yrði gert að prófessorsembætti. Um þetta voru sammála háskólaráð, læknadeild, landlæknir og bæði heilbrmrn. og menntmrn. Þess vegna var það frv. flutt. En samt sem áður kom upp um málið nokkur ágreiningur einmitt í þessari hv. d., þar sem í ljós kom, að geðveikralæknar reyndust ekki sammála læknadeildinni og yfirmönnum heilbrigðismálanna um, að þetta væri hin æskilegasta skipan málsins. Þeir óskuðu eftir annarri skipan, sem sagt þeirri, að dósentsembættið yrði haft við landsspítalann, en ekki við Klepp. Átti þetta nokkurn þátt í því, að meðferð málsins tafðist einmitt hér í hv. d. Nokkru síðar gerðust þeir atburðir, að páv. stj. sagði af sér, ný stjórn var mynduð, minnihlutastjórn Emils Jónssonar, sem taldi ekki rétt að leiða þetta mál til lykta, eins og sakir stóðu. Tvennar kosningar fóru síðan í hönd á því sumri, og þegar ný stjórn síðan var mynduð í nóvembermánuði, óskaði núv. heilbrmrh. eftir því, að sá landlæknir, sem vitað var að mundi taka við embætti um s. l. áramót, fengi málið til meðferðar, og var því málið látið bíða embættistöku hans. Nokkru eftir að sá landlæknir tók við störfum, fór heilbrmrh., eins og allir vita, úr landi og var burtu í 2 mánuði, og þess vegna fékk málið ekki endanlega afgreiðslu í núv. ríkisstj., fyrr en eftir að hann kom heim frá dvöl sinni í Genf. Það er ástæðan til þess, að þetta frv., sem að stofni til er frv., sem flutt var á þingi 1958—59, hefur ekki verið borið fram fyrr en nú fyrir skömmu, að það var lagt fyrir hv. Nd.

Ég tel, að þær tafir, sem orðið hafa á meðferð málsins, sumpart hér í þinginu og sumpart hjá stjórnarvöldum, eigi sér allar eðlilegar skýringar. En þetta eru ástæður þess, að málið kom ekki fyrir þetta þing fyrr en raun ber vitni. Það er því misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að þetta frv. sé fyrsta frv., sem fram er borið til breyt. á háskólal. frá 1957. Fyrsta frv. var frv., sem lagt var fyrir þingið 1958—59, um stofnun prófessorsembættis og yfirlæknisembættis við Kleppsspítalann, og það frv. var flutt beinlínis að ósk háskólaráðs og læknadeildar, beinlínis að ósk þessara aðila og raunar fleiri, og þetta frv. er að stofni til það frv., eins og greinilega kemur fram í grg.

Frá háskólanum hafði menntmrn. einnig borizt ósk um stofnun annars prófessorsembættis, þess sem fjallað er um í frv., þ. e. embættis í efnafræði við læknadeildina. Það á sér þá skýringu, að Trausti Ólafsson prófessor, sem kennt hefur við læknadeildina í 28 ár, lét af störfum í fyrra vegna heilsubrests og aukakennari var ráðinn til þess að gegna störfum hans. Nú hefur prófessor Trausti sagt af sér embætti, og þarf því að ráða mann til frambúðar í *hans stað*. En þá kemur í ljós, að staða prófessors Trausta er ekki kennarastaða lögum samkvæmt, heldur hefur hann kennt sem aukakennari, en með prófessorsnafnbót og prófessorslaunum. Til þess því að hægt sé að ráða fullgildan prófessor í hans stað, þarf að breyta háskólalögunum, en sú breyt. er formsatriði eitt og hefur að sjálfsögðu engan kostnaðarauka í för með sér. Um þetta barst menntmrn. ósk fyrir um það bil 2—3 vikum frá rektor háskólans.

Hugmyndin að þriðja embættinu er ekki upprunnin í háskólanum, heldur í menntmrn. eða atvmrn., þeim hluta þess, sem ég fer með og fjallar um rannsóknamál. Um alllangt skeið hefur verið starfandi svonefnd kjarnfræðinefnd, sem hefur verið ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðamálum. Hún hefur haft á sínum vegum framkvæmdastjóra, sem hefur unnið mjög mikilvægt starf fyrir ríkisstj. og þjóðina sem ráðunautur í þeim málum, sem lúta að kjarnorku, þungavatnsvinnslu og fleiri slíkum *efnum*. Þessi stofnun, kjarnfræðinefndin, hefur undanfarin ár haft 100 þús. kr. fjárveitingu á fjárlögum. Nú hefur mér fundizt við það að fara með þessi mál undanfarin ár, að æskilegt væri að koma fastari skipan á ráðuneytisstörf ríkisstj. til handa í þessum efnum, það mundi vera heppilegra að treysta sess þess manns, sem jafnmikilvægum ráðuneytisstörfum gegndi. Þess vegna leitaði ég álits formanns kjarnfræðinefndarinnar, prófessors Þorbjörns Sigurgeirssonar, sem jafnframt er núverandi forseti verkfræðideildarinnar, á því, hvort ekki mundi vera heppilegt, að verkfræðideildin tæki að sér þessi ráðunautarstörf og framkvæmdastjóri hennar yrði prófessor við verkfræðideildina, að sjálfsögðu með öllum venjulegum skyldum og réttindum prófessora, þ. e. kennsluskyldu. Hann tók þessari hugmynd mjög vel og eftir að hafa rætt hana bæði í kjarnfræðinefnd og verkfræðideild háskólans, tjáði hann mér, að þessir aðilar væru á einu máli um, að þessi skipan mundi vera til mjög mikilla bóta.

Þegar þess vegna þetta frv., sem að tvennu leyti var flutt að ósk háskólans, að því er snerti tvö prófessorsembætti í læknadeild,

þurfti að leggjast með miklum hraða fyrir þingið vegna þess, hve langt var liðið á störf þess, og ég hafði fengið upplýsingar um, að verkfræðideild háskólans og kjarnfræðinefndin væru á einu máli um, að æskilegt væri að koma á fót fjórða prófessorsembættinu við verkfræðideildina, bætti ég ákvæði um þetta inn í frv. og lagði það þannig fyrir hv. Nd.

Þannig er saga frv. og aðdragandi tillagnanna um stofnun þeirra þriggja embætta, sem það fjallar um.

Mér fannst mega skilja ummæli hv. 3. þm. Norðurl. v. þannig, að með því að bera þetta frv. fram, án þess að menntmrn. sendi það áður háskólaráði, hefði verið gengið á rétt háskólans og lagaákvæði um háskólann jafnvel sniðgengið. Þetta er byggt á misskilningi. Þess er fyrst að geta, að frv. er að 2/3 hlutum beinlínis flutt samkvæmt ósk háskólans og að síðasta þriðja hlutanum í fullu samráði við þá deild, sem það mál snerti fyrst og fremst. Auk þess tel ég það ekki vera rétta túlkun á því ákvæði háskólalaganna, sem hann vitnaði til og er um, að skylt sé að leita álits háskólans, áður en lögum um hann sé breytt. Ég tel það vera ranga túlkun að skýra það þannig, að ríkisstj. sé skylt að bera frv., sem hún þyrfti að flytja, undir háskólann, áður en hún flytur þau, heldur hitt, að Alþingi eigi að leita álits háskólaráðs um frv., áður en það afgreiðir breyt. á háskólalögum endanlega. Eðlilegasta túlkunin er sú, enda í samræmi við starfsvenjur þingsins, að önnur hvor þn., sem um mál fjallar, sendi það til þeirrar stofnunar, sem það snertir, og fái álit hennar á því. Það tel ég sjálfsagt og mundi raunar telja sjálfsagt, þó að engin ákvæði væru um þetta í sjálfum háskólalögunum. Alþingi á ekki að breyta lögum, sem snerta stofnun, án þess að leita álits hennar áður. Mér hefur að sjálfsögðu aldrei komið til hugar annað en að álits háskólaráðs yrði leitað, áður en Alþ. afgreiddi þetta frv., enda hefur það verið sent háskólaráði til meðferðar. Eins og hv. fyrri ræðumaður tók fram, mun háskólaráð fjalla um það í dag, og ég tel vera eðlilegt og sjálfsagt, að hv. menntmn. þessarar d. fjalli ekki um frv., fyrr en borizt hefur álit háskólaráðs, sem ég fastlega vona að verði jákvætt.

Þá sagði hv. þm., að hann efaðist nokkuð um, að það væri rétt stefna, sem kæmi fram í þessu frv., að sameina prófessorsembætti og yfirlæknisstörf við spítala, og að það væri rétt stefna, sem í því kemur fram að stofna prófessorsembætti í eðlisfræði við verkfræðideildina og ætla þeim prófessor fyrst og fremst að vera rannsóknaprófessor. Ég vil nota tækifærið til þess að taka það fram, að í þessu efni er ég á öðru máli. Ég tel þetta þvert á móti vera stórkostlegt framfaraspor og stórkostlegt hagsmunamál fyrir háskólann, að við hann séu stofnuð embætti, sem eru ekki eingöngu og jafnvel ekki fyrst og fremst kennsluembætti. Í gildandi lögum um háskólann var einmitt með vilja tekið fram í 1. gr., að háskólinn sé vísindaleg rannsóknarstofnun og kennslustofnun. Með vilja var lögð á það áherzla, að háskólinn væri jafnvel fyrst og fremst vísindaleg rannsóknarstofnun. Og það, sem hér er að gerast — ég vildi segja alveg sérstaklega í sambandi við stofnun prófessorsembættisins í eðlisfræði og einnig að því er snertir prófessorsembættið í geðveikilækningum, er það, að verið er að stuðla að því, að háskólinn geti gegnt því verkefni að vera rannsóknarstofnun. Mér er því í raun og veru alveg sérstök ánægja að því að geta stuðlað að því, að nú verði stofnuð tvö embætti, sem eru ekki fyrst og fremst kennaraembætti, heldur fyrst og fremst rannsóknarembætti, þó að báðir prófessorarnir muni að sjálfsögðu hafa kennsluskyldu og báðir muni kenna.

Þótt það sé alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það vantar nokkur embætti við háskólann, sem fyrst og fremst þarf vegna þeirrar kennslu, sem honum er skylt að inna af hendi, þá tel ég samt sem áður vera til mikilla bóta, ef hægt væri á næstunni að stofna ekki eitt, ekki tvö, heldur mörg embætti, þar sem prófessorarnir hefðu ekki fyrst og fremst kennsluskyldu, heldur væru aðallega rannsóknarmenn. Það, sem einkum og alveg sérstaklega hefur háð háskólanum hér, er það, að hann hefur í of ríkum mæli verið hrein kennslustofnun, í miklu, miklu ríkari mæli en nokkur annar háskóli, sem ég þekki til í nálægu landi. Það er þetta fyrst og fremst, sem þarf að breytast, og ég tel það beinlínis vera stærsta hagsmunamál háskólans í dag, að þetta breytist og að honum komi menn, sem líta á sig og hafa hæfileika til að vera fyrst og fremst rannsóknarmenn. Þess vegna tel ég einkum og sér í lagi hið nýja prófessorsembætti í eðlisfræði vera mikið framfaraspor fyrir háskólann, mikið hagsmunamál fyrir hann, af því að það er eitt af mörgum sporum, sem stíga þarf til þess að efla hag hans og gera honum kleifara en ella að gegna því mikilvæga hlutverki, sem hann á að gegna í þjóðfélaginu.

Það var rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það kennsluprófessorsembætti, sem nú er áreiðanlega mest þörf á, er þriðja embættið í viðskiptafræðum. Mér þykir vænt um að fá þetta tækifæri til þess að taka fram eða láta koma fram, að það er þegar í undirbúningi, að slíkt embætti verði stofnað, og vona ég, að ekki líði langur tími, þangað til frv. um það verður lagt fyrir Alþ., þó að það muni ekki verða á þessu þingi. Þó skal ég ekki segja, hvaða áhrif það hefur, þegar álit háskólaráðs berst hv. menntmn. þessarar deildar. Það mun að sjálfsögðu verða athugað, þegar það liggur fyrir.

Að svo mæltu vil ég svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., en jafnframt beina því til n., að hún afgreiði málið ekki frá sér, fyrr en álit háskólaráðs hefur borizt henni, enda vona ég, að það verði annaðhvort í kvöld eða í fyrramálið.

Ólafur Jóhannesson: *Herra forseti. Ég skal* ekki vera langorður, ég þarf ekki að gera miklar aths. við það, sem fram hefur komið.

Við hæstv. menntmrh. erum að sjálfsögðu sammála um, að það sé æskilegt að fá stofnuð sem flest ný prófessorsembætti við háskólann og að það sé æskilegt, að þeir geti sem flestir verið sem sjálfstæðastir í því starfi og þyrftu sem fæstir að sinna miklum kennslustörfum, heldur gætu gefið sig að sem sjálfstæðustum rannsóknarstörfum. Það er þess vegna ekki ástæða til fyrir okkur að tala langt mál um það. En á hinn bóginn er það svo, að fjárhagsgeta ríkisins hlýtur alltaf að setja því nokkur takmörk, hve mörg ný kennaraembætti er hægt að stofna við háskólann, eins og við aðra skóla, og þegar því er þannig háttað, hlýtur hugur manns óhjákvæmilega að beinast að því, hver embættin séu nauðsynlegust, og þá hlýtur að verða reynt að velja þau, sem eru nauðsynlegri en önnur. Og það er þó svo með háskólann, þó að hann eigi að vera, eins og hæstv. menntmrh. réttilega benti á, vísindaleg rannsóknarstofnun, þá hvílir þó fyrst og fremst á honum skylda til þess að halda uppi kennslu í ákveðnum greinum. Og þess vegna er honum nauðsynlegt að hafa yfir að ráða nauðsynlegum kennslukröftum til þess að geta innt þá skyldu af hendi.

Hæstv. menntmrh. staðfesti algerlega í sinni ræðu það, sem ég hafði sagt um tildrög málsins, sem sé það, að af þessum þremur nýju prófessorsembættum, sem hér er lagt til að upp séu tekin, þá er frumkvæðið að tveimur komið utan að, frá öðrum en háskólanum sjálfum. Frumkvæðið að því, að yfirlæknir Kleppsspítala yrði gerður að prófessor, var, eins og hann sjálfur tók fram, upphaflega frá landlækni komið. Það er rétt, að það var borið undir læknadeild haustið 1958. Hún samþykkti að vísu að mæla með þessu, en honum er að sjálfsögðu eins kunnugt og mér, að hún lýsti því þá yfir, að hún teldi, að a. m. k. tvö önnur prófessorsembætti ættu fyrir þessu að ganga. Þeir aðilar, sem þar voru þá nefndir, hafa verið gerðir að dósentum síðar, eins og yfirlæknir Kleppsspítalans. Og það er rétt, úr því að hæstv. menntmrh. vék að því, að yfirlæknirinn hefði síðar verið gerður að dósent, að benda á það, að það hafa einmitt á læknadeildinni verið gerðar stórfelldar breytingar eftir 1958, sem hæstv. menntmrh. er mjög vel kunnugt um. Á því tímabili, sem síðan er liðið, hafa verið stofnaðar þar allmargar dósentsstöður, og ég skal ekkert segja um, hvort það getur haft áhrif á afstöðu læknadeildarinnar til þessa máls. En hvað sem því líður, eru þær breyt. svo miklar, að það hefði að mínum dómi verið eðlilegt að leita álits læknadeildarinnar og háskólans um þetta nú, þrátt fyrir það þótt læknadeildin hefði látið þetta álit uppi á sínum tíma. Og að því er annað embættið varðar, stofnun prófessorsembættis í verkfræði, sem er nú fimmta prófessorsembættið þar, en ekki fjórða, eins og hæstv. menntmrh. sagði, en mun sjálfsagt hafa mismælt sig, þá er það líka, eins og hann réttilega viðurkenndi, að frumkvæðið að stofnun þess er ekki frá háskólanum komið, heldur frá ráðuneytinu.

Nú getur það auðvitað verið gott í sjálfu sér, og ég mun alveg jafnt greiða atkv. með stofnun þessara prófessorsembætta, þó að hugmyndin að þeim sé runnin úr þessum stöðum utan háskólans. En ég tel samt sem áður, að það muni verða affarasælast að láta háskólann sjálfan segja til um það, bæði þegar um kennslustörf er að ræða og eins þegar um rannsóknarstörf er að ræða, hvað hann telur nauðsynlegt, í hvað hann vill ráðast og í hvað hann treystir sér að ráðast.

Viðvíkjandi túlkun á þessu lagaákvæði, sem um er að ræða, þá skal ég ekkert vera að þrátta við ráðh. um það. Ég held tvímælalaust, að sá skilningur, sem ég hélt hér fram, hafi vakað fyrir þeim, sem lögin sömdu.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. menntmrh. sagði svo um þá stefnu, sem í þessu frv. fælist, sem ég hef gert nokkrar aths. við eða látið uppi nokkurn ugg um, þar sem verið er að færa á fjárlög háskólans, ef svo má segja, stofnanir, sem eðli sínu samkvæmt ættu fremur heima annars staðar, þá er ég honum mjög ósammála í því efni. Ég tel það óheppilegt almennt talað fyrir háskólann að fá slíkar aukastofnanir á sinn kontó. Það verður til þess, að kostnaðarreikningur við háskólann lítur þannig út, að hann sé hærri en hann í raun og veru er. Og þetta verður til þess, að þegar svo háskólinn þarf að sækja á um nauðsynleg störf, stofnun nýrra kennaraembætta, sem hann telur alveg óhjákvæmileg, eða önnur störf eða önnur útgjöld, sem háskólinn þarf að hafa, þá getur einmitt þetta staðið því í vegi. Þá geta t. d. hv. alþm. bent á það, að nýlega sé búið að stofna þetta og þetta prófessorsembætti, nýlega sé búið að stofna til þessara og þessara útgjalda fyrir háskólann og útgjöld háskólans séu þetta og þetta há. Þannig geta einmitt slíkar ráðstafanir staðið í vegi fyrir því, að óskir háskólans yrðu teknar til greina. Að þessu leyti til er ég því hæstv. ráðh. algerlega ósammála. Ég álít, að þetta sé hættulegt viðhorf, sem hann í þessu efni hefur tileinkað sér, og ég hygg, að viðhorf flestra háskólamanna sé á þessa lund, að þeir telji það ekki til hagsbóta fyrir háskólann, að verið sé að setja á hans kontó útgjöld, sem eðli sínu samkvæmt eiga fremur að vera hjá öðrum stofnunum, en það er í raun og veru verið að gera með því að stofna þetta prófessorsembætti þarna, raunar bæði þessi prófessorsembætti, því að auðvitað á yfirlæknirinn á Kleppi að taka sín laun í þætti heilbrigðismálanna, því að hans starf er auðvitað það að vera yfirlæknir á Kleppi, og sú litla kennsla, sem hann annast við háskólann, er svo algert aukastarf hjá honum, að það tekur náttúrlega ekki tali og það dettur náttúrlega engum í hug, að hann fari að fást sérstaklega við miklar rannsóknir.

Hann hefur nóg að gera við sitt yfirlæknisstarf, þannig að því er ekki til að dreifa, að þar sé verið að koma af stað nýjum rannsóknum.

Ef það er meiningin, að þessi kjarnfræðiprófessor fari að fást við rannsóknir, getur það verið gott út af fyrir sig, en þá vil ég benda á, að það mun kalla á ný útgjöld og Alþ. verður þá að vera við því búið að veita fé til þess, því að allir, sem koma nálægt þessu, vita, að það kostar nú stórfé að útbúa eina rannsóknarstofu með nauðsynlegum tækjum. En auk þess vil ég taka það fram, að í frv. kemur ekkert fram um það, að þessum prófessor sé ætlað að hafa þannig rannsóknarstarf með höndum. Í grg. frv. er aðeins bent á það, að þessum prófessor sé ætlað að vera ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðimálum með svipuðum hætti og framkvæmdastjóri kjarnfræðinefndar og kjarnfræðinefnd hefur verið. Og þetta álít ég líka nokkurt umhugsunarefni, hvort það sé heppilegt, að ríkisstj. fari að setja sína ráðunauta í ýmsum efnum á háskólans reikning. Um þetta greinir okkur á, okkur hæstv. menntmrh., en hins vegar erum við auðvitað sammála um, að það sé æskilegt að stofna sem flest embætti við háskólann, sem fært er. Og ég veit, að við erum algerlega sammála um, að það sé nauðsynlegt að bæta við því prófessorsembætti, sem ég nefndi, prófessorsembætti í viðskiptafræðum, og ég vænti þess, að hann muni gera sitt til þess, ef háskólaráð leggur einróma til, að því verði bætt inn í frv., að þá sé það tekið með, enda verð ég að segja það, að þegar þessi prófessorsembætti, sem nú er um að ræða, eru stofnuð jafngreiðlega og virðist nú ætla að verða, held ég, að það verði erfitt fyrir hv. Alþ. að standa gegn því, að önnur prófessorsembætti verði stofnuð bráðlega.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er fyrst og fremst eitt atriði, sem mér láðist að taka fram í ræðu minni áðan og gaf tilefni til þess, að hjá hv. þm. gætti aftur í seinni ræðu hans nokkurs misskilnings um eitt, að vísu ekki stórt atriði. Ég vil þó leiðrétta það. Hann sagði í báðum sínum ræðum, að læknadeild hefði ekki fjallað um prófessorsembættið í geðsjúkdómum síðan 1958. En þetta frv. er flutt í samráði við forseta læknadeildarinnar. Mér er ekki kunnugt um, hvort hann hefur haldið formlegan fund um málið í læknadeildinni, en svo miklar viðræður mun hann hafa átt við starfsbræður sína um það, að hann fullyrti við mig, að afstaða læknadeildarinnar frá 1958 til málsins væri alveg óbreytt, en þá mælti deildin með því, að frv. væri flutt eins og það var flutt og eins og það efnislega séð er núna, þannig að læknadeildin hefur einnig sagt álit sitt um málið og er málinu samþykk.

En fyrst ég á annað borð stóð upp, langar mig til þess að bæta við örfáum aths. í tilefni af því, sem hv. þm. sagði, að hann teldi varhugaverða þá stefnu, sem fram kæmi í frv. og hann vildi lýsa þannig, að með henni væri verið að færa á kontó háskólans, færa á fjárlög háskólans kostnað við óskyldar stofnanir, og skildist mér, að þar væri átt við yfirlæknisstörfin á Kleppsspítala annars vegar og svo rannsóknarstörf hins nýja væntanlega eðlisfræðiprófessors. En ég er hv. þm. alls ekki sammála um, að yfirlæknisstörf prófessors í geðsjúkdómum séu starfsemi, sem sé háskólanum óviðkomandi, og enn þá síður, að rannsóknarstörf væntanlegs nýs prófessors í eðlisfræði séu starfsemi, sem sé háskólanum óviðkomandi. Það getur enginn maður verið kennari í læknisfræði í sjúkdómum, sem á annað borð er fjallað um á sjúkrahúsum, nema því aðeins að vera um leið yfirlæknir á slíkri sjúkradeild. Um þetta eru allir læknar sammála, og þess vegna er það stefna hvarvetna í læknadeildum og læknaháskólum, að saman fari kennslustörf í grein og yfirlæknisstörf á sjúkradeild, þar sem eru sjúklingar haldnir þeim sjúkdómi, sem kennslugreinin fjallar um. Þess vegna eru svo náin tengsl á milli kennslustarfanna í þessum greinum læknisfræðinnar og yfirlæknisstarfanna, að þar verður bókstaflega ekki á milli skilið, enda hefur sú stefna orðið hér í æ ríkari mæli, eftir því sem fjárhagsaðstæður hafa leyft, að kennslustörf og yfirlæknisstörf hafa verið sameinuð, og þyrfti raunar að gera enn meira að því en gert hefur verið.

Það á auðvitað í alveg sama mæli við rannsóknarstörf í eðlisfræði, að þau geta mætavel farið saman við einhver kennslustörf og geta átt heima í háskóla, þó að engin kennslustörf fylgdu prófessorsembættinu, enda verður það æ algengara annars staðar, að háskólarnir starfræki hreinar rannsóknarstofnanir, og þeim mun fyrr sem háskóli okkar, þrátt fyrir smæð sína og vanmátt, getur eitthvað nálgazt það, sem tíðkast jafnvel hjá hinum litlu frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, þeim mun betra.

Ég vil því enn á ný endurtaka og undirstrika þann skilning minn á þessu frv., að því er snertir hið nýja embætti í eðlisfræði og hið nýja prófessorsembætti í geðsjúkdómum, að ég tel þá stefnu, sem þar kemur fram, einmitt vera þá réttu og þá, sem mun verða háskólanum mest lyftistöng á næstu árum og honum hvað mest nauðsyn að sem bezt og dyggilegast sé studd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 566, n. 612).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Áður en ég vík að nál. því, sem útbýtt hefur verið á þskj. 612, tel ég rétt að geta þess, að af vangá hefur láðst að geta þess í nál., að hv. 5. þm. Reykn. (FRV), sem sæti á í menntmn., var fjarstaddur, þegar n. fjallaði um frv. Er hv. þm. beðinn velvirðingar á þessu, og af því leiðir að sjálfsögðu, að hann er óbundinn af þeim niðurstöðum, sem n. hefur komizt að.

N. hafði til meðferðar umsögn háskólaráðs um frv., og hefði auðvitað verið æskilegt, að hægt hefði verið að birta hana sem fskj. með nál., en vegna anna í prentsmiðju reyndist það ekki unnt. En til þess, að hv. þdm. gefist kostur á að kynnast þessu áliti, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp, en það hljóðar þannig:

„Menntmn. Nd. Alþ. hefur með bréfi, dags. 30. maí, sent háskólaráði til umsagnar frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60 1957, um Háskóla Íslands. Háskólaráð hélt fund um málið næsta dag, 31. maí, og gerði um það svofellda ályktun:

Menntmn. Nd. Alþ. sendi með bréfi 30. þ. m. til umsagnar frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60 1957, um Háskóla Íslands, en þar er lagt til að bæta við tveim prófessorum í læknadeild og einum í verkfræðideild. Háskólaráð samþykkti að mæla með frv. þessu með skírskotun til bókana læknadeildar og verkfræðideildar. Enn fremur samþykkti háskólaráð samkv. till. laga- og viðskiptadeildar, að tekið verði upp í frv. þetta ákvæði um stofnun prófessorsembættis í viðskiptafræðum, sbr. fundargerð d. í dag.

Bókun verkfræðideildar, sem til er vitnað í samþykkt háskólaráðs, var gerð á fundi d. 30. maí, eftir að borizt hafði bréf menntmn., og er hún svo hljóðandi:

„Frv. þetta var lagt fram á Alþ. hinn 27. f. m., og hafði deildarforseti áður skýrt menntmrh. frá umr. um málið á fundum deildarinnar hinn 25. og 26. þ. m. Deildin hefði kosið að hafa rýmri tíma til þess að skila áliti um málið, en vill nú taka fram eftirfarandi atriði:

Deildin telur, að það geti verið eðlileg þróun mála, að henni sé falið að vera ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðimálum, og telur, að með þeirri aukningu á starfsliði deildarinnar, sem frv. gerir ráð fyrir, ætti hún að geta annað þessu verkefni, enda hafi hún til þess nauðsynlega skrifstofuaðstoð. Hins vegar er ljóst, að hin öra þróun á þessu sviði getur krafizt nýrra starfskrafta og breyttrar verkaskiptingar, er tímar líða. Má því telja eðlilegt, að deildin skipi þessum málum í samráði við ríkisstj., eins og bezt hentar á hverjum tíma."

Læknadeild gerði á fundi 29. ágúst 1958 svo hljóðandi ályktun varðandi stofnun prófessorsembættis í geðsjúkdómum:

„Deildin telur mikla nauðsyn á kennarastóli í geðsjúkdómum, telur að vísu æskilegt, að fyrst hefði verið stofnað prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. En með tilliti til þess, að nú stendur fyrir dyrum að skipa í yfirlæknisstöðu Kleppsspítalans, þykir rétt nú þegar að fara þess á leit, að stofnað verði prófessorsembætti í geðsjúkdómum, enda verði frestað að skipa yfirlækni á Kleppi, þar til ákveðið hefur verið um þessa málaleitun".

Ályktun hefur eigi verið gerð síðar um málið, en deildarforseti lýsti því yfir á háskólaráðsfundi, að d. væri einhuga um að mæla með stofnun þessa embættis.

Varðandi stofnun prófessorsembættis í efnafræði hefur ekki verið gerð sérstök ályktun af læknadeild eða í háskólaráði, en forseti læknadeildar lýsti því, að deildin væri sammála um nauðsyn þess og mælti með því, og hefur rektor skrifað menntmrh. bréf um það efni.

Samþykkt laga- og viðskiptadeildar, sem til er vitnað í ályktun háskólaráðs, var gerð á fundi deildarinnar 31. maí og er svo hljóðandi:

„Deildarforseti skýrði frá því, að flutt hefði verið á Alþ. frv. til laga um breyt. á háskólalögum, en samkv. því frv. er gert ráð fyrir stofnun tveggja prófessorsembætta í læknisfræði og eins í verkfræði. Í tilefni af þessu samþykkir deildin með skírskotun til fyrri samþykkta og umræðna, svo og til ákvæðisins í 9. gr. háskólalaganna, að fara þess á leit, að tekið verði upp í áðurgreint frv. ákvæði um stofnun prófessorsembættis í viðskiptafræði."

Er menntmn. Nd. Alþ. óskaði eftir umsögn háskólaráðs, hafði hún þegar gefið út nál., og er nú kunnugt, að málið hefur verið afgr. í Nd. og er komið til Ed. Háskólaráð leyfir sér því að senda umsögn þessa til menntmn. Ed. Alþ.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jóhannesson, varaforseti háskólaráðs."

Þannig hljóðar samþykkt háskólaráðsins, og kemur fram af því, að háskólaráðið mælir með frv. í sinni upphaflegu mynd, en óskar þess, að bætt verði við stofnun nýs prófessorsembættis í viðskiptafræðum.

Úrslit málsins í n. hafa orðið þau, eins og nál. á þskj. 612 ber með sér, að n. mælir með frv. með þeirri breyt., að stofnað verði nýtt embætti í viðskiptafræðum, og eru brtt. þær, sem n. flytur á þskj. 612, aðeins afleiðing af þessari breyt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að þetta embætti verði stofnað, enda hafði hv. 3. þm. Norðurl. v. gert glögga grein fyrir því með fáum orðum við 1. umr. málsins, en á það má benda, að nemendur í viðskiptafræðum hafa undanfarin ár verið 80—100. Við þá deild eru þó aðeins starfandi tveir fastir kennarar og hefur annar þeirra, eins og hv. d. mun kunnugt, núv. hæstv. menntmrh., þó eigi gegnt störfum að undanförnu, en starfað fyrir hann aukakennarar. Til samanburðar má geta þess, að í guðfræðideild, sem hefur um 30—40 nemendur, hafa verið starfandi fjórir prófessorar um langt skeið. Í verkfræðideild, sem hefur álíka marga nemendur, hafa verið starfandi

fjórir prófessorar að undanförnu, en nú er gert ráð fyrir að bæta við þeim fimmta. Með tilliti til nemendafjölda viðskiptadeildar sýnist ekki of mikið, að þar séu þrjú prófessorsembætti, og með tilliti til þess, að þessi fræði hafa að undanförnu verið í örri framþróun, væri einnig æskilegt að bæta við nýjum starfskröftum.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég gat því miður ekki nema lítið eitt hlustað á 1. umr. þessa máls, en vildi aðeins minnast lítillega á það frv., sem hér liggur fyrir. Í því er gert ráð fyrir, að stofnuð verði þrjú prófessorsembætti við Háskóla Íslands, tvö í læknadeild og eitt við verkfræðideild, auk þess sem nú er komin fram till. um fjórða prófessorsembættið. Það er ekki ætlan mín að ræða þetta mál að öðru leyti en því, sem það snertir læknadeildina og þá sérstaklega stofnun prófessorsembættis í geðlæknisfræði.

Mér hefur virzt vera dálítið á reiki hjá Háskóla Íslands um stofnun prófessorsembætta yfirleitt. Það er eins og þar sé ekki um neina fastmótaða stefnu að ræða, heldur miklu frekar um handahóf eða ástæður, sem eru breytilegar frá ári til árs. Ég vil í því sambandi minna á, að fyrir um það bil 10 árum, í kringum árið 1950, var það einróma skoðun læknadeildar, háskólaráðs, landlæknis og heilbrmrn., að mest aðkallandi í læknadeild væri stofnun prófessorsembættis í röntgenfræði. Þetta munu allir læknar landsins hafa og talið mjög eðlilegt, svo stór og víðtæk og vaxandi sem sú fræðigrein er innan læknisfræðinnar. En snögglega á árinu 1951 verða hér veðrabrigði. Þá vill læknadeildin, háskólaráðið, landlæknirinn og heilbrmrn. ekkert um þetta tala meira, því að nú hafa allir þessir aðilar fengið aðra flugu og það er stofnun prófessorsembættis í líffræði. Það embætti fékkst svo stofnað eftir nokkur ár. En þótt rætt hafi verið um þörfina á stofnun prófessorsembættis í röntgenfræðum, hefur ekki neinn þessara aðila fengizt til þess að mæla með því.

Nú er, eins og kunnugt er, yfirlæknisstaða á röntgendeild landsspítalans, en röntgenfræðin er mjög mikilsverð, eins og ég tók fram áðan, og vaxandi fag. Þar er mikil þörf prófessors, og það er meira að segja í því fagi þörf tveggja prófessora, því að þessi fræðigrein er orðin svo víðtæk, að full þörf er á að skipta henni í tvennt, eins og nú er víða gert erlendis. Annars vegar eru þar röntgenlækningar og hins vegar röntgenskoðun. Þetta þyrftum við að fá eins og aðrar þjóðir, ekki sízt vegna þess, hvað röntgenfræðin er mikilsverð sem lækningagrein við þá illkynja sjúkdóma, krabbameinið, sem nú er svo mikið af í heiminum.

Í fyrravetur var flutt frv. hér í Nd. þess efnis, að stofna skyldi nýtt prófessorsembætti í læknisfræði, prófessorsembætti í geðlæknisfræði, og það embætti tengt við stöðu yfirlæknis á Kleppi. Þetta frv. fékkst afgr. úr n. í hv. Nd., en dagaði þar uppi. Þessi hugmynd að stofna prófessorsembætti í geðlæknisfræði kom upp mjög snögglega. Hugmyndin kom ekki frá læknadeild háskólans né frá háskólaráði, en mun hafa fyrst komið fram frá fyrrverandi landlækni, Vilmundi Jónssyni, sem síðan fékk læknadeildina og háskólaráðið til að mæla með stofnun þessa embættis.

Ég hef hér fyrir framan mig meðmæli læknadeildar háskólans, og er þar mælt með því, að stofnað verði prófessorsembætti í geðlæknisfræði og að það embætti verði tengt við yfirlæknisstöðuna á Kleppi. Háskóladeildin mælir með þessu og segir þar m. a.:

„Hún telur og háskólanum mikla nauðsyn á kennarastóli í geðsjúkdómum, að vísu telur deildin eðlilegt, að stofnað yrði á undan prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarfræði.“

Á árinu 1958 virðist þannig fremsta ósk læknadeildar vera að fá stofnað prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. Þetta munu margir læknar geta fallizt á. Nú er á þetta ekki minnzt, heldur er farið fram á stofnun tveggja embætta í læknadeildinni, prófessorsembættis í geðlæknisfræði og efnafræði. Þannig virðist vera dálítið breytilegt, hverjar óskirnar eru, og kann ýmislegt að valda. En verst þykir mér, ef oft er um það að ræða, að hér valdi tillit til persóna, að embætti við háskólann séu stofnuð vegna þess, að ákveðin persóna er í dálæti hjá einhverjum þeirra aðila, sem um þessi mál *fjalla mest og mestu ráða*. Þetta ber að víta, að svo miklu leyti sem þetta kemur fyrir, og mér er ekki grunlaust um, að ekki aðeins nú, heldur oft endranær hafi þetta sjónarmið verið ráðandi. Það er samúð eða andúð á vissum mönnum innan læknisfræðinnnar, sem oft og of oft er ákvarðandi.

Háskólamenn hafa að vísu afsakað þetta að nokkru með því, að það sé einkar hentugt að stofna prófessorsembætti, þegar viðkomandi staða verður laus, er viðkomandi yfirlæknir eða kennari hættir störfum vegna aldurs eða dauða. En þetta er notað, þegar það hentar, en ekki annars, og ég vil rétt minna á í því sambandi, að síðasta prófessorsembættið, sem stofnað var við læknadeild háskólans, var einmitt stofnað handa manni, sem gegnt hafði viðkomandi kennslustarfi í 20 ár. Þar þurfti ekki að bíða eftir því, að starfið losnaði, þannig að unnt yrði að auglýsa það með nægum fyrirvara til undirbúnings undir starfið.

Þegar þetta mál kom fram hér á hinu háa Alþ. í fyrra, stofnun prófessorsembættis í geðlæknisfræði, hafði ég ekki neitt tækifæri til þess að láta álit mitt í ljós um það, þar sem það kom aldrei fyrir hv. Ed. En ég ritaði álitsgerð af eigin hvötum og sendi hana læknadeild háskólans og stjórn Læknafélags Íslands, en báðir þessir aðilar höfðu að mínum dómi glæpzt til þess að mæla með þessu. Nú er það ekki svo, að ég sé mótfallinn því, að

stofnað sé prófessorsembætti í geðlæknisfræði, síður en svo, því að ef ég gerði það, væri ég að bregðast þeirri sérgrein, sem ég hef sjálfur helgað mína krafta. Það, sem ég hafði á móti og taldi varasamt, var að tengja þetta prófessorsembætti við yfirlæknisstöðuna á Kleppi. Mér er kunnugt um, að í maí s. l. vor komu allir læknar, sem sérfróðir eru hér á landi í geðsjúkdómum, til fundar og ræddu þetta mál. Ég var þá fjarverandi. Allir þessir læknar lögðust sem einn maður gegn því, að stofnað yrði prófessorsembætti í þessari grein á þann veg, að það yrði tengt við Kleppsspítalann, — allir sem einn. Það sýnir það, sem ég raunar vissi áður, að þegar landlæknir, læknadeild háskólans og háskólaráð mæla með þessu, dettur engum þessara aðila í hug að leita til sérfræðings um hans álit. Um þetta fjalla þá sem sagt menn, sem enga sérfræðiþekkingu hafa í faginu. Þetta taldi ég og tel stórvítavert.

Eftir að það frv., sem hér liggur fyrir, kom fram á hinu háa Alþ., var gerð á því breyting. Breyt. var gerð í hv. Nd. og er á þá lund, að inn í 2. gr. frv. er bætt orðunum: „Unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika.“ En í því felst það, að prófessorinn í geðlæknisfræði skuli vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika. Hér hefur verið gerð breyting, sem skiptir að mínum dómi meginmáli og gerir það að verkum, að nú get ég fylgt þessu frv. Hitt verð ég að viðurkenna, að ég er ekki ánægður með breytinguna. Mér finnst hún óljós, og í raun og veru þarf aldrei að fullnægja því, sem í viðbótinni felst. Það er ekkert skilyrði um það, að fleiri sjúkradeildum verði nokkurn tíma komið upp á þessu landi. Það felst ekki í því, og með það er ég vissulega óánægður.

En mér er kunnugt um, enda kemur það fram í grg. fyrir frv., að núverandi landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson, hefur góðan skilning á þessu máli, hefur þann skilning, sem ég hafði bent á, skilning á nauðsyn þess, að ekki verði öllu lengur unað við eitt geðveikrahæli fyrir allt landið, eina geðveikradeild. Þetta kemur glögglega fram í grg., að þessi er skoðun landlæknis, og ég veit og treysti því, að hann muni beita sínum miklu og góðu áhrifum þeirri skoðun til framdráttar og fulltingis.

Það er eitt í þessu frv., sem ég er óánægður með og mig langar til að fá breytt. Þar er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu. Nú þarf þetta frv. að öllum líkindum að fara til hv. Nd. aftur, hvort sem er, og þess vegna leyfi ég mér að bera fram brtt., sem ég annars mundi ekki hafa gert, til þess að verða ekki til að tefja málið. Það er talað um prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði. Þetta er óheppilegt orð, og óheppilegt að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er þetta rangnefni. Það er ekki um það að ræða að stofna prófessorsembætti í geð- og taugasjúkdómafræði, heldur í geðsjúkdómafræði. Geðsjúkdómar og taugasjúkdómar eru sitt hvort. Það eru aðgreindar sérgreinar. Við eigum sérfræðinga hér á landi í geðsjúkdómafræði og við eigum líka sérfræðinga í taugasjúkdómafræði. Þetta er aðgreint. Víða erlendis eru prófessorar í hvoru faginu fyrir sig, en ekki er ætlunin að stofna hér nú annað prófessorsembætti en í geðsjúkdómum.

Í öðru lagi er orðið geðsjúkdómafræði leiðinlegt orð og óheppilegt og ekki í samræmi við önnur heiti samsvarandi í læknisfræði. Við skulum taka fyrst og fremst heildarhugtakið, medicin. Það heitir ekki sjúkdómafræði, það heitir læknisfræði. Við skulum taka sérgreinar. Handlæknisfræði heitir ein, en ekki handlæknissjúkdómafræði eða eitthvað þvílíkt. Lyflæknisfræði er annað, það heitir ekki lyfsjúkdómafræði, heldur lyflæknisfræði. Orðið geðlæknisfræði er þjálla og það er réttara en geðsjúkdómafræði. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við frv. á þessa leið:

„Í stað orðanna „prófessor í tauga- og geðsjúkdómafræði“ í 2. gr. komi: prófessor í geðlæknisfræði.“

Vonast ég til, að hæstv. forseti leiti afbrigða.

Að lokum, til þess að gera ofur lítið betri grein fyrir skoðun minni á þessu máli, sem ég hef tæpt á að vísu, um það, hvers vegna ekki eigi að knýta prófessorsembættið í geðlæknisfræði við yfirlæknisstöðuna á Kleppi, þá langar mig til að lesa stuttan kafla úr þeirri grg. minni, sem ég gat um áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Geðlæknisfræðin er víðfeðm og mikilsverð fræðigrein, sem skipar að réttu lagi sess við hliðina á lyflæknisfræði og handlæknisfræði. Hér á landi er henni skorinn of þröngur stakkur, og er það sök stjórnarvalda og ráðgjafa þeirra. Á meðan öll spítalaþjónusta í þessari grein er einskorðuð við eina stofnun og einn sérfræðing, er engra verulegra framfara að vænta. Eðlilegur vöxtur hennar og viðgangur er heftur. Það mundi vera lítið spor í rétta átt, að á Kleppi störfuðu þrír sérfróðir læknar í stað eins, enda þess full þörf á jafnstórum spítala og hann er. Það mundi einnig reynast fræðigreininni lyftistöng að reisa annað geðveikrahæli alveg óháð Kleppi, t. d. á Norðurlandi. En mest um vert og brýnast, eins og sakir standa, er, að komið verði á fót geðveikradeild við einhvern stórspítalann í Reykjavík og þá helzt landsspítalann. Erlendis er geðveikradeild talin sjálfsagður hlutur við hvern almennan ríkisspítala. Hún gegnir ekki alveg sama hlutverki og geðveikrahæli, myndar annað stig og verður þannig til að auka á fjölbreytnina í geðlækningum. Sjúklingar dveljast þar ekki til langframa. Þar eru skilyrði til fræði- og vísindaiðkana höfð sérlega góð, og þar er kennslustóll sérgreinarinnar. Ekkert eitt mundi reynast geðlækningum hér á landi jafnmikils virði og stofnun slíkrar deildar. Svo vel vill til, að nú er verið að stækka landsspítalann til mikilla muna. Sú

stækkun gerir það kleift að koma upp geðveikradeild þar í fyrirsjáanlegri framtíð, ef vilji er til þess. Þeir, sem telja sig bera hag íslenzkra geðveikimála fyrir brjósti, eiga nú að beita sér fyrir stofnun geðveikradeildar landsspítalans. Með því vinna þeir þeim málum gagn, sem meira er en nafnið eintómt. Hvort sem þessi deild verður til fyrr eða síðar, þá er sú tilhögun eðlileg og sjálfsögð, að yfirlæknir hennar hafi á hendi kennsluna í geðlæknisfræði, og þegar stofnað verður prófessorsembætti í fræðigreininni, er sá yfirlæknir sjálfkjörinn í það. Þannig mundi á málið litið alls staðar erlendis, þar sem þessari grein er meiri sómi sýndur en hér, og er ótrúlegt, að læknum sé þetta ekki ljóst.

Nýlega er fram komið á Alþingi frv. til l. um breyt. á háskólalögunum, þar sem ráðgerð er stofnun prófessorsembættis í geð- og taugasjúkdómafræðum, og tekið fram, að hinn nýi prófessor skuli vera yfirlæknir spítalans á Kleppi. Þótt stofnun slíks embættis sé út af fyrir sig ekki óæskileg, þá er tenging þess við Klepp alveg fráleit. Með þeirri tengingu er ákvörðun tekin um, að fábreytninni skuli haldið við um nálæga framtíð og að sami kyrkingurinn og verið hefur skuli áfram há fræðigreininni. Þetta frv. ber því vott um fádæma vanhugsun eða mikinn ókunnugleik á þörfum geðlæknisfræðinnar í þessu landi. Það á að halda áfram að einskorða allt í þessari grein við eina stofnun og einn sérfræðing, greininni til ómetanlegs tjóns. Í grg. með frv., sem fylgir, telur landlæknir upp þau margvíslegu störf, sem hlaðizt hafa á yfirlækninn á Kleppi af þeirri ástæðu einfaldlega, að ekki er í annað hús að venda. Þessi upptalning er í 7 liðum, og að henni lokinni segir landlæknir orðrétt:

„Til þess að rækja á viðunandi hátt hvert eitt þessara hlutverka, þyrfti valinn mann, hvað þá til að hafa þau á sínum höndum öll í senn.“

Ég vil undirstrika þessi orð landlæknis. Þau eru sönn, en ályktunin, sem dregin er af þeim sannindum, þykir mér hæpin í meira lagi. Hlutverkin eru a. m. k. 7 og í hvert þarf valinn mann. Lægi ekki nærri að láta sér detta í hug þá lausn að leggja þessi hlutverk á herðar fleiri manna en eins? Nei, sú hugsun virðist ekki vakna. Það eina, sem að kemst, er, að leita verði uppi þennan 7 valinna manna maka, og ráðið til þess er stofnun prófessorsembættisins. Það skal vera agnið, sem dugir til að lokka ofurmennið að Kleppi. Ekki er það líklegt, að ofurmenni fæðist á Íslandi oftar en á allmargra alda fresti, en ef til vill stendur nú svo á, að eitt þeirra sé á meðal vor. Um það er mér ekki kunnugt.

Svo er að sjá sem óhamingju íslenzkra geðveikramála verði flest að vopni. Mér til furðu les ég, að læknadeild háskólans hafi mælt með samþykkt frv. um prófessorsembætti á Kleppi. Þar heggur sá, er hlífa skyldi. Í meðmælabréfi deildarinnar segir, að deildarkennarar hafi rætt málið ýtarlega, en mér er spurn: Hafa þeir hugsað málið ýtarlega, eða hafa þeir kynnt sér álit sérfræðinga á því? Um það bera ummæli þeirra ekki vitni.

Í bréfi læknadeildarinnar getur enn fremur að líta þessa setningu: „Að vísu telur deildin eðlilegt, að stofnað yrði á undan prófessorsembætti í kvensjúkdóma- og fæðingarfræði.“ Sé þetta álit deildarkennaranna, og um það er raunar ekki að villast, hvers vegna mæla þeir þá ekki með stofnun þess embættis og þar með því, sem þeir telja eðlilegt? Sá rökstuðningur fær ekki staðizt, að þetta sé gert vegna þess, að yfirlæknisstaðan á Kleppi sé nú laus og því hentugt að stofna þar prófessorsembætti. Síðasta prófessorsembættið, sem stofnað var í læknadeild, var með þökkum þegið af deildinni, þótt viðkomandi staða væri ekki laus, en það var prófessorsembættið í lyfjafræði. Það fer ekki hjá því, að eitthvað er í þessum meðmælum, fljótfærni eða annað, sem illa sæmir læknadeild Háskóla Íslands.

Þetta er kafli úr þeirri álitsgerð, sem ég sendi nokkrum aðilum, er frv. um stofnun þessa embættis kom hér fram í fyrra. Nú hefur sem sagt verið gerð nokkur bragarbót, og þó að hún sé dálítið óljós og megi fara í kringum hana og teygja hana, þá treysti ég sérstaklega núv. landlækni til þess að standa heill í því máli og vinna að því, eftir að þetta frv. er orðið að lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar aðeins til að þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu hennar á þessu frv. og láta í ljós sérstaka ánægju mína yfir því, að hún skuli hafa orðið sammála um að mæla með því, og um þá till. til breyt. á frv., sem hún hefur flutt einnig einróma og hefur fullan stuðning ríkisstj.

Þá langar mig og til þess að mæla með brtt. þeirri, sem hv. 9. þm. Reykv. (AGl) hefur flutt skriflega. Ég tel hana vera til bóta, þá orðalagsbreytingu. Ég hef rætt efni hennar við forseta læknadeildar háskólans, sem einnig telur þá orðalagsbreyt., sem hv. þm. leggur til, vera til bóta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju yfir afgreiðslu menntmn. á þessu frv. Menntmn. hefur tekið til greina óskir háskólaráðs í þessu efni og farið eftir þess till.

Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að ég teldi af ýmsum ástæðum heppilegast, að við stofnun prófessorsembætta við háskólann væri farið eftir óskum háskólans sjálfs og að háskólinn sjálfur ætti frumkvæðið að stofnun nýrra prófessorsembætta.

Hv. þm. Alfreð Gíslason beindi nokkrum aths. að háskólanum og háskólaráði, að mér fannst, í sinni ræðu og drap á það, að ekki ætti að stofna til nýrra embætta við háskólann

af handahófi eða vegna þess, að einhverjir ungir menn væru til, sem gætu gegnt prófessorsembættinu. Ég er honum sammála um þetta síðast talda, en ég hygg hins vegar, að það sé ekki rétt að ásaka háskólann um neitt handahóf í þessum efnum, enda kom það fram í ræðu hans, að háskólinn hafði ekki átt frumkvæðið að stofnun þess prófessorsembættis, sem hann gerði nokkrar aths. út af.

Ég hygg sem sagt, að ef þeirri reglu er fylgt, að háskólanum, en ekki öðrum, sé ætlað að eiga frumkvæðið í þessum efnum, þurfi ekki að óttast svo mjög handahóf í þessu.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar aths. um formhlið þess. Ég gerði það vegna framtíðarinnar og þess fordæmis, sem það hefði getað skapað. Efnislega er ég auðvitað samþykkur þessu frv., eins og ég þá tók fram. Ég benti að vísu á það við þá umr., að það gæti verið spurning og álitamál um sum störfin, sem þar er um fjallað, eins og t. d. starf yfirlæknisins á Kleppi, og þó ekki síður um störf þau eða kjarnfræðirannsóknir, sem kjarnfræðiprófessornum er ætlað að annast, hvort þau ættu heima undir háskólans hatti eða annars staðar. En um hitt eru vitaskuld allir sammála, að þessum málefnum, kjarnfræðunum, þurfi að sinna í framtíðinni og þurfi að sinna í vaxandi mæli, og það má sjálfsagt eftir atvikum telja það ekki óeðlilegt, að verkfræðideild taki að sér það hlutverk. En afleiðingin af því, að verkfræðideild er falið þetta hlutverk, hlýtur að vera sú, og það vil ég undirstrika, að Alþ. verður síðar að taka tillit til þess í fjárveitingum sínum til háskólans.

Ég vil svo ítreka það, sem ég fyrst gat um, ánægju mína yfir afgreiðslu n. á þessu máli. Hún ber vissulega vitni því, sem oft hefur komið fram áður, að Alþ. vill gera vel við háskólann.

ATKVGR.
Brtt. 612,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 612,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 622 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 623).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og endursent Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, PK, IngJ, JSk, EinS, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, AGb, ÁÞ, BGr, BF, BK, BFB, JK, EI, IG, GeirG, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, JóhH.

nei: BjörgJ, HS, ÁS, SkG, ÞÞ, EðS, EOl, EystJ.

5 þm. (KGuðj, BBen, EmJ, GíslG, GJóh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það alveg óverjandi framkomu hjá ríkisstj. að fleygja slíku máli sem þessu inn í þingið á allra síðustu dögum þess og vera að velkja því hér milli deilda og smábæta inn í það ákvæðum um ný embætti í háskólanum, þannig að menn hafi enga möguleika til að kynna sér raunverulega, hvað hér er á ferð. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og segi nei.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Með skírskotun til þess, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, segi ég nei.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Eftir að hv. Ed. samþykkti breyt. við þetta frv. og það kom aftur til þessarar hv. d., sendi forseti d. málið til menntmn. og óskaði eftir því, að hún tæki það fyrir. Menntmn. hefur haldið fund og rætt málið. Fram hefur komið í sambandi við þá breyt., sem Ed. gerði á frv., umsögn frá háskólaráði um þetta frv., og mun ég nú lesa þessa umsögn háskólaráðs:

„Menntmn. Nd. Alþingis hefur með bréfi, dags. 30. maí, sent háskólaráði til umsagnar frv. til laga um breyt. á l. nr. 60 1957, um Háskóla Íslands. Háskólaráð hélt fund um málið næsta dag, 31. maí, og gerði um það svofellda ályktun:

Menntmn. Nd. Alþingis sendi með bréfi 30. þ. m. til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1957, um Háskóla Íslands, en þar er lagt til að bæta við tveim prófessorum í læknadeild og einum í verkfræðideild. Háskólaráð samþykkti að mæla með frv. þessu með skírskotun til bókana læknadeildar og verkfræðideildar. Enn fremur samþykkti háskólaráð samkv. till. laga- og viðskiptadeildar, að tekið verði upp í frv. þetta ákvæði um stofnun prófessorsembættis í viðskiptafræðum, sbr. fundargerð d. í dag.

Bókun verkfræðideildar, sem til er vitnað í samþykkt háskólaráðs, var gerð á fundi d. 30. maí, eftir að borizt hafði bréf menntmn., og er hún svo hljóðandi:

„Frv. þetta var lagt fram á Alþ. hinn 27. f. m., og hafði deildarforseti áður skýrt menntmrh. frá umr. um málið á fundum deildarinnar hinn 25. og 26. þ. m. Deildin hefði kosið að hafa rýmri tíma til að skila áliti um málið, en vill nú taka fram eftirfarandi atriði:

Deildin telur, að það geti verið eðlileg þróun

mála, að henni sé falið að vera ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðimálum, og telur, að með þeirri aukningu á starfsliði deildarinnar, sem frv. gerir ráð fyrir, ætti hún að geta annað þessu verkefni, enda hafi hún til þess nauðsynlega skrifstofuaðstoð. Hins vegar er ljóst, að hin öra þróun á þessu sviði getur krafizt nýrra starfskrafta og breyttrar verkaskiptingar, er tímar líða. Má því telja eðlilegt, að d. skipi þessum málum í samráði við ríkisstj., eins og bezt hentar á hverjum tíma."

Læknadeild gerði á fundi 29. ágúst 1958 svo hljóðandi ályktun varðandi stofnun prófessorsembættis í geðsjúkdómum:

„Deildin telur mikla nauðsyn á kennarastóli í geðsjúkdómum, telur að vísu æskilegt, að fyrst hafi verið stofnað prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. En með tilliti til þess, að nú stendur fyrir dyrum að skipa í yfirlæknisstöðu Kleppsspítalans, þykir rétt nú þegar að fara þess á leit, að stofnað verði prófessorsembætti í geðsjúkdómum, enda verði frestað að skipa yfirlækni á Kleppi, þar til ákveðið hefur verið um þessa málaleitun."

Ályktun hefur eigi verið gerð síðar um málið, en deildarforseti lýsti því yfir á háskólaráðsfundi, að deildin væri einhuga um að mæla með stofnun þessa embættis.

Varðandi stofnun prófessorsembættis í efnafræði hefur ekki verið gerð sérstök ályktun af læknadeild eða í háskólaráði, en forseti læknadeildar lýsti því, að deildin væri sammála um nauðsyn þess og mælti með því, og hefur rektor skrifað menntmrh. bréf um það efni.

Samþykkt laga- og viðskiptadeildar, sem til er vitnað í ályktun háskólaráðs, var gerð á fundi d. 31. maí og er svo hljóðandi:

„Deildarforseti skýrði frá því, að flutt hefði verið á Alþ. frv. til l. um breyt. á háskólalögum, en samkv. því frv. er gert ráð fyrir stofnun tveggja prófessorsembætta í læknisfræði og eins í verkfræði. Í tilefni af þessu samþykkir deildin með skírskotun til fyrri samþykkta og umræðna, svo og til ákvæðisins í 9. gr. háskólal., að fara þess á leit, að tekið verði upp í áðurgreint frv. ákvæði um stofnun prófessorsembættis í viðskiptafræðum."

Er menntmn. Nd. Alþ. óskaði eftir umsögn háskólaráðs, hafði hún þegar gefið út nál., og er nú kunnugt, að málið hefur verið afgreitt í Nd. og er komið til Ed. Háskólaráð leyfir sér því að senda umsögn þessa til menntmn. Ed. Alþ.

Virðingarfyllst.

Ólafur Jóhannesson,
varaforseti háskólaráðs."

Í 9. gr. l. um Háskóla Íslands, sem nefnd er í þessari umsögn, segir m. a. svo: „Viðskiptadeild skal vera sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum."

Menntmn. hélt fund um þetta mál nú fyrr í kvöld og skilar því skrifl. nál. En það hljóðar efnislega svo:

„Forseti Nd. hefur vísað málinu til n., eins og það var afgreitt frá Ed. N. hefur komið saman og rætt þá breyt., sem Ed. gerði á frv. N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. í núverandi mynd. Björn Fr. Björnsson og Geir Gunnarsson áskilja sér rétt til að fylgja frekari brtt., ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 2. júní 1960."

Undirskriftir allra nefndarmanna.

Menntmn. mælir því með því, að þetta frv. verði samþ., eins og það kemur frá efri deild.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér finnst fara að tíðkast nú hin breiðu spjótin. Hefur hv. Ed. annaðhvort án vitundar hæstv. ríkisstjórnar eða með vitund einhverra úr henni tekið upp á því að gerbreyta frv., sem kvartað var yfir hér í Nd. að hefði verið lagt seint fyrir og þurfti á alveg sérstakri sanngirni að halda til þess að afgreiða það í þessari hv. d. frá menntmn., sem hafði með það að gera, og frá d., þannig að það hefði ekki gengið svona skjótt, ef mönnum hefði dottið í hug, að maður ætti að fá þetta endursent svo að segja á síðasta degi þingsins með stórbreytingum. Og ég er hræddur um, að ef þetta á að fara að verða vani hér um afgreiðslu mála, verði að fara að athuga dálítið betur um þingsköpin og rétt okkar þm. til þess að afgreiða lög frá Alþingi.

Það er svo mælt fyrir í Sþ., þegar þar eru afgreiddar, þó að það séu ekki nema litlar og lélegar tillögur, sem kosta peninga, að það skuli hafa um þær tvær umr., en þegar ákveðið er að setja lög, þurfa þó að vera 3 umr. í hvorri deild. En nú á að bæta inn í, stofna ný embætti og annað slíkt og geta Nd. eina umr. um það mál til þess að ákveða það. Ég verð að segja það í fyrsta lagi viðvíkjandi þessu, að ég kann ekki við svona vinnubrögð. Það stendur yfirleitt aldrei á mér að vera með því að veita afbrigði í þingi, ég álít það sjálfsagðan hlut. En ég vildi aðeins mótmæla svona aðförum með því fyrir mitt leyti að leggja til að neita um afbrigði, ef á að fara að taka Alþ. þessum tökum til þess að pína mál í gegn. Ég vil taka það fram strax í upphafi, ef það er meiningin að afgreiða þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, og breyta því ekki í þessari hv. d., að ég álít ósvinnu og ókurteisi gagnvart Alþ. að fara svona að.

Mér er tjáð, að að einhverju leyti standi háskólaráð á bak við þetta. Ég heyrði það ekki svo nákvæmlega, sem upp var lesið, og hefði kunnað betur við, að það hefði legið hér fyrir prentað með þeim undirskriftum, sem þar eiga að vera, þannig að við hefðum getað séð það og athugað og kannske þá kallað á okkar fund menn úr háskólaráðinu til þess að ræða við þá um þetta. Þann rétt hafa nefndir þessarar hv. d. að geta talað við embættismenn ríkisins, en ekki að hlýða þeim og beygja sig í auðmýkt. Sá tími er liðinn, að embættismenn ríkisvaldsins geti skipað Alþ. fyrir verkum, og það þurfa jafnt háskólaprófessorar og aðrir embættismenn ríkisins að gera sér ljóst,

a. m. k. meðan þeir hafa þá ekki eitthvert herravald á bak við sig til þess að reka þingið heim og fangelsa þingmenn, eins og í voru mikla vinalandi, því fyrirmyndarlýðræðislandi, Tyrklandi. Þar kann að vera, að háskólaprófessorum þyki það þægilegt og geti jafnvel verið einhver framför í því, að þeir geri sig allstóra og segi þingi fyrir verkum. En meðan við erum kosnir af almenningi í landinu til þess að stjórna þessu landi, kann ég ekki við það, að embættismenn utan þessara veggja segi okkur fyrir um, hvernig við eigum að stjórna hér. Ég hef sjálfur staðið í því við þá aðalendurskoðun, sem fór fram á háskólalögunum fyrir þremur árum, að hafa með háskólaráð að gera og taka þar þátt í, einmitt í menntmn. þessarar hv. d., heildarendurskoðun á l. um háskólann, og ég kann ekki við það, að farið sé að kasta hér inn til okkar á síðustu stundu einhvers konar kákbreytingum á þessum lögum, án þess að okkur gefist tækifæri til þess að ræða þetta almennilega og hugsa um þetta. Og ég held, að Háskóli Íslands hafi ekki þurft að kvarta yfir því, að hann hafi ekki yfirleitt átt hauk í horni, þar sem er sá flokkur a. m. k., sem ég tala fyrir, og mér finnst það þess vegna mjög hart, að það sé farið að beita þannig aðförum af hálfu háskólaráðs eða manna úr því, að ætla að neyða menn svo að segja á síðustu stundum Alþingis til að fara að ræða svona mál og láta í ljós sínar tillögur um það og gefa ekki neinn eðlilegan umhugsunarfrest til þess að geta rætt þessi mál, svo að af einhverju viti sé. Ég hafði því satt að segja ekki búizt við því, að við mundum á þessari kvöldstund eiga að fara að ræða endurskoðun á háskólal., svo og svo mörg ný prófessorsembætti, nýja deild í háskólanum og nýja skiptingu á háskólanum. Og ég sé satt að segja alls ekki, hvað það er eiginlega, sem rekur þannig á eftir, og hef hvergi getað fengið neina skýringu á því, enda held ég, að enginn þm. hafi fengið neina skýringu á því. Ég held meira að segja, að þegar þetta var afgr. í Ed., hafi fæstir menn í Ed. vitað, hvað þeir voru að gera, með allri virðingu fyrir þeirri hv. deild. A. m. k. treystu menn sér ekki almennt til þess að ræða þetta mál þar, vegna þess að þeir þekktu lítið inn á það, og enginn tók til máls við 3. umr., heldur var þessu ýtt í gegn með einhvers konar rýtingi á bak við tjöldin á nokkrum mínútum.

En ef það er meiningin, að við eigum að fara að ræða hér endurskoðun á háskólal., skal ég taka þátt í því. Það er ekki nema það, sem hægt er að heimta af okkur. Háskólinn er 50 ára nú á næsta ári, og ég geng út frá því, að það hefði verið mjög viðkunnanlegt, að Alþingi Íslendinga hefði þá gert þær breyt. á Háskóla Íslands, sem það teldi heppilegastar. Og ef það er háskólaráð, sem stendur á bak við þessa brtt., má ég þá spyrja: Er þetta þá það, sem háskólaráð óskar eftir að sé gert fyrir Háskóla Íslands á 50 ára afmæli hans? Er þetta allur stórhugurinn? Eru þetta allar óskirnar? Hvað er það þá, sem hér er í gangi, eða eru einhverjar tilviljanir þarna að verki? Datt einhverjum manni úr háskólaráðinu í hug að kasta inn einhverri brtt. og síðan átti Alþ. að gleypa við þessu og þar með búið? Er það svona, sem á að afgreiða lög um Háskóla Íslands?

Ég verð að segja það, að það hefur oft komið fram ýmiss konar kritik á háskólann, og það er máske eðlilegt, eins og með fleiri stofnanir í okkar unga endurreista lýðveldi, að okkur gangi erfiðlega með það. En eitt af því, sem mér hefur fundizt vera erfiðast í sambandi við háskólann og þá stefnu, sem tekin væri með hans löggjöf, það er, að það virðist loða svo mikið við hans gamla uppruna, að hann sé fyrst og fremst hugsaður sem embættismannaskóli. Af því, að hann er stofnaður upprunalega úr prestaskólanum og læknaskólanum og slíku, loðir það við hann, og jafnvel ýmsum af þeim æðstu mönnum, sem eiga sæti við þá stofnun, hættir við að hugsa þennan skóla sem embættismannaskóla. Og ég held, að ef á að fara að ræða endurskoðun á háskólalögunum, sé nauðsynlegt, að við alþm. gerum okkur það ljóst, að við ætlumst til meira af háskólanum en hann sé embættismannaskóli. Við höfum stolt fyrir hönd Háskóla Íslands, við höfum stolt fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar og gerum kröfu til þess, að háskólinn sé stofnun, sem hún geti litið upp til, geti jafnvel litið upp til meira en nokkurrar annarrar stofnunar. Og eitt af því, sem þarf að gerast, til þess að háskólinn verði slík stofnun, það er, að jafnhliða því, sem hann er embættismannaskóli, verði hann vísindamiðstöð, ekki aðeins vísindamiðstöð þannig, að prófessorarnir sjálfir geti stundað vísindi og Alþ. og ríkisstj. gefi þeim aðstöðu til þess, heldur líka frá hinu sjónarmiðinu, að háskólinn og kennslan í honum sé rekin með það fyrir augum, að hann útskrifi vísindamenn, að hann útskrifi menn, sem séu færir um að hafa vísindaleg störf með höndum og sinna slíkum störfum. Ég skal segja, af hverju ég legg áherzlu á þetta og minni á það.

Þegar lagafrv. var lagt hér fyrir Alþ. 1956, á þskj. 415, var tekið fram í 1. gr. þess lagafrv., eins og það lá fyrir, með leyfi hæstv. forseta: „Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.“

Það var háskólaráð, sem hafði undirbúið þetta frv. og lagt það hér fyrir. Í meðferð Alþ. og það einmitt hér í Nd. var bætt aftan við þetta um að veita nemendum menntun til að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu: „og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.“ Alþingi sá ástæðu til þess að bæta því aftan við það, sem prófessorar háskólans höfðu undirbúið, það frv., að þeir skyldu veita nemendum sínum menntun með tilliti til þess, að þeir yrðu færir um að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

M. ö. o.: það væri ekki bara hlutverk Háskóla Íslands að útskrifa embættismenn, Háskóli Íslands ætti ekki bara að vera embættismannaskóli, hann ætti líka að vera skóli, sem útskrifaði vísindamenn. Alþ. sagði með þessari samþykkt í 1. gr. Háskóla Íslands og háskólaráði, hvað Alþ. ætlaðist til af þeim og hvað háskólaráð ætti að hugsa um, þegar það væri að undirbúa till. um breyt. á háskólalögunum. Nú veit ég, og það vita allir þm. líka, að hvað snertir embættismenn og embættismannaskóla, að svo miklu leyti sem háskólinn er slíkur, þá er alltaf tilhneiging — og háskólinn er ekki einn um það, það eru margar stofnanir — til að auka við það, sem fyrir er, það sem kallað hefur verið á síðari tímum Parkinsons-lögmálið, sem virðist vera mjög að verki. Og það virðist vera svo, að bara ef einhverjum háskólaprófessor, t. d. í Ed., dettur í hug að bæta við einhverja deild í háskólanum t. d. einu embætti, þá sé bara samkv. Parkinsons-lögmálinu alveg sjálfsagt að samþykkja þetta, það sé alltaf hægt að finna nóg verkefni handa einum prófessor í viðbót. En ég held, að við eigum ekki hér á Alþ. að afgreiða lög eftir Parkinsons-lögmálinu. Ég held, að við eigum að afgreiða mál út frá því sjónarmiði, hvað við álítum nauðsynlegt fyrir þjóðina. Og þegar við hugsum um slíkt viðvíkjandi háskólanum, held ég, að við verðum að muna eftir því, að auk þess sem hann útskrifar embættismenn, lækna, lögfræðinga, presta, þá eigi háskólinn að sjá um að standa á allháu stigi hvað vísindi snertir. Og það er á tveimur sviðum, sem við hljótum að gera þær kröfur til háskólans eða athuga, að hve miklu leyti við getum orðið við þeim kröfum. Það er annars vegar hvað snertir þau hugvísindi, sem við hann eru, og hins vegar hvað snertir þau raunvísindi, sem við gjarnan vildum að við hann væru.

Þegar við þess vegna athugum, hvar við viljum láta setja prófessora, þá held ég, að við verðum að athuga það út frá því sjónarmiði, hvar okkur finnst æskilegast, að nýjum prófessorsembættum sé komið upp, ef á að fara að fjölga þeim. Og ég skal manna sízt draga úr því almennt, að prófessorsembættum sé fjölgað við Háskóla Íslands, ef það er vel undirbúið, ef það er gert á sómasamlegan hátt, en ekki stolizt til þess, og ef það er gert þannig, að það hafi þó verið hægt áður að ræða og koma einhverjum rökum að viðvíkjandi slíkum málum. Ég verð að segja hvað hugvísindin snertir, að þá er það fyrst og fremst ein deild við háskólann, sem ég álít að eigi að auka og eigi að bæta prófessorum við, ef við viljum sýna Háskóla Íslands þann sóma, sem okkur ber að sýna honum. Þetta er eini háskólinn, sem við eigum, og háskóli, sem við eigum að geta verið stoltir af. Og sú deild, sem ég álít að ætti að bæta við í fyrst af öllu, það er það, sem nú er kallað formlega heimspekideild, það sem við köllum oft í daglegu tali norrænudeildina. Ég álít það ekki vansalaust, hvað lítið stolt íslenzka þjóðin hefur sett í að útbúa norrænudeildina almennilega. Við Íslendingar höfum hvað snertir tungu okkar og raunar einnig hvað snertir sögu okkar og bókmenntir sérstöðu í fyrsta lagi meðal allra germanskra þjóða, og í öðru lagi höfum við sérstöðu í Evrópu. Við erum sú eina af germönsku þjóðunum, sem heldur því máli eða líku því máli, sem upprunalega var talað, tiltölulega ómenguðu af latneskum áhrifum. Við tölum tungu, sem er raunverulega hvað Evrópu snertir og jafnvel þótt víðar væri leitað sú eina klassíska tunga, sem uppi er í veröldinni að heita má, vegna þess að þær tungur, eins og gríska, eru svo ólíkar, þær nýju, að það er vart sama mál lengur. Ef við og okkar vísindamenn við háskólann hefðum verulegt stolt um, hvað þjóð okkar ætti að gera við háskóla sinn, finnst mér, að sú fyrsta till., sem ætti að liggja fyrir frá þeim, væri að gera norrænudeildina við háskólann að myndarlegustu og öflugustu deildinni í germönskum fræðum, sem til væri við nokkurn germanskan háskóla, þannig að hingað yrðu menn að leita, vegna þess að hér væru svo færir vísindamenn og prófessorar í slíkum efnum, ef menn ætluðu að öðlast þá þekkingu, sem bezta væri hægt að fá í þeim greinum, þannig að það þætti sjálfsagt, að þeir menn, sem ættu að læra slík mál, ættu yfirleitt að læra sín eigin mál sem vísindamenn, hvort sem það eru Þjóðverjar, Englendingar eða Skandinavar eða þeir, sem væru að nema slíkt í öðrum löndum utan germönsku þjóðanna, — þeir þættu ekki menn með mönnum í sínum vísindagreinum, fyrr en þeir væru búnir að koma hingað og vera hér við háskóla okkar um nokkurt skeið, vegna þess, hvernig hann og prófessorar hans sköruðu fram úr í slíkum málum. Þetta álít ég að þyrfti að gera, svo framarlega sem við ætluðum að sýna, að við vildum eitthvað meira með Háskóla Íslands en bara hafa hér embættismannaskóla. Og ég held, að fátt mundi vera betra til þess að undirstrika, hverja áherzlu við legðum á, að við fengjum t. d. handritin okkar heim, en við gerðum einmitt sem mest úr okkar norrænu deild við háskólann í þessum efnum. Það hefur verið þveröfugt allan þann tíma, sem Háskóli Íslands hefur starfað. Það hefur hvað eftir annað verið þannig, að í staðinn fyrir, að það kæmu tillögur og væru settar fram hér á Alþ., væri barizt fyrir að fá þetta í gegn, þá hefur það verið svo, að ýmsir færustu menn íslenzkir í norrænum fræðum hafa hlotið prófessorsembætti við háskóla annarra landa eða verið boðið prófessorsembætti þar. Og kannske þá fyrst, þegar menn horfðust í augu við, að við værum að missa þá, hefur verið talað um að stofna prófessorsembætti hér. Hvað snertir okkar háskóla og endurskoðun á háskólalöggjöfinni, þá er þetta þess vegna eitt af því fyrsta, sem okkur bæri að gera út frá okkar þjóðarstolti, út frá okkar kröfu til háskólans sem vísindastofnunar. Út frá því að gera Háskóla Íslands að slíkum háskóla eins og hann

á að vera einmitt í íslenzkum fræðum, þá væri þetta það fyrsta, sem við ættum að gera, þ. e. stórfelld aukning á prófessoratölunni þar, fjölgun á þeim vísindamönnum, sem þar störfuðu og þar rannsökuðu og þar kenndu. Og þetta er ekki aðeins vegna þess, sem við ættum að gera út á við í þessu efni. Þetta er líka vegna þess, sem við eigum og verðum að gera vegna okkar eigin þjóðar. Hvernig eru rannsóknirnar og hvernig er starfið, það vísindalega starf, viðvíkjandi okkar eigin fræðum, okkar sögu, okkar bókmenntum? Ég er hræddur um, að það sé svo, að nokkur hluti Íslandssögunnar sé alls ekki kenndur við háskólann. Ég er hræddur um, að það sé svo, að við, sem erum að heimta handritin heim, veitum ekki einu sinni aðstöðu eða tíma fyrir þá vísindamenn, sem við viljum hafa til þess að lesa þau handrit, sem eru til hérna heima. Og ég er hræddur um, hvað snertir íslenzka sögu, hagsögu, bókmenntasögu og annað slíkt, að það vanti ákaflega tilfinnanlega, að þau vísindalegu störf séu unnin, sem þjóðin þarf á að halda að unnin séu, og er það ekki vegna þess, að þarna séu ekki ýmsir færir menn og meira að segja ágætir, heldur vegna þess, að það er ekki hugsað betur um þessa deild, sem ætti að vera stolt háskólans og stolt þjóðarinnar, heldur en þetta. Enda virðist komið svo, að í staðinn fyrir, að fyrir nokkrum öldum var það svo, að það vorum við Íslendingar, sem skrifuðum sögu þeirra manna, sem þá þóttu frægastir á Norðurlöndum, og geymdum hana handa Norðurlandaþjóðunum, þá er það farið að verða svo nú, að það eru háskólakennarar við erlenda háskóla, t. d. sænska háskóla, sem skrifa sögu þeirra manna á Íslandi, sem þykja frægastir á Norðurlöndum nú. M. ö. o.: það er horft upp á það af hálfu stjórnarvaldanna og hálfu Alþingis og mér liggur við að segja af hálfu háskólaráðs, að það sé ekki aukið, eins og vísindalegur heiður Háskóla Íslands og þjóðarstolt Íslendinga ætti að krefjast, við þá deild, sem ætti fyrst og fremst að vera stolt þjóðarinnar í þessum efnum. Af hverju? Ég get svo sem gert mér í hugarlund, af hverju það muni vera. Það er vafalaust ekki þörf á að útskrifa nein ósköp af embættismönnum í íslenzkum fræðum, það er ekki rúm fyrir svo marga, ef allt er hugsað út frá því. En okkur vantar aftur á móti menn í vísindastörf, sem þarna þarf að vinna, og okkur vantar aðstæður, sem við gæfum þeim. Ég held þess vegna, að ef við eigum að fara að endurskoða háskólalöggjöfina, fara að bæta við nýjum prófessorum, þá sé þetta eitt af því, sem við eigum fyrst og fremst að athuga.

Ég sé það á þeirri þróun, sem verður með prófessorana í deildum háskólans, að það er ein deild, sem þar ýtir mest á eftir og eykur, það er læknadeildin. Það er ýmislegt gott um það að segja. Þó er ég ekki fjarri því, að það mætti, áður en miklar breytingar eru gerðar á læknadeildinni, endurskoða þá deild og hennar kennslu og hennar kennsluform og athuga dálítið, hvernig það er erlendis nú. Ég er hræddur um, að það sé allmargt í fyrirkomulagi læknadeildarinnar, sem sé úrelt, með þeirri gífurlegu þróun í sérfræði, sem við höfum nú, og ég er hræddur um, eftir þeim litlu kynnum, sem ég hef af því, að nágrannaþjóðir okkar margar séu búnar að breyta þarna nokkuð mikið um. En læknadeildin hefur reynzt hér allmiklu íhaldssamari í þessum efnum. Ég held það komi m. a. fram í því, að nám sé orðið mun lengra í læknadeildinni en eðlilegt væri og jafnvel sum af þeim fögum, sem þar eru kennd, orki tvímælis að væri nauðsynlegt að læra fyrir alla þá, sem ætla að verða læknar. Og svo mikið er víst, án þess að ég skuli fara sérstaklega að ræða það efni nú, það yrði vafalaust of langt, að mér er grunur á, að prófessorarnir við læknadeild háskólans hafi breytt á móti anda laganna með þeirri reglugerð, sem þeir fengu gefna út, eftir að háskólalögin voru samþ. 1957. Því frv. var þá nokkuð breytt í meðferð Alþ., og ég vissi, að þá voru sumir prófessorar læknadeildarinnar nokkuð óánægðir með það, og ég er hræddur um í sambandi við ýmis reglugerðaratriði viðvíkjandi prófum og öðru slíku, að einmitt það, sem menntmn. þessarar hv. d. var fullvissuð um, að ekki yrði gert, hafi verið gert eftir á, þannig að það hefur svo að segja verið farið í kringum lögin. Og sú framkoma, sem við urðum fyrir í sambandi við þau bráðabirgðaákvæði, sem þá voru sett, og framkvæmd þeirra af hálfu þess prófessors, sem með það hafði að gera, bar ekki vott um sérstaklega mikla virðingu fyrir Alþ. og lögunum af hálfu þess prófessors, sem hafði með það að gera, þannig að háskólaráðið getur samkvæmt þeirri framkomu, sem það sýndi þá eða ákveðnir menn úr prófessorastétt háskólans, ekki vænzt þess, að við, sem þá reynslu fengum og þá vorum í menntmn. þessarar hv. d., hlaupum allt of mikið til, þannig að hægt sé að vingsa okkur eins og einhverjum prikum, þegar einhverjir og einhverjir prófessorar vilja.

Ég held þess vegna viðvíkjandi hugvísindunum, ef þar ætti að fara að fjölga prófessorum, að þá ætti Alþ. fyrst og fremst að athuga, hvað það álítur rétt að gera viðvíkjandi þeirri deild, sem á að annast um vísindastörf í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum og fræða þá, sem vísindastörf eiga að iðka og öðrum að kenna í þeim efnum.

En svo er annar þáttur, sem ég að vísu er ókunnugri, en ég veit að hlýtur eðlilega að verða eitt höfuðatriði, þegar fara á að fjölga prófessorum við háskólann, þ. e. að stofna nýjar deildir, að tekinn sé til athugunar hvað raunvísindin snertir sá þáttur í starfi háskólans, sem snýr að tæknimenntun og atvinnulífi þjóðarinnar.

Þegar háskólafrv. var lagt fyrir Alþ. 1956, eins og háskólaráð þá hafði undirbúið það, var í því lagt til, að það væru fimm deildir við Háskóla Íslands. Það var sleppt úr þeirri deild, sem alltaf hefur verið nefnd á nafn

í sambandi við háskólann og kölluð var atvinnudeild, atvinnudeild háskólans. Þegar Alþ. tók þetta frv., sem háskólaráð hafði undirbúið eða ákveðnir menn úr háskólanum, til meðferðar, þótti Alþ. ekki rétt stefnt með því að fella algerlega burt atvinnudeildina úr háskólanum, jafnvel þó að hún hefði ekki verið annað en rannsóknarstofnun, sem næstum því bara að nafninu til var við hann tengd, en mun þó hafa notið á vissan hátt nokkurrar aðstoðar, sem háskólanum kom til fjárhagslega. Því var þess vegna breytt svo í meðferð Alþ. og einmitt hér í Nd., að það var bætt inn í 9. gr.: „Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans.“ Af hverju breytti Alþ. þessum lögum? Af hverju breytti Alþingi því uppkasti, sem prófessorarnir við Háskóla Íslands höfðu gert, þar sem atvinnudeildin var felld burt? Alþingi breytti þessu vegna þess, að Alþingi áleit, að það ætti að taka til athugunar, hvort ekki bæri að vera við Háskóla Íslands ekki aðeins rannsóknardeild, sem héti atvinnudeild háskólans og hefði þar rannsóknarstofnun, heldur jafnvel, að inn í háskólann yrði bókstaflega tekin sjálf fræðslan í þessum efnum. Við stöndum hér frammi fyrir vandamáli, sem hefur legið fyrir þessu þingi og er verið að ræða af fullum krafti í blöðunum hér nú. Það er þessi spurning um: Hvernig á Háskóli Íslands og hvernig ætlar íslenzka þjóðin að útskrifa tæknimenntaða menn? Ætlum við einvörðungu að senda alla okkar menn, sem eiga að fá slíka menntun, til erlendra háskóla, eða ætlum við að koma hér upp við háskólann slíkum deildum? Þeir eru orðnir margir á síðustu 30 árum, vísindamennirnir, sem hafa hrakizt burt frá Íslandi vegna þess, að ekki hafa verið til störf fyrir þá við háskólann einmitt í vísindalegum fræðum, og við eigum aðeins að þakka mikilli ósérplægni og föðurlandsást ýmissa okkar beztu vísindamanna, að þeir hafa neitað ekki aðeins prófessorsembættum, heldur jafnvel tengslum í sambandi við það, sem jafnvel meiri heiður væri að, til þess að geta unnið við léleg kjör hér í föðurlandi sínu. Til allrar hamingju á þjóð okkar það mikið af gáfuðum mönnum, sem hafa fengið á undanförnum áratugum vegna okkar aðstæðna aðstöðu til þess að mennta sig, að þeir skara fram úr, ekki bara meðal okkar þjóðar, heldur jafnvel á heimsmælikvarða. En það hefur ekki verið sinnt sérstaklega um að skapa vísindalega aðstöðu handa þessum mönnum. Þeir hafa jafnvel hrakizt í burtu. En svo getur komið fyrir, ef einhverjum og einhverjum prófessor í Ed. dettur í hug af einhverjum og einhverjum orsökum að fara að stinga upp á að bæta einum prófessor við, að þá er gleypt við þessu undireins, án þess að það sé litið við því af þeim nefndum þingsins, sem um þetta ættu að hugsa, að taka málin raunverulega frá sjónarmiði Háskóla Íslands, frá sjónarmiði vísindalegrar starfsemi og frá sjónarmiði þarfa háskólans. Hér liggur fyrir, — ég man ekki, hvort það er í þessari deild, en það liggur fyrir þinginu nú m. a. frv. um landbúnaðarháskóla, ef ég man rétt, eða till. um landbúnaðarháskóla. Það er verið að ræða í frv. um landbúnaðarháskóla um það, hvar hann skuli vera staðsettur, og það er byrjað á því, svo undarlegt sem þetta er. Kannske eigum við eftir að upplifa það einhvern tíma við 3. umr. í Ed., að bætt verði aftan í háskólalögin ákvæði: Enn fremur skal vera starfandi landbúnaðardeild. Hún skal vera uppi á Hvanneyri. — Og svo fáum við málið hér eina kvöldstund, og kannske verður menntmn. hv. d. kölluð saman, kannske fær hún hálftíma til þess að taka ákvörðun. Og það er ekki hlægilegt. Þetta er auðsjáanlega að verða vani, að svona eigi að afgreiða málin. Ég var að sjá grein nýlega í einu af blöðunum, — ég held, að það hafi verið í Morgunblaðinu, — eftir einn af okkar fræðimönnum, sem starfa nú í Ameríku, sem einmitt er að skrifa um þörfina á því að hafa deild við háskólann, sem útskrifi tæknimenntaða menn í sérstökum fræðum. Og það er engum efa bundið, að það er nauðsynlegt fyrir okkur að taka þessi mál til athugunar. Ef við ætlum að heita sjálfstæð þjóð og vera fyrst og fremst stoltir af því, sem við afrekum á því andlega sviði, eins og kallað er, okkar vísindalegu starfsemi, afrekum okkar í bókmenntum eða öðru slíku og vísindum, þá verðum við að gera þannig við okkar háskóla, gera hann þannig úr garði, að hann fullnægi þeim kröfum, sem slík þjóð gerir til hans. Við eigum ekki að hlaupa til bara, ef háskólaráð hefur samþykkt eitthvað, því að í háskólaráði eru prófessorar eða fulltrúar frá ákveðnum deildum, sem þar eru fyrir, og þeir hugsa oft og tíðum um þessar deildir. Þeir eru kannske ekki að hugsa um þær nýju deildir, sem þyrfti að veita háskólanum, og ef prófessorarnir í einhverri d. væru sæmilega ánægðir með það, þeir væru nokkuð margir þar og þeir vildu ekki gera neinar sérstakar kröfur um aukningu, jafnvel þótt þjóðinni væri nauðsyn á, þá koma þeir kannske ekki með neitt. En aðrir eru svo aftur ýtnari og pína sitt í gegn.

Svona eigum við ekki að láta Háskóla Íslands vaxa. Við eigum ekki að láta Háskóla Íslands vaxa á sama hátt og ríkiskerfið hefur vaxið hjá okkur, á sama hátt og bankakerfið hefur vaxið hjá okkur, þannig að það sé eins og einhver villigróður í hvert skipti, sem farið er að skipta um einhvern mann. Við skulum segja t. d. eins og 1950, þegar ákveðinn bankastjóri í Landsbankanum er ekki nógu þægur við Ameríkana hér á Íslandi, þá er skapaður nýr banki á Íslandi, Framkvæmdabanki Íslands. Og þannig eru bankarnir látnir vaxa á Íslandi. Svo þegar Framkvæmdabanki Íslands er kominn upp og allir eru sammála um, að það sé ekki til neins að vera að hafa hann, þá vill enginn leggja hann niður. Parkinsonslögmálið heldur honum föstum. Og jafnvel þó að kannske maðurinn, sem við hann vinnur, væri einn af færustu mönnum til þess að

vera vísindamaður, má ekki gera það. Það er þess vegna alveg ófært að taka mál eins og mál Háskóla Íslands svona tökum.

Ég tala hér um fjölgun á prófessorum og annað slíkt vegna þess, að ég veit ósköp vel, að íslenzka ríkið hefur vel efni á því. Íslenzka ríkið þykist hafa efni á því t. d. að dandalast með svo og svo marga ríkisbanka. Það þykist hafa efni á að halda uppi skrifstofum, sem gera ekki nokkurn skapaðan hlut. Það hefur í stjórnarráðinu menn, sem ráðherrarnir sjálfir vita ekki, hvað þeir eiga við að gera. Það er fullt í ríkiskerfinu af embættum, sem við höfum ekkert við að gera. En okkur vantar að fá að skapa embætti á því sviði, sem væri stolt fyrir þjóð okkar, og gefa mönnum, sem hafa framúrskarandi hæfileika til þess að vinna á vísindalegu sviði, aðstöðu til þess, og þessir menn eru venjulega ekki mennirnir, sem heimta mestu launin í þjóðfélaginu. Það er ekki gert. Ég held þess vegna, ef á að fara að taka Háskóla Íslands til endurskoðunar og lögin um hann, að það verði alvarlega að rannsaka það, eigi að fara að fjölga deildum í háskólanum, hvort við eigum ekki, sérstaklega í tilefni af því, að háskólinn verður fimmtugur á næsta ári, að gera þá endurskoðun almennilega, bæta virkilega við á þessum sviðum, annars vegar á því sviði, sem okkur er andleg og siðferðisleg nauðsyn, eins og viðvíkjandi norrænudeildinni, og hins vegar á því sviði, sem okkur er efnahagsleg nauðsyn, eins og viðvíkjandi þeim raunvísindum, sem sérstaklega snerta tæknina. Ég verð að segja það, að ef við höfum t. d. efni á því og möguleika að fara að koma upp landbúnaðarháskóla, hljótum við líka að hafa efni á að koma upp sjávarútvegsháskóla. Og ef maður á að fara að hafa iðnaðinn eins og talað er um hann hér núna og við eigum að fara að geta staðið öllum þjóðum þar á sporði, er ég hræddur um, að vísindastarf okkar í atvinnugreinum verði að fara að taka þó nokkrum stakkaskiptum. Ég held þess vegna, að það verði að athuga þessi mál mjög alvarlega, ef við erum að ræða um að fara að gera stórbreytingar í þessum fræðum.

Nú er lagt til með þeirri breyt., sem gerð var í Ed., að stofna nýja deild við Háskóla Íslands. Hingað til hafa verið þar fimm deildir. Það hefur verið guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild, og lagadeildin hefur fram að þessu heitið laga- og hagfræðideild, held ég sé nafnið, sem við völdum henni. Laga- og viðskiptadeild var nafnið, sem henni var valið seinast, og í háskólalögunum er ákveðið, að þegar þrír prófessorar yrðu við viðskiptadeildina, skyldi hún verða sérstök deild. Ég kann ekki við það, að stofnuð sé ný deild í háskólanum með tveimur umr. svo að segja í Alþ. og það aðeins einni umr. í Nd. Alþ. Ég kann ekki við það. Ef á að fara að stofna nýja deild í háskólanum, vil ég, að það sé athugað betur áður, hvort það eigi að vera einhver önnur deild. Viðvíkjandi laga- og viðskiptadeildinni vil ég segja það alveg hreinskilnislega, að hefði ég átt sæti í menntmn. þessarar d., hefði ég viljað fá að ræða í fyrsta lagi við hæstv. menntmrh., í öðru lagi við prófessora laga- og viðskiptadeildarinnar um alla kennslutilhögun í þessum málum. Mér sýnist á því litla, sem ég veit, — því miður skal ég viðurkenna, að ég veit mjög lítið um starfsemina í þeirri deild, — en mér sýnist það vera svo, að ákaflega mikill þáttur í kennslu þessarar d., laga- og viðskiptadeildar, sé nú orðinn sá að útskrifa menn, sem síðan fara svo að segja í fésýsluna. Upphaflega var lagadeildin annars vegar til þess að útskrifa okkar sýslumenn og dómara og annað slíkt, og það er takmarkað, sem við höfum not fyrir embættismenn í því kerfi, og gæti ég jafnvel trúað, að það yrði farið frekar að fækka þeim en fjölga. Mér hefur þess vegna virzt, að mjög mikið af þeim mönnum, sem fara í lögfræðideildina, fari beinlínis í hana með það fyrir augum að fara að stunda jafnvel fésýslu, og ég held þess vegna, að það væri rétt að athuga miklu betur, áður en þarna er breyting á gerð um fyrirkomulagið í þessari deild. Ég held, að það væri rétt að athuga það. Ég mun ekki fyrir fram kveða upp neinn dóm, til þess hef ég ekki þekkingu á þessu augnabliki. Ég vildi fá tækifæri sem einn af þeim aðilum, sem eiga að setja lög um þetta, til þess að setja mig inn í þetta. Ég vildi fá tækifæri til þess að ræða við þá menn, sem eru sérfræðingar í þessu, og fá að mynda mér á grundvelli þess skoðun á því, hvort það væri e. t. v. rétt að breyta þarna á einhvern hátt um þessa hlið.

Mér skilst, að jafnvel þótt farið væri að stofna það, sem mundi verða kallað viðskiptadeild, mundi það vera meiningin raunverulega fyrst og fremst að kenna það, sem hefur verið kallað viðskiptafræði. Mér skilst, að það mundi ekki vera meiningin með því að fara raunverulega eins að og við skulum segja mundi vera gert í hagfræðivísindum Kaupmannahafnarháskóla, að útskrifa hagfræðinga sömu tegundar og þar mundu vera útskrifaðir. Ég get ekki sagt um þetta, vegna þess að mér hefur ekki gefizt tækifæri til þess að ræða við nokkurn mann um þetta, áður en á að taka ákvörðun um þetta. Ég verð að segja, að ef ætti að stofna hér viðskiptadeild og hún á bara að vera viðskiptadeild, bara eins og er menn voru að fara á verzlunarháskóla í Danmörku eða eitthvað slíkt, þá held ég, að það gæti jafnvel verið allt önnur stofnun, sem væri hentug, og ætti að tengja þá kannske við verzlunarskólann eða eitthvað þess háttar. Ég efast um, að þetta væri réttasta aðferðin í sambandi við það. Ef ætti hins vegar að mynda hér fullkomna vísindalega hagfræðilega deild, er ég hræddur um, að það sé allt annað og meira, sem við erum að ráðast í. Þetta segi ég vegna þess, að það liggur alls ekki fyrir hér og hefur ekki legið

fyrir menntmn. þessarar d. og enginn þm. hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér það, hver afleiðingin af þessu yrði. Það má vel vera, að um leið og þau rök væru lögð fyrir mig, yrði ég fyrstur manna til þess að fallast á það. En ég bara læt ekki taka mig svona tökum. Það er á móti þeim kröfum, sem ég geri til mín og til annarra þingmanna, að afgreiða mál á þennan hátt. Þó að ég væri 100% með þessu máli eftir að vera búinn að kynna mér það, tek ég ekki þátt í því að afgreiða það á þennan máta. Ég vil, fyrst ég á annað borð á sæti á þingi, hafa aðstöðu til þess að ræða svona mál við þá menn, sem hafa vit á þessu, kynna mér það, og ég álít það alls ekki forsvaranlegt af hæstv. ríkisstj. og vil alveg sérstaklega skjóta því til hæstv. menntmrh., sem er sjálfur líka prófessor í þeirri deild, sem hér er um að ræða, að það er alls ekki sanngjarnt og alls ekki hægt að ætlast til þess, að við afgreiðum svona mál á þennan máta. Ég segi það ekki vegna þess, að ég vilji sýna neinn skort á samstarfi við hæstv. ríkisstj. eða hæstv. menntmrh. í þessu efni. Ég held, að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að kvarta yfir því, að stjórnarandstaðan hafi ekki sýnt fulla sanngirni í sambandi við afgreiðslu mála hér á Alþ. Ég skal viðurkenna um leið, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseti okkar deildar hefur verið mjög samstarfsgóður um slíkt, og til þess að gott samstarf takist, verður það að hjálpast að, en þessi aðferð, sem nú er höfð hérna, er aðferð, sem stingur í stúf við allt, sem gert hefur verið fram að þessu hér á Alþ. Ég mundi sem sé vilja, áður en ég samþykkti að gera viðskiptadeildina að sérstakri deild, fá tækifæri til þess að ræða þessi mál á þennan máta. Og nú sé ég á öllu, að nú er það ekki sjálfur hæstv. menntmrh., sem hefur átt upptökin að þessu. Ég veit, að hefði hann átt upptökin að þessu, hefði hann komið með þetta um leið og hann lagði það frv. fyrir þingið, sem upprunalega var lagt fyrir okkur. Ég er fyllilega sannfærður um, að það er ekki hans aðferð að ætla að skjóta inn á síðustu augnablikum svona breyt. Ég get hins vegar skilið, að það séu viss vandkvæði, jafnvel fyrir hann, einmitt í svona máli, vegna þess að hann er einmitt prófessor í þessari deild. Það er verið að auka þessa deild, það er verið að gera þessa deild sjálfstæða, og ég get vel trúað því, að hann yrði fyrir ámæli jafnvel af þeim mönnum, sem eru prófessorar með honum, ef hann að einhverju leyti setti fót fyrir slíkt. En ég vil þá, af því að ég get fyllilega skilið, að hann mundi e. t. v. verða fyrir þrýstingi frá hálfu háskólaráðs í slíkum efnum, skírskota til hans frá hinni hliðinni, skírskota til hans sem ráðh. frá mér sem þm. og mælast til þess, að við verðum ekki settir frammi fyrir slíku. Það er vitanlegt, að þetta kemur ekki að neinu gagni nú. Það er ekki undir vorprófin í vor hægt að breyta neinu um þetta. Þetta kæmi þá fyrir næsta ár, og alveg eins væri þá hægt að athuga undir næsta haust og jafnvel hægt að reyna að hafa svo góða samvinnu um það, að menn fengju aðstöðu til þess að hugsa um þessi mál. Ég vil þess vegna skírskota til hans sem ráðh., að hann setji ekki fyrir okkur þm. slíkt vandamál.

Ég hef fært hér fram rök í nokkru máli fyrir hugmyndum, sem ég hef um, hvernig ég álít að ætti að breyta háskólanum. Ég segi ekki, að það séu allt réttar hugmyndir, síður en svo. En ég vil halda því fram, að það séu hugmyndir, sem verðskuldi, að það sé hugsað um þær, og að þær séu fyllilega þess virði, að það sé hugsað jafnt um þær og hitt, hvort við bætum við einum prófessor á einum degi nú í þinginu í viðskiptadeildinni og gerum þar með viðskiptadeildina að sjálfstæðri deild í háskólanum. Ég vil þess vegna alveg eindregið, af því að ég hef haft ágæta samvinnu við hæstv. menntmrh. bæði fyrr og nú, skírskota til hans um það, að hann setji okkur ekki í þessa aðstöðu, að neyðast til þess að fara að berjast út af þessum málum núna, út af þessari breyt., sem þarna er gerð. Ég leyfi mér þess vegna að leggja fram brtt. við frv., eins og það er nú á þskj. 623, eftir 2. umr. í Ed. 2. júní. Og brtt. mín er sú, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo: 2. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig: 2. Í læknadeild 10. 5. Í verkfræðideild 5.“ M. ö. o., að frv. verði nákvæmlega 1. gr. þess eins og hún var, þegar hæstv. menntmrh. lagði þetta frv. fyrir okkur, og eins og það var afgr. frá þessari hv. d. Og í öðru lagi, við 2. gr., eins og nú er, að greinin falli burt.

Ég hef haft lítinn tíma til þess að athuga þetta, en ég held, að þetta sé formlega rétt hjá mér. Þá mundi sem sé, ef brtt. mín væri samþ., 1. gr. verða alveg eins og hún var, þegar þetta stjórnarfrv. var lagt fyrir Alþ., og vera eins og það var, held ég líka, þegar það var afgr. frá þessari hv. d. 2. gr., eins og hún er nú, mundi falla burt. En 3. gr., sem var 2. gr., þegar þetta var lagt upphaflega fyrir, mundi halda sér eins og Ed. hefur gengið frá henni.

Ég veit ósköp vel, að hæstv. ríkisstj. hefur valdið í þessum efnum. Ég veit ósköp vel, að hún hefur sitt þinglega fylgi hér til þess að knýja svona mál fram. Ég veit vel, að það er vafalaust hægt að knýja jafnvel menn, sem væru óánægðir í stjórnarflokkunum, til þess að hlýða ríkisstj., þegar slíkt er gert. Ég efast ekki um það. Ég ætla ekki að reyna að skáka því valdi neitt. En ég ætla að skírskota til þeirrar sanngirni og þeirrar skynsemi, sem er rétt að viðhafa í meðferð mála. Og ekki sízt um mál, sem á að vera okkur eins viðkvæmt og okkur ætti að þykja eins vænt um og Háskóla Íslands, þá eigum við ekki að hrapa svona að þeim málum.

Gagnvart því frv., sem kom seint fram frá hæstv. menntmrh. um þetta efni og hann lagði hér fyrir, sýndi þessi d. og menntmn. hennar mjög góðan vilja, og það hefði ekki komið til neinna leiðinda hér í sambandi við

þetta mál, ef það hefði verið afgreitt bara með þessari litlu breyt., sem gerð var á núv. 3. gr., frá Ed., þannig að ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. menntmrh., að hann leyfi nú þessari d. að breyta þessu frv. í það horf, sem hún svo að segja gekk frá því.

Hæstv. forseta verð ég að biðja um að leita afbrigða fyrir þessari brtt., hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 626) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð að játa, að það er mjög mikið til í því, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hafði sem aðalinnihald í ræðu sinni, að meðferð þessa máls hér er því miður ekki með þeim hætti, sem æskilegast hefði verið og ég hefði sannarlega kosið að hún gæti orðið. Hv. d. gefst því miður allt of lítill tími til þess að ræða málið og ég vildi einnig segja of lítill tími til þess að færa fram þau rök, sem ég tel mega færa fram fyrir því, að einnig sú breyt., sem hv. Ed. gerði á frv., er skynsamleg og horfir til bóta.

Ástæðan til þess, að mér fannst þó forsvaranlegt, að málið kæmi til þessarar hv. d., var fyrst og fremst sú, að hv. Ed. afgr. málið svo að segja alveg ágreiningslaust, þ. e. a. s. með 1 mótatkv. Ef það hefði ekki verið, ef þetta mál hefði reynzt vera harðvítugt deilumál í Ed., hefði ég ekki mælt með því, að það yrði tekið til slíkrar skyndiafgreiðslu hér í hv. Nd. Mér kom satt að segja mjög á óvart, að eftir afgreiðslu málsins í hv. menntmn. Ed. og hv. Ed. í dag skyldi það þurfa að verða ágreiningsefni hér í þessari hv. d., og harma mjög, að svo skuli vera.

Ég átti þess ekki kost að vera á fundi hv. menntmn. og skal ekki lengja þessar umr. með því að telja fram þau rök, sem ég veit að liggja að baki ósk háskólaráðs gagnvart menntmn. hv. Ed. fyrir því að fjölga prófessorum í viðskiptafræðum í þrjá. Þau eru í örstuttu máli þau, að þegar kennslu í viðskiptafræðum var hér fyrst komið á fót árið 1941, var sú kennsla skipulögð sem þriggja ára nám, en hún hefur í reyndinni smám saman verið að aukast og í reyndinni fyrir allmörgum árum er orðið um fjögurra ára nám að ræða. Þegar í upphafi voru skipaðir 2 prófessorar til viðskiptafræðikennslunnar auk nokkurra aukakennara, og þá var það að sjálfsögðu miðað við þá upphaflegu kennsluskrá, þá upphaflegu starfsskrá, sem lögð var til grundvallar og miðuð við þriggja ára námstíma stúdentanna í deildinni. En reglugerðin hefur tvívegis verið endurskoðuð síðan og í þessari deild eins og í öðrum deildum prófkröfur og námskröfur sífellt auknar, þannig að nú er námið í raun og veru orðið fjögurra ára nám. Það hefur enginn stúdent s. l. 5—6 ár lokið prófi á skemmri tíma en 4 árum, en margir hins vegar á 4½ og jafnvel 5 árum. Og það segir sig sjálft, að þegar námsefni og prófkröfur vaxa frá því að vera miðaðar við 3 ár í það að vera miðaðar við 4 ár hið minnsta, er ekki hægt að komast af með sömu kennslukrafta. Þess vegna hefur það verið ósk d. nú um nokkurt skeið, s. l. 4—5 ár, að einum prófessor verði þarna bætt við.

Ástæðan til þess, að ekki hafa enn ákveðnari kröfur verið um þetta gerðar en raun ber vitni um, er sú, að mikill skortur er á sérmenntuðum hagfræðingum í einmitt þeim greinum, sem nauðsynlegast er að bæta við kennslukröftum í. En á allra síðustu árum hafa nokkrir ungir hagfræðingar einmitt helgað sig þeim greinum, sem ég veit að helzt er hugsað til að veita kennslu í, og gerir það því nú kleift, að hægt mundi vera að fá hæfa kennslukrafta til þessarar nýju kennslu, þó að það hafi ekki verið hægt fyrir 3—4 árum eða a. m. k. erfiðara. Það hefur þess vegna orðið sama þróun í viðskiptafræðikennslunni og í öllum öðrum greinum háskólans, hvort sem mönnum þykir sú stefna eða sú þróun vera æskileg eða óæskileg, að námsefnið er sífellt að vaxa, prófkröfur sífellt að vaxa, og allir, sem til þekkja, eru á einu máli um, að það sé nú orðið alveg ofviða 2 mönnum að kenna það námsefni, sem ætlað er til fjögurra ára náms undir kandídatspróf í viðskiptafræðum.

Þetta eru meginrökin, sem ég veit að liggja til grundvallar ósk laga- og viðskiptadeildarinnar og háskólaráðs um fjölgun prófessora í þessari deild í þrjá.

Í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um hlutverk deildarinnar, vil ég aðeins taka fram, að það er réttur skilningur, sem kom fram í ræðu hans, að þrátt fyrir þetta mundi ekki vera unnt að búa menn hér undir kandídatspróf í hagfræði. Starfskraftar þessa nýja manns, ef þessar till. ná fram að ganga, mundu verða að helgast undirbúningi undir viðskiptafræðiprófið, eins og það er nú eða öllu heldur ætti að verða og mundi verða, strax og starfskrafta nýs prófessors nyti við, því að nokkrar breyt. þarf að gera á námsefni og prófkröfum, sem beinlínis er ekki hægt að hrinda í framkvæmd fyrr en þriðja embættið er stofnað við þessa kennslu.

Ég skal láta þessi orð nægja til rökstuðnings erindi háskólaráðs og laga- og viðskiptadeildar við menntmn. hv. Ed. Þó að mér hafi að sjálfsögðu verið kunnugt um óskir laga- og viðskiptadeildar og háskólaráðs um stofnun þessa embættis í tvö til þrjú ár, tók ég ekki inn í þetta frv. ákvæði um stofnun þessa embættis, fyrst og fremst af því, hve frv. var hér seint á ferðinni af ástæðum, sem ég hef áður skýrt, og ég gat búizt við því, að ákvæði um stofnun nýs prófessorsembættis í viðskiptafræðum mundi verða deiluefni hér á hinu háa Alþ. Hins vegar kom í ljós, ég verð að segja mér til mikillar ánægju, í

menntmn. hv. Ed., þegar leitað var eftir skoðunum manna á málum þar, að þar voru allir á einu máli um, að þetta væri æskilegt, og sömuleiðis reyndist hv. Ed. á einu máli um að verða við þessum tilmælum háskólaráðs, að einum hv. þm. Ed. frátöldum.

Með hliðsjón af þessari einróma skoðun þeirra meðlima menntmn., sem á fundi voru, og svo að segja einróma skoðun hv. Ed. taldi ég, með tilliti til þeirrar þekkingar, sem ég tel mig hafa á nauðsyn embættisins, ekki forsvaranlegt annað en málið fengi að ganga til úrskurðar þessarar hv. d. En ég fyrirverð mig ekkert fyrir að játa, að meðferð málsins er engan veginn sú, sem ég hefði kosið að hún gæti orðið, fyrst og fremst vegna þess, að ég tel mér ekki hafa gefizt það tækifæri, sem ég vildi þó gjarnan hafa haft, til þess að skýra málið fyrir hv. menntmn. og ekki heldur fyrir hv. þingdeild.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands var vísað til hv. menntmn. á allra síðustu dögum þingsins. Þar sem frv. fjallaði um fjölgun prófessorsembætta við háskólann, kom í n. fram óánægja með það, hversu seint þetta mál kom til þingsins, þar sem ekki gafst fullnægjandi tími til athugunar á málinu, ef unnt átti að vera að afgreiða það til Ed. nægilega fljótt fyrir þingslit.

Ed. hefur síðan í meðferð málsins bætt inn í frv. ákvæði um nýtt prófessorsembætti við viðskiptadeild háskólans.

Mér þótti nóg um, þegar upprunalega frv. var fleygt inn í þingið á síðustu stundu, en taldi þó ekki ástæðu til að beita mér gegn því, að það yrði samþykkt. En mér þykir keyra um þverbak, þegar nú skal næstsíðasta dag þingsins breyta frv. og bæta við það ákvæði um enn nýtt embætti, og mun því fylgja þeirri brtt., sem fram hefur komið um, að frv. verði samþ. eins og hv. Nd. afgreiddi það fyrir fáum dögum, en fellt verði úr frv. ákvæðið um enn nýtt prófessorsembætti til viðbótar. Ég mun að sjálfsögðu standa með frv., eftir að sú brtt. hefði verið samþ., en mun greiða atkvæði gegn því, verði hún felld.

Ég var boðaður á fund hv. menntmn. 20 mín. áður en hann skyldi hefjast kl. 8 í kvöld og var þá staddur í Hafnarfirði og hafði ekki tök á að mæta fyrr en um það bil að fundi var lokið, og kemur afstaða mín í n. því ekki eins skýrt fram í nál. og ég hefði kosið. En ég fékk þó bókað, að ég áskildi mér rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og mun ég, eins og ég áður greindi, fylgja fram kominni brtt. hv. 3 þm. Reykv. (EOl). Menntmn. var áður einróma búin að gefa út nál. um þetta mál og var þar búin að lýsa því, hvernig hún vildi láta samþ. frv. Ég er enn sama sinnis og þá og legg því til, að fram komin brtt. verði samþ., svo að frv. komist aftur í sitt fyrra horf, og er á móti því, að því verði breytt. Ég tel það fullkomna óvirðingu við Alþ. og jafnvel háskólann líka að ætla að afgreiða mál skólans hér í hv. Alþ. eins og hér er lagt til og stórvarhugavert fordæmi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík sérstaklega að því frv., sem hér liggur fyrir, vil ég árétta alveg sérstaklega eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Þetta atriði var, að það ætti að vinna að því enn betur en gert hefur verið hingað til, að Háskóli Íslands yrði miðstöð norrænna fræða. Ég tel, að það sé alveg rétt fullyrðing hjá honum, að það vanti mikið á, að svo sé, en að því bæri að stefna, og ef einhverjar slíkar breytingar lægju hér fyrir, sem gengju í þá átt, mundi ekki standa á mínum stuðningi.

Ég minntist nokkuð á það við fyrri umr. hér í hv. d., að þetta frv. bæri merki þess, hvernig ekki ætti að leggja mál fyrir Alþingi, og mér finnst rétt vegna margs þess, sem síðar hefur fram komið, að gera þessum atriðum nokkru fyllri skil.

Ég vil þá í fyrsta lagi átelja það enn, hve seint þetta mál er fram komið. Ég álít, að mál, sem hefur í för með sér verulega embættafjölgun, eins og þetta frv., eigi ekki að koma fram seinustu þingdagana. Slík mál ættu að réttu lagi að koma fram snemma á þingi, og ætti jafnvel að setja einhver takmörk um það, að öll slík mál yrðu að vera fram komin t. d. á fyrsta mánuði þingsins og þannig tryggt, að slík mál fengju nægilega athugun. Og ég álít enn fremur, að ef Alþ. samþ. l. um ný embætti, þá eigi þau því aðeins að taka gildi, að búið sé að veita fé á fjárl. til hinna nýju embætta. Sú aðferð að láta slíkt mál koma fyrir þingið, þegar fáir dagar eru eftir af starfstíma þess og mörg mál liggja þá oft fyrir til afgreiðslu, ber þess allt of mikinn keim, að það sé eins og verið að lauma einhverju máli, sem sé ekki nægilega hreint, í gegnum þingið. Og það finnst mér sé líka verið að gera í raun og veru hér.

Önnur ástæðan til þess, að ég áfellist þessa starfsaðferð, er sú, að mér finnst, að hér sé alveg rangt að farið um það, hvernig eigi að fjölga embættum við Háskóla Íslands. Ég álít, að þegar slíkt er gert, prófessorsembættum fjölgað, eigi fyrir að liggja um það ákveðin grg. og ósk frá háskólanum sjálfum. Um öll þau embætti, sem gert var ráð fyrir í frv., eins og það var lagt fyrir upphaflega, gildir það, að ekki lá fyrir ósk frá háskólanum um neitt þeirra. Frumkvæði þeirra hafði átt sér stað á allt öðrum vettvangi.

Í sjálfum háskólal. er líka gert ráð fyrir því, að í raun og veru hafi háskólinn slíkt frumkvæði og engin slík mál séu afgreidd öðruvísi en að þau séu borin undir hann. Í 2. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau auk-

ið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefnið sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína."

Þetta sýnir, að Alþ. hefur á þeim tíma, sem það setti háskólal., ætlazt til þess, að engar breyt. eða embættismannafjölgun eða prófessorafjölgun ætti sér stað á vegum háskólans öðruvísi en að fyrir lægi áður álit háskólans sjálfs um það efni.

Hins vegar er sá háttur hafður hér á, að t. d. þessi hv. d. afgreiðir þetta mál án þess, að nokkurt slíkt álit liggi fyrir, og munaði *sennilega minnstu*, ef ekki hefði verið vakin athygli á þessu af mönnum í Ed., að þetta frv. væri látið ganga í gildi með þeim hætti, að þessa álits væri aldrei leitað og háskólal. þannig raunverulega brotin.

En ég vil endurtaka það aftur, að ég álít hér rangt að farið varðandi starfsmannafjölgun við háskólann, að frumkvæðið á að koma frá háskólanum sjálfum, óskirnar um embættismannafjölgun eiga að koma frá háskólanum sjálfum, en ekki frá einhverjum óviðkomandi aðilum, og svo sé reynt að koma þeim í gegnum þingið án þess eiginlega að *háskólinn fái sjálfur nokkuð* um það að fjalla.

Það, sem ég átel í þriðja lagi í sambandi við meðferð þessa máls, er, að það eru látnar fylgja því algerlega ófullnægjandi og að sumu leyti rangar upplýsingar. Því er t. d. haldið fram, það kemur bæði fram beint eða óbeint í grg. og eins í þeim orðum, sem hæstv. menntmrh. lét falla, þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði, að hér væri um mikil nauðsynjaembætti að ræða og það þyrfti að afgreiða þetta mál sem allra fyrst af þeirri ástæðu. En í ljós kemur svo við athugun *málsins, að hér er ekki um meira nauðsynjamál* en það að ræða, að háskólinn og forustumenn hans hafa engar sérstakar óskir borið fram um það, að framgangi þessara mála væri hraðað. Og þegar þeir aðilar, sem bezt eiga að þekkja til í þessu sambandi, eins og háskólaráð og forustumenn hinna ýmsu deilda, leggja enga sérstaka áherzlu á, að þessum málum sé hraðað, finnst mér það vera ofmælt hjá þeim, sem að þessu *máli* standa hér á Alþ., hæstv. menntmrh. og fylgismönnum hans, að halda því fram, að það sé einhver sérstök nauðsyn að afgreiða þessi *mál*. — Og það er líka komizt svo að orði í grg. frv., og því hefur líka verið haldið fram í ræðum bæði hér í þessari hv. d. og eins í hv. Ed. af menntmrh., að það mundi enginn aukakostnaður fylgja því, að þessi embætti væru sett á laggirnar. Þetta er hins vegar augljóslega rangt. Sá kostnaður, sem hefur verið við geðlækningakennslu eða tilsögn í háskólanum, er ekki eins mikill og sá kostnaður mun verða, sem hlýzt af hinu nýja prófessorsembætti í geðlækningum, sem ætlazt er til að verði stofnað, svo að hér er um augljósa missögn að ræða.

Það kemur líka greinilega fram í áliti núv. landlæknis, að sú breyt. að bæta fullu prófessorsstarfi á yfirlækninn á Kleppi hlýtur að leiða til þess, að þar verður að hafa 2 yfirlækna, að þar verður að bæta við nýju embætti. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að þær fullyrðingar eru alveg rangar, — og það gildir ekki aðeins um þetta embætti, — þegar því er haldið fram í grg. og af forsvarsmönnum frv., að það muni enginn aukakostnaður fylgja því, að þetta frv. verði í lög tekið.

Það var svo einnig fullyrt af hæstv. ráðh., og það kemur einnig fram í grg. frv., að hér sé í raun og veru ekki um neinar skipulagsbreytingar að ræða, sem einhverju máli kunni að skipta. Þetta álít ég rangt og tel, að þetta sé engan veginn nægilega upplýst og athugað. Á ég þar sérstaklega við það prófessorsembætti, sem ráðgert er að stofna við verkfræðideildina, og þá breyt., sem ráðgerð er í sambandi við það. Mér finnst þess vegna rétt að rifja nokkru nánar upp forsögu þessa máls.

Það var á Alþ. 1955, sem kom saman þá um haustið og stóð fram á vetur 1956, að 5 þm. Framsfl., þeir Skúli Guðmundsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson og Helgi Jónasson, lögðu fram sérstaka till. til þál. um kjarnorkumál, sem hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að sérstök stofnun fylgist með nýjungum í þeim *efnum og hafi með höndum rannsóknir og* forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðráðanlegt er."

Þessi till. hlaut góðar undirtektir á Alþ. og var samþ. með þeirri breyt., að í stað þess, þar sem í henni er talað um, að sérstök stofnun annist rannsókn þessara mála, væri það starf falið rannsóknaráði ríkisins eða umsjón þess. Og þetta leiddi til þess, að á vegum rannsóknaráðsins var sett upp svokölluð kjarnfræðinefnd til að sjá um þessar rannsóknir, og beitti þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, í sambandi við fjárlög ársins 1957 sér fyrir því, að tekin væri upp sérstök fjárveiting í þessu skyni, 100 þús. kr., og hefur hún verið á fjárlögum síðan. Á vegum kjarnfræðinefndar undir yfirstjórn rannsóknaráðs hefur síðan verið unnið að athugun þessara mála.

Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er raunverulega lagt til að fella þessa skipun niður að mestu eða öllu leyti, þessa rannsóknarstarfsemi á vegum kjarnfræðinefndar og rannsóknarráðs og leggja handa undir verkfræðideild háskólans. Og það kom fram óbeint a. m. k. í því áliti verkfræðideildarinnar, sem lesið var upp hér áðan, að hún bersýnilega lætur uppi nokkurn vafa um það, hvort þessi breyt. sé að öllu leyti rétt, óskar m. a. eftir

meiri tíma til þess að athuga þetta mál, og kemst svo ekki sterkara að orði en svo, að það geti kannske gengið að leggja þetta verkefni undir verkfræðideildina. En jafnframt tekur verkfræðideildin það fram, að ef þetta verkefni verði lagt undir hana, verði hún að fá aukin fjárráð til skrifstofukostnaðar, og hlýtur þar af leiðandi nokkur aukinn kostnaður að koma til greina, ef þessi skipan verður upp tekin.

Ég verð að játa, að á þessu stigi, vegna þess að ég hef ekki haft aðstöðu til að afla mér nægilegra upplýsinga um það, þá tel ég mig ekki færan um að dæma um það, hvort hér sé um rétta skipulagsbreytingu að ræða eða ekki. Og ég býst við, að það sé þannig um fleiri þm., að þeir hefðu viljað fá rýmri tíma til þess að gera sér grein fyrir því, hvort það sé rétt að taka þetta verkefni af rannsóknaráðinu og kjarnfræðinefndinni og leggja það undir verkfræðideild háskólans. En af hálfu þeirra, sem hafa mælt með þessu frv., hafa ekki neinar fullnægjandi skýringar á þessu atriði verið gefnar. Nefni ég þetta m. a. sem dæmi þess, hve ófullnægjandi undirbúningur þessa máls er, og það ásamt öðru, sem ég hef nefnt, sýnir, að hér er um algerlega óforsvaranleg vinnubrögð að ræða, þar sem jafnstóru máli og þessu er varpað inn í þingið á annan hátt en háskólalögin raunverulega gera ráð fyrir og án þess að nauðsynlegar og réttar upplýsingar fylgi, og svo er ætlazt til þess, að þm. afgreiði þetta athugasemdalaust og án nokkurrar frekari rannsóknar, segi bara já og amen við því, þó að það komi svo upp á eftir, að þeir vita ekki nema takmarkað um það, sem þeir eru búnir að gera, eins og er vafalaust ástatt um flesta þá hv. þm., sem greiddu atkv. með þessu máli í Nd. hér á dögunum. Ég hygg, að eftir að þeir eru búnir að fá frekari upplýsingar um málið, muni þeir vera nokkurn veginn sammála um, að það hefði verið heppilegra, að betri upplýsingar og betri undirbúningur þessa máls hefði átt sér stað.

Það má svo vel vera, — ég skal ekki leggja neinn endanlegan dóm á það, — að þessi embætti eigi einhvern rétt á sér. Ég tel, að það liggi ekki fyrir, eins og ég hef nú reyndar rakið, fullnægjandi upplýsingar um það, að svo sé, og það mun valda því, að á þessu stigi treysti ég mér ekki til þess að fylgja þessu frv. En ég álít hins vegar, að ríkisbákn okkar sé orðið svo stórt og viðamikið, að það eigi að gæta fyllstu varfærni, þegar verið er að bæta við nýjum dýrum embættum. Það eru nú ekki fyrir nema 30 prófessorar við háskólann, sem hafa verið að bætast við hann frá fyrstu tíð, en nú er gert ráð fyrir því að bæta við í einu stökki 4 nýjum prófessorsembættum, án þess að fyrir liggi beinar óskir frá háskólanum sjálfum nema um þetta eina þeirra, sem bætt var inn í frv. í Ed. Ég skal fullkomlega játa, að það væri æskilegt að geta búið háskólann að mörgu leyti betri kennslukröftum en hann hefur nú. En við verðum í þessu tilfelli eins og fleirum að taka tillit til þeirrar getu, sem þjóðin hefur til þess að halda uppi dýrum stofnunum. Við verðum vegna þess, hvað við erum fáir og fátækir, að spara við okkur marga hluti, sem eru nauðsynlegir og þeir, sem stærri eru, geta leyft sér, og þetta lögmál hlýtur að gilda um háskólann eins og aðrar stofnanir.

En ég verð að segja það, að mér finnst nú að undanförnu, og reyndar hefur það átt sér stað oft áður, gæta nokkuð lítillar varfærni í sambandi við fjölgun embætta. Síðan núv. stjórnarsamsteypa tók hér við völdum, er búið að bæta við allmörgum nýjum embættum, sem ég tel að auðvelt hefði verið að komast hjá. Það er t. d. búið að bæta við einu nýju ráðherraembætti, og virtist mönnum þó, að það væri alveg nægilegt að hafa 6 ráðh., eins og var hér áður og var hlutfallslega hærri ráðherratala en þekktist hjá nokkurri þjóð. En þrátt fyrir það hefur núv. stjórnarsamsteypu þótt nauðsynlegt að bæta einum við. Það hefur líka verið bætt við 8 þm., þótt að ég held flestir geti verið fullkomlega sammála um, að það hefði vel mátt komast af með 52 þm., eins og áður var, og jafnvel færri. Það hefur verið sett á laggirnar nýtt og dýrt ráðuneyti, sem satt að segja er ekki minnsta nauðsyn á að stofnað sé til, þar sem er efnahagsmrn. Þar var aðeins fyrir einn efnahagsráðunautur, en það þótti nú ekki nógu flott að hafa bara ráðunaut og hafa einn mann í því starfi, heldur varð að setja á laggirnar nýtt efnahagsmrn. með ráðuneytisstjóra, deildarstjóra, fulltrúa og skrifstofustúlku, án þess, held ég, að hægt sé að benda á nokkrar eðlilegar röksemdir fyrir því, að til slíks embættisbákns væri stofnað, vegna þess að þær stofnanir, sem fyrir eru, og þá sérstaklega hagstofan og svo hagfræðideildir bankanna, geta fullkomlega annazt þá skýrslusöfnun og upplýsingasöfnun, sem efnahagsmrn. á að hafa með höndum. Þar gerist þess vegna alveg nákvæmlega sama sagan og hv. 3. þm. Reykv. var að rekja hér áðan, þegar Framkvæmdabankinn var settur á laggirnar, að í stað þess að festa og styrkja þær stofnanir, sem fyrir eru, og gera þær færari um að leysa verk sitt af höndum, er bara hleypt af stað nýjum, dýrum ríkisbáknum, eins og efnahagsmrn.

Hér var í dag verið að samþykkja að bæta við einum nýjum bankastjóra við einn af ríkisbönkunum og tveimur bankaráðsmönnum. Það munu flestir hafa haldið, að bankastjórar ríkisbankanna væru orðnir nægilega margir. Hv. stjórnarlið virðist hins vegar ekki líta svo á, og það er talið, að það telji ekki nægilegt, að bæta við þessum eina, heldur hugsi sér enn meiri fjölgun á bankastjórum með haustnóttum, ef stjórnin lifir þá þangað til.

Það mætti halda áfram að nefna fleiri slík dæmi lík þessum, en ég læt þessa upptalningu nægja nú að sinni. Ég held, að þessi

dæmi nægi til að sýna, á hvaða braut við erum og hvaða nauðsyn sé að fara að sporna við þeirri þróun, sem hefur átt sér stað í þessum efnum að undanförnu.

Það væri svo ástæða til þess, og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að vegna þess tilefnis, sem hér hefur gefizt, væri mikil ástæða til þess að ræða starfsemi háskólans í heild og að hvaða leyti væri þar þörf á endurbótum. Ég vil enn á ný taka undir það, sem hann sagði, að það er mikil nauðsyn á því að efla norrænudeildina alveg sérstaklega og gera hana að sannri miðstöð norrænna fræða, sem hefði þá almennu viðurkenningu, að hún skaraði fram úr öðrum slíkum stofnunum í heiminum. Og það er ekki sízt ástæða til þess, að hafinn sé undirbúningur að því að hrinda þessu fram, þar sem við getum gert okkur von um að fá okkar fornu handrit, sem nú eru í Danmörku, innan tíðar, og það leggur okkur þá skyldu á herðar að sýna rannsóknum í sambandi við þau alveg sérstaka alúð. En ég er hræddur um, að eins og nú er í pottinn búið, vanti okkur einmitt aðstöðu til þess að gera það svo, að nokkurt lag sé á. Það væri áreiðanlega vel þess vert, eins og hv. þm. minntist líka á, að þetta mál væri tekið sérstaklega til athugunar í sambandi við það stórafmæli háskólans, sem fram undan er. Og mér þætti líklegt, að þó að menn séu ósammála um þetta frv. af ástæðu, sem eðlileg er, ættu allir þm. og allir flokkar að geta sameinazt um að vinna að því að taka upp þessa hugmynd, sem hv. þm. hreyfði, sem er sú, að þetta sérstaka afmæli háskólans verði notað til þess að koma þessu máli, eflingu norrænudeildarinnar, alveg sérstaklega áleiðis, með tilliti til þess líka, að við getum vænzt þess að fá hingað handritin, sem nú eru í Danmörku, innan tíðar.

Ég hygg, að það sé líka alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það sé nauðsynlegt að endurskoða starfsreglur læknadeildarinnar. Læknadeildin leysir vafalaust að mörgu leyti starf sitt mjög sæmilega af höndum. En þó er hætt við því, að á vissum sviðum haldi hún kannske enn þá í nokkuð gömul og úrelt form, og það þarf að taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að gera þar bætur á. En okkur er að sjálfsögðu mikil nauðsyn, að læknadeildin sé búin sem bezt úr garði, og má í því sambandi minna á, að það prófessorsembætti, sem læknadeildin hefur sérstaklega óskað eftir að væri stofnað og ætti að ganga fyrir öðrum prófessorsembættum, er ekki það prófessorsembætti, sem um er fjallað í þessu frv., heldur prófessorsembætti í kvenlækningum og fæðingarhjálp. Og ég verð að segja það, að mér finnst dálítið einkennilegt, þar sem þessi ósk læknadeildarinnar liggur ákveðið fyrir, að ekki skuli vera tekið tillit til hennar og þetta starf látið ganga fyrir því, sem hér er verið að stofna til, fyrst á annað borð er verið að stofna til nýs embættis við læknadeildina.

Ég vil svo á ný endurtaka það að lokum, að ég tel þá málsmeðferð, sem hæstv. menntmrh. hefur haft í sambandi við þetta mál, að leggja það svona seint fram og jafnilla undirbúið og raun ber vitni um, vera alveg óverjandi og þess vegna sé ekki hægt að afgreiða málið á þessu stigi, jafnvel þó að það kunni að vera svo, að það upplýsist við nánari athugun, að stofnun þessara prófessorsembætta, sem það fjallar um, hafi nokkuð til síns máls.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þetta mál hefur sætt verulegri gagnrýni hér í d., bæði þegar það var fyrst flutt, að því leyti að þinginu gæfist lítið tóm til að athuga málið, og einkum og sér í lagi eftir að málið kom breytt frá Ed. og breytt í þeirri mynd, að með þeirri breyt. var ákveðið að stofna nýtt embætti í viðskiptafræðum við viðskiptadeildina, sem þá yrði sérstök deild, en er nú laga- og viðskiptadeild í háskólanum. Bæði hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hafa gert þessa málsmeðferð sérstaklega að umtalsefni, að með henni sé þinginu engan veginn gefið nægjanlegt tóm til þess að hafa í höndum sér eða fjalla um jafnþýðingarmikið mál og það er að stofna nýtt embætti, prófessorsembætti við háskólann, sem mundi leiða af sér stofnun nýrrar deildar. Hins vegar var það svo, að þó að nokkuð væri deilt á það, þegar málið kom hér fyrir í öndverðu, að það væri seint fram komið, þá varð þó samkomulag um afgreiðslu málsins og málinu hleypt áfram til Ed. og olli þá ekki neinum ágreiningi, a. m. k. ekki sem fram kæmi, að teljandi væri. Nú ber að viðurkenna þessi sjónarmið og hæstv. menntmrh. gerði það einnig í ræðu sinni áðan, og þetta var, eins og ég sagði, að vissu leyti meginuppistaðan í þeirri gagnrýni, sem fram kom hjá þeim tveimur hv. þm., sem töluðu, þeim hv. 3. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv. Ég fellst einnig á þessi sjónarmið, sem fram hafa komið hjá báðum þessum hv. þm. og einnig eru viðurkennd af hæstv. menntmrh., og vildi mega freista þess með flutningi brtt. að koma nokkuð til móts við þau sjónarmið í trausti þess, að það gæti skapað frið um afgreiðslu þessa máls nú, alveg á elleftu stundu fyrir þinglausnir.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur flutt brtt., sem er þess efnis, að málið er fært í hið sama form og það var afgr. héðan frá d. Við þessa brtt. mundi ég vilja flytja brtt. þess eðlis að efni til, að það verði tekið fram í 1. gr. frv., sem eins og það fór héðan fjallaði aðeins um 2. og 5. tölulið í 37. gr., að það verði óbreytt, en skotið inn ákvæði um 3. tölulið í 37. gr., þ. e. a. s. að þar komi til viðbótar, að í laga- og viðskiptadeild skuli vera 7 embætti, en með þeirri viðbót: „en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða 3, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.“ Þá fer málið efnislega eins út úr þessari d. og það var áður afgreitt, en með þeirri einu breyt., að þriðja

prófessorsembættið í viðskiptafræðum geti þó orðið stofnað, þegar fé er veitt til þess á fjárl. Kemur það sjónarmið til móts við þær breyt., sem gerðar voru í Ed., en viðurkennir hins vegar þau meginrök, sem hér hafa komið fram, að málið er enn þá, stofnun viðskiptadeildarinnar og stofnun þriðja prófessorsembættisins í viðskiptafræðum, í höndum þingsins, og gefst nægur tími til þess að taka það til meðferðar, hvort og hvenær hv. Alþ. vill veita fé til þess, að þetta þriðja prófessorsembætti skuli stofnað verða og þar með viðskiptadeildin verða að sérstakri deild.

Þetta er efni þeirrar brtt., sem ég vildi nú, með leyfi forseta, leyfa mér að flytja hér skriflega. Það er brtt. við brtt. á þskj. 626, þ. e. brtt. hv. 3. þm. Reykv. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1957, um Háskóla Íslands, og brtt. er þessi:

„1. töluliður orðist svo:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2., 3. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:

2. Í læknadeild 10.

3. Í laga- og viðskiptadeild 7 — en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða þrjú, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

5. Í verkfræðideild 5.

Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. með tilmælum um, að óskað sé afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 627) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur ekki fram á hv. Alþ. fyrr en 27. maí, kemur því ekki fram fyrr en örfáum dögum áður en hv. Alþ. er ætlað að ljúka störfum. Og þegar þetta frv. kemur fram, er annríki orðið svo mikið á hv. Alþ., að í raun réttri er ekkert tóm orðið til þess, að menn geti sett sig inn í ný mál. Það er t. d. orðið þannig um fundarhöld hér, að það eru ekki gefnir tímar til flokksfundahalda. Það eru settir fundir í hv. Alþingi, ýmist deildarfundir eða fundir í Sþ., á þeim tímum, sem venjulega eru hugsaðir til flokksfundahalda. Hér munu hafa verið til meðferðar þá í Nd. bæði útsvarsmálið og nýja efnahagsmálafrv. o. fl. og fundir, eins og ég hef þegar lýst, alla daga og fram á kvöld. Ég held, að það sé þess vegna ekkert ofmælt í því, að fæstir hv. þm. hafi haft aðstöðu til að kynna sér til nokkurrar hlítar, hvað í þessu máli var, þegar það kom hér fram og var hér til meðferðar.

Það er alls ekki svo einfalt mál, hvernig haga skuli prófessorsembættum við Háskóla Íslands, og áreiðanlegt, að það er ekki hægt fyrir hv. þm. að átta sig á slíku til nokkurrar hlítar nema hafa aðstöðu til þess að fá sér upplýsingar og kynna sér málið með margvíslegu móti. En svo var að mönnum þrengt um þessar mundir sem ég hef lýst og þannig, að ég efast um, að það hafi t. d. verið hægt að taka þetta mál fyrir á flokksfundum með reglulegum hætti.

Þessi málsmeðferð er stórvítaverð af hendi hæstv. ríkisstj. Það er stórvítavert að draga það svo lengi að leggja fyrir mál, sem ætlað er að gangi fram, og þessi málsmeðferð er í raun og veru alveg óskiljanleg, þegar þess er gætt, að þetta er ekki mál, sem getur hugsanlega borið að í skyndingi. Þetta er mál, sem hlýtur að hafa verið á döfinni alllengi í stjórnarráðinu. En hvers vegna er þessi háttur á hafður? Mönnum gæti dottið í hug, að það væru hálfgildings hrekkjabrögð að fara svona að, það væri meiningin að koma málinu fram lítt athuguðu eða óathuguðu í skjóli þess annríkis, sem hér verður ætíð seinustu daga þingsins, og það væri skákað í því skjólinu, að hv. þm. hefðu ekki tóm til þess að fara ofan í þetta og tækju létt á málinu, enda er sannleikurinn sá, að meðferð málsins hér í Nd. varð í raun og veru þannig. Ég segi fyrir mitt leyti, ég játa það, að ég hafði ekki getað kynnt mér til nokkurrar hlítar, hvað í þessu máli var, þegar það fór hér í gegn, en ég lét það afskiptalaust í því annríki, sem þá var.

Mig minnir hæstv. menntmrh. segja þá eitthvað í þá átt, að í þessu frv. væri ekki neinn kostnaðarauki fólginn og í rauninni væri hér varla um ný embætti að ræða, þau þrjú, sem þá voru áformuð í frv. Ég man ekki, hvort hæstv. ráðh. fullyrti þetta, en þetta var a. m. k. blærinn á því, sem maður heyrði út undan sér um málið, því að það var varla, að maður heyrði þetta nema út undan sér, vegna þess, hve maður var aðþrengdur við meðferð annarra mála.

En nú kemur það vitaskuld í ljós, þegar þetta hefur allt rifjazt upp aftur við það, að málið hefur komið fyrir á nýjan leik og um það hafa orðið meiri umræður en áður, — þá rifjast það upp, að þessu er alls ekki til að dreifa, eins og hér hefur raunar verið sýnt fram á af öðrum.

Það er t. d. um kjarnorkustarfið að segja, kjarnorkuprófessorinn nýja, að vitaskuld þurfum við að hafa nokkra menn, sem kunna þessi fræði, eins og hér hefur verið tekið fram, þó að ekki væri nema til þess að við vitum, hvað er að gerast í þessum efnum. Ef það væri ekki, gætum við átt á hættu, að nýjungar, sem hefðu stórfellda þýðingu fyrir okkur, kæmu fram, án þess að við vissum, og það gæti orðið óbætanlegt tjón fyrir landið, ef þannig tækist til. Og einmitt af því, að málið er þannig vaxið, beitti fyrrv. stjórn, þ. e. a. s. ekki sú síðasta, heldur sú, sem þar áður var, sér fyrir því, að það var sett löggjöf um nefnd, ég held, að hún heiti kjarnorkuráð eða kjarnorkunefnd, og hún átti að hafa framkvæmdastjóra. Auk þess er einn af prófessorunum við háskólann, sem áður var framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, sérfræðingur í þessum efnum. Nú er stungið upp á því að breyta þessu og sagt, að það sé í raun og veru ekki nema formsbreyting, þessi að-

ur, sem hefur verið eins konar framkvæmdastjóri þessarar nefndar, verði prófessor. En er þá nokkur trygging fyrir því, að þessi maður verði í raun og veru framkvæmdastjóri þessarar nefndar, eftir að hann er orðinn prófessor? Mér skilst, að þetta hafi ekki verið nægilega upplýst eða þetta liggi ekki nægilega ljóst fyrir og það, sem manni sýndist svona einfalt í upphafi, sé máske alls ekki svona einfalt. Og gæti vel farið svo, að eftir örstutta stund yrði talið alveg nauðsynlegt, einmitt af því, að þessi maður var gerður að prófessor, að nýr og annar framkvæmdastjóri kæmi fyrir kjarnorkunefndina. Hér gæti því í raun réttri orðið um nýtt starf að ræða í framkvæmdinni. Þetta er sem sagt atriði, sem þm. hafa ekki haft neina aðstöðu til þess að hugleiða, hvað þá heldur til að kynna sér málavexti.

Eins er það, eins og hér hefur verið minnzt á, varðandi prófessoratið í geðsjúkdómafræðum eða hvað það er kallað. Náttúrlega er ekki mjög mikið kennt í þeim fræðum við háskólann í læknadeildinni, því að það er auðvitað mjög takmarkað, sem hægt er að ætlast til, að þeir, sem ætla að verða læknar án þess að verða sérfræðingar, viti um hverja grein læknisfræðinnar og þ. á m. um geðsjúkdóma. Það hlýtur því að vera út af fyrir sig fremur lítið verk og ekki tilefni til embættis að kenna geðsjúkdómafræði við háskólann, hana eina út af fyrir sig. Og sjálfsagt er það ekki nema lítið brot af prófessorslaunum, sem fram að þessu hefur verið greitt fyrir kennslu í þeim fræðum. Þarna er því auðvitað líka um mál að ræða, sem a. m. k. þarf verulegrar íhugunar við. Að vísu vitum við, að prófessorsembætti og dósentsstöður við háskólann hafa verið notaðar til launauppbóta fyrir lækna, myndarlega lækna, sem hafa gengið í þjónustu ríkisins, og ég skal fullkomlega játa, að oft hefur verið þörf á því að hafa það þannig. En þá á heldur ekkert að vera að reyna að fela það á þá lund að halda því fram, að þar sé ekki um kostnaðarauka að ræða. Það er mál, sem þarf að skoða gaumgæfilega, hversu langt á að ganga í því að stofna prófessors- og dósentsstöður við háskólann til launabóta fyrir lækna, sem vinna við aðrar stofnanir ríkisins. En eins og ég sagði, ég viðurkenni, að það hefur þurft á þessu að halda. En það þarf að skoða það gaumgæfilega í hvert sinn, hvort það sé knýjandi og rík ástæða til að gera þetta. Og ástæða væri vafalaust til þess að skoða þessi mál ofan í kjölinn. T. d. væri ákaflega fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. menntmrh., hvað margir prófessorar og dósentar eru í læknadeildinni t. d., ég hef a. m. k. ekki orðið var við, að það hafi komið fram í þessum umr. Má vera þó, að það hafi farið fram hjá mér.

Þá vil ég benda á eitt, sem er ákaflega einkennilegt í þessu máli og ég satt að segja vissi ekki um, fyrr en það kom fram nú á síðasta stigi þess, en það er, að þessu máli fylgdi engin umsögn frá háskólanum til Alþingis, þegar frv. var lagt fram. Á hinn bóginn stendur í háskólalögunum, að það skuli leita umsagnar og koma umsögn frá háskólanum, þegar kemur til mála að setja upp nýjar stöður þar, og mér skilst því, að þessi lagaákvæði hafi í raun og veru verið brotin með því að láta ekki koma fram strax umsögn háskólans um þetta mál. Mér hefur verið sagt, að ástæðan til þess, að svona undarlega var farið að, að þetta mál hafi ekki verið nú í vetur borið undir háskólann eða háskólaráðið, sé einfaldlega sú, að háskólinn eða háskólaráðið hafi áður ekki óskað eftir þessum prófessorsstöðum, sem voru í frv., þegar það kom fram. Þetta þykir mér ákaflega einkennilegt, og ég vil fá upplýsingar um, hvort þetta er rétt, að það sé raunverulega þannig, að háskólaráðið hafi ekki óskað eftir þessum stöðum, hvort það sé þá raunverulega þannig, að þetta frv. hafi alls ekki verið samið í samráði við háskólaráðið, eins og mér skilst að skylt sé samkv. háskólalöggjöfinni. Og ef þetta er rétt, hvað er það þá, sem þarna er raunverulega að gerast?

Það virðist líka ákaflega einkennilegt, eða ég fæ ekki betur skilið af þessari umsögn, sem hefur komið fram frá háskólaráði síðar í málinu, en að háskólaráðið hafi í raun og veru fremur viljað, að önnur prófessoröt gengju á undan þeim, sem voru í stjórnarfrv. upphaflega, t. d. viðskiptafræðiprófessor. Að dómi háskólaráðs hefði verið meiri nauðsyn á að fá það starf sett á fót en þau störf, sem hæstv. ríkisstj. hafði í sínu frv.

Ég sé ekki, hvað þessu getur legið á, og mér finnst öll þessi málsmeðferð óheppileg og ekki rétt, og ég hef þess vegna fyrir mitt leyti ákveðið að vera á móti þessu frv. Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., og við það að hafa haft tækifæri til að kynna mér efni málsins, þá sýnist mér alveg einsýnt að greiða atkv. á móti frv. Mér sýnist hér vera stefnt að því með ónógum undirbúningi og ónógum upplýsingum og á óviðeigandi hátt að stofna til nýrra embætta, og það væri miklu skynsamlegra að láta þetta mál bíða og athuga þetta allt betur í heild fyrir næsta fjárlagaþing. Ég get alls ekki komið auga á neina knýjandi ástæðu fyrir hæstv. ríkisstj. eða nokkurn að vera að nota síðustu þingnóttina til þess að knýja fram mál eins og þetta.

Það sýnir kannske bezt, hvað fáránleg öll þessi málsmeðferð er, að hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hann hefði ekki tíma, — ekki tíma, sagði hann, það væri ekki tími til, að hann gæti rakið þau rök, sem gerðu það eðlilegt að fallast á þá breyt., sem gerð var á frv. í Ed.

Einmitt þessi fullyrðing hæstv. ráðh., að þannig er komið málum, að hann hefur ekki einu sinni tíma til að gera þingmönnum grein fyrir málinu eða einstökum þáttum þess, sýnir betur en nokkuð annað, að það er alveg ósæmilegt, blátt áfram ósæmilegt að ganga

frá þessu sem lögum nú, eins og þetta er komið.

Ég mun ekki þreyta hv. þm. á löngum ræðuhöldum um þetta, en ég vildi gera þessa grein fyrir afstöðu minni. Ég mun greiða atkv. á móti þessu frumvarpi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef eitthvað stórvítavert hefur gerzt við meðferð þessa máls hér í þessari hv. d., þá er það alger fáfræði hv. 1. þm. Austf. (EystJ) um mál, sem búið er að hafa þrjár umr. um hér í d. Ræða hans áðan bar vott um það, að honum er alls ekki kunnugt um neitt af því, sem komið hefur fram af minni hálfu og hv. menntmn. um málið við þrjár umr. málsins í d. Ræða hans í heild bar vott um það, að hann hefur alls ekki gert sér grein fyrir því, hver er kjarni málsins í öllum meginatriðum þess. Og það finnst mér satt að segja ekki vera frambærilegt að stunda ekki þingstörf þrátt fyrir annir þar betur en svo, að mergur málsins í umr. fari gersamlega fram hjá mönnum.

Í beinu framhaldi af ræðu hv. þm. vil ég benda á það, að þetta frv., eins og það nú liggur fyrir þessari hv. d., hefur verið afgreitt samhljóða í báðum menntmn. Alþ., með atkv. allra nm., atkv. manna frá öllum flokkum, flokksmönnum hans sömuleiðis, og málið var afgr. til 3. umr. hér með shlj. atkv. allra dm. Ekki veit ég, hvort hann var þá viðstaddur eða ekki, en ekkert mótatkv. kom hér fram. Í hv. Ed. var málið samþ. eins og það er nú með atkv. allra dm. gegn einu, og það var að vísu flokksmaður hv. þm. Að viðhafa þau ummæli um þingið, um þessa deild og hv. Ed., að þm. hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera, þegar þeir samhljóða afgreiddu frv. samkv. shlj. meðmælum beggja menntmn., nálgast að vera ósvífni í garð þd. og Ed.

Ég skal nú víkja fáeinum orðum að efnisatriðum, sem komu fram hjá hv. þm. og báru vott um, að hann hefur alls ekki fylgzt með meðferð málsins hér í þessari hv. d. Hann dró í efa, að það væri rétt staðhæfing, að stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði við verkfræðideildina mundi ekki hafa í för með sér aukinn kostnað, og sagði, að stjórn Hermanns Jónassonar hefði beitt sér fyrir löggjöf um kjarnfræðinefnd. Engin slík löggjöf er til, og það eru höfuðrökin fyrir því, að talið var eðlilegt af öllum aðilum, sem um málið fjölluðu, að embættið yrði stofnað og ráðgjafastörfin í kjarnorkumálum yrðu flutt frá kjarnfræðinefndinni í verkfræðideild háskólans, eða a. m. k. að verkfræðideildin hefði þessi ráðgjafastörf ásamt kjarnfræðinefndinni. Ef sett hefði verið löggjöf um kjarnfræðinefnd, eins og þm. hélt að hefði verið gert í hans stjórnartíð, mætti segja, að óþarfi hefði verið að leggja til, að embætti í eðlisfræði yrði stofnað við háskólann, sem ætti að hafa það sérstaka hlutverk að vera ríkisstj. til ráðuneytis um kjarnfræðimál. Það, sem gerðist og hv. þm. rámar dálítið í, er, að í stjórnartíð Hermanns Jónassonar var samþ. fjárveiting til kjarnfræðinefndar að upphæð 100 þús. kr. En um n. er engin löggjöf til og þar af leiðandi enginn lagabókstafur til um starf framkvæmdastjóra n., og það hafa allir aðilar talið, kjarnfræðinefndin sjálf og ráðuneytin, að væri mjög óheppilegt. Það er einmitt til þess að koma lagagrundvelli undir þetta ráðunautarstarf við ríkisstj., sem þetta atriði í frv. er flutt. M. ö. o.: frv. er flutt til þess að gera það, sem hv. þm. hélt að hefði verið gert í hans stjórnartíð, en var ekki gert þá, því miður.

Þá sagði hann, sem einnig ber vott um algera fáfræði um það, sem þegar er rækilega upplýst í málinu áður, að hætta kynni að vera á því, það yrði a. m. k. athugað betur, hvort ekki mundi verða svo, að framkvæmdastjórastarf yrði áfram hjá kjarnfræðinefndinni. En það hefur verið skýrt tekið fram, bæði af mér við 1. umr. málsins og af frsm. hv. menntmn. hér, sömuleiðis tvítekið fram í Ed., að svo er ráð fyrir gert, að fjárveiting á fjárl. til kjarnfræðinefndarinnar flytjist til verkfræðideildarinnar, færist til hennar. Framkvæmdastjóralaunin hjá kjarnfræðinefnd hafa verið greidd af þessari fjárveitingu, og þar af leiðir alveg af sjálfu sér, að framkvæmdastjórastarfið hjá kjarnfræðinefnd fellur niður, m. ö. o. flyzt yfir í verkfræðideildina og verður að prófessorsstarfi þar. Hins vegar mun kjarnfræðinefndin starfa áfram, eins og hún hefur starfað, sem frjáls samtök manna, sem áhuga hafa á kjarnfræðimálum, og njóta sömu tekna, sömu frjálsu framlaganna, sem kjarnfræðinefndin hefur haft, en hún mun hins vegar leggja niður sjálfstæða skrifstofu. Í því er sparnaður, og það er sannarlega skynsamleg stefna, að kjarnfræðinefndin sé ekki að hafa sérstaka skrifstofu fyrir einn starfsmann, þegar aðstaða er til þess að koma honum fyrir innan veggja háskólans og skapa honum starfsaðstöðu þar. Hér mun því fækka um eina skrifstofu, þótt að vísu lítil sé, og hefði ég haldið, að hv. þm. ætti að geta orðið það nokkurt ánægjuefni. Það, sem þm. sagði um þetta atriði, var því allt saman á hreinum misskilningi byggt eða réttara sagt á vanþekkingu á því, sem fram hefur komið í málinu hér áður.

Þá sagði hv. þm. dálítið svipað um hið nýja embætti, sem stofnað verður við læknadeildina í geðveikisfræðum. Hann dró í efa, að sú staðhæfing væri rétt, að af þessari breyt. mundi ekki hljótast neinn kostnaðarauki, sem máli skipti. Þm. veit auðsjáanlega ekki það, sem þó hefur verið sagt a. m. k. einu sinni hér í hv. d., að nú er dósentsembætti í geðlæknisfræðum við háskólann og það dósentsembætti er greitt með 35 þús. kr. launum á ári. Ef prófessorsembætti verður stofnað, fær prófessorinn hálf önnur yfirlæknislaun, og það er svo að segja alveg sama upphæðin og nú er greidd fyrir yfirlæknisstörf og dósentsembætti. Hinn nýi prófessor, sem mundi verða jafnframt yfirlæknir, mundi fá svo að segja

alveg sömu laun og yfirlæknir og dósent fá nú það, sem því í raun og veru gerist með þessu, er það að sameina yfirlæknisstarf og dósentsstarf fyrir nákvæmlega sömu fjárupphæð.

Hv. þm. gagnrýndi þá stefnu, sem nokkuð hefði verið uppi, að því er hann taldi, að stofna kennsluembætti sem einhvers konar launabót fyrir lækna. Það, sem einmitt er höfuðtilgangurinn með því að gera yfirlæknisstöðuna á Kleppi og síðar yfirlæknisstöðu við landsspítalann að prófessorsembætti, er að koma í veg fyrir, að yfirlæknisstöðurnar séu aukastörf hjá starfandi læknum í Reykjavík, en á því yrði sannarlega mikil hætta, ef þessi breyting næði ekki fram að ganga. Tilgangurinn með þessum hluta frv. er því einmitt að tryggja, að það gerist ekki, sem hann var að vara sérstaklega við.

Þá sagði hv. þm. og hafði um það stór orð, að ég hefði brotið lög um háskólann með því að láta ekki umsögn frá háskólanum fylgja þessu frv., og talaði þannig eins og ríkisstj. væri skylt að leita álits háskólans, áður en hún leyfði sér að flytja till. til breyt. á háskólalögunum. Þetta er auðvitað alger misskilningur og hefur rækilega verið upplýst hér áður í hv. deild, svo að það hefði ekki þurft að henda hann að viðhafa þessa missögn, ef hann hefði hlustað á það, sem hér hefur komið fram áður. Í háskólalögunum segir, að áður en lögum um háskólann sé breytt, skuli leita álits háskólans á þeim brtt. Um þetta ákvæði er að vísu það að segja að dómi lögfræðinga, að það er í sjálfu sér markleysa, því að ekkert þing getur bannað næsta þingi að gera breyt. á hvaða lögum sem er á þann hátt, sem þingi sýnist. En hitt er annað mál, að þetta ákvæði hefur verið skilið sem ábending, þótt hún sé ekki bindandi, til þings um að afgreiða ekki breyt. á l. um háskólann án þess að gefa háskólanum kost á að segja álit sitt um þær breytingar. Mér vitanlega hefur engum dottið í hug að skilja þessi ákvæði þannig, að ríkisstjórn eða þingmönnum væri óheimilt að bera fram brtt. við lög um háskólann án þess að spyrja háskólann áður. Hvar væri þá frelsi þingmanna? Ætti þá t. d. nú að fresta þessum fundi hér vegna tveggja brtt., sem eru komnar fram, og biðja um fund í háskólaráði, til þess að því mætti þóknast að segja álit sitt á þessum till.? Dettur nokkrum manni í hug í alvöru að skilja lögin á þennan hátt? Það hefur heldur engum dottið í hug, að ríkisstj. væri skylt eða óheimilt að bera fram frv. um breyt. á háskólalögum nema láta fylgja umsögn háskólans. Hitt er annað mál, að ég tel sjálfsagða kurteisisskyldu, ekki aðeins við háskólann, heldur hvaða stofnun sem er, ef þingið er að fjalla um till. til breyt. á lögum um þá stofnun, að gefa þeirri stofnun kost á að segja álit sitt á þeim brtt., sem á döfinni eru, í meginatriðum. Það hefur einnig verið gert hér. Háskólinn hefur fengið tækifæri til þess að segja álit sitt á frv., eins og það liggur fyrir, og mælt með því, eins og það liggur fyrir.

Þá staðhæfði hv. þm. ekki aðeins, að ég hefði vanrækt að bera þetta mál undir háskólann, áður en ég flutti það, heldur jafnvel, að háskólinn hafi alls ekki óskað eftir þeim stöðum, sem gert væri ráð fyrir í þessu frv., lét jafnvel orð liggja að því, að engu væri líkara en ég væri að troða prófessorsstöðum upp á háskólann að honum nauðugum. Þetta hefði hv. þm. einnig látið ósagt, ef hann hefði gefið sér tíma til að vera hér við umr. og hlusta á það, sem fram hefur komið í umr., því að meginkjarni þessa frv., fyrsta atriðið í frv., sem er um stofnun prófessorsembættis í geðlækningum við háskólann, er frv., sem hér hefur áður verið til meðferðar í hv. þd. samkv. beinum tilmælum háskólaráðs og læknadeildar háskólans. Háskólaráð og læknadeildin óskuðu eftir því á þinginu 1958—1959, að það frv. yrði flutt, og ákvæðin í þessu frv. eru nákvæmlega samhljóða því frv., sem þá var flutt eftir beinum tilmælum háskólans. Þó hafði ég samráð um það við forseta læknadeildarinnar, áður en frv. var flutt, leitaði álits hans á því, hvort nokkur breyt. væri á afstöðu læknadeildarinnar, og hann sagði: Nei, á henni er engin breyting, og við óskum enn eftir því, að frv. sé flutt í þessari sömu mynd. — Þetta atriði er því sannarlega gert samkv. beinum tilmælum háskólans.

Um hitt embættið í læknadeildinni, prófessorsembættið í efnafræði, skrifaði háskólarektor menntmrn. bréf fyrir tæpum þremur vikum með tilmælum um, að ég flytti frv. um stofnun prófessorsembættis í efnafræði við háskólann af þeim ástæðum, sem ég er búinn að rekja hér tvívegis áður í þinginu og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka hér, þó að hv. þm. hafi ekki nennt að hlusta á það áður. En mér þykir hart að hlusta á það hér eftir þetta, eftir þessar upplýsingar, að hann skuli segja, að þetta frv. sé ekki aðeins flutt, ekki eftir óskum háskólans, heldur jafnvel í óþökk hans. Þessi tvö læknisfræðiembætti eru flutt samkv. beinum bréflegum tilmælum rektors háskólans til menntmrn.

Um þriðja embættið, í eðlisfræði í verkfræðideildinni, gegnir hins vegar nokkuð öðru máli. Það skal ég fúslega játa, að hugmyndina að stofnun þess embættis átti ég og taldi sökum kunnugleika minna á störfum kjarnfræðinefndarinnar í næstsíðustu ríkisstj., að þeim málum yrði miklu betur skipað á þann veg, sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar tók ég ekki ákvæði um það embætti inn í þetta frv. án þess að hafa rætt það við verkfræðideild háskólans, forseta hennar, kjarnfræðinefndina og formann hennar. Ég óskaði eftir því, áður en frv. var flutt, að verkfræðideildin héldi fund um málið og segði skoðun sína um, hvort hún óskaði eftir þessari skipan eða ekki. Og ég óskaði eftir því, að kjarnfræðinefndin héldi fund og segði skoðun sína á

málinu. Ég fékk um það skýlausar yfirlýsingar beggja þessara aðila, bæði kjarnfræðinefndarinnar og verkfræðideildarinnar, að þessir aðilar væru á einu máli um, að þessi skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sæi miklu, miklu betur fyrir þeim þörfum, sem óumdeilanlegar eru og hv. þm. undirstrikaði einnig að væru réttmætar, að til væri maður eða menn hér í landinu, sem skoðuðu það sem embættisskyldu sína að fylgjast með því, sem væri að gerast á hverjum tíma í kjarnfræðimálum, til þess að það væri öruggt, að á því sviði gerðist ekkert stórkostlegt, sem væri Íslendingum framandi. Þessir aðilar, bæði í kjarnfræðinefndinni og verkfræðideildinni, voru á einu máli um, að nauðsynlegt væri að búa þessu ráðgjafastarfi einhvern lagagrundvöll og væri eðlilegast að gera það með því að stofna kennsluembætti í eðlisfræði, þar sem prófessorinn hefði einnig það hlutverk að vera ríkisstj. til ráðuneytis í kjarnfræðimálum.

Það, sem hv. þm. sagði um þetta, er því líka algerlega úr lausu lofti gripið. Ég hefði ekki flutt frv. í þessari mynd, að því er þetta embætti snertir, nema því aðeins að ég vissi áður, að verkfræðideildin var því einróma samþykk. Ég sá hins vegar ekki ástæðu til þess að senda frv. fullbúið til umsagnar háskólans, því að ég taldi eðlilegu málsmeðferðina þá, að þingnefnd sendi háskólanum frv. til umsagnar, svo sem þingnefnd einnig hefur gert, og háskólinn hefur sent umsögn sína um málið og mælt með stofnun allra embættanna þriggja, sem voru í stjórnarfrv. Tvær hlutaðeigandi deildir mæltu einróma með stofnun embættanna beggja, og háskólaráð mælti einróma með stofnun þessara þriggja embætta, sem í stjórnarfrv. voru. Öll svigurmæli um, að hér hafi eitthvað verið að gerast, sem ég hafi verið að pukra með, jafnvel að smygla hér inn í þingið á síðustu stundu, eru ekki aðeins úr lausu lofti gripin, heldur ósæmileg.

Ég taldi mig hafa fulla ástæðu til þess að gera mér vonir um, að þingið tæki vel á máli, sem væri undirbúið með þessum hætti og allir sérfróðir aðilar, sem um hefðu fjallað, væru sammála um að væri nauðsynjamál, enda kom það líka í ljós, og það er ekki fyrr en nú á elleftu stundu, sem hjáróma raddir heyrast í málinu. Menntmn. þessarar n. tók málinu mjög vel, einnig flokksbróðir hv. 1. þm. Austf., sem skrifaði undir nál. fyrirvaralaust, og sama gerði flokksbróðir hans í hv. Ed. Það, sem kannske skiptir ekki minnstu máli, flokksbróðir hv. þm., sjálfur varaforseti háskólaráðs, stendur hér undir bréfi frá háskólanum, þar sem hann mælir með stofnun allra þriggja embættanna, sem formaður þingflokks hans er nú að lýsa sig algerlega andvígan.

Háskólinn óskaði eftir því, að eitt prófessorsembætti enn yrði stofnað við háskólann. Stofnun þess embættis mundi hafa í för með sér aukin útgjöld háskólans og á fjárlögum, sem nemur prófessorslaunum. Ástæðan til þess, að ég tók ekki ákvæði um það embætti inn í frv., var einfaldlega sú, að ég bjóst við því, að það mundi verða deiluefni, og ég vildi ekki sýna þinginu svo seint till., sem ég gat rennt grun í að yrði deiluefni, vegna þess að hún þýddi útgjöld. Ég bjóst ekki við því, að hitt mundi verða deiluefni, vegna þess að þar var ekki um útgjöld að ræða, eins og líka kom á daginn.

Þegar hins vegar kom á daginn í hv. Ed., að hv. þn., menntmn. þar öllsömun, einnig hv. framsóknarmaður í n., vildi samþykkja þessa útgjaldaaukningu, þá varð ég að sjálfsögðu manna fegnastur. Hins vegar hefur hér komið fram mikil gagnrýni á þessari málsmeðferð, og ég hef þegar lýst því yfir og ég játa, að hún er óheppileg. Ég hefði sjálfur kosið hana öðruvísi og get fyrir mitt leyti fallizt á þá till., sem hv. forseti d. hefur borið fram um, að háskólalögunum skyldi breytt þannig, að þetta þriðja embætti skyldi stofnað, enda hef ég áður gert grein fyrir því, að á því er brýn nauðsyn, en þó ekki fyrr en fé er veitt til þessa á fjárl. Þá er öllu réttlæti fullnægt. Hins vegar virðist það koma í ljós, að hv. Framsfl. vill stofna embættið án þess, að beinlínis sé veitt fé á fjárl.

Ég hef farið þetta mörgum orðum um þetta af því, að ég sé enga ástæðu til þess að sitja þegjandi undir svigurmælum, sem fram koma á elleftu stundu og eiga augljóslega rót sína að rekja til þess, að sá, sem þau viðhefur, hefur ekki fylgzt með umræðum um málið, eins og honum þó bar skylda til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef deilt á þá meðferð, sem þetta mál hafði fengið í Ed., að breyta á síðustu stundu þessu máli og stilla okkur frammi fyrir því að verða nú að taka þetta mál til meðferðar, í staðinn fyrir að láta það ganga sína reglulegu göngu í gegnum d., að verða að afgreiða það á einni nóttu. Ég deildi á þetta sérstaklega vegna þeirra breyt., sem fram hafa komið í Ed. Hvað snerti hins vegar það, sem við höfðum gert hér í Nd. og að vísu hafði verið gert á mjög skömmum tíma, en engu að síður á reglulegan máta, þá var ég ekki að finna að því, það hafði verið afgreitt hér hjá okkur.

Ég held það hafi verið einn eða tveir þm., einn þm. sérstaklega, sem talaði á móti því. Annars var það í n. samróma. Gagnrýni mín beindist þess vegna að því, sem gerzt hafði í Ed. og þarna hafði verið bætt inn í viðvíkjandi þriðja prófessor í viðskiptadeild, sem um leið þýddi að gera deildina að sjálfstæðri deild í háskólanum, sem sé fjölga deildunum í háskólanum.

Nú hefur hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), hæstv. forseti okkar d., komið fram hér með skriflega brtt. Ef sú brtt. hans er samþ., þýðir það, að málinu er raunverulega frestað til næsta þings. Það þýðir, að við höfum tækifæri á næsta þingi, ef það er vilji þessarar d., að breyta háskólalögunum hvað þetta snertir, líka við-

víkjandi þeim þremur prófessorum, líka viðvíkjandi því, hvort við stofnum þarna nýja deild, jafnvel þó að þriðja prófessorsembættið sé myndað.

Nú er í háskólalögunum tekið fram, að þegar þrír prófessorar séu í viðskiptadeildinni, skuli verða stofnuð ný deild, sem sé viðskiptadeild. Þessi brtt. hv. 5. þm. Reykv., hæstv. forseta d., þýðir það, að þetta ákvæði kemur ekki til framkvæmda nú, að ný deild verði stofnuð, og ekki heldur hitt, að nýr prófessor verði settur. Því aðeins að næsta Alþ. samþykki á sínum fjárl. þá að stofna slíkt embætti, kæmi það til framkvæmda, svo fremi sem háskólalögunum, áður en það hefur gerzt, hefur ekki verið breytt. Það þýðir m. ö. o., að okkur gefst tækifæri til þess að ræða þetta á eðlilegan og þinglegan hátt hér í þingi í haust, flytja brtt., reyna að koma þeim í gegn, ræða um þetta í sambandi við fjárlög, og þar með er hafður alveg þinglegur háttur um afgreiðslu þessa máls.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur vald til þess að koma málinu í gegn eins og það er nú. Hins vegar vil ég segja það, að þótt ég hefði helzt kosið, að till. mín yrði samþ. eins og hún var, get ég sætt mig við þá brtt., sem hv. 5. þm. Reykv., hæstv. forseti, hefur flutt. Hún þýðir það, að okkur gefst tækifæri til þess að meðhöndla þetta mál á þinglegan hátt, koma fram með breytingar, freista þess að fá þessum lögum breytt og enn fremur að hafa áhrif á það, hvort þetta verður í fjárl. eða ekki, þannig að það, sem ég hef hér fyrst og fremst deilt á, að stilla okkur frammi fyrir þessu á síðustu stundu, — okkur er forðað frá því með þessari brtt. hans líka. Ég mun þess vegna fyrir mitt leyti samþykkja hana.

Ég vildi um leið, fyrst þessar deilur hafa orðið um háskólann hér, ítreka það, sem ég minntist á í minni fyrri ræðu, að reynt yrði af hálfu Alþingis að gera eitthvað, beinlínis frá þess hálfu, til þess að undirbúa 50 ára afmæli háskólans.

Það er slæmt, hvernig gengur hjá okkur með undirbúninginn undir lagabreytingar við háskólann, og ég held, að Alþingi sjálft hafi haft of lítið frumkvæði í þessum efnum. Þegar síðast var breytt háskólalögunum 1956—57, var það eingöngu nefnd svo að segja af prófessorum, sem við þetta fékkst. Ég tek eftir því alltaf, að þegar prófessorar okkar við háskólann, að þeim annars ólöstuðum, fjalla um þessi mál, eru þeir tiltölulega takmarkaðir við þær deildir, sem þar eru þegar. Það er nokkurn veginn gefið, að eigi að koma verulega nýmæli, verulega stór nýmæli, verða þau að koma frá Alþingi.

Ég álít, að það hefði verið ákaflega heppilegt, að sett hefði verið nefnd í samráði við þingflokkana til þess að athuga undir næsta þing, hvað Alþingi Íslendinga vilji gera til að minnast 50 ára afmælis háskólans. Ég kann varla við sjálfur a. m. k. að vera að flytja brtt. um slíkt núna, enda væri viðkunnanlegt, að það kæmi frá öðrum. En því vildi ég þó alvarlega skjóta til athugunar, bæði til hæstv. ríkisstj. og þdm., hvort okkur bæri ekki að gera eitthvað slíkt. Leiðindin eru, hvað þetta er orðið allt saman seint, hvar þetta lendir nú út af því, hvað þetta er seint í hörðum deilum hér hjá okkur. Og jafnvel þó að úr því leysist að nokkru leyti hvað snertir það mál, sem ég deildi á, þá er samt greinilegt, eins og hér hefur komið fram í d. nú, að umræður verða um önnur mál, sem hér höfðu þó verið nokkuð rædd fyrr. Ég mun þess vegna fyrir mitt leyti greiða atkv. með brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., hæstv. forseta, sem gerir það að verkum, að það losar okkur við að standa frammi fyrir gerðum hlut, sem Ed. hefur gert, og verða að gefast upp frammi fyrir því. Það gefur okkur möguleika á því að geta fjallað um þetta mál á þinglegan hátt á næsta þingi, bæði í sambandi við fjárlög og í sambandi við breytingar á háskólalögunum, sem ég satt að segja álít heppilegast að hefðu verið undirbúnar af n., sem ynni í því til haustsins, einmitt í samráði við þingflokkana.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Af því að ég var einn af þeim, sem greiddu atkvæði á móti afbrigðum í þessu máli, er það var tekið til umræðu hér í kvöld, vildi ég ekki láta umr. fara fram hjá án þess að segja fáein orð. Ég skal að öðru leyti ekki vera mjög langorður. Maður gerir það ekki að jafnaði að greiða atkvæði á móti afbrigðum, og ástæðan til þess, að ég gerði það, var sú, að ég taldi meðferð málsins hér í þinginu ekki vera eins og hún ætti að vera. Málið er lagt fyrir 27. maí, fyrir örfáum dögum, og þegar það er lagt fyrir, óskar menntmrh. þess sérstaklega, að því sé flýtt, og við þeirri ósk var orðið. Síðan sendi að vísu menntmn. Ed. það til háskólaráðs, og svo kemur hér og er nú lesið upp álit háskólaráðs, og þm. hafa ekki fengið að sjá það fyrir sér á borðum, verða aðeins að styðjast við það, sem þeir hafa heyrt úr því lesið hér upp einu sinni úr ræðustól. Þegar málið kemur aftur nú til þessarar hv. d. frá hv. Ed., er búið að breyta því þannig, að það á að stofna heila háskóladeild, og þessi d. stendur frammi fyrir því, að hún eigi annaðhvort að samþykkja þetta eða fella það og þar með að láta málið raunverulega falla algerlega. Það er þessi meðferð, sem gerði það að verkum, að ég greiddi atkvæði á móti afbrigðum í þessu máli núna.

Ég tel, að það sé ekki rétt að fara svona með breytingar á lögum háskólans. Eins og hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. hér í þessum umr., kom þetta mál allt of seint fram, að það skyldi ekki koma fram fyrr en fimm eða sex dögum áður en gert var ráð fyrir að slíta þinginu.

Háskólinn er sú stofnun okkar, sem við eigum að vanda vel til lagasetningar um, og ég vil benda á, að það er ekki rétt að vera mjög þétt að breyta lögum háskólans. Það á að gera sjaldan og gera það vel, þegar það er gert. Þegar háskólalögin eru tekin fyrir,

á að ganga svo frá þeim, að þá sé háskólanum sniðinn stakkur, sem hann getur unað við a. m. k. nokkur ár, helzt nokkuð mörg ár, eftir því sem ástæður leyfa, en ekki að vera að gera smábreytingar á því af handahófi með örstuttu millibili. Það er venja, að slík lagasetning í stórum málum verður óskapnaður og ekkert annað. Ég vil benda á þetta, að ég tel slíka meðferð á háskólalögunum vera langt fyrir neðan virðingu Alþingis.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan. Hæstv. ráðh. var ákaflega hneykslaður yfir því, að ég skyldi finna að meðferð þessa máls, og taldi sumt af því, sem ég sagði, bera vott um mikla fáfræði um þessi efni og raunar vanrækslu á þingstörfum, því að það hlyti að hafa farið algerlega fram hjá mér, sem hann og fleiri höfðu upplýst um málið. En sérstaklega var hann hneykslaður yfir því, að ég skyldi finna að því, hvernig hann hefði undirbúið þetta mál og lagt það fyrir hv. Alþingi.

Ég vil leyfa mér að rifja upp aðeins örlítið, hvernig hæstv. ráðherra hefur unnið að þessu.

Þetta mál var lagt hér fram 27. mai, eins og hér hefur oft verið tekið fram, og hæstv. ráðh. vissi það, að ríkisstj. og þingmeirihluti hennar hafði ákveðið, að þingi skyldi ljúka fyrir hvítasunnu. Þetta vissi hæstv. ráðh. Samt sem áður ætlar hann þinginu þetta innan um öll þau verkefni, sem fyrir voru og voru þannig, eins og ég greindi frá og hann gat ekki vefengt, að þingmönnum var haldið hér á stöðugum fundum út af öðrum málum og svo hart að gengið af hæstv. forsetum, að flokksfundatímarnir voru teknir og var ekki einu sinni hægt að halda flokksfundi. Hæstv. menntmrh. vissi, að svona var ástandið í þinginu. Þá leggur hann fyrir stjórnarfrv. um þetta efni, sem hér hefur verið rætt, og krefst þess eða biður um það, raunar krefst, að það verði gert að lögum, fari í gegnum sex umr. á þeim örstutta tíma, sem til stefnu var, og raunar enginn tími til stefnu til þess að fjalla um þetta mál.

Ofan á þetta bætir svo hæstv. ráðh. því, að hann lætur enga umsögn frá háskólanum fylgja frv., eins og þó raunar er skylt að gera og ég mun koma síðar að nánar, að gefnu tilefni frá hæstv. ráðherra. Hann lætur ekki umsögn háskólaráðs fylgja frv., þegar það kemur fram, þannig að þm. geta ekki haft hana til þess að styðjast við, til að létta sér að taka afstöðu til málsins.

Hæstv. ráðh. er ákaflega hneykslaður yfir því, að það skuli vera fundið að þessari málsmeðferð af hans hendi. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað var hann að gera í allan vetur? Hvers vegna gerði hann þetta? Hvers vegna lét hann ekki þetta mál koma fram fyrr en 27. mai? Hann hefur ekki gefið neina skýringu á því. Ef hann gæti gefið einhverja fullnægjandi skýringu á, hvers vegna hann gat ómögulega komið málinu fyrr fyrir þingið en 27. mai, örfáum dögum áður en þingi lauk, væri kannske hægt að taka þá skýringu til greina. En hver er skýringin á því? Og getur hæstv. ráðh. ekki skilið, að ef hann var ekki tilbúinn með málið fyrr en 27. mai, átti hann aldrei að sýna þetta mál í vor? Hann átti bara að geyma það þangað til á næsta þingi, það var það, sem hann átti að gera.

Ég veit ekki betur en hæstv. ráðh. hafi verið mjög bljúgur hér í kvöld að játa, að meðferðin á þessu máli hafi alls ekki orðið eins og hún hefði þurft að vera. En hvers vegna er hann þá að belgja sig upp út af því, þó að það sé hógværlega að því fundið, sem hann sjálfur hefur játað að er ekki eins og það á að vera?

Gat hæstv. ráðh. ekki búizt við því, að einhver vildi skoða þetta mál eða máske gera brtt. við það? Var það óhugsandi? Og er það sæmilegt að vera þannig á ferðinni með málefni eins og þetta, að það sé fyrir fram sjáanlegt, að enginn tími sé til þess að skoða neinar brtt. eða átta sig á þeim, því að hæstv. ráðh. veit, að þetta mál hefur gengið með fyllsta hraða, meira að segja óeðlilegum hraða gegnum þingið? En samt sem áður er ekki meiri tími til stefnu en svo, að hann verður sjálfur að játa það hér í kvöld í ræðu, að hann hafi ekki tíma til þess að greina eða tína fram þær ástæður, sem þyrftu að koma fram í sambandi við tillöguna um hið nýja prófessorsembætti, sem bætt var inn í frv. í Ed.

Það er engin ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að vera með neinn hroka eða belging í þessu sambandi. Það er langbezt fyrir hann að játa, að það eru stórfelld missmíði á því, hvernig þetta mál er lagt fyrir. Og allra sízt er ástæða til þess fyrir hann að stökkva upp á nef sér út af hógværum ábendingum í þessa átt, sem allir finna auðvitað inni á sér að eiga fullkomlega rétt á sér. Hver er sá hv. þm., sem finnur ekki inni á sér, að öll meðferðin á þessu máli er alls ekki eins og hún á að vera? Það finna auðvitað allir, og það er kannske þess vegna, sem hæstv. ráðh. reiddist. En hann verður bara að gera sér ljóst, að það er ekki hægt að komast hjá því, að á þetta sé bent. Það finna auðvitað allir, að svona á ekki að halda á málum, eins og hæstv. ráðh. hefur gert í þessu dæmi. Og það er alveg út í hött, að hæstv. ráðh., sem hefur komið svona fram, skuli leyfa sér að rjúka hér upp með brigzlum í garð manna, þó að hógværlega sé að þessu fundið, ásaka menn um fáfræði og annað slíkt, þó að þeir við þau skilyrði, sem menn hafa búið hér undanfarna daga, hafi ekki getað heyrt hvert einasta vísdómsorð, sem fallið hefur af vörum þessa hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál, þar sem jafnvel svo langt hefur gengið, að það hefur orðið stundum að nota beinlínis deildarfundatímana til þess að tala sig saman um afstöðuna í málinu. Flokkarnir hafa ekki getað haldið fundi, þannig að menn hafa ver-

ið neyddir til að fara út af deildarfundunum til að tala sig saman um það, hvaða afstöðu eigi að taka í atkvæðagreiðslum og öðru slíku.

Þannig eru vinnuskilyrðin, sem menn eiga við að búa, og svo koma hæstv. ráðh. og leyfa sér að saka menn um fáfræði og vanrækslu á þingstörfum, þó að það hafi farið fram hjá mönnum einhverjar setningar, sem hæstv. ráðh. hafa sagt.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri auðheyrt á því, sem ég hefði tekið fram, að ég hefði ekki gert mér grein fyrir kjarna málsins í öllum meginatriðum þess. Það væri sannarlega ekkert undarlegt, þó að svo væri. Ég veit eiginlega ekki, hvernig hægt er að gera þá kröfu til þm., að þeir hafi getað það, eins og á þessu hefur verið haldið. Og ég hefði gaman af að vita, hvað það væru margir þm., sem vildu segja það með hreinni samvizku, að þeir, við þau skilyrði, sem við höfum búið nú undanfarna daga, hefðu getað kynnt sér til fullrar hlítar kjarna þessa máls í öllum aðalatriðum.

Á hinn bóginn má ásaka menn fyrir að hafa tekið of mikið tillit hér í d. til óska hæstv. ráðh. um að hraða þessu máli. Það kemur nefnilega í ljós, að slíkt á alls ekki að gera, eins og mönnum þó stundum vill verða á. Mönnum vill stundum verða það á að gera of mikið eftir tilmælum frá hæstv. ráðherrum og öðrum, sem hafa áhuga á því að koma málum fram. Það sýnir sig, að það er varasamt að verða of fúslega við slíkum tilmælum. Og það sýnir sig líka, að þeir, sem bera slík tilmæli fram, launa það með brigzlum í garð þeirra, sem verða við tilmælunum, eftir á, þegar þeir hafa tækifæri til, eins og hæstv. ráðh. hefur gert. Það var tekið of mikið tillit til hans hér um daginn, þegar hann vildi fá þetta mál áfram og lýsti því, hvað það væri einfalt, og þakkirnar, sem menn hafa fyrir að hafa í fljótræði orðið við þessum óskum hans, eru brigzl af hans hendi nú um vanrækslu á þingstörfum, fáfræði og flan. Þetta eru þakkirnar, sem menn fá fyrir, að mönnum hefur orðið það á að taka tillit til ráðherrans. Það væri ekkert óeðlilegt, þó að menn létu sér þetta að kenningu verða, sem hæstv. ráðh. hefur nú sagt um þessi efni, og tækju með meiri fyrirvara og meiri tortryggni undir óskir hans framvegis um það að flýta málum langt fram yfir það, sem venja er til og raunar er verjandi.

Hæstv. ráðh. viðhafði þau orð í þessu sambandi, að það stappaði nærri ósvífni — hann notaði það orð — af minni hendi að gefa í skyn aðra eins fjarstæðu og þá, að þm. hefðu afgreitt þetta án þess að hafa grandskoðað það ofan í kjölinn. Ja, þvílík hræsni! Eins og hæstv. ráðh. sé ekki alveg fullkomlega ljóst, að þegar haldið er á máli eins og hann hefur gert í þessu sambandi og það knúið fram með slíkum hraða, þá er því alls ekki til að dreifa, að hv. þm. hafi hver um sig getað rannsakað það ofan í kjölinn? Menn gera slíkt í þeirri trú, þegar þannig stendur á, að það sé óhætt að treysta þeirri forustu, sem þá og þá er fyrir málunum. Menn leiðast út í þetta, þegar þeir eru settir í slíka klemmu eins og gert er, þegar þannig er haldið á málum. Þess vegna finnst mér, að hæstv. ráðh. ætti að vera hógvær, en ekki fullur hroka í sambandi við þetta mál.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það sýndi bezt af öllu, hvað ég væri illa að mér um þessi mál, að ég hefði talað um, að kjarnfræðinefndin hefði verið sett á fót með löggjöf. Hann talaði um þetta lengi nætur, hvað þetta sýndi fádæma vanþekkingu af hálfu þm., að hann hefði haldið þessu fram. En var nú ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að vera að eyða nóttinni í þetta? Ég efast um það. Ég vil í þessu sambandi upplýsa, ef hæstv. ráðh. kynni að vera búinn að gleyma því, að um þetta efni hafa a. m. k. tvisvar verið gerðar samþykktir á hv. Alþingi. Í annað skiptið er það 1955. Þá er samþ. þáltill. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að rannsóknaráð ríkisins fylgist með nýjungum í þeim efnum og hafi með höndum rannsóknir og forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðráðanlegt er.“

Þetta er þáltill. um kjarnorkumál, sem samþ. er 1955.

Í framhaldi af þessari þáltill. er svo sett ákvæði inn í fjárl. Og um hvað er það ákvæði, sem sett er inn í fjárl. fyrir árið 1959? Ákvæðið er um kjarnfræðinefnd. Það er sett ákvæði, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Til kjarnfræðanefndar, til rannsókna á hagnýtingu kjarnorku, 100000 kr.“ M. ö. o., kjarnfræðinefndin er stofnuð með fjárlagaákvæði.

Ætli það hefði ekki verið betra fyrir hæstv. ráðh. að sofa þessa stund, sem hann eyddi af nóttinni til að býsnast yfir því, að þm. skyldi leyfa sér að kalla það lagasetningu um kjarnorkunefnd, að n. er ákveðin með ákvæði í fjárl.? Eru fjárl. ekki lög? Eru fjárlagaákvæði ekki lagasetning frá Alþingi?

Ég leyfði mér í sambandi við lagaákvæðið um kjarnorkuprófessorinn að segja, að það gæti verið hætta á því, að þar væri raunverulega verið að stofna alveg nýtt embætti. Og ég færði þær ástæður fyrir þessu, að það gæti vel farið svo, að þegar frá liði, væri það ekki talið samræmanlegt, að kjarnorkuprófessorinn væri framkvæmdastjóri kjarnorkunefndar. En hæstv. ráðh. segir, að þetta sé alveg út í hött. Þetta hljóti að stafa af því, að ég hafi ekki hlustað nógu vel á hann, því að hann hafi tekið þetta fram, hæstv. ráðh., að svo væri ráð fyrir gert, að fjárveiting til kjarnfræðinefndar flyttist til háskólans. Ef ég hefði heyrt þetta, hlyti ég að hafa verið alveg rólegur. Þegar hann hefði sagt, að það væri ráð fyrir þessu gert, þá væri engin hætta á

öðru en að það yrði þannig um ófyrirsjáanlega framtíð, af því að hann hefði tekið fram, að það væri ráð fyrir þessu gert. En væri nú alveg óhugsandi, að einhverjum dytti í hug síðar að hafa þetta öðruvísi en hæstv. ráðh. sagði hér um daginn að ráðgert væri? Gæti það ekki einmitt vel komið til, alveg eins og ég var að minnast á í kvöld, að mönnum fyndist síðar, að það gæti ekki farið saman, að kjarnfræðiprófessor yrði framkvæmdastjóri kjarnfræðinefndar?

Má vera, að það vaki fyrir hæstv. ráðh., það er ekki alveg ljóst, en það mætti ályktа svo af orðum, sem féllu, að það ætti að leggja kjarnfræðinefndina alveg niður. Það er máske hugsun hæstv. ráðh. En þá er það eitt atriði nýtt og nýtt vafaatriði í sambandi við þetta mál. Er meiningin að leggja kjarnfræðinefndina algerlega niður? Og ef svo er, að meiningin er að leggja kjarnfræðinefndina alveg niður, er það ekki nokkuð vafasamt, að slíkt sé heppilegt? Gæti það ekki verið vafasamt að leggja niður kjarnfræðinefndina, því að henni er ætluð mikilsverð forusta einmitt í kjarnorkumálunum? Og er það víst, að forustan í þeim málum yrði nægilega samræmd og skelegg, ef n. yrði lögð niður? En ef hæstv. ráðh. ætlast til þess, að n. verði ekki lögð niður, kemur þessi spurning aftur, sem ég var að velta fyrir mér áðan: Kemur þá ekki að því, að n. vilji fá annan mann en prófessorinn til þess að starfa sérstaklega fyrir sig? Mér sýnist því, að þetta mál þurfi íhugunar við og það sé alls ekki ófyrirsynju, að minnzt hefur verið á þessi atriði.

Raunar gæti líka það, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, — hann sagði, að þarna yrði fækkað um eina skrifstofu, — bent til þess, að ætlunin væri að leggja kjarnorkunefndina niður. En mér sýnist, ef það er meiningin, að þá geti verið fullkomlega vafasamt, að heppilegt sé að skipta þannig algerlega um forustu í kjarnorkumálunum og hafa aðeins háskóladeildina til að sinna þeim efnum. En það er með þetta eins og fleiri atriði í sambandi við þetta mál, sem sýnir, að málið er ekki nægilega rætt hér í hv. Alþ. og ekki hefur gefizt tóm til að skoða það nógu vel.

Hæstv. ráðh. bætir á hinn bóginn ekkert fyrir sér með því að vera að brigzla mér eða öðrum um fáfræði í því sambandi eða vanrækslu á þingstörfum eða annað þess háttar og vera með reiðiyrði út í bláinn. Allt slíkt sýnir, að það er þannig á þessu haldið, að það er ekki von, að menn hafi náð til hlítar tökum á málinu.

Ég þykist ekki vanrækja þingstörf fremur en aðrir hér, en játa það alveg hreinskilnislega, að þegar málið var til meðferðar um daginn, hafði ég alls ekki tóm til þess að sinna því neitt. En mér varð það á að sveigjast fyrir tilmælum þessa hæstv. ráðh., sem aldrei skyldi verið hafa, og mun ég gæta mín í því efni á næstunni, og einnig mun ég gæta þessa, þó að slík tilmæli komi frá þeim hæstv. ráðh., sem rétt í þessu hvíslaði að mér nokkrum orðum, því að það má segja hér um, að laun heimsins eru vanþakklæti.

Kemur það berlega fram í þeim þjösnaskap, sem hæstv. ráðh. hefur sýnt, þar sem hann ræðst nú að mönnum með fúkyrðum fyrir að hafa orðið við hans eigin tilmælum um að skoða ekki málið. Í raun og veru voru tilmæli hæstv. ráðh. um daginn um það að skoða ekki málið, en fara eftir því, sem hann hafði lagt til. Það er sannast að segja nokkuð harðleikið að fá ekki nema dólgslegar skútur fyrir að hafa tekið þetta til greina hér á dögunum í hv. Nd.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið mjög ófyrirsynju, að ég fann að því, að ekki hefði verið farið eftir háskólalöggjöfinni varðandi undirbúning málsins. Vildi hæstv. ráðh. alls ekki játa, að þar hefði nokkuð verið farið óeðlilega að. En ég vil í allri vinsemd benda hæstv. ráðh. á, að allt það, sem hann sagði um það efni, staðfesti það, sem ég hafði haldið fram. Skal ég færa að því nokkrar ástæður.

Í lögunum um Háskóla Íslands stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 2. gr.:

„Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breyt. eða viðauka, svo og um nýmæli.“

Þetta stendur í lögum um háskólann. Nú segir hæstv. ráðh., að það standi ekkert í þessari lagagrein um, að ríkisstj. skuli leita álits háskólaráðs, áður en hún leggur stjórnarfrv. um háskólann fyrir Alþingi, og hæstv. ráðh. heldur sér dauðahaldi í, að þetta standi ekki í lagagreininni. Þess vegna sé það alveg út í bláinn, — og ég man ekki, hvaða viðeigandi orð hann hafði um mig í því sambandi, — alveg út í bláinn að finna að þessu. En ég hygg, að hæstv. ráðh. verði að viðurkenna, að það er ekki hægt að skilja þetta lagaákvæði á aðra lund en þá, að það sé hreinlega skylda ríkisstj. að bera undir háskólaráðið fyrirhugaðar breytingar á háskólalöggjöfinni, það sé sú eina eðlilega framkvæmd á þessu lagaákvæði, að þannig sé farið að af hendi ríkisstj. Og ég efast ekkert um, að inn á sér viðurkennir hæstv. ráðh. þetta. Það er engin önnur aðferð í fullu samræmi við lagaákvæðið, anda þess og efni. Það er ekki hægt að uppfylla þetta lagaákvæði með því að eiga samtal við deildarforseta háskólans, eins og hæstv. ráðh. var að telja fram í þessu sambandi. Það stendur þarna alveg berum orðum, að það skuli leita umsagnar háskólaráðs, og þetta lagaákvæði er því ekki uppfyllt með því að ræða einstök atriði frv. við aðra, eitt atriði við þennan deildarforsetann og annað atriði við hinn o. s. frv. Með slíku er hreinlega verið að fara fram hjá þessum ákvæðum l., því að þessi ákvæði eru auðvitað sett inn til þess, að háskólaráðið, sem er yfirstjórn háskólans, fái þær breyt. til umsagnar í samhengi, sem hugsunin er að gera hverju sinni. Hitt er bara eins og að læðast

í kringum hús að vera að ræða við einn og einn á afskekktum stöðum, um eitt atriði hvern af þeim breyt., sem fyrirhugaðar eru.

Við sjáum þá einnig, hversu fáránleg þessi málsmeðferð öll er, að frv. er ekki sent til umsagnar háskólaráðinu, fyrr en það er komið í gegnum Nd., eftir því sem ég bezt veit. Þá fyrst er það sent háskólaráðinu til umsagnar. Ég veit ekki, hvort það var sent háskólaráðinu til umsagnar að frumkvæði hæstv. ráðh. eða hvort það var n., sem hafði frumkvæði um það. En auðvitað er hæstv. ráðh. skylt að sjá um framkvæmd háskólalaganna, og hæstv. ráðh. var því skylt að sjá um, að þessu ákvæði háskólalaganna væri fylgt. Og það var hann, sem átti að senda þetta mál háskólaráðinu til umsagnar, áður en hann lagði það fyrir þingið. Ég veit, að hæstv. ráðh. er alveg ljóst, að þannig átti að halda á málinu. En af einhverjum einkennilegum ástæðum, sem enn eru ótilgreindar, kaus ráðh. að sniðganga þetta ákvæði l. og leita ekki umsagnar háskólaráðs um málið í heild, eins og þó átti að gera.

Ég tel ekki líklegt, að hæstv. ráðh. finnist það í raun og veru vera eðlileg meðferð á málum varðandi háskólann, sem hann virðist hafa hugsað sér í þessu falli, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir ákveði, hvernig þeir ætla að breyta háskólal., og taki ákvarðanir um að berja það í gegnum þingið án þess að leita álits hjá háskólaráði. Ég vil leyfa mér að halda fram, að með slíku sé verið að fara algerlega í kringum háskólalöggjöfina, og það er í raun og veru brot á löggjöfinni, eins og ég hélt fram í kvöld.

Ég verð því að telja, að ég hafi fært fullnægjandi rök fyrir því, að meðferð þessa máls er alveg óviðeigandi, og full rök fyrir þeirri afstöðu minni að greiða atkv. á móti málinu, þótt ég leiddist út í að láta það afskiptalaust í fyrra sinnið, sem það fór hér í gegnum hv. d. Og ég verð að segja, að ég hef ekki heyrt frá hæstv. ráðh. eða neinum öðrum nokkur rök fyrir því, að málinu liggi nokkurn skapaðan hlut á og ekki sé hægt að láta það fá þinglega meðferð. En sú ein meðferð væri alveg þingleg að láta málið nú eiga sig og taka það þá upp aftur, þegar þing kemur saman næst.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef aldrei farið neitt dult með það, að ég hef mestu mætur á hv. 1. þm. Austf. (EystJ). Þess vegna þótti mér beinlínis miður, að hann skyldi verða til þess á elleftu stundu og um miðja nótt hér að hefja umræður í máli á veg, sem honum er því miður sízt til sóma, því að ræða hans öll áðan bar þess glöggan vott, að hann hafði engan veginn sett sig inn í málið með þeim hætti, sem eðlilegt var að hann hefði gert og er hans vandi um þau mál, sem hann annars hefur áhuga á. Ég játa fúslega, að mér rann í skap við að heyra mann eins og hann fara með digurmæli og svigurmæli í minn garð, sem voru jafnfullkomlega órökstudd og ég hef í aðalatriðum sýnt fram á, og skal nú bæta því við, sem hann gaf tilefni til í sinni seinni ræðu að ég gerði.

Hvað er það í raun og veru, sem hér hefur gerzt, góðir þdm.? Hér er um að ræða stjfrv. um stofnun þriggja prófessorsembætta við háskólann, stjfrv., sem enginn ágreiningur var um í þessari d. og enginn ágreiningur var um í hv. Ed., fyrr en háskólaráð undir forustu flokksbróður hv. 1. þm. Austf. beitir sér fyrir breyt. á frv. Sú breyt. er þó ekki hættulegri eða alvarlegri en svo, að hv. Ed. samþykkir hana með öllum atkv. gegn einu. Þegar málið kemur aftur hingað til Nd., verður það fyrst að stórdeiluefni. Deiluefnið er alls ekki upphaflega stjórnarfrv. Það, sem veldur deilunum hér, er brtt., sem gerð er á frv. fyrir beiðni háskólaráðs undir forustu flokksbróður hv. 1. þm. Austf., og eftir að einn annar hv. þm. hefur hafið mótmæli gegn frv. vegna þessarar brtt., rís hv. 1. þm. Austf. upp á elleftu stundu og hefur mikla sókn gegn upphaflega frv., sem báðar þd. voru búnar að afgreiða algerlega samhljóða. Hvað er hér eiginlega að gerast? Ég hefði sannarlega unnt hv. 1. þm. Austf. miklu veglegra og betra hlutverks á síðasta starfsdegi þingsins en leika annan eins leik og þennan, og ég skil satt að segja ekki, hvað honum gengur til að leika þennan leik. Það er alveg óskiljanlegt.

Hv. þm. spurði nú, hvers vegna frv. hefði verið lagt svona seint fram, ekki fyrr en 27. maí. Það var ég búinn að skýra rækilega hér í þessari d., búinn að gera það í hv. Ed., það voru frsm. beggja deilda búnir að gera hvor í sinni deild. Til þess liggja mjög eðlilegar skýringar. Að stofni til er þetta frv. gamall kunningi hér frá þessari hv. d., upphaflega flutt samkv. beinum tilmælum háskólaráðs og læknadeildar. Frv. dagaði þá uppi, vegna þess að upp kom deila um efnisatriði í frv. Þá var því ekki haldið áfram. Skömmu eftir það rofnaði sú stjórn, sem setið hafði, þegar frv. var fyrst flutt. Alþfl.-stjórnin, sem þá tók við, vildi ekki gera þetta mál að sínu, ekki flytja það á þingi, sem hafði allt önnur verkefni, enda stóðu þá fyrir dyrum tvennar kosningar. Það var talið eðlilegt að láta frv. um stofnun prófessorsembættis í geðlæknisfræðum bíða myndunar meirihlutastjórnar. Þegar sú stjórn var mynduð nú í nóvember s. l., stóðu fyrir dyrum landlæknisskipti, og það var talið eðlilegt bæði í heilbrmrn. og menntmrn. að bíða þess, að hinn nýi landlæknir gæti kynnt sér þann efniságreining, sem upp hafði komið um málið hér í þessari hv. d., og léti í ljós skoðun sína á málinu. Hann gerði það ekki á fyrstu starfsvikum sínum, og getur enginn láð honum það. En um það leyti, sem hinn nýi landlæknir lét skoðun sína í ljós á málinu, fór hæstv. heilbrmrh. á Genfarfundinn og var fjarverandi í 2 mánuði. Hæstv. heilbrmrh. kom ekki til landsins fyrr en — að því er ég held — 13., 14. eða 15. maí, en hann var annar höfuðaðili að þessu máli. Það dróst því ekki nema um það bil 10 daga, frá því að þeir

aðilar, sem þurftu um málið að fjalla, höfðu aðstöðu til þess að fjalla um það, þangað til málið kom fyrir hið háa Alþingi. Að kalla þetta lélegan málarekstur af minni hálfu er auðvitað hin mesta ósanngirni og á sér ekki minnstu stoð.

Þá sagði hv. þm. í lok ræðu sinnar, að hann hefði enn þá ekki heyrt, hvers vegna málinu lægi svona mikið á. Hér ber enn allt að sama brunni. Hann hefur ekki heyrt það, sem um málið hefur verið sagt. Ástæðurnar til þess, að málinu liggur mikið á, eru tvær. Annars vegar sú, að það má ekki dragast lengur, að yfirlæknisembættinu á Kleppi sé ráðstafað. Það er búið að dragast of lengi og það mátti undir engum kringumstæðum bíða aðgerða næsta þings. Um þetta eru allir aðilar sammála, heilbrmrn., landlæknir, læknadeild háskólans og stjórnendur Kleppsspítalans. Hin ástæðan til þess, að málið má ekki dragast til næsta þings, er rökin fyrir stofnun prófessorsembættis í efnafræði. Trausti Ólafsson, sem gegnt hefur því embætti undanfarið, hefur nú nýlega sagt því endanlega af sér sökum heilsubrests, og verður að ráða fullgildan mann í hans stað fyrir haustið. Það er ekki hægt að gera, nema gengið sé formlega frá stofnun þessa embættis, því að embætti Trausta hefur ekki verið formlegt prófessorsembætti, heldur hefur hann einungis haft prófessorsnafnbót og prófessorslaun. Það er því ekki hægt að ráða formlega prófessor í efnafræði í haust, nema þetta frv. nái fram að ganga.

Það, sem segja má með nokkrum sanni, að ekki sé nauðsyn á að afgreiða núna, er stofnun embættisins í eðlisfræði við verkfræðideildina. Það mætti að skaðlausu bíða — og þó ekki að skaðlausu, því að ég tel það vera svo mikið framfaraspor, sem þar er um að ræða, að tvímælalaust sé til bóta, að það gerist sem fyrst.

Þá sagði hv. þm. enn, að ég hefði enga umsögn látið fylgja frv., eins og skylt væri, og endurtók fyrri röksemdir sínar nú með því að lesa tilvitnað ákvæði í háskólalögunum um það, að ríkisstjórn væri skylt að bera undir háskólaráð brtt. við háskólalögin. Ég vil taka það skýrt fram hér, að þessum skilningi andmæli ég algerlega. Ef ríkisstj. væri skylt að bera undir háskólaráð brtt. við háskólalögin, áður en hún leggur þær fram, þá er þingmönnum líka skylt að bera undir háskólaráð brtt., sem þeir leggja fram. Og nú spyr ég: Dettur nokkrum heilvita manni í hug að skilja lagaákvæðið svona? Það hvarflar ekki að mér, að hv. 1. þm. Austf. láti sér detta í hug, að önnur eins lagaskýring komi til greina. Það getur ekki gilt annað um þm. í þessu efni en ríkisstj. Ef ekki má bera fram neinar till. án þess að spyrja háskólaráð, gildir það um alla, sem hafa rétt til að bera tillögurnar fram, en slíkt er auðvitað fráleitt. Ákvæðið þýðir að vísu ekkert að lögum, það er einungis ábending um það, að það sé eins konar kurteisisskylda Alþingis að gefa háskólanum kost á að segja til um breyt. á háskólalögunum, meðan þau eru til meðferðar í þinginu. Er hafið yfir allan efa, að þetta er réttur skilningur.

Þá sagði hv. þm., að til sanns vegar mætti færa ummæli hans um það, að kjarnfræðinefndin hafi verið stofnuð með lögum, þegar fjárveiting til hennar var samþykkt í fjárl. 1956. Ég vil nú upplýsa hv. þm. um það, að kjarnfræðinefndin hafði starfað í mörg ár, þegar þetta fjárlagaákvæði var samþykkt. Þetta fjárlagaákvæði var samþ. samkv. till. frá mér, þegar vinstri stjórnin svonefnda útbjó fjárlagafrv. í fyrsta skipti. Þá hafði kjarnfræðinefndin starfað í — að mig minnir — fjögur eða fimm ár. Svo fjarri lagi er, að hún hafi verið stofnuð með fjárlagaákvæðinu um þetta frv. Enn þá fráleitara var hitt, að telja lagagrundvöll undir ráðunautarstörfum í þál. frá 1955 um kjarnorkumál, því að í þeirri þál. er kjarnfræðinefndin alls ekki nefnd, heldur fjallað um viss verkefni atvinnudeildar háskólans.

Hv. þm. spurði nú í þessari ræðu, klukkan meira en hálftvö á aðfaranótt föstudags, eftir sex umræður um þetta mál í tveimur deildum Alþingis, hvort meiningin væri að leggja kjarnfræðinefndina niður. Þó að hann hefði aldrei hlustað á neitt orð, sem sagt hefur verið um þessi mál hér í hv. þingi, hefði honum dugað að lesa grg. frv., og skyldi maður halda, að hann hefði einhvern tíma haft tíma til þess þrátt fyrir miklar annar, þó að hann hafi ekki setið hér á þingfundi. Í sjálfri grg. stendur skýrum stöfum, að ekki sé tilætlunin að leggja kjarnfræðinefndina niður og beinlínis ekki æskilegt, að svo sé gert. Hún á að starfa áfram sem frjáls samtök manna, sem áhuga hafa á kjarnfræðimálum, og fá tekjur sínar með frjálsum framlögum, eins og hún hefur haft frá stofnun sinni.

Hv. þm. sagði, að háskólaráði mundi ekki hafa verið sent þetta frv. fyrr en eftir að málið var afgr. út úr hv. Nd. Þetta er líka rangt. Háskólaráði var sent frv. til umsagnar frá menntmn. Nd. fyrir 2. umr. málsins í Nd.

Að síðustu, varðandi það atriði, að ríkisstj. hafi verið skylt að bera frv. undir háskólaráð, áður en það var lagt fram, vil ég enn ítreka, að till. um tvö af þessum embættum, sem frv. fjallar um, er komin frá háskólaráði og er í frv. samkv. bréfum háskólarektors til menntmrn. Ég hef ekki gengið úr skugga um bréf, sem háskólarektor sendi menntmrn. með beiðni um vissa fyrirgreiðslu af hálfu rn., hvort hann hafi áður afgreitt þau formlega í háskólaráði, það skoða ég ekki mitt verkefni. En um tvö embætti af þremur liggja fyrir bréf í menntmrn. með beiðni um flutning á Alþingi frá háskólarektor. Það átti ekki við um það þriðja, eins og ég hef margtekið fram, en um það hafði ég áður gengið úr skugga um stuðning verkfræðideildarinnar og taldi því síður en svo goðgá að flytja frv., enda hefur það líka fengið meðmæli háskólaráðs nú undir meðförum þingsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira

um þetta og bið hv. þdm. í rauninni afsökunar á því að hafa þurft að endurtaka svo mörg af þeim atriðum, sem sumpart ég og sumpart frsm. hv. menntmn. hafa látið koma fram í umr. um þetta mál, og hefði mjög vel getað unnt hv. 1. þm. Austf. þess að hafa ekki efnt til þessara umræðna.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt, áður en ég kem að þeirri brtt., sem hæstv. forseti hefur lagt fram, að víkja að nokkrum atriðum, sem komu fram í seinustu ræðu hæstv. menntmrh.

Hæstv. menntmrh. sagði, að það hefði ekki verið deilt neitt á málsmeðferðina hér í Nd., þegar málið var þar fyrr til umr. Þetta er ekki rétt. Ég gerði þá strax aths. við málsmeðferðina og átaldi hana. En ástæðan til þess, að málið fór hins vegar umræðu- og athugunarlítið í gegnum d., eins og hann minntist á, var fyrst og fremst sú, að þm. höfðu þá að miklu leyti villandi og rangar forsendur við að styðjast. Ef málið hefði legið jafnljóst fyrir þá og það liggur fyrir nú, er áreiðanlegt, að það hefði ekki gengið eins fljótt gegnum d. og raun varð á.

Hæstv. ráðh. var með nokkrar skýringar á því, hvers vegna frv. hefði verið lagt svona seint fram, og færði það fram sem aðalástæðu, að það hefði þurft að bíða eftir áliti hins nýja landlæknis. Það kemur fram í grg. fyrir þessu frv., að álit hins nýja landlæknis hefur legið fyrir 1. apríl s. l. og þess vegna hefði verið vegna hans auðvelt að leggja þetta mál fyrir þingið fyrir tveimur mánuðum.

Þá var hæstv. menntmrh. með þá skýringu, að þetta hefði dregizt vegna þess, að hæstv. dómsmrh. hefði verið fjarverandi. Trúi því nú hver sem vill, að hæstv. dómsmrh. hafi verið einhver sérstakur dragbítur í vegi þessa máls og þess vegna hafi orðið að fresta að leggja það fyrir þingið. Ef það væri hins vegar svo, að hæstv. dómsmrh. sem heilbrmrh. hefði viljað athuga þetta mál eitthvað sérstaklega og talið það eitthvað vafasamt og þess vegna sé það ekki lagt fyrir þingið fyrr en nú, væri gott að heyra skýringar á því. Og það væri mjög fróðlegt að heyra t. d. álit hæstv. heilbrmrh. á því, hvort það sé vegna einhverrar afstöðu hans og tregðu í málinu, að hefur dregizt að leggja það fyrir þingið.

Þá var hæstv. menntmrh. að færa rök fyrir því, hvers vegna lægi á að afgreiða þessi mál nú þegar. Hann taldi, að það þyrfti að fara að ráðstafa yfirlæknisembættinu á Kleppi. Sú skipan, sem nú er þar á, er búin að standa í nærri því tvö ár, og ég held, að það sé engin hætta, þó að það dragist í nokkra mánuði enn. Ég held, að þetta hafi gengið mjög sæmilega á Kleppi og þess vegna sé engin ástæða til þess hvað yfirstjórnina snertir að vera að gera einhverja sérstaka lagabreytingu nú af þeirri ástæðu. Og ég er ekki viss um a. m. k., ef það hefur verið eitthvað að þar, að það muni neitt breytast við það og menn fái betri heilsu þar, þó að þetta frv. verði samþ. nú þegar í stað þess að dragast til haustsins.

Þá er það hreinn misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þessu frv. liggi á vegna þess, að það þyrfti að ráða mann í stað Trausta Ólafssonar. Að sjálfsögðu er hægt að ráða mann í stað Trausta nú strax á sama hátt og Trausti hefur verið ráðinn áður, svo að það er engin ástæða til þess að vera að leggja neitt ofurkapp á þetta mál af þeirri ástæðu. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þessu máli lægi ekkert á vegna verkfræðideildar, því að það væri ekki svo aðkallandi að stofna prófessorsembætti þar. Þegar menn fara að kryfja þetta til mergjar, eru þær ástæður harla lítilvægar, sem hæstv. ráðh. færir fyrir því, að þessu máli liggi einhver ósköp á.

Þá var ráðh. að segja, að það sé ekki nein sérstök skylda ríkisstj. að bera till. sínar um fjölgun prófessora undir háskólaráð. Fram hjá hinu kemst hann ekki, að það stendur í háskólalögunum, sem hann hefur sjálfur haft forgöngu um að setja, að það megi ekki breyta lögum eða setja viðauka við háskólalögin, nema því aðeins að það sé borið undir háskólaráð, og ef þeir gera það ekki, sem það flytja, á sú n. að sjálfsögðu að gera það, sem fjallar um slík mál í þinginu. En það er staðreynd, að þetta mál fór í gegnum þessa hv. d. án þess, að nokkurt álit frá háskólaráði lægi fyrir, og fram hjá því kemst hæstv. ráðh. ekki. Það var lagt slíkt ofurkapp á að hraða þessu máli hér athugunarlítið í gegnum d., að það var alls ekki hirt um að leita eftir áliti háskólaráðs, eins og skylt er lögum samkvæmt.

Þá var hæstv. ráðh. í fyrri ræðu sinni með mikinn belging í sambandi við það, að með því frv., sem hér lægi fyrir, væri verið að koma á fastan lagagrundvöll ákvæðum um kjarnorkumál og kjarnorkurannsóknir, en það væru mjög óákveðin og óljós fyrirmæli, sem giltu um þetta núna, og helzt engin lagaákvæði. Ég hef nú, síðan hæstv. ráðh. sagði þetta, verið að reyna að leita eftir því í þessu frv., hvar er að finna þennan lagagrundvöll, sem kemur kjarnorkumálum og kjarnorkurannsóknum á einhvern fastan grundvöll. Hvar er það ákvæði í þessu frv.? Þetta frv. er svo stutt, að það er auðvelt að lesa það til að sjá, hvað hæft er í þessari staðhæfingu ráðherrans, að með þessu frv. sé lagður einhver grundvöllur að slíkum rannsóknum og slíku starfi.

1. gr. frv. hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„a. 1. málsl. 9. gr. l. orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild og viðskiptadeild.

b. 3. málsl. 9. gr. fellur niður.“

Er hér að finna nokkur ákvæði um það, að kjarnorkumál séu sett á öruggan lagagrundvöll?

2. gr. hljóðar á þessa leið. (**Forseti:** Það er óþarfi að fara að lesa lagagreinar, sem þm. hafa fyrir sér.) Ég vona samt, að hæstv. forseti geri ekki athugasemd við það, ef ég bið

um leyfi hans til að lesa þær upp. 2. gr. hljóðar þannig:

„1. mgr. 37. gr. laganna orðist þannig:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1) Í guðfræðideild 4, 2) í læknadeild 10, 3) í lagadeild 4, 4) í heimspekideild 8, 5) í verkfræðideild 5, 6) í viðskiptadeild 3.“

Hvar er að finna í þessari grein öruggan lagagrundvöll um það, hvernig kjarnorkurannsóknum og ráðuneytisstarfi í kjarnorkumálum skuli fyrir komið?

Ég get gert það til samkomulags við hæstv. forseta, vegna þess að hann virðist vera orðinn eitthvað sérstaklega ópolinmóður, að lesa ekki upp 3. gr., því að það þarf ekki vegna þess, að hún fjallar eingöngu um það, hvernig skipa skuli málum hjá læknadeildinni. Þar er þess vegna ekki að finna neinn öruggan lagagrundvöll um það, hvernig eigi að koma kjarnorkumálunum fyrir í framtíðinni. Þetta er algerlega út í hött hjá hæstv. ráðh., að með þessu frv. sé stefnt í þá átt að koma þessum málum á einhvern öruggari og traustari grundvöll en áður var. — Það skal svo viðurkennt, að í grg. frv. kemur fram, að það sé ætlazt til þess, að verkfræðideildin annist ráðuneytisstarf í samráði við ríkisstj. varðandi kjarnorkumálin. En það, sem stendur í grg., hefur að sjálfsögðu ekkert lagagildi, og það ákvæði, sem þar stendur um starf verkfræðideildarinnar í sambandi við kjarnorkumálin, er miklu veikara en þau ákvæði, sem standa í þáltill. frá 1955, sem hefur verið lesin hér upp og þessi starfsemi er byggð á núna og eins á þeirri grein í fjárl., sem um þessi mál fjallar. Þess vegna er það mikill misskilningur, að með þessu frv. sé verið að koma kjarnorkurannsóknunum á nokkurn öruggari grundvöll, eins og hæstv. menntmrh. hefur haldið fram. Það er þvert á móti ekki nokkurn bókstaf í þessum lögum um þau mál að finna. Hins vegar er sú breyt. gerð, að það er verið að draga stórlega úr starfsemi kjarnfræðinefndarinnar og mestar líkur til þess, að hún verði að hætta störfum, ef þetta verður samþ., og getur það vel orðið til þess, að það verði verri skipan á þessum málum en þó sú, sem nú er.

Hæstv. menntmrh. var að halda því fram, að það væri rangt hjá hv. 1. þm. Austf., að það gæti komið til greina samkv. þessu nýja fyrirkomulagi að leggja kjarnfræðinefndina niður, og vitnaði í grg. frv. þessu til sönnunar. Það segir ekkert um þetta í grg. annað en það, að það sé æskilegt, að kjarnorkunefndin starfi áfram. Það er ekkert fullyrt um það, að hún starfi áfram, og engin trygging þess vegna fyrir því, að hún starfi áfram, ef þessi breyt. verður gerð.

Ég hirði svo ekki að rekja öllu meira það, sem hæstv. menntmrh. hafði um þessi mál að segja. Það, sem hann hefur um þau sagt, breytir ekki þeirri staðreynd, að málsmeðferðin á þessu frv. er fyrir neðan allar hellur. Það er fyrir neðan allar hellur að leggja slíkt mál sem þetta fram seinustu daga þingsins og ætla þá að lauma því í gegn, án þess að þm. hafi nægilega aðstöðu til þess að athuga það. Og það er líka fyrir neðan allar hellur að ætla að reyna að lauma þessu máli í gegnum þingið án þess að bera það undir háskólann, háskólaráð, eins og lög háskólans mæla þó greinilega fyrir um. En það var vissulega viðleitnin, vegna þess að þetta mál var látið ganga í gegnum þessa hv. d., án þess að nokkuð væri eftir áliti háskólans leitað. Og það er líka fyrir neðan allar hellur að gefa jafnvillandi og að ýmsu leyti rangar upplýsingar um þessi mál og hæstv. ráðh. hefur gefið. Þess vegna verður þessi málsmeðferð ekki varin, og hæstv. ráðh. finnur það líka að sumu leyti, vegna þess að hann viðurkenndi tvívegis eða þrívegis hér áðan, að það væru gallar á málsmeðferðinni, þó að hann hafi reynt að gera sem minnst úr þeim.

Ég ætla þá að seinustu að víkja nokkrum orðum að þeirri brtt., sem hæstv. forseti þessarar d., hv. 5. þm. Reykv., hefur lagt fram. Ég viðurkenni, að á vissan hátt gengur hún til móts við þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, því að um eitt það embætti, sem um ræðir í frv., eins og það er núna, er gert ráð fyrir því, að það verði ekki endanlega til þess stofnað, fyrr en fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum. Mér finnst hins vegar dálítið einkennilegt að taka þetta eina embætti þannig út úr og setja um það þetta ákvæði, vegna þess að hér er um að ræða það eina embætti af þessum fjórum, sem háskólaráð hefur lagt sérstaka áherzlu á og hefur haft forustu um og frumkvæði að, að tekið yrði upp í þetta frv. Satt að segja finnst mér það vera hálfgerð móðgun við háskólann, að það skuli vera farið þannig með till. frá honum, að einmitt það embætti, sem hann leggur mesta áherzlu á, skuli vera sett undir þetta ákvæði, en ekki hin embættin. Mér mundi finnast eðlilegt, úr því sem komið er, og ég held, að það væri vænlegast til samkomulags um málið, að svipað ákvæði væri látið gilda um embættin öll, og þess vegna leyfi ég mér að leggja hér fram brtt. við 2. gr. á þann veg, að aftan við gr. bætist: „Hin nýju prófessorsembætti við læknadeild og verkfræðideild skulu ekki veitt, fyrr en fé hefur verið ákveðið til þeirra á fjárlögum.“ Ef þessi till. er samþ., fá báðir þeir deiluaðilar, sem hér hafa átzt við, fram nokkuð. Þá verður það lögtekið, að þessi embætti skuli stofnuð, en hins vegar kemur það þó ekki til framkvæmda, fyrr en fé hefur verið veitt til þess á fjárl., og þess vegna gefst nýtt tækifæri til þess að athuga þessi mál að nýju. Þess vegna vil ég nú vænta þess, að þessar löngu og stundum nokkuð hörðu umr. geti endað þannig, að það geti orðið endanlegt samkomulag um þær á þessum grundvelli, því að með því er tryggt, að báðir aðilar fá nokkuð fram og jafnvel það helzta, sem fyrir þeim vakir. Þeir, sem vilja slá stofnun þessara embætta föstum, fá þá sinn vilja, og hins vegar

fá þeir, sem vilja þó fá á þessu frekari athugun, það líka fram, að endanlega verði ekki frá þessu gengið, fyrr en fjárlagaheimild liggur fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 628) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér verður satt að segja með hverjum stundarfjórðungnum óskiljanlegra, hvað hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað, meina með þexi sínu um þetta mál. Þeir endurtaka sömu atriðin aftur og aftur, jafnvel þó að búið sé að sýna fram á, að það, sem þeir staðhæfa, eru staðlausir stafir.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, tvísagði meira að segja, að ég hefði hér þrívíðurkennt í d., að meðferð þessa máls í heild hafi verið mjög gölluð. Allir hv. þdm. vita, við hvað ég átti, þegar ég sagði, að ég harmaði það, að meðferð málsins væri ekki eins og ég hefði kosið að hún væri. Það var þessi síðasta umr. í þessari hv. d. um þá breyt., sem Ed. hafði gert á málinu að frumkvæði háskólans undir forustu hv. vararektors, prófessors Ólafs Jóhannessonar. Fram til þessa var meðferð málsins algerlega eðlileg, og enginn hafði undan henni kvartað. Málið hafði verið afgr. í n. beggja þd. einróma og allir þm. að einum undanteknum goldið frv. jákvæði sitt. Meðferð málsins var því algerlega eðlileg, þangað til fleygur var í það rekinn í hv. Ed. og frv. var þar breytt í verulegu atriði. Það var það, sem ég játaði og stend við enn, að meðferð þeirrar breyt. á einum kvöldfundi hér í hv. Nd. eftir stuttan fund í hv. menntmn. var það, sem að mátti finna. Og það stend ég við enn. En hinu andmæli ég algerlega, að ég hafi nokkurt orð látið um það falla né nokkur ástæða verið til þess að láta slík orð falla, að meðferð málsins hafi verið ábótavant fram til þessa tíma, enda kom engin aðfinnsla fram um það við 6 umr. í báðum d. þingsins.

Þá gerði hv. síðasti ræðumaður, hv. 7. þm. Reykv., mikið veður út af því, að enginn staður fyndist fyrir því í frv., að verkfræðideildin ætti að verða ríkisstj. til ráðuneytis um kjarnorkumál og ekki hinn nýi prófessor. Það finnst heldur enginn stafur fyrir því í háskólalögunum, að kenna skuli t. d. stjórnlagafræði við háskólann eða að það skuli kenna hagfræði eða að það skuli kenna stærðfræði eða að það skuli kenna handlæknisfræði. Það eru engin ákvæði í sjálfum háskólalögunum um það, hvaða einstakar greinar þar skuli kenna. Í háskólalögunum eru eingöngu ákvæði um tölu prófessora í hverri deild, ótiltekið, hvaða fög hver prófessor skuli kenna. Í háskólalögunum eru engin ákvæði um það, hverjar séu starfsskyldur prófessoranna, og hafa aldrei verið, frá því fyrst voru sett lög um háskólann. Hins vegar er stjórnlagafræði kennd, handlæknisfræði er kennd, hagfræði er kennd o. s. frv. eftir ákvörðun háskóladeildanna sjálfra. Það er þeirra réttur og þeirra skylda að kveða á um það, hvernig þær sinna þeim verkefnum, sem þeim eru falin í heild með því, að til skuli vera læknadeild, verkfræðideild, viðskiptadeild eða þær deildir aðrar, sem við háskólann starfa. Ef verkfræðideildin á að vera ráðgefandi um kjarnfræðimál, verður það samkomulagsatriði milli verkfræðideildarinnar og ríkisstj. Verkfræðideildin hefur lýst sig reiðubúna til að takast slík ráðunautarstörf á hendur, ef þetta prófessorsembætti verður stofnað við deildina. Slíkur samningur verður gerður við verkfræðideildina, þegar þetta frv. er komið fram. Þess vegna er það fullkomlega út í bláinn mælt hjá hv. þm., að það sé enginn grundvöllur í frv. sjálfu fyrir þessu ráðunautarstarfi. Það mætti með alveg sama hætti segja, að það væri enginn grundvöllur fyrir því í frv., að kenndar væru helztu greinar lögfræðinnar, læknisfræðinnar eða verkfræðinnar.

Þá sagði hv. þm., að starfsemi kjarnfræðinefndarinnar væri byggð á þáltill. frá 1955. Fyrir þessu er ekki minnsti fótur. Hún er ekki nefnd, kjarnfræðinefndin, í þeirri till. Henni hafði verið komið á fót áður. Hún er eldri en till., svo að það er algerlega rangt, sem þeir hafa endurtekið hvor eftir öðrum, að kjarnfræðinefndin sé einhver afleiðing af þessari þáltill. eða fjárveitingunni, sem samþ. var að minni till. 1956.

Enn fremur sagði hv. þm., að þetta frv., ef samþ. yrði, mundi lama starfsemi kjarnfræðinefndarinnar. Nefndin hefur sjálf mælt með samþykkt frv. Finnst dm. líklegt, að kjarnfræðinefndin mæli með skipan, sem mundi lama hennar eigin starfsemi?

Þá hafði hv. þm. nokkuð stór orð um það, að ég hefði haft viðleitni í þá átt að koma frv. fram án þess að bera það undir háskólann og jafnvel hefði haft tilburði til þess að lauma málinu í gegnum þingið, mér skilst eiginlega bara að þm. forspurðum. En það verð ég að segja, að það er meir en lítil lítilsvirðing á þm. þessarar d. og hv. Ed. að endurtaka það sí og æ, að þm. hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera, þegar þeir svo að segja samhljóða hafa samþ. frv. eftir meðmælum sammála n. Þetta ætti ekki að endurtaka meir í nótt.

Þá sagði hv. þm., og það skal verða hið síðasta, sem ég leiðrétti í ræðu hans, þó að af enn þá meira væri að taka, að nú væri meiningin að binda stofnun eina embættisins af 4, sem háskólaráð hafi lagt til að stofnað yrði, við það, að fé yrði veitt til þess á fjárl. Þetta leyfir hv. þm. sér að segja hér í þessari hv. d., eftir að því hefur verið marglýst, að ákvæðið um stofnun embættisins í geðlæknisfræðum og ákvæðið um stofnun embættisins í efnafræði eru í frv. samkv. bréfum háskólarektors til menntmrn., þ. e. beinum tilmælum háskólaráðs til menntmrn. Samt þarf maður að hlusta á það hér einu sinni enn, að þetta embætti, embættið í viðskiptafræði, sé eina

embættið, sem háskólaráð hafi óskað eftir, að því þó slepptu, að hv. þm. hefur haft fyrir framan sig hér í pontunni bréf frá háskólaráði, þar sem það mælir með stofnun allra fjögurra embættanna til þingsins.

Þetta er satt að segja allt þess konar málflutningur af hálfu þessara tveggja hv. framsóknarmanna, sem hér hafa talað, að ég skil ekki, hvað að baki liggur. Þetta meiningarlausa pex er þess eðlis, að það hlýtur að verulegu leyti að vera mælt gegn betri vitund þessara þm., a. m. k. eftir þær upplýsingar, sem nú eru fram komnar í málinu.

Að síðustu aðeins fáein orð um þá brtt. hv. 7. þm. Reykv. að láta það ákvæði gilda um öll embættin 4, að þau skuli ekki taka gildi, fyrr en fé til þeirra hefur verið samþ. á fjárl. Um þetta er það að segja, að þessi till. ber enn vott um, að þm. veit alls ekki, um hvað frv. er. Það eru ákvæði í fjárl. um hin 3 embættin. Það eru fjárveitingar í fjárl. til embættisins í geðlæknisfræði, það eru fjárveitingar í fjárlögum til embættisins í efnafræði, og það eru 100 þús. kr. í fjárl. til að standa undir kostnaði við prófessorinn í verkfræði. Ég mundi segja, að till. væri varla þinghæf, sem fjallaði um það að binda stofnun þessara embætta því, að fé sé veitt til þeirra í fjárl., þegar í gildandi fjárl. eru ákvæði um fé til þessara þriggja embætta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram, að öðru leyti en því, sem að mér var vikið og fsp. borin fram til mín, að mér skildist, hvort það væri rétt, að það hefði staðið á mér að einhverju leyti um flutning þessa frv.

Það liggur í augum uppi, að hér er að meginstofni til, varðandi ráðstöfun geðveikralæknisembættis og tengingu þess við háskólann, um að ræða mál, sem hlýtur að koma til athugunar bæði heilbrmrn. og menntmrn. Umsögn landlæknis um málið lá ekki fyrir, fyrr en eftir að ég fór út á Genfarráðstefnuna, og mér gafst ekki kostur á að kynna mér hana til neinnar hlítar. Þó að ég að vísu sæi hana þann dag, er ég kom heim, áður en ég fór aftur af landi brott, gafst mér ekki kostur á að kynna mér hana eða setja mig inn í málið, fyrr en eftir að ég kom heim um miðjan maí, og að sjálfsögðu var ekki hægt að taka ákvörðun um þetta mál, fyrr en búið var að athuga það af hálfu beggja rn., heilbrmrn. og menntmrn. Ég staðfesti því í einu og öllu það, sem hæstv. menntmrh. sagði um þetta.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er auðheyrt á því, sem kemur frá hæstv. menntmrh., að honum er ekki rótt út af því, sem upplýst er um meðferð hans á þessu máli. Býst ég ekki við, að það hafi farið fram hjá neinum, sem hlustað hefur á málflutning ráðherrans í nótt. Ég hef aðeins örstutta aths. og skal minnast á tvennt í örfáum setningum.

Það er til dæmis um málflutning hæstv. ráðh., að hann segir, að meðferð málsins hér í þinginu hafi verið alveg eðlileg, þangað til fleygurinn var rekinn í málið í Ed. Honum finnst það alveg óeðlilegt, að Ed. geti komið fram sínum vilja um að breyta málinu. En hann sér ekkert athugavert við það, þó að fyrir hans eftirrekstur hafi málið verið afgr. hér frá þessari d., án þess að beðið væri eftir umsögn háskólaráðs. En það liggur ljóst fyrir, að það var afgr. hér frá d., áður en sú umsögn var komin. Það finnst ráðh. ekkert athugavert.

Og svo þetta: Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvers vegna það hefði dregizt svo furðulega, að þetta mál hefði verið lagt fyrir þingið. Hann segir, að til þess liggi alveg eðlilegar ástæður, menn verði að skilja það. Landlæknirinn hafi þurft margar vikur til þess að skoða málið, og er hann þó þessum efnum þaulkunnugur og hefur alla aðstöðu til að komast fljótlega að niðurstöðu um þau. Ráðh. hafi þurft margar vikur, jafnvel mánuði. Þá hafi ekki verið hægt að taka ákvörðun, á meðan hæstv. heilbrmrh. var fjarverandi, enda þótt allir viti, að öðrum hæstv. ráðh. var falið að fara með heilbrigðismál á meðan og hann gat auðvitað alveg eins tekið afstöðu til þessa máls eins og sá ráðh., sem burt fór. M. ö. o.: allir þeir, sem komu nálægt málinu, þurftu margar vikur eða mánuði hver til þess að átta sig á því. En handa Alþingi var alveg nógu gott að ætla 5 eða 6 daga fyrir 6 umr. Það var nógur tími fyrir þm. til að setja sig inn í málið.

Ætli nokkuð sýni betur ávirðingar hæstv. ráðh. í málinu en einmitt þetta, að allir aðrir þurftu að sjálfsögðu vikur og mánuði, en það var nóg fyrir Alþ. að hafa örfáa daga?

ATKVGR.
Brtt. 627 (ný 1. gr., sbr. brtt. 626,1) samþ. með 27:1 atkv.
— 628 felld með 21:8 atkv.
— 626,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26:4 atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., 3. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 629).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós, að ég get alveg fallizt á þá breyt., sem gerð hefur verið á frv. í Nd., sem sé að nýtt prófessorsembætti verði ekki stofnað í viðskiptafræðum, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum. Ég tel á engan hátt óeðlileg vinnubrögð að binda stofnun embætta því skilyrði. Ég vildi mega vænta þess, að hv. Alþingi fylgi þeirri venju framvegis.

Ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj., sem var búin að samþykkja það að stofna til þessa

embættis, eftir því sem hæstv. menntmrh. lýsti yfir í dag, muni beita sér fyrir fjárveitingu á næstu fjárlögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós sérstaka ánægju mína yfir afstöðu hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) til málsins, og vona ég að megi skoða hana einnig sem afstöðu háskólaráðs til þeirrar breyt., sem gerð var á frv. í hv. Nd. Vil ég með hliðsjón af þessu mega vænta þess, að frv. nái fram að ganga hér í þessari hv. d. með sem mestu fylgi. Með hliðsjón af þeim yfirlýsingum, sem ég áður hafði gefið um nauðsyn þessa embættis, vil ég aðeins endurtaka, að ég mun vinna að því, að fjárveiting til þess fáist á fjárlög sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 637).

36. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1960 (frv. fjhn. Ed.).

Á 31. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960 [71. mál] (þmfrv., A. 135).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. fjmrh. Svo sem hv. dm. er kunnugt, var ríkisstj. veitt heimild, áður en þingi lauk fyrir áramótin, til þess að greiða allar venjulegar greiðslur úr ríkissjóði til febrúarmánaðarloka 1960, þar eð augljóst var, að fjárlög yrðu ekki afgreidd fyrir áramót. Vegna þeirra miklu breytinga, sem fyrirsjáanlegar eru á fjármálum ríkisins á þessu ári vegna efnahagsráðstafana þeirra, sem samþykktar hafa verið frá Alþ. og þá voru fyrirhugaðar, var ljóst, að nauðsynlegt yrði að undirbúa nýtt fjárlagafrv., og kom því aldrei til þess fyrir áramótin, að það fjárlagafrv., sem lagt var fram í byrjun þings, væri tekið til meðferðar af fjvn. Hið endurskoðaða fjárlagafrv. var lagt fram þegar í þingbyrjun eftir áramótin, en því var ekki vísað til fjvn. fyrr en 8. febr. N. hafði þó nokkru áður tekið til starfa og hafið athugun frv., og síðan hefur í fjvn. verið samfellt unnið að því að athuga frv. og undirbúa það til 2. umr. Vegna þeirra miklu umr., sem verið hafa á Alþ., og vinnu í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina var að sjálfsögðu ekki auðið að haga nefndarfundum í fjvn. með þeim fyllsta hraða, sem hugsanlegur hefði verið. En hins er þó að gæta í þessu sambandi, að það hefur ætíð verið svo, að meðferð fjárl. í fjvn. hefur tekið alllangan tíma. Frv. hefur oftast verið vísað til n. í þingbyrjun, þegar þing hefur komið saman um 10. okt., og ekki verið afgreitt úr n. fyrr en rétt fyrir jól, þegar fjárlög hafa verið afgreidd fyrir áramót.

Það mun engan hv. þm. vafalaust undra á því, þó að ekki hafi verið auðið að ljúka afgreiðslu fjárlaga nú, áður en þessi bráðabirgðaheimild rann út, þar sem fjvn. hefur ekki haft nema mjög skamman tíma til þess að athuga frv., og augljóst er, að vissar athuganir eru óhjákvæmilegar og því takmörk fyrir því, hvað hægt er að hraða aðgerðum í málinu. Fjhn. þótti því sjálfsagt og óumflýjanlegt að veita hina umbeðnu heimild, að bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði megi framkvæma til marzloka. Með þessu er ekki sagt, að fjárlög verði ekki afgreidd fyrir þann tíma. Það mun verða hafður á því sá mesti hraði, sem auðið er, en það þótti þó skynsamlegra að miða heimildina við marzlok, til þess að ekki þyrfti aftur, ef eitthvað bæri út af, að fara að endurnýja þessa heimild.

Mér þótti rétt í sambandi við málið að gefa þessar upplýsingar varðandi undirbúning málsins í fjvn. Ég þori ekki um það að fullyrða, hvenær n. hafi lokið störfum, þannig að hún geti lagt álit sitt fram til 2. umr. frv. En þess mun nú ekki langt að bíða úr þessu, þannig að mér sýnist augljóst, að þessi heimild, sem hér er farið fram á, ætti fullkomlega að nægja, og raunar mætti þess vera að vænta, að fjárlög gætu orðið tilbúin nokkru fyrir marzlok.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., og sé ekki ástæðu til, að það verði frekar tekið til meðferðar í nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar Alþ. kom saman 20. nóv., var sýnt, að ekki mundi unnt að afgreiða fjárlög fyrir áramót og ekki fyrr en efnahagsráðstafanir væru tilbúnar og hefðu verið afgreiddar af Alþingi. Það var einnig ljóst, að þó að fjárlagafrv. fyrir árið 1960 lægi þá fyrir fullbúið, þá yrði vegna hinna nýju efnahagsaðgerða að semja nýtt frv. Það var því flutt frv., sem var afgreitt, um að heimila ríkisstj., eins og venja er, þegar svo stendur á, bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960 til febrúarloka þessa árs. Hið nýja fjárlagafrv. var svo lagt fram, þegar eftir að þingið kom saman að nýju eftir þingfrestunina, og hefur hv. fjvn. haft það til meðferðar síðan. Hún hefur unnið mjög vel að frv., en því er ekki lokið enn, og má gera ráð fyrir, að það taki alltaf a. m. k. um vikutíma fyrir n. — eða kannske aðeins meira — að skila frv. frá sér til 2. umr. Það verður því að framlengja þessa heimild um bráðabirgðafjárgreiðslur. Var frv. þetta flutt af fjhn. Ed. eftir minni beiðni, og er í því fólgið, að slíkar bráðabirgðafjárgreiðslur verði heimilaðar til marzloka 1960. Þar sem hin fyrri heimild nær aðeins til febrúarloka, vil ég mælast til þess við hv. þd. og hæstv. forseta, að greitt sé fyrir því, að þetta frv. nái fullnaðarafgreiðslu hér í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 140).

---

37. Sala lands í Vestmannaeyjum í eigu ríkisins.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum [73. mál] (þmfrv., A. 137).

Á 42. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt á þskj. 137, um heimild handa ríkisstj. að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, er hér flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er aðstaða þannig í þessum kaupstað, að byggingarlóðir eru þar ekki lengur fyrir hendi nema þær, sem teknar eru úr ábúð jarða eða landi, sem leigt hefur verið til ræktunar, hinum svokölluðu ræktunarlöndum. Í þeim samningum, sem um þessi lönd gilda og gefnir hafa verið út af ráðuneytinu, er það ákvæði, að ekki megi afsala hluta af þeim, heldur verði að afsala landinu öllu, ef menn vilja ekki nýta það lengur. Þetta hefur þó gengið þannig fyrir sig að undanförnu, að fram hjá þessu hefur verið séð bæði af umboðsmanni jarða í Eyjum og eins af rn., sem staðfest hefur alla lóðasamninga, sem gefnir hafa verið út um byggingarlóðir. Hins vegar er það fyrir hendi, að þeir, sem ábúðarrétt hafa á jörðum og leigusamning fyrir ræktunarlöndum, geta neitað að láta af hendi nokkurn hluta af landi sínu, og ef það færi að verða mjög ofan á, þá mundi koma til þess, að ekki væri hægt af byggingarnefnd og bæjarstjórn að úthluta neinum lóðum til bygginga. Þegar af þessari ástæðu er nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn og bæjarstjórn að fá óskoraðan eignarrétt á því landi, sem þarna er og fyrirsjáanlegt er að verður nú í náinni framtíð að taka til skipulagningar fyrir þær byggingar, sem í framtíðinni kunna að rísa í Vestmannaeyjum.

Þetta er sú hlið, sem að því snýr, að það er knýjandi nauðsyn fyrir bæjarstjórnina að fá alveg óskoraða eignarheimild og ráðstöfunarrétt á landi í sambandi við skipulagningu bæjarsvæðisins og úthlutun byggingarlóða. Hitt er svo önnur hlið, að það er að sjálfsögðu í Vestmannaeyjum eins og annars staðar, að við það að gera landið byggingarhæft verður bæjarsjóður árlega í mjög ríkum mæli að leggja út verulegt fjármagn, bæði í sambandi við gatnagerð, holræsi o. fl. En það, að lóðir eru teknar úr ábúð jarða eða af ræktunarlöndum, hefur það í för með sér, að lóðaleiga þeirra, sem byggingarlóðir fá, hækkar mjög.

Leiga fyrir jarðirnar og ræktunarlöndin er mjög lág, en um leið og búið er að úthluta þessum löndum eða hluta þeirra í byggingarlóðir, hefur verið fylgt þar um allt öðrum reglum og lóðarleigan til ríkissjóðs hefur mjög hækkað fyrir hinar beinu aðgerðir bæjarstjórnar að gera þessar lóðir byggingarhæfar.

Það verður að teljast sjálfsagt og eðlilegt, að þeir aðilar, sem fjármagnið láta af hendi, til þess að leigan geti hækkað, njóti þar einhvers góðs af, og kæmi það að sjálfsögðu til, ef bæjarsjóður festi kaup á landinu og nyti arðs af því.

Það skal viðurkennt, að hv. Alþingi hefur að undanförnu nokkuð mætt þessu með því að heimila, að varið væri allt að hálfri lóðaleigu úr Vestmannaeyjum til varnar landbroti þar. Enn fremur hefur undanfarin tvö ár verið á fjárlögum nokkur upphæð til varnar landbroti á hinu svokallaða Eiði, sem er varnarveggur Vestmannaeyjahafnar norðan til, og hefur það fé verið notað til þess að fyrirbyggja tjón, sem af völdum þess gæti orðið, að þessi varnarveggur hafnarinnar raskaðist. Af þessum ástæðum má kannske segja, að það sé ekki fjárhagslega séð kappsmál fyrir Vestmannaeyjakaupstað að eignast landið, og þá að sjálfsögðu ekki heldur tjón fyrir ríkið að selja það. En það er álit flutningsmanna, og það er álit bæjarstjórnar, að það sé eðlilegra og nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn að hafa óskoraðan rétt á kaupstaðarlandinu og þá að sjálfsögðu að fá óskoraðan eignarrétt á því og bera þann kostnað, sem leiðir af viðhaldi þess og endurbótum.

Flm. ætlast ekki til, að þeim samningum, sem nú eru í gildi um leigu lands í Vestmannaeyjum, verði raskað, en allir samningar, þó með fáum undantekningum, eru gefnir út til vissra ára, og rennur alltaf út einhver hluti þeirra árlega, og ábúðarsamningar um jarðir eru til lífstíðar.

Það er gert ráð fyrir og fram tekið í grg. frv., að þessu ákvæði skuli þannig hagað, að þessum samningum verði ekki raskað, heldur verði, um leið og þeir renna út, ef til kemur, að af þessum kaupum verður, gefnir út nýir samningar af bæjarstjórn með þeim takmörkunum og með þeim ákvæðum, sem hún telur nauðsynlegt að í slíkum samningum sé í sambandi við skipulag og notkun lands í Eyjum.

Það hagar svo til í Vestmannaeyjum, að það má segja, að þar þurfi kannske meira land undir byggingar en í öðrum kaupstöðum, þar sem þar hafa verið á undanförnum árum mest byggð einbýlishús. Á þessu er skýring, og vil ég láta hana koma hér fram fyrir þá, sem ekki eru þar staðkunnugir. Þetta orsakast vegna þess, að Vestmannaeyjakaupstaður er víst eini kaupstaðurinn á landinu, sem þannig er settur, að þar er ekki um annað neyzluvatn að ræða en regnvatn. Þetta leiðir það af sér, að um byggingu fjölbýlishúsa er ekki að ræða, og bygging húsa, þar sem í eru fleiri en ein fjölskylda, er þeim erfiðleikum bundin, að hætta er á, að vatnsspursmálið verði þar til trafala, ef margar fjölskyldur eru um sama húsþak með möguleika til öflunar neyzluvatns. Þetta er sérspursmál fyrir Vestmanneyinga, sem hefur verið leyst að nokkru með því að þenja bæinn óeðlilega mikið út, með byggingu einbýlishúsa.

Þetta hefur verkað þannig, að það land, sem menn fram að þessu hafa gert sér í hugarlund að yrði kaupstaðarlandið, er þegar að verða fullbyggt, og verður að fara að taka ný og stór landssvæði vestan til á eyjunni til skipulagningar undir íbúðarhús. Þau lönd, sem þar eru, eru öll hin svokölluðu ræktunarlönd og þeim annmörkum háð, sem ég hef hér getið um.

Ég held af því, sem fram kemur í frv. og grg. og því, sem ég hér hef sagt, að þá sé það nokkuð augljóst og eðlilegt, að Vestmannaeyjakaupstaður, eins og aðrir kaupstaðir landsins flestir, eignist það land, sem talið er kaupstaðarlandið, og að bæjarstjórn fái á því óskoraðan og fullan eignar- og ráðstöfunarrétt.

Í frv. er að sjálfsögðu það ákvæði, sem einnig er í lögunum um heimild handa ríkisstj. um sölu á Kópavogslandinu, að þurfi ríkissjóður eða ríkið sjálft á landi að halda til sinna þarfa, verði það af hendi látið með sömu skilyrðum og það kann að verða selt Vestmannaeyjakaupstað.

Eignarheimild á landi í Vestmannaeyjum hefur frá fyrstu tíð verið allsöguleg, samkvæmt þeim heimildum, sem fyrir hendi eru. Þær hafa komizt í eigu Skálholtsstóls, verið þar um langan aldur, afhentar af Skálholtsbiskup, að talið er, upp í skuld til konungs og voru í konungseign í aldaraðir, en munu hafa komizt í eigu ríkisins um 1870, um leið og landssjóði voru afhentar aðrar konungsjarðir.

Ég vil leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 230).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta frv. fer fram á, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem ríkið er eigandi að. Í frv. sjálfu er talað um land allt á Heimaey, og hefur n. sú, sem leit yfir frv. og bar það saman við önnur lög hliðstæðs efnis, tekið til athugunar, hvort ekki væri vert að orða hér nokkuð öðruvísi frv., og hefur gert ráð fyrir því og lagt til, að við það verði samþ. brtt., að þar sem frv. talar um Heimaey, þar komi í staðinn: í Vestmannaeyjum. — En svo hagar til, að þetta er ekki nein efnisbreyting. Frv. er byggt á þeirri hugsun, að

Heimaey, sem er eina byggða eyjan af Vestmannaeyjum, hefur innan sinna vébanda allmargar jarðir, en þær jarðir eiga ítök í úteyjum. En svo sem mönnum sjálfsagt er kunnugt, eru Vestmannaeyjar taldar 14 alls fyrir utan dranga og sker, og er ekki vissa fyrir því, að öllum eignum í úteyjum eða ítökum sé skipt upp á milli jarða, eða a. m. k. var það svo að fornu, að þar var nokkur almenningur svokallaður, sem var ekki takmarkaður undir eignarheimildir einstakra jarða. Þess vegna þykir fortakslausara og betur í samræmi við efni frv. að segja: land allt í Vestmannaeyjum en Heimaey í Vestmannaeyjum, og hefur n. gert brtt. um þetta.

Þá hefur n. einnig gert örlitla brtt. við það, hvernig skipa beri matsnefnd eða matsdóm, sem meta á landið, ef ekki næst samkomulag milli seljanda og kaupanda, og fært það atriði til samræmis við þau lög, sem áður hafa verið sett hér á Alþ. um hliðstæðar sölur ríkisins á landi. Við samanburð á því hefur landbn., sem fjallaði um málið, borið frv. saman við lögin um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Kópavogskaupstað það land, sem sá kaupstaður stendur á, og haft það til hliðsjónar. Þetta frv., eins og n. leggur til að það verði samþykkt, er algerlega samhljóða því frv. að breyttu breytanda.

Um málið í heild er það helzt að segja, að það hlýtur að teljast eðlilegt, meðan málum er svo háttað sem hjá okkur er, að ríkið sækist ekki sérstaklega eftir því að verða eigandi að öllu landi, og er þá eðlilegt, að Vestmannaeyjakaupstað sé gefinn kostur á því að kaupa þessa landeign ríkisins, sem hér um ræðir. Á hinn bóginn teldi ég — og veit þó ekki, hvort ég mæli þar fyrir munn n., en það er mín skoðun, — að í slíkum lagasetningum öllum ættu að vera viss ákvæði um það, að kaupendur, slíkir sem hér um ræðir, t. d. Kópavogskaupstaður og Vestmannaeyjakaupstaður, skyldu ekki hafa rétt til þess að endurselja landið einstaklingum. Þetta hefur ekki tíðkazt í frumvörpum, sem samþykkt hafa verið hér á Alþ. um þetta að undanförnu, og hef ég ekki séð ástæðu til þess að taka upp sérstaka tillögu í þá átt um þetta frv., heldur tel rétt, að það verði afgreitt á sama hátt og aðrar lagaheimildir um sams konar efni.

Landbn. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim einu breytingum, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir afstöðuna til málsins og meðmæli hennar með frv. Ég vil taka það fram, að ég get mjög vel fellt mig við þær brtt., sem fram koma frá n. á þskj. 230, og tel þær frekar til bóta en hitt.

ATKVGR.
Brtt. 230,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 230,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Á 59. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 264, n. 305).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um heimild handa ríkisstj. til að selja Vestmannaeyjakaupstað land það, sem ríkið á í Vestmannaeyjum, eða land það, sem nú er í eigu ríkisins þar, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum. Nú er svo háttað, sem kunnugt er, að ríkið á allt land í Vestmannaeyjum, Heimaey og úteyjar, og hefur svo verið um nokkuð langa hríð, en nú hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja óskað eftir því, að ríkisstj. yrði heimilað að selja kaupstaðnum landið, og þess vegna er þetta frv., sem hér liggur fyrir, nú flutt.

Það dylst engum, að eðlilegt er og að flestu leyti nauðsynlegt fyrir kaupstaði og kauptún að eiga það land, sem þeir þurfa til afnota fyrir íbúa sína, bæði hvað byggingarlóðir snertir og athafnasvæði. Þetta á ekki sízt við um Vestmannaeyjar, sem nú eru orðnar stór kaupstaður og einn með stærstu, ef ekki stærsti bátaútgerðarstaður landsins og framkvæmdir þess vegna þar mjög miklar á öllum sviðum. Þetta á því ekki sízt við þar.

Án þess að fjölyrða um þetta má benda á ýmis atriði, sem fram eru tekin í grg. fyrir frv. um sönnun á þessu. Hvað hluta ríkissjóðs snertir, þá má segja, að hann missi ekki mikils í, þó að þessi sala færi fram, þar sem lóðar-

gjöld eru mjög lág, og þar að auki hefur ríkið varið helmingi lóðargjaldsins til að verjast landbroti á Eiðinu í Vestmannaeyjum undanfarin ár.

Það má geta þess, að í frv. eru ákvæði um það, að ef af sölu yrði og ríkið eða ríkisstofnanir þörfnuðust byggingarlóða úr landi undir opinberar byggingar, væri ríkinu heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið. Á þetta einnig að sjálfsögðu við um væntanlegt land, sem þarf að úthluta vegna stækkunar flugvallarins, þó að það sé ekki beint tekið fram í frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. Frv. hefur verið til meðferðar í landbn. þessarar hv. d., og hefur n. athugað það og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Ed., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 359).

---

38. Útsvör (frv. EI o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör [26. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 20. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 8. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. þm. geta séð á þessu frv., sem fyrir liggur á þskj. 33, er með því ætlazt til, að það sé rýmkað nokkuð um með útsvarsálagningu á atvinnurekstur við síldveiðar á þeim stöðum, þar sem atvinnurekendur stunda þá veiði. Það hefur komið í ljós á ýmsum þessum stöðum, svo sem á Siglufirði, Skagaströnd, Raufarhöfn og fleiri stöðum, að það þykir vera allt of þröngt um heimildir til þess að leggja útsvar á aðkomumenn, sem þarna stunda atvinnurekstur á tímabili. Þess vegna er þetta frv. flutt. Ég vænti þess, og það gera vafalaust allir hv. flm. og aðrir, sem eiga þar hlut að máli, að hv. Alþ. fallist á að greiða þarna úr. Að þessari umr. lokinni legg ég til, að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 12:10 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30 marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 204).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar og fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir, þ. e. frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, og eru nm. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og í grg. með frv. segir, felur það í sér þá breytingu á gildandi útsvarslögum, að sveitarfélögum skuli heimilt að leggja útsvar á síldarsöltun og síldarverzlun, þar sem hún er rekin, án tillits til þess, hvort sá, sem það gerir, er þar heimilisfastur eða atvinnurekstur-inn er skráður þar eða ekki. Í gildandi útsvarslögum felst að vísu heimild til að skipta útsvörum á milli sveitarfélaga, er sérstaklega stendur á, og einnig heimild til að leggja útsvar á atvinnurekstur utan heimilissveitar hans eða annars staðar en atvinnureksturinn er skráður. En þau ákvæði laganna eru harla óljós og loðin og hafa komið að engu haldi, þegar leitað hefur verið úrlausnar dómstólanna þar um. Er það til að taka af allan vafa í þessum efnum, sem frv. þetta er flutt. Finnst víst flestum, sem um þetta mál hugsa, það vera bæði eðlilegra og sanngjarnara, að þessi atvinnurekstrargrein, þ. e. síldarsöltun og síldarverzlun, sé útsvarsskyld þar, sem hún er rekin, en þar sem eigandi hennar er búsettur, ef heimilissveit hans og atvinnurekstrarstaður er ekki einn og hinn sami.

Eins og ég áður gat um, leggja nm. í allshn. einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 293).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. þetta til meðferðar og skilað nál. á þskj. 293. Er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Er þar alveg um sömu afstöðu að ræða og allshn. Nd. tók til frv., þegar það var til meðferðar í þeirri deild.

Í þessu frv. felst sú breyting á gildandi útsvarslögum, að bæjar- og sveitarfélögum verði heimilað að leggja útsvar á alla síldarverkun og verzlun með síldarafurðir, sem á sér stað innan viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Þetta hefur ekki verið heimilt fram til þessa, nema síldarverkun eða verzlun hafi verið talin heimilisföst atvinnustofnun á þeim stað, þar sem hún hefur farið fram. Nú er það svo í mörgum tilfellum, að þeir, sem t. d. salta síld, hvort sem það eru einstaklingar eða félög, telja heimilisfang sitt ekki á þeim stað, þar sem söltunin fer fram. Hafa dómstólar í slíkum tilfellum talið, að síldarsaltandi væri ekki heimilisfastur á söltunarstaðnum og honum sé því ekki skylt að greiða útsvar á þeim stað. Þetta byggja dómstólarnir á því, að síldarverkunin standi yfir svo skamman hluta úr árinu og yfirstjórn starfseminnar sé að jafnaði þar, sem síldarverkandinn telur sitt heimilisfang. Hafa mjög oft orðið málaferli út af útsvarsskyldu í slíkum tilfellum. Síðasta dæmi þess er hæstaréttardómur, sem kveðinn var upp fyrir um það bil mánuði, þar sem einstaklingur, sem saltaði síld á Húsavík, en var búsettur annars staðar, var sýknaður af kröfu Húsavíkurkaupstaðar um útsvarsskyldu vegna söltunarinnar.

Með þeim skilningi, sem dómstólar hafa lagt í ákvæði útsvarslaganna að þessu leyti, eru þau alls ófullnægjandi fyrir þá staði, sem byggja tilveru sína atvinnulega séð að miklu leyti á síldarsöltun og síldarvinnslu, þar sem mikill hluti þessa atvinnurekstrar ber enga útsvarsskyldu gagnvart viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi. Úr þessu er frv. ætlað að bæta.

Það eru einkum kaupstaðir og kauptún á Norður- og Austurlandi, sem gætu orðið hart úti í þessum efnum að óbreyttum lögum. Má þar til nefna Siglufjörð, Dalvík, Húsavík og Raufarhöfn auk ýmissa kauptúna á Austurlandi.

Það getur ekki talizt réttlátt, að aðkomumenn og aðkomufyrirtæki geti gerzt þátttakendur í aðalatvinnurekstri síldarbæja án útsvarsskyldu til bæjarins og án þess að þurfa að greiða þar nokkuð til bæjarfélagsins fyrir þá aðstöðu, sem veitt er. Samkvæmt núgildandi útsvarslögum er að vísu heimilt að skipta útsvörum, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Þær reglur eru þó ærið flóknar og erfiðar í framkvæmd. Í sumum tilfellum gæti þessi heimild bætt lítils háttar úr fyrir atvinnustaðnum, þar sem síldarvinnsla fer fram. Þessi heimild er þó miklu minna virði en rétturinn til að leggja útsvör á beint, m. a. fyrir þá sök, að mismunandi álagningarreglur geta gilt á heimilisstaðnum og atvinnustaðnum. Hugsum okkur t. d., að hlutafélag, skrásett einhvers staðar uppi í sveit, ræki síldarsöltun á Siglufirði. Réttur Siglufjarðarbæjar til að fá hluta af útsvarinu frá heimilissveitinni væri þá mjög lítils virði, en að óbreyttum lögum yrði Siglufjarðarbær að una við þetta og það eins, þótt allar tekjur hlutafélagsins væru fengnar vegna síldarsöltunarinnar.

Að lokum má benda á, að í frv. er kveðið svo á, að ekki skuli leggja útsvar á aðila í heimilissveit hans af þeim atvinnurekstri við síldarverzlun og síldarvinnslu, sem útsvarsskyldur er annars staðar. Er hér um eðlilegt og sjálfsagt ákvæði að ræða til þess að koma í veg fyrir tvísköttun.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er ofur skiljanlegt, að það komi tilmæli eða kröfur frá slíkum bæjarfélögum eins og Siglufirði, þar sem síldariðnaðurinn og síldaratvinnan er jafnmikill þáttur í athafnalífi bæjarfélagsins og þar er, og þetta mál hefur komið oftar en í þetta skipti inn á Alþ. og hefur þá ekki náð samþykki. Ég held, að enda þótt það verði að viðurkenna, að það sé réttlætismál að nokkru leyti í þessu sambandi, sem felst í þessu frv., þá séu samt sem áður annmarkar á því, að efni frv. verði framkvæmt. Vil ég sérstaklega benda á í þessu sambandi, að sagt er, að það skuli dregið frá útsvari í heimasveitinni, sem lagt sé á slíkan rekstur annars staðar. Ég held, að það væri aðeins hægt að ná þessu með einu móti, og það væri það, að veltuútsvarið næði til þess hluta af umsetningu fyrirtækjanna, er færi fram á viðkomandi stað, því að það er ýmislegt í sambandi við sjávarreksturinn, sem verður ekki aðgreint hjá fyrirtæki, sem rekur ýmsar greinar sjávarútvegsins, t. d. þorskveiðar, söltun og annað og svo síldarútgerð að sumrinu. Það er yfirstjórn fyrirtækisins og ýmis kostnaður, sem örðugt yrði að greina í sundur. Þess vegna finnst mér, að það verði mjög miklum erfiðleikum háð hverju sinni að meta það, hvað séu raunverulega tekjur af síldarsöltuninni, vegna þess að það fer ekki hjá því, að svo og svo mikið af heildarkostnaðinum verður sameiginlegt í báðum tilfellunum.

Ég held þess vegna, að það væri nauðsynlegt, að þetta yrði athugað nánar fyrir 3. umr. frv. hér í d., hvort ekki væri rétt að skilgreina þetta þannig og koma þá á móti þessum stöðum, sem veita þessa þjónustu, svo sem Siglu-

firði og fleiri síldarútgerðarbæjum, að þeir fengju sinn hluta sérstaklega í veltuútsvari, en tekjuútsvarið væri undanskilið, með því að ég tel, að það verði mjög miklum erfiðleikum háð að kveða þar rétt á um, hvað mikill hluti sé tekjur fyrirtækjanna í sambandi við síldarsöltunina.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem fram kom hér hjá hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), segja nokkur orð.

Það mun vera rétt, að þetta mál eða önnur því skyld hafi áður komið fram á Alþ. En þó hefur mér verið tjáð, að það hafi ekki verið í því formi, sem málið er núna, áður fyrr hafi verið gerðar kröfur um meiri breytingar á útsvarslögunum en farið er fram á í þessu frv.

Ég held, að það sé ekki mikil hætta á því, eins og hv. þm. var að tala um, að það sé erfitt að gera upp á milli, hverjar séu tekjur atvinnurekandans af síldarsöltun á atvinnustað og svo tekjur hans af öðrum atvinnurekstri annars staðar eða í heimasveit, því að í fjöldamörgum tilfellum er það svo, að síldarsaltendur eða fyrirtæki, sem reka síldarsöltun, reka alls ekki aðra atvinnu, en eingöngu síldarsöltun. Þó munu auðvitað vera dæmi um hið gagnstæða.

Hv. þm. var að tala um, að það væri eðlilegt að leysa þetta með því, að atvinnusveitinni væri eingöngu heimilað að leggja á veltuútsvar. Nú mun það vera svo í reynd, að þar, sem hefur verið lagt á slík fyrirtæki, hefur yfirleitt eingöngu verið lagt á veltuútsvar, enda má segja, að það sé að mörgu leyti eðlilegast. Þannig eru ekki neinar líkur til þess, að það yrði breyting á því, þó að þetta frv. yrði samþ., því að það hefur í reyndinni verið svo, að á þessi fyrirtæki, sem þó flest hafa sloppið við útsvarsskyldu, hefur ekki verið lagt annað en veltuútsvar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 373).

---

39. Ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár til vinnuheimila.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 frá 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila [72. mál] (þmfrv., A. 136).

Á 42. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 8. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á þskj. 136 hef ég ásamt hv. 5. þm. Vestf. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Eins og fram er tekið í grg. fyrir frv., var svo ákveðið með nefndum lögum, að erfðafjárskattur samkv. l. nr. 30 frá 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaga frá 1949 skyldi frá 1. jan. árið 1953 renna í sérstakan sjóð, erfðafjársjóð. Fé því, sem þannig safnaðist saman, skyldi svo varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Í l. er heimilað að veita sveitarfélögum og öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr 2/3 hlutum stofnkostnaðar vinnuheimilis, vinnustofu eða vinnutækja.

Þá er ákveðið í l., að félmrh. taki ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, sem varðveitir sjóðinn og annast allt reikningshald fyrir hann. Einnig er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem lán fá eða styrki úr sjóðnum.

Ég hef fengið nokkrar upplýsingar um tekjur erfðafjársjóðs, síðan hann tók til starfa, og lánveitingar og styrkveitingar úr sjóðnum. Upplýsingar þessar ná þó ekki lengra en til ársloka 1958. Á árinu 1957 námu tekjur sjóðsins 854427 kr. og á árinu 1958 1423853 kr. Vaxtatekjur sjóðsins þessi tvö ár námu samtals 333261 kr. Í árslok 1958 voru eignir hans 5983914 kr., en þar af voru í útlánum 803 þús. kr., þannig að reiðufé sjóðsins hefur þá verið um 5 millj. 180 þús. kr. Þá hafa verið veittir styrkir úr sjóðnum að fjárhæð samtals 303 þús. kr. Á s. l. ári mun hafa verið lofað lánum úr sjóðnum fyrir upp undir 2 millj. kr., en um tekjur hans það árið hef ég ekki fengið upplýsingar, en þær hafa vart verið minni en árið á undan.

Allir munu vera á einu máli um það, að erfðafjársjóður hafi komið að miklum notum, þar sem hann hefur hjálpað þeim þegnum þjóðfélagsins, öryrkjunum, sem einna versta hafa aðstöðuna til sjálfsbjargar. Þessir aðilar hafa nú stofnað með sér félagssamtök víða um land, eins og t. d. hér í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði, til þess að koma sér upp félags- og vinnuheimilum. Hefur þeim orðið vel ágengt í þeim efnum og þá ekki síst vegna stuðnings erfðafjársjóðs. Er mikið undir því komið, að sú starfsemi geti haldið áfram og aukizt, eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Það hefur verið eitt af mestu vandamálum margra sveitar- og bæjarfélaga og þá einkum nú síðari árin að tryggja öldruðu fólki, sem býr við erfiðar aðstæður, hæfan dvalarstað til frambúðar. Sums staðar hefur verið ráðizt í það að koma upp elliheimilum, en mjög víða er það eftir og jafnvel þar, sem þörfin er mjög aðkallandi. Fjárskortur hefur tafið eðlilega þróun í þessum efnum. Er það engin furða, þegar á það er litið, að sveitarfélögin hafa orðið að taka á sig þungar byrðar vegna bygginga skólahúsa og sjúkrahúsa auk mikilla framlaga til þess að tryggja og auka atvinnureksturinn. Það hefði þurft að vera til einhver stofnun, sem lánaði ríflega til elliheimilabygginga, og í því sambandi verður að hafa í huga, að þörfin fyrir slíkar stofnanir mun vaxa með ári hverju, vegna þess að meðalaldurinn fer stöðugt hækkandi. Hvernig annast á gamla fólkið, sem getur ekki séð um sig sjálft, verður því eitt af vandamálum framtíðarinnar.

Með frv. þessu er lagt til, að heimilað verði að lána úr erfðafjársjóði til elliheimilabygginga, eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Með því er átt við, að ekki verði gengið á hlut öryrkjanna, en stofnanir þeirra látnar sitja fyrir lánum, meðan fjárhagsgeta hans er takmörkuð. Það er ástæða til að ætla, að sjóðurinn vaxi svo á komandi árum, að hann geti sinnt þessum tveimur verkefnum og þannig orðið að ómetanlegu liði fyrir samtök öryrkjanna og fyrir þau sveitarfélög, félagssamtök og einstaklinga, sem ráðast vilja í það að koma upp almennum elliheimilum.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að með frv. þessu er síður en svo ætlunin að skerða á nokkurn hátt aðstoð þá, sem l. um erfðafjársjóði er ætlað að veita öryrkjunum. Fyrir okkur flm. vakir það eitt, að heimild fáist til þess að lána úr sjóðnum til elliheimilabygginga, þegar þannig stendur á, að hægt er að gera það án þess að skerða aðstoðina við vinnuheimilin. Með hliðsjón af þessu leggjum við því ekki til, að styrkur sé veittur úr sjóðnum til venjulegra elliheimila, enda þótt þörf hefði verið á því, sem allir vita, er eitthvað eru kunnugir fjárhag sveitarfélaganna.

Ég leyfi mér svo að fara fram á það við hæstv. forseta, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á Alþingi í fyrravetur flutti ég ásamt nokkrum öðrum þingmönnum till. til þál. um vinnuheimili og vistheimili fyrir aldrað fólk og það fólk, sem hafi skerta starfsorku. Var gert ráð fyrir í þeirri till., að skipuð yrði milliþn. til að semja frv. að löggjöf um þetta efni, bæði að leita eftir möguleikum til þess, að þetta fólk gæti fundið starf við sitt hæfi, svo að starfsorka þess yrði nýtt, og enn fremur að fjármálum við uppbyggingu þessara stofnana yrði komið fyrir í löggjöf. Mér er kunnugt um það, að starfandi er milliþn. í þessu máli, til þess að vinna að lausn þess, eins og farið var fram á í till. og hugsað var með henni.

Þetta mál, sem hér er til umr., grípur nokkuð inn á það svið, sem till. fjallaði um. Ég vildi því mega vænta þess, að milliþn., sem hefur þetta mál til meðferðar, megi hraða störfum sínum og að heildarlöggjöf verði sett um þetta efni. Hins vegar má vel vera, að meðan slík heildarlöggjöf er ekki fram komin eða samþykkt orðin, þá sé nauðsynlegt að gera þá breytingu, sem hér liggur fyrir. Ég vildi aðeins minna á það, að þetta verk er verið að vinna, og vænti þess, að það verði unnið svo sem til var ætlazt, enda er nauðsynlegt, eins og flm. benti hér á, hv. 2. þm. Norðurl. e., að þessum málum verði komið á þann grundvöll, að sveitarfélög og þær stofnanir aðrar eða samtök, sem vilja beita sér fyrir þeim, geti unnið að framgangi málsins, en það hefur verið lítt framkvæmanlegt við þá fjárhagsaðstoð, sem fyrir hendi er.

En ég vil aðeins að lokum leggja áherzlu á það, að heildarskipulag á þessum málum verði fundið, svo sem nú er unnið að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 62., 63., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 6., 7., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 136, n. 283).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. mælir með samþykkt frv. á þskj. 136, þannig þó, að einn nm., hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, undirritar nál. með fyrirvara, og hefur hann beðið mig að geta þess, að sá fyrirvari sé eingöngu byggður á því, að hann vilji forðast að gera verksvið sjóðsins of víðtækt. Hins vegar viðurkennir hann nauðsyn þess að veita lán til byggingar elliheimila og gerir ekki ágreining um afgreiðslu frv.

Frv. er um þá breyt. á l. nr. 12 1952, um erfðafjársjóð, að ráðh. skuli heimilt, ef fjárhagur sjóðsins leyfir, að veita lán úr honum til byggingar elliheimila með sömu skilmálum og veitt eru samkv. l., eins og þau eru nú.

Með þessu er engan veginn til þess ætlazt, að aðalhlutverk sjóðsins verði vanrækt. Þvert á móti má benda á, að lán til elliheimilisbygginga, þar sem séð er fyrir vinnustofum fyrir vistmenn með einhverja starfsgetu, samræmast mætavel þeim aðaltilgangi l. nr. 12 1952 að koma upp vinnustofum fyrir öryrkja og gamalmenni. Eins og högum er háttað í þjóðfélagi okkar í dag, megum við ekki við því að láta neina starfskrafta ónotaða, og gamla fólkið, sem getur prjónað, ofið, sett upp veiðarfæri eða smíðað, svo að eitthvað sé nefnt, þarf að hafa til þess aðstöðu, þó að það sé komið á elliheimili. Öldruðu fólki er mikils virði að geta haft eitthvað fyrir stafni, og það er ill meðferð á því að einangra það á hælum, þar sem engin aðstaða er til léttrar vinnu við þess hæfi. Þess vegna er á það bent í nál., að verði frv. að lögum, eigi að binda lánveitingar samkv. því skilyrði um, að séð verði fyrir hentugum vinnustofum í þeim elliheimilisbyggingum, er lán kunna að fá úr sjóðnum.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 374).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er þingmannafrv. komið frá hv. Nd., er um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila og hefur þá eina breyt. í för með sér frá gildandi lagaákvæðum, að ráðh. er heimilað að fengnum till. Tryggingastofnunar ríkisins að veita lán úr erfðafjársjóði til byggingar elliheimila, en þó því aðeins, að efnahagur sjóðsins leyfi. Það má að sjálfsögðu segja, að það geti orðið deiluefni eða álitamál, hvenær eða hvort fjárhagur sjóðsins leyfi slíkar lánveitingar, ef svo ber undir, en að sjálfsögðu yrði það ráðh. og Tryggingastofnun ríkisins, sem fengju það verkefni að skera þar úr.

Erfðafjársjóður var stofnaður með l. nr. 12 1952. Allur erfðafjárskattur rennur í þennan sjóð og enn fremur erfðafé, þar sem ekki er um að ræða lögerfingja eða erfingja skv. erfðaskrá.

Fé þessa sjóðs á skv. gildandi l. að verja til lána og styrkveitinga til að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Félmrh. ráðstafar fé sjóðsins í þessu skyni, að fengnum till. Tryggingastofnunar ríkisins.

Fjárhagur sjóðsins er nú þannig, að eignir hans nema ca. 6 millj. kr. Lán og styrkir úr sjóðnum hafa verið veitt nokkuð á aðra millj. kr.

Eins og ég sagði áðan, er tilgangur sjóðsins sá að styrkja stofnun vinnuheimila fyrir öryrkja og gamalmenni. En frv. það, sem hér er á dagskrá, gerir ráð fyrir, að starfssvið sjóðsins verði nokkuð rýmkað með því að opna möguleika til lánveitinga til elliheimila. Ef frv. verður að l., má ætla, að lán til slíkra elliheimilisbygginga verði bundin því skilyrði, að fullnægjandi vinnustofur verði í sambandi við elliheimili þau, sem lán fengju úr sjóðnum.

Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og nm. eru sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 405).

40. Eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á Preststúni.

Á 14. fundi í Ed., 4. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavík [49. mál] (þmfrv., A. 83).

Á 15. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta litla frv. um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi er hér flutt eftir beiðni bæjarstjórans á Húsavík. Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkti 16. sept. 1959 að fela bæjarstjóra að hlutast til um, að Húsavíkurbær fengi tún þetta til kaups, þar sem það er innan hins skipulagða svæðis bæjarins og bærinn þarf á því að halda vegna margvíslegra mannvirkjagerða, sem eru fyrirhugaðar á þessu svæði. Bæjarstjóri skrifaði á sínum tíma dóms- og kirkjumrn., — það mun hafa verið tveim dögum eftir að bæjarstjórn hafði gert fyrrnefnda samþykkt, — og fór þess á leit við rn., að bærinn fengi túnið keypt. Rn. gat ekki orðið við þeim tilmælum, þar sem það skorti lagaheimild til sölunnar. Varð þá að ráði, að bæjarstjóri bað mig að leita eftir því við Alþ., að bærinn fengi möguleika til þess að eignast landið og þá helzt með eignarnámsheimild.

Tún það, sem hér um ræðir, er nyrzt í bænum, í kvos milli Húsavíkurhöfða og Húsavíkurfjalls. Stærð þess er talin vera um 20 dagsláttur. Þegar Húsavíkurhreppur fékk afsal fyrir prestssetursjörðinni Húsavík árið 1913 samkv. heimild í lögum frá 1911, þá var þetta tún undanskilið sölunni með það fyrir augum, að Húsavíkurprestur gæti nytjað það til búskapar. Mér er tjáð, að núverandi Húsavíkurprestur hafi aldrei nytjað það sjálfur. Um ástæður fyrir því, að bæjarstjórn telur sér nauðsynlegt að eignast landið, vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa stuttan kafla úr bréfi bæjarstjórans. Kaflinn hljóðar svo:

„Umrætt tún er innan bæjarstæðisins, eins og það er hugsað af skipulagsstjóra. Þegar hefur Húsavíkurbær lagt út í kostnað við vegi um þetta svæði. Lögð hafa verið ræsi og lagðar vatnsæðar um Húsavíkurtún. Allt þetta var óhjákvæmilegt, bæði vegna byggðarinnar svo og eigna kirkjunnar. En við framkvæmdir bæjarins hafa opnazt möguleikar til byggðar á svæðinu, sem ekki geta nýtzt vegna þess, að úthlutun lóða á Húsavíkurtúni er ekki á valdi bæjarstjórnar. Á sama tíma verður Húsavíkurbær að leggja í ærinn kostnað við götulagnir, ræsa- og vatnsæðalagnir vegna nýbygginga í allar áttir. Nú í sumar þurfti bærinn að leggja aðalæð vatnsveitunnar um Húsavíkurtún meðfram fyrirhugaðri framlengingu Hringbrautar. Sú framkvæmd nýtist ekki, nema Húsavíkurbær fái að staðsetja hús meðfram lögninni. Er þar skipulögð gata. Nyrzt eða norðan hugsanlegrar framlengingar Hringbrautar er búið að skipuleggja íþróttasvæði eftir ábendingu íþróttayfirvalda. Þar á í náinni framtíð að hefja framræslu lands, sem eru fyrstu framkvæmdir til undirbúnings á gerð íþróttaleikvallar. Óhæfa er að staðsetja jafnvel milljónamannvirki á landi, sem bærinn hefur ekki eignarhald á, og það eftir ábendingu aðila, sem hefur eignarhald á landinu. Af ofangreindum rökum er það ljóst, að Húsavíkurbær þarf að eignast Húsavíkurtún samkvæmt skipulagi bæjarins og framvindu byggðarinnar."

Þetta var kafli úr bréfi bæjarstjórans á Húsavík, og mun ég láta það nægja að svo komnu. Ég vil aðeins geta þess, að Húsavíkurprestur mun hafa einhverjar tekjur af þessu túni. Hann mun leigja það til slægna. En það verður mál dóms- og kirkjumrn. að bæta honum tekjumissinn, ef um slíkt verður að ræða.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 265, 105).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi. N. sendi frv. ásamt fram kominni brtt. á þskj. 105 til umsagnar dóms- og kirkjumrn. og til umsagnar biskupsins yfir Íslandi. Frá rn. barst engin umsögn, og er eftir því var gengið, voru gefin þau svör, að rn. mundi ekki láta umsögn í té á næstunni og óvíst væri yfirleitt, hvort það sendi nokkra umsögn. Að svo komnu taldi allshn. ekki lengur ástæðu til að bíða eftir rn. með afgreiðslu málsins.

Frá biskupi barst hins vegar umsögn strax. Er niðurstaða hennar á þá leið að mæla með samþykkt frv. með því skilyrði, að fram komin brtt. þess efnis, að andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju, verði samþ.

Frv. þetta um eignarnámsheimild á Preststúni er flutt eftir tilmælum bæjarstjórans á Húsavík að undangenginni samþykkt bæjarstjórnar. Er fyrirhugað að taka túnið undir byggingarlóðir og reisa þar m. a. íþróttamannvirki. Er því brýn nauðsyn fyrir Húsavíkurkaupstað að eignast þetta land. Samþykkt frv. yrði ekki annað en ítrekun á þeirri margyfirlýstu stefnu löggjafarvaldsins, að eðlilegt sé, að kauptún og kaupstaðir eigi sjálfir lóðir og lendur innan síns lögsagnarumdæmis. Allshn. hefur því í nál. á þskj. 265 einróma lagt til, að frv. verði samþ. N. hefur á hinn bóginn ekki tekið afstöðu til brtt. um, að

andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju, en þó hygg ég, að meiri hl. nm. sé þeirri till. fylgjandi.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel það mjög eðlilega rás viðburða, að Húsavíkurbær fái til eignar og umráða prestsseturstúnið á Húsavík. Presturinn þar nytjar það ekki lengur sjálfur, en leigir það til kúabeitar og slægna, sem að vísu kemur sér vel fyrir þá, sem fá það þannig til nytja. En hér er ekki heldur um það að ræða að eyðileggja land, heldur hitt að taka það smátt og smátt til annarra nota í þágu skipulags bæjarins, sem fer að þarfnast þess undir nýja vegi og byggingar. Enn fremur er, eins og hv. frsm. meiri hl. n. sagði áðan, áformað af bæjaryfirvöldum og í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins að koma þar upp íþróttavelli fyrir bæinn. Að vísu er til íþróttavöllur á öðrum stað, en það er talið, að þar sé ekki nægilegt rými fyrir þann völl, sem þorpið þarfnist, þegar fólki fjölgar þar og verður fleira en nú er.

Húsavíkurhreppur keypti jörðina Húsavík árið 1913, að undanskildum húsum prestssetursins og umræddu túni. Ég man ekki, hvað kaupverðið var. Þá átti ég ekki heldur heima á Húsavík, en það hefur vafalaust verið í samræmi við verð það, sem þá gilti, þær stóru krónur, sem menn höfðu þá í skiptum milli sín. Kirkjan í Húsavík var talin eiga þessar eignir, en andvirði þeirra gekk ekki til hennar þá, sem eðlilegt hefði þó mátt kalla, heldur til ríkisins, og um það skal að sjálfsögðu ekkert sakast nú. Það er mál löngu liðins tíma. En nú, þegar selja skal þann skika af þessari jarðeign, sem eftir var skilinn 1913, þá finnst mér eðlilegt og sanngjarnt, að söfnuðurinn í í Húsavík fái að njóta andvirðisins, og hef ég þess vegna leyft mér að flytja tillögu þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 105. Mér þykir vænt um að heyra það, að biskupinn yfir Íslandi hefur mælt með þessari till. og raunar sett það sem skilyrði fyrir meðmælum sínum með málinu, að till. nái fram að ganga. Enn fremur er ég þakklátur fyrir þær fréttir, sem hv. frsm. n. flutti, að a. m. k. ýmsir nm. muni vera till. fylgjandi.

Í Húsavík er timburkirkja, sem byggð var fyrir rúmum 50 árum af eigin rammleik safnaðarins. Þessi kirkja er mjög veglegt hús og stílfagurt, eins og aðrar kirkjur, sem byggingarmeistarinn og teikningameistarinn Rögnvaldur Ólafsson gerði uppdrætti að. Mér finnst hún ein allra stílhreinasta kirkja í landinu. Hún verður fegurðar sinnar vegna lengi látin standa. En það kostar mikið að halda henni sómasamlega við, þar sem hún er timburkirkja, og það gerir söfnuðurinn auðvitað upp á eigin spýtur. Á næstu áratugum mun hann alls ekki kalla til ríkisins eftir styrk eða láni til kirkjubyggingar hjá sér, og mér finnst því mjög sanngjarnt frá öllum sjónarmiðum, að söfnuðinum verði ánafnað andvirði þessa umræddu túnskika, sem eftir er óseldur af jarðeign kirkjunnar í Húsavík. Þessi túnblettur mun vera um 20 dagsláttur, svo að hér er ekki um stórkostlega upphæð að ræða. Það er um smámuni að ræða fyrir ríkið, en fjárhæð, sem getur þó dregið söfnuðinum ofur lítið.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þd. fallist á að samþykkja þessa till., og ég mæli með frv. að tillögunni samþykktri.

ATKVGR.
Brtt. 105 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 288).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68., 69. og 70. fundi í Nd., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 76. og 77. fundi í Nd., 5. og 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 9. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 288, n. 361).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum 29. apríl og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 1. landsk. þm. (SI), var ekki mættur á fundinum, þegar málið var afgr., en hefur lýst sig sammála samþykkt allshn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 433).

41. Sjúkrahúsalög (frv. JÁ og ÁB).

Á 16. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [52. mál] (þmfrv., A. 87).

Á 17. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) höfum leyft okkur að flytja frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr. og er frv. til l. um breyt. á l. um sjúkrahús, nr. 93 31. des. 1953. Breyt. sú, sem hér er farið fram á að gerð verði á nefndum lögum, er í því fólgin, að ráðherra fái heimild til þess að viðurkenna umfram það, sem ákveðið er í núgildandi lögum, eitt fjórðungssjúkrahús á Vesturlandi. Höfum við flm. frv. þá sérstaklega í huga sjúkrahúsið á Akranesi. En það er, sem kunnugt er, rekið af Akraneskaupstað, en veitir þjónustu sjúklingum úr öllum byggðum Vesturlands og víðar, svo sem sjá má af skýrslum sjúkrahússins. Af 13488 legudögum sjúklinga á sjúkrahúsinu á s. l. ári var tæpur helmingur legudaganna vegna sjúklinga, sem búsetu áttu utan Akraness, og er jafnan mikil eftirspurn eftir sjúkravist víða að. Það er óhætt að fullyrða, að sjúkrahúsið á Akranesi nýtur mikils álits, enda hefur það á að skipa úrvalslæknum og hjúkrunarliði, auk þess sem telja má, að það sé vel búið tækjum, miðað við stærð þess, og stöðugt unnið að því að endurbæta og kaupa ný og fullkomin tæki, eftir því sem tök eru á. Rekstrarafkoma sjúkrahússins er hins vegar mjög erfið, svo sem margra annarra slíkra húsa, sem eiga við svipuð kjör að búa. Veldur það mörgum áhyggjum, hversu erfiðlega gengur að treysta fjárhagslegan rekstur sjúkrahúsanna. Því verður ekki móti mælt, að það er sanngirniskrafa, þegar í hlut á sjúkrahús, sem eins stendur á um og sjúkrahúsið á Akranesi, sem veitir sjúklingum í jafnstóru byggðarlagi og hér um ræðir afbragðsþjónustu, að það njóti styrks úr ríkissjóði til jafns við það, sem ríflegast er og hliðstætt má teljast um önnur sambærileg sjúkrahús.

Þegar lögin um fjórðungssjúkrahús voru sett, hlýtur það að hafa vakað fyrir þeim, sem að setningu þeirrar löggjafar stóðu, að stefna bæri að því að koma á fót nokkrum sjúkrahúsum utan Reykjavíkur, sem væru búin fullkomnum tækjum, svo að ekki þyrfti að fara með alla sjúklinga til sjúkrahúsanna í Reykjavík, enda er það á ýmsan hátt hagkvæmara fyrir þá, sem á sjúkravist þurfa að halda úti á landsbyggðinni, að geta átt þess kost að komast á sjúkrahús í sínu héraði, heldur en vera fluttir um langan veg til Reykjavíkur. Það ber vissulega að fagna þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum. Það er eðlilegt, að ríkissjóður styðji þá viðleitni vel og á sem jafnastan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið á þessu stigi, en geri það að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 62., 63. og 64. fundi í Ed., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 87, n. 313).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið umsögn landlæknis um það. Hann er heldur mótfallinn því að fjölga fjórðungssjúkrahúsunum, vefengir þó ekki þörf þess sjúkrahúss, sem hér á hlut að máli, til aukins styrks, en telur, að ríkissjóður hafi í mörg horn að líta og því ekki rétt að auka byggingarstyrki af hálfu ríkisins, meðan ólokið er meiri háttar verkefnum, sem þegar eru hafin, eins og t. d. viðbyggingu við landsspítalann og byggingu bæjarsjúkrahússins í Reykjavík, aðkallandi sé að hraða þessum byggingum, sem dragist úr hófi vegna ónógra fjárframlaga frá ríkissjóði.

Þá hefur nefndinni borizt bréf frá Læknafélagi Vesturlands, sem skorar á Alþingi að samþykkja frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að í stað þess að breyta 10. gr. laga nr. 93 30. des. 1953 þannig, að bæta þar inn í fimmta fjórðungssjúkrahúsinu á Vesturlandi, þá verði 11. gr. sömu laga breytt eins og segir í nál. á þskj. 313. Í því felst sú breyting, að veita má sjúkrahúsum, sem fullnægja þeim skilyrðum, er þar greinir, viðurkenningu til að hljóta sama rekstrarstyrk á hvern legudag og fjórðungssjúkrahús fá. Enn fremur eru tekin upp í þessa grein ákvæði, sem þar voru áður um sérstakar greiðslur frá utanhéraðssjúklingum. Þau ákvæði eru í samræmi við það, sem nú tíðkast, ef nágrannasveitarfélög taka ekki þátt í kostnaði við sjúkrahúshaldið.

Þá er að lokum lagt til, að heimilt sé að setja reglugerð um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa. Með þessari breytingu fá þau sjúkrahús, sem fullkomna aðbúnað sinn og tryggja sér tilsvarandi læknisþjónustu, möguleika til þess að fá hækkaðan rekstrarstyrk

sinn úr 15 kr. í 25 kr. á legudag. Með þessu er mætt hluta af rekstrarhalla sjúkrahúsa, sem hér eiga hlut að máli, en það er einmitt aðalatriðið í grg. hv. flm. fyrir frv. því, er þeir fluttu.

Framfarir í læknisfræði eru nú og hafa á undanförnum árum verið mjög miklar og örar. Við erum svo heppnir, að íslenzkir læknar hafa fylgzt þar vel með, bæði í þekkingu og tækni. Það er stundum kvartað um, að við kostum dýrt og langt nám lækna og að sumir þeirra ílendist erlendis. En við fáum vissulega nokkuð í staðinn, því að þótt því nær allir íslenzkir læknar fari utan til framhaldsnáms, þá koma þeir flestir heim aftur, með þekkingu og reynslu, sem okkur er ómetanleg. Margir læknar, sem koma heim, taka hér við störfum, sem eru mun verr launuð en þau störf, sem þeir gegndu erlendis, áður en þeir hurfu heim. Þeim þykir það stundum nokkuð hart aðgöngu, en fyrir flestum er þó aðalatriðið að fá tækifæri til að nota þá þekkingu og tækni, sem þeir hafa aflað sér. Til þess að það sé mögulegt, þarf búnaður og aðbúð sjúkrahúsanna að fylgjast með tímanum.

Þetta kostar að vísu oft mikið fé. Vönduð röntgentæki kosta t. d. nokkur hundruð þús. kr. Utan Reykjavíkur og næsta nágrennis, þar sem ekki er hægt að ná fyrirvaralaust til Blóðbankans, þarf að skipuleggja blóðgjafasveitir og tryggja þannig blóð til blóðgjafar með litlum fyrirvara, þegar á liggur. Það kostar mikið starfslið. Þetta kostar allt mikið fé, en það bjargar líka mannslífum. Ég held, að við megum ekki horfa í það að bjarga eins mörgum mannslífum og við getum. Yfirleitt horfa bæjar- eða sveitarfélögin ekki í þennan kostnað, þótt hann geti verið allþungur baggi fyrir mörg þeirra.

Áður en ég lýk máli mínu, skal ég gera stuttlega grein fyrir orsökinni til þess, að flest sjúkrahús eru rekin með halla. Daggjöldin eru ákveðin af ráðherra og yfirleitt svo lág, að vitað er, að þau nægja ekki fyrir kostnaði. Þau eru oftast nær álíka há og greitt er fyrir gott rúm í gistihúsi. Að vísu er þrengra um sjúklinga í sjúkrahúsum en á góðu gistihúsi, og ætti því sjálf gistingin að geta verið ódýrari. En fyrir þessa greiðslu, sem samsvarar greiðslu í gistihúsi, sér sjúkrahúsið sjúklingum auk þess fyrir fæði, þjónustu, lyfjum og læknishjálp.

Sem dæmi um þann mun, sem er á daggjöldum og raunverulegum kostnaði, má nefna, að á fjárlögum, sem afgreidd voru á þessu þingi, er áætlað, að halli landsspítalans á þessu ári nemi rúmum 12 millj. kr. Á fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði nam þessi munur eða hallinn s. l. ár um 30 kr. á legudag, sem bæjarsjóður Ísafjarðar greiddi, en rekstrarstyrkur úr ríkissjóði nam auk þess 25 kr. á legudag, eins og lög mæla fyrir um fjórðungssjúkrahús. Ríkissjóður greiðir því þar tæpan helming rekstrarhallans eða sem svarar vegna utanhéraðssjúklinga, en Ísfirðingar greiða sjálfir hallann vegna heimamanna.

Ég sagði áðan, að læknum væri mikið áhugamál að fá góð skilyrði til starfa. En það er ekki síður áhugamál allra annarra manna, hvar sem þeir búa, að mega vera þess fullvissir, að þeir eða þeirra nánustu muni fá þá beztu hjálp, sem nútímaþekking leyfir, ef slys eða sjúkdóma ber að höndum. Slíka hjálp getur læknirinn ekki veitt, hversu góður og velmenntaður sem hann er, nema starfsskilyrði séu eins og vera ber.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir þá leiðréttingu, sem hún leggur til að gerð verði varðandi rekstrarstyrk til þeirra sjúkrahúsa, sem talizt geta hliðstæð við fjórðungssjúkrahús. N. hefur talið eðlilegra að afgr. málið með almennari ákvæðum en lagt var til í frv. og hef ég ekkert við það að athuga, svo langt sem það nær. Hins vegar tel ég mjög nauðsynlegt, að ákvæði varðandi byggingarstyrkinn verði einnig hin sömu og um fjórðungssjúkrahúsin. Við flm. frv. munum því við 3. umr. áskilja okkur rétt til þess að leggja fram brtt., sem felur það í sér, að þau sjúkrahús, sem hliðstæð geta talizt við fjórðungssjúkrahúsin, fái sama byggingarstyrk, en það eru þau sjúkrahús, sem segir um í brtt., með leyfi hæstv. forseta, eins og hér stendur í nál.:

„Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðna eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en 3, getur ráðh. veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús."

Þessu ákvæði tel ég eðlilegt að verði breytt þannig, að heimild ráðh. nái til þess að veita slíku sjúkrahúsi bæði byggingar- og rekstrarstyrk.

ATKVGR.
Brtt. 313,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 313,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 340, 341).

Jón Árnason: Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl. höfum leyft okkur að flytja fram brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undan 1. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. l. bætist nýr málsl.:

Ráðh. getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða

til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.“

Þessi brtt. er í samræmi við brtt. heilbr.- og félmn., sem samþ. var hér við 2. umr. málsins í þessari deild, þar sem hér er um sjúkrahús að ræða, sem telja verður að megi bera fyllilega saman við fjórðungssjúkrahúsin, bæði hvað snertir stærð og tölu starfandi lækna. Þegar fjvn. var að störfum að undirbúa fjárlagafrv. eða yfirfara fjárlagafrv. yfirstandandi árs, þá var n. boðið á landsspítalann til þess að sjá þær framkvæmdir, sem þar eiga sér stað nú, og þær eru vissulega miklar. Yfirlæknir spítalans var þar til þess að sýna og skýra það, sem var verið að gera. Það kom fram hjá lækninum, að þegar rætt var um þessar miklu framkvæmdir við landsspítalann, bæjarsjúkrahúsið, sem verið er að byggja, og enn fremur þær endurbætur og hið nýja hús, sem verið er að byggja í Landakoti, að þegar þessar byggingar væru allar komnar í gagn, þá mundum við standa nokkuð svipað að vígi og við stöndum í dag, þegar tillit væri tekið til þeirrar fólksfjölgunar, sem ætti sér stað. Það er enginn efi á því, að með tilliti til þessa er brýn nauðsyn á því, að það sé unnið að slíkum framkvæmdum sem þessum, byggingu slíkra sjúkrahúsa, sem hér eru til umr. og brtt. þessi fjallar um. Því er það von okkar, að hv. d. verði við tilmælum okkar um það að samþykkja einnig, að styrkurinn nái til byggingarinnar jafnframt rekstrinum. Það er enginn efi á því, enda þótt það yrði ekki gert að þessu sinni, sem virtist þó við 2. umr. vera álit allra hv. alþm. þessarar deildar, að það bæri nú að breyta sjúkrahúslögunum eins og n. lagði til varðandi reksturinn, þá má það telja nokkurn veginn víst, að ef ekki væri nú um leið breytt einnig varðandi byggingarstyrkinn, þá er það bara mál, sem kemur aftur á næsta eða næstnæsta þingi. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt, að málið verði nú afgreitt á viðunandi hátt, en það getur vart talizt, nema því aðeins að þetta hvort tveggja fylgist að.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls hér í d., taldi heilbr.- og félmn. þá breyt., sem þá var gerð á ákvæðinu um rekstrarstyrk þessara sjúkrahúsa, réttlætismál. Um hitt atriðið, sem um er að ræða í brtt. á þskj. 341, er það að segja, að lengi var í lögum um að ræða tvenns konar styrk til byggingar sjúkrahúsa og sjúkraskýla. Það er í fyrsta lagi, að ríkissjóður greiddi 40% til minni sjúkrahúsa og sjúkraskýla, og í öðru lagi var heimild til þess að greiða 60% eða 3/5, ef um var að ræða fjórðungssjúkrahús, eitt í hverjum fjórðungi, þegar slík sjúkrahús höfðu hlotið viðurkenningu. Fyrir skömmu, — ég hygg, að það hafi verið fyrir tveimur árum, — var samþ. breyt. á þessum lögum í þá átt, að heimilt er að greiða 66% til byggingar sjúkrahúsa í bæjarfélögum, þar sem íbúar eru innan við 3000.

Það má vel vera, að það sé kominn tími til þess að endurskoða löggjöfina um styrk til byggingar sjúkrahúsa á Íslandi. En ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði afgreiðslu þessa máls nú, svo að n. gæfist færi á að athuga þessa till., áður en hún kemur til atkvæða. Ég er ekki tilbúinn að segja til um það, hvaða ákvörðun kann að verða þar tekin. En eins og ég gat um við 2. umr., leggur landlæknir til, að þetta sé ekki tekið í lög nú, og það er sérstaklega einmitt þetta atriði í till. hv. flm., sem landlæknir mælir á móti. Ég hef rætt nokkuð við hann um það, og hann telur einmitt, að það sé kannske tímabært að taka þetta allt til endurskoðunar, og er þess vegna á móti því, að breyting sé gerð nú, auk þess sem hann telur, að þær kvaðir, sem ríkissjóður sé þegar kominn í vegna þeirra sjúkrahúsa, sem nú eru í byggingu, séu svo miklar, að það sé naumast rétt að bæta þar á í svipinn, fyrr en eitthvað sést um það, hvernig gangi að leysa þær.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt brtt. á þskj. 341. Í henni felst það, að ráðh. geti ákveðið, að úr ríkissjóði skuli greiða sama tillag og til fjórðungssjúkrahúsa, þ. e. 3/5 kostnaðar, til sjúkrahúss bæjarfélags með meira en 3000 íbúa, ef það fullnægir ákveðnum skilyrðum. Rétt er að vekja athygli á því, að það er skoðun nm., að engan veginn sé sjálfsagt, að sú heimild til þess að greiða byggingarstyrk, sem veitt verður, ef þessi brtt. er samþ., og heimildin samkv. 11. gr., eins og lagt er til að hún verði, til þess að greiða rekstrarstyrk, fylgist að. Það hlýtur að fara eftir atvikum á hverjum tíma, alveg eins og það er metið hverju sinni, hvort aðalsjúkrahúsið í hverjum fjórðungi fær viðurkenningu sem fjórðungssjúkrahús eða ekki. Ef sjúkrahús, sem gæti átt rétt á viðurkenningu eftir þessum reglum, er metið hæfilega stórt, gæti það t. d. fengið viðurkenningu til þess að fá rekstrarstyrk án þess sjálfkrafa að fá hækkaðan byggingarstyrk, þótt í ráði væri að byggja við það eða stækka það. Einstaka sjúkrahús fengi hækkaðan byggingarstyrk, ef stækkun væri metin nauðsynleg, þótt svo stæði á, að ekki þætti ástæða til, að það fengi hækkaðan rekstrarstyrk. Eitt þeirra atriða, sem verulegu máli skipta, t. d. um rekstrarstyrk, er hlutfallið á milli innanbæjarsjúklinga og utanbæjar. Því fleiri sem utanbæjarsjúklingarnir eru hlutfallslega, því sanngjarnara er, að ríkissjóður taki aukinn þátt í kostnaði.

Að þessu athuguðu telur n. rétt að verða við óskum flm. og leggur til, að brtt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 341 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 366).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 366, n. 416).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Eins og þetta frv. var upprunalega flutt í hv. Ed., var lagt til, að ráðh. veittist heimild til þess að viðurkenna til viðbótar því, sem núgildandi sjúkrahúsalög viðurkenna, eitt fjórðungssjúkrahús á Vesturlandi. Var þá sérstaklega átt við sjúkrahúsið á Akranesi, sem rekið er af Akraneskaupstað. Vitnuðu flm. til þess, að það sjúkrahús nyti mikils trausts hjá almenningi, hefði á að skipa úrvalslæknum og hjúkrunarfólki og aðsókn þangað væri mikil úr öllum byggðum Vesturlands. Hins vegar væri rekstrarafkoma þess hin bágasta og væri því eðlilegt, þegar tillit væri til þess tekið, hversu víðtæka þjónustu það veitti og það tæki á móti sjúklingum af stóru svæði, að það yrði viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús og nyti þess styrks úr ríkissjóði, sem slíkum sjúkrahúsum er ákveðinn lögum samkvæmt.
Hv. Ed. vildi ekki fallast á þá meginbrtt. þessa frv. að gera sjúkrahúsið á Akranesi að fjórðungssjúkrahúsi. Hins vegar breytti hv. heilbr.- og félmn. og hv. Ed. frv. þannig, að sé sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, þá geti ráðh. veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús. Hv. Ed. hafnaði sem sagt þeirri ósk, að sjúkrahúsið yrði gert að fjórðungssjúkrahúsi, en lagði hins vegar til, að það nyti sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús njóta, eða breytti lögunum þannig, að talið er, að Akranessjúkrahúsið, sem er sérstaklega vel búið tækjum, komist undir lögin og njóti sama styrks og fjórðungssjúkrahús, eftir að þessi breyting hefði verið lögfest.
Eins og kunnugt er, njóta sjúkrahús nú styrkja í þrem flokkum samkvæmt lögunum frá 1953: 1) Almenn sjúkrahús bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hafa notið dagstyrkja úr ríkissjóði, þau fá 10 kr. á legudag. 2) Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og einn aðstoðarlækni, 15 kr. á legudag. 3) Fjórðungssjúkrahús 25 kr. á legudag.
Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. vildi fallast á frv., eins og það kom frá hv. Ed., þ. e. a. s. að sjúkrahús eins og segir í 2. lið 1. gr. frv. fái sama styrk og fjórðungssjúkrahús. Ég hygg, að frv. í þessari mynd sé talið fullnægjandi fyrir hv. flm., sem að frv. upprunalega stóðu, og fyrir það sjúkrahús, sem stefnt er að því að veita aukinn styrk.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Einstakir nm. innan hv. heilbr.- og félmn. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv., en n. í heild mælti þó með samþykkt þess í meginatriðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 467).

---

42. Lögheimili.

Á 16. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lögheimili [53. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 17. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur frv. þetta um lögheimili eftir ósk hæstv. félmrh. Sama frv. var flutt á Alþ. í fyrravetur af heilbr.- og félmn. þessarar d. og þá eins og nú fyrir tilmæli hæstv. félmrh., sem að vísu var ekki sami maður. Árið áður hafði þáv. hæstv. félmrh., þriðji maðurinn, skipað nefnd fyrir áskorun frá Ed. til að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál. Sú n. er skipuð þessum mönnum: Bjarna Þórðarsyni bæjarstjóra, Neskaupstað, Birni Fr. Björnssyni sýslumanni, Hvolsvelli, Hjálmari Vilhjálmssyni ráðu-

neytisstjóra, sem er formaður n., Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra á Ísafirði og Tómasi Jónssyni borgarlögmanni, en hann var ritari og er ritari nefndarinnar.

Þessi n. samdi frv. það, sem hér liggur fyrir. Það á að koma fyrst og fremst í staðinn fyrir lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang, sem eru úrelt orðin og mjög ófullnægjandi. Í frv. þessu er, eins og segir í grg. þess, leitazt við að skipa lögum þessum á þann veg, að yfirleitt megi nota það þar, sem réttindi eða skyldur eru bundnar við búsetu eða heimilisfang. Á með frv. þessu þess vegna, ef að lögum verður, að leysa eða a. m. k. auðvelda mjög mikla erfiðleika, sem oft og tíðum hafa á því verið, bæði fyrir sveitarstjórnir og einstaklinga, að vita og fá úr því skorið, í hvaða sveit menn hafa haft rétt sinn og skyldur.

Áríðandi er, að hver maður eigi lögheimili og enginn maður geti átt nema eitt lögheimili, þótt hann dveljist á ýmsum stöðum. Þetta er áríðandi, bæði fyrir sveitarfélög, fyrir ríki og fyrir fólkið sjálf. Slík löggjöf á að geta sparað mikla fyrirhöfn og deilur. Lögin um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 31 frá 1956, hafa mikið hjálpað frá því, sem áður var í þessum efnum, en hafa ekki nein ákvæði inni að halda um lögheimili. Til þess að þau lög komi að fyllsta gagni, þarf að lögfesta glögg ákvæði um það, hvar hver og einn einstaklingur skuli eiga lögheimili.

Þegar heilbr.- og félmn. tók að sér flutning frv. um lögheimili í fyrra, lagði hún mikla vinnu í að kynna sér frv. Hún fékk á fund sinn menn úr n., sem samdi það, formann n. fyrst og fremst og ritara, og hafði samband við fleiri nm. Enn fremur fékk hún á fund sinn hagstofustjórann, Klemenz Tryggvason, því að hann hafði unnið að því að semja frv. með n. vegna þess, hvað það hefur mikla þýðingu í sambandi við þjóðskrána. Með samkomulagi við þessa aðila, nm. og hagstofustjórann, breytti n. frv. ofur lítið, áður en hún lagði það fram, og þær breyt. eru vitanlega í frv. nú. Þá sendi n. einnig frv. til umsagnar til þriggja aðila: lagadeildar háskólans, Lögmannafélagsins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Stjórn Lögmannafélagsins gerði eina smávægilega brtt. við frv., en mælti með samþykkt þess að öðru leyti. Þessi brtt. var tekin til greina og felld inn í frv. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælti með frv. Lagadeild háskólans lét aldrei neitt til sín heyra, en vitað var, að hún hafði athugað frv. Það var beðið lengi eftir áliti og bendingum frá henni, en þegar það kom ekki, var frv. afgreitt til Nd. Í Nd. dagaði svo frv. uppi í heilbr.- og félmn. þar.

Þetta er í stuttu máli efni, tilgangur frv. og saga þess að undanförnu. Ég sé ekki ástæðu til þess við þessa umr. að fara frekar út í málið eða hafa um það lengri framsögu. Grg. fylgir líka frv., sem er skýr, og þar er upplýsingar að fá um það. Ég legg til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr., en þar sem það er flutt af n., geri ég ekki till. um, að því verði vísað til n., en get lýst því yfir, að heilbr.- og félmn. mun hafa það til athugunar, meðan það liggur fyrir þessari hv. d. Og ég fyrir mitt leyti mun leggja það til í heilbr.- og félmn., að hún sendi það lagadeild háskólans til umsagnar, ekki síst af því, að ég hef grun um það, að lagadeildin hafi í undirbúningi eða í uppkasti a. m. k. einhverjar bendingar, sem hún mundi gefa um frumvarpið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er mjög góðra gjalda vert, að það séu settar fastar reglur um lögheimili. Það er eins og hv. frsm. gat um, að þeim reglum, sem nú eru um það í lögum, er að ýmsu leyti áfátt, og að sumu leyti verða þær að teljast úreltar. Það ber þess vegna að fagna því frumkvæði, sem félmrh. eða ráðherrar hafa átt að því, að frv. væri samið um þetta efni og lagt fyrir Alþingi.

Það er hins vegar svo, að lögheimili skiptir máli í ýmsar áttir. Það skiptir máli um gjaldskyldu manna, hvar þeir eru útsvarsskyldir, það skiptir máli um kosningarrétt manna og kjörgengi, það skiptir máli, hvar þeir eru skyldir til þess að koma fyrir dóm og hvar þeir eru skyldir að þola dóm, og þannig mætti lengi telja. Lögheimili hefur því þýðingu í mjög mörgum samböndum. Það er þess vegna mjög vandasamt og flókið viðfangsefni að setja fastar reglur um lögheimili, sem eigi við í öllum þessum samböndum.

Í upphafi eða fyrirsögn þessa frv. er sagt, að það sé frv. til l. um lögheimili, og sú fyrirsögn gefur til kynna, að þessum lögum sé ætlað að taka til lögheimilis í hvaða sambandi sem er. Af aths. virðist mér samt svo, að það, sem einkum hafi verið haft hér í huga, séu útsvör. Ég er ekki alveg viss um, að þessar reglur, sem hér eru fram settar, eigi eins vel við í öllum öðrum samböndum, t. d. að því er varðar samband þeirra eða samræmi við lög um kosningar til Alþingis og t. d. að því er varðar ýmis ákvæði réttarfarslaga. Þetta held ég einmitt, að n., sem flytur frv. og fær það til athugunar framvegis, verði að taka til athugunar betur en gert hefur verið, annaðhvort að haga reglunum þannig, að þær taki til þessa alls, eða afmarka gildissvið l. skýrar en gert er með fyrirsögn þeirra og taka það þá fram beinlínis í fyrirsögn, í hvaða samböndum þessum lögum er ætlað að gilda.

Eitt þýðingarmikið atriði í sambandi við heimilisfang er t. d. framfærsluréttur. Ég hygg, að það komi fram í aths., að þessum lögum sé ekki ætlað að gilda um það efni óskorað. En fyrst og fremst er lögum þessum ætlað að gilda um útsvör eða skera úr um það, hvar aðili sé útsvarskyldur. En þá er þess að gæta, að þessi lög eiga aðeins við um einstaklinga. En nú er það vitað mál, að það eru ekki aðeins einstaklingar, sem eru útsvarsskyldir, heldur og félög og stofnanir. Og það mætti ætla, að það væri nokkuð auðráðið,

hvar félög ættu heima, og það væri nokkuð auðleyst úr því, hvar ætti að leggja útsvar á þau. Félagið er skrásett á tilteknum stað, þegar um skrásetningarskyld félög er að ræða. En þessu er ekki alltaf þann veg farið. Það hafa risið deilur um það mjög oft einmitt, hvar á félag skyldi útsvar leggja. Það er nefnilega þannig, að félag getur verið skrásett á einum stað, það getur haft sína höfuðstarfrækslu á öðrum stað, og stjórnendur þess geta verið búsettir á hinum þriðja stað. Mér sýnist, að þegar verið er að setja almenn lög um lögheimili og sérstaklega með tilliti til útsvarsskyldunnar, þá megi ekki sleppa þessu atriði fram hjá sér, heldur eigi að taka það til athugunar líka og reyna að skapa reglu um það, hvar telja skuli lögheimili félaga í því sambandi, sem l. er ætlað að ná til.

Ég vildi aðeins setja þessar aths. fram hér á frumstigi málsmeðferðarinnar, til þess að n. gæti tekið þessi atriði til athugunar. En að öðru leyti verð ég að segja það, að mér sýnist þetta frv. að ýmsu leyti til bóta, og eins og ég sagði, þá er það vissulega lofsvert, að það skuli gerð tilraun til þess að setja fastar reglur um þetta efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég tel viðeigandi að byrja á því að segja ágrip af sögu þessa frv. Ég gerði það að vísu að nokkru leyti við 1. umr. hér í þessari hv. d., en vil þó gera það nánar, enda hefur sagan ofur lítið lengzt.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. flutti frv. þetta á síðasta reglulega Alþ. og gerði það samkv. beiðni þáv. hæstv. félmrh. N. athugaði þá frv. mjög vandlega og gerði á því nokkrar breyt., áður en hún lagði það fram. Stjórnskipuð n. hafði samið frv. Sú nefnd var á sínum tíma skipuð vegna áskorunar frá þessari hv. d. Breyt. þær, sem heilbr.- og félmn. gerði á frv., gerði hún í samráði við höfunda frv. eða fulltrúa nefndarinnar. Frv. var afgreitt til hv. Nd. í fyrra, en þar dagaði það uppi í heilbr.- og félmn.

Eftir áramótin í vetur fór hæstv. núv. félmrh. þess á leit við heilbr.- og félmn. Ed., að hún tæki frv. á ný til flutnings, og n. féllst á að gera það. Nm. höfðu þann fyrirvara á, að þeir töldu sig óbundna og hafa rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., ef fram kæmu. Málið var tekið fyrir til 1. umr. hér í d. 9. febr. og afgr. til 2. umr. með shlj. atkv.

Heilbr.- og félmn. taldi sér skylt að hafa frv. til athugunar milli 1. og 2. umr., og hún sendi það lagadeild háskólans til umsagnar, enda hafði við 1. umr. verið gert ráð fyrir því, að það yrði gert. Í fyrra hafði frv. verið sent þremur aðilum til umsagnar: stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands og lagadeild háskólans. Stjórn sveitarfélagasambandsins mælti með frv., Lögmannafélagið eða stjórn þess gerði við það eina ákveðna brtt., en mælti að öðru leyti með því. Brtt. var tekin til greina, og er hún komin inn í frv., eins og það liggur hér fyrir. Lagadeildin svaraði engu í fyrra, en einn af prófessorum hennar ráðlagði *nefndarmanni í heilbr.- og félmn.* Nd. að stuðla að því, að málinu yrði frestað, og þess vegna — einmitt þess vegna — dagaði það uppi í Nd. Nú var málið aftur sent lagadeildinni, eins og ég sagði, og beðið eftir svari hennar, þar til það kom um páskana. Áður en ég lýk máli mínu, mun ég lesa upp umsögn lagadeildarinnar, en fyrst vil ég fara nokkrum orðum um frv.

Gildandi lög um heimilisfang eru frá 1936. Þau eru í mörgum atriðum úrelt orðin, eins og geta má nærri, og hreint og beint ónothæf til þeirrar viðmiðunar, sem þau þurfa að vera fyrir aðra löggjöf í landinu. Síðan þau voru sett, hefur líf í landinu tekið miklum breyt., sem áhrif hafa á dvalir manna og sókn til atvinnu, skyldur og réttindi. Þessar breytingar yfirleitt auka þörfina fyrir glögg og skýr ákvæði um lögheimili. Einstaklingurinn þarfnast þess, að til séu glögg og skýr ákvæði um lögheimili, og þjóðfélagið þarfnast þess líka. Til þess að annast skráningu hvers manns á réttum stað árlega og finna honum rétt heimilisfang var sett á stofn starfsemi, sem hlaut nafnið þjóðskrá. Sú stofnun vinnur samkv. sérstökum lögum að almannaskráningu. Hún hefur orðið til stórra bóta. En til þess að þjóðskráin geti notið sín sem skyldi, vantar nýja löggjöf um heimilisfang. Þetta frv. er samið til þess að ráða, svo sem unnt er, bót á þeirri vöntun. Það á, ef að lögum verður, að tryggja, að hægt sé að ganga að því vísu, hvar hver maður á lögheimili.

Frv. er byggt upp beinlínis til þess að vera grundvöllur allrar annarrar lagasetningar, sem miða þarf ákvæði sín við lög um lögheimili. En það kemur á engan hátt í staðinn fyrir aðra löggjöf og grípur ekki inn í hana á neinn hátt um önnur efni. N., sem samdi frv., hafði þetta sjónarmið, og hagstofustjórinn vann sem fulltrúi þjóðskrárinnar að samningu frv. með n. til þess að sníða það m. a. eftir þörfum þjóðskrárinnar. Það má þess vegna ekki líta á frv. eins og það væri eingöngu gert til þess að ákveða, hvar menn eiga að greiða gjöld til sveitarfélaga, heldur til að ákvarða, hvar lögheimili manns er, vegna alls þess, er við lögheimili er miðað í löggjöf landsins.

1. gr. frv. slær því föstu, að enginn maður geti átt nema eitt lögheimili í senn. Það er höfuðbreyting frá því, sem nú er og hefur verið. Eins og er, geta menn átt lögheimili á tveim eða fleiri stöðum. Veldur það oft margháttuðum vafa um skyldur og réttindi á hverjum stað, og virðist einsætt, að það sé alger-

lega ófært að heimila mönnum að eiga lögheimili á fleiri en einum stað.

2. gr. ákveður, að þar sé lögheimili manns, sem hann á heimili. Og í þeirri grein er skilgreint, hvað sé heimili, og ekki heimili, þótt dvalarstaður sé, m. ö. o. menn geta átt heimili á fleiri en einum stað, en lögheimili er aldrei nema eitt.

3. gr. gerir einmitt ráð fyrir því, að maður geti átt heimili á fleiri en einum stað samtímis og hvernig þá skuli greint á milli heimilis og lögheimilis.

4.—6. gr. eru til ákvörðunar um, hvar þeir menn skuli hafa lögheimili, sem hvergi hafa aðsetur, sem talizt geti heimili.

Í 7. gr. eru sérreglur um hjón, sem búa ekki stöðugt saman. Í 8. gr. eru sérreglur um börn innan 16 ára. Í 9. gr. eru sérreglur um fólk, sem er innan 21 árs. Í 10. gr. sérreglur um fólk, sem dvelst erlendis. Í 11. gr. sérreglur um alþm. og aðra, sem gegna tímabundnum trúnaðarstörfum, svo sem nefndastörfum í þágu ríkisins.

Í 12. gr. eru ákvæði um tilkynningar, þegar skipt er um lögheimili. Í 13. gr. fyrirmæli um skyldur þjóðskrárinnar til að semja íbúaskrár, miðaðar við lögheimili og byggðar á l. um lögheimili.

Í 14. gr. er ákveðið, að leita megi úrskurðar dómara, um hvar lögheimili manns sé, ef ágreiningur er um það. Fyrst og fremst getur þjóðskráin leitað úrskurðar aðila, aðilar sjálfir einnig og svo sveitarstjórnir. Þessum úrskurðum, sem þannig fást með undirdómum, má áfrýja til hæstaréttar.

15. gr. mælir svo fyrir um, að lögin frá 1936, þ. e. a. s. lögin um heimilisfang, sem nú gilda, falli úr gildi.

Enginn vafi er á því, að hér er um að ræða mjög þýðingarmikla lagasetningu. Mér virðist frv. skipulega samið og fastmótuð þar sú stefna þess, að menn eigi fyrst og fremst að hafa frjálst val til að velja sér lögheimili, en þó ekki svo frjálst, að þeir megi eða geti haft lögheimili sitt einhvers staðar og einhvers staðar að yfirvarpi eftir geðþótta, án þess að tilteknum takmörkuðum skilyrðum sé fullnægt.

Í frv. er gert ráð fyrir mörgum tilbrigðum að því er snertir heimili og heimilisleysi, atvinnu og aðrar ástæður til dvalar. Vafalaust verða þó tilbrigðin fleiri, löggjöfin getur aldrei orðið tæmandi um þess háttar. Og þess vegna er líka í frv. gert ráð fyrir úrskurðum þjóðskrár í smærri atriðum, sem þarf þó ekki að hlíta, nema rétt þyki, úrskurðum dómara, allt upp til hæstaréttar, eins og ég sagði áðan. Ég held því, að sæmilega sé séð fyrir réttaröryggi um alla sannanamöguleika.

Ég sagði frá því áðan, að heilbr.- og félmn. sendi lagadeild háskólans frv. til umsagnar, og nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa umsögn lagadeildarinnar. Frv. var sent strax að lokinni 1. umr., 9. febr. Umsögnin er dags. 12. þm., en barst ekki til heilbr.- og félmn. fyrr en 18. þ. m. eða á annan í páskum. Erindi lagadeildarinnar er svo hljóðandi:

„Um frv. til l. um lögheimili, þskj. nr. 60, 53. mál Ed. 1959—1960.

Heilbr.- og félmn. Alþ. hefur óskað álits laga- og viðskiptadeildar háskólans um ofangreint frv. Málið er flókið og vandasamt, og getur álit það, sem hér fer á eftir, aðeins orðið fremur lauslegt og almenns eðlis.

Deildin telur, að frv. sé að ýmsu leyti til bóta og lofsverðan þann tilgang þess að skapa skýrar reglur um heimilisfang. Það virðist og hafa tekizt allvel, eftir því sem efni standa til. Deildin vill hins vegar benda á, að af skiljanlegum ástæðum eru fjölmörg atriði óleyst eða svo óákveðin, að mjög hlýtur að koma til kasta dómstóla, þótt frv. yrði að lögum. Dæmi:

1. gr.: „ætlar að dveljast", „stunda atvinnu". — Þessi orð eru tekin til ábendingar um það, að ekki sé orðað þannig, að óumdeilanlegt hljóti að verða.

2. gr.: „dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar". Sama er um dvalarstað vegna árstíðarbundinnar atvinnu o. s. frv.

3. gr.: Eins og áður verða sönnunarefni í sambandi við tímamörkin, sem tilgreind eru, og teknahlutfallið erfið.

4. gr.: Sjá aths. við 3. gr. — Það eru endurtekningar á því sama.

6. gr.: Sjá aths. við 3. gr. — Það eru sömu orðasambönd.

7. gr.: Ákvæðið um, að þjóðskráin skuli skera úr um heimilisfang hjóna, má e. t. v. skilja á þá leið, að 1. mgr. 14. gr. komi þá ekki til. Er það varhugavert. Sönnunarvandkvæði geta einnig risið í sambandi við 2. mgr.

8. gr.: Hér geta risið ýmis vandamál, auk sönnunaratriða, sem dómstólar hljóta að leysa. Heimilisfesti barna fer eftir því, hver foreldraráðin hefur, en ekki eftir því, hvar barnið á heima í raun og veru. Vafasamt má telja, hvort rétt sé, að „fósturforeldrar" séu þeir einir taldir, sem enga meðgjöf þiggja. Auk þess verður hugtakið „fósturforeldrar og fósturbörn" ekki öllu ákveðnara en er.

9. gr.: Hér rísa mörg vafamál, sem meta verður og dómstólar hljóta að fást við, þótt frv. verði að lögum. Dæmi: „dvalizt", „stunda nám".

10. gr.: Sjá aths. við 3., 9. o. fl. greinar.

11. gr.: „tímabundið trúnaðarstarf".

12. gr.: Spurning er, hvort 2. mgr. er ekki óþörf og e. t. v. villandi.

14. gr.: Viðkunnanlegra orðalag „þjóðskrárritari". Spurning er, hvort aðildin er ekki of þröng. Fleiri aðilar af hálfu ríkisvaldsins en þjóðskráin koma til greina, t. d. skattayfirvöld. Athuga þarf og aðild fleiri einstaklinga en aðila sjálfs, t. d. foreldra í vissum tilfellum, sbr. 8. gr.

3. mgr. er mjög óljós. Talað er um úrslit einkamáls. Væntanlega er átt við einkamál í héraði. Úrslit þess geta, eins og kunnugt er, orðið á ýmsan veg: mál dæmt að efni til, það hafið, aldrei þingfest, eða vísað frá. Hér mun

sennilega vera átt við, að máli sé áfrýjað, eða gæti orðið frávísað. Skv. orðanna hljóðan væri þá talsverður hluti formmeðferðar einkamála dreginn undan hinum almennu einkamáladómstólum og undir sakadóm. Þetta er varhugavert. Ef til vill er hugsunin sú, að krefjast megi rannsóknar á heimilisfangi fyrir sakadómi, eftir að einkamál er höfðað, en ákvörðun um heimilisfangið verði síðan tekin í einkamálinu sjálfu, þ. e. að sakadómur afli gagna um heimilisfangið, eða þá að kveðið sé á um varnarþing í sakadómi, áður en einkamál er höfðað. Það fær þó varla samrýmzt orðunum.

15. gr.: Það er auðvitað sjálfsagt, að lög nr. 95 frá 23/6 1936 verði felld úr gildi, ef frv. verður að lögum. En hvað er þá um ýmis sérákvæði í gildandi l., er fjalla um heimilisfang beint eða óbeint? Sennilega er hugmyndin sú, að þau falli úr gildi flest a. m. k., t. d. 8. gr. 3. málsgr. útsvarslaganna, nr. 66 1955, sbr. og það, sem segir um framfærslulögin í aths. við 2. málsgr. Hér hljóta þó að rísa mörg flókin lögskýringaratriði.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi þess, að reglur frv. eru á ýmsum sviðum mjög sveigjanlegar og matskenndar, enda verður aldrei hjá því komizt. Er því ljóst, að sá tilgangur frv. að skapa skýrari og fastari reglur en verið hafa næst aðeins að takmörkuðu leyti, og kann þá ávinningurinn að verða vafasamur. Þá er og þess að gæta, að l. ná ekki til félaga eða stofnana. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja samþykkt frv. til bóta að ýmsu leyti.

Einn fyrirvara verður þó að gera. Setning almennra laga um heimilisföng kemur svo víða við og snertir svo ólík svið, að mjög er vafasamt, hvort heildarreglur hæfa. Hér að framan hafa verið nefnd dæmi og mörg fleiri mætti telja. Á sviði réttarfars má t. d. nefna, að þótt skráð heimilisföng eigi að vera marklaus á sviði gjaldskyldu og kosningarréttar, ef heimili er annars staðar í raun og veru, þá má telja eðlilegt, að skráð heimilisfang sé talið rétt varnarþing í dómsmálum. Yfirsýn um það, hver áhrif almennar lögfestar reglur um heimilisfang kunna að hafa á ýmsum sviðum þjóðlífsins og réttarins, skortir alveg. Hún fæst aðeins við mjög ýtarlega og umfangsmikla rannsókn, sem ekki virðist hafa farið fram.

Deildin telur því frv. of víðtækt og varar við því, að það verði samþ. óbreytt. Telur hún, að það ætti að einskorða við heimilisfang á sviði sveitarstjórnarmála. Til greina kæmi og að lögfesta það á sviði gjaldskyldu, en það þarf nánari athugunar. Hennar mundi og vera þörf, ef frv. ætti að ná til heimilisfangs á sviði kosninga, annarra en til sveitarstjórna."

Þannig hljóðar þetta erindi, sem heilbr.- og félmn. barst frá lagadeild háskólans.

Ég vil í stuttu máli minnast á þessar aths. Ég vil fyrst undirstrika það, sem sagt er hér, að „deildin telur, að frv. sé að ýmsu leyti til bóta og lofsverðan þann tilgang þess að skapa skýrar reglur um heimilisfang. Það virðist og hafa tekizt allvel, eftir því sem efni standa til".

Þessi yfirlýsing er fullkomlega jákvæð fyrir frv. En svo koma aðfinnslur. Það er bent á, að þó að frv. verði að lögum, geti það ekki komið í veg fyrir, að úrskurða þurfi við um ýmis atriði. Og hér eru nefnd orðasambönd eins og „ætlar að dveljast", „stunda atvinnu", en einmitt þetta orðalag er tekið upp úr gildandi l., hefur fengið þar hefð og virðist eiga hana allfasta. Og það er sjálfsagt algerlega óvinnandi verk, eins og líka kemur fram í umsögninni, að skilgreina í hverju tilfelli svo nákvæmlega öll þau tilbrigði, sem fyrir kunna að koma, að ekki geti einhver ágreiningur risið, eitthvað verið óákveðið og umdeilanlegt og þurfi að leita úrskurðar um, enda er gengið út frá því í frv., að það sé gert. En með frv. er áreiðanlega mjög mikið fækkað þeim atriðum, sem eru nú mest deiluefni og valda mestum vandræðum í þjóðfélaginu, að því er snertir ákvörðun um heimilisfang. Hér er líka minnzt á það: „dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar". Nákvæmlega þetta orðalag er í l. um framfærslu, þ. e. framfærslulögunum. Sama er um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu. Þar er miðað við 3. gr. Ef menn vilja lesa yfir 3. gr., þá eru þar fram teknar ástæður, nefndar sem dæmi um það, hvað er árstíðabundinn dvalarstaður í því sambandi, og verður, held ég, varla nær komizt, þegar á að undanþiggja vissar dvalir frá, að þær verði til heimilisfestu.

Þá er sagt hér um 7. gr.: „Ákvæðin um, að þjóðskráin skuli skera úr um heimilisfang hjóna, má e. t. v. skilja á þá leið, að 1. mgr. 14. gr. komi þá ekki til." En það er 14. gr., sem ákveður það, að hægt sé að leita úrskurðar, og 1. mgr. er einmitt á þessa leið, sú sem er vitnað til: „Nú leikur vafi á um lögheimili manns skv. lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara." Öll ákvæði frv., sem umdeilanleg gætu orðið, heyra undir það, að þá skuli leitað úrskurðar og megi leita úrskurðar. Það er þess vegna undarlegt, að þessi aths. skuli vera gerð.

Þá er minnzt hér á í sambandi við 8. gr.: „Vafasamt má telja, hvort rétt sé, að fósturforeldrar séu þeir einir taldir, sem enga meðgjöf þiggja." Þegar á að ákveða það, hvað skuli teljast fósturforeldrar, og er ákveðið, eins og t. d. í almannatryggingalögunum, þá er miðað við, að það séu foreldrar, sem hafa börn, sem þeir að vísu eiga ekki, en annast meðgjafarlaust. Og það verður ekki séð annað en á það sé komin hefð, enda væri mjög varhugavert, hygg ég, að miða við annað en þetta. Það væri hart, ef foreldrar, faðir eða móðir, einstæðir foreldrar t. d., gætu ekki komið fyrir börnum sínum með meðgjöf, án þess að þeir, sem þau dveldust hjá, fengju yfir þeim foreldraráð.

Við 9. gr. eru aths. um orðið „dvalizt" og „stunda nám", en eins og ég er búinn að segja, eru það orð, sem hafa fengið hefð.

Og við 11. gr. er það talið eitthvað vafasamt, hvort nógu skýrt sé að tala um „tímabundið trúnaðarstarf" í sambandi við þm. eða aðra, sem starfa að opinberum nefndarstörfum. Ég hygg, að það muni engum vandkvæðum valda að fá þar úrskurði, ef eitthvað þykir vafasamt. En ég hygg, að það þurfi langa leit til þess að geta útilokað það, að hægt sé að telja, að þetta og hitt hljóti að verða matsatriði. Undir flestum kringumstæðum hlýtur margt að verða matsatriði á sviði þessarar löggjafar.

Þá er um 12. gr. sagt, að seinni mgr., að tilkynning um, að lögheimili sé heimili annars manns, verði ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum, sé villandi og jafnvel óþörf. Ég hygg, að þetta sé einmitt mjög eðlilegt ákvæði, vegna þess að fráleitt væri, að menn gætu talið og tekið sér lögheimili án samþykkis þess, sem ræður húsum á því heimili.

Þá er minnzt hér á 14. gr., að orðið „þjóðskrá" sé ekki viðkunnanlegt, en viðkunnanlegra orðalag kynni að vera „þjóðskrárritari". Það er nú svo. Ég skal játa það, að orðið þjóðskrá sem persóna er ekkert skemmtilegt í málinu. En það á margar hliðstæður. Við tölum um, að Landsbankinn fyrirskipi hitt og þetta eða landssamböndin fyrirskipi hitt og þetta. Þjóðskráin er hliðstæð stofnun. Það, sem er óþægilegast við hana í málinu, er, að við erum svo vön því að hafa alls konar skrár fyrir framan okkur, sem virðast ekki vera gæddar nokkru því lífi, sem þarf að vera til þessa, sem hér er um að ræða. T. d. þjóðskráin í þeim samböndum, sem hún er sett hér fram, vinni sín hlutverk. Það er minnzt á þjóðskrárritara í staðinn. Ég hygg, að í l. um þjóðskrá og almannaskráningu sé þjóðskrárritari ekki nein persóna, og þess vegna held ég, að við verðum að sætta okkur við það, þar sem við höfum stofnað með löggjöf til þessa fyrirtækis og falið því verkefni, að miða líka við það í lögum, og það verður ekki langt þangað til venjan mun helga það svo, að það meiði ekki málkennd manna.

Þá er talað hér um það, að 3. mgr. í 14. gr. sé mjög óljós. En nú vill svo einkennilega til, að þessi 3. mgr. er einmitt sett inn eftir ósk Lögmannafélagsins, og þeir hinir lögfróðu menn, sem þar ráða ríkjum, bera ábyrgð á þessari mgr. Ég held líka, að þær aths., sem koma þarna fram hjá lagadeildinni, hafi ekki við svo mikil rök að styðjast, að ástæða sé til þess að tefja málið á nokkurn hátt þeirra vegna.

Þá er aðalathugasemdin, getur maður sagt, sú aths., sem er á þá leið, að lagadeildin telur frv. of víðtækt og varar við, að það verði samþ. óbreytt. Hún segir þrátt fyrir það, þótt hún telji frv. hafa góðan tilgang og hafi tekizt eiginlega vonum framar að semja það, þá vilji hún hafa einn fyrirvara. Hún segir, að setning almennra laga um heimilisfang komi svo víða við og snerti svo ólík svið, að mjög sé vafasamt, hvort heildarreglur hæfa. Nefndin, sem samdi frv. upphaflega, byrjaði á því að hugsa sér að setja inn í l. um sveitarstjórnarmál ákvæði um heimilisfang, eingöngu í sambandi við sveitarstjórnarmálefnin. En hún komst að þeirri niðurstöðu, að það væri of þröngt svið, ef þannig ætti að breyta lögunum um heimilisföng, það væri óheppilegt, blátt áfram óheppilegt, að í þjóðfélaginu giltu ýmiss konar reglur um lögheimili, sem væru ekki fyllilega samhljóða, og þess vegna samdi hún frv. á þessa leið og hugsaði sér það sem grundvöll að annarri lagasetningu, hugsaði sér, að önnur lög gerðu grein fyrir þeim lögfylgjum, sem að stæðu. Frv. er því beinlínis samið til þess að vera svo víðtækt sem það er.

Það er minnzt á það í athugasemdunum, að löggjöfin um lögheimili grípi ekki inn í aðra löggjöf, og það er einmitt af ráðnum hug gert, að hún er ekki látin gera það á þann hátt að segja á nokkurn hátt fyrir um aðrar lagasetningar, en er miðuð við það, að önnur lagasetning byggi á þessum l. Frv. segir ekki fyrir um neinar lögfylgjur, þær sem tengdar eru lögheimili. Önnur lög eiga að gera það, t. d. lög um kosningarrétt. Kosningarréttur er að vísu háður lögheimili, en hann er háður ýmsu fleira. Þess vegna væri það í raun og veru óskipulegra, að lög um heimili færu að bera með sér ákvæði um kosningarrétt. Útsvarslög hafa sín sérákvæði, miðað við lögheimili, en lög um lögheimili eiga ekki sérstaklega, þegar þau eru allsherjarlög, að grípa neitt inn í útsvarslög eða vera með ákvæði, sem snerta þau sérstaklega. Og sama er um skattalög og lög um framfærslu. Þó að lögheimili sé sameiginlegt skilyrði í fjölda sambanda, þá er það þó ekki eitt út af fyrir sig venjulega nægilegt, og þess vegna þarf það sérstakar lögfylgjur í öðrum lögum.

Hér er kvartað um það, að inn í frv. vanti ákvæði um heimili félaga. En nú er það svo um félög, að fyrirskipað er, að þau séu skráð og eigi lögheimili, og þess vegna er ekki ástæða til þess í þessum lögum að fara að skipa þeim fyrir um heimili. Hér er talað um það í athugasemdunum, að óheppilegt kunni að vera, að ekki séu fleiri en eitt lögheimili, þegar t. d. um varnarþing er að ræða, þegar um málshöfðanir er að ræða eða stefnur. En þessi lög breyta á engan hátt þeim ákvæðum, sem eru þar. Áfram verður t. d. fasteignavarnarþing, skuldavarnarþing o. s. frv. Þessi lög eiga blátt áfram miklu frekar að auðvelda bæði þeim, sem þarf að leita réttar síns og stefna, að vita, hvar á að birta stefnur, og einnig að gera hinum auðvelt að vita það, hver réttur hans er í þeim efnum að þola slíkt, þ. e. hvar honum er skylt að taka til greina stefnur og hvar ekki.

Að allvel athuguðu máli ákvað heilbr.- og félmn. að flytja málið áfram og gera engar brtt. við frv. þrátt fyrir hugleiðingar lagadeildarinnar, sem eru, eins og ég þykist hafa sýnt fram á, allmjög óákveðnar. Nm. hafa þó óbundnar hendur sem fyrr að því er brtt.

snertir. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að óhjákvæmilegt sé að setja nýja löggjöf um heimilisföng. Mér virðist lagadeildin líka á þeirri skoðun. Þjóðskráin eða þeir, sem fyrir hana starfa, eru í vandræðum með að vinna verk sín vegna þess, að löggjöfin er svo óskýr og ónákvæm. Sveitarfélögin deila af sömu sökum. Einstaklingar eru í vandræðum með að vita rétt sinn og skyldur í þessum efnum.

Ég bar fyrir hönd heilbr.- og félmn. athugasemdir lagadeildarinnar undir formenn n. þeirrar, er samdi frv. Hann leit svo á, að þær mættu ekki verða til þess að tefja framgang frv. og væru í aðalatriðum jákvæðar fyrir frv., og taldi sig hafa á reiðum höndum fullnægjandi svör við hinu neikvæða í umsögninni, og það virtist mér hann líka hafa. Nefnd hans hefur áreiðanlega gert sér ýtarlega grein fyrir lagasetningunni, og hún hefur unnið það verk, sem lagadeildin telur sig ekki sjá að hafi verið unnið, að rannsaka, hvaða lögfylgjur verða hér, og hún telur sig vissa um það, að frv., þó að það verði að lögum, valdi engum óþægindum á sviði annarrar löggjafar, þvert á móti.

Ég held líka, að frv. sé svo vel gert, að það sé fullkomlega forsvaranlegt að gera það að lögum og láta reynsluna segja til um, hvernig það fellur við löggjöf landsins aðra og lífið í þjóðfélaginu. Ég get ekki séð, að nein hætta sé á, að það raski annarri löggjöf til skaða og mér sýnist einboðið, að lögheimili verði látið vera einnar og sömu merkingar í allri löggjöf, en fráleitt, að fólk eigi tvenns konar eða margs konar lögheimili, eins og umsögn lagadeildarinnar virðist jafnvel mæla með, þegar talað er um að láta lögin eingöngu gilda t. d. fyrir sveitarfélög.

Ég tel fráleitt, að fólk eigi eins konar lögheimili sem gjaldendur, annars konar lögheimili sem kjósendur og þá þriðja lögheimilið í réttarfarsmálum o. s. frv. Það mundi valda miklum glundroða og rugla fólk í ríminu og gera starfsemi þjóðskrárinnar óvinnandi verk og lítils virði á móts við það, sem ætlað var, að hún yrði, og frv. leggur áreiðanlega grundvöll að, að hún geti orðið.

Ég leyfi mér þess vegna eindregið að mæla með því, að frv. verði samþ. og ég tel, að heilbr.- og félmn. öll sé þeirrar skoðunar, þó að hins vegar, af því að hér er um vandasama löggjöf að ræða, hafi hún haft þann fyrirvara að telja sig óbundna, ef koma fram viturlegar brtt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., benti ég á nokkur atriði, sem mér virtist að þyrftu betri eða meiri athugunar við en þau höfðu fengið í meðferð þeirrar n., sem hefur samið þetta frv. til laga um lögheimili. Í millitíðinni hefur svo hv. félmn. sent þetta frv. til umsagnar lagadeildarinnar, og eins og hv. frsm. hefur gert grein fyrir, hefur lagadeildin látið uppi álit um þetta mál. Þess er auðvitað ekki að vænta, að lagadeildin hafi getað gert beinar till. til breytinga, enda er það ekki hennar hlutverk. Hins vegar hefur lagadeildin bent á í umsögn sinni, að það væru nokkur atriði í þessu frv., sem þyrftu meiri athugunar við, áður en það væri gert að lögum.

Ég skal ekki tefja tíma hv. dm. með því að rifja þau atriði upp eða fara að rekja þau. En ég vil aðeins benda á, að það er mjög óvíst, eftir að þetta frv. yrði að lögum, hversu víðtækt gildi það hefði, í hve ríkum mæli það breyti ýmsum gildandi lagaákvæðum um heimilisfang, þar sem ákvæði eru um heimilisfang, eins og t. d. á sviði sifjaréttar, eins og t. d. á sviði réttarfars, eins og t. d. á sviði ýmissa stjórnarfarslegra málefna.

Eg hjó eftir því, að hv. frsm. sagði, að það ætti að gilda ein og sama regla um lögheimili, í hvaða sambandi sem er. Það má vel vera, að það sé rétt. Þó veit ég ekki, hvort það er nægilega rannsakað, að það sama eigi við í öllum tilfellum. En ef það er svo, að það eigi að setja eina og sömu regluna fyrir öll tilfelli, þá verður það að koma ljóst fram í þessum lögum, að það sé meiningin. Ég hygg hins vegar, að það sé alls ekki meiningin með þessum lögum að raska t. d. ákvæðum laga um varnarþing, svo að nokkuð sé nefnt. Það er sú minnsta krafa, sem gera verður í þessu efni, að það verði þá tekið nokkuð ýtarlega fram í niðurlagsákvæði laganna, hver ákvæði væru felld úr gildi með þessum lögum, en í mýmörgum öðrum lögum eru ákvæði um heimilisfang. En svo er það náttúrlega mikil vöntun í þessu lagafrv., þegar skera á úr um heimilisfang, að reyna að gera það auðleystara en áður, einkanlega hvar leggja eigi á útsvör, að það skuli ekki vera nein ákvæði um heimilisföng félaga, en ég hygg, að það sé ekki hvað síst á því sviði, sem vafi og ágreiningur hefur risið.

Ég viðurkenni það fúslega, að þetta frv. stefnir að mörgu leyti í rétta átt, og ég efast ekki um, að það muni að ýmsu leyti verða til bóta. En ég held, að það væru skynsamleg vinnubrögð að láta þetta frv. hvílast á þessu þingi og að stjórnin tæki það til athugunar og nánari endurskoðunar fyrir næsta þing. Ég hef trú á því, að það séu mörg atriði, sem þurfi lagfæringar við og lagfæra má, ef tóm er til þess og því er gaumur gefinn. Ég efast um, hversu mikill ávinningur muni verða af því að knýja frv. fram í þeirri mynd, sem það er nú. Að öðru leyti vil ég ekki leggja stein í götu þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í maímánuði 1958 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og til þess að semja frv. um þau efni. Í þessari nefnd áttu sæti Bjarni Þórðarson bæjarstjóri í Neskaupstað, Björn Fr. Björnsson sýslumaður á Hvolsvelli, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, Jón Guðjónsson bæjarstjóri á Ísafirði og Tómas Jónsson borgarlögmaður í Reykjavík. Þegar þessi nefnd hafði starfað um nokkra hríð, var hún einhuga um að taka þau eiginlegu sveitarstjórnarmál út af fyrir sig, en semja sérstaklega frv. um lögheimili, og það er það frv., sem hér liggur nú fyrir þessari hv. deild.

Í lögum, sem nú gilda, eru hvergi greinileg ákvæði um það, hvar menn skuli eiga lögheimili. Þetta hefur valdið dálitlum óþægindum oft og tíðum, því að í sambandi við lögheimili eru nokkur atriði um réttindi og skyldur þjóðfélagsborgaranna bundin. Það er t. d. kosningarrétturinn, hvar menn eigi hann, það eru ákvæði útsvarslaganna, hvar menn skuli greiða útsvar, það eru ákvæði framfærslulaganna, hvar menn skuli eiga rétt á að snúa sér til sinnar sveitar, sem svo er kallað, en þó er sá réttur ekki eingöngu bundinn við lögheimili, heldur kemur þar einnig til greina, hvort maðurinn hefur áður þurft að leita aðstoðar í því efni eða hvar hann á framfærslusveit, sem svo er kallað.

Þetta lagafrv. er tiltölulega lítið og einfalt, en er ætlað að bæta úr þessu. Þar er því slegið föstu, að heimili manns sé sá staður, þar sem hann eigi bækistöð og dveljist að jafnaði, og þar skal einnig lögheimili hans vera. Í næstu greinum á eftir er svo gert ráð fyrir ýmsum tilvikum, sem tvímælis kunna að orka, og þau skýrð nánar.

Í 7.—11. gr. eru sérreglur um hjón, börn, ungt fólk, námsmenn, sjúklinga o. fl. þess háttar, hvernig þeirra lögheimili skuli ákveðið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta frv. mörgum fleiri orðum, það er ákaflega einfalt og ljóst. Það hefur verið afgreitt í hv. Ed. óbreytt, eins og það var lagt fyrir, og ég vildi vona, að þessi hv. deild gæti einnig lokið afgreiðslu þess, til þess að þau ófullkomnu ákvæði, sem hingað til hefur orðið að bjargast við, þyrftu ekki lengur að duga, heldur yrðu um þetta settar nákvæmari reglur.

Þetta frv. hefur áður verið flutt að ósk þáv. félmrh., en náði þá ekki fram að ganga, það var á síðasta þingi, en er nú flutt á ný óbreytt, eins og það var þá, þegar það var afgreitt frá Ed., sem hafði lokið afgreiðslunni fyrir sitt leyti, er frv. strandaði hér í hv. deild þá.

Ég held, að það séu engin atriði hér, sem þurfi að valda neinum ágreiningi. Frv. hefur farið í gegnum ýmsa hreinsunarelda og verið athugað frá öllum hliðum, þannig að ég held, að það ætti að vera tiltölulega auðvelt mál og einfalt að afgreiða það.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 434).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um lögheimili er samið af milliþn., sem skipuð var af félmrh. á sumrinu 1958. Sú nefnd átti að endurskoða alla sveitarstjórnarlöggjöfina og ákvað, eftir að hún hafði gert sér grein fyrir sínu heildarverkefni, að flytja sérstakt frv. um lögheimili. Þetta frv. var tilbúið rétt fyrir lok síðasta þings og var þá lagt fram að beiðni þáverandi félmrh., en komst þá ekki í gegnum þingið. Nú var það aftur lagt fram í hv. Ed., og hefur frv. farið í gegnum þá deild, að ég held alveg óbreytt.

Heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur fjallað um frv. og kynnt sér það og telur ekki ástæðu til að gera við það neinar brtt., og er n. þannig sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

Ákvæði þau, sem nú eru í lögum um lögheimili, eru óljós, en ákvæði um það er helzt að finna í lögunum um heimilisfang, lögunum um tilkynningar aðsetursskipta og framfærslulögunum, en í þessu frv. eru alltæmandi skilgreiningar á hugtakinu lögheimili. Hin óákveðnu ákvæði, sem í gildi eru um lögheimili, hafa oft valdið ágreiningi milli sveitarstjórna, valdið því, að lögð hafa verið útsvör á menn jafnvel í tveimur eða fleiri sveitarfélögum. Einnig hefur það komið fyrir vegna þessara óákveðnu lagaákvæða, að menn hafa verið víðar en í einu kjördæmi á kjörskrá, og þannig oft verið óvissa um, hvar menn með réttu skyldu teljast hafa lögheimili. Ég hygg, að þetta frv., ef það verður samþ., bæti allverulega úr slíku og fyrirbyggi þess konar ágreiningsmál í mjög mörgum tilfellum.

Heilbr.- og félmn. leggur sem sé til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 468).

43. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 21. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna [84. mál] (þmfrv., A. 160).

Á 40. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna er flutt að beiðni félmrh., og efni þess er það, að bætt skuli einni mgr. inn í 9. gr. laganna um lífeyrissjóð togarasjómanna, um það efni, að iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum.
Rök fyrir því, að þetta frv. er borið fram, eru þau, að í ýmsum tilfellum hafa átt sér stað erfiðleikar um innheimtu þessara iðgjalda, en hingað til hefur engin veðtrygging verið fyrir greiðslu þeirra. Af því leiðir, að hætta er á, að iðgjaldagreiðslur innheimtist ekki og tapist með öllu í ýmsum tilfellum. Frv. er ætlað að koma í veg fyrir, að þetta eigi sér stað, ef að lögum verður. Trygging togarasjómanna er lögboðin, og af því leiðir, að tryggja verður, að tekjur lífeyrissjóðsins heimtist.
Frv. er flutt af nefnd. Er því ekki lagt til, að því verði vísað til n., en einungis, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og félmn. að beiðni félmrh. og fylgdi því svofelld grg., sem er örstutt og ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:
„Komið hafa í ljós annmarkar á ákvæðum laga um innheimtu iðgjalda til lífeyrissjóðs togarasjómanna. Nokkur togarafélög hafa eigi staðið skil á gjöldum, og hefur orðið að innheimta gjöldin með lögsókn. Hafa tveir togarar verið auglýstir til uppboðs vegna vanskila við ýmsa kröfuhafa, þ. á m. lífeyrissjóð togarasjómanna. Er mjög tvísýnt, hvort sjóðurinn nær kröfum sínum, því að skuldir munu allmiklu meiri en eignin. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki tök á því að fyrirbyggja skuldasöfnun, þar sem tryggingin er lögboðin, og þykir því eðlilegt, að hann fái lögveð í hlutaðeigandi skipi."
Til viðbótar má geta þess, að síðan þetta er ritað, hefur komið til uppboðs á einum togara, og er því talið, að aðkallandi sé að fá þetta frv. samþ. sem fyrst, svo að ekki komi til tapa.
Nefndin hefur rætt þetta frv. milli umr. og mælir eindregið með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 452).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 475).

44. Verzlunarstaður við Arnarnesvog.

Á 59. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu [110. mál] (þmfrv., A. 266).

Á 61., 62., 63. og 68. fundi í Nd., 4., 6., 7. og 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 266 að flytja frv. til l. um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu. Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Garðahrepps, eins og fskj. með frv. sýnir. Það er nánast um það, að við Arnarnesvog í Garðahreppi, þar sem er Silfurtún og nágrenni, verði löggiltur verzlunarstaður. Þetta er orðið töluvert mikið þéttbýli og verzlun þegar hafin þarna að einhverju leyti, og þar af leiðandi hefur hreppsnefndin farið fram á þetta. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira, en ég vil óska eftir, að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 12. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 266, n. 401).

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir og flutt er að ósk hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu, er um það, að þéttbýlið við Arnarnesvog í Garðahreppi, sem hefur um 700 íbúa, en í hreppnum öllum eru samtals um 1000 íbúar, verði löggilt sem verzlunarstaður og þar með sem kauptúnshreppur.
Í l. nr. 61 frá 1905 er gert ráð fyrir því, að stjórnarráð Íslands ákveði takmörk verzlunarlóða á löggiltum verzlunarstöðum að fenginni tillögu sýslunefndar, enda er svo fram tekið réttilega í 2. gr. þessa frv., að lög þessi öðlist fyrst gildi, þá er atvmrn. hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar og þau síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.
Allshn. hefur haft frv. þetta til athugunar og var á einu máli um að mæla með, að það yrði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 266. Óskast málinu síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 496).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Garðahrepps, en í því felst það, að Arnarnesvogur í Garðahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. Hér er enn fremur kveðið svo á, að lögin skuli öðlast gildi, þegar atvmrn. hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 frá 1905.
Allshn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Íbúatala innan takmarka þessa verzlunarsvæðis mun nú vera tæplega 700. Þarna er um mjög þéttbýlan og vaxandi stað að ræða og reyndar miklu þéttbýlli en margir aðrir þeir staðir eru, sem öðlazt hafa slíka löggildingu, og því virðist einsýnt að veita þessum stað slíka löggildingu einnig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

45. Sala tveggja jarða í Austur-Húnavatnssýslu.

Á 37. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu [70. mál] (þmfrv., A. 134).

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 134, hef ég leyft mér að flytja eftir óskum sýslunefndarinnar í Austur-Húnavatnssýslu, og eins og hv. þm. geta séð, felur það í sér það eitt, að sýslunefndinni sé heimilað að selja tvær jarðir, sem sýslan er talin eigandi að og eru undir nafninu kristfjárjarðir.

Þannig er háttað um þessar jarðir, að sýslan á í raun og veru ekki annað en landið sjálft, vegna þess að ábúendurnir, sem þar hafa verið, hafa byggt upp á jörðunum. A. m. k. er það svo um jörðina Meðalheim, að þar var byggt upp af ábúanda með miklum kostnaði og ræktað land margfaldað frá því, sem áður var. Nú er það svo, að landverðið er þarna orðið, eins og gefur að skilja, mjög mikill minni hluti.

Það er ósk sýslunefndarinnar að selja jarðirnar og eins ábúendanna að fá þessar jarðir keyptar. En þegar þær voru gefnar í upphafi, var ákveðið, að þær skyldu vera til ævarandi eignar, og svo var um margar fleiri jarðir, m. a. í þessari sýslu, svokallaðar amtmannsgjafajarðir, sem seldar voru fyrir nokkuð mörgum árum samkv. leyfi þáv. dómsmrh.

Varðandi jörðina Hamar í Svínavatnshreppi er svo ástatt, að bærinn þar brann til kaldra kola á síðasta hausti, og er mjög mikil hætta á því, að sú jörð fari í eyði, ef ábúandinn fær hana ekki keypta.

Þessar orsakir liggja til þess, eins og kemur greinilega fram í bréfum sýslumannsins, sem fylgja í afriti þessu frv., að það er langæskilegast, að þessar jarðir séu seldar ábúendunum og það, sem fyrir þær fæst, verði lagt í sjóð, sem sýslan þá á og ætti þá auðvitað aldrei að skerða.

Ég vil að þessari umr. lokinni leggja til, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekkert á móti því, að þetta frv. fari til n. og fái athugun þar. En ég vildi beina því til hv. n. að kynna sér sem bezt, hvernig ákvæði voru í gjafabréfi, sem mun hafa verið gefið út fyrir löngu þessum jörðum viðkomandi. Ég hygg, að ég muni það rétt, að ég hafi heyrt, að jarðirnar hafi verið gefnar upphaflega þessum sjóði af einum þekktum sýslumanni Húnvetninga fyrir löngu, Bjarna Halldórssyni á Þingeyrum. Ég hygg einnig, að það sé þannig, að það sé ákveðið, að jarðirnar megi ekki selja, — ákveðið í því upphaflega gjafabréfi, og mér finnst það líka benda til þess, að svo hafi verið, að það er ekki talið fært að selja þær nema fá um það lög frá Alþ. Nú lít ég svo á, að ef þessu er þannig varið, sé rétt að víkja ekki frá því, sem í þessu upphaflega gjafabréfi stendur, og ég fæ ekki séð, að þess sé heldur þörf. Það ætti að vera hægt að halda jörðunum í byggð, án þess að þær væru seldar. Ég sé ekki betur en það væri hægt að leigja ábúendum jarðirnar á erfðafestu og veita þeim síðan heimild til að veðsetja þær fyrir nauðsynlegum lánum til uppbyggingar, húsabygginga á jörðunum, til þess að þar sé hægt að búa. Þetta sýnist mér, að væri aðferð til þess, að jarðirnar þyrftu ekki að fara í eyði. En ég vil sem sagt aðeins með þessum fáu orðum beina því til hv. landbn., að hún kynni sér málið sem bezt, og ég tel sjálfsagt, að ekki verði vikið frá ákvæðum hins upphaflega gjafabréfs, a. m. k. ekki ef hægt er að komast hjá því, og hygg ég, að það hljóti að vera mögulegt.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það er rétt fram tekið hjá hv. síðasta ræðumanni, að þessar jarðir voru upphaflega gefnar sýslunni með þeim skilyrðum, að þetta skyldi vera ævarandi eign, og eins var ástatt með hinar svokölluðu amtmannsgjafajarðir, sem voru miklu stærri og verðmeiri jarðir, en nú er fyrir löngu búið að selja og með þeim skilmálum, að andvirðið var lagt í sérstakan sjóð í Söfnunarsjóði Íslands og er þar óhreyfanlegt, og þetta var gert með leyfi þáv. dómsmrh. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. síðasta ræðumanni, að það er möguleiki til þess að leigja þessar jarðir á erfðafestu, en það hefur ekki gengið mjög vel með það. Þannig er t. d. um jörðina Meðalheim, sem er stærri og verðmeiri jörð, að ábúandinn, sem þar var um nokkurra ára skeið, byggði þar alveg upp íbúðarhús og peningshús úr steinsteypu, fékk leyfi til þess að veðsetja jörðina og á henni hvíldu orðið og hvíla um 300 þús. kr. Sýslan lagði ekki nokkurn eyri í þetta, og endirinn varð sá, að þessi maður, sem með miklum dugnaði hafði þarna brotizt áfram, missti heilsuna og gat ekki haldið áfram búskap, en varð að selja eignir sínar þarna fyrir þau lán, sem á umbótunum hvíldu, og tapaði þess vegna stórfé.

Nú er þetta mál með mörgum öðrum þýðingarmikið úrlausnarefni og vandamál, sem áreiðanlega kemur fyrir það Alþ., sem nú situr, þegar ábúðarlögin koma til meðferðar, sem væntanlega verður hér á þessu þingi. Ég efast ekkert um það, að hv. landbn. kynnir sér þetta mál rækilega, og aðalatriðin í því eru fram tekin í bréfum sýslumanns Húnavatnssýslu. En ég fæ ekki séð, að það sé ástæða til að halda svo fast í þetta gamla form, að það sé gert á móti vilja allrar sýslunefndarinnar og ábúendanna á þessum jörðum að halda í landið, eftir að það er komið í ljós,

að þeir verða algerlega að taka á sínar herðar kostnaðinn við umbætur á jörðunum. Þetta er ekki neitt einstakt í sögunni um jarðir, sem eru í opinberri eign. T. d. er þetta svo um margar jarðir, sem ríkið á, að þetta hefur orðið hálfgert vandræðamál, og þessi mál öll koma mjög til athugunar í sambandi við ábúðarlögin, sem munu vera afgreidd úr n.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira nú, en vænti þess, að hv. landbn. taki þessu máli með velvilja og afgreiði það á þann hátt, sem sýslunefndin, sem stendur hér öll að, óskar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja um þetta mál, vegna þess að ég er þessum hlutum kunnugri en flestir aðrir.

Það er í fyrsta lagi það, að sýslunefndin óskar að mega selja jarðirnar. Þetta er ekki pólitískt mál heima fyrir, heldur vilji allra sýslunefndarmannanna, og ástæðan er sú, að það er ógerlegt að leigja jarðir nú. Við höfum oft verið í vandræðum með þessar jarðir. Ég átti sæti í sýslunefnd alllengi, og við vorum oft í vandræðum og óskuðum þess að hafa heimild til þess að selja jarðirnar. Ábúðarlögin eru þannig, og það er þannig ástandið í landinu, að það má heita ógerlegt að leigja jarðir. Það er fullerfitt að halda þeim í byggð, þó að bændurnir eigi þær sjálfir. Það varð úr, að leyft var að veðsetja jarðirnar, til þess að hægt væri að byggja upp á þeim. Svo brann íbúðarhúsið, eins og áður hefur verið fram tekið hér, á annarri jörðinni, og það er óvíst, að hægt sé að koma henni í byggð framvegis. Helzt er þó að reyna að selja þessar jarðir, ef þær eiga að haldast í byggð. Ég mun því greiða atkv. með því, að jarðirnar verði seldar, og satt að segja held ég, að ástandið sé þannig í landinu, að það ætti að gera það, sem hægt er, til þess að bændurnir ættu jarðirnar sjálfir, því að þá mundu þeir frekar tolla við búskapinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 63., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 7., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 134, n. 292).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 134, fer fram á það að heimila sýslunefndinni í Austur-Húnavatnssýslu að selja tvær jarðir, sem eru í eigu sýslunnar og hafa lengi verið. Sýslunefndin er á einu máli um að fara fram á þessa söluheimild og leggur á það töluvert mikla áherzlu, eins og fram kemur í þeim bréfum frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, sem fylgja grg. þessa frv. Og ástæðurnar fyrir því, að sýslunefndin leggur á þetta áherzlu, eru þær, að það hefur ekki þótt fært af hálfu sýslunnar að leggja fram svo mikið fé til umbóta á þessum jörðum sem annars mætti kannske telja æskilegt, og er komið svo með aðra þessa jörð, að ábúandinn, sem þar var, lagði þar í mjög dýrar og miklar framkvæmdir, sem hann varð svo að ganga frá með tiltölulega slæmum kjörum, en þeir ábúendur, sem nú eru þar, keyptu framkvæmdirnar, og það, sem sýslan á í jörðinni, er einungis beitilandið og þess vegna mikill minni hluti af verðgildi jarðarinnar. Þessi jörð heitir Meðalheimur í Torfalækjarhreppi. Hin jörðin heitir Hamar í Svínavatnshreppi, og með hana er svo ástatt, að íbúðarhúsið brann þar s. l. haust, og liggur mjög við borð, að jörðin fari í eyði, a. m. k. ef ekki fæst heimild til þess, að ábúandinn, sem þar er, fái hana keypta.

Landbn. hefur haft þetta litla frv. til meðferðar og sent það til umsagnar eftirlitsmönnum opinberra sjóða, eins og fram kemur í nál. frá landbn. Álitsgerð frá þessari n., eftirlitsmönnum opinberra sjóða, fylgir nál. landbn., og þeir fara fram á þá breyt. á frv., að jarðirnar verði metnar af dómkvöddum mönnum og að þeir, þessir eftirlitsmenn sjóðanna, samþykki söluna. Landbn. hefur fallizt á þessa till. eftirlitsmannanna og leggur til, að seinni hluti 1. gr. frv. breytist í samræmi við það, eins og hv. þm. geta séð á nál. landbn.

Ég vil mega vænta þess, að hv. þm. geti fallizt á það með landbn. að samþ. þetta litla frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér skilst, að hér sé um að ræða jarðir, sem eru ekki í eigu sýslunnar eða hreppsins, ef ég skil rétt, heldur kristfjárjarðir, og með þessu sé um það að ræða að gefa sýslunefndinni heimild til þess að selja þær. Það eru nokkur ár síðan hér var til umr. frv. um að gefa slíka almenna heimild, sem ég held að hafi ekki farið í gegn þá, og það er ástæða til þess, að þetta mál sé athugað nokkru ýtarlegar en enn hefur verið gert. Ef það er rétt hjá mér hvað þessar jarðir snertir, og ég er raunverulega ekkert að tala um þetta út frá þessum tveimur jörðum sérstaklega, heldur almennt út frá þeim svokölluðu kristfjárjörðum, þá er þarna um að ræða jarðir, sem á sínum tíma, mestmegnis fyrir allmörgum öldum, hafa verið gefnar og ekki hefur mátt selja eða jafnvel ekki veðsetja, þó að undanþágur hafi nú verið gefnar um það, og þess vegna alltaf verið talið orka tvímælis, að hve miklu leyti ríkið hefði beinlínis heimild til þess að ráðstafa þessum jörðum.

Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt í sambandi við alla þá stefnu, sem tekin er nú hvað eftir annað bæði í sambandi við sölu á ríkisjörðum, sem þó verður ekki efazt um að ríkið hefur full umráð yfir að gera við það, sem það vill, og kristfjárjörðum og öðrum slík-

um, að ræða mjög alvarlega þá pólitík í heild að vera að ráðstafa úr eigu ríkisins eða þá úr eigu slíkra sjóða, sem hugsaðir eru eins og hálfgerðir eilífðarsjóðir, eins og kristfjárjarðirnar áttu að vera, og til einstaklinga þessum sérstöku verðmætum, sem jarðirnar eru. Ég held, að það sé engum efa bundið, að við förum að lenda í vandræðum með þá pólitík að viðhalda slíkum einstaklingseignarrétti á jörð, að jarðirnar gangi kaupum og sölum. Það skapar sífellda erfiðleika fyrir bændur, erfiðleika, sem sérstaklega koma í ljós, þegar sá gamli bóndi deyr eða hverfur frá og þeir nýju þurfa að taka við. Og þegar þeir, sem taka við, þurfa að fara að kaupa þessar jarðir, þurfa að fara að fá jafnvel lán til þess að kaupa þessar jarðir, ég tala nú ekki um, þegar verið er að skipta kannske á milli margra systkina, þá skapar þetta bókstaflega grundvöll að þrældómi fyrir bændurna við það að þræla fyrir ímynduðum einstaklingseignarrétti á jörðinni, sem gerir þeim síðan miklu erfiðara fyrir að hugsa um jörðina, bæta hana og erfiðara fyrir að njóta þeirra afurða af jörðinni, sem þeir með vinnu sinni skapa.

Það er þess vegna engum efa bundið, að það er skammsýni af okkur að vera að ráðstafa þeim jörðum almennt séð, sem enn þá eru í slíkri einhvers háttar opinberri eigu, til einstaklinga kvaðalaust. Það þarf áreiðanlega miklu frekar að endurskoða þessi mál og reyna að finna út aðferð, sem geri bændum mögulegt að njóta allra þeirra lána, sem þeir þurfa að fá til þess að geta rekið sinn búskap, án þess að þeir þurfi að veðsetja jörðina. Ég ræddi nokkuð um þetta fyrir nokkrum árum í sambandi við lagafrv., sem þá lá hér fyrir um að breyta með lögum frá Alþingi gjafabréfi því, sem ég held Helgi bóndi í Þykkvabæ hafi gefið í kringum 1913, þar sem hann gaf hreppnum jörð sína með því skilyrði, að afkomendur hans mættu njóta þar ábúðar, en aldrei mætti veðsetja jörðina. Þá lét ég þá skoðun í ljós, að það hefði verið nær fyrir ríkið að breyta öllum veðsetningarreglum en að afmá þá kvöð á þeirri jörð, að það mætti ekki veðsetja hana. Ég get satt að segja ekki séð því neitt til fyrirstöðu í sambandi við þessi mál, að bóndi á einni jörð geti fengið slík lán út á sitt nafn án þess að þurfa að veðsetja jörð, án þess að það væri hægt að veðsetja jörð, og ég álít, að okkur bæri yfirleitt að taka upp þá stefnu í þessum efnum að reyna að fría jarðirnar sjálfar við allt, sem heitir veðsetning, og allt, sem heitir raunverulega sala, þannig að þeir menn, sem þær yrkja og á þeim búa, geti notið þeirra án þess að þurfa nokkrum tíma að leggja í að greiða þau gjöld, sem vextir, afborganir og annað slíkt, ekki sízt af uppsprengdu jarðarverði, eru.

Það hefði þess vegna verið ákaflega æskilegt, að þessi mál hefðu verið tekin fyrir í heild og Alþ. hefði athugað, hvort ekki ætti þarna að breyta um stefnu. Það má segja, að þetta hafi á ýmsan hátt verið auðveldara, á meðan reynt var að viðhalda þeirri reglu, að öll lán, sem veitt væru út á jarðir eða til bænda út á jarðirnar með veði í þeim, væru með sérstaklega góðum kjörum og lágum vöxtum. Þetta breytist náttúrlega mjög mikið, þegar sá háttur er tekinn upp, að háir vextir séu reiknaðir af slíkum lánum. Þá fer þetta út á það, sem var komið alllangt á árunum 1933 og 1934, að hinn raunverulegi eignarréttur bændanna í jörðinni er orðinn ímyndun, en þeir raunverulegu eigendur eru orðnir bankarnir, eins og var í kringum 1934, þegar helmingurinn af öllu því jarðaverði samkv. fasteignamati, sem þá var á Íslandi, var jafnframt skuld bænda við bankana.

Það er vel skiljanlegt, að einstakir bændur þurfi á því að halda að geta byggt á jörðum, starfrækt búskapinn á þeim og annað slíkt, án þess að eiga á hættu að vera svo að segja reknir burt með þetta. Ég held, að það hljóti að vera hægt að finna aðferðir til slíks. Nýlega vorum við hér að ræða lögin um ættaróðal, og þau lög, eins og þau voru upphaflega hugsuð, voru raunverulega tilraun til þess að gera jarðir, ákveðnar jarðir, að eins konar sameign ætta, þannig að þær gengju í ætt og yrðu ekki lagðar sérstakar byrðar á þessar jarðir og ábúendur þeirra, sem ef til vill neyddu ábúendurna til þess að selja þær, út frá erfiðleikum, sem þeir lentu í. Það var sem sé tilraun til þess að bjarga þeim sem áframhaldandi sameign ættarinnar undan þeim viðskiptalegu reglum, sem kapítalisminn skapar hvað veðsetningu á jörðum, jarðarverð og jarðarsölu snertir, sem sé að reyna að halda ákveðnum jörðum, í þessum tilfellum ættaróðulunum, utan við þá viðskiptalegu hringiðu, sem nútímaviðskipti skapa í þessum efnum og eru ótvírætt skaðsöm fyrir jarðirnar og ábúendur þeirra, eins og margir af þeim vitrustu bændum á Íslandi sáu, þegar auðvaldsskipulagið var að byrja hér, og m. a. kom fram í gjafabréfi Helga frá Þykkvabæ 1913, ef ég man rétt.

Ég held þess vegna, að það ætti, ef vel væri leitað, að vera hægt að finna form, sem gerði mögulegt, við skulum segja í tilfellum eins og þessum, að tryggja bændum áframhaldandi jafnvel erfðaábúðarrétt á jörðum, afhenda þeim hann, semja við þá um hann, en selja ekki jarðirnar. Það hlýtur svo að segja undir öllum kringumstæðum að koma bónda og hans afkomendum í sama stað niður, ef honum er tryggður slíkur erfðaábúðarréttur, eins og þó að hann heiti eigandi jarðarinnar, en skapar hins vegar það festuleysi, sem nútímabrask allt saman skapar í þessum efnum, þegar farið er að láta þessar jarðir ganga kaupum og sölum.

Ég er yfirleitt á móti þeirri stefnu, sem ríkt hefur síðustu árin, að selja ríkisjarðirnar, þó að ég hafi vitað, að það þýddi ekki sérstaklega að berjast á móti því, sérstaklega ekki á meðan ekki væri þá hægt að ná samkomulagi um ákveðið annað form, sem bændunum

yrði dýrmætara og betra en einstaklingseignarrétturinn á jörðinni er, með öllu því braski, sem honum fylgir núna, og með því, hvernig það íþyngir þeim, sem við jörðinni eiga að taka, afkomendum bóndans.

Þetta eru þess vegna meira almennar hugleiðingar út frá þessum tilfellum. Ég þykist vita, að þær hafi máske ekki mikið gildi upp á afgreiðslu þessa frv., en vildi þó á þetta benda. En svo er hitt, af því að ég er þessu máli ekki það vel kunnugur: ef það er rétt hjá mér, að þarna sé um kristfjárjarðir að ræða, en ekki beinlínis jarðir, sem séu í eigu sýslunnar, þá komum við að hinu spursmálinu, hvort ríkið hefur nokkra heimild til þess að gera þessar ráðstafanir, og það þætti mér vænt um að fá nánari upplýsingar um hjá hv. frsm. landbn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., fór ég fram á það við hv. landbn., að hún kynnti sér skilmála, sem fylgt hefðu þessum gjöfum frá þeim aðilum, sem gáfu þær á sínum tíma. Ég veit ekki, hvort hv. nefnd hefur gert þetta, en ég hef ekki orðið var neinna upplýsinga frá henni um þetta atriði. Það er ekkert að því vikið í nál., og ekki var heldur á það minnzt í framsöguræðu hv. frsm. hér áðan. Ég hygg, að þetta sé þannig, að samkvæmt gjafabréfunum sé óheimilt að selja jarðirnar, það sé einmitt þess vegna, sem þetta frv. sé borið fram og farið fram á, að Alþingi ákveði, að heimilt sé að selja þær þrátt fyrir slík ákvæði í gjafabréfunum.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. og vil nefna það enn, að þegar um slíkt er að ræða, þá tel ég, að það eigi ekki að víkja frá fyrirmælum gefenda, nema þess sé brýn þörf eða það sé óhjákvæmilegt. En ég get ekki fallizt á, að svo sé.

Ég tel alveg víst, að umráðamenn þessara jarða eða stjórnendur sjóðsins, sem á þær, hefðu að undanförnu getað leigt þessar jarðir á erfðafestu og þá með þeim skilmálum, að leiguliðar kostuðu nauðsynlegar umbætur á jörðunum, bæði húsabætur og ræktun, án þess að sjóðurinn þyrfti að leggja fram fé til þess, enda hann ekki þess megnugur. Þá þyrfti að sjálfsögðu að veita heimild til þess að veðsetja jarðirnar fyrir umbótalánum, og það er annað mál. Ég sé ekkert athugavert við það. Þannig er það nú með jarðir í opinberri eigu yfirleitt, að ábúendur hafa undanfarið fengið leyfi til þess að veðsetja þær fyrir lánum hjá sjóðum Búnaðarbankans, og þeir hafa getað tekið þar lán til umbóta eftir sömu reglum og sjálfseignarbændur. Ég er ekki í vafa um, að þannig væri hægt að byggja þessar jarðir og þess vegna óþarft að víkja frá fyrirmælum gefendanna og heimila sölu á jörðunum.

Brtt., sem nefndin flytur, er, að því er mér virðist, til leiðréttingar á frv. og ekkert við hana að athuga. En a. m. k. meðan ekki koma nýjar upplýsingar í málinu, tel ég, að þd. eigi ekki að fallast á þetta frv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég skal ekki fara mikið í það hér í sambandi við þetta frv. að ræða um stefnur í jarðeignamálum, því að það gæti orðið nokkuð langt, enda þótt ræða hv. 3. þm. Reykv. (EOl) gæfi nokkurt tilefni til þess. En það mál hefur verið mjög til meðferðar hér á undanförnum árum og einkum á tímabili á fjórða tug þessarar aldar, og yfirleitt hefur það orðið ofan á hér á hv. Alþ. og á meðal þjóðarinnar, að það væri heppilegasta leiðin, að hver ábúandi ætti sína jörð. Það er kunnugt, að ríkið á töluvert mikinn hóp af jörðum, sem stjórnað er af jarðeignadeild ríkisins og heyrir undir jarðakaupasjóð, en mér er nokkuð kunnugt um það sem áður starfandi manni í fasteignamati, að það er hér um bil gegnumgangandi regla, að jarðirnar allar, sem eru í opinberri eigu, eru verst setnar af öllum jörðum í landinu.

Varðandi þessar tvær jarðir, sem báðar eru litlar jarðir og ekki mjög verðmiklar, a. m. k. önnur þeirra, — það eru orðnar töluvert verðmiklar umbætur á hinni, eins og ég gat um áðan, — þá skýrði ég nokkuð frá aðstöðunni með þær og þeim vilja, sem fram kemur hjá sýslunefndinni í Austur-Húnavatnssýslu, sem er alveg einhuga í þessu máli, að það er síður en svo, að það séu meiri líkur til þess, að auknar verði umbætur á þessum jörðum, ef þær eru áfram í eigu sýslunnar, meira að segja nokkurn veginn víst, að önnur þeirra fari í eyði á þessu vori, ef ekki fæst heimild til þess að selja hana samkv. þessu frv.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. gat um, að þessar jarðir heita kristfjárjarðir. En þær eru eigi að síður eign Austur-Húnavatnssýslu. Þær eru gefnar þannig, að það sé sýslan, sem á þær. Og hv. landbn. hefur athugað þetta mál allrækilega og borið saman við þau lög, sem um þetta gilda, og það, sem sérstaklega er ástæða til að vitna í, er það, sem ég gat um í minni framsöguræðu, að eftirlitsnefnd opinberra sjóða hefur athugað þetta mál og mælir með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem hún leggur til. Í áliti þeirra segir svo:

„Eftirlitsnefnd hafa á liðnum árum borizt nokkrar slíkar beiðnir. Hefur þeim jafnan fylgt mat dómkvaddra manna og stundum tilboð um hærra verð en matsmenn höfðu ákveðið. Nefndin hefur jafnan, að þeim upplýsingum fengnum og öðrum, er hún hefur getað aflað sér, veitt samþykki sitt til sölu. Eru nefndinni ljósir þeir erfiðleikar, sem á því eru fyrir sjóðina sem landeiganda að uppfylla þær skyldur, sem inna ber af höndum gagnvart leiguliða."

Ég legg áherzlu á og undirstrika þessi orð eftirlitsnefndar opinberra sjóða, að það hefur reynzt svo, að í þessu tilfelli sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur ekki talið sér það fært og ekki gert það að uppfylla, svo sem annars mætti ætla, þær skyldur, sem gert er ráð fyrir varðandi umbætur, en hins vegar leyft leiguliðunum að veðsetja jarðirnar fyrir umbótum. Þess vegna er það, að það gildir alveg sama regla um þessar tvær litlu jarðir

og almennt gerist um ríkisjarðir, að meðan þær eru í opinberri eigu, eru miklu meiri örðugleikar á því, að þær séu vel setnar og gerðar á þeim þær umbætur, sem æskilegt er, heldur en ef jarðirnar eru í eigu ábúendanna sjálfra.

Nú er ástandið um jarðasölu ákaflega mikið breytt frá því, sem verið hefur á undangengnum áratugum. Á öllu tímabilinu frá því um aldamót og ég hugsa fram um 1955, allt að því, þá hefur verið kapp eftir að fá keyptar jarðir og töluverð eftirspurn eftir þeim. Nú er þetta gersamlega breytt, því að ég hygg, að það sé almennasta reglan, að nú sé ekki hægt að selja neina jörð. Ég hef talað við fasteignasala, sem hafa á hendinni töluvert margar jarðir, og þeir segja mér, að það séu engir möguleikar á að selja þær, ef eigi að selja þær á frjálsum markaði.

Hér er farið fram á það með þessar tvær litlu jarðir, að þær séu seldar eftir mati dómkvaddra manna, og mér þykir það mjög undarlegt, ef hv. Alþ. ætlar að fara að setja fótinn fyrir þessa beiðni, með tilliti til þess, að það sé stefna einhverra manna hér innan sala þingsins, að það sé heppilegasta leiðin, að ríkið eða það opinbera, héruðin eða bæjarfélögin, eigi helzt allar fasteignir. Ég hefði haldið, að sú stefna ætti ekki svo mikið fylgi hér innan sala þingsins, að það væri þess vegna ástæða til að setja fótinn fyrir þetta litla frumvarp.

Um það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) vék að, að það hefði verið hægt að byggja þessar jarðir á erfðafestu, þá hefur það ekki verið gert og ekki verið um það sótt. Ábúandinn, sem var á Meðalheimi um nokkur ár, var frábærlega duglegur maður og gerði þar stórkostlegar umbætur. Hann missti heilsuna og varð að fara þaðan burt, og þeir, sem þar eru nú, hafa ekkert um það sótt að fá erfðafestu, en þeir óska mjög eftir að fá beitilandið keypt, því að það er ekkert annað en beitilandið, sem er þar eftir, sem sýslan á. En eins og ég tók fram áðan, er það svo varðandi hina jörðina, Hamar, að það eru allar líkur til þess, að hún fari í eyði á þessu vori, ef þessi heimild verður ekki samþ., og meira að segja ekki alveg víst, að það sé tryggt, að ábúandinn vilji ganga að þeim kostum, sem fram á er farið í þessu frv.

Hér er þess vegna um svo mikið smámál að ræða, að mér þykir mjög undarlegt, ef hv. Alþ. getur ekki fallizt á það með landbn. að samþ. þetta frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem fram kom í síðari ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm). Hann sagði, að þær jarðir væru verst setnar, sem væru í opinberri eigu og leigðar út af því opinbera. Ég veit ekki, hvernig það er í hans sýslu, þar sem hann á heima, en í þeirri sýslu, þar sem ég á heima, er allt aðra sögu að segja. Þar eru að vísu hlutfallslega mjög fáar jarðir í opinberri eigu, en það er langt frá því, að það sé verr búið á þeim jörðum eða þær verr setnar en aðrar jarðir í sýslunni. Ef nokkuð er, þá er frekar það gagnstæða, — ég hygg, að búskapurinn á þeim jörðum sé yfir meðallagi.

Ég vildi láta þetta koma fram og mótmæla þessari kenningu eða þessari fullyrðingu, sem hér kom fram um, að þeir, sem eru leiguliðar á ríkisjörðum, sitji sínar jarðir miklu verr en aðrir menn. Það er a. m. k. langt frá því, að það sé algild regla, — langt frá því.

Ég sé ekki frekar en hv. 2. þm. Norðurl. v. ástæðu til að fara að ræða hér um stefnur í þessum málum. Það, sem gerir það að verkum, að ég vil ekki fylgja þessu máli, er, að ég tel, að það eigi ekki að brjóta gegn fyrirmælum hinna gömlu sýslumanna Húnvetninga, sem gáfu þessar jarðir, ég sé ekki, að það sé nein þörf að brjóta gegn þeim, og þess vegna eigi ekki að gera það. Ég tel alveg víst, að það væri mögulegt að leigja þessar jarðir, ef stjórnendur sjóðsins gefa mönnum kost á því að fá þær á erfðafestu, eins og ég hef áður vikið að. A. m. k. vil ég, að sú leið sé reynd, áður en Alþ. fer að rifta fyrirmælum í þessum gömlu gjafabréfum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v., frsm. landbn., ræddi hér nokkuð um það, að þær jarðir, sem væru í opinberri eigu, væru yfirleitt verst setnar og það áttu að vera rök fyrir því, að það væri ekki heppilegt, að jarðir væru í opinberri eigu. Ég ætla ekkert að bera brigður á þessa fullyrðingu hjá honum. En ráð við slíku er auðvitað, að ríkið sjálft breyti þar um stefnu og sjái til þess og búi þannig að þeim mönnum, sem ríkisjarðir hafa á leigu, að aðbúnaðurinn að þeim ábúendum, sem þar eru, sé verulega góður, og tryggi þeim, ef þeir óska eftir því, erfðarétt á sinni jörð.

Ég veit ekki, hvort það er svo fjarri lagi að ræða um eignarréttinn á jörðum í sambandi við þetta, og hv. 2. þm. Norðurl. v. þarf ekkert að undrast, þótt slíkar umr. hefjist. Það hafa verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir og það einmitt sérstaklega af þeim mönnum, sem hafa talið sig aðalforvígismenn bændastéttarinnar og það í Sjálfstfl., til þess að afnema einstaklingseignarrétt á jörðum, til þess að tryggja þar með bændur og þeirra afkomendur, að þeir geti notið jarðanna, sem þeir búa á, en jarðirnar lendi ekki í braski. Alveg sérstaklega sá þm., sem hér átti lengi sæti fyrir Skagafjarðarsýslu, Jón Sigurðsson á Reynistað, og sat hér, eins og við munum allir, áratugum saman á Alþ. og var orðinn einn af elztu þm. hér, hann hafði alltaf sérstaklega beitt sér fyrir þeim málum, sem snertu ættaróðulin, og öll löggjöfin um ættaróðul er ekki annað en tilraun til þess að forða bændum og þeirra jörðum frá þeim vandræðum, sem hljótast af braskinu í venjulegu verzlunarþjóðfélagi. Og þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þetta kemur upp og það í svo að segja miðri þróun kapítalismans á Ís-

landi á 20. öld. Þetta hefur verið að gerast allan þann tíma, sem Ísland hefur verið byggt. Það hefur verið leitazt við að losa bændurna og þeirra afkomendur undan því að þurfa að vera alla sína ævi að borga afgjald af jörð, sem bóndi jafnvel verður að kaupa t. d. af sínum systkinum, svo að maður tali nú ekki um, þegar hann verður að kaupa hana af einhverjum öðrum jarðeigendum. Og við þetta miðuðust þessar mjög viturlegu ráðstafanir, sem t. d. ég minntist á áðan í sambandi við gjafabréf Helga í Þykkvabæ, við þetta miðaðist öll löggjöfin um ættaróðulin, og við þetta hefur auðsjáanlega líka miðazt sú hugmynd, sem vakti fyrir þeim mönnum, sem gáfu jarðir sínar upphaflega einhverri slíkri stofnun, sem var þannig um háttað, að það mátti ekki selja þær.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. segir, að þessar jarðir séu í eigu Austur-Húnavatnssýslu. Ég held, að það sé ekki rétt. Í þeirri skýrslu, sem lögð var fyrir Alþ. 1952, eru báðar þessar jarðir meðal þeirra kristfjárjarða, sem þar eru taldar upp og eru raunverulega það, sem kallað mundi vera í eigu Krists eða kristfjárjarðir, það er á þskj. 258 1952. Þar var birt yfirlit yfir þær jarðir, sem kallaðar voru kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign, og þar er bæði Meðalheimur og Hamar í Húnavatnssýslu, þannig að þarna er því ekki um að ræða jarðir, sem eru í eigu sýslunnar, heldur jarðir, sem eru aðeins í vörzlu hennar. Og meginið af þeim jörðum, sem þarna er um að ræða, — þær voru allar taldar upp einmitt þá, — það eru jarðir, sem hafa verið gefnar, líklega allt frá því á 14. öld og fram á 17. öld, og alltaf með þeim skilyrðum, að þær megi aldrei selja. Í þeim umr., sem þá fóru fram um þetta mál, vitnaði ég í gjafabréf, sem við höfðum þá aflað okkur upplýsinga um, og það var t. d. einmitt í sambandi við jörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu. Stendur í gjafabréfinu, með leyfi hæstv. forseta: „Skal jörðin með kúgildum og öllu því, sem henni með réttu tilheyrir, vera ævinlegt kristfé héðan í frá.“ Þessar jarðir hétu ýmist kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Og þetta var ekki aðeins í sambandi við kristfjárjarðir, það eru fleiri jarðir, sem svona háttar um. Þar er t. d. í sambandi við Jóns Sigurðssonar legatið til þurfamanna innan Eyjafjarðarsýslu, þá er tekið fram í því gjafabréfi, að jarðirnar megi aldrei seljast eða á neinn hátt lógast, og meðal þess, sem gjafasjóður Jóns Sigurðssonar í Eyjafjarðarsýslunni á, eru t. d. aðrar eins jarðir og Kristnes og Hvammur, sem er líka góð jörð, og allmargar fleiri jarðir, þannig að þarna er því um að ræða jarðir, sem hafa verið og eru nú ýmsar þeirra mikils virði, þó að það eigi kannske ekki við um þær jarðir, sem þarna er um að ræða, en hefðu verið orðnar lítils virði, svo framarlega sem þær hefðu verið seldar á sínum tíma.

1953 var lagt hér fyrir stjórnarfrv. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, þar sem eiginlega var ákveðið að leggja alveg þennan þátt niður og láta þessar jarðir ekki vera lengur til og láta ríkið geta ráðstafað þeim, leyfa ráðh. að leyfa ríki og sveitarstjórn að selja slíkar jarðir. Þetta frv. mætti allmiklum mótmælum hér í Nd., og það fór svo um þetta stjórnarfrv., að það var ekki afgreitt frá Alþ., þannig að það eru ekki til, svo að mér sé kunnugt um, nein almenn lög um þetta mál núna. Hér er sem sé um það að ræða, að ákveðnir menn hafa fyrir nokkrum öldum gefið þessar jarðir fyrir sálu sinni í sambandi við þá trú, sem þeir þá hafa haft, bæði hvað gott það væri fyrir þeirra eigin sáluhjálp og hvað ábúendum jarðanna vegnaði bezt við. Hér er þess vegna um lagalegt spursmál að ræða, hvort ríkið hefur nokkurn rétt til þess að ráðstafa þessu, hvort við höfum nokkurn rétt til þess með lögum að taka slíkar ákvarðanir. Það er lagt þarna til að stofna sérstakan sjóð, kristfjársjóð. Það er engum kunnara en hv. þm., ekki sízt þm. stjórnarliðsins, sem gert hafa nú nýlega alveg sérstakar ráðstafanir til þess að fella verðgildi peninga á Íslandi, að verðgildi peninga hefur verið ákaflega fallvalt, ekki bara á þessum síðustu og verstu tímum, heldur á undanförnum áratugum og öldum. Löngum hefur þó verðgildi jarða verið a. m. k. allmiklu fastara, og svo mikið er víst, að ég held, að hv. 2. þm. Norðurl. v. flytji sjálfur hér frv. um að athuga að taka upp gamla landaureikninga og annað slíkt, þannig að það er alveg greinilegt, að hann hefur það algerlega á meðvitundinni, að peningagildi nútímans er allfallvalt, en jarðagildi og það verðgildi, sem forfeður okkar miðuðu við og reiknuðu eftir um margar aldir, var allfast. Ef þess vegna lagt er til að breyta jörðum, sem hér er um að ræða, og þeirra gildi í fallvalt nútíma peningagildi, er verið að gera algera breyt. á þeim tilgangi, sem upphaflega vakti fyrir gefendum þessara jarða, og efni gjafabréfsins. Það er engum efa bundið, að þeir voru að bjarga þessum jörðum undan fallvaltleik peningagildisins. Við höfðum mörg dæmin, og í þeim umr., sem ég ætla ekki að fara að rekja hér, en fram fóru um þetta í þessari hv. d. 1953, voru dæmin tekin annars vegar af þeim jörðum, sem seldar voru um 1900 og nokkru eftir 1900 og síðan andvirði þeirra lagt í sérstakan sjóð, sem vissir flokkar hér á Alþ. hafa unnið mjög dyggilega að því að gera að engu, en þar sem jarðirnar hins vegar hafa haldizt, þar eru þær eign.

Og við, sem staddir erum hér í Reykjavík, þurfum ekki annað en líta í kringum okkur til þess að sjá, hvers konar óskaplega vitleysu er búið að gera frá þjóðfélagsins sjónarmiði með því að hafa selt þær jarðir og jarðaparta, sem höfuðborgin nú er byggð á, í einstakra manna eigu á sínum tíma, og skapa þannig með því braskgildi, sem síðar hefur komið á þær jarðir, alveg óskaplegar álögur á hendur þeim mönnum, sem hér eru t. d. að byggja hús. Ég man alltaf eftir því, hvað mig rak í

rogastanz, þegar ég fór að athuga fasteignamatið í Reykjavík 1932 og þegar öll þau hús, sem þá voru í Reykjavík, — og þá var fasteignamatið nokkuð rétt, — voru metin á 68 millj. kr., en jörðin hér í Reykjavík, sem þessi hús voru reist á, var metin á 32 millj. kr. M. ö. o.: braskverð á lóðunum hér í Reykjavík metið á meira en helminginn af allri þeirri vinnu og öllu því afli, sem það hafði kostað að byggja þau hús, sem í Reykjavík voru. Þetta sýnir okkur, hvað óskaplega vitlaust það er frá þjóðfélagsins sjónarmiði að ráðstafa þessum jörðum þannig, að að lokum lendi það út í braski, sem þýðir það, að farið er að selja lóðir rándýrt, og slíkur einstaklingseignarréttur, sem aðeins verður raunverulega braskeignarréttur, verður til þess að íþyngja öllum framkvæmdum og leggjast sem skattur, næstum því eins konar landsaðall, á allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru í þjóðfélaginu. Ég álít það satt að segja mikinn galla. Í hvert skipti sem hér eru gerðar ráðstafanir, þegar ríkið er að selja meira að segja kaupstöðum eins og Vestmannaeyjum, Kópavogi og öðrum slíkum jarðir ríkisins, þá á að setja inn í slík lög ákvæði um, að slíkir kaupstaðir megi ekki selja þessar lóðir og lendur aftur, þær skuli vera eign þeirra, vegna þess að við vonumst allir saman eftir því þrátt fyrir stefnu núverandi ríkisstj., að þetta land eigi eftir að byggjast, en ekki eyðast, og hér eigi eftir að verða mjög víða mikið þéttbýli, og þá mundi slíkur einstaklingseignarréttur á jörð alltaf vera þar til trafala.

En við erum í þessu sambandi ekki að ræða um það, þó að enginn skuli segja, hvar þéttbýli kynni að vaxa upp. Hér erum við hins vegar að ræða um þá hlið, sem að bændum sjálfum og þeirra afkomendum snýr. Ég held, að það hefði þess vegna verið miklu réttara að reyna að finna þarna út aðferð með að skapa slíkum bændum framtíðarábúðarrétt, erfðaábúðarrétt, en ekki að selja þeim jarðirnar, veita þeim allar þær tryggingar, sem þeir þurfa að fá til þess að geta byggt á þessum jörðum, geta húsað þær vel, geta notað þær, geta látið þann ábúðarrétt ganga í erfð til þeirra afkomenda og þannig að öllu leyti tryggt þeim vinnandi bónda á jörðinni hin beztu afnot af henni og afkomendum hans líka, en um leið losað hann og hans afkomendur við alla þá hættu, sem fylgir því að innleiða brask einstaklingseignarréttarins í sambandi við jörðina.

Þetta er sú hlið, sem snýr að bændunum, sem eiga að hagnýta þessar jarðir, en svo er þá að síðustu sú hliðin, sem snýr að þeim, sem ráðstafaði þessari jörð á sínum tíma á þennan máta. Með þeirri afstöðu, sem enn er gagnvart eignarréttinum í þjóðfélaginu og ráðstöfunum manna, þá álít ég að menn hafi ekki heimild til þess að breyta þeirra ráðstöfunum. Það að breyta þeirra jörðum í peninga er sama sem að fleygja þeim. Ég álít þess vegna, að það sé ekki leyfilegt fyrir okkur að gera þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, og mun þess vegna vera á móti þessu frv., en álít hins vegar, að landbn. ætti að taka þetta frv. til ýtarlegri meðferðir en nefndin nú þegar hefur gert, og hún mætti gjarnan hafa til hliðsjónar, að svo miklu leyti sem hún vill halda fast eða meiri hluti hennar við sína afstöðu, þær breyt., sem gerðar voru á l. eða lagafrv., sem ríkisstj. flutti hér 1953 um sölu á kristfjárjörðunum. Það voru mjög ýtarlegar breytingar og voru einmitt gerðar af n., eftir að frv. kom fram og eftir að það hafði verið rætt allýtarlega við 1. umr., og meira að segja þrátt fyrir þær breyt. hafði frv. samt ekki fengið náð fyrir augum Alþingis. Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess, að hv. landbn. athugaði betur sinn gang, til þess að hér væri ekki verið að gera ráðstafanir, sem væru í senn ólöglegar og rangar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir, að ég mundi tala í þessu máli, því að frsm. n., hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), er svo vitur maður og rökfimur, að ég reiknaði ekki með, að ástæða væri fyrir mig að taka til máls í þessu máli. En það hafa vafizt inn í þessar umr. ýmis atriði, sem koma þessu tiltölulega lítið við.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) virðist taka þetta sem stefnumál, þannig, að hér sé um eitthvert stórmál að ræða viðvíkjandi eignarrétti jarða yfirleitt. En meðan þetta þjóðskipulag, sem við búum við, er eins og því er varið nú, að þar er eignarrétturinn yfirleitt virtur og það er talið hentugast, að menn eigi það, sem þeir þurfa að nota, þá hefur það lítið að segja, hver á þessar tvær litlu jarðir. Mín skoðun er, að það sé heilbrigt og eðlilegt, að hver maður eigi það, sem hann þarf að nota. Ég álít heilbrigt, að sá, sem býr í kaupstað, eigi íbúðina, sem hann þarf að búa í. Og ég álít heilbrigt, að bóndinn eigi jörðina, sem hann þarf að nota til þess að geta rekið sitt bú. Þetta er mín skoðun. En hitt má deila um, hvort það er ekki ástæða til þess að setja takmörk fyrir því, að einn bóndi eigi fleiri en eina jörð eða eigi réttara sagt margar jarðir, sem hann þarf ekki að nota, og það má líka deila um það, hvort ekki sé rétt að setja einhver takmörk fyrir því, að sami maður eigi margar íbúðir, sem hann leigir út og hefur ef til vill aðstöðu til þess að okra á. En í okkar landi er það nú þannig, að menn fást varla til þess að búa á jörðunum. Þeir vilja heldur fara í kauptúnin eða kaupstaðina og setjast þar að. Ég er ekki að segja, að það sé verra að vera bóndi, það er fjarri því, það er á margan hátt heilbrigt og þroskandi, en það er nú bara þannig í þessu landi, að mönnum finnst léttara að stunda önnur störf.

Viðvíkjandi því, hvort jarðir, sem eru í einstaklingseigu, séu betur settar en hinar, þá ætla ég að benda ykkur á það, að það er t. d. eitt prestssetur í miðju héraði hjá okkur, sem er í eyði. Ríkið á það. Það eru Æsustaðir í Langadal. Það þykist enginn geta verið þar vegna þess, að þar séu svo slæm húsakynni.

Þessa jörð á ríkið og byggði upp á henni fyrir eitthvað 30 árum. Húsakynnin eru orðin þannig, að presturinn þykist ekki geta verið í þeim. Og nú vil ég bara benda á viðvíkjandi þeirri jörð, sem húsið brann á í fyrra, að ábúandinn getur vafalaust fengið lán út á jörðina, hann getur fengið ca. 75 þús. kr. til að byggja fyrir íbúðarhúsið. En hver á þá að borga mismuninn? Til þess að húsa þá jörð, bæði íbúðarhúsið og peningshúsin, þarf áreiðanlega 200—300 þús. kr. Og hver vill borga mismuninn? Hver vill lána mismuninn? Sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu er kunnug þessum málum, og hún mundi ekki leggja þetta einhuga til, ef hún áliti þetta ekki nauðsynlegt. Ábúendurnir óska að fá jarðirnar keyptar. Þetta eru því þeir tveir aðilar, sem eru kunnugastir hlutunum, sem óska eftir því, að ábúendurnir fái að kaupa jarðirnar. Sýslan fer ekki að lána þessum ábúanda, hún hefur engar ástæður til þess, allt að 200 þús. kr. til þess að byggja upp á jörðinni. Og hver á að lána? Tekjur hafa engar verið af þessari jörð. Sýslunefndin hefur ekki haft annað en tímaeyðslu og erfiði af að fjalla um þessi mál. Þetta var upphaflega gefið til styrktar fátæku fólki, en tímarnir eru gerbreyttir. Það er búið að semja löggjöf til þess að vernda ekkjur og munaðarlaus börn og aðra fátæklinga frá því að þurfa að leita til hreppsfélaganna. En það var svo, þegar þetta var gefið. Það eru ótal sjóðir í þessu landi. Þeir eru allir að verða svo að segja verðlausir fyrir ráðstafanir ríkisvaldsins. Það er alltaf verið að verðfella peningana, svo að þessar krónur, sem upphaflega voru í sjóðunum, eru orðnar einskis virði. Hvað er þá meira viðvíkjandi þessum jörðum, þó að einhverjum ákvæðum sé breytt viðvíkjandi þeim, vegna þess að tímarnir hafa breytzt? Þegar þær voru gefnar, var það talið hið mesta happ að eiga einhverja jörð, en nú vill helzt enginn búa. Og viðvíkjandi því, að þetta skapi brask og ábúendurnir þurfi að kaupa jarðir dýru verði, þá eru þeir tímar algerlega breyttir, vegna þess að það vita allir, að ef faðir ætlar að afhenda barni sínu jörð nú, verður hann að láta jörðina fyrir sama og ekki neitt. Sú jörð, sem ég ólst upp á t. d. og er með stærri jörðum í Húnavatnssýslu, var látin fyrir eitthvað 10—15 þús. kr. til bróður míns. Það datt engum í hug að tala um það. Það eru allir foreldrar fegnir, bara ef eitthvert barnið tollir á jörðinni, og systkinunum dettur yfirleitt ekki í hug að tala um það, þó að það barn, sem vill vera eftir á jörðinni, fái hana með þeim skuldum, sem á henni hvíla, eða fyrir sáralítið verð, ef engar skuldir hvíla á henni. Það má vera, að þetta breytist, en straumurinn er svona nú, og ég get ekki séð, að það sé nokkuð unnið við það, að þessar jarðir fari, önnur eða báðar, í eyði vegna þess, að það á að binda sig við ákvæði, sem eru eins eða tveggja alda gömul og eru búin til við allt önnur skilyrði og miðuð við allt aðrar ástæður en nú eru fyrir hendi.

Það var minnzt hér á það af hv. 3. þm. Reykv., að lóðir hér í Reykjavík væru seldar fyrir hærra verð en heilar jarðir í sveitum. Þarna komum við að kjarna málsins. Þetta er af því, að fólkið vill kaupa lóðirnar dýrt, af því að það vill heldur vera hér en í sveitinni. En þessum jörðum er ekki þannig háttað, að þær liggi við kauptún, þannig að landið geti orðið notað til lóðasölu. Og við skulum bara athuga það, að fólkið vill hafa rafmagn, það vill hafa öll þægindi. Það er ekki fyrir hendi á þessum jörðum, og þeir, sem taka þessar jarðir, verða að leggja á sig stórar fórnir og leggja fram mikið fjármagn, til þess að jarðirnar séu byggilegar. Við skulum vona, að þessi þægindi komi öll í sveitina. En það mun dragast í allmörg ár. Þess vegna er bændum alls ekki of gott að vita af því, að þeir eigi jarðirnar og afkomendur þeirra geti búið á þeim, ef því er að skipta. Það getur orðið þeim til styrktar í þeirri erfiðu lífsbaráttu, sem bændur í flestum tilfellum eiga við að búa í þessu landi, jafnvel þó að það skuli fúslega viðurkennt, að ríkisvaldið hefur mikið gert til að gera kjör þeirra betri en þau voru. Ég mun því greiða atkv. með þessu frumvarpi.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Umr. um þetta litla mál eru nú farnar að ganga nokkuð vítt, og eiga þeir fyrst og fremst sök á því, sem hafa mælt gegn þessu frv. Ég skal nú reyna að vera ekki mjög langorður í svörum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir, hvernig þessu máli er varið.

Hv. samþm. minn, hv. 1. þm. Norðurl. v., vildi mótmæla því, að opinberar jarðir væru verr setnar en aðrar, og spurði að því, hvort svo væri í minni sýslu, Austur-Húnavatnssýslu. Ég vil nú segja honum og öðrum það, að sem betur fer er fátt af jörðum í Austur-Húnavatnssýslu, sem eru í opinberri eign, og helzt ætti það ekki að vera nein. En ég hef mína þekkingu um þetta yfir landið allt í gegnum starfsemi í fasteignamatsnefnd, og ég hygg, að við, sem þar störfuðum, höfum verið sammála um, að það sé greinilegt, að þær jarðir séu almennt séð verr setnar, og það er náttúrlega af þeirri einföldu ástæðu, að ríkissjóður hefur ekki lagt í það nógu mikið fé að byggja upp á jörðunum og koma þeim í fullkomið stand, enda mundi það vera, eins og margir álíta, ríkissjóði hagkvæmara að gefa þessar ríkisjarðir ábúendunum en eiga þær með þeim skilmálum, sem verið hefur á undanförnum árum.

Varðandi það, sem hv. 3. þm. Reykv. var að tala um eignarréttinn á þessum tveimur jörðum, þá er það ekkert annað en orðaleikur. Eigandi að þessum jörðum er sjóður, sem heitir Afgjaldasjóður kristfjárjarða í Húnavatnssýslu, en sýslan á sjóðinn, og það er ekki farið fram á að eyða þessum sjóði, heldur þvert á móti. Það er ætlunin, að hann eigi áfram það fé, sem jarðirnar seljast fyrir. Við höfum í okkar sýslu hliðstætt dæmi og miklu stærra dæmi en þetta, að það voru nokkrar jarðir í Vatnsdal og Þingi, sem kall-

aðar voru amtmannsgjafajarðir og svipaðar reglur voru um og þessar. Þær voru seldar á sínum tíma, og sjóðurinn er áframhaldandi starfandi og ekki ætlunin, að honum verði eytt, og það dettur engum í hug, sem mæla með þessu frv., að þessum sjóði verði eytt, því, sem hann fær inn fyrir jarðirnar. En geta menn nú haldið yfirleitt, að að öll landbn. og þrír opinberir trúnaðarmenn þriggja stjórnmálaflokka, sem eru eftirlitsmenn opinberra sjóða, séu sammála um að mæla með þessu frv., ef það væri einhver vitleysa, sem hér er verið að fara fram á? Ég held, að eftirlitsmenn opinberra sjóða, hvað sem líður landbn., — ég verð nú að halda, að hún hafi nú nokkurt traust líka, — en þeir hafi mikið traust, þeir vita, hvað þeir eru að fara með, þegar þeir eru að mæla með slíku frv. sem starfsmenn í þessari nefnd.

Varðandi það, sem hv. 3. þm. Reykv. var að minnast á, að það hefðu verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að koma jörðum út úr braski, sem hann kallaði, þá er það nú svo, að ég geri ráð fyrir, að hann eigi við lögin um ættaróðal og erfðaábúð. Það frv. um breyt. á þeim lögum liggur fyrir þessu þingi og hefur verið vísað til landbn., en nefndin hefur orðið sammála um að fresta afgreiðslu þess á þessu þingi, vegna þess að hún hefur fengið tilmæli um það frá búnaðarþingi, sem samþykkti tillögu á þessa leið:

„Tilgangur þeirra laga, sem hér um ræðir, er að ýmsu virðingarverður, en reynslan hefur sýnt, að ýmis ákvæði þeirra eru tæpast framkvæmanleg. Er því þörf á að breyta l. verulega, til þess að þau verði viðunandi, en frv. þetta kom seint til búnaðarþings og hefur því ekki unnizt tími til að athuga málið svo vel sem þarf, og í trausti þess, að Alþ. fallist á að bíða með afgreiðslu málsins, frestar búnaðarþing að taka nánari afstöðu til þess.“

Ég vildi taka þetta fram út af þeim ummælum hv. 3. þm. Reykv., að þarna væri um einhverja fyrirmyndarleið að ræða. Það er vissulega mikið vandamál, sem þar er um að ræða, og þeir, sem verða hér á næsta þingi, hafa auðvitað ástæðu til þess að ræða það mál nánar.

Sú krafa, sem kom frá hv. 3. þm. Reykv. um það, að n. tæki málið aftur til athugunar, — ég fæ ekki séð annað en n. hafi gert í því alla þá athugun, sem hún þarf. Hún hefur athugað það frv., sem ræðumaðurinn vítnaði í. Það var aldrei annað en frv., því að það var aldrei samþykkt. Nefndin hefur farið alveg í gegnum það frv. og yfirleitt alla þætti, sem snerta þetta mál, sem m. a. sést á því, að hún hefur fengið ræki*lega* umsögn frá eftirlitsmönnum opinberra sjóða, eins og ég hef hér tekið fram.

Ég vil nú vona, að þessum umr. geti farið að ljúka. Vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann sjái um, að atkvæðagreiðslan verði, þegar nokkuð margir hv. þm. eru viðstaddir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, að það væru tveir menn, sem óskuðu eftir að kaupa þarna jarðir, og honum fannst það mjög hart, ef þeir gætu ekki fengið þær keyptar. Það er ekki nóg til þess að selja jörð og láta aðra kaupa hana, að einhverjir vilji kaupa. Það verður að vera líka heimild til að selja. Hv. þm. á vafalaust sjálfur jörð, og e. t. v. vildi einhver kaupa hana, en þeir geta ekki gert það svona og hreppsnefndin svo selt hana. Það verður að vera um að ræða eitthvað, sem þeir menn, sem ætla að selja, ráða yfir, og viðkomandi menn ráða ekki yfir þessum jörðum og Alþ. ekki heldur. Alþ. gæti þá alveg eins farið að taka ákvarðanir um að selja hvað sem er í annarra manna eigu. Hér er um að ræða jarðir, sem menn hafa fyrir nokkrum öldum gefið í ákveðnu skyni, og engin heimild er til þess að taka og breyta þeim tilgangi og gera þessa gjöf að engu. Þetta var gefið ýmist til kristfjár eða handa fátækum mönnum, og þó að það sé margs konar félagsmálalöggjöf á Íslandi nú og verði vonandi áfram, þá er þar með ekki heimild til þess að breyta þessu.

Hv. frsm. landbn. talaði um, að það væri alls ekki verið að ræða um það, eftir að þessar jarðir yrðu seldar, að það ætti að fara að eyða sjóðnum. Ég veit ekki betur en hann hafi sjálfur verið hér nýlega á þingi í sambandi við gengislækkunina, þar sem gerðar voru sérstakar ráðstafanir til þess að eyða sem fyrst af öllum þeim sjóðum, sem til væru á Íslandi. Um leið og svona jarðir eru seldar, er þar með verið að gera ráðstafanir til þess að eyða sjóðunum með þeirri stefnu, sem hér hefur ríkt og aldrei í eins ríkum mæli og nú á þessu þingi.

Viðvíkjandi kristfjárjarðasjóði Austur-Húnavatnssýslu, — mér skilst nú, að það eigi að heita afgjaldasjóður, sem þetta renni til, og *ég held, að þessar jarðir séu ekki einu sinni* eign neins kristfjársjóðs og hafi ekki verið gefnar þannig upphaflega og sýslunefnd ráði sjóðnum, heldur þvert á móti hafi þetta verið gefið með því skilyrði, að það mætti aldrei selja það, og ég skora á hv. þm. og þá, sem honum fylgja í landbn., að leggja fram þessi gjafabréf, ef þau eru til, eða afla þá heimilda um, hvernig þau munu hafa litið út og hvort hér sé ekki verið að breyta alveg þvert ofan í þann tilgang og þau ákvæði, sem gefandinn setti.

Viðvíkjandi ættaróðalalögunum, þá er það alveg rétt, að það er mjög erfitt með framkvæmd á þessu, erfitt vegna þess, hvernig ákvæði Alþ. hefur sett viðvíkjandi veðsetningu og öðru slíku. En þá þarf bara að breyta því að mínu áliti. Hví er ekki hægt að veita bændum lán beinlínis, á meðan þeir eru starfandi bændur á einni jörð, án þess að láta nokkurn tíma veðsetja jörðina fyrir því, og skylda bankana, sem hvort sem er eru ríkisbankar, til þess að veita lánin á þennan máta? Ég veit ósköp vel, að bönkum, eins og nú

háttar lögum, er illa við að veita lán gegn öðru, vegna þess að það stangast alveg á við allar þær reglur, sem nú gilda. En þá skulum við bara breyta þeim reglum, sem nú gilda, frekar en breyta þeim góða tilgangi, sem upphaflega var í þessu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Hann var að tala um, að menn mættu ekki selja það, sem þeir ættu ekki. En það er sýslan, sem á þetta. Þetta er gefið í vissum tilgangi og með vissum skilyrðum. En nú er aðstaðan breytt, og þess vegna er ekkert við það að athuga. Ef sá aðili, sem á að sjá um þetta og á þetta raunverulega, sem er sýslan, — ef sýslufélagið telur hentugt að breyta þessu eitthvað og fær samþykki ríkisvaldsins til þess, get ég ekki skilið, að það sé neitt saknæmt. Það eru gerbreyttir tímar. Annars er það ofur lítið skrýtið, þegar hv. 3. þm. Reykv. er að tala um lög og reglur. Ef hans virðulegi flokkur kæmist í hreinan meiri hluta hér á landi, haldið þið, að hann færi að virða einhverjar gamlar reglugerðir fyrir einhverjum gömlum sjóðum? Ég held, að þeirra andlegi lærifaðir, Stalín, hafi ekki gert það í Rússlandi forðum. Ég held, að hann hafi ekki verið að grúska í gömlum skjölum, þegar hann tók jarðeignir bændanna og rak þá saman eins og seppa í samyrkjubúin og svo voru kosnir einhverjir trúnaðarmenn flokksins til þess að stjórna þeim. Það er dálítið spaugilegt, þegar þessir menn eru að tala um tveggja alda gamlar reglur. Það má breyta öllum lögum, og ef ríkisvaldinu þóknast að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir viðvíkjandi sjóðum eða gjöfum eða einhverju slíku, þá hefur ríkisvaldið á hverjum tíma vald til þess. En það er í mesta máta spaugilegt, þegar fulltrúi þessa flokks og formaður þingflokks Sósfl. er að tala um að virða lög og reglur, því að þótt það megi vafalaust segja margt gott um kommana, þá er það, sem þeir virða alls ekki, gamlar reglur og gömul lög. Þeir þurrka það allt út og búa til sínar reglur og sín lög. Annars væri æskilegt, ef hv. 3. þm. Reykv. álítur það svo hagkvæmt, að ríkið eigi jarðirnar, að hann vildi senda nokkra úrvals komma norður í Húnavatnssýslu til þess að taka allar eyðijarðir og búa á þeim. Vel skal ég taka á móti þeim, því að satt að segja finnst mér kommar skemmtilegustu menn, og ég veit, að þeir mundu mikið þroskast andlega, ef þeir færu að búa þarna norður frá á eyðijörðunum. Ég skyldi sannarlega vera lipur að reyna að útvega þeim lán og gera allt fyrir þá, sem ég gæti. Þeir eru hressir í bragði og drengir góðir, og svo hef ég mikinn áhuga fyrir því að bæta þá og vitka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 292 samþ. með 19:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

Á 73. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 352).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það urðu við 2. umr. þessa máls nokkrar umræður um, í fyrsta lagi almennt, hvort rétt væri að gera ráðstafanir til þess að selja slíkar jarðir sem þarna væri um að ræða, þeirrar tegundar jarðir, og í öðru lagi, hvaða stefnu skyldi hafa í þessum málum yfirleitt. Ég vil vekja athygli hv. d. á því, að þetta er mál, sem rætt hefur verið hér undanfarið hvað eftir annað og valdið allmiklum ágreiningi, einmitt um þessar sérstöku jarðir. 1950 lét páv. ríkisstj. útbúa mjög ýtarlega skýrslu og útbýtti síðar hér í hv. d. miklu þskj., þ. e. þskj. 258 1952, er heitir: Greinargerð félmrn. um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir og var sérstaklega lagt fram vegna þess, að á Alþ. 1950 hafði verið samþ. svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, sem líkt stendur á um, og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöður þeirrar athugunar, svo fljótt sem verða má.“

Það var þessi ályktun, sem hafði verið samþykkt 1950, sem gaf félmrn. tilefni til þess að láta þessa athugun fara fram. Þessi skýrsla, sem síðan var útbýtt 1952 og er þskj. 258, var upp á 39 síður, og allmikill partur í þessari skýrslu, þar sem gefur að líta yfirlit yfir kristfjárjarðir og aðrar slíkar, yfirlitið sjálft, bara upptalning jarðanna og kvaðanna á þeim, nær yfir 12 síður í þessari skýrslu, en að mestu leyti er hinn sögulegi partur af þessari skýrslu tekinn saman af dr. Guðbrandi Jónssyni. Hér er sem sé um að ræða jarðir alveg sérstakrar tegundar. Það er ekki um að ræða einhverjar venjulegar ríkisjarðir, því síður, að það sé um að ræða einhverjar jarðir, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu raunverulega eigi, heldur er hér um að ræða jarðir, sem eru í hennar vörzlu og hún getur ekki ráðstafað nema með sérstöku samþykki Alþingis, og jarðir, sem spurning er um, hvort Alþ. geti á löglegan hátt yfirleitt ráðstafað.

Í þessari skýrslu er á bls. 11 sérstaklega tilgreint um þessar tvær jarðir, sem hér fjallar um. Kristfjárjarðirnar skiptast eiginlega í tvennt, annars vegar í kristfjárjarðir og hins vegar jarðir í fátækraeign, eins og það er kallað. Um þessar tvær jarðir, sem er um að

ræða, Hamar og Meðalheim, fjallar á bls. 11. Gjafabréfið fyrir jörðinni Hamri er gefið út 15. febr. 1656. Gefandi er þá Guðmundur Hákonarson sýslumaður, og jörðin er gefin fátækum í Húnavatnssýslu. Spurningin, sem liggur fyrir, þegar maður er að ræða um svona hluti, er sem sé, hvaða virðingu menn vilja bera fyrir ákvörðunum, sem gerðar hafa verið af einstaklingum í mjög góðu skyni. Jörðin Meðalheimur í Torfalækjarhreppi er gefin með gjafabréfi 10. maí 1763. Gefandi hennar er Bjarni Halldórsson sýslumaður. Jörðin er gefin fátækum í Húnavatnssýslu, og skyldi afgjaldið renna til allra hreppa sýslunnar. M. ö. o.: fyrir tveim til þremur öldum eru þessar ráðstafanir gerðar, að gefa þessar jarðir til handa fátækum í þessari sýslu, og nú hyggst sem sé sýslunefnd annarrar þessarar sýslu að gera þarna ráðstafanir til þess að breyta þessu.

Hingað til hafa menn farið allvarlega í þessa hluti. Ég tók eftir því, að hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) — hann er víst ekki hér inni núna — hélt hér allmikla ræðu um þetta og fannst það eiginlega skipta litlu máli, hvaða ráðstafanir menn gerðu í þessu, því að bolsévikar ættu til að taka jarðir af aðalsmönnum og gefa þær bændum. Jú, vissulega, það hefur komið fyrir, að fátækir bændur hafi sameinazt verkalýð stórborga og gert byltingu í löndum, þar sem yfir 90% af jörðunum var í eign aðals, og það hefur líka komið fyrir, að fátækir bændur hafi sameinazt borgurum í bæjum og gert byltingu í landi, þar sem yfir 90% af jörðum var í eign aðals og kirkna. Fyrra dæmið gerðist í Rússlandi 1917, hitt í Frakklandi 1789, og bændurnir hafa tekið þessar jarðir af aðlinum og skipt þeim upp á milli sín, og hvort tveggja hefur verið mjög skynsamlegt. En það er ekki um þetta að ræða hér. Mér þykir mjög vænt um, að hv. 5. þm. Norðurl. v. skuli taka afstöðu með slíkum bændabyltingum, en það er ekki um þá hluti að ræða hér. Við erum hér að ræða um einmitt, hvort við viljum virða þann rétt og þá ákvörðun, sem menn hafa tekið á ákveðnum tíma um að ráðstafa sinni eign, eða hvort við viljum ekki virða það, hvort við viljum brjóta það, og það er alltaf varhugavert fordæmi, ef menn fara að brjóta slíkt. Byltingar eru venjulega undantekningarástand í þjóðfélagi, og það, sem gerist venjulega eftir hverja byltingu, er, að þeir, sem sigra í byltingunni, lýsa því yfir, að það, sem þeir hafi gert, sé löglegt, gera það að lögum. Það, sem við hins vegar erum að ræða um hér, er, hvort við eigum að halda það, sem löglega hefur verið gert, og það, sem við höfum ekki hugsað okkur að bylta.

Þarna er um ákvarðanir að ræða, sem gerðar hafa verið fyrir tveimur, þremur öldum um ákveðna eignarréttarráðstöfun. Það hefur verið ráðstafað í þessu tilfelli af ákveðnum sýslumönnum einkaeign þeirra í þágu almennings. Þetta hefur þannig verið gefið almenningi, hvort heldur það hefur verið gert undir þeirri forsendu, að þetta væri gefið í fátækraeign, til þess að hjálpa þeim, sem minni máttar væru, eða hvort þetta væri gefið eins og fyrir sálnaveiðar til Krists, það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Það kemur hið sama út úr hvoru tveggja. Þetta er hugsað sem eins konar eilíf sameign, sem þessir menn hafa gefið, og á að nýtast handa þeim, sem bágt eiga.

Því hefur hér verið haldið fram af hálfu sumra forsvarsmanna þessa frv., að það væri búið að gera slíkar þjóðfélagslegar ráðstafanir síðan þetta hefði gerzt, að svona nokkurs eins og þessa væri ekki lengur þörf. Vissulega, það hafa undir áhrifum verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi verið gerðar miklar ráðstafanir. Það hefur tekizt þrátt fyrir mótspyrnu Sjálfstfl. að fá fram, að það væri afnumið, að menn skyldu missa kosningarrétt við að fara á sveit. En þó er það enn þá svo, að það eru til fátækir menn á Íslandi, og þó er það enn þá svo, að það er til fólk á Íslandi, sem fer á sveit, því miður, og það virðist vera stefna hæstv. núv. ríkisstj. að auka fátæktina á Íslandi, að fjölga þeim, sem fátækir eru. Það virðist vera stefna hæstv. ríkisstj. að skipuleggja skort hjá almenningi, þannig að nái þessi stefna hæstv. ríkisstj. fram að ganga, verður áreiðanlega meiri þörf á því, að fátækir eigi sem flest, sem að þeim hlynnir. Ef á þess vegna að stilla þessu spursmáli almennt þannig, hvort það sé enn þá hætta á fátækt á Íslandi og slíku, ferst a. m. k. núverandi stjórnarliðum ekki að tala þar djarft, vegna þess að þeir virðast beinlínis stefna að því að koma aftur á meiri fátækt á Íslandi en verið hefur síðustu tvo áratugi. Það er það, sem snertir þann hluta þessa máls.

Hitt atriðið er svo: Að hverju á maður að stefna almennt um jarðeignirnar? Þessar jarðir eru eins konar sameign, og við skulum alveg leggja það niður fyrir okkur, hvort við álítum heppilegt að taka þær úr sameign og gera þær að séreign eða ekki. Það er skrá hér yfir þær jarðir, sem voru það sem kallað er í fátækraeign 1847, og það er skrá hér yfir þær jarðir, sem voru kristfjárjarðir 1952, og það er hér í þessari bók einnig yfirlit yfir, hvers konar jarðir þetta allt saman eru, hve dýrmætar, hve vel setnar og annað slíkt. Það hefur hvað eftir annað komið fram, að svo framarlega sem þær ráðstafanir hafa verið gerðar að selja svona jarðir, hefur það venjulega verið í þeim tilgangi, sem miðað var að með jörðunum til tjóns. Jörð eins og Kristnes, sem er ein gjafasjóðsjörð í Jóns Sigurðssonar legati, rétt hjá Akureyri, — það er dýrmætt að hafa svona jörð í opinberri eign. Við höfum lifað það, að jarðir sem verið hafa meira eða minna eða jafnvel alveg ríkissjóðsjarðir, hafa verið seldar í einstakra manna eign, en hafa svo, ef ríkið hefur þurft á þeim að halda seinna, verið metnar jafnvel á heila milljón, þegar ríkið hefur átt að kaupa þær aftur.

Ég veit ekki, hvort sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur svo litla trú á framtíð sinnar sýslu, að hún geti ekki hugsað sér það, að þessar jarðir mundu einhvern tíma verða þarna

á svæði, þar sem yrði mjög byggilegt, þessi mikla sýsla, með þessu mikla undirlendi og miklu landbúnaðarmöguleikum. Það þyrfti ekki nema virkjun Blöndu, til þess að þarna gerbreyttust allar aðstæður í þessari sýslu, og við höfum lifað það, hvað það hefur þýtt, að ríkið eða sýslurnar eða slíkar sameignarstofnanir fólksins í landinu hefðu ekki yfirráð yfir slíkum jörðum.

Ég held þess vegna, að það sé ákaflega illa farið að gera þær breytingar að taka þessar jarðir úr eign almennings og selja þær einstaklingum. Það er nokkuð sama, þótt það sé lagt í einhvern sjóð, afgjaldasjóð eða annað slíkt, því að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur einmitt alveg sérstaklega framar öllum öðrum ríkisstj. á Íslandi gert sérstakar ráðstafanir til þess að koma hér á óðaverðbólgu og gera þannig allt fé, sem þannig yrði, alla peninga, sem fengjust fyrir slíkar jarðir, sem minnsts virði, þannig að það að selja svona jarðir núna fyrir það litla verð, sem fyrir þær fæst, er sama sem að fleygja andvirðinu og gefa þeim, sem jarðirnar eru seldar.

Hitt er svo aftur annað mál, að þeir menn, sem nýta þessar jarðir, bændurnir, sem vinna á þeim, eiga að hafa aðgang að því að nýta þessar jarðir, að því að hafa allt það gagn af þeim, sem hægt er að hafa með þeirra vinnu. Það er hægt að tryggja það með hvers konar erfðaábúð og öðru slíku, og þeim hlutum þarf bara að breyta, og það ætti ekki að vera ofverk þeirra, sem stjórna ríkinu og hafa eitthvað með landbúnaðarmál að gera, að sjá til þess, að slík stefnubreyting verði viðvíkjandi þeim jörðum, sem ríkið á, þær verði betur setnar en aðrar, að leiguliðunum þar verði gert þægilegt að búa þar, að það sé bókstaflega eins og þetta séu að öllu leyti sjálfseignarjarðir, nema hvað eitt snertir, að þeir geta ekki braskað með þær, að þeir geta ekki selt þær, að þeir geti ekki íþyngt afkomendum sínum með því að gera svo að segja afgjaldið af þessum jörðum að fjármagni.

Þess vegna er það röng stefna, sem hér er lagt til að fara inn á, og rangt að leggja þetta til. Það veldur því í fyrsta lagi, að ég er algerlega andvígur þessu frv., en svo í öðru lagi hitt, að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og Alþingi Íslendinga hefur engan rétt til þess að gera þetta, engan rétt, — er að taka sér rétt, sem það ekki á. Alþingi getur ekki gert þessa ráðstöfun. Þessi ráðstöfun kemur undir eignarréttargrein stjskr., ef á að breyta þessu. Þarna er um að ræða ákvæði, sem eru búin að vera í gildi nú um tvær til þrjár aldir, og við eigum ekki nú á því herrans ári 1960 að raska þessum ákvæðum. Það er ekkert í vegi fyrir því, að það sé hægt að hagnýta þessar jarðir að öllu leyti, semja við ábúendur þeirra um að tryggja þeim öll afnot af þeim. Hitt er rangt, og hitt er ólöglegt að selja þetta.

Eftir því sem mér er kunnugast, eru þessar jarðir engan veginn svo afskekktar, að þær þess vegna gætu ekki komið að góðum notum. Því er oft haldið fram um eyðijarðir langt fram til dala, að það sé eðlilegt að ráðstafa þeim, og hefur jafnvel verið gert nú á þessu þingi. En um þessar jarðir álít ég, að Alþ. eigi að koma í veg fyrir það, og ég veit, að þeir menn, sem sæti hafa átt hér á Alþ., lengst af sem fulltrúar bændastéttarinnar, og skynsamlegast hafa litið á þessa hluti, hafa haft skilning á þessu. Jón á Reynistað sýndi það hér í þessari d. með afstöðu sinni til ættaróðalanna, Páll Zóphóníasson sýndi það í Ed., m. a. með því að hjálpa til að stöðva kristfjárjarðafrv. fyrir nokkrum árum, að þessir menn vissu bæði, hvað landbúnaðinum var fyrir beztu og hvað rétt var í þessum efnum.

Ég vil þess vegna eindregið skora á hv. þdm. að fella þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 447).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu verði heimilað að selja kristfjárjarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi til núverandi ábúenda, enda verði andvirði jarðanna og það, sem þeim fylgir, eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu. Jarðirnar skulu seldar á því verði, sem dómkvaddir menn meta, nema hærra tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Um sjóð þennan, Afgjaldasjóð kristfjárjarða í Húnavatnssýslu, var gerð skipulagsskrá hinn 20. júní 1919, sem staðfest var 31. des. sama ár. Það eru eingöngu framangreindar tvær jarðir, sem tilheyra þessum sjóði. Skipulagsskrána vil ég leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar þannig:

„Skipulagsskrá fyrir Afgjaldasjóð kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

1. gr. Kristfjárjarðir þessar eru Hamar í Svínavatnshreppi, er Guðmundur sýslumaður Hákonarson hefur með bréfi, dags. á Þingeyrum þann 15. febr. 1656, gefið fátækum í 11

af þáverandi 18 hreppum Húnavatnssýslu, og Meðalheimur í Torfalækjarhreppi, er Bjarni sýslumaður Halldórsson hefur með bréfi, dags. á Þingeyrarklaustri 10. maí 1763, gefið fátækum í öllum af þáverandi 18 hreppum sýslunnar.

2. gr. Umsjón þessara jarða hefur einn maður, er sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu kjósa til þess til 5 ára í senn. Hann hefur byggingarráð þeirra með þeim takmörkunum, sem tiltekið er í reglugerð fyrir umsjónarmann kristfjárjarða í Húnavatnssýslu. Fær umsjónarmaður í innheimtulaun og ómakslaun 6% af jarðarafgjöldunum. Ekki er byggingarbréfið gilt, nema sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu samþykki það.

3. gr. Af afgjaldi jarðanna skulu myndaðir sjóðir, er nefnast kristfjárjarða-afgjaldasjóðir eftirnefndra hreppa, og falla öll afgjöld, bæði landskuld og leigur, að frádregnum þeim 6%, sem um getur í 2. gr., til sjóða þessara og skiptast á milli þeirra þannig:

a) Af Hamri falli í kristfjárjarða-afgjaldasjóði: Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinsstaðahrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Þverárhrepps og Kirkjuhvammshrepps 2/23 hlutar til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps og Staðarhrepps 1/23 hluti til hvers. b) Af Meðalheimi falli afgjaldið í kristfjárjarða-afgjaldasjóði: Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinsstaðahrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Staðarhrepps 1/12 hluti til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps 1/24 hluti til hvers.

4. gr. Höfuðstól sjóðanna má aldrei skerða. Við þá skulu árlega lagðir vextir af þeim og sá hluti jarðarafgjaldanna, sem hverjum þeirra ber, þar til árstekjur þeirra hvers um sig eru orðnar 25 kr., þá má á hverju ári úthluta 4/5 hlutum af öllum árstekjunum, en a. m. k. 1/5 hluti leggist árlega við höfuðstólinn.

5. gr. Umsjónarmaður jarðanna semur árlega reikning yfir sjóðina og sendir þá til oddvita sýslunefndar, og skulu þeir svo lagðir fyrir aðalfundi þeirra til athugunar og úrskurðar. Þegar byrjað verður að úthluta styrk af sjóðum þessum, geta sýslunefndirnar ákveðið umsjónarmanni aukaþóknun fyrir reikningsfærsluna, sem þó má ekki vera meiri en 2% af öllum tekjum sjóðanna.

6. gr. Styrk þann, sem árlega má úthluta samkv. 4. gr., veita hreppsnefndir fátækum mönnum í hreppi sínum án tillits til stöðu þeirra og aldurs. Þó má engum veita styrk þennan, sem þiggur sveitarstyrk eða hefur þegið hann næstu tvö ár áður. Lægri styrkur veitist engum en 20 kr.

7. gr. Áður en farið er að veita styrk af sjóðum þessum, semja sýslunefndirnar reglur um úthlutun hans.

8. gr. Sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu ábyrgjast hvor fyrir sig og báðar í sameiningu téða afgjaldasjóði, enn fremur að afgjöld jarðanna séu réttilega innheimt, sett tafarlaust á vöxtu á tryggan vaxtastað. Skipt sé jafnframt í sjóðina samkv. því, sem skipulagsskrá þessi greinir, og yfirleitt að farið sé í einu og öllu eftir ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Þær ákveða í sameiningu, hvar sjóðirnir skuli ávaxtast. Hagur sjóðanna skal árlega birtur með sýslufundargerðum sýslnanna.

Þannig samþykkt á sýslufundum Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu.

20. júní 1919."

Til þess að gera grein fyrir, hvernig nú er komið fyrir þessum sjóðum og hvernig ástatt er með þessar jarðir, vil ég enn fremur leyfa mér að lesa hér kafla úr bréfi sýslumanns Húnavatnssýslu, Guðbrands Ísbergs, sem dags. er 6. febr. s. l. og birt er með grg. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eign kristfjárjarðasjóðs í Meðalheimi er ekki nú orðið önnur en landverð jarðarinnar, kúgildi og nokkrir einskis verðir peningshúsakofar. Hér frá verður þó að draga eign erfðafestuábúanda í 30 hektara nýrækt. Á jörðinni hvíla ca. 300 þús. kr. ræktunarsjóðslán og byggingarsjóðslán. Beri eitthvað út af með greiðslu afborgana og vaxta, er ekki um annað að gera en lofa hlutaðeigandi lánsstofnun að ganga að veði sínu, því að fé er sama og ekkert fyrir hendi í sjóðnum og sýslurnar bera enga ábyrgð á þessum lánum, þótt sýslurnar hafi orðið að heimila töku þeirra lögum samkvæmt. Virðist því einsætt að hverfa að því ráði að leyfa að selja þessar jarðeignir, sem fyrir kristfjárjarðasjóð eru nær einskis virði. Hið litla afgjald jarðanna hefur farið til þess að reyna með styrkjum til húsabóta að koma í veg fyrir, að þær leggist í eyði. Þetta gildir enn um Hamar, en ábúendur Meðalheims eiga nú öll hús jarðarinnar, sem að gagni eru.

Jörðin Hamar er að vísu í ábúð, a. m. k. til vors, en á s. l. hausti brunnu þar öll bæjarhús, og peningshús, sem þar eru, þykja lítt eða ekki nothæf lengur. Það þarf því að byggja allt upp af grunni. Nú vill ábúandi ekki leggja fé í nauðsynlegar byggingar á jörðinni, nema hann fái hana keypta og fylgi réttur til brunabótafjárins, sem ekki fæst greitt, nema byggt sé aftur. Og þess er vissulega ekki að vænta, að aðrir geri betri boð. Er því einsætt, að jörðin fer í eyði, ef sala er ekki leyfð. Sýslunefndir Húnavatnssýslna, sem æ ofan í æ hafa gert samþykktir um að freista að fá að selja jarðirnar, leggja nú á það ríka áherzlu, að söluleyfi fáist með einhverju móti til þess að koma í veg fyrir, að Hamar, sem er allgóð jörð með ca. 600 hesta töðufalli, fari í eyði, enda kæmi þá hvort eð er til nauðungarsölu á jörðinni vegna veðskulda, sem á henni hvíla."

Í gjafabréfum fyrir jörðunum mun, a. m. k. hvað aðra þeirra snertir, vera ákvæði um, að

jörðin skuli ævinlega vera kristfjárjörð. Þegar um gerbreyttar aðstæður er að ræða, er þó ríkisvaldinu að lögum talið heimilt að breyta slíku ákvæði varðandi gjafir og sjóði, einkanlega þegar ekki er haggað við tilgangi gefandans, heldur eingöngu breytt reglum um ávöxtun sjóðanna. Með sölu jarðanna yrði á engan hátt hróflað við tilgangi gefendanna, þar sem andvirði þeirra á að renna óskert í afgjaldasjóð kristfjárjarða í Húnavatnssýslu. Yrði því hér eingöngu um breytingu á ávöxtun sjóðsins og arðtöku að ræða, enda verður að hafa hugfast, að þegar jarðirnar voru gefnar, var ekki unnt að stofna sjóði með því að leggja fé inn á banka eða sparisjóði.

Að vel athuguðu máli fæ ég ekki annað séð en allir, sem hlut eiga hér að máli, hafi hagsmuni af því, að jarðirnar verði seldar. Í fyrsta lagi hefur sjóðurinn sjálfur og þeir, sem hans eiga að njóta, hagsmuni af því, þar sem jarðirnar hafa ekki verið sjóðnum arðbærar og jafnvel til byrði og afgjöldin öll farið í húsabætur á jörðunum, og ekkert útlit fyrir, að þetta geti breytzt til batnaðar í náinni framtíð. Í öðru lagi eru það hagsmunir ábúendanna að fá jarðirnar keyptar, þar sem þeir vilja ekki búa og byggja upp á jörðunum að öðrum kosti. Í þriðja lagi eru það hagsmunir þjóðfélagsins, að jarðirnar fari ekki í eyði, en telja má víst, að svo verði, ef sala verður ekki heimiluð.

Landbn. hefur athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum og er sammála um að mæla með, að það verði samþ. með þeirri einu breyt., að í stað sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu einnar verði það sýslunefndir Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, sem verði heimilað að selja jarðirnar. Er þetta gert í samræmi við skipulagsskrána, sem ég las hér áðan, en þar er báðum sýslunefndunum veitt forræði sjóðsins.

ATKVGR.
Brtt. 447 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 463).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:2 atkv. og endursent Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.
Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. og 86. fundi í Nd., 20. og 23. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

46. Dýralæknar.

Á 28. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 1959, um breyt. á l. nr. 19 1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna [64. mál] (þmfrv., A. 126).

Á 34. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl. höfum leyft okkur að bera fram frv. til l. um breyt. á l. um dýralækna, sem hér liggur fyrir til 1. umr. Breyt. sú, sem hér er farið fram á að gerð verði, er í höfuðatriðum um skiptingu á Borgarfjarðarumdæmi, sem nú er stærsta dýralæknisumdæmið í landinu. En sú breyt. mundi einnig verða á um Dalaumdæmi, að Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu mundi falla undir Snæfellsnesumdæmi. Það er óþarft að taka það sérstaklega fram, að umdæmi á borð við það, sem Borgarfjarðarumdæmi er nú, er algerlega ofviða einum dýralækni, ef veita á þá þjónustu, sem nauðsynleg getur talizt og bændum er mjög mikils virði.

Eins og frá er skýrt í grg. með frv., hefur um langan tíma verið ráðinn aðstoðarmaður með dýralækninum í Borgarfjarðarumdæmi, og hefur aðstoðarmaðurinn verið búsettur á Akranesi. Nú hafa bændur óskað þess eindregið, að umdæminu verði skipt og dýralæknar ráðnir, ef þeirra er völ. Því miður mun málum svo komið, að mikil vöntun er á lærðum dýralæknum, en sú breyting, sem hér er ráðgerð, mun sennilega verða til þess að hvetja fleiri unga menn til þess að leggja stund á dýralæknisnám. Eins og nú standa sakir, er vitað um ungan mann, sem nýlega hefur lokið námi, að hann mun hafa hug á að sækja um eitt þessara umdæma, ef frv. þetta verður að lögum.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið hjá yfirdýralækni, er svo ástatt með þá nemendur, sem nú stunda dýralæknanám, að þeir, sem næst munu útskrifast, ljúka ekki námi fyrr en að tveimur árum liðnum. Það er því sýnilegt, að fyrst um sinn verður aðeins um einn

dýralækni að ræða til viðbótar því, sem nú er.

Auk þess sem Borgarfjarðarumdæmi er, eins og ég hef áður sagt, mjög stórt að víðáttu og mikill fjöldi búpenings, þá er í umdæminu bændaskólinn að Hvanneyri. Telur skólastjórinn þar, að skólinn hafi á margan hátt þörf fyrir að hafa greiðan aðgang að dýralæknum. Þar er sem kunnugt er rekið mjög stórt bú og af þeim ástæðum oft þörf fyrir dýralækni. Þá telur skólastjórinn, að bændaefnum sé nauðsynlegt að fá nokkra fræðslu í undirstöðuatriðum varðandi heilbrigði búfjár, bæði bóklega og verklega. Enn fremur telur hann, að þess sé ekki síður þörf fyrir framhaldsdeild skólans. Það er hugsanlegt, að með þeirri skipan, sem hér er lagt til, geti e. t. v. sá dýralæknir, sem búsettur yrði í hinu nýja Borgarfjarðarumdæmi, orðið að nokkru liði í þessum efnum.

Ég tel svo ekki þörf að fjölyrða um mál þetta frekar að þessu sinni, en geri það að till. minni, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn. hv. efri deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 322).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það hefur verið þannig á undanförnum þingum, að ýmsar breytingar hafa legið fyrir á lögum um skipun dýralækna í landinu, og er það hreint ekki að ástæðulausu, þar sem það hefur sýnt sig, að starfssvið þessara embættismanna hefur orðið umfangsmeira með hverju árinu, sem hefur liðið, og valda því að sjálfsögðu ýmsar ástæður og ekki síst það, að ræktun landsins hefur fleygt mjög fram hin síðari ár, en hins vegar hefur ekki að sama skapi fleygt fram þeim vísindum, sem þurfa að skera úr um, hver áburðarþörf hinna mismunandi jarðvegstegunda er, og þar af leiðandi leiðir af sjálfu sér, að það gras, sem ræktað er, er mjög misjafnt að efnainnihaldi, og þar er m. a. að leita orsakanna að hinum tíðu sjúkdómum, sem hafa stungið sér niður hér og þar á landinu, einkum í mjólkurkúm. Og það er því engum láandi, þótt hann vilji hafa dýralækni svo nálægt sér, að hægt sé með skjótum hætti að ná til hans, þegar sjúkdómar í búfé geisa. Það er sannarlega mikið í húfi þá fyrir þá, sem við búrekstur eru.

Fyrir ári var samþ. breyt. á dýralæknal., og það frv., sem hér liggur fyrir, fer einnig fram á það að fjölga héraðsdýralæknum, því að Borgarfjarðarumdæmi, sem náð hefur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Snæfellsnessýslu, er svo stórt, að útilokað er, að dýralæknir, þó að hann sé vel staðsettur á þessu svæði, geti innt hlutverk sitt jafnt af hendi við alla sakir hinna miklu fjarlægða, sem þarna er um að ræða. Og þegar farið var að athuga, á hvern hátt mundi bezt að skipta þessu læknishéraði, þá varð niðurstaðan sú, að heppilegast mundi að skipta því eftir sýslum, þannig að Snæfellsnessýsla yrði sérstakt dýralæknisumdæmi út af fyrir sig og Mýrasýsla út af fyrir sig og Borgarfjarðarsýsla einnig út af fyrir sig. Á öllu þessu svæði eru margir nautgripir og einnig margt sauðfé auk nokkurra hrossa. Og það er mikið nauðsynjamál, að löggjafinn fallist á þessa skiptingu. En um leið og dýralæknar koma á þessi svæði, þarf að vanda til um staðsetningu þeirra og jafna aðstöðu þeirra, sem í umdæminu búa. En þegar um staðarval er að ræða, skilst mér, að það sé einkum þrennt, sem ber að hafa í huga. Það er fyrst og fremst það, að héraðsdýralæknirinn sé nokkurn veginn miðsvæðis. Í öðru lagi, að um gott símasamband sé að ræða. Og í þriðja lagi, að samgöngum sé þannig háttað við þennan stað, að þægilegt sé fyrir viðskiptavinina að ná í meðul, ef ekki þarf að fá þau með skjótum hætti, þ. e. a. s. að verzlunarsamgöngur liggi nokkurn veginn um þá staði, þar sem dýralæknar eru staðsettir. Það eru óneitanlega mikil þægindi í þessu öllu saman.

Ég vil geta þess, að landbn., sem hefur fjallað um þetta mál á mörgum fundum, sendi frv. til umsagnar yfirdýralæknisins, og hann leitaði aftur álits héraðsdýralæknis Borgarfjarðarumdæmis um þetta mál, og héraðsdýralæknirinn var því samþykkur, að umdæminu yrði þriskipt, þótt hins vegar skiptingin falli ekki algerlega í þann farveg, sem n. leggur til, því að héraðsdýralæknirinn lagði til, að Snæfellsnessýsla yrði út af fyrir sig og Borgarfjarðarumdæmi næði yfir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu vestan Skarðsheiðar, en Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar yrði sérstakt umdæmi.

Þetta gat n. ekki fallizt á, sakir þess að það umdæmi, sem yrði sérstakt sunnan Skarðsheiðar, er svo lítið og fátt um búfé, að n. taldi, að verkefni fyrir héraðsdýralækni mundi ekki verða nægjanlegt á þeim slóðum, og því réð hin skiptingin, þ. e. a. s. sýsluskiptingin.

Um umsögn yfirdýralæknis má segja, að hann sé á engan hátt mótfallinn málinu, þótt hins vegar hann telji á því nokkra annmarka og einkum þá, hversu fáir menn leggi út í að stunda dýralæknisnám. Þetta er alllangt nám og verður eingöngu fram að fara erlendis og er mjög kostnaðarsamt, og það, sem hefur verið því valdandi á undanförnum árum, að skipting dýralæknisumdæma hefur ekki verið örari en raun ber vitni um, er það, hversu fárra manna hefur verið völ til þessara starfa. En þó standa vonir til þess í framtíðinni, að úr þessu verði verulega hægt að bæta, og með það sjónarmið fyrir augum, að ungir menn vilji halda áfram við það nám, sem þeir hafa þegar lagt fyrir sig í dýralækningum, og fleiri bætist í hópinn, hefur n. viljað einróma mæl-

ast til þess, að Alþ. samþ. þetta frv. óbreytt frá því, sem það var lagt fyrir þingið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 72., 73. og 74. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 484).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var þar afgreitt einróma án breytingar. Það er þess efnis að fjölga dýralæknissvæðum á Vesturlandi, í Borgarfjarðar-, Mýra- og Snæfellsneshluta landsins. Málið hefur verið til meðferðar í landbn. Nd., og eru allir nm. sammála um að mæla með því óbreyttu, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 516).

---

47. Orlof húsmæðra.

Á 22. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um orlof húsmæðra [57. mál] (þmfrv., A. 101).

Á 27. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af okkur 4 þm. þessarar hv. þd. fyrir tilmæli stjórnar Kvenfélagasambands Íslands. Efni frv. er í stuttu máli það, að komið verði á fót orlofsnefndum húsmæðra, sem fái til starfsemi sinnar lögbundið framlag húsmæðra sjálfra gegn jafnháu framlagi frá ríkinu, auk þess fjár, sem aflað kann að verða með öðru móti til starfseminnar.

Mál það, sem frv. fjallar um, orlof húsmæðra, hefur verið til umræðu á landsþingum Kvenfélagasambands Íslands á árunum 1955, 1957 og 1959 og á fulltrúaráðsfundum samtakanna árin á milli þeirra þinga. Á landsþingi Kvenfélagasambandsins s. l. haust var svo samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, og stjórn sambandsins var þá falið að fá það flutt hér á Alþingi.

Samtök þau í Kvenfélagasambandi Íslands, sem að frv. standa, eru langfjölmennustu samtök kvenna hér á landi og hafa innan vébanda sinna nokkuð á þriðja hundrað kvenfélaga víðs vegar um landið með á 14. þús. félagskvenna. Kvenfélagasambandið hefur á stefnuskrá sinni ýmis hagsmunamál heimilanna, þ. á m., eins og segir orðrétt í lögum sambandsins, með leyfi hæstv. forseta: „Að stuðla eftir megni að hverju því, sem létt geti störf húsfreyjunnar og bætt aðstöðu hennar."

Á þingi Kvenfélagasambandsins 1955, þegar orlof húsmæðra kom þar fyrst til umr., skilaði allsherjarnefnd þingsins áliti, sem hófst með þessum formála, sem ég leyfi mér hér að lesa upp orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Rík áherzla hefur verið lögð á það á síðari árum, að sem flestum þegnum þjóðfélagsins verði árlega tryggður nokkur hvíldar- og frítími, orlof. Sú stéttin, sem lengstan hefur yfirleitt vinnutímann og fæstar næðisstundirnar, mæðurnar, sem jafnframt eru húsfreyjur, hafa samt algerlega orðið þar út undan. Erfiði þeirra og tómstundaleysi hefur vaxið að sama skapi og torveldazt hefur að fá aðstoð við heimilisstörf. Augljóst er, að úrbætur eru hér hin mesta nauðsyn, en úrræði vandfundin. Kvenfélagasamband Íslands telur þó, að við svo búið megi ekki lengur standa og verði því að hefjast handa."

Ég ætla, að hv. þm. geti fallizt á réttmæti þessa formála nefndarinnar. Allir þekkja til þess, hve fjöldi húsmæðra á erfitt um vik að veita sér þótt ekki sé nema nokkurra daga hvíld frá daglegum önnum, og ég mun ekki fjölyrða frekar um nauðsyn þess, að þeim, sem

verst eru settar, sé gert slíkt kleift, svo sem ætlunin er með frv. þessu.

Það hefur verið nokkuð unnið að því á undanförnum árum og áratugum af ýmsum aðilum að sjá húsmæðrum fyrir orlofsdvöl. En sá aðilinn, að ég ætla, sem lengstan á starfsferil í þeim efnum og umsvifamestan, er mæðrastyrksnefndin hér í Reykjavík, sem hefur nú í senn 3 áratugi nær óslitið haldið uppi sumardvöl fyrir mæður og börn og hvíldarvikum fyrir rosknar konur, oft við hinar erfiðustu aðstæður, þangað til n. fyrir nokkrum árum kom sér upp húsnæði fyrir þessa starfsemi og fékk til þess nokkurn styrk frá ríki og bæ, en aðallega var fjár aflað til þeirra framkvæmda sem og til starfseminnar allrar með ýmsum fjáröflunarleiðum, sem meðlimir mæðrastyrksnefndarinnar beittu sér fyrir. Þótt þessari starfsemi hafi verið hægt að halda uppi hér í fjölmenninu, þar sem hlut átti líka að máli gróinn og vinsæll félagsskapur hér í bænum, sem nýtur ríkulegs örlætis bæjarbúa auk sumardvalarstyrks frá Reykjavíkurbæ, þá byggist þó starfsemin öll á velvild þessara aðila, og það er hætt við því, að erfitt sé um vik, þegar komið er á fámennari staði.

Á 17. gr. fjárl. hefur síðan árið 1957 verið fjárveiting til orlofsdvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum. Alþýðusambandinu mun hafa verið falin úthlutun þess fjár, sem ég tel út af fyrir sig hafa verið nokkuð vafasamt, þar sem eðlilegra hefði verið að fela hana samtökum, sem starfa á víðari grundvelli. Það má reyndar vera, að einnig hafi verið til þeirra leitað, án þess að mér sé kunnugt um það.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, þyrfti að taka upp fjárveitingu, sem væntanlega mundi nema 320 þús. kr., því að eins og hv. þm. sjá, er í grg. við 3. gr. frv. áætlað, að á landinu öllu séu um 32 þús. konur eða húsmæður, sem greiða mundu 10 kr. hver á móti jafnháu framlagi frá ríkinu, og jafnframt yrði svo lögfest, hvernig úthluta skyldi orlofsfénu og hvaða aðilar hefðu þá úthlutun með höndum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. sjálft eða einstakar greinar þess umfram það, sem í grg. fyrir frv. segir. Þó er e. t. v. rétt að taka það fram, að héraðasambönd kvenfélaga, sem um ræðir í frv., eru nú 18 að tölu. Sambandssvæði margra þeirra falla saman við sýslurnar, en önnur ná yfir fleiri sýslur og skiptingin á milli fylgir þá ekki alltaf sýslumörkum.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. hv. þingdeildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 348).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. þetta. N. leitaði umsagnar félmrn. um frv., og umsögn sú, sem n. hefur borizt frá ráðuneytinu, er í stuttu máli á þá leið, að það mælir með samþykkt frv.

Ég vil hér lesa umsögnina, og hún er þannig, orðrétt:

„Ráðuneytinu hefur borizt bréf heilbr.- og félmn. Alþingis, dags. 23. f. m., þar sem leitað er umsagnar ráðuneytisins um frv. til laga um orlof húsmæðra.

Nokkur undanfarin ár hefur verið á fjárlögum upphæð, 40 þús. kr., til orlofs- og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum. Þessi fjárveiting hrekkur að sjálfsögðu skammt til þess að koma á orlofi fyrir húsmæður almennt. Samkvæmt grg. frv. mundi framlag húsmæðra samtals nema ca. 320 þús. kr. á ári, og gert er ráð fyrir jafnháu framlagi úr ríkissjóði, sjá 3. gr. frv.

Þörfin fyrir hvíld eða orlof mun áreiðanlega ekki vera brýnni fyrir aðra þjóðfélagsþegna en einmitt þær húsmæður, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu. En ef frv. þetta verður að lögum, eiga slíkar húsmæður rétt til orlofsfjár, sbr. 4. gr. frv.

Enda þótt með frv. þessu sé lagt til, að húsmæður hljóti verulega réttarbót frá því, sem er, virðist ráðuneytinu þó, að langt sé frá því, að allar húsmæður gætu hlotið orlof árlega, sem gagn væri að.

Ráðuneytið telur, að með frv. þessu sé stefnt í rétta átt, og mælir því eindregið með samþykkt þess."

Eins og fram kemur í nál., hafa nm. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Einn nm., hv. 9. þm. Reykv. (AGl), undirritar þó nál. með fyrirvara, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni afstöðu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég hef á um samþykkt þessa frv.

Eins og kunnugt er, hafa verkakvennafélög landsins haft mikinn áhuga á þessu máli, og mér fannst því rétt að leita umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. og fór fram á það, að sú umsögn yrði látin í té. Mér barst hún 17. marz s. l., og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa umsögn eða álitsgerð frá Alþýðusambandinu. Hún hljóðar svo:

„Eftir móttöku bréfs yðar, dags. 24. febr. s. l., þar sem þér æskið umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. til laga um orlof húsmæðra, skal yður hér með tjáð eftirfarandi:

Um árabil hefur það verið sérstakt áhugamál ýmissa verkakvennafélaga innan ASÍ að koma á og skipuleggja orlofsdvöl fyrir húsmæður, sérstaklega fyrir mæður frá barnmörgum heimilum. Hafa ýmis þessara félaga unnið mikið starf í þessu efni. T. d. hefur verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði gengizt

fyrir orlofsdvöl húsmæðra úr Hafnarfirði undanfarin ár, og hefur sú starfsemi verið mjög til fyrirmyndar.

Á árinu 1958 ritaði félmrn. Alþýðusambandinu og fór þess á leit, að sambandið tæki að sér að skipuleggja hvíldardvöl fyrir mæður af barnmörgum heimilum, enda fengi sambandið til ráðstöfunar í þessu skyni það fé, er ætlað hefði verið á fjárlögum til þessarar starfsemi. Alþýðusambandið varð við þessum tilmælum og leitaði samstarfs við fjórðungssamböndin og verkakvennafélögin innan ASÍ um undirbúning og framkvæmd málsins. Vegna þess, hve fjárveiting í þessu skyni var takmörkuð, varð að ráði að skipuleggja það árið hvíldardvöl fyrir mæður af Suður- og Vesturlandi, og nutu mæður úr Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi og Ísafirði orlofsdvalar á vegum þessara samtaka. Síðastliðið ár var þessari starfsemi enn haldið uppi og þá fyrir mæður af Norðurlandi, auk þess sem verkakvennafélagið Framtíðin hélt áfram starfi sínu á þessu sviði.

Svo sem fram kemur af því, sem að framan er sagt, hefur Alþýðusambandið og sambandsfélög þess haft forgöngu um að skipuleggja orlofsdvöl fyrir húsmæður, enda hafa verkalýðsfélögin betri aðstöðu til þess að annast þetta verkefni en flestir aðrir vegna náinna tengsla sinna við alþýðuheimilin, sem mesta þörf hafa fyrir slíka starfsemi.

Það er skoðun Alþýðusambandsins að þessa starfsemi þurfi að auka og efla og sér í lagi að tryggja henni fjárhagslegan grundvöll, og telur sambandið fram komið frv. stefna í rétta átt að þessu leyti. Hins vegar er það álit sambandsins, svo sem áður er vikið að, að slík starfsemi þurfi öðru frekar, einkanlega meðan henni er að vaxa fiskur um hrygg, að beinast að mæðrum frá barnmörgum heimilum. Til þess að skipuleggja slíka starfsemi telur ASÍ verkakvennafélögin hafa bezta aðstöðu og því beri að fela þeim að hafa þessa starfsemi með höndum, svo sem verið hefur, og veita þeim til þess fjárhagslegan stuðning af opinberri hálfu, eftir því sem fært þykir. Forgöngustarf verkakvennafélaganna ber vissulega að meta að verðleikum, og má undir engum kringumstæðum leggja stein í götu þeirra né skerða aðstöðu þeirra til þess að halda áfram því þjóðnytjastarfi, er þau hafa hafið á þessu sviði.

Svo sem fram kemur af því, sem að framan er rakið, er Alþýðusambandið sammála megintilgangi téðs frv., þ. e. að skipuleggja orlofsdvöl húsmæðra, en getur eigi mælt með samþykkt frv. í því formi, sem það er lagt fram."

Þessi umsögn er undirrituð f. h. Alþýðusambands Íslands af Óskari Hallgrímssyni.

Það er skýrt fram tekið í þessari álitsgerð, að Alþýðusambandið er sammála megintilgangi frv., en að það getur ekki mælt með samþykkt þess eins og það hér liggur fyrir. Úr álitsgerðinni virðist og mega lesa það, að ekki hafi verið haft samráð að neinu marki við verkakvennafélögin, sem þó öllum öðrum fremur hafa sýnt í verki vakandi áhuga á orlofi húsmæðra á undanförnum árum. Við þau bar að hafa sérstakt samráð við samningu slíks frv., þótt ekki væri vegna annars en þeirrar reynslu, sem þau hafa þegar á skipulagningu slíkra orlofa. En þetta virðist sem sagt hafa farizt fyrir einhverra hluta vegna, og ber að sjálfsögðu að harma það.

Það er vitað, að lög um orlof húsmæðra eru ekki til og hafa ekki verið til. Því er þetta frv. hrein nýsmíð, sem hefur ekki við að styðjast neina teljandi reynslu. Má búast við, að ýmsir ágallar þess geti dulizt fyrir mönnum nú eða þangað til einhver reynsla er fengin, og er það raunar ekkert tiltökumál.

Við athugun þessa frv. í hv. heilbr.- og félmn. hnutu sumir hv. nm. um viss atriði eins og t. d. innheimtu 10 kr. árgjalds af hverri húsmóður í landinu. Töldu þeir jafnvel vafasamt, að slík innheimta gæti borgað sig. Munu ýmsir álykta, að frekar hefði þurft að draga opinber gjöld saman, þ. e. a. s. fækka þeim, en að fjölga, eins og gert er með þessu frv. Þetta sem annað í frv. lét n. þó standa óhaggað.

Hvernig skipting landsins í orlofssvæði verður í framkvæmd, er dálítið óljóst í frv., þar sem ákveðið er, að orlofsnefnd, ein eða fleiri, sé á hverju kvenfélagasambandssvæði og hún — eða þær — er kosin á aðalfundi viðkomandi svæðasambands. Mér virðist, að það hljóti að verða krafa kaupstaða og jafnvel stærri kauptúna að hafa sínar eigin orlofsnefndir skipaðar konum hvers byggðarlags fyrir sig. En þetta er sem sagt nokkuð óljóst, eins og frv. er úr garði gert. Skipulagning orlofsferða og orlofsdvalar verður að sjálfsögðu ærið misjöfn og ólík á hinum ýmsu stöðum, og fer það mjög eftir atvinnuháttum og staðháttum, hvernig og á hvaða tímum slíkt verður skipulagt. Þetta finnst mér eitt af veigamiklum atriðum, sem hefði þurft að brjóta betur til mergjar, þegar frv. var samið.

Ég tel sem sagt líklegt, að með meiri vinnu og sennilega með víðtækara samstarfi aðila hefði mátt gera frv. betur úr garði en raun er á, og ef til vill væri nánari athugun þess bezta lausnin að þessu sinni. Hins vegar er hér um að ræða mjög mikilsvert réttlætis- og þjóðnytjamál, sem æskilegt er að megi komast sem fyrst í framkvæmd, og því mun ég greiða frv. atkvæði, en að sjálfsögðu fylgja þó hverri þeirri brtt., sem fram kynni að koma og virtist vera til bóta.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs einungis í því skyni að benda á, hvort ekki muni vera ástæða til þess að orða ákvæði um eitt atriði í frv. skýrar en þar er gert. En áður en ég vík að því, vil ég láta þá skoðun í ljós, að með þessu frv. er vissulega stefnt í rétta átt. Starf húsmæðra er mjög bindandi, hvar sem er á landinu, og þó ekki sízt starf þeirra húsmæðra, sem öðrum þræði verða að leggja fram krafta sína við at-

vinnurekstur, eins og er yfirleitt um húsmæður í sveitum og sumar húsmæður í kaupstöðum líka.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að komið verði á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðssambands kvenfélaga. Og hlutverk þessara orlofsnefnda á að vera það að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra, ferðalaga og fleiri verkefni. Og þessar orlofsnefndir á að kjósa á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands. Mér finnst eðlilegt, að það sé látið óbundið í lögum, hve stórt hvert orlofssvæði er. Mér finnst því þessi ákvæði 1. gr. eðlileg. Það er áreiðanlega eðlilegt og hagkvæmast, að skipulagt sé í einu lagi ferðalag og dvöl þess hóps, sem nýtur orlofsins sameiginlega, hvort sem það eru konur úr einu sveitarfélagi eða af stærra svæði. Og skipting orlofssvæðanna hlýtur því að fara bæði eftir fjölmenni í hverju sveitarfélagi og landfræðilegum staðháttum. En þegar kemur að því, að úthluta orlofsfé samkvæmt ákvæðum 5. gr., á að hafa til hliðsjónar og taka tillit til persónulegra ástæðna þess, sem orlofsfjárins nýtur. Þá á að taka tillit til efnahags fjölskyldunnar, fjölda barna í heimilinu og aldurs þeirra, húsnæðis, heilsufars og annarra ástæðna. Það liggur í augum uppi, að svona persónulegar ástæður geta ekki aðrir metið en þeir, sem eru gagnkunnugir högum umsækjanda eða þess, sem orlofsfjárins á að njóta, enda skilst mér, að það sé ætlazt til þess skv. 5. gr., að auk þeirra orlofsnefnda, sem kosnar verða á aðalfundum héraðssambanda kvenfélaga, séu jafnframt til orlofsnefndir í hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi og til þeirra orlofsnefnda á að úthluta orlofsfénu. En ef þetta er rétt skilið, þá virðist mér, — og það er það, sem ég vildi vekja eftirtekt á, — að það komi ekki fram í frv., eins og það er orðað nú, hvernig á að kjósa eða koma á fót þessum sérstöku orlofsnefndum í sveitarfélögunum, hvort þær á að kjósa af hlutaðeigandi kvenfélagi, þar sem það er til staðar, eða hvort þær á að kjósa af hlutaðeigandi sveitarstjórn — eða einhverjum öðrum aðila. Og nú er það svo, að í sumum hreppum eru ekki starfandi kvenfélög, en mér finnst fjarri lagi, að þær konur, sem búa í þeim hreppum, yrðu útilokaðar frá því að njóta orlofs. Ég ber ekki fram till. um þetta, en við fljótan yfirlestur hef ég veitt þessu eftirtekt og vil við þessa umr. vekja athygli á því, ef n., sem hefur haft frv. til meðferðar, sýnist ástæða til milli umræðna að taka þetta til athugunar.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) gerði hér grein fyrir því, að hann hafði undirritað nál. með fyrirvara, og las hér upp bréf Alþýðusambandsins í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hlýt að segja það, að þótt verkakvennafélögin séu alls góðs makleg og að þeim hafi nú undanfarin 2 eða 3 ár verið falið að úthluta því fé, sem ætlað er á fjárlögum til orlofs fyrir húsmæður, þá verð ég að líta svo á, eins og ég reyndar lét getið í framsöguræðu fyrir frv., að það hefði verið rétt að leita til samtaka, sem störfuðu á enn breiðari grundvelli, um úthlutun fjárins. Hitt er annað mál, að þetta er svo lág upphæð á fjárlögum, að það var mjög takmarkað, hve víða væri hægt að dreifa því, ef að nokkru gagni ætti að koma. En alla vega, eins og það frv. er byggt upp eða hugsað, sem hér liggur fyrir, þá tel ég, að það væri óeðlilegt að fela stéttarfélögum eða verkalýðsfélögum úthlutunina. Það er hugsað þannig, að það greiði allar konur á landinu í þennan orlofssjóð, og að fara að taka út úr einhverjar sérstakar tegundir félaga eða samtaka til þess að úthluta því fé, það verð ég að segja að ég teldi meira en vafasamt. Hvort það væri þá hugsað þannig, að verkakvennafélögin ættu að úthluta öllu þessu fé eða einhverjum hluta af því, ég veit satt að segja ekki, hvernig því mætti verða fyrir komið.

Þá sagði hv. 9. þm. Reykv., að það hefði verið eðlilegt, að það hefði verið leitað samráðs við verkakvennafélögin, sem hefðu haft sumardvalir eða orlofsdvalir húsmæðra með höndum, — leitað samráðs við þær, þegar þetta frv. var samið. Því er til að svara, að í Kvenfélagasambandinu eru mörg verkakvennafélög, og fulltrúar þeirra hafa fjallað um þetta mál, sem var lengi til meðferðar hjá Kvenfélagasambandinu, bæði á þingum þess og fulltrúaráðsfundum, svo að fulltrúar verkakvennafélaganna gátu auðvitað komið sínum sjónarmiðum þar að. Ég held, að þar hafi aldrei heyrzt sú rödd, að það ætti að fela úthlutun fjárins einhverjum sérstökum félögum, heldur var einmitt aðaláherzlan lögð á það, að vegna þess að Kvenfélagasambandið er heildarsamtök kvenna í landinu og þau langfjölmennustu, væri langeðlilegast, að á vegum þess eða héraðssambandanna yrði skipað í orlofsnefndir og séð um úthlutun þessa fjár.

Það má vel vera, að það megi sitthvað að frv. finna. En þó mundi ég ekki vilja segja, að kastað hafi verið til þess höndum, því að það er búið að vera lengi til meðferðar og athugunar hjá Kvenfélagasambandinu og þar auðvitað mörg sjónarmið komið fram, og ég held, að það sé ekki hægt að segja, að það hafi fengið fljótfærnislega afgreiðslu þar.

Þá talaði sami hv. þm. um orlofssvæðin. Það stendur í frv., að á héraðssambandasvæðunum skuli vera orlofsnefndir. Það er ekkert takmarkað við, að það skuli bara vera ein. Það er að sjálfsögðu heimilt að hafa þær fleiri og ef svo sýndist að hafa þá sérstakar orlofsnefndir fyrir kaupstaðina, stærri kaupstaðina a. m. k. Það er engu slegið föstu um það í sjálfu frv.

Hv. 5. þm. Austf. kom að þessu atriði líka nokkuð, um stærð orlofssvæðanna. Þetta er ekki hugsað þannig, eins og frv. liggur fyrir, að það séu orlofsnefndir starfandi í öllum hreppum eða ég hef ekki skilið það þannig a. m. k. Það er eins og í frv. segir, það á að meta ástæður umsækjenda, og það er gert

ráð fyrir því, að það verði útbúin sérstök eyðublöð, þar sem umsækjendur verði að gefa upplýsingar um þau atriði, sem máli skipta, og verða þá orlofsnefndirnar að vega og meta ástæður eftir fram komnum upplýsingum, vega og meta ástæður þeirra, sem hlut eiga að máli þegar velja skal úr, því að alltaf má búast við því, að fleiri sæki um en unnt er að sinna.

Hv. 5. þm. Austf. mæltist til þess, að heilbr.- og félmn. tæki til athugunar þetta atriði, hvernig hugsað væri að orlofsnefndirnar yrðu kosnar. Í frv. segir, að á aðalfundi félagssambands skuli kosið í orlofsnefnd, eina eða fleiri, eftir því sem ákveðið yrði þá hverju sinni. Ég vil endurtaka það, sem ég lét getið við 1. umr. málsins, að héraðssamböndin eru 18 talsins á landinu. Falla sums staðar mörk þeirra saman við sýslumörk, ekki þó alls staðar, og þessi sambönd halda alltaf sína árlegu aðalfundi, og þar yrði að sjálfsögðu kosið í orlofsnefndirnar. Rétt er líka að taka það fram, að konur koma vitanlega til greina með að njóta orlofsfjár, þó að þær séu ekki félagsbundnar, séu ekki starfandi í neinum af þeim félögum, sem eru í Kvenfélagasambandinu.

Úr því að ósk er fram komin um það, þá tel ég sjálfsagt, að heilbr.- og félmn. taki þetta atriði til athugunar, sem hv. 5. þm. Austf. minntist á, milli umr. eða fyrir 3. umr. málsins, en vona að öðru leyti, að málið geti fengið sem skjótasta afgreiðslu hér í d., þar sem nokkuð er orðið áliðið þings, að ætla má, og væri mjög æskilegt, ef hægt yrði að afgreiða málið á þessu þingi.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) las hér áðan upp álit eða umsögn miðstjórnar Alþýðusambands Íslands varðandi þetta frv. Í þeirri umsögn kemur það glögglega fram, að ýmis verkakvennafélög innan Alþýðusambandsins eru dálítið uggandi um sinn áhrifarétt á dreifingu þess fjár, sem félmrn. hefur skv. fjárl. úthlutað til þeirrar starfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir. Þar sem ég er dálítið kunnugur þessum umr., þykir mér rétt að taka það skýrt fram, að þessi uggur er fyrst og fremst kominn fram frá þeim verkakvennafélögum, sem eiga ekki aðild að Kvenfélagasambandi Íslands og þess vegna mundu ekki verða neinir aðilar að þeim héraðssamböndum, sem dreifa mundu þessu fé eða ráðstafa því, svo sem í 1. gr. er gert ráð fyrir. Ég hefði því talið, að það væri eitt af brýnustu verkefnum Kvenfélagasambandsins við samþykkt þessa frv. og jafnvel til þess að það nái fram að ganga, að það reyndi með öllum tiltækilegum ráðum að gera þau verkakvennafélög eða þær deildir verkakvenna, sem nú eru meðal verkamannafélaga í landinu, — þær eru nokkuð margar, þar sem ekki er um sérstök verkakvennafélög að ræða, — að gera þau aðila að þessum samtökum, þannig að ekki yrði uppi nein tortryggni um ráðstöfun þessa fjár.

Það hefur verið á tveimur undanförnum árum sá háttur á hafður, bæði árið 1958 og 1959, að félmrn. hefur úthlutað 40 þús. kr. til Alþýðusambands Íslands, en Alþýðusambandið síðan falið verkakvennafélögunum eða n. skipaðri af þeim að ráðstafa þessu fé. Að sjálfsögðu er ætlazt til með þessu frv., að þetta fé, sem Alþýðusambandið hefur til þessa haft til umráða, á þessum tveimur árum, falli nú til umráða til þeirra héraðssambanda, sem í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir. Af þessum ástæðum tel ég mjög brýna nauðsyn á, að það verði framkvæmt hið allra fyrsta og jafnvel meðan frv. er ekki til fullnustu afgreitt hér, til þess að fyrirbyggja allan miskilning, að gera þá, sem eru það ekki nú þegar, en teljast þó verkakvennafélög eða verkakvennadeildir innan ýmissa félaga, aðila að þessum samtökum, þannig að áhrifaréttur þeirra minnki ekki á dreifingu fjárins frá því, sem áður hefur verið.

Það kann áreiðanlega að flögra að ýmsum í sambandi við samþykkt þessa frv., að ekki sé nægilega tryggt framlag ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, miðað við þau framlög, sem húsmæðrum er skylt að greiða til þessa sjóðs. Ég held þó, að sú viðleitni, sem hið opinbera hefur þegar sýnt í þessum málum, ætti að sanna, að á því muni ekki standa um framkvæmd málsins og óþarft sé af þeim ástæðum að kvíða því. Ég tel sjálfur, að frv. sem heild miði í rétta átt, og höfuðatriðið, sem ég vildi gera aths. við, er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að það verði fyrirbyggt, svo sem kostur er á, að tortryggni innan kvenfélagasamtakanna í landinu sé um að ræða varðandi dreifingu fjárins og notagildi þess. Stefna frv. er áreiðanlega rétt. Mikilvægi þess starfs, sem húsmæður vinna í þjóðfélaginu, er viðurkennt af öllum og réttindi þeirra til orlofsdvalar áreiðanlega á fullum rökum reist. Um það efast áreiðanlega enginn, og þær athugasemdir koma væntanlega ekki fram við frv.

Ég skal skýra frá því, að þrátt fyrir þessar mínar athugasemdir, mun ég fylgja þessu frv. og tel það mikilvægt spor í rétta átt, en mælist eindregið til þess, að þau samtök, sem sjá eiga um dreifingu og notagildi fjárins, reyni að sameina undir sínum merkjum öll þau kvenfélagasamtök, hverju nafni sem þau annars nefnast, hvort sem þau eru deildir eða sérstök félög, — sameina þau undir sínum merkjum og þá muni þeirri tortryggni, sem annars kynni að vera í sambandi við framkvæmd málsins, vera útrýmt. Ég mun styðja frv., vegna þess að ég tel það mikilvægt spor í rétta átt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég verð að játa, að ég er ekki vel kunnugur uppbyggingu Kvenfélagasambands Íslands, en ég hygg þó, að Kvenfélagasamband Íslands sé samband héraðasambandanna, sem aftur eru mynduð af kvenfélögunum, sem eru starfandi í hinum ýmsu eða kannske öllum sveitar- og bæjar-

félögum í landinu. Þess vegna finnst mér, ef þessi uppbygging er rétt, það vera einkennilegt, að í þessu frv., þegar gerð er grein fyrir því, á hvern hátt skuli aflað fjár til orlofs húsmæðra, sem ég fyllilega játa að sé mikið nauðsynjamál, sé ekki gert ráð fyrir því, að þessi félagasamtök, sem eru mynduð á frjálsan hátt af húsmæðrunum í landinu, skuli þurfa að láta neitt framlag til þessara mála. Í öðru lagi finnst mér, þegar lagalega er ákveðinn sá hlutur, sem húsmæður eiga að greiða til þessa orlofs, 10 kr. á hverja húsmóður í landinu, eða því sem næst 320 þús. kr. á ári, og gert er líka ráð fyrir því, að ríkið greiði jafnháa upphæð, og það er enn fremur gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögin leggi framlag til þessa orlofs, en hins vegar er þar engin fjárhæð ákveðin, að það sé mjög misráðið, sakir þess að ef sveitar- og bæjarstjórnir eiga sjálfar að ráða þessum framlögum, þá verða héraðasamböndin og þær nefndir, sem eiga að sjá um orlof húsmæðra, mjög misjafnlega á vegi staddar hvað fjárhaginn snertir. En ég vildi benda á það, úr því að við erum hér að gera ráð fyrir því, að það verði lögskipaður skattur á hverja húsmóður í landinu og til jafns við þann skatt frá ríkinu, hvort við eigum ekki að ganga það tryggilega frá að ákveða hlut bæjar- og sveitarfélaganna líka. Mér finnst, að það væri miklu hreinna og betra að verki gengið og tilgangi þessa máls væri betur náð á þann hátt. Ég vil líka benda n. á það, að mér hefði ekki fundizt óviðeigandi að gera ráð fyrir því, að hin einstöku héraðssambönd og kvenfélög í landinu greiddu líka tillag í þennan sjóð, orlofssjóð húsmæðra, því að mér er það vel ljóst, að það verður ekki langt frí, sem húsmæður landsins geta tekið sér, þó að þær fengju árlega eina milljón króna til að fara í eitthvert ferðalag fyrir. Svo dýrt er orðið að ferðast í þessu landi, að það hrekkur ekki langt. En þetta er aðeins ábending af minni hálfu, að ég tel, að við eigum að ákveða gjaldið frá bæjar- og sveitarfélögum og í öðru lagi að gera ráð fyrir því, að kvenfélögin og kvenfélagasamböndin í landinu verði svo vel stæð, að þau gætu einnig látið eitthvert framlag til þessara sjóða, sem eiga að sjá um orlof húsmæðra.

Frsm. (Auður Auðuns): Ég vil aðeins svara einu atriði úr ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), þar sem hann talar um, að það hefði kannske verið eðlilegt að skylda kvenfélögin og samböndin til þess að leggja fram fé í orlofssjóð. Ég verð að segja, að þessu mundi ég verða alveg algerlega andvíg. Þetta eru samtök, sem öll hafa menningar- eða líknarstarfsemi á sinni stefnuskrá, leggja víða fram stórar fjárhæðir til framdráttar slíkum málum og eru venjulega í peningaþröng meira eða minna. Ég vil líka vekja athygli á því, að í 2. tölulið 3. gr. frv. er talað um, hvernig afla skuli fjár til orlofanna, að það skuli gert með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefnd og kvenfélögum þykir henta. Það væri þá alveg nýtt, ef kvenfélögin í landinu hættu eða leggðu niður það mikla starf, sem þau hafa haldið uppi á ýmsum sviðum, til þess að afla fjár til eins og annars gagnlegs málefnis. Og það er enginn vafi á því, að þetta mál verður ekki sett til hliðar hjá kvenfélögunum. Ég vil benda á, að það eru aðilar, sem þegar hafa haldið uppi áratugum saman orlofsdvöl fyrir mæður og börn og aflað alls fjár eða svo að segja langmests hluta af því fé, sem til þess hefur verið notað, aflað þess með fjársöfnun og merkjasölu og slíku, eins og tíðkast. En að það verði farið að leggja sérstakt gjald á þessi félög, kvenfélögin, því væri ég algerlega mótfallin. Það mætti, að ég tel, þá miklu frekar hugsa sér að hækka nefskattinn og þá um leið framlag ríkissjóðs, sem á móti kemur.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég benti á það, að mér fyndist rétt að gera ráð fyrir því, að kvenfélög og héraðasambönd mættu, ef þau vildu, leggja fram eitthvað í orlofssjóð húsmæðra, ef þeirra ástæður leyfðu, en ekki það, að ég tæki sérstaklega fram, að það ætti að vera bindandi í lögum, hvað þau legðu fram, heldur að þegar gert er ráð fyrir því í 3. gr., að í fyrsta lagi húsmæður greiði sérstakt gjald, í öðru lagi að sjóðurinn fái tekjur af gjöfum og áheitum, í þriðja lagi með framlögum sveitar- og bæjarfélaga og í fjórða lagi með framlögum ríkisins, þá fyndist mér ekkert óviðeigandi, að í fimmta lagi verði gert ráð fyrir því, að frá kvenfélögum og héraðasamböndum kæmi einhver fjárstuðningur, ef þeirra fjárhagur leyfir, án þess þó að það sé lagalega bindandi upphæð. Mér finnst ekki ástæða til að binda upphæðina sérstaklega í lögum, en hins vegar finnst mér eðlilegt að gera ráð fyrir því, að þau leggi eitthvað fram og þau séu nefnd á nafn í þessu sambandi. En mér finnst aftur á móti, að við eigum að binda lagalega framlag bæjar- og sveitarfélaganna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 68., 69. og 70. fundi í Ed., 2., 3. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 101, 393).

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Eftir að mál þetta var síðast rætt hér í þessari hv. d., og þá sætti það nokkurri gagnrýni um ýmis atriði, eins og hv. þdm. væntanlega muna, þá hefur heilbr.- og félmn. enn haft málið til meðferðar á nokkrum fundum. Árangur eða niðurstöður af hinum nýju athugunum n. birt-

ast á þskj. 393, sem eru brtt., sem n. flytur og er sammála um.

Heilbr.- og félmn. telur og væntir þess, að hv. þdm. fallist einnig á þá skoðun, að það væri nánast fjarstæða eða það stappi nærri fjarstæðu að leggja þann 10 kr. skatt á, sem ráðgert er í 3. gr. frv. að lagður skuli á húsmæður á aldrinum 18—65 ára og innheimtur skuli með þinggjöldum af innheimtumönnum ríkissjóðs. Ekki þó vegna þess, að þessi skattur sé hár eða tilfinnanlegur, því að því fer vitanlega fjarri, að svo sé, heldur vegna hins, að það liggur í augum uppi, að kostnaður við innheimtu þessa gjalds mundi að öllum líkindum fara fram úr gjaldupphæðinni sjálfri. Það er talið, að í landinu séu 32 þús. húsmæður, sem gjaldskyldar yrðu samkv. 3. gr. frv., og gjaldupphæðin yrði því samtals 320 þús. kr., sem innheimta bæri af 32 þús. gjaldendum. Ég þarf ekki að reyna að lýsa því eða gera grein fyrir því, hversu mikil fyrirhöfn yrði við innheimtu þessa gjalds og við reikningshald á þessu gjaldi og reikningsskil.

Ég ræddi mál þetta fyrir nokkrum dögum við Torfa Hjartarson tollstjóra, sem hefur, eins og allir vita, manna mesta reynslu og þekkingu um innheimtu opinberra gjalda. Skoðun hans á þessu máli var sú, að ekki mætti koma fyrir, að skattur slíkur sem þessi yrði í lög leiddur. Stefnan hefur verið sú undanfarin ár að fækka opinberum gjöldum og reyna að gera innheimtu og reikningsskil sem einföldust, þótt að vísu hafi hægt miðað í þeim efnum og margt standi enn þá til bóta, en segja má þó, að nokkuð hafi miðað í þá átt að gera þessa hluti einfaldari en þeir hafa verið.

Heilbr.- og félmn. leggur því til með brtt. sinni á þskj. 393, að þessi skattur, sem ráðgerður er í 3. gr. frv., verði felldur úr frv. Í stað þess er gert ráð fyrir í brtt., að frá kvenfélögum og kvenfélagasamböndum komi nokkurt framlag í orlofssjóð, og er það hugsað þannig af n. hálfu, að konurnar sjálfar með sínum alkunna kvenlega dugnaði afli þessa fjár með frjálsum framlögum húsmæðra. Aðrar breyt. í till. n. leiðir beinlínis af þessu og þurfa ekki frekari skýringa við. Ætlazt er til, að ríkisframlagið sé hið sama og frv. gerir ráð fyrir, en heimilt sé þó, að það verði hærra.

Um 5. gr. frv. leggur n. til, að brott verði numinn fyrri málsl. síðari málsgr., en hann virðist vera óþarfur og að nokkru leyti villandi, eins og hv. 5. þm. Austf. (PÞ) benti á hér í umr. um daginn.

Fleiri athugasemdir tel ég ekki efni til að láta fylgja þessum brtt. að svo komnu.

ATKVGR.
Brtt. 393,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 393,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 406).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Frv. um orlof húsmæðra er komið frá hv. Ed., en mér finnst ástæða til að kynna það með örfáum orðum hér í þessari hv. d.

Flestir eru sammála um nauðsyn þess, að fólk geti fengið nokkurra daga hvíld frá starfi sínu á ári hverju. Það er líka löngu viðurkennt í framkvæmd í flestum starfsgreinum þjóðfélagsins. Í fjölmennasta starfshópnum hefur þó reynzt erfiðast að koma við orlofi almennt. Stór hluti þess hóps, húsmæðranna, eru þeir þegnar þjóðfélagsins, sem lengstan hafa starfstíma og fæstar næðisstundir. Það er því ekki að ófyrirsynju, að það hefur um mörg undanfarin ár verið mjög á dagskrá fjölmennustu kvennasamtaka þessa lands, Kvenfélagasambands Íslands, hvernig leysa megi þann vanda að skapa þeim húsmæðrum, sem örðugast eiga og búa við kröppust kjörin, skilyrði til að njóta nokkurrar hvíldar og hressingar árlega, en sá er einmitt tilgangur þessa frv.

Frv. er árangur af starfi nefnda, sem unnið hafa á milli landsþinga Kvenfélagasambandsins. Í þeirri mynd, sem frv. var lagt fram í hv. Ed., hafði það verið samþ. á síðasta landsþingi Kvenfélagasambands Íslands og þá undirbúið af sérstakri n. undir forustu Herdísar Ásgeirsdóttur. Til að rísa undir kostnaði af orlofsferðum og dvölum barnmargra og efnalítilla kvenna er hugsunin að mynda sérstakan sjóð, orlofssjóð. Ætlun kvennanna var upphaflega m. a., að hver húsmóðir á aldrinum 18—65 ára greiddi árlega 10 kr. í þennan sjóð, þannig að sú stétt, sem orlofsins ætti að njóta, kostaði það að því leyti. Innheimta átti svo þessar 10 kr. með ríkissköttunum. Auk þess var gert ráð fyrir framlagi ríkisins, — það skyldi vera jafnhátt samanlagðri þeirri upphæð, sem innheimtist hjá húsmæðrunum, — og svo framlögum bæjar- og sveitarfélaga og ýmsum fjáröflunarleiðum, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þætti henta.

Ákvæðið um 10 kr. gjald húsmæðranna var fellt burt við 3. umr. málsins í Ed. og gr. umorðuð á þann hátt, sem segir á þskj. 393. En aðalefni þeirrar gr. er, þar sem segir, að ríkissjóður skuli árlega greiða upphæð, sem svari til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu. Húsmæður á öllu landinu munu vera rúmlega 32 þús., þannig að þarna mundi ríkissjóður leggja fram 320 þús. En að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs.

Fyrsti flm. þessa máls var fjarverandi, er þessi breyt. var gerð, og átti því ekki kost á að segja sitt orð um hana. Ég vil því láta þess getið til upplýsingar fyrir þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, að þær forvígiskonur Kvenfélagasambands Íslands, sem ég náði til, þær frú Helga Magnúsdóttir á Blikastöðum og

frú Aðalbjörg Sigurðardóttir, töldu sig ekki andvígar niðurfellingu 10 kr. gjaldsins.

Það er líka skiljanlegt, að nú, þegar svo margir njóta skattfrelsis, hlýtur innheimta ríkisins á einum 10 kr. af hverri húsmóður á landinu að verða illframkvæmanleg vegna tiltölulegra umsvifa og kostnaðar. Að vísu verða hinar föstu tekjur orlofssjóðs minni með þessum hætti en í upphafi var ráðgert, en á þessu stigi hygg ég, að rétt sé að láta breyt. Ed. halda sér.

Úthlutun orlofsfjárins eiga skv. frv. orlofsnefndir, ólaunaðar og kosnar af hlutaðeigandi héraðssamböndum kvenfélaga, að hafa með höndum. Ein eða fleiri slíkar n. munu starfa á svæði hvers héraðssambands kvenfélaga. N. þessar eiga einnig að sjá um skipulagningu orlofanna. Verður þar að sjálfsögðu brýnt verkefni að finna góða og ekki of dýra dvalarstaði, þar sem viðkomandi húsmæður geta dvalizt með eða án fjölskyldu sinnar. Hafa mæðrastyrksn., sem víða starfa, mikla reynslu í þessu orlofsstarfi, enda er gert ráð fyrir samstarfi við þær, þar sem þær eru starfandi.

Rétt til orlofsfjárins eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Einnig er gert ráð fyrir heimild til að veita nokkurt orlofsfé vegna barna allt að 10 ára.

Ég mun ekki fjölyrða um frv. frekar og tel líklegt, að hv. þdm. láti ekki sitt eftir liggja til að stuðla að framgangi þessa áhugamáls svo fjölmargra íslenzkra kvenna og reyni að hraða afgreiðslu þess, þar eð nú er mjög orðið liðið á þingtímann. Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 86., 87. og 88. fundi í Nd., 23., 24. og 25. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 27. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 406, n. 490).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

---

48. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 71. fundi í Ed., 6. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands [151. mál] (þmfrv., A. 394).

Á 73. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands. Efni frv. er, að eftir 1. málsl. 1. mgr. nefndra laga komi nýr málsl., svo hljóðandi: „Þó getur sjóðsstjórnin veitt skipasmíðastöðvum lán til byggingar nýrra fiskiskipa innanlands gegn ríkisábyrgð.“

Svo sem segir í grg. fyrir frv., var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár samþ. heimild til handa ríkisstj. að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíði innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstj. setur að öðru leyti nánari skilyrði fyrir ábyrgð þessari.

Með þessari samþykkt hefur Alþ. sýnt vilja sinn í að styðja að eðlilegri þróun skipasmíðastöðvanna með það fyrir augum að auka skipasmíðar innanlands. Þá má benda á í þessu sambandi, að samþykkt þessi ætti jafnframt að fela í sér þá tryggingu, að atvinna þeirra manna, sem skipasmíðar stunda, verði bæði jafnari og öruggari en nú á sér stað, en á því er hin mesta nauðsyn. Eins og nú er háttað, er það víða svo, að eina verkefni skipasmíðastöðvanna er hið árlega viðhald bátaflotans, sem verður að framkvæma á sem skemmstum tíma á milli vertíða. Slíkar framkvæmdir eru mjög fólksfrekar, og getur því verið örðugleikum bundið, að fyrir hendi séu að jafnaði nægilega margir æfðir skipasmiðir til að sinna þessu mjög svo þýðingarmikla hlutverki. Það er því höfuðnauðsyn, að hver skipasmíðastöð hafi jafnan með höndum einhverja nýsmíði og tryggi með þeim hætti eðlilegt viðhald og aukningu skipaflotans í landinu og enn fremur samfellda vinnu þeirra manna, sem þessa atvinnugrein stunda.

Til þess að sú samþykkt, sem Alþ. hefur þegar gert til stuðnings þessu þarfa máli, megi veita þá fyrirgreiðslu, sem til var ætlazt, er

nauðsynlegt, að gerð verði breyt. á 1. um Fiskveiðasjóð Íslands, svo sem lagt er til með frv. þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en geri það að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 394, n. 472).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar, og hún leitaði jafnframt umsagnar fiskveiðasjóðsstjórnarinnar um málið. Í svari frá sjóðsstjórninni segir svo í sambandi við efni frv.:

„Sjóðsstjórninni er kunnugt, að eigendur dráttarbrauta og skipasmíðastöðva telja ógerlegt að hafa jafnan nægan mannafla tiltækan til nauðsynlegra viðgerða á fiskiskipaflotanum, nema unnt sé að hafa jafnframt með höndum smíði skipa, þannig að vinna geti verið stöðugt árið um kring, en til þess hefur þær skort fjármagn. Nokkur bót hefur verið ráðin á þessu með ábyrgðarheimild ríkissjóðs fyrir rekstrarlánum til skipasmíðastöðvanna. Þó mun hafa verið erfiðleikum bundið að útvega bráðabirgðalán til smíðanna, auk þess sem slík lán fást ekki nema gegn venjulegum forvöxtum víxla, sem eru allmiklu hærri en vextir fiskveiðasjóðs, og kemur það auðvitað fram í hærra verði skipanna. Af framangreindum ástæðum getur sjóðsstjórnin mælt með hugmynd þeirri, sem í framangreindu frv. felst, en leyfir sér að benda á, hvort ekki væri réttara að orða málslið greinarinnar þannig:

Veita má eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð."

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að þetta orðalag verði haft í sambandi við afgreiðslu málsins, og hefur með nál. 472 leyft sér að leggja til, að 1. gr. orðist svo, að á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. l. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

„Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð".

Með þessu orðalagi er náð nákvæmlega sama tilgangi og felst í frv. sjálfu, og ég ætla enn fremur, að það sé enn fremur náð þeim tilgangi, sem ætlað var, þegar gengið var frá heimildinni í fjárlögum um ríkisábyrgð til handa skipasmíðastöðvunum.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil vísa til framsögu minnar um málið, þegar það var hér flutt í d. Það er einmitt hið sama, sem þar kom fram og kemur fram í svari fiskveiðasjóðsstjórnarinnar, að þetta er fyrst og fremst gert til þess að tryggja mannafla á skipasmíðastöðvunum, því að með þeim hætti, sem nú er, að enga aðra atvinnu sé upp á að hlaupa en viðhald bátaflotans, sem verður að framkvæma á skömmum tíma á milli vertíða, þá segir það sig sjálft, að ekki er um nægjanlegt atvinnuöryggi að ræða í sambandi við atvinnugreinina og menn fást ekki til að binda sig yfir slíkri atvinnu.

Ég vil leyfa mér að þakka þær undirtektir, sem málið hefur fengið hjá fiskveiðasjóðsstjórninni og meðnm. mínum í sjútvn.

ATKVGR.
Brtt. 472 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 482).

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessu frv., sem flutt er af hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), er ætlað að greiða fyrir bátasmíði hér innanlands, og efni þess er það að heimila Fiskveiðasjóði Íslands að veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur. Í gildandi lögum um fiskveiðasjóð er svo ákveðið, að fiskveiðasjóður láni í vissum hlutföllum til smíði báta, og sérstakar reglur um, hvernig þau lán skuli greidd af hendi. En til þess að hefja slíka smíði skortir oft fé hjá þeim, sem vilja láta smíða slíka báta, eða hjá skipasmíðastöðvunum, og er þessu frv. sem sagt ætlað að skapa heimild til að veita bráðabirgðalán þegar í upphafi, svo að smíði skipanna geti hafizt.

Þetta er í beinu framhaldi af ákvæði í 22. gr. fjárlaga fyrir 1960, XVIII. lið, þar sem segir, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstj. setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

Nú ætla ég, að hv. þm. séu á einu máli um það, að æskilegt og nauðsynlegt sé að greiða fyrir smíði skipa og báta innanlands, og bæði þetta frv., sem hér liggur fyrir, og umrætt ákvæði fjárlaga stefni því í rétta átt.

Ég vil hins vegar leyfa mér að bera fram hér brtt. við niðurlag 1. gr. þessa frv., en þar segir, að slík bráðabirgðalán úr fiskveiðasjóði til smíði fiskiskipa skuli veitt gegn ríkisábyrgð. Í fyrsta lagi sýnist mér eðlilegra að stjórn sjóðsins meti hverju sinni, hverjar tryggingar hún telur nægilegar fyrir slíkum bráðabirgðalánum. Í langflestum tilfellum eru slík bráðabirgðalán áhættulaus, vegna þess að þau greiðast nokkru síðar, þegar smíði bátsins miðar áfram, af stofnlánum úr fiskveiðasjóði. Ef miðað er við eðlileg bankasjónarmið, má segja, að fremur eigi stjórn sjóðsins að meta það

hverju sinni, hverjar tryggingar eru nægar. Það er ekki ástæða að mínu áliti til að gera það að skilyrði í hvert einasta skipti fyrir slíku bráðabirgðaláni, að ríkið komi með ríkisábyrgð, enda í flestum tilfellum, að ég ætla, engin þörf á slíku. Í annan stað er þess að gæta, að ef fiskveiðasjóður er búinn að veita slík bráðabirgðalán, 10 millj. kr., gegn ríkisábyrgð, þannig að fullnotuð er heimildin í 22. gr. fjárlaga, þá hefur fiskveiðasjóður samkv. orðalagi frv. nú ekki heimild til þess að veita fleiri bráðabirgðalán, vegna þess að það er skilyrði samkv. frv., að ríkisábyrgð sé fyrir hendi.

Mér sýnist, að æskilegt sé því frá flestum sjónarmiðum séð að breyta þessu, og leyfi mér að leggja til, að í stað orðanna „gegn ríkisábyrgð" í niðurlagi 1. gr. komi orðin: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. — Þegar verið er að hefja smíði báta eða skipa og sótt er um bráðabirgðalán, sem hjálpa yfir byrjunarörðugleikana, þangað til stofnlán fiskveiðasjóðs kemur, og sótt er um slíkt bráðabirgðalán, þá yrði í fyrsta lagi stjórn sjóðsins að meta það hverju sinni, hvort hún hefur nægar tryggingar, sem aðili getur lagt fram, og ef hann hefur ekki nægar tryggingar, þá er hægt að grípa til ríkisábyrgðarinnar, sem heimild er til í fjárlögum. En jafnvel þótt búið væri að nota þessa 10 millj. kr. ábyrgðarheimild að fullu, gæti sjóðurinn engu að síður lánað til viðbótar, ef þessi brtt. verður samþ., en mundi ekki verða heimilt samkv. orðalagi frv., eins og það nú er.

Ég hef rætt þetta við hv. flm., er hefur tjáð sig samþykkan þessari brtt., og vænti þess, að hún nái samþykki. Þessi till. er skrifleg, og vænti ég, að hæstv. forseti leiti afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 489) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af þeirri brtt., sem hæstv. fjmrh. flytur nú, þá sýnist mér málið liggja nokkuð öðruvísi fyrir en þegar það var lagt fyrir sjútvn., sem fjallaði um það. Mér sýnist í fljótu bragði, að það hafi í för með sér, að þar með sé fiskveiðasjóði veitt heimild til að veita lán, eftir því sem sjóðsstjórninni sýnist henta, til skipasmíða, en án alls tillits til þeirrar ríkisábyrgðar, sem er í fjárlögum. Um þetta út af fyrir sig skal ég ekki segja frekar á þessu stigi, en ég vildi mælast til þess, að umr. yrði frestað, svo að n. gæfist kostur á að bera sig saman um þetta atriði við sjóðsstjórnina. Það getur varla þurft að tefja málið neitt að ráði. En þegar n. hafði málið til meðferðar, fjallaði hún að sjálfsögðu um þessa heimild handa sjóðsstjórninni, að þar væri miðað við ríkisábyrgðina, sem er í fjárlögum, en nú á það ekki að verða samkv. brtt. hæstv. ráðh., og því teldi ég rétt, að n. gæfist kostur á að athuga þessa till. nánar, og fer því fram á það við hæstv. forseta.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. N. hefur komið saman og rætt till. hæstv. fjmrh. Það komu fram í n. eindregin tilmæli um, að till. væri send stjórn fiskveiðasjóðs til umsagnar, og hefur n. orðið ásátt um það og leggur til, að málinu verði frestað. Ég tel þó nauðsynlegt, að málið verði tekið á dagskrá aftur á mánudag, svo að því verði hraðað, eftir því sem kostur er.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 482, 489).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Með frv. þessu er aðallega stefnt að því að tryggja skipasmíðum samfelldari atvinnu en nú á sér stað hjá skipasmíðastöðvunum, þar sem atvinna þeirra er nú að mestu bundin við viðhald vélbátaflotans, því að segja má, að um nokkurt skeið hafi verið heldur lítið af skipasmíðum innanlands. Mikill meiri hluti af þeirri aukningu, sem hefur átt sér stað í vélbátaflota landsmanna, hefur verið framkvæmdur af erlendum skipasmíðastöðvum. Það hefur verið áhugamál margra, að á þessu gæti orðið nokkur breyting, og það er mjög æskilegt einmitt, að það væri hægt að auka skipasmíðarnar innanlands og færa atvinnuna, sem við það mundi skapast, inn í landið.

Í áliti stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands eða í svari stjórnarinnar til sjútvn. segir, að sjóðsstjórninni sé kunnugt um, að eigendur dráttarbrauta og skipasmíðastöðva telji ógerlegt að hafa jafnan nægan mannafla tiltækan til nauðsynlegra viðgerða á fiskiskipaflotanum, nema unnt sé að hafa jafnframt með höndum smíði skipa, þannig að vinna geti verið stöðug árið um kring, en til þess hefur þær skort fjármagn. Eins og fram kom í grg. fyrir frv., var ráðin nokkur bót á í sambandi við þetta við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. fyrir skipasmíðastöðvarnar. Eftir að sjútvn. hafði haft málið til athugunar, gerði hún nokkra orðalagsbreytingu á frv., sem hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð."

Áður var það þannig í lögunum, að það var einungis heimilt að veita lán út á 1. veðrétt skipanna.

Svo kom við þessa umr. ný brtt. frá hæstv. fjmrh., sem var á þá leið, að í staðinn fyrir „gegn ríkisábyrgð" komi: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

N. hefur haft þessa brtt. til athugunar og rætt hana á tveimur fundum sínum. Einstakir nm. hafa haft samband bæði við framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs og einstaka menn úr

stjórninni og rætt málið, og ég legg til eftir þær viðræður, sem ég hef átt m. a. við þessa aðila, að þessi brtt. á þskj. 489 verði samþ. Ég tel, að með þessu verði náð þeim tilgangi, sem ætlazt var til með flutningi þessa frv. Það er fyrst og fremst að tryggja samfelldari atvinnu skipasmiðanna, um leið og stefnt er að því að færa skipasmíðarnar sjálfar meira inn í landið en hefur verið nú um nokkurt árabil.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Sjútvn. hefur nú athugað þá brtt., sem hæstv. fjmrh. flutti hér við 3. umr. málsins s. l. föstudag. Það var ákveðið hjá n. að senda þá till. til umsagnar stjórnar fiskveiðasjóðs, en umsögn hefur engin borizt, að ég ætla vegna þess, að tími hafi verið nokkuð skammur um helgina fyrir bankastjóra til þess að koma saman í þessu skyni, — einn þeirra mun vera veikur, — og hefur því ekkert svar borizt frá sjóðsstjórninni um þessa till. En till. felur tvennt í sér: annars vegar, að fellt skuli niður ákvæðið um ríkisábyrgð fyrir þessum lánum, og hitt er, sem af þessu leiðir, að lánin verða ekki bundin við hámark þeirra ríkisábyrgða, sem fjárlög greina, þ. e. 10 millj. kr.

Eins og kunnugt er, þá er það hlutverk fiskveiðasjóðs fyrst og fremst að annast stofnlán til fiskiskipa í landinu. Með þessu frv. er nokkuð rýmkað þetta hlutverk sjóðsins með því að lána til skipasmíðastöðva, sem m. a. annast viðhald skipanna jafnframt nýbyggingum. Ef sjóðsstjórnin getur annað þessu hvoru tveggja, svo að ekki komi til neinnar hindrunar á lánveitingum til fiskiskipa, þá hef ég síður en svo neitt á móti því, að slík breyting sé samþ., og tel þar að auki mjög æskilegt, að greitt verði fyrir skipasmíðastöðvum um lán. Hins vegar held ég, að þessi brtt. hafi ekki mikla þýðingu, vegna þess að sjóðsstjórnin hlýtur að heimta nægjanlegar tryggingar fyrir þessum bráðabirgðalánum og getur eftir sem áður heimtað ríkisábyrgð, ef hún treystir sér ekki til að lána út á aðrar þær tryggingar, sem skipasmíðastöðvar kunna að hafa lausar, svo að það er ekki víst, að þetta breyti eiginlega neinu í framkvæmd. Hugsanlegt er, ef lánin kynnu að fara samtals yfir 10 millj. kr., þá sé það rýmra, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, eru víst litlar líkur til þess, að unnt verði að lána 10 millj., auk heldur meira, í þessu skyni.

Þá virðist mér hafa komið fram í umr. um þetta mál, að hér sé ekki um meiri fjárþörf fyrir sjóðinn að ræða, þó að þessu sé bætt við, af því að þetta séu bráðabirgðalán, sem greidd verði með hinum væntanlegu lánum til skipanna, þetta standi kannske 6—12 mánuði. Það er rétt, að lánin standa skamman tíma. En það er ekki hægt að neita því, að um leið og ein skipasmíðastöð hefur greitt þannig bráðabirgðalán, þá sækir hún um annað til þess að halda áfram starfseminni, og þannig verða þessar lánveitingar ótvírætt að mínum dómi hrein viðbót við lánveitingar sjóðsins, því að eigi þær að halda áfram, eins og tilgangurinn hlýtur að vera, þá verða þetta áframhaldandi lán. Þau verða stutt, en endurtaka sig sífellt, svo að það er hrein viðbót í lánastarfsemi sjóðsins. Samt skal ég alls ekki hafa á móti þessu, vegna þess að þetta er nauðsynjamál, að greiða fyrir skipasmíðunum. En hitt verður þó eftir sem áður aðalhlutverk fiskveiðasjóðs, að lána stofnlán til fiskiskipa, og ég treysti því fyllilega, að sjóðsstjórnin gæti þess að láta ekki bráðabirgðalán hindra nein önnur stofnlán til útgerðarinnar.

Ekki sýnast mér horfur á, að það verði greiðara fyrir skipasmíðastöðvarnar að sækja um lán til sjóðsstjórnarinnar án ríkisábyrgðar. Sjóðurinn hefur lánað yfirleitt gegn 1. veðrétti í skipum eða ríkisábyrgð og ekki gegn öðrum veðum. Það er því ákaflega hætt við, að þessar skipasmíðastöðvar verði að leita til ríkisstj. um ábyrgð, enda hefur ríkisstj. til þess heimild í gildandi fjárlögum.

Það eina, sem kynni að mega óttast í þessu sambandi að mínum dómi, er það, að sjóðinn skorti fé og hann geti því ekki fullnægt óskum þessara skipasmíðastöðva, því að það hefur auðvitað þyngzt mjög fyrir fiskveiðasjóð að fullnægja lánsbeiðnum nú með þeim verðhækkunum, sem orðið hafa á skipum, jafnvel svo, að ef ætti að lána út á jafnmörg skip með svipuðu verði og var áður, þá hefur gengisbreytingin það í för með sér, að lánsfjárþörfin kann að aukast allt að 50% vegna verðhækkana á skipunum, ef sjóðurinn heldur áfram að lána 2/3 hluta af andvirði skipanna. Mér sýnist því ekki horfur á, að sjóðurinn geti gengið langt í þessum lánveitingum, og mér sýnast ekki heldur horfur á, að skipasmíðastöðvarnar geti komizt hjá því að þurfa undir ýmsum atvikum að leita til ríkisstj. um ábyrgð.

Ég mun því ekki setja mig neitt á móti þessari brtt. hæstv. ráðh. Mér sýnist, að hún geri hvorki til né frá í framkvæmdinni. En í trausti þess, að sjóðsstjórnin gæti fyrst og fremst aðalhlutverks fiskveiðasjóðs, að lána stofnlán til útgerðarinnar, sé ég enga hættu á ferðinni, þó að brtt. sé samþ.

ATKVGR.

Brtt. 489 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 510).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 510, n. 563).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. á þskj. 510, sem komið er til þessarar d. frá hv. Ed. N. hefur kynnt sér þær breytingar, sem urðu á frv. í meðförum Ed., og hún hefur einnig yfirfarið umsögn stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um frv., og niðurstaðan hefur orðið sú, að n. mælir með samþykkt frv., eins og fram kemur í nál.

M. a. segir um þetta mál í bréfi stjórnar fiskveiðasjóðs:

„Sjóðsstjórninni er kunnugt um, að eigendur dráttarbrauta og skipasmíðastöðva telja ógerlegt að hafa jafnan nægan mannafla tiltækan til nauðsynlegra viðgerða á fiskiskipaflotanum, nema unnt sé að hafa jafnframt með höndum smíði skipa, þannig að vinna geti verið stöðug árið um kring, en til þess hefur þær skort fjármagn. Nokkur bót hefur verið ráðin á þessu með ábyrgðarheimild ríkissjóðs fyrir rekstrarlánum til skipasmíðastöðvanna. Þó mun hafa verið erfiðleikum bundið að útvega bráðabirgðalán til smíðanna, auk þess sem slík lán fást ekki nema gegn venjulegum forvöxtum víxla, sem eru allmiklu hærri en vextir fiskveiðasjóðs, og kemur það auðvitað fram í hærra verði skipanna. Af framangreindum ástæðum getur sjóðsstjórnin mælt með hugmynd þeirri, sem í framangreindu frv. felst, en leyfir sér að benda á, hvort ekki væri réttara að orða málslið greinarinnar þannig:

Veita má eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð."

Þessi ábending sjóðsstjórnarinnar hefur verið tekin til greina í hv. Ed., þó þannig, að í stað orðanna „gegn ríkisábyrgð" stendur í frv., eins og hv. dm. sjálfsagt taka eftir: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. — En sú breyting mun hafa verið gerð að till. hæstv. fjmrh.

Eins og kemur fram í nál., hafa tveir nm. þann fyrirvara á meðmælum sínum með samþykkt frv., að þeir telja, að það muni þurfa að útvega fiskveiðasjóði aukið fjármagn til þess að veita þau lán, sem um ræðir í frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. (BF) tók fram og einnig er gerð grein fyrir í nál. á þskj. 563, hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, — sama hefur raunar annar nm. gert, hv. 6. þm. Sunnl., — og fyrirvarinn lýtur að því, að fiskveiðasjóði verði útvegað aukið fjármagn til lánveitinga skv. því, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil benda á í því sambandi, að mér er kunnugt um, að í áætlun, sem stjórn fiskveiðasjóðs hefur gert um lánveitingar þessa árs, hefur verið talið, að sjóðinn mundi skorta talsvert fjármagn til þess að geta innt af hendi þær lánveitingar, sem taldar eru óhjákvæmilegar á þessu ári.

Um s. l. áramót voru í smíðum erlendis um 50 stórir fiskibátar skv. skýrslum Skipaskoðunar ríkisins, og út á þessa báta, flesta eða alla, þarf fiskveiðasjóður að veita lán. Enn fremur má gera ráð fyrir, að þá um áramótin hafi verið eitthvað af leyfum, sem búið var að veita, en ekki búið að gera smíðasamninga út á. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að á þessum skipum hefur að sjálfsögðu orðið mjög mikil verðhækkun í íslenzkum krónum síðan um síðustu áramót. Sama er að segja um vélar í báta, sem fiskveiðasjóður lánar út á. Það er alltaf mikið um það árlega, að skipt sé um vélar í eldri bátum, og þá yfirleitt reyndin sú, að nýju vélarnar eru kraftmeiri og dýrari en þær eldri. Sömuleiðis lánar sjóðurinn til endurbóta á bátum og þ. á m. út á ný tæki, sem sett eru í bátana til aðstoðar við fiskveiðarnar, og allt hefur þetta hækkað mjög mikið í verði. Þar að auki er svo þess að geta, að undanfarin ár hefur sjóðurinn tæplega getað sinnt eftirspurn eftir öðrum lánum, sem honum samkvæmt lögum er heimilt að veita, og þá sérstaklega lánum til að koma upp tækjum til vinnslu aflans í landi. Það er alltaf nokkuð mikil eftirspurn eftir slíkum lánum úr sjóðnum, og hann hefur ekki getað sinnt þeirri eftirspurn undanfarin ár á þann hátt, sem æskilegt hefði verið.

Nú er það hins vegar svo, að það væri auðvitað mjög æskilegt, eins og tekið er fram í grg. þessa frv., að hægt sé að aðstoða skipasmíðastöðvar við bátasmíði, því að bátasmíðin þyrfti að færast meira inn í landið, og ætlunin er að sjálfsögðu með þessu frv., að það verði gert á þann hátt, að stöðvarnar geti fengið bráðabirgðalán til smíða, þó að ekki sé búið að semja um kaup á bátnum.

Það hefur verið gert nokkuð að því undanfarið að veita bráðabirgðalán út á báta í smíðum, og samkv. fiskveiðasjóðslögunum er heimilt að greiða út lánið í þrennu lagi: fyrsta hluta, þegar efni er komið á staðinn og kjölur lagður að bátnum, næsta hluta, þegar búið er að byrða bátinn, ef ég man rétt, og þriðja hlutann, þegar bátur er fullgerður og virðing hefur farið fram. Að því leyti sem þessi lán skipasmíðastöðvanna færu saman við þær fyrirgreiðslur, sem tíðkazt hafa af hálfu fiskveiðasjóðs, beint eða óbeint, í þessu sambandi, þá er kannske ekki um mikið aukið fjármagn að ræða. En ef hins vegar yrði um raunverulega aukningu að ræða, sem annars kæmi ekki til greina að lána, þá verð ég að segja það, og ég vil ekki láta málið fara til næstu umræðu án þess að taka það fram, að mér sýnist ekki, að það sé á neinn hátt fært að taka hana af þeim lánveitingum, sem ella þarf að veita í þeim tilgangi, sem ég hef áður minnzt á. Ég tel, að jafnvel þó að ekki kæmu til greina nýjar lánveitingar af þessu tagi, þá skorti sjóðinn fé til þess að geta innt af hendi þær lánveitingar, sem hann er vanur að inna af hendi, og ef hér kemur einhver viðbót að auki samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, þá verður sú lánsfjárvöntun að sjálfsögðu þeim mun

meiri. Þess vegna hef ég viljað gera þennan fyrirvara við nál., að ef menn ganga út frá því, að þessi heimild verði notuð, þá verði jafnframt á einhvern hátt séð fyrir viðbótarfé til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 580).

---

49. Landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Á 61. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum [118. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 62., 63., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 6., 7., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta litla frv., sem ég flyt hér á þskj. 280, fer fram á þá breyt. á l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 1957, að nýbýlastjórn ríkisins sé heimilað að borga fátækum bændum, sem eru að byggja íbúðarhús, byggingarstyrk á sama veg og nýbýlamenn fá.

Þegar þessi lög voru til meðferðar á Alþ. 1957, benti ég á það og lagði á það áherzlu, að það væri ekkert samræmi í þeirri aðstoð, sem bændur fengju til ræktunar og bygginga. Eins og verið hefur að undanförnu, hefur verið svo mikill styrkur og lán út á ræktun, að það hefur verið hægt að koma áfram ræktuninni, þar sem verkfæri hafa fengizt til. En það, sem mestum örðugleikum veldur fyrir bændastéttina á síðari árum, er að koma upp nauðsynlegum byggingum, íbúðarhúsum og fénaðarhúsum. Og sannleikurinn er sá, að þetta hefur stórkostlega versnað á þeim árum, síðan lögin voru sett 1957, versnað í mjög stórum stíl við ráðstafanirnar, sem gerðar voru í maí 1958, og svo einnig við þær ráðstafanir, sem gerðar voru nú með gengislækkuninni í febrúar s. l. Hér er þess vegna um mjög mikið nauðsynjamál að ræða og í sjálfu sér fram á lítið farið, að okkur í nýbýlastjórn sé heimilað að borga fátækum bændum þennan byggingarstyrk.

Eins og fram er tekið í grg., hafa hæstu lán, sem veitt hafa verið út á íbúðarhús, verið 75 þús. kr. Þegar l. voru sett árið 1946, var gert ráð fyrir því, að heimilt væri að veita lán úr byggingarsjóði upp í allt að 75% byggingarkostnaðar. Þetta hefur aldrei orðið, og hlutfallið á milli byggingarkostnaðar og lánsfjárhæðar hefur alltaf farið versnandi fyrir þá, sem framkvæmdirnar hafa annazt, og nú á síðustu árum og sérstaklega nú er svo komið, eins og ég bendi á í grg. frv., að lánið er ekki nema 25% og hefur kannske verið hæst upp í 40% af byggingarkostnaði. Meira að segja hefur gengið svo langt í mörgum tilfellum síðan byggingarlánasjóður ríkisins tók til starfa, að það hafa verið veitt hærri lán til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum en sveitum.

Nú fer ég ekki fram á það með þessu frv., að það sé nein sérstök fjárveiting lögð fram í þessu skyni, og það er af því, að eins og sakir standa er til fé til að sinna þessu verkefni, sem frv. fer fram á. En hins vegar mætti gera ráð fyrir því, ef jafnt halda áfram ræktun og byggingar í sveitum landsins og verið hefur, að nýbýlastjórn þyrfti að biðja um fjárveitingu samkv. 41. gr. l. einu ári lengur en upphaflega var gert ráð fyrir, ef þetta frv. verður samþ., sem ég vona fastlega að hv. alþm. séu mér sammála um, að nauðsyn beri til.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, ef ekkert tilefni gefst til, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð um þetta mál, áður en það fer til nefndar, og beina þeim aðallega til landbn. hv. deildar, sem mun fá málið til meðferðar.

Hér er gert ráð fyrir, að nýbýlastjórn verði heimilað að veita bændum styrk út á íbúðarhúsbyggingar af fé, sem samkv. þeirri gr. l., sem um það fjallar, er ætlað til annarra hluta. Ég bendi á það, að að því mun koma, að bæta þarf við fjárveitingu til þeirra hluta, sem þar er um að ræða, ef farið er inn á þessa braut. Ég er ekki að mæla á móti þessu, en ég vil bara, að það komi fram núna, að hér er um að ræða að taka af fé, sem ætlað er til þess að koma þeim jörðum landsins, öllum þeim jörðum í sveitum, sem voru sérstaklega á eftir hvað framkvæmdir snertir og lífsskilyrði, á sæmilega viðunandi stig. Þetta vildi ég undirstrika.

Annað, sem ég vildi líka benda á, er það, að ef þetta verður samþ., þyrfti að skapa öruggari og betri reglu um það, eftir hverju ný-

býlastjórn á að fara við að úthluta samkv. þessum ákvæðum fé.

Það orðast svo í gr.: „Nýbýlastjórn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarbyggingar á sama hátt og nýbýlastofnendum.“ Það er þetta orðalag: „bændum, er hafa örðugan fjárhag.“ Það er lagt á herðar nýbýlastjórnar að meta það eingöngu sjálf, hverjir eiga að koma undir þetta ákvæði og hverjir ekki. Þetta er ærið mikill vandi, og ég vildi beina því til hv. landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki til athugunar, hvort ekki er hægt að skapa fastari, ákveðnari ramma að fara eftir en aðeins þetta. Mér þykir þetta of óákveðið orðalag fyrir nýbýlastjórn að fara eftir, því að það verður vandi fyrir hana að meta það, ef ekki er öðruvísi ákveðið en svona.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Út af þessum aths., sem fram komu hjá mínum góða samstarfsmanni í nýbýlastjórn ríkisins varðandi þetta frv., vil ég taka þetta fram:

Það er nú svo með það fé, sem ákveðið er að úthluta samkv. 41. gr. l., að það er fyrst og fremst til þess ætlað að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, og það hefur verið notað fram að þessu til þess að veita viðbótarstyrk til jarðræktar á þeim jörðum, sem stytzt eru komnar með jarðrækt. En eins og ég tók fram áðan, er það víðast hvar svo, að ég þori að fullyrða, að það er ekki skortur á ræktun, sem gerir það að verkum, að jarðirnar fara í eyði, heldur miklu fremur hitt, hve miklir örðugleikar eru fyrir menn að koma byggingunum upp, og þar er íbúðarhúsið örðugasti hjallinn.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. síðasti ræðumaður benti á og náttúrlega fljótt á litið er rétt athugað hjá honum, að það geti verið örðugt fyrir nýbýlastjórn að skera úr um það, hverjir bændur hafi örðugan fjárhag og hverjir ekki. En þetta verður nýbýlastjórn að gera í mörgum tilfellum, og ég, sem hef verið lengi formaður hennar, þekki það vel, að í þeirri nefnd eru svo sanngjarnir menn og réttsýnir, að ég óttast ekkert um, að þeim verði nein skotaskuld úr því að skera úr um þetta, þótt þeim séu ekki fengnar í hendur fastar reglur frá hálfu Alþ. Þess er líka að geta í þessu sambandi, að sem betur fer er það almennt svo í sveitum landsins, að það er orðinn minni hluti af jörðum, sem eftir er að byggja íbúðarhús á, og eins og gefur að skilja, er það almennt svo, að það eru fátækustu mennirnir, sem eiga eftir að byggja hús sín. Frá því kunna að vera nokkrar undantekningar, og þess vegna set ég þetta ákvæði í frv., að það gilti um þá bændur, sem hafa örðugan fjárhag.

Ég vildi taka þetta fram út af þessum athugasemdum, svo að hv. alþm. geti um það hugsað, hvað það er, sem hér er á ferðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 79. og 80. fundi í Nd., 10. og 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 280, n. 407 og 408, 350, 439).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta litla frv., sem fyrir liggur á þskj. 280, hefur verið til meðferðar í hv. landbn. N. öll er því hlynnt að mæla með því, að frv. verði samþ., en minni hl. n. er á því að samþ. einnig brtt. frá hv. 4. þm. Austf., sem er að finna á þskj. 350.

N. leitaði umsagnar landnámsstjóra um þetta frv. og fékk frá honum bréf, sem fylgir með nál. meiri hl. á þskj. 407. Mælir hann eindregið með því, að þetta frv. verði samþ., og lýsir þeirri nauðsyn, sem á því er.

Nú er það svo, að bæði brtt. á þskj. 350 og önnur brtt. á þskj. 439, frá hv. 1. þm. Norðurl. v., fara fram á það að leggja í þetta fjárveitingar strax, og segja má, að á því sé náttúrlega nokkur nauðsyn. En þó er það ekki alveg óhjákvæmilegt, vegna þess að eins og stendur, er til fé til þess að framkvæma lögin a. m. k. þetta ár og sennilega líka það næsta, og vegna þess að búið er að afgreiða fjárlög fyrir alllöngu og nú er komið fram undir þinglok, þori ég ekki að treysta því, að frv. nái fram að ganga, ef gera á þá kröfu nú, að því fylgi að ákveða fjárveitingar nú strax. Ég vil þess vegna leyfa mér að óska þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, óbreytt, því að þetta hefur mjög mikla þýðingu fyrir þá fátæku bændur, sem yrðu aðnjótandi þessa litla styrks, sem þarna er um að ræða, því að eins og hv. þm. vita, hefur aðstaða á undanförnum árum og meira að segja frá því 1957, þegar lögin voru sett, mjög mikið versnað fyrir alla menn með byggingar og ekki sízt sveitamenn, og það, sem sérstaklega gerir það að verkum, er, að aðstaða sveitamannanna er allt önnur en í þéttbýlinu varðandi íbúðarhúsa- og útihúsabyggingar. Fram að þessu hefur það verið svo í þéttbýlinu, að verðhækkun húsanna hefur alltaf fylgt verðhækkunum á byggingarkostnaði. Í sveitunum er þetta alveg gagnstætt, því að allir þeir menn, sem byggja þar íbúðarhús, verða að kasta í það töluvert mikilli fjárupphæð, sem þeir fá aldrei aftur, og víða gerist það svo, ef byggt er upp á jörð, að þá hverfur hið upphaflega landverð inn í framkvæmdirnar, þannig að víða er ekki hægt að selja jörðina fyrir það verð, sem húsið kostaði, eins og nú er komið á síðustu árum.

Ég veit, að mönnum er ljóst, að ég viðurkenni, að það er þörf á að hækka þennan styrk, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. leggur til.

En ég vil ekki hætta á það að setja frv. í hættu á þessu þingi vegna þess, að það kosti fjárveitingu nú þegar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði um þetta mál við 1. umr. þess, vildi ég segja fáein orð út af þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 350. Ég gerði þá grein fyrir því, sem og hefur komið fram hjá hv. flm., að það fé, sem hann gerir ráð fyrir að verði veitt til þess að greiða þá styrki, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði tekið af því fé, sem samkv. umræddum lögum er ætlað til þess að koma ræktun á þeim jörðum, sem væru óhæfilega langt á eftir tímanum hvað ræktun snertir, í sæmilegt horf.

Nú er það að vísu rétt, að eins og sakir standa, er til fé laust, sem mundi leysa úr þessu máli á þessu ári, og ástæðan er ofur eðlileg. Þær framkvæmdir, sem þar var um að ræða, var landnámi ríkisins falið að hafa á hendi, og þær kostuðu mikinn undirbúning. M. a. þurfti að gera nýjar mælingar á öllum túnum á landinu. Þetta gerði það að verkum, að það fé, sem lagt hafði verið fram til að koma jörðunum, sem illa voru ræktaðar, í sæmilegt horf, hefur ekki alveg verið notað enn. En hitt er alveg víst, að það kemur til með að þurfa á því að halda mjög fljótlega og ekki síst eftir þá miklu verðhækkun, sem verður á þessum framkvæmdum eftir þá löggjöf, sem sett hefur verið hér á hv. Alþ. í vetur. Þess vegna er það, að ég tel, að þetta sé, eins og frv. gerir ráð fyrir, engin lausn til neinnar frambúðar, og flyt þess vegna brtt. á þskj. 350, þar sem ég legg til, að ríkissjóður greiði til þessara auknu styrkveitinga 1 millj. 250 þús. kr. á ári.

Ég vil enn fremur gera lítils háttar grein fyrir þessari upphæð, sem ég nefni í till. Frv. gerir ráð fyrir því, að nýbýlastjórn sé heimilt að veita styrk þeim bændum til bygginga, sem erfitt eiga, og er það samkv. frv. nokkuð á hennar valdi að meta, hverjir það eru. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., að mér þætti það mjög óákveðið orðalag, og held við þá skoðun enn þá.

Nú hefur verið svo með framkvæmdir í þessum málum, að síðan landnáms- og nýbýlalögin tóku gildi árið 1947 og til 1959, þ. e. á 13 árum, hefur meðaltala lána úr byggingarsjóði numið 125 lánum á ári á eldri býlum. Þegar maður dregur nýbýlin frá öllum þeim, sem hafa fengið lán til bygginga, koma 125 á eitt ár. Nú hef ég gert áætlun um það, þó að hún sé auðvitað lauslega gerð og ekki hægt að segja, að hún sé nákvæm, að aldrei koma til greina færri en 50 býli á ári, sem mundu njóta styrkveitingar samkv. frv., og er það aðeins 2/5 þess býlafjölda, sem að meðaltali hafa verið byggð íbúðarhús á síðastliðin 13 ár. Það má að vísu vera, að núna muni eitthvað draga úr byggingum, svo að það verði ekki eins mörg næstu árin, vegna þeirra verðhækkana, sem nú hafa orðið. En jafnvel þó að eitthvað dragi úr byggingum íbúðarhúsa, þá hygg ég það mjög varlega áætlað, að ekki minna en 50 býli á ári komi undir þessi ákvæði, og þau gætu vissulega orðið fleiri. Þess vegna hef ég miðað fjárhæðina við það, að ríkissjóður yrði að leggja fram það fé, sem þyrfti til þess að leysa úr þessu vandamáli fyrir þennan nýbýlafjölda.

Ég tel að vissu leyti, að það sé full þörf á því að greiða úr fyrir þeim, sem þurfa að ráðast í byggingarframkvæmdir núna, ekki síst eftir verðhækkanirnar, sem nú hafa orðið. En hitt er annað, að ég tel það ekki fulla lausn og satt að segja ákaflega litla lausn að ætla að taka það fé af öðru fé, sem þegar er áætlað til annarra framkvæmda og þarf á að halda til þeirra á næstunni. Þess vegna vildi ég óska, að þessi brtt. yrði samþykkt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil með fáeinum orðum gera grein fyrir brtt., sem ég flyt við þetta frv. á þskj. 439.

Í lögunum frá 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er ákvæði í 26. gr. þeirra um framlag til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum. Segir þar, að heimilt sé að veita allt að 25 þús. kr. framlag til hvers býlis til íbúðarhúsabyggingar og greiðist þetta að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu þess er lokið. Síðan þetta var í lög tekið, hefur orðið mjög mikil hækkun á byggingarkostnaði í landinu. Það varð hækkun á byggingarkostnaði þegar á næsta ári, eftir að lögin voru sett, en þó sérstaklega nú á þessu ári mjög mikil hækkun á byggingarkostnaði vegna áhrifa þeirrar efnahagslöggjafar, sem sett var í næstliðnum febrúarmánuði. Það er því fyllilega tímabært og áreiðanlega mikil þörf að hækka þetta framlag. Ég hef því gert till. um á þessu þskj., sem ég nefndi, að framlagið verði hækkað úr 25 þús. kr. í 40 þús. kr. handa hverju býli. Vitanlega er þetta ekki nema örlítið brot af þeirri kostnaðarhækkun, sem orðið hefur, en þetta er þó nokkuð til stuðnings þeim mönnum, sem eru að byggja og þurfa að byggja íbúðarhús á nýbýlum, þó að ekki sé lengra gengið í því að hækka þetta framlag.

Frv., sem fyrir liggur, er um það, að nýbýlastjórn verði veitt heimild til að veita fleiri bændum en þeim, sem stofna nýbýli, slíkan styrk til íbúðarhúsabygginga. Það er vissulega full þörf á slíku, eins og nú er komið, og verði brtt. mín samþ., fyrri brtt. á þskj. 439, verða það bæði nýbýlamennirnir og einnig bændur á öðrum jörðum, sem þurfa að byggja íbúðarhús, sem eiga að geta notið þessarar hækkunar, sem ég flyt till. um.

Í frvgr. segir, að styrkurinn skuli greiddur af því fé, sem fram er lagt skv. 41. gr. laganna. Í þeirri grein segir, að til framkvæmda, er um getur í 38. gr., skuli ríkissjóður greiða 4 millj. árið 1957 og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin. Nú mun það liggja fyrir, að nokkru sé óráðstafað af þessu fjárframlagi, og leggur flm. frv. til, að það fé sé notað til þeirra styrkveitinga, sem frv. gerir ráð fyrir.

En þær framkvæmdir, sem ákveðið er í 38. gr. laganna að styrkja og þetta framlag eftir 41. gr. á að fara til, eru ræktunarumbætur á jörðum, sem hafa lítið ræktað land, og er þetta styrkt til þess, að unnt sé að bæta jarðirnar, svo að þær megi teljast sæmileg býli og nokkuð öruggt sé, að þær fari ekki í eyði.

Landnámsstjóri hefur fengið þetta frv. til umsagnar, og í umsögn hans kemur fram, að á yfirstandandi ári mundi verða mögulegt að leggja fram fé til þessarar styrkveitingar, sem frv. gerir ráð fyrir, en síðar yrði að taka upp viðaukaframlag vegna þessara nýju styrkveitinga og vegna framkvæmdanna samkv. 38. gr. laganna. Nú er ekki auðvelt að sjá það fyrir fram eða gera um það áætlun, hvað miklu fé mundi þurfa að verja í þessu skyni, en um það mætti að sjálfsögðu gera áætlanir, og mætti þá á fjárlögum næsta árs taka upp fjárveitingu í þessu skyni, t. d. með því að setja í lög, að auka skyldi framlagið skv. 41. gr. laganna.

En síðari brtt. mín á þskj. 439 er um það, að ríkissjóður skuli endurgreiða það fé, sem fer til þessara styrkveitinga, jafnskjótt sem fjárins er þörf til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr. laganna. Ég geri ekki ráð fyrir, að þarna yrði um mikil fjárútlát að ræða á yfirstandandi ári, þar sem, eins og áður segir, nokkurt fé er fyrirliggjandi, sem má nota í þessar styrkveitingar í bili, en að sjálfsögðu þyrfti viðbótarframlag á fjárlögum næsta árs. Hitt tel ég þýðingarmikið, að ákvörðun verði tekin nú þegar um þessa hækkun á styrknum til byggginganna vegna þeirra miklu erfiðleika, sem nú eru hjá bændum bæði á nýbýlum og öðrum jörðum við að koma upp íbúðarhúsum, vegna þeirrar miklu hækkunar á byggingarkostnaði, sem þegar er fram komin. Ég vænti þess því, að hv. þdm. geti fallizt á þessar brtt. minar á þskj. 439.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Árið 1957 voru sett sérstök lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem miðuðu að því að gera þeim bændum, sem á minnstum og rýrustum jörðum búa, mögulegt að taka meira land í ræktun og gera býli sín arðvænlegri. Vissulega veitti ekki af þessu, því að búskapurinn í sveitum landsins gefur ekki meiri arð en svo, að hina mestu nauðsyn ber til þess, að einkum hinar minnstu jarðir séu bættar svo sem frekast eru föng á. Þetta hafði þá líka sérstaka þjóðhagsþýðingu vegna þess, að verðlagið á landbúnaðarafurðunum er miðað við það, að bú af tiltekinni stærð, sem fundið er út sem eins konar meðaltal af bústærð landsmanna, hafi skaplega afkomumöguleika, og með því að hafa tugi eða hundruð býla langt fyrir neðan það lágmark að stærð, gerði það allar landbúnaðarvörur í landinu óeðlilega dýrar. Það var þess vegna einnig hagur þeirra, sem voru ekki framleiðendur landbúnaðarvarnings, heldur neytendur, að þessi lög gætu komið að sem beztum notum. Þau hafa nú verið í framkvæmd síðan og gefið þá raun, að meðalbúið er talið fara stækkandi ár frá ári, og eru neytendur farnir að njóta nokkurs í því, með því að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvaranna verður með þeim hætti slíkur, að hægt er að miða verð til bóndans við stærra bú en áður var og þar með selja vöruna ódýrar. Það var gerð áætlun um að koma nokkrum fjölda býla í ákveðna stærð, og hefur verið unnið sleitulaust að þeirri áætlun og miðað vel. Á hinn bóginn hafa nú einhverjir hv. alþm. fundið það út, að í augnablikinu sé eitthvað af fé, sem Alþingi hefur ákveðið að verja til þess að stækka hin smæstu býli, láta þau fá aukinn jarðræktarstyrk, óeytt og komi ekki til útborgunar til viðkomandi bænda fyrr en líkast til á næsta ári, og þess vegna hefur mönnum dottið í hug að nota nú þetta fé til annarra hluta.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) hefur flutt hér frv. til l. um breyt. á þessum lögum, sem ég hef nú talað um, frá 1957, á þá lund, að nýbýlastjórn verði heimilt að veita þeim bændum, sem hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðabygginga á sama veg og nýbýlastofnendum. Um þetta hef ég allt hið bezta að segja. Ég er því mjög samþykkur, að nýbýlastjórn verði heimilað þetta, en þó því aðeins, að hún fái jafnframt eitthvert fé til þess að framkvæma þetta með, því að það tel ég enga lausn á málinu að samþykkja, að nýbýlastjórn megi veita styrki eða framlög til ákveðinna húsbygginga og eigi að taka það fé frá ræktuninni, sem fellur til útborgunar þegar á næsta ári, ef hún þá gerir það ekki á þessu ári. Ég minnist þess, að þessi hv. flm. hefur einhverju sinni að mér áheyrandi hér í þingi haldið mikla ræðu um það, að ekki væri hægt að halda veizlu nema hafa einhver veizluföng, og á sama hátt og ég er honum sammála um það, hlýt ég nú að minna hann á, að ekki er hægt að auka framlag til ákveðinna húsbygginga nema hafa eitthvert fé til þess framlags.

Þegar landbn. hafði þetta frv. til athugunar, en hún hefur rætt það á nokkrum fundum, kom það fljótlega í ljós þar, að allir nm. voru því fylgjandi, að nýbýlastjórn fengi heimild til þess að rýmka um framlög til íbúðabygginga hjá þeim, sem höfðu þess mesta þörf í sveitum, þótt ekki væru nýbýlastofnendur. En á hinn bóginn klofnaði n. um það, að hv. stuðningsmenn ríkisstj. í n. töldu sér fært að halda veizluna, þótt engin veizluföng væru, og vildu samþykkja þetta án nokkurs framlags til þess arna. Við, sem minni hl. skipum, hv. 2. þm. Sunnl. (HB) og ég, litum svo á, að því aðeins kæmi þetta frv. að einhverju gagni, að jafnframt kæmi til sérstakt fjárframlag í þessu skyni, og þá þegar, þegar n. hafði málið til athugunar, lá fyrir brtt. við frv. frá hv. 4. þm. Austf. (ÁS) einmitt um það, að veittar yrðu jafnframt í þessu skyni 1 millj. 250 þús. kr. En það verður að ætla, að ef á

annað borð yrði farið inn á þá braut, sem frv. heimilar nýbýlastjórn, ef að lögum yrði, mundi ekki til þess duga minna fé en þar er tiltekið. Við gerum þess vegna að till. okkar, minni hl. landbn., að umrædd brtt. á þskj. 350 verði samþ., og að henni samþykktri erum við frv. fylgjandi og leggjum til, að það verði samþykkt.

Það skal fram tekið, að síðan n. fjallaði um þetta mál, hefur borizt við það önnur brtt. á þskj. 439, frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Sú till. kom sem sagt ekki til athugunar í landbn., þar eð hún hafði lokið við álitsgerð sína um þetta mál, áður en sú till. kom til. En að þeirri till., sem ég hef hér á minnzt, á þskj. 350, felldri, þá sýnist mér, að öll sú till. sé þess efnis, að hún samrýmist mjög því sjónarmiði, sem við, sem skipum minni hl. landbn., teljum rétt, og mundi ég fyrir mitt leyti lýsa yfir stuðningi við þá till. og teldi, að einnig með henni, þótt ekki kæmi annað til, væri frv. gert raunhæft, þannig að bændastétt landsins, þeirri sem þar um ræðir sérstaklega, þeim sem búa við erfiðan fjárhag, væri frv. gert að raunhæfu gagni, og mundi einnig greiða því atkv. að þeirri till. samþykktri. Á hinn bóginn verð ég að lýsa því yfir, að ef engin fjárveiting eða engin skylda verður lögð á ríkisvaldið til þess að koma til móts við þá fjárþörf, sem samþykkt frv. skapar, tel ég, að ekki sé neins virði að samþykkja frv. sem slíkt, og get ekki mælt sérstaklega með því.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. á þskj. 280, sem fer fram á heimild til handa nýbýlastjórn ríkisins að veita þeim bændum, er örðugan fjárhag hafa, styrk til íbúðarhúsabygginga á sama veg og nýbýlastofnendum. Ég verð að lýsa því yfir, að ég er samþykkur þessu frv., og ég tel, að það hafi mikla þýðingu og geti haft mikið gildi, enda þótt ekki sé nú, um leið og frv. er samþ., samþykkt fjárveiting á þessu ári, eftir að afgreiðslu fjárlaga er lokið.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. síðasti ræðumaður (KGuðj) hafi lesið fskj., sem er prentað á þskj. 407. Það er álitsgerð frá landnámsstjóra ríkisins. Þar segir hann, að það sé hægt að fullnægja báðum verkefnunum á þessu ári, þ. e. styrkveitingum til jarðræktar á þeim jörðum, sem hafa ekki þegar 10 ha ræktaðs lands, og einnig fullnægja frv. að því leyti að hækka styrk til íbúðarhúsabygginga á sömu jörðum. En hann bætir við: „Þá yrði síðar að taka upp viðaukaframlag, ef ákvæði frv. eiga að koma að fullu gagni," — þ. e. síðar. „Það skal að síðustu fram tekið, að ég tel það þýðingarmikið atriði, að vel sé verið á verði um að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði, sem komnar eru langt áleiðis og gerðar vel búrekstrarhæfar að ræktun og peningshúsum, en hafa ekki íbúðarhæfan húsakost, og með tilvísun til framanritaðs mæli ég með samþykkt frv." Hið sama vil ég gera. Ég vil taka undir þessi orð landnámsstjóra. Ég tel, að það sé rétt athugað hjá honum, að frv. sé mikils virði, hafi mikið gildi að vera samþykkt nú, enda þótt ekki sé í leiðinni samþykkt fjárframlag úr ríkissjóði, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd. Og ég vil benda á, að það eru iðulega afgreidd lög frá Alþ., sem hafa fjárframlög í för með sér, þegar þau koma til framkvæmda, en slík lög koma ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári, eftir að næstu fjárlög hafa verið afgreidd.

Ef ekki vildi svo vel til nú, eins og landnámsstjóri segir, að það sé fyrir hendi fé til þess að láta þessi lög koma til framkvæmda strax á þessu ári, mundu þau ekki geta komið til framkvæmda fyrr en á árinu 1961. Ég segi þess vegna: Það er ekki eðlileg meðferð málsins að samþykkja till. á þskj. 350, sem fer fram á beina fjárveitingu að þessu sinni, það er ekki eðlileg meðferð. Það er hins vegar eðlileg afgreiðsla, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum, að ætla fé á næstu fjárlögum, til þess að þessi lög verði ekki framkvæmd aðeins á þessu ári, heldur einnig framvegis.

Till. á þskj. 439 tel ég einnig óþarft að samþykkja, vegna þess að mér finnst ekki eðlilegt að ákveða í lögum hámarkið hvað styrkveitinguna snertir. Mér finnst miklu eðlilegra, að þetta sé í höndum nýbýlastjórnar hverju sinni og hún hagi framkvæmdinni eftir því, sem efni og nauðsyn stendur til. Ég tel ekki eðlilegt að binda hámarkið endilega við 40 þús., ef svo skyldi vera, að það væri unnt að láta 50 þús. og það væri að áliti nýbýlastjórnar ríkisins mikil þörf á því. Þess vegna tel ég eðlilegt, að þetta sé í höndum nýbýlastjórnar, heimildarákvæði, og ekki ástæða til að samþ. till. á þskj. 439.

Ég tel einnig óeðlilegt að samþykkja till. á þskj. 350, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, hins vegar eðlilegt og nauðsynlegt, ef frv. verður samþ. og það á að koma til framkvæmda, eftir að þessu ári er lokið, að þá verði ætlað fé á næstu fjárlögum í þessu skyni í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna.

Þess vegna tel ég eins og landnámsstjóri, að það sé gott mál, sem hér er um að ræða, og frv. vissulega þess virði að vera samþ., enda þótt því fylgi ekki fjárveiting. Og það er sjaldgæft, að í leiðinni sé samþykkt fjárveiting með frv., sem verið er að afgreiða og ekki geta komið til framkvæmda fyrr en eftir fjárlagaafgreiðslu, ef þau hafa fjárútlát í för með sér. Það er aðeins í þetta sinn, sem frv. getur komið til framkvæmda eða þessi lög geta komið til framkvæmda, vegna þess að það er fé fyrir hendi á þessu ári að dómi landnámsstjóra og nýbýlastjórnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér virtist koma fram nokkur miskilningur hjá hæstv. ráðh., þegar hann ræddi um styrkveitingar til íbúðarhúsabygginga. Hann sagði, að það væri eðlilegt, að það væri í höndum nýbýlastjórnar að ákveða styrkupphæðina, og gott væri, skildist mér, að hans áliti, að hún gæti hækk-

að styrkinn frá því, sem verið hefur, í 40 eða jafnvel 50 þús. kr. á býli. En í lagagr., sem um þetta fjallar, er heimilt að veita framlag allt að 25 þús. kr. á hvert býli, það er bundið í lögunum. Nýbýlastjórn getur ekki án lagabreytingar veitt meira en 25 þús. kr. á hvert býli. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta þessari lagagrein, ef menn vilja hækka styrkinn, sem nú er mikil þörf fyrir. Ef hæstv. ráðh. vill ganga nokkru lengra í þessu og setja hámarksupphæðina t. d. 50 þús., skal ég gjarna vera með í því. Ég taldi hins vegar öruggara, að þetta yrði samþykkt, ef skrefið yrði ekki tekið stærra en þetta, og legg því til 40 þús. í minni tillögu.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég stend ásamt hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) að nál. minni hl. landbn. á þskj. 408, og hv. 6. þm. Sunnl. hefur gert grein fyrir því sem frsm., og hef ég ekki miklu við það að bæta, enda liggur málið, að því er mér virðist, fullljóst fyrir.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að þegar landbn. hafði þetta mál til athugunar og gekk frá áliti sínu, lágu ekki fyrir brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) á þskj. 439, og komu þær því ekki til athugunar í n. Ég tel þess vegna ástæðu til þess, að við, sem höfum tekið afstöðu til málsins eins og það lá fyrir landbn., gerum grein fyrir áliti okkar á þessum brtt., sem síðan hafa komið fram.

Brtt. á þskj. 439 er í tveimur liðum, og fjallar fyrri liðurinn um hækkun á hámarksstyrkveitingu. Hér er í raun og veru um að ræða eðlilega leiðréttingu til samræmis við þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa. Og mér þótti ástæða til að ætla, að hv. þm. gætu orðið sammála um þessa breyt., þar til hæstv. landbrh. lét í ljós skoðun sína hér áðan, þar sem hann taldi, að þessar brtt. bæri að fella, og færði fyrir því þau nýstárlegu rök, að hann teldi, að það ætti ekkert hámark að vera í lögum um þetta efni og þess vegna vildi hann ekki fallast á að hækka það hámark, sem núna væri. Þetta er auðvitað algerlega órökrétt, og ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. geti fallizt á þessa breytingu.

Um síðari liðinn á þskj. 439 er það að segja, að hér er komið fyllilega til móts við þá höfuðathugasemd, sem við hv. 6. þm. Sunnl. höfðum að gera við frv., eins og það lá fyrir frá hv. flm., 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), að það er veitt fá til þess, sem þarna er heimilað að gera, og það teljum við vera höfuðatriði málsins.

Þar sem ég geri ráð fyrir því, að brtt. á þskj. 439 komi til atkvæða á undan till., sem við mælum með á þskj. 350, vil ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 439 og mæli með þeim, en að þeim felldum mun ég, eins og greint er í nál., styðja brtt. á þskj. 350.

Að báðum þessum breytingum felldum tel ég örlög þessa frv. heldur litlu máli skipta, og ég get ekki fallizt á þá skoðun hv. 2. þm. Norðurl. v., að eitthvað sé sett í hættu, þó að þess sé freistað að útvega fé til þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég get nú sem flm. þessa frv. verið þakklátur öllum þeim hv. alþm., sem hér hafa talað, fyrir það, að þeir hafa allir viðurkennt þá nauðsyn, sem liggur til grundvallar þessu frv. Og sannleikurinn er náttúrlega sá, að sá ágreiningur, sem hér hefur komið fram, er í sjálfu sér minni en útlit er fyrir og er fyrst og fremst um það, hvort það skuli vera ákveðin fjárveiting til þessara hluta nú þegar eða ekki.

Ég er nú, eins og hv. þm. kannske flestir vita, formaður í nýbýlastjórn ríkisins og veit þess vegna alveg, hvernig þar eru fjárhagsástæður, og af því að nú er búið að afgreiða fjárlög og af því að ekki er nauðsynlegt að fá fjárveitingu á þessu ári til þeirra framkvæmda, sem frv. gerir ráð fyrir, vil ég ekki vera að fara fram á fjárframlög, fyrr en ég get sannað, að þeirra sé alveg brýn þörf.

En viðvíkjandi því, sem hér hefur komið fram og aðallega hjá mínum samstarfsmanni, hv. 4. þm. Austf. (ÁS), varðandi það fé, sem fram er lagt samkv. 41. gr., þ. e. a. s. ætlað eingöngu til ræktunar á þeim jörðum, sem skemmst eru komnar, þá er það ekki alls kostar rétt, vegna þess að það er tilgangurinn með VI. kafla laganna fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, og þá m. a. með því að auka ræktun. En eins og ég hef tekið hér fram og gerði greinilega við 1. umr., er ekki, eins og nú er komið, aðallega skortur á ræktun, sem er orsök til þess, að víða fara jarðir í eyði eða liggur við að jarðir fari í eyði, heldur er það skortur á húsum og skortur á samgöngum. Það eru þau tvö atriði, sem valda mestu um það, hve mikið af jörðum hefur farið í eyði.

Þess vegna er það, að þau fjárframlög, sem þarna var ákveðið með setningu laganna að leggja fram, eru ætluð fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði. Og þegar lögin voru til meðferðar hér á þingi 1957, sýndi ég fram á það mjög rækilega, að það væri ekki orðið neitt samræmi í því, hve mikill stuðningur væri af opinberri hálfu lagður fram við ræktun og húsabyggingar í sveitum landsins, vegna þess að það er miklu meiri þörf á því að leggja fram fé til húsabygginga.

Varðandi það, sem fram kom hjá hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) og raunar líka hv. 2. þm. Sunnl. (HB), að þeir gætu ekki samþ. frv., ef ekki er samþykkt fjárveiting nú strax, þá finnst mér það mjög óeðlileg afstaða hjá þessum mönnum, sem voru búnir að lýsa því og hafa lýst því í ræðum sínum, að þeir væru þessu meðmæltir, að vilja fella frv., þó að það sé ekki samþ. fjárveiting nú, löngu eftir að búið er að afgreiða fjárlög, þegar vitað er, að til er fé til þess að fullnægja hlutverkinu á þessu ári.

Varðandi þá till., sem hér liggur fyrir frá hv. 1. þm. Norðurl. v. um hækkun á þessum styrk úr 25 þús. í 40 þús., þá verð ég að segja, að á því er mikil þörf, að sú hækkun verði

gerð, og ég mundi ekkert vera hikandi við að samþ. þá hækkun, ef ég væri ekki smeykur við, að það yrði frv. að falli, því að það er sannarlega betra fyrir þá fátæku bændur, sem nú eru í vandræðum með það að koma húsum sínum áfram, að fá þó 25 þús. kr. styrk á þessu ári en að fá ekkert. Ég er ekki grunlaus um það, ef þessi hækkun er samþ. fyrir alla nýbýlamenn og aðra, að það geti orðið frv. að falli á þessu þingi.

Varðandi það atriði, að þetta sé mjög óljóst orðað og þess vegna þurfi reglugerð, eins og hv. 4. þm. Austf. vildi leggja til, þá eru náttúrlega svo margvíslegir hlutir í starfsemi nýbýlastjórnar, að hún verður að taka ákvörðun um þennan og hinn mann, hvort það skuli taka til greina að styrkja hann eða lána honum, eftir því, hvernig á stendur, og eins mundi það verða í þessu falli. Og eins og ég tók hér fram við 1. umr., eru það sanngjarnir menn og réttsýnir í nýbýlastjórn, að ég óttast ekkert um, að við getum ekki komið okkur saman um, hverja beri að styrkja í þessu efni og hverja ekki.

Um þær tölur, sem hv. 4. þm. Austf. nefndi um byggingar á undanförnum árum, hef ég ekkert annað að segja en það, að sem betur fer, þá er mjög farið að fækka í flestum héruðum landsins þeim heimilum, sem er ekki búið að byggja upp á, og þess vegna er það nú ár eftir ár, að byggingum íbúðarhúsa fækkar, bæði vegna getuleysis og eins hins, að það hefur verið lagt það mikið kapp undanfarið á að koma byggingunum áfram. Hinu er náttúrlega ekki hægt að neita, því að það vitum við allir, að þeir, sem eftir eiga að byggja sín íbúðarhús, eru yfirleitt fátækustu mennirnir, þeir sem örðugasta hafa aðstöðuna. Þess vegna viljum við, sem að þessu stöndum, bæta þar úr.

Ég vil þess vegna, ef um það gæti verið nokkurn veginn samkomulag, óska eftir því helzt, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Hitt er svo náttúrlega opin leið, að taka fyrir hækkun á næsta þingi, því að það er ósköp einfalt mál, ef mönnum sýndist svo, að ákveða þá hækkun, hvort hún er þetta eða eitthvað meira en hv. 1. þm. Norðurl. v. leggur nú til.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 280, er lagt til, að breytt verði lögunum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þannig að inn í þau verði felld ný grein, þess efnis, að nýbýlastjórn sé heimilt að veita þeim bændum, sem hafa örðugan fjárhag, eins og það er orðað, styrk til íbúðarhúsabygginga á sama veg og nýbýlastofnendum, þó að ekki sé um nýbýli að ræða, enda geti þessi styrkur orðið, eins og segir í 26. gr. laganna, allt að 25 þús. kr. En ákvæði um byggingarstyrk til íbúðarhúsa á jörðum, sem eru ekki nýbýli, eru ekki í lögunum, eins og þau eru nú. Í frv. er gert ráð fyrir, að fé til þess að greiða þennan endurbyggingarstyrk verði tekið af því fé, sem nýbýlastjórnin hefur til ráðstöfunar og á að verja, samkv. 41. gr. frv., aðallega til þess að greiða fyrir stækkun þeirra túna í landinu, sem eru minni en 10 ha. Af þessu fé leggur flm. frv. til, að tekin sé sú upphæð, sem þarf til að greiða endurbyggingarstyrkinn á íbúðarhúsin, sem eru ekki á nýbýlum, og um það er svo ekki frekar fyrir mælt.

Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá hv. flm., að þess sé nú full þörf, að bætt sé einhverju við þær 75 þús. kr., sem bændur nú geta fengið að láni til byggingar íbúðarhúsa á jörðum sínum úr byggingarsjóði sveitabæja, og hefði þó ef til vill verið eðlilegast að byrja á því að sjá svo um, að bændur gætu fengið þessi lán á réttum tíma og á þeim tíma, sem þeir hafa verið vanir að fá þau undanfarin ár. En á því hefur því miður orðið mikill misbrestur að þessu sinni, þannig að lán út á húsin, sem byrjað var að byggja á árinu 1959 og áttu samkvæmt venju, ef skjöl voru fyrir hendi, að verða veitt í Búnaðarbankanum ekki síðar en í des. 1959, er verið að veita fyrst nú þessa dagana, eftir að komið er fram í maímánuð, og eðlilegast hefði það verið sem fyrsta úrlausn á vanda þessara manna að greiða fyrir því, að þessi lán hefðu verið veitt á eðlilegum tíma. Nú hefur það tekizt, eins og ég hef nefnt.

Í öðru lagi hefði verið eðlilegt að taka til athugunar, eins og nú er komið, þegar byggingarkostnaður er mjög hækkaður, að hækka þessi lán, þau lán, sem nú eru veitt, og þau lán, sem kunna að verða veitt síðar á þessu ári, úr 75 þús. upp í hærri upphæð.

Þetta eru vitanlega þau úrræði, sem eðlilegt er að mönnum, sem vilja hér styðja að fyrirgreiðslu, komi fyrst í huga. En þar að auki kemur það vitanlega mjög til athugunar að greiða bændum eitthvert óafturkræft framlag til endurbyggingar á íbúðarhúsum.

Þetta var í lögum fyrir nokkuð löngu. Ég man ekki, hvað langt er síðan það var fellt úr lögum. En það er fyllilega athugandi að taka þau ákvæði upp aftur, um endurbyggingarstyrkinn, og að því leyti virðist mér þetta frv. stefna til réttrar áttar. En það, sem mér finnst vera galli á þessu frv., svo sem nokkuð hefur verið drepið á hér í umr., er það, að þetta fé í endurbyggingarstyrkinn skuli eiga að taka á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil biðja hv. þm. að athuga nánar það orðalag, sem er á 1. gr. frv. á þskj. 380. Þar er fyrst kveðið svo á, að nýbýlastjórn skuli heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsabyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum, sbr. 26. gr., þ. e. a. s. allt að 25 þús. kr. á hvert íbúðarhús, og síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkv. 41. gr.“

M. ö. o.: ég fæ ekki betur séð en með þessu ákvæði sé verið að minnka ríkisframlagið samkv. 41. gr. um þá upphæð, sem í endurbyggingarstyrkina kann að fara. Það er ekkert ákvæði um það í frvgr., að þetta fé eigi að

endurgreiða, að ríkissjóður eigi að endurgreiða nýbýlastjórninni þessa upphæð, sem varið verði til endurbyggingarstyrkja, og ef ekkert slíkt ákvæði er til í lögunum, er ríkisstj. vitanlega ekki skylt að gera það. Þess vegna virðist mér, að koma verði inn í frv. ákvæði um, að þetta fé skuli endurgreiða úr ríkissjóði, og þó að slíkt ákvæði verði sett inn í frv., er það ekki sama sem fjárveiting. Og eftir því sem segir í grg. fyrir þessu máli af hálfu hv. flm., er ekki líklegt, að til endurgreiðslu þurfi að koma á þessu ári, þannig að það eru ekki rök í þessu máli að tala um, að búið sé að afgreiða fjárlög fyrir árið 1960 og þess vegna sé ekki hægt að samþykkja þetta. Hér þarf ekki að vera um neina fjárveitingu að ræða á árinu 1960, heldur aðeins lagaákvæði um það, að þetta fé beri að endurgreiða. Annars er ekki skylt að endurgreiða það samkvæmt ákvæðum frv., því að þar eru engin fyrirmæli um endurgreiðslu.

Ég vildi mælast til þess við hv. flm. og aðra, að þeir tækju þetta til athugunar. Lögin um landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru frá árinu 1957, þau voru sett eftir að milliþn. hafði fjallað um nýbýlalöggjöfina og fleira. Í grg. þessa frv., sem var stjórnarfrv., segir svo um 41. gr. frv., sem fjallar um framlög til þess að stækka minnstu túnin, að stefnt sé að því, að ekkert tún þurfi að vera minna en 10 ha. Um það segir svo í grg.: „Hér er um að ræða stærsta nýmæli frv. Hér er lagt til samkvæmt till. nefndarinnar, að ríkissjóður greiði 4 millj. kr. á árinu 1957 og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin til stuðnings þeim jörðum, sem hafa of litla ræktun.“

Þetta ákvæði um að verja á fimm árum 24 millj. kr. til þess að stækka minnstu túnin er í grg. frv. talið stærsta nýmæli laga þessara, og í áliti þeirrar mþn., sem vann að endurskoðun laganna, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þeim rannsóknum, sem landnám ríkisins hefur gert um eyðijarðir, er ljóst, að meginhluta þeirra jarða, sem í eyði hafa farið, hefur skort fullnægjandi heyöflunaraðstöðu.“ Svo segir: „Það er og vitað mál, að 10.3% af byggðum jörðum hafa bústærðir árið 1957, sem svara til 2—3 kúa þunga samkvæmt heimildum frá formanni Stéttarsambands bænda, og 33.9% af jörðunum hafa bústærðir frá 4—8 kúa þunga. Það, sem orsakar þetta, er m. a., að viðkomandi jarðir hafa of lítinn heyskap af ræktuðu, vélfæru landi. Þessum jörðum er öðrum jörðum fremur hætta búin um að fara í eyði.“

Þetta var álit þeirrar mþn., sem á sínum tíma var til þess sett að gefa gaum að þessum málum. Hún var skipuð með bréfi landbrh. 5. júlí 1956. Í þeirri nefnd voru menn, sem kunnugir eru landbúnaðarmálum, og mun enginn draga það í efa. Form. n. var skólastjóri bændaskólans á Hólum í Hjaltadal, Kristján Karlsson, en með honum voru í nefndinni form. Búnaðarfélags Íslands, Þorsteinn Sigurðsson bóndi á Vatnsleysu, Pétur Ottesen alþm. og bóndi á Ytra-Hólmi, Jón Pálmason alþm. og bóndi á Akri, form. nýbýlastjórnar, og Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

Það var álit þessara mætu manna, og ég sé ekki annað en það hafi verið sameiginlegt, að þessum jörðum, þar sem túnin eru minni en 10 ha., væri öðrum jörðum fremur hætt við að fara í eyði. Og það var í fullu samræmi við þetta að sjálfsögðu, sem segir í grg., sem ég las upp áðan, að ákvæðið um að verja þessum 24 millj. á fimm árum til þess að stækka tún þessara jarða væri stærsta nýmæli laganna.

Ég verð að segja það, að mér er mjög sárt um, að verið sé að hrófla við þessum lagaákvæðum og þessari viðurkenningu, sem þarna hefur fengizt á Alþ. og verið sett þar í lög, — að farið sé að hrófla við þeirri lagasetningu og þeirri viðurkenningu með því að ákveða nú allt í einu að fara að greiða fé úr þessum sjóði til annarra framkvæmda, þótt að vísu séu þarfar og góðar, án þess að nokkuð sé um það sagt, sem lagagildi hefur, að þetta eigi að endurgreiðast, því að þótt menn geri ráð fyrir því hér í þingræðum, að um endurgreiðslu verði að ræða, hefur það ekki lagagildi. Ég skil ekki ástæðuna fyrir því, ef menn vilja ekki setja þetta ákvæði um endurgreiðslu inn í lög. Ég skil ekki ástæðuna fyrir því, því að eins og ég sagði áðan, á það ekkert skylt við fjárveitingu á þessu ári eða fjárlög þessa árs, heldur er það aðeins til þess að tryggja rétt þessa sjóðs, ef svo mætti nefna þessa 24 millj. kr. fjárupphæð, til endurgreiðslu á fé, sem til stendur að lögbjóða að úr honum skuli tekið.

Ég tel, að í sambandi við það, sem nú er fram komið, sé a. m. k. alveg sjálfsagt að samþykkja brtt. á þskj. 439, 2. tölul., um endurgreiðslur úr ríkissjóði, þegar fjárins er þörf, og ég sé ekki, hvernig þeir menn, sem ætlast til þess í alvöru, að féð sé endurgreitt, ætla sér að greiða atkv. á móti þeirri brtt. Ég sé ekki, hvernig þeir geta hugsað sér að greiða atkv. á móti þeirri brtt., ef þeir ætlast til þess, að þetta fé sé endurgreitt yfirleitt.

Hitt er svo annað mál, hvort menn vilja fallast á það að hækka hámark endurbyggingarstyrks úr 25 þús. upp í 40 þús. Ég fyrir mitt leyti tel það enga ofrausn, þó að það væri gert, og mun verða því fylgjandi. En andstaðan gegn hinni brtt. er mér óskiljanleg, ef það sjónarmið liggur ekki til grundvallar, að hér sé verið að byrja á að rýra þetta fé, rýra þessi ríkisframlög, sem eiga að fara til þess að stækka minnstu túnin. Ég veit, að það er til hér í landinu það sjónarmið, að bændabýlin séu nógu mörg og þau séu kannske of mörg og það eigi kannske að fækka bændum landsins um helming. Það hefur maður jafnvel séð á prenti og ekki mjög langt síðan. Ef þetta sjónarmið er lagt til grundvallar, er það mjög skiljanlegt, að menn treysta sér til þess að greiða atkv. á móti brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi það sjónarmið, að hann vilji vinna að því að fækka bændum landsins, ég

geri ekki ráð fyrir því, að hann vilji það. En fyrir þá, sem hafa það sjónarmið og er ósárt um það, þótt bændastéttin dragist eitthvað saman, telja það þjóðhagslega óhollt og óþarft að hafa svo stóra bændastétt, þá er þetta kærkomið tækifæri. Það er ósköp eðlilegt byrjunarskref að vera ekki að hlúa að því, að þær jarðir eflist og verði kannske stórbýli, sem nú berjast í bökkum. Það er ósköp einfalt mál fyrir þá, sem slíkt sjónarmið hafa, að stuðla að því, að ríkið hætti að styðja þessar jarðir, sem berjast í bökkum, og láta það svo koma af sjálfu sér, að búskapurinn leggist niður á þeim. Það er sjónarmið út af fyrir sig, að bændur kunni að vera of margir í landinu og byggðar jarðir of margar og það kunni að vera hætta á því, að landbúnaðarframleiðslan verði of mikil, hún kunni að verða baggi á þjóðfélaginu. Það er sjónarmið út af fyrir sig, sem glögglega kemur fram að ýmsir hafa nú á tímum. Það er ekki mitt sjónarmið, ég ætla, að það sé ekki sjónarmið hv. 2. þm. Norðurl. v., og sem betur fer eru þeir margir í landinu, sem hafa ekki það sjónarmið. En ég held, að menn, sem hafa ekki þetta sjónarmið, ættu að hugsa ráð sitt í sambandi við þetta mál, þegar verið er að seilast í upphæð, sem kann að skipta einhverjum millj., af því fé, sem ætlað er til stuðnings þeim býlum, sem minnsta ræktun hafa, og engin trygging sett fyrir því jafnframt, að það verði endurgreitt.

Það gæti verið ástæða til þess að ræða miklu lengur um þessi mál í tilefni af því frv., sem hér liggur fyrir, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni og skal láta máli mínu lokið.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er búið að ræða þetta allýtarlega. Okkur mun öllum vera ljóst, að það er mikil þörf á því að styrkja þá menn, sem hafa verið að byggja og eru að byggja. Hjá þeim, sem eru hálfnaðir með húsin, eykst allmikið kostnaðurinn vegna hækkandi vöruverðs, og enn fremur það, sem kannske er hvað erfiðast fyrir þessa menn, en það er hækkun á vöxtum. Ég er stjórnarflokkunum að því leyti þakklátur, að ég lít svo á, að þetta frv. eigi að sýna það, að þeir vilja í raun og veru bæta fyrir nokkuð af því, sem þeir hafa brotið eða ríkisvaldið hefur brotið af sér gagnvart þessum mönnum.

Ég held því ekki fram, að það eigi að hjálpa mönnum óendanlega mikið. Það er farsælast og bezt, að mennirnir reyni að hjálpa sér sjálfir. Satt að segja vorkenni ég engum, þó að hann kostaði að mestu eða öllu ræktun á túni sínu. En þegar þarf að byggja íbúðarhús, er það svo mikið átak fyrir fátæka bændur, að þeir geta það ekki öðruvísi en að fá hagkvæm lán eða þá það sé greitt fyrir þeim á einhvern annan hátt. Mér er því mjög mikið áhugamál, að þetta frv. nái fram að ganga, og við megum ekki láta aukaatriðin ráða úrslitum viðvíkjandi því. Vitanlega er betra fyrir mennina að fá 40 þús. kr. styrk en 25 þús. kr., en það er miklu betra að fá 25 þús. kr. en ekki neitt. Þess vegna verðum við að gera okkur ljóst, að aðalatriðið er að hjálpa þeim svo mikið, að þeir missi ekki kjarkinn. Aðalatriðið í lífsbaráttunni er, að sá, sem þarf að leysa verkefnin af hendi, trúi því sjálfur, að það sé framkvæmanlegt, og það eitt getur ráðið úrslitum hjá þessum mönnum, sem eru að basla við að koma upp íbúðarhúsunum, að þeir fái þótt ekki sé nema 25 þús. kr. Flestir þessir menn eru í miklum verzlunarskuldum og hafa mjög örðugan fjárhag. Þetta eru yfirleitt, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) tók fram, efnaminni mennirnir, en bara það, að þeir fái þessa hjálp og fái hana strax, það getur ráðið úrslitum, að þeir yfirgefi ekki sínar jarðir og missi ekki kjarkinn. Ég þekki þó nokkur dæmi um þetta.

Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að þarna verði um mikil fjárútlát fyrir ríkissjóð að ræða, vegna þess að ég álít, að það muni afar lítið vera gert að því að byggja íbúðarhús á árinu 1960 og jafnvel líka 1961, — það er ekki gott að segja um það, — en ég hygg, að byggingar í sveitum landsins stöðvist svo að segja algerlega í ár, þannig að þessi hjálp kæmi aðallega þeim til góða, sem eru að byggja. Hins vegar nær það engri átt, að ekki sé sett einhver reglugerð um þetta, og það þarf að framkvæma þetta á hlutlausan og skynsamlegan hátt. Vitanlega ætti það ekki að þurfa að vera mjög ýtarlegt, en einhver fyrirmæli þarf nýbýlastjórn að hafa. Ég efast ekki um það, ef þetta frv. er samþykkt, að þá muni ríkisstj. sjá um, að þetta verði hægt vegna fjárhagsástæðna, þannig að þótt landnámssjóður leggi þetta fram í bili, verði það endurgreitt eða séð einhvern veginn fyrir fé.

Við megum ekki láta aukaatriðin ráða. Aðalatriðið er, að þessir menn fái hjálp og fái hana sem fyrst. Svo er endalaust hægt að deila um það, hversu hyggilega þessu fé er varið, sem hefur verið varið og verið er að verja til nýbýla. Það er þannig í Húnavatnssýslu, að það hefur verið varið töluverðu fé til nýbýla, en ekkert fjölgar bændunum. Það fást engir til þess að taka þessi nýbýli. Og ég álít, að það þurfi að athuga það rækilega, hvort þessu fé er á allan hátt skynsamlega varið og hvort ekki er hægt að verja því á einhvern annan hagkvæmari hátt, m. a. að hindra það, að býli fari í eyði, að menn yfirgefi ágæt býli með sæmilega ræktuðum túnum, annaðhvort fyrir það, að það eru slæmar samgöngur, þeir fái ekki nægilega hjálp til að geta byggt íbúðarhús, eða eitthvað annað. Þetta álít ég að sé atriði, sem þurfi að athuga.

Það er nú orðið áliðið þingsins, og ef þessum mönnum á að berast einhver hjálp á þessu ári viðvíkjandi þeim húsum, sem þeir eru að reisa, megum við ekki láta aukaatriði ráða úrslitum. Aðalatriðið er, að þessir menn fái hjálpina og hana sem fyrst, áður en það er of seint.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það leyndi sér nú ekki, eins og í raun-inni eðlilegt er, að hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. v. (BP), hefur meiri þekkingu á landbúnaðarmálum en sá, sem talaði næst á undan honum, hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG). Hann flutti hér ræðu um ýmsa hluti í sambandi við landbúnaðarmál, og mér fannst ræða hans hníga öll að þeirri viðleitni að reyna að koma í veg fyrir það, að þetta frv. yrði samþykkt, og fór þar út í margvíslega hluti.

Hv. þm. vék að því, hvernig á því stæði, að byggingarlánin hefðu ekki verið greidd fyrr en núna alveg nýlega út á íbúðarhúsabyggingar 1959. Þetta ætti þessi hv. þm. að vita, því að það var fyrir fjárskort í byggingarsjóði og vegna þess, hvernig við hann var skilið, þegar sú stjórn, sem hann studdi, fór frá, og ekki hafði tekizt að útvega honum fyrr fé.

Þá vék hann einnig að því, hvernig á því stæði, að það hefðu ekki verið hækkuð lánin úr 75 þús. Ég skal nú taka það fram, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að þessi byggingarlán mættu ekki vera minni en 100 þús. kr., og hef oft hreyft því í bankaráði Búnaðarbankans. En það hefur ekki fengizt samþykkt. Og það var á þeim árum, þegar sá sjóður hafði betri fjárhagsástæður en hann hefur nú, sem flokksmenn þessa hv. þm. í bankaráði felldu það að hækka lánin nokkurn hlut. Nú er náttúrlega satt, og við vitum það allir, að þörfin er enn þá meiri en hún hefur nokkru sinni áður verið, og þess vegna er það, að þetta litla frv., sem hér er flutt, er ekki flutt út í bláinn. Það er flutt af ríkri nauðsyn, og það er flutt vegna þess, að bæði ég sem formaður nýbýlastjórnar og framkvæmdastjóri okkar, landnámsstjóri, við höfum alltaf meiri og minni ásóknir af fátækum bændum utan af landsbyggðinni, sem eru í hreinustu fjárhagskröggum, vegna þess að þeir eigi í stríði með það að koma sínum byggingum áfram. Þess vegna er það ekki að neinu leyti út í bláinn, að þetta frv. er flutt, og ég hefði sennilega, hefði ég verið á þingi, þegar fjárlög voru til afgreiðslu, flutt till. um að heimila hærri fjárveitingu til nýbýlastjórnar en ákveðið er.

Þá eru það lögin, sem þessi hv. þm. vék að, og hann vék einnig að því, að honum virtist einhvers staðar vera til þau sjónarmið, að það ætti að fækka bændunum og rýra hag sveitanna. Það getur vel verið, að þau sjónarmið séu til hjá einhverjum mönnum, sem hafa ekki neina minnstu þekkingu á landbúnaðarmálum, og maður hefur heyrt það stundum í útvarpi, að það séu til slíkir menn. En ég geri mér vonir um, að það sé ekki einn einasti slíkur maður innan veggja þingsins, ég hef að minnsta kosti ekki orðið þess var, svo að það er alveg óþarfi bæði fyrir þennan hv. þm. og aðra að vera með nokkrar getsakir til alþm. í því efni. Ég get að vísu verið þakklátur þessum hv. þm. fyrir það, að hann tók mig undan í þessu efni, og var það í sjálfu sér ekki mikið, meðan ég er formaður nýbýlastjórnar og skipaður þar af formanni Framsfl. En varðandi meðferðina á lögunum 1957, þá var það eins og þessi hv. þm. vék að, að ég var í þeirri mþn., sem undirbjó þessi lög. Og eitt aðalatriðið í þeim, sem þó er ekki að öllu leyti eins frá gengið og ég vildi vera láta, er að gera meira til þess en áður hafði verið að koma í veg fyrir, að jarðir færu í eyði. Þetta hefur verið gert aðallega með því að auka ræktun, þar sem hún er skemmst á veg komin. En það nægir ekki til, og það getur verið þýðingarlítið að fara að rækta í stórum stíl á jörðum, sem ekki er hægt að byggja upp viðunandi húsakost á. Nú er það svo, að það var ætlun okkar, sem sömdum þessi lög, að ganga meira út á það svið en áður hafði verið að tryggja, að jarðirnar, sem í byggð voru, héldust áfram. En það hefur alltaf meira og meira snúizt á þá sveif, að það er af sumum mönnum talið eins og það sé fullnægjandi að sjá um, að það sé ræktað á jörðunum, án þess að hugsa nokkuð um samgöngur eða húsakost. Við vitum allir, að það er þó nokkuð víða á landinu enn, líklega í öllum héruðum landsins, að það eru jarðir, sem hafa ekki bílfæran veg heim til sín, og það er það hættulegasta. Þess vegna er það mjög illt, að það hefur verið svo í mörg ár, að ekki hefur fengizt nein hækkun á framlögum til vegaframkvæmda eða nýbygginga á vegum, þó að allaf hafi hækkað kostnaðurinn við það. Hitt eru svo húsin, það er ekkert um það að villast.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vildi slá því alveg föstu, að það væri verið að fara eitthvað út fyrir lögin eða væri rangt, að það ætti að taka nokkra upphæð í þessa byggingarstyrki, sem ég fer fram á, af því fé, þeim 24 millj., sem ætlað er nýbýlastjórn til að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði. Í 31. gr. þessara laga segir svo: „Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar.“ Þetta er fyrsta setningin í þeim kafla, og fyrirsögnin á kaflanum er: „Um endurbyggingu eyðijarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.“

Nú fengum við í landbn. umsögn frá landnámsstjóra um þetta frv., og þar segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal tekið fram, að verði frv. samþykkt, mundi það auðvelda nýbýlastjórn ríkisins að vinna gegn því, að jarðir fari í eyði“.

Það er líka aðaltilgangurinn með þessu, og þó að það fáist ekki í gegn á þessu þingi að taka upp fjárveitingu til þessa verkefnis, þykir mér það mjög undarlegt, ef mönnum finnst þeir vilji setja það sem skilyrði fyrir samþykkt þessa frv., sem til er fé í, að það sé um leið samþykkt hér ný fjárveiting til þessara framkvæmda.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð út af því, sem fram hefur komið í þessum umr. Hv. flm. frv., 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), sagði í svari til mín áðan, að það væri ekki rétt, að framlög 41. gr. væru eingöngu ætluð til ræktunar. Ég vil alveg mótmæla þessu. Það er ekkert orð í þeirri grein, sem heimilar að nota þau til nokkurs annars en ræktunar, og bezta sönnun fyrir því er líka sú, að hann flytur hér frv. til þess að heimila að nota þetta fé til annars en ræktunar. Þess vegna vil ég algerlega mótmæla því, að ég hafi gefið nokkuð rangt í skyn í þessu efni.

Hv. þm. sagði enn fremur, að það væri ekki skortur á ræktun, sem ylli því, að jarðir færu í eyði, það væri skortur á húsum og það væri skortur á samgöngum. Við getum náttúrlega vel sagt, að það sé skortur á þessu öllu saman. Og það er líka enn eitt, sem kannske veldur því mest, en ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að draga inn í þessar umr., og það er sú þróun í atvinnulífinu og öllu þjóðlífinu, sem er að breyta þjóðlífinu úr tiltölulega frumstæðu bændaþjóðfélagi í nútíma tækniþróað þjóðfélag. Þessi breyting er að verða í landbúnaðinum eins og öðru. Ég ætla ekki að fara að blanda því stóra máli inn í þessar umr. núna, en þar er ekki sízt að finna auðvitað eðlilega ástæðu til þess, að það er að verða stór breyting á þessum sviðum, sem m. a. kemur fram í þessu.

Þá mun það hafa komið fram hér, að það mundi vera að fækka mjög mikið eða tiltölulega örðnar heldur fáar þær jarðir nú orðið, sem eftir væri að byggja íbúðarhús á. Ég skal játa, að þeim hefur farið mikið fækkandi á síðari árum. En af því að ég vinn nú í þeirri stofnun, sem hefur með lánastarfsemina að gera til þessara mála, þá vill svo til, að mér er vel kunnugt um þetta, og ég vil því í því sambandi gefa t. d. hv. þm. þær upplýsingar, að síðan 1931, að fyrst var með lögum farið að lána til íbúðarhúsabygginga sérstaklega á sveitabýlum, hafa verið veitt úr Búnaðarbankanum 2998 lán, eða rétt að segja lán til bygginga á 3 þús. jörðum, og er það um það bil helmingur af öllum jörðum á landinu. Af þessum tæpum 3 þús. lánum voru veitt milli 8 og 9 hundruð á árunum 1931—1947, það voru í kringum 50 lán á ári eða innan við það. Þá kom fyrst verulegur kippur í þessa lánastarfsemi og það var með l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, sem voru samþ. 1946. Þau árin, sem þau giltu óbreytt, það var frá 1947—1955, voru veitt 190 lán á ári að meðaltali, bæði á eldri býlum og nýbýlum, en þá var gerð breyting á þessum lögum, þannig að vextir voru hækkaðir, svo að verulegu nam. Þau ár, sem liðin eru síðan, hafa verið veitt samtals 620 lán, eða um 125—130 lán á ári. Hér er átt við bæði nýbýli og eldri býli.

Þegar litið er á þetta, er alveg ljóst, að það er helmingur af jörðum á landinu, sem hafa ekki fengið lán úr Búnaðarbankanum til bygginga íbúðarhúsa síðan 1931. Nú geri ég ráð fyrir, að eitthvað af þessum jörðum hafi verið verið það vel byggðar upp áður, að þess gerist ekki þörf, en það sýnir samt, að það er mikið óunnið, þangað til búið er að byggja vel upp íbúðarhús á öllum býlum landsins.

Ég nefni þetta til þess að sýna, að ef eðlilegar ástæður eru fyrir hendi, séu ekki horfur á, að það fækki verulega umsóknum um þessi lán á næstu árum. Hitt er svo vitanlegt, að eftir því sem meira verður byggt upp og byggt vel upp á eldri býlunum, þá kemur vitanlega að því, að þeim fækkar, sem eftir verða, og hverfa vonandi að mestu.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að reglugerðarákvæðinu, sem gert er ráð fyrir í till. minni á þskj. 350. Ég tel mjög nauðsynlegt, ef frv. er samþ., að setja þetta ákvæði og setja fastari reglur en frv. gerir ráð fyrir um, hvernig nýbýlastjórn skuli haga sér í þessu. Formaður nýbýlastjórnar, hv. 2. þm. Norðurl. v., gat þess, að það væri í mörgum tilfellum, sem nýbýlastjórn yrði að taka slíkar ákvarðanir, vegna þess að ekki væri hægt að setja í fastan ramma alla hluti, sem þyrfti að taka til greina í sambandi við það. Það er rétt. Fyrst og fremst hefur hún orðið að taka slíkar ákvarðanir í sambandi við t. d. bæjarflutninga og brunatjón og annað því um líkt. En ég hika ekki við að fullyrða það, að ef frv. verður samþ. óbreytt, muni það mjög mikið auka þennan vanda í þessum málum. Telja má líklegt, að umsóknir berist frá allflestum þeim bændum, sem leggja út í nýbyggingu íbúðarhúsa eftir þessa væntanlegu lagabreytingu, ef hún verður að lögum, og þá mun nýbýlastjórn þurfa mikið að meta, nema þá því aðeins að hún taki þá stefnu að veita öllum eða svo að segja öllum þennan styrk, en ef það yrði, má líka hækka þá upphæð, sem gert er ráð fyrir, að verulegum mun. Ef við gerðum ráð fyrir því, dugir ekki að gera ráð fyrir 1 millj. 250 þús., heldur 2½—3 millj. Nú geri ég ekki ráð fyrir, að þetta yrði gert, hún mundi reyna að meta ástæður manna að einhverju leyti, þannig að þetta kæmi ekki til greina.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu lengri, nema ég ætla aðeins í lokin að benda á, að það hefur nú um nokkuð langt árabil verið að fara fram hér á Alþ. heldur leiðinlegur eltingarleikur með þessi lán til byggingar á sveitabýlum. Það var lítils háttar styrkur veittur til byggingar á sveitabýlum fyrir árið 1947, þegar lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum tóku gildi. En samt sem áður hrökk það ekki betur en svo, að það voru ekki byggð að jafnaði nema milli 40 og 50 íbúðarhús á ári. Með þeim lögum 1947 var tekin gersamlega önnur stefna. Þá voru vextirnir lækkaðir ofan í 2% af þeim lánum, þau voru hækkuð til stórra muna, og það var þetta, sem hleypti fyrst og fremst fjöri í byggingarframkvæmdirnar. En 1955 var aftur gerð breyting á vöxtunum og þeir voru hækkaðir, og afleiðingin varð svo sú, að rétt

stuttu síðar var farið inn á þá braut að veita sérstaka byggingarstyrki til nýbýlanna, — byggingarstyrki, sem urðu þó aldrei meiri en það, að þeir urðu rétt til þess að bæta upp það tjón, sem nýbyggjendurnir urðu fyrir af vaxtahækkunum. Og nú er búið að hækka þar vextina stórkostlega. Svo kemur svona tillaga hér á eftir um það að veita styrki til að bæta svolítið af þessu upp aftur. Þetta er nefnilega heldur óviðfelldinn eltingarleikur, og það, sem hann gerir fyrst og fremst, er, að hann heldur sífellt áfram að stimpla bændurna sem styrkþega í stað þess að reyna að halda fast við stefnuna, sem mörkuð var árið 1947, að veita lánin svo há sem unnt væri með lágum vöxtum, svo að þyrfti enga styrki, og það hefði verið æskilegast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 439,1 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, GJóh, HS, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, HB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, IG, GeirG.

nei: JPálm, GÞG, IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BBen, EI, EmJ, JóhH.

7 þm. (SB, GuðlG, GÍG, HÁ, HV, ÓTh, BK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og ég tók fram við umr., játa ég fullkomlega, að það sé þörf fyrir þessa hækkun. En með því að ég óttast, að það geti orðið frv. að falli, ef þetta er samþ., þá segi ég nei.

Brtt. 439,2 felld með 16:16 atkv.

— 350,1 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, JSk, KGuðj, ÁS, SkG, ÞÞ, HB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, IG, GeirG, GíslG, GJóh.

nei: IngJ, EinS, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, JPálm, GÞG, JóhH.

6 þm. (HV, ÓTh, SB, GuðlG, GÍG, HÁ) fjarstaddir.

Brtt. 350,2 felld með 19:13 atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 19. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 280, 471).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. var nokkuð rætt um 38. gr. þeirra laga, sem hér er lagt til að breyta. Í þeirri lagagrein er ákvæði um það, að ef hætta er á, að jarðir fari í eyði vegna óviðunandi búrekstrarskilyrða, sé nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita nokkurt óafturkræft framlag til þess að auka ræktun á þessum jörðum, til þess að hún verði þar minnst 10 ha, og þannig sköpuð skilyrði til þess, að þær haldist áfram í byggð. Síðan segir, að til þessara framlaga skuli nota fé, sem ákveðið er í 41. gr. laganna að ríkissjóður skuli greiða í því skyni. Þar var ákveðið, þegar lögin voru sett, að ríkissjóður skyldi greiða 4 millj. kr. á árinu 1957 og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin.

Nú liggur það fyrir samkvæmt umsögn landnámsstjóra, eins og áður hefur verið að vikið, að það sé nokkurt fé handbært hjá nýbýlastjórn um þessar mundir, sem á að nota til þessara framkvæmda samkv. 38. gr. laganna, og í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að styrkur, sem ætlazt er til samkv. frv. að verði veittur til íbúðarhúsabygginga í sveitum, öðrum en þeim, sem stofna nýbýli, skuli greiddur af þessu fé. Hins vegar vantar það ákvæði í frv., að þær upphæðir, sem þannig verða teknar af þessu fé, skuli endurgreiddar, svo að hægt sé að verja þeim til þeirra nota, sem þær eiga að fara til, þ. e. a. s. til framkvæmda á minnstu jörðunum samkv. 38. gr. laganna. Þetta tel ég að þurfi nauðsynlega að setja inn í þetta frv., ákvæði um endurgreiðslu á fénu, sem aðeins yrði fengið að láni á þessu ári í byggingarstyrkina. Það er full þörf á því, að þetta fé, sem ákveðið er í 41. gr. laganna að gangi til þess að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, verði notað til þeirra hluta, og má búast við því, að það þurfi að auka þar við, eftir að þetta ár er liðið, sem er síðasta árið, sem ríkissjóður á að leggja fram 5 millj. til þessara framkvæmda eftir lögunum frá 1957.

Við 2. umr. bar ég fram brtt. við frvgr., sem fól það í sér, að þetta fé yrði endurgreitt. Hún var felld með aðeins eins atkv. mun, og því hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) enn borið fram brtt. um þetta atriði á þskj. 471. Hún er nokkuð öðruvísi að sjálfsögðu en till., sem ég bar fram við 2. umr. Till. er um það, að síðari efnismálsliður frvgr. falli burt, en í staðinn komi bráðabirgðaákvæði, sem verði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1960 er heimilt að greiða styrk samkvæmt lögum þessum af því fé, sem fram er lagt samkv. 41. gr. laganna, enda skal hann þá endurgreiddur frá ríkissjóði árið 1961 eða síðar, þegar þess verður þörf til framkvæmda samkv. 38. gr."

Með því að samþykkja þetta er tryggt, að ekki komi til neinna fjárútláta í þessu sambandi eða vegna styrkveitinganna á þessu ári, 1960, þar sem búið er að afgreiða fjárlög fyrir þetta ár. Hins vegar yrði því þá slegið föstu, að fjárveiting til endurgreiðslu á þessu láni yrði tekin á fjárlög 1961 eða síðar, eftir því sem þörfin kallar að, þegar þörf er fyrir féð til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem um ræðir í 38. gr. laganna.

Ég vildi nú vænta þess, að hv. flm. frv. gæti á þessa lausn fallizt og frv. yrði afgr. út úr d. með þessari breytingu.

Hv. flm. talaði um það við 2. umr., að það væri varhugavert að gera breyt. á frv., það gæti spillt fyrir framgangi þess. Ég sé enga ástæðu til að óttast slíkt. Það yrði einmitt meiri eining um frv. vissulega, ef það er þannig tryggt, að það fé, sem hér verður tekið að láni til þessara styrkveitinga, verði endurgreitt til þeirra framkvæmda, sem því er ætlað að kosta.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Um þessa till., sem hv. síðasti ræðumaður var að tala fyrir, vil ég segja það, að ég tel það skipta ákaflega litlu máli, hvort hún er samþ. eða ekki. Ég lít svo á, að hún sé óþörf, því að það eru engar áætlanir um það, allra sízt hjá nýbýlastjórn ríkisins og ég held ekki neinum þeim, sem hafa stutt þetta frv., að draga úr þeim framkvæmdum, sem áætlaðar eru til varnar því, að jarðir fari í eyði. Hins vegar má segja, að það spilli ekki neinu, þó að þessi till. væri samþ., því að ætlunin er hvort sem er, að nýbýlastjórn biðji um hækkaða fjárveitingu, þegar þess gerist þörf. Menn verða því alveg að eiga það við sjálfa sig, hvort þeir vilja samþ. þessa till. eða ekki, en ég lít svo á, að hennar sé ekki nein þörf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 20. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 471,1 felld með 18:16 atkv.
— 471,2 felld með 18:16 atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 519 og 534).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mál þetta, sem er breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, hefur borizt hingað til Ed. frá Nd. og legið alllengi, síðan landbn. afgreiddi frv., sem var á þá leið, að meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en tveir nm. hafa skilað sérstöku áliti og till., eru í sjálfu sér ekki á móti málinu, en vilja ganga allmiklu lengra en frv. sjálft gerir, eins og það liggur hér fyrir.

Í aðalatriðum er efni frv. það, að nýbýlastjórn skuli vera heimilt að veita lítils háttar byggingarstyrk til íbúðarhúsabygginga í sveitum, þar sem erfiður fjárhagur er fyrir hendi, af fé því, sem nýbýlastjórn hefur til umráða samkv. l. og varið er til aukinnar ræktunar á býlum, sem hafa ekki tún, sem ná 10 ha. stærð. Þannig stendur á, að fjárveitingar til þessara hluta, sem eru á vegum nýbýlastjórnarinnar, hafa verið ofur lítið hærri undanfarin ár en unnið hefur verið fyrir, svo að safnazt hefur lítils háttar sjóður hjá nýbýlastjórninni, um 4 millj. kr., eins og nú standa sakir.

Það þarf sjálfsagt ekki að skýra það, að þeir, sem þurfa að ráðast í byggingar á sveitabæjum nú, eru í allmiklum fjárhagslegum kröggum, ekki sízt þar sem þetta eru yfirleitt þeir menn, sem einna lakastan hafa fjárhaginn og hafa orðið að bíða með sínar byggingar. Eitt í hlutverki nýbýlastjórnar samkv. þessum l. frá 1957 er að vinna á móti því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, þar sem nærri liggur, að svo verði vegna ýmislegrar óhagstæðrar aðstöðu. Þetta mál hefur verið sent landnámsstjóranum, Pálma Einarssyni, og óskað álits hans um það. Var það gert, meðan málið lá fyrir Nd., og eru eindregin meðmæli hans um, að þetta verði gert.

Það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli, eins og fram kemur í frv., að þetta er aðeins heimild fyrir nýbýlastjórnina að meta, hvort út í þetta skuli farið í einstökum atriðum, og þar sem fé er fyrir hendi, sem raunar var þó ætlað til annarra hluta, kemur þetta ekki við fjárlög þessa árs, og eftir atvikum hefur meiri hl. landbn. sýnzt að mæla með, að þetta verði samþ. óbreytt.

Ég hefði að sjálfsögðu getað talað margt um þetta mál, því að ég er nokkuð kunnugur, hvernig ástandið er á þeim býlum, sem enn eiga eftir að byggja, og hjá þeim bændum, sem á þeim býlum búa. En þar sem tími er naumur, fer ég ekki út í það, en vil hins vegar leggja ákveðið til, að þetta mál nái fram að ganga sem bráðabirgðaúrræði fyrir þessa menn, sem því betur eru nú orðnir mjög fáir í landinu, því að víðast hvar er þegar búið að byggja upp á sveitabýlunum.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, er þetta frv. komið frá Nd. og flutt af formanni nýbýlastjórnar, hv. alþm. Jóni Pálmasyni, og sýnir það, þetta litla frv., mætavel, hversu glöggan skilning þessi maður hefur á högum landbúnaðarins og hvert stefnir, eins og nú horfir í málefnum bændastéttarinnar almennt.

Upphaflegu lögin um byggingar- og landnámssjóð gerðu svo ráð fyrir, að veitt skyldu lán til að byggja íbúðarhús í sveitum, en að nokkru leyti skyldi veittur styrkur eða sérstakt framlag til íbúðarhúsabygginganna. Þessi lagaheimild gilti allt til 1946, að Sjálfstfl.

felldi þessi lög úr gildi, og þá var eina leiðréttingin og einu hagkvæmu kjörin, sem bændunum átti að veita, hagkvæm lán til íbúðarhúsa, en ekki styrkir. Nú hefur það fallið í hlut Sjálfstfl. að kúvenda í þessum efnum. Hann hefur hækkað þessa vexti, sem áttu ekki að vera hærri en það, að þeir áttu að gera bændum kleift að byggja án styrkja. Það hefur líka fallið í hlut þess sama stjórnmálaflokks nú að fara fram á það, að veitt skyldu nú óafturkræf framlög til íbúðarhúsabygginga, eins og þetta litla frv. ber með sér. Þetta sýnir bezt, hversu framsýnir á sínum tíma framsóknarmenn hafa verið, þegar þeir beittu sér fyrir lögunum um byggingar- og landnámssjóð, að þegar Sjálfstfl. er að innleiða kreppu yfir landbúnaðinn í landinu, er eina björgin sú að hverfa aftur að því fyrirkomulagi, sem hann hafði fordæmt áður. En sjálfstæðismenn vilja þó ekki ganga hreint til verks í þessum efnum, þar sem þeir ætlast til samkv. frv. þessu, að tekið sé það fjármagn, sem til annarra hluta skal varið, þ. e. a. s. til að bæta og létta undir með þeim bændum í landinu, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun, því að þótt sú ræktun hafi ekki algerlega gengið samkvæmt áætlun, verður maður að vona, að ekki verði það mikill afturkippur í landbúnaðinum á næstu árum, að landbúnaðurinn þurfi aldrei á því fjármagni að halda. Þess vegna er það, að við höfum flutt hér brtt., hv. 5. þm. Austf. (PÞ) og ég, að upp skuli tekin sérstök fjárveiting í þessu skyni til þess að tryggja það, að þeir, sem byggja íbúðarhús í sveitum eftirleiðis, geti gengið að því sem vísum hlut, að þarna verði fjármagn til staðar, þegar þeir hefjast handa um byggingar.

Í öðru lagi höfum við líka lagt til, að þessar 25 þús. kr., sem eru nú í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, verði hækkaðar upp í 40 þús. kr., og hygg ég, að það sé ekki nema rétt til að mæta þeim brýnustu og þeim mestu og verstu hækkunum, sem orðið hafa á byggingarkostnaði nú á þessum vetri. Það var lengi vel talið, að vinnuaflið væri meira og dýrara og meiri hluti í íbúðarhúsakostnaði en efni, en nú hefur þetta gerbreytzt við þær efnahagsaðgerðir, sem samþykktar hafa verið á Alþ. í vetur, þannig að miklar líkur eru til þess, nú á meðan kaupgjald helzt óbreytt, að þá verði efniviður í húsin mun meiri en vinnuaflið. Þar sem margir bændur hafa haft þá aðstöðu að geta unnið meira og minna í vinnuskiptum og unnið sjálfir að íbúðarhúsabyggingum sínum, kemur þetta þeim mun verr við þá en aðrar stéttir í landinu, og mun því, þegar fyrra dæmið út af fyrir sig er reiknað, hækkun á byggingarkostnaði koma miklu verr við þá en aðra aðila í landinu, svo að það mun ekki vera of í lagt, þó að sú upphæð, sem til þeirra verður greidd, sem verst eru á vegi staddir í þessum efnum, sé ákveðin eigi minni en 40 þús., eins og við gerum hér ráð fyrir.

Ég vænti nú þess, þegar líður að þinglokum og eins og búið er að búa að atvinnumálum þjóðarinnar og ekki sízt landbúnaðinum, að þeir, sem með völdin fara, sjái sóma sinn í því að samþ. brtt. mínar og hv. 5. þm. Austf. Og ég veit sannarlega ekki, hvernig bændur væru staddir nú, ef hv. alþm. Jón Pálmason sæti ekki á þingi, því að þar hafa aðrir flokksbræður hans hvorki hálfa heyrn né sjón á við hann.

ATKVGR.
Brtt. 534,1 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, KK, ÓlJ, PÞ, SE.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, SÓÓ.
2 þm. (HermJ, ÓB) fjarstaddir.
Brtt. 534,2 felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls í gær voru felldar brtt., sem ég bar hér fram ásamt hv. 5. þm. Austf. (PÞ). Til þess að prófa enn þá einu sinni, hvort d. geti ekki fallizt á það, að fjárveiting sé viðhöfð, þegar farið er að greiða af því fé, sem hefur til annars verið ætlað, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þeirri till., sem við berum hér fram að nýju, hv. 5. þm. Austf. ásamt mér, en till. hljóðar þannig, með leyfi forseta, — hún er við 1. gr. og um það, að síðari efnismálsliður falli burt, en aftan við frv. komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Heimilt er að greiða styrk samkvæmt lögum þessum af fé því, sem lagt er fram samkv. 41. gr. laganna, enda endurgreiði rikissjóður fé þetta á næsta ári á eftir."

Ég ætla mér ekki að fara að fjölyrða um þetta mál hér nú, enda hefur hv. þingmönnum gefizt kostur á að kynna sér það til hlítar, þar sem við gerðum glögga grein fyrir málinu í nál., en ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir tillögu þessari.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 631) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 631,1 felld með 11:7 atkv.
— 631,2 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

50. Vitabyggingar.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar [121. mál] (þmfrv., A 290).

Á 62., 63., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 6., 7., 20., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Sigurðsson): Herra forseti. Sú var tíðin, að siglingar voru hvað mestar til Austurlands af öllum landshlutum. Það var skemmst þangað frá löndum þeim, sem Íslendingar höfðu lengst af mest skipti við, og þar var blómlegt atvinnulíf til lands og sjávar.
Fiskveiðar voru miklar fyrir Austurlandi, en fiskur gekk þar líka einna fyrst til þurrðar, því að stytzt var á Austfjarðamiðin, t. d. fyrir Breta. Mörg mið eru enn á vörum þjóðarinnar, en þó ekkert þeirra sem Hvalbakur. Þarna jusu togarar, íslenzkir sem erlendir, upp ógrynni af fiski árum saman. Mið þetta er kennt við samnefnt sker, sem liggur um 17.8 mílur frá landi, þar sem stytzt er í land að Kambanesi. Sker þetta má sjá í góðu skyggni af Staðarskarði, hvar brýtur á því. Þetta er langt sker, þó nokkuð stórt um sig, og má einna helzt líkja því við Faxasker við Vestmannaeyjar, þótt það sé nokkru stærra. Sker þetta er grunnlinupunktur, og á meðan landhelgin var 4 mílur, var hægt að toga fyrir innan Hvalbak, enda þótt 4 mílna landhelgi væri umhverfis hann. Nú er að sjálfsögðu allt friðað fyrir togurum fyrir innan Hvalbak.
Það gefur að skilja, að sker á jafnfjölfarinni siglingaleið og Hvalbakur er hlýtur að vera sjófarendum hættulegt, enda er vitað um slys þar. En hin eru þó sjálfsagt fleiri, sem enginn veit um, og sjórinn hefur máð út öll vegsummerki. Það er því mikil nauðsyn að koma þarna upp vita, ljósvita og hljóðvita og endurkastara, og fá Hvalbak tekinn inn í vitalögin. Mjög nauðsynlegt væri, að þarna væri unnt að hafa afdrep fyrir skipbrotsmenn, þegar vitabyggingin yrði reist, með talstöð til þess að geta haft samband við umheiminn, enn fremur nokkurn matarforða, enda mundi hvort tveggja vera nauðsynlegt, þó að ekki væri nema þegar verið væri að sinna vitanum, því að þarna mun allerfið aðstaða til að athafna sig, þar sem þetta er fyrir opnu hafi svo að segja á alla vegu og mjög brimasamt við skerið. Þetta er eitt af fjarlægari skerjum við Ísland frá ströndinni, og væri líka frá því sjónarmiði að undirstrika sem bezt umráðarétt Íslendinga yfir fiskveiðilandhelginni gott að reisa þarna mannvirki og það sem fyrst.
Allir sjófarendur mundu mjög fagna því, ef góður viti, sem jafnframt væri skipbrotsmannaskýli, yrði reistur á Hvalbak og það sem fyrst. Ég legg því til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 562).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar og sent vitamálastjóra það til umsagnar. Hann mælir með samþykkt þess, með þeirri breyt. þó, að orðið „hljóðviti" falli niður úr frv., og rökstyður það með því, að hljóðviti á þessum stað verði mjög dýr í rekstri, og eins því, að það yrði mjög hæpið, að hægt yrði að þjónusta hann af sjó. Ef hljóðviti yrði þarna, þá verður hann mjög dýr í rekstri, auk þess sem útbúnaður allur er mjög dýr í innkaupi. Þarna þyrftu að vera sjálfvirk stjórntæki, sem séu fyrst nú á seinni tímum að koma fram og ekki komin fullkomin reynsla á þau tæki enn.
Sjútvn. mælir með því, að frv. verði samþ. með þessari breyt., eins og fram kemur á þskj. 562.

ATKVGR.
Brtt. 562 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 569).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 610).

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á fundi sínum í gær, en þá hafði hún kynnt sér umsögn vitamálastjóra um frv., en hann hafði fengið málið til umsagnar. Mælir vitamálastjóri með frv., eins og það liggur fyrir til afgreiðslu nú, eftir að frá því var horfið, sem upphaflega var í frv., að vitinn yrði einnig hljóðviti. Eru taldir margir annmarkar á þeirri framkvæmd, og slíkur viti yrði einnig mjög dýr í rekstri.

Sjútvn. hefur því samþ. einróma að leggja til, að frv. verði samþ. svo sem það liggur hér fyrir til afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

---

51. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi (frv. sjútvn. Nd.).

Á 77. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [153. mál] (þmfrv., A. 399).

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., hefur verið mikið deilumál innan þings og utan um nokkra tugi ára, og hafa menn skipzt í öndverðar fylkingar eftir því, hvort þeir vildu leyfa dragnótaveiðar í landhelgi að einhverju leyti eða banna slíkar veiðar með öllu. Saga málsins sýnir, að andstæðingar dragnótarinnar hafa í fyrstu unnið á. Fengu þeir með l. nr. 27 1923 samþykkta heimild fyrir ríkisstj. til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, og voru á grundvelli þeirra laga settar tvær reglugerðir um héraðabönn. Með l. nr. 55 1928 var dragnótaveiði bönnuð hvarvetna í landhelginni 9 mánuði ársins, en heimil í mánuðunum september, október og nóvember, og jafnframt skyldi ríkisstj. heimilt að ákveða frekari takmarkanir eða héraðabönn, að fengnum till. sveitarfélaga og Fiskifélags Íslands.

Á grundvelli þessara l. voru árin 1932 og 1934 settar 7 reglugerðir um héraðabönn á tímabilinu 1. sept. til 30. nóv., en það jafngilti algeru banni við dragnótaveiði á þeim stöðum, sem reglugerðirnar tóku til. Hófst nú nokkur gagnsókn af hálfu þeirra, sem vildu leyfa veiðarnar. Var þannig með brbl. árið 1932 dregið úr ákvæðum l. frá 1928, en þau brbl. voru felld á Alþ. 1933. En á næstu árum voru gerðar ýmsar lagabreyt., sem drógu verulega úr takmörkunum á dragnótaveiðum. Gilti sú lagaregla um nokkurt skeið, að veiðarnar voru leyfilegar í 6 mánuði á ári, júní til nóvember, sunnanlands og vestan, milli Hjörleifshöfða og Látrabjargs, þó þannig, að á Faxaflóa og Breiðafirði máttu ekki önnur skip veiða en þau, sem skrásett voru innan lögsagnarumdæma, er að þessum fjörðum liggja, öðrum eða báðum. Annars staðar var leyft að veiða í 3 mánuði, sept. til nóv., nema þar sem reglugerðir voru settar um héraðabönn.

Með l. nr. 45 1937 og breyt. á þeim l. árið 1940 var leyfð dragnótaveiði í allri landhelginni 6 mánuði ár hvert fyrir allt að 35 rúmlesta fiskiskip, og ríkisstj. jafnframt heimilað að gefa út veiðileyfi fyrir stærri skip í okt. og nóv. Heimilt var sýslunefnd eða bæjarstjórn að banna dragnótaveiði innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði. Einnig skyldi heimilt að setja reglugerð um möskvastærð og lengd dráttartauga, svo og um lágmarksstærð fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.

Stóð þannig til ársins 1945, en þá hefja bannmenn sókn á ný og fá sett viðaukalög nr. 83 1945, þar sem ríkisstj. er heimilað að banna dragnótaveiði á afmörkuðum svæðum samkv. till. Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans. Voru á grundvelli þessara viðaukalaga settar 3 reglugerðir, sem bönnuðu veiði á hinu annars lögleyfða 6 mánaða tímabili, júní til nóv. Þetta ástand hélzt síðan, þar til settar voru reglugerðir, sem banna dragnótaveiði með öllu innan landhelginnar á grundvelli l. nr. 44 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en þær reglugerðir eru nr. 46 22. apríl 1950 varðandi Norðurland, nr. 21 19. marz 1952, nr. 70 30. júní 1958 og nr. 87, viðaukareglugerð, 29. ágúst 1958.

Það yfirlit yfir gang þessa máls á Alþ., sem ég nú hef rakið, geta menn kynnt sér betur með því að lesa nál. hv. alþm. Gísla Guðmundssonar og Péturs Ottesens á þskj. 488 frá fyrra ári. Þá lá frv. samhljóða því, sem nú er flutt af Karli Guðjónssyni o. fl. á þskj. 5, fyrir hv. d., og urðu afdrif þess þau, að rökst. dagskrá frá þm. Gísla Guðmundssyni og Pétri

Ottesen þess efnis, að ekki þætti tímabært, að Alþ. tæki ákvörðun um það, hvort eða hvernig leyfa skuli dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni, var samþ. með 18:7 atkv., og var málinu þannig vísað frá.

M. a. voru þau rök færð fyrir þessari meðferð málsins, að æskilegt væri, að n., sem fulltrúar frá stofnunum sjávarútvegsins ættu sæti í, gæti fjallað um málið, og einnig var afgreiðsla þess studd af álitsgerð Fiskifélags Íslands í bréfi 14. marz 1959, þar sem fram kom, að stjórn Fiskifélagsins taldi málið þurfa meiri undirbúning, áður en ákvörðun yrði tekin um að leyfa dragnótaveiðar. Einn stjórnarnefndarmanna, Pétur Ottesen, tók þó fram, að hann væri andvígur því, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar.

Síðan hefur tvennt gerzt. Í fyrsta lagi hefur stjórnskipuð n. unnið að athugun málsins, eins og nauðsynlegt var talið í fyrra. Í n. áttu sæti Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Sverrir Júlíusson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Elías Þorsteinsson, formaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Ólafur Björnsson sjómaður og Jón Jónsson fiskifræðingur. N. hefur lagt til, að takmarkaðar dragnótaveiðar verði leyfðar undir vísindalegu eftirliti, og samið uppkast að frv. um það efni.

Í öðru lagi hefur fiskiþing, sem haldið var á nýliðnum vetri, tekið afstöðu til málsins og afgreitt það með eftirfarandi ályktun, sem ég mun lesa, með leyfi hæstv. forseta. Samþykkt fiskiþingsins hljóðar svo:

„Fiskiþingið mælir með því, að takmarkaðar dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar verði leyfðar að nýju. Fiskiþingið treystir því, að stjórn Fiskifélagsins og fiskifræðingarnir fylgist með því, að lög og reglugerðir um dragnótaveiðar verði þannig úr garði gerð, að tryggt sé, að ekki verði gengið um of á fiskistofnana eða uppeldisstöðvum þeirra spillt. Verði rækilega fylgzt með veiðunum frá upphafi og áhrifum þeirra á fiskistofnana, þannig að hægt sé að gera varúðarráðstafanir í tæka tíð, ef nauðsyn ber til.

Fiskiþingið vill sérstaklega benda á eftirfarandi:

1) Dragnótaveiðar skulu háðar leyfisveitingum.

2) Veiðileyfi skulu fyrst um sinn aðeins veitt bátum, sem ekki eru yfir 45 rúmlestir að stærð.

3) Veiðitíminn skal takmarkaður og ekki vera yfir 3 mánuði ár hvert á hverju veiðisvæði.

4) Strangar reglur séu settar um möskvastærð og gerð dragnótarinnar. Skal strangt eftirlit haft með því, að þeim reglum sé fylgt, og varðar misnotkun sviptingu veiðileyfis og háum sektum.

5) Dragnótaveiði á þröngum fjörðum og 1—2 sjómílur frá landi skal óheimil. Jafnframt sé heimilt í lögum að friða uppeldisstöðvar nytjafiska lengra út, ef þurfa þykir að áliti fiskifræðinga.

6) Settar séu reglur um meðferð aflans í bátum og í landi, er tryggi, að varan verði eftirsótt á erlendum markaði."

Afstaða fiskideildanna úti um land til málsins er rakin í grg. með frv. sjútvn. á þskj. 399, og vil ég í því sambandi geta þess, að niður hefur fallið að skýra þar frá afstöðu sambands fiskideildanna á Vestfjörðum, en þær eru meðmæltar takmörkuðum dragnótaveiðum undir vísindalegu eftirliti. Er nú svo komið, að ekkert fiskideildasamband leggur beinlínis á móti því, að dragnótaveiði verði leyfð með einhverjum takmörkunum, þó að sumar þeirra vilji enn láta athuga málið, áður en ákvörðun er tekin. Hins vegar er kunnugt um, að einstakar fiskideildir eru með öllu á móti dragnótaveiði, t. d. fiskideild Gerðahrepps.

Álitsgerðir færustu fiskifræðinga okkar hafa legið fyrir síðan haustið 1958, sbr. fskj. I og II með frv. Karls Guðjónssonar o. fl. á þskj. 5. Dr. Árni Friðriksson segir m. a. í fskj. I, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1957 veiddust 9603 smálestir af skarkola við Ísland. Þetta er meiri heildarveiði en nokkurt annað ár síðan 1906, að undanteknum þremur árum, 1906, 1920 og 1949, þrátt fyrir það að öll beztu kolamiðin voru ónytjuð 1957. Síðan fiskveiðamörkin voru færð út 1952, hefur skarkolastofninn aukizt stórlega, eins og sjá má af þessu. Aðrir fiskistofnar, sem dragnótaveiðar byggjast mjög á, hafa einnig aukizt mjög, eins og sýnt er í töflu 3, þar sem gerður er samanburður á árunum eftir 1952 og árinu 1938. Það sýnir sig t. d., að 1957 veiddist meira en þrefalt af ýsu samanborið við 1938. Með tilvísun til þess, er að framan greinir, verður að mæla eindregið með því, að Íslendingum verði heimilað að beita dragnót í landhelgi. Eftir að fiskveiðalína við Ísland hefur verið færð stórkostlega út á ný, er þess enginn kostur að ná til sumra verðmætustu fiskitegundanna hér við land, svo að neinu nemi, nema með því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi. Eina markmiðið með fiskifriðun er að sjálfsögðu það að ná af fiskistofninum sem mestum arði, en ekki hitt, að láta þá verða ellidauða. Þegar veiðast nærri því 10 þús. lestir af skarkola á ári, eins og nú er, en það er meira en tvöfalt á við það, sem öllum hraðfrystihúsum á Íslandi barst af öllum fiski árið 1938, þrátt fyrir það að öll beztu skarkolamiðin eru lokuð, hljóta nú að vera uppgrip af þessum fiski við strendur landsins. Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið."

Þetta var álit dr. Árna Friðrikssonar.

Jón Jónsson, forstöðumaður fiskideildar atvinnudeildar háskólans sýnir í álitsgerð sinni á fskj. II fram á aukningu ýsu og skarkola vegna friðunarinnar undanfarin ár, en það eru þær tvær tegundir, sem mesta þýðingu hafa fyrir dragnótaveiðarnar. Um ýsuna segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1937 var ýsuveiðin á Íslandsmiðum 10.5% af heildarýsuveiði Evrópu, en árið 1956 nam afli sá af ýsu, er fékkst við Ísland, 18.7% að heildarveiðinni. Sé sóknin á Íslandsmið mæld með samanlögðum ferðafjölda enskra og þýzkra togara, kemur í ljós, að 1937 var hann 4367 ferðir, en ekki nema 2432 ferðir 1956, eða um 56% af ferðunum 1937. Aukning heildaraflans er því ekki árangurinn af meiri heildarsókn, heldur er hér um að ræða stórlega aukningu sjálfs ýsustofnsins, þótt tekið sé tillit til aukinnar veiðihæfni togaranna og aukningar íslenzka fiskveiðiflotans. Það, sem hér hefur verið sagt, er miðað við ástandið eins og það var með 4 mílna fiskveiðilandhelgi. Með fjarveru útlendinga á svæðinu innan 12 mílna er mikið létt sókninni á þennan stofn, og má því segja, að hann sé ekki fullnytjaður, eins og nú er."

Um skarkolann kemst Jón Jónsson m. a. svo að orði:

„Árleg meðalveiði á tímabilinu 1947—1952 var 8385 tonn, og það álag þoldi stofninn greinilega ekki. Þó ber að geta þess, að á þessu tímabili fór veiðin að verulegu leyti fram á grunnmiðum og voru aðaluppeldisstöðvar skarkolans ákaft nýttar. Á tímabilinu 1953—1957 var árleg meðalveiði 7116 tonn, og virðist stofninn hafa þolað það, því að veiðin jókst allt tímabilið. En nú beindist sóknin að eldri hluta stofnsins, sem heldur sig utan 4 mílna markanna, en uppeldisstöðvarnar voru ekkert snertar. Mestur hluti heildarveiðarinnar fellur á Breta, t. d. 86% árið 1956, en hlutur Íslendinga er hins vegar mjög naumur, eins og taflan að framan ber með sér. Fram að 1952 tóku Íslendingar um helming heildaraflans, en eftir það hefur hlutur okkar verið frá 3.3% í 7.5% heildaraflans. Fjarvera útlendra veiðiskipa á öllu svæðinu innan 12 mílna léttir mjög sóknina á skarkolastofninum, því að mestur hluti veiðinnar hefur farið fram á þessu svæði."

Niðurstaða Jóns er svo þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Af því, sem að framan er sagt, verður að mæla eindregið með því, að ýsu- og skarkolastofnarnir verði betur nýttir af Íslendinga hálfu en gert hefur verið undanfarin ár. Stofnarnir hafa rétt svo við, að skynsamleg nýting þeirra er orðin aðkallandi. Hófleg veiði gerir meira gagn en engin eða of lítil veiði. Markmið friðunaraðgerða okkar er vitaskuld, að stofnarnir gefi af sér hámarksarð. Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna, en það er rétt að fara að öllu með gát, og skal því hér á eftir minnzt á það helzta, sem máli skiptir um framkvæmd veiðanna."

Af því, sem ég hef nú rakið, tel ég mig mega draga þá ályktun, að frekari dráttur á afgreiðslu málsins en orðinn er muni ekki leiða neitt nýtt í ljós. Sú skoðun, að tímabært sé að leyfa takmarkaðar dragnótaveiðar undir vísindalegu eftirliti, er studd sterkum rökum og á vaxandi fylgi að fagna, og leyfi ég mér að benda á, að annar hv. flm. dagskrártill. frá í fyrra er nú meðflm. að frv. sjútvn. og hefur hann þannig einnig tekið þá afstöðu, að frekari dráttur á afgreiðslu málsins eigi ekki rétt á sér. Hins vegar situr sú reynsla, að einu sinni var of langt gengið í dragnótaveiðunum, svo föst í sumum mönnum, að þeir telja, að þessa veiðiaðferð beri að banna um tíma og eilífð. Með þeirri afstöðu er sama sem sagt, að Íslendingar geti ekkert lært af reynslunni, þeir kunni sér ekki hóf í neinu og séu í reynd ekkert annað en hugsunarlausir skemmdarvargar. Ég er ósammála þessum harða dómi og dómsniðurstöðu. Mín skoðun er sú, að einmitt vegna fenginnar reynslu sé nú óhætt að leyfa dragnótaveiðar á ný, og ég ber það mikið traust til fiskifræðinga okkar og þekkingar þeirrar, sem þeir búa yfir, að þeir geti með nægilegu öryggi leiðbeint okkur um þessar veiðar og þær takmarkanir, sem nauðsynlegt er að setja, til þess að ekki verði gengið of nærri fiskistofnunum. Hér er um að ræða takmarkanir á veiðitíma og veiðisvæðum, eftirlit með veiðarfærum og ákvörðun á lágmarksstærð þess fisks, sem leyfilegt er að landa og taka til vinnslu, og ákvörðun á árlegri heildarveiði einstakra tegunda. Ég endurtek það, að í þessum efnum getum við treyst sérfræðingum okkar. Okkur er nauðsynlegt að hafa jafnan sem mesta fjölbreytni í útflutningsframleiðslunni, því að alltaf getur brugðizt hjá okkur annaðhvort afli á einni tegund eða markaður fyrir aðra, og þá er gott að geta látið eitthvað annað koma í staðinn. Nú stendur t. d. þannig á, að þjóðin mun tapa milljónatugum eða jafnvel hundruðum í gjaldeyri vegna óviðráðanlegs verðfalls á fiskimjöli. Þetta gætum við bætt okkur upp að nokkru með því að flytja út skarkolaflök á þessu ári fyrir 50—60 millj. kr., og einnig gætum við aukið verulega útflutning á öðrum fisktegundum með því að leyfa dragnótaveiðarnar um miðjan næsta mánuð. Mörg hraðfrystihús víðs vegar á landinu hafa lítil verkefni yfir sumartímann. Dragnótaveiðin getur breytt því ástandi og skapað mikla atvinnu og örugga. Það mun þannig t. d. núna talið, að við eitt útflutt tonn af kolaflökum þurfi að greiða um 4600 kr. í vinnulaun.

Að öllu þessu athuguðu lagði ég áherzlu á það í sjútvn., að reynt yrði að afgreiða frá þessu þingi lög um takmarkaðar dragnótaveiðar. Nokkurs skoðunarmunar gætti í n. um málið, en niðurstaðan varð sú, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s., að n. samdi nýtt frv., og féllust flm. frv. á þskj. 5 á þá málsmeðferð, og tók 1. flm. þess, hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), þátt í þessari afgreiðslu í stað hv. 4. þm. Austf. (LJós), sem sæti á í sjútvn., en var fjarverandi.

Frv. á þskj. 399 ber þess merki, að þar hefur verið reynt að samræma ólík sjónarmið, og er sennilega enginn hv. sjútvn.-maður fullkomlega ánægður með árangurinn, og hafa

nm. áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, þó þannig, að þær verði fyrst athugaðar af n. milli umr. En um það er ekki lengur ágreiningur í n., að mál þetta ber að afgreiða á þessu þingi, og í þeim tilgangi er frv. n. á þskj. 399 fram borið. Vona ég, að þessi hv. d. geti héðan af hraðað afgreiðslu málsins, því að ekki á að vera þörf á að vísa frv. til n. eftir þessa umr.

Mun ég nú að síðustu fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv.

Um 1. gr. Hér er gert ráð fyrir, að sjútvmrh. veiti leyfi til dragnótaveiða innan fiskveiðilandhelginnar. Hér er um að ræða breyt. frá l. um bann við dragnótaveiði í landhelgi frá 1937, en samkv. þeim eru dragnótaveiðar ekki háðar leyfisveitingu. Með tilliti til þess eftirlits, sem nauðsynlegt verður að hafa með þessum veiðum, er óhjákvæmilegt, að skip, sem þær ætla að stunda, fái til þess sérstakt leyfi, og einnig með tilliti til þess, að sérstakar takmarkanir kunni að verða nauðsynlegar samkv. ákvæðum í 5. gr.

Loks er gert ráð fyrir því, að veiðiskip skili nákvæmum skýrslum um veiðarnar, sem ákvæði verði sett um í reglugerð, og ætlazt er til, að leyfið verði m. a. bundið því skilyrði, að slíkum skýrslum sé skilað reglulega, þar sem það er nauðsynlegt með tilliti til þeirra rannsókna og þess vísindalega eftirlits, sem hafa verður með veiðunum.

Veiðitímabil það, sem hér er tiltekið, er 4½ mánuður í stað 5½—6 mánaða í l. frá 1937. Í fyrsta lagi þykir rétt að takmarka tímann nokkru meira en þá var gert með það fyrir augum að fara ekki of geyst af stað, þar til reynslan hefur skorið úr um, hversu miklar veiðar stofninn þolir. Í öðru lagi er við það miðað, að veiðarnar séu leyfðar einungis á þeim tíma, þegar gæði flatfisksins eru talin mest, en það er eitt frumskilyrði þess, að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Þá eru í greininni ákvæði, sem tryggja það, að sveitarstjórnir geta í samráði við samtök útvegsmanna og sjómanna gert hvort heldur sem er, fyrirbyggt opnun einstakra veiðisvæða eða krafizt lokunar þeirra, ef friðunar er talin þörf eða ef hagkvæmara þykir að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum svæðum. Þetta getur í fljótu bragði virzt erfitt í framkvæmd, en þarf þó ekki að vera það. Samt vil ég taka fram sem mína skoðun í sambandi við túlkun þessara ákvæða í framkvæmd, að ég álít, að ekki eigi að veita fiskiskipum skrásettum innan lögsagnarumdæma lokaðra svæða veiðileyfi annars staðar.

Um 2. gr. Í þessari gr. eru stærðarmörk þeirra skipa, sem leyfi skulu fá, sett við hámark 35 rúmlestir brúttó eins og í l. frá 1937. Þó skal ráðh. heimilt að veita veiðileyfi fyrir allt að 45 rúmlesta skip og enn fremur að takmarka stærðina við 25 rúmlestir, ef þurfa þykir. Fróðlegt er í þessu sambandi að athuga stærðardreifingu vélbátaflotans eins og hann var 1937 og þá breyt., sem síðan hefur orðið, en sá samanburður er á þessa leið:

Árið 1937 var tala skipa undir 12 rúmlestum 226, eða 42.2% af bátaflotanum. 1959 var talan komin niður í 130, eða 19% af bátaflotanum. 1937 voru 12—35 rúmlesta skip 247, eða 46.2% af bátaflotanum. 1959 var þessi bátastærð 195 að tölunni, eða 29% af bátaflotanum. 1937 voru 36—45 tonna fiskiskip 31 talsins, eða 5.9% af bátaflotanum. 1959 var þessi bátastærð 65 talsins, eða 10% af bátaflotanum.

Með þeirri hámarksstærð báta, sem leyft var að stunda dragnótaveiðar, þegar l. voru sett árið 1937, mátti heita, að nær allur vélbátaflotinn, eða 88.4%, gæti notfært sér heimildina. Var þá við það miðað, að þeir bátar mættu stunda dragnótaveiðar, sem síður væru hentugir til síldveiða á sumrin, en þá var það algengt, að bátar allt niður í 35 rúmlesta og jafnvel minni stunduðu þær veiðar með góðum árangri. Á þessu tvennu hefur orðið gerbreyting. Undir 35 rúmlesta bátar eru nú aðeins 48% af bátaflotanum, og tala þeirra er 325 á móti 473 árið 1937. Á síldveiðum sumarið 1959 voru aðeins tveir bátar 35 rúmlestir eða minni og ekki nema 10 bátar á bilinu 36—45 rúmlesta. Þá voru alls 224 bátar á veiðum. Á sumarsíldveiðum 1937 voru hins vegar 146 vélbátar við síldveiðarnar, en þar af voru 88, sem voru 35 rúmlestir eða minni. Þessi mikla breyting á sér eðlilega skýringu.

Árið 1937 voru síldveiðarnar að mestu stundaðar inni á flóum og fjörðum, eða örskammt undan ströndinni, og því auðvelt að koma við litlum bátum, þar sem sigling var að jafnaði stutt. Nú er hins vegar svo komið, að veiðarnar fara að mestu fram langt til hafs og sigling því mjög löng og með öllu útilokað að nota eins lítil skip og áður, enda eru bátar undir 45 rúmlestum með öllu að hverfa úr síldveiðiflotanum.

Hér er því nauðsynlegt að taka tillit til þeirrar þróunar, sem orðið hefur með tilliti til stærðardreifingar bátaflotans almennt og einnig með tilliti til hagnýtingar hans. Út frá þessu sjónarmiði er lagt til, að heimilt sé að miða hámarksstærð báta við 45 rúmlestir brúttó.

Um 3. gr. Eðlilegt er að banna dragnótaveiðar innan löggiltra afmarkaðra hafnarsvæða, svo sem hér er ráð fyrir gert.

Um 4. gr. Ekki þykir rétt að binda það leyfum, þó að rannsóknarskip noti dragnót til veiða í rannsóknarskyni, einnig þó að það sé utan þess tíma, sem þær veiðar eru annars heimilaðar öðrum, og er því sett ákvæði síðustu mgr. þessarar greinar.

Um 5. gr. Skilyrði fyrir því, að dragnótaveiðar verði leyfðar á nýjan leik innan fiskveiðilandhelginnar, er, að nákvæmt vísindalegt og opinbert eftirlit sé haft með veiðunum, svo að jafnan megi fylgjast sem gleggst með því, hver þróun veiðanna verður, og unnt sé að grípa til verndarráðstafana án tafar, ef þörf krefur. Er ætlazt til, að vísindamenn fiskideildarinnar fylgist stöðugt með veiðunum og að þeir geri rn. viðvart, ef þeir telja hættu á ferðum. Verður hér að vísu um allyfirgrips-

mikið starf að ræða, og er hæpið, að það starfslið, sem fiskideildin hefur nú á að skipa, nægi til þess. Getur því orðið nauðsynlegt að sjá fyrir aukningu þess, ef full not eiga að verða af eftirlitinu.

Þá verður að telja nauðsynlegt, að heimilt sé að setja frekari takmarkanir við veiðarnar eða banna þær með öllu, ef reynslan leiðir í ljós, að hætta sé á ofveiði. Lúta ákvæði 2. mgr. þessarar gr. að því.

Um 6. gr. Nauðsynlegt er að setja í reglugerð ýmis ákvæði um framkvæmd laganna. Hér er sérstaklega tiltekið um möskvastærð og gerð og notkun dragnótarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að í reglugerð verði sett ákvæði um meðferð aflans um borð í veiðiskipi. Er áríðandi, að allt sé gert, sem unnt er, til að tryggja góða meðferð aflans, frá því að hann kemur um borð í veiðiskip, þar sem það er eitt frumskilyrði fyrir því, að úr honum megi vinna góða vöru.

Þá er m. a. gert ráð fyrir því, að leyfishafar gefi skýrslu um veiðina, þar sem slíkt er nauðsynlegt með tilliti til framkvæmdar eftirlitsins með veiðunum. Veiðisvæðin samkv. 1. gr. þarf einnig að ákveða með reglugerð.

Um 7. gr. Eðlilegt virðist, að utan þess tímabils, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, sé óheimilt að hafa dragnætur og dragstrengi um borð í skipum.

Um 8. gr. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði því, sem er í lögum um bann gegn botnvörpuveiði, þ. e. a. s. sektarákvæði.

Aðrar gr. frv. hygg ég að þurfi ekki skýringa við, og vil ég að endingu leggja til, að þessu máli verði vísað til 2. umr.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Á því Alþ., sem nú situr og búið er að standa síðan 20. nóv. í vetur, hafa margvíslegir hlutir gerzt, bæði geðfelldir og ógeðfelldir. Yrði það nokkuð löng saga, ef út í það væri farið, en það skal ég ekki að þessu sinni gera. Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast þess, að það er nokkuð ógeðfellt, sem maður verður var við nærri daglega, að nokkrir af þeim mönnum, sem mest hafa komið nálægt óstjórninni á undanförnum árum, eru hér sítalandi og hafa allt á hornum sér, þegar stjórnendur landsins eru að basla við með alls konar neyðarúrræðum að bjarga því protabúi, sem þeir hafa eftir skilið.

En hvað sem þessu líður, þá verð ég að segja það, að þrátt fyrir allt finnst mér þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 399, einna ógeðþekkasti atburðurinn, að það skuli geta átt sér stað, að heil þingnefnd, hv. sjútvn., geti orðið sammála um að leggja hér inn í þingið slíkt frv. um dragnótaveiði í landhelgi eftir allt það, sem gerzt hefur á undanförnum árum.

Af því að hér eru nokkuð margir menn á hv. Alþ. nú, sem eru mér lítið kunnugir og vita það eitt, að ég er bóndi norðan úr landi, þá get ég búizt við, að einhverjum detti í hug að spyrja: Hefur þú nokkurt vit á sjávarútvegsmálum eða dragnótaveiði? Ég nefni þessa spurningu vegna þess, að ég ætla að svara henni strax. Því er ekki að leyna, að þegar ég kom hér á Alþing fyrir 27 árum, hafði ég sáralitla þekkingu á þeim málum, sem varða sjávarútveg, eins því, sem snertir veiðiaðferðir og annað slíkt. En á árunum 1933—37 hygg ég, að ekkert mál hafi legið fyrir Alþ., sem olli eins miklum deilum og dragnótaveiði í landhelgi. Um það voru umr. þing eftir þing og á hverju þingi, oft dag eftir dag og nótt eftir nótt. Ég hygg, að meðmælendur og andstæðingar þess máls á þeirri tíð hafi dregið fram öll þau rök, sem þeir höfðu yfir að ráða. Á þessum tíma fór ég varlega og tók ekki neinn þátt í þessum umr. En ég hlustaði á þær allar, og ég mætti vera heimskari maður en ég er, ef ég hefði ekki fengið við þessar umr. þekkingu á því máli, sem þarna er um að ræða, og um leið skoðun á því, hvað réttast væri, enda er það svo, að það vill nokkuð oft til hér á Alþ., að ný þekking, nýjar skoðanir, ný reynsla, ný sannfæring flýgur upp í fangið á manni, án þess að maður þurfi mikið fyrir að hafa. Og eins og kunnugt er, endaði þessi deila á þessum árum, sem ég nefndi, á þann veg, að meiri hl. Alþ. setti þau lög um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sem eru frá árinu 1937.

En það mætti nú spyrja: Hvað er það, sem er svo sérstaklega skaðlegt fyrir framtíð landsins, fyrir sjávarútveginn við landið í heild, við það að leyfa dragnótaveiði í landhelgi? Um það fékk ég á þessum árum fasta sannfæringu, sannfæringu um það, að þetta væri eitt hið mesta skaðræði, sem mögulegt væri að framkvæma. Og sú sannfæring hefur ekki breytzt síðan. Hún hefur styrkzt við ýmislegt, sem gerzt hefur á þeim árum, sem síðan eru liðin.

Undirstaða baráttunnar um landhelgi okkar er tvenns konar, og baráttan um landhelgismál okkar hefur að kalla má verið höfuðmál okkar Íslendinga nú um nokkurra ára skeið og raunar oft áður. Sú barátta er engan veginn úti, og má segja, að við séum í algerri óvissu um það, hvernig hún endar, en undirstaðan undir þeirri baráttu er tvenns konar: Í fyrsta lagi það að sanna, að íslenzku þjóðinni sé það lífsskilyrði að fá að njóta sem mestra réttinda við strendur landsins, vegna þess að sjávarútvegurinn sé undirstaða alls okkar útflutnings. Í öðru lagi, og þó er það kannske enn sterkara atriði, sem þessi barátta hvílir á, að við getum sýnt umheiminum það, að við viljum sjálfir stuðla að því að friða okkar landhelgi og fara heiðarlega með þau verðmæti, sem í henni felast. En ég vil segja, að ef það á aftur að fara að taka upp dragnótaveiðar í landhelgi, þá er þarna alveg brotið blað, brotið gegn grundvelli, sem við höfum byggt

landhelgisbaráttu okkar á á undanförnum árum, því að eftir lýsingum þeirra manna, sem hafa sterka reynslu og eru fyrirhyggjumenn og vilja miða við framtíðarhag, en ekki stundarhagsmuni, þá er dragnótaveiði í landhelgi miklu hættulegri fyrir fiskistofn okkar en togveiðarnar sjálfar. Og þetta byggist á ýmsum hlutum. Það byggist m. a. á því, að botnvarpan, trollið, það er að kunnugra manna dómi ekki eins hættulegt botninum og dragnótin, og það er vegna þess m. a., að það er undir trollvörpunni hjól eða eins konar varnartæki, sem gerir það að verkum, að hún rífur ekki alveg upp botninn eins og dragnótin gerir, og þess vegna geta fiskaseiðin og smáfiskar farið undir þá vörpu, að ég nú ekki tali um, ef sú veiðiaðferð verður útbreidd miklu meira en verið hefur, sem er tiltölulega nýupptekin, sem er flotvarpan og er þannig útbúin, að hún þarf ekki að koma neitt nærri botninum. Þetta er þó engan veginn aðalatriðið í þessu máli. Hitt er miklu meira aðalatriði, að togararnir eru stór skip, og jafnvel þótt þeir hefðu leyfi til að veiða um alla okkar landhelgi, eru þeir svo stór skip, að þeir komast ekki neins staðar svo nærri landi, að þeir geti rótað í fiskistofninum alveg uppi undir landsteinum, eins og ætlazt er til og hefur verið með dragnótabátana, sem voru að skarka alveg uppi í landsteinum inn um hverja vík og hvern vog og upp í árósa. Þetta er þess vegna í rauninni stærsta atriðið hvað þetta snertir, og það kemur fram í þessu frv., að það á ekki að leyfa dragnótaveiði nema smábátum upp í 35 eða 45 tonn. En það eru einmitt skip, sem eru þar fyrir neðan, sem geta komizt alveg upp í landsteina og með sínu veiðarfæri, dragnótinni, skafið botninn af öllum lifandi dýrum.

Nú er það kunnugt, að á meðan dragnótaveiðin var við lýði, sem var á löngu tímabili fram til 1937, hafði hún miklar verkanir á allan okkar fiskistofn, og það eru margir menn, sem hafa sterka reynslu í þessum efnum, sem halda því fram, að það sé rétt á takmörkum, að við séum búnir að ná okkur eftir þann skaða, sem þá var gerður.

Ég skal nú lesa upp tvö erindi, sem ég hef í höndum, og það þriðja er einhvers staðar hér til innan veggja þingsins. Fyrst er bréf frá gömlum og þrautreyndum skipstjóra norður á Sauðárkróki, sem hann í vetur sendi hv. 2. þm. Norðurl. v. (GunnG), sem ég er varamaður fyrir, en hann hefur afhent mér, enda mér fullkunnugt, að hann er nákvæmlega á sömu skoðun í þessu stórmáli og ég og fleiri menn. Í þessu bréfi segir svo:

„Við höfum heyrt, að nú vildu menn fá dragnótaveiðidrátt leyfðan á Alþingi innan 12 mílna landhelgi og þá náttúrlega inn í fjarðarbotna eða m. ö. o. alveg að landi, og er þá búið að eyðileggja allan smábátaútveg og allt fiskirí fyrir þeim, sem þá veiði stunda við sjávarsíðuna með kolanet, þorskanet, línu og færi, og þar með svipta þúsundir manna bjargræðisútvegum sínum og sinna og reyndar alls héraðsins á löngu tímabili, því að það þekkjum við frá snurpivoðartímabilinu, sem var hér fyrir nokkrum árum. En nú er loks að birta yfir aftur, nú tvö síðustu ár, og mun fara batnandi, ef allt fær að vera í friði fyrir rányrkju dráttar- og trollveiði. Við kjósendur sendum ykkur lista frá smábátaútgerðinni vestan og austan fjarðarins með dreginni marklínu, sem kemur til ykkar og er máske kominn nú."

Ég skal taka það fram varðandi þennan lista, að ég hef verið að leita að honum hér í lestrarsal og hjá öðrum mönnum, og ég hygg, að hann muni vera í vörzlum hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), og getur komið til athugunar fyrir þá n., sem málið fær. — „Inn fyrir þá línu má aldrei botnsköfudragnót fara, ef Skagfirðingar eiga að geta haft sæmilegt líf. Þessi lína er dregin úr Hrollaugsstaðahöfða í norðurenda Málmeyjar og svo þaðan vestur í Ásnef á Skaga. Þá er flatfiskveiði að miklu leyti borgið í okkar firði og svo annarra nytjafiska ásamt uppvaxandi kynslóðum á hrygningarsvæðinu. Ef þetta fæst ekki, verður alger auðn í atvinnulífinu. Smábátaeigendur eru búnir að leggja stórfé í þessa mikilvægu veiði og veiðarfæri, sem óhætt er að fleygja frá sér sem ónothæfum hlutum. Við erum að reyna að færa út fiskveiðisvæðatakmörkin gegn öðrum þjóðum, sem okkur er lífsspursmál, en á sama tíma sjálfir að fara í landsteina með okkar rányrkju. Heldur þjóðin, að það muni mælast vel fyrir? Þvílíkur barnaskapur er heimska. Ég þekki þessa veiði frá gamalli tíð, hvernig farið er með ungviðið úr hverjum drætti rányrkjunnar, þótt langt sé síðan ég var á svoleiðis veiðum."

Þetta segir þessi þrautreyndi skipstjóri á Sauðárkróki, og ég bið afsökunar á því, að ég hef ekki þennan undirskriftalista, sem er undirskrifaður af milli 30 og 40 smábátasjómönnum og útgerðarmönnum í Skagafirði.

Þá hef ég hér í höndum annað bréf, sem lá hér og var lagt fram fyrir löngu nokkuð á lestrarsal Alþingis, og það er frá stjórn bátafélagsins Bjargar í Reykjavík. Þetta bréf er á þessa leið:

„Vegna fram komins frv. á Alþingi, er varðar heimild til dragnótaveiða innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar, samþykkti aðalfundur bátafélagsins Bjargar eftirfarandi till.:

Fundurinn mótmælir eindregið fram komnu frv. á Alþingi Íslendinga þess efnis, að dragnótaveiði sé leyfð innan 12 mílna fiskveiðilögsögu hér við land.

Greinargerð: Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á þeim árum, er dragnótaveiðar voru leyfðar á Faxaflóa, minnkaði fiskveiði stórlega hjá þeim bátum, sem stunduðu línu- og handfæraveiðar, þrátt fyrir bætt veiðarfæri og aðstöðu á ýmsan hátt. Augljósar eru orsakir þessa: takmarkalítil, óhófleg veiði á miðum hrygninga og uppeldis fisksins olli minnkandi afla. Staðfesting þessarar staðreyndar fékkst, er fiskveiðilögsagan var rýmkuð úr 3 í 4 mílur, og enn þegar lögsagan var færð út í 12 mílur, þá jókst fiskur á grunnmiðum.

Dragnótaveiði í skjóli flatfisksveiða eða humarveiða lítur fundurinn á sem tilraun til áframhaldandi rányrkju, sem allt of lengi hefur verið rekin hér við land. Auk þess lítur fundurinn svo á, að vart geti verið um óheppilegri tíma að ræða um tilslakanir en einmitt nú, og óþarft að tilgreina nánar. Þess má geta, að félagar í bátafélaginu Björg eru nú 170 og fer fjölgandi."

Á þessum bréfum sjá hv. alþm., hvert er álit þessara manna, sem hafa talsverða reynslu í þessum efnum, á þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að stofna til af hv. sjútvn. og kannske fleiri hv. þm. standa að baki.

Allt, sem ég hef hér um þetta sagt, er miðað við aðalatriði þessa máls, sem er það að stofna til dragnótaveiða í landhelgi. En ég vil hér fara nokkrum orðum að öðru leyti um frv. sjálft, og ég vil segja það, að þetta frv. kemur mér fyrir sjónir sem eins konar dragnót. Í þá dragnót er ekki ætlazt til að fiska fullorðna fiska, ekki seiði, ekki hálfvaxna fiska, heldur alþm., þá alþm., sem hafa enga sannfæringu í þessu stóra máli eða hafa ekkert kynnt sér það eða hugsað um það, hvaða skaðræðismál er hér á ferðinni. Hv. frsm. sjútvn. tók fram í framsögu sinni hér í fyrradag, að ætlazt væri til, að það yrði vísindalegt eftirlit með öllum veiðunum. Ég þykist nú vita, að þessi ungi og drengilegi þm. sé ákaflega ótortrygginn maður, eins og ég og fleiri vorum á hans aldri. En mér sýnist, að í þessu efni sé hann og sjútvn. jafnvel öll stödd í svipuðum sporum og maður, sem er úti í blindþoku og sér ekki neitt frá sér og er í algerri óvissu um það, hvort hann muni ná áfangastað í þessari eða hinni áttinni, því að þegar verið er að tala um visindi og eftirlit o. s. frv. í þessu sambandi og í þessu frv., er auðséð, að menn hafa ekki athugað, hvað þeir eru að fara. Ég skal ekkert gera lítið úr atvinnudeild háskólans og ýmsum þeim vísindamönnum, sem við höfum hér í okkar landi, því að margt er sjálfsagt gott, sem þeir hafa lært og haft með að gera. En við þekkjum líka nokkuð mörg mistök, sem komið hafa fram í nafni vísindanna. Ef ég man rétt, var því einu sinni haldið fram, að mæðiveikin væri upp sprottin hjá einhverjum sniglum í landinu í Deildartungu, og einu sinni var því haldið fram, að þessi hroðalega veiki væri engin ný pest, þetta væri gamall sjúkdómur í íslenzku fé og svo hefði lengi verið. Hvoru tveggja var haldið fram í nafni vísindanna. En reynslan hefur sannað, að þetta var hreinasta bábilja og hafði ekki við nein rök að styðjast. Og sannleikurinn er sá, að þótt ýmsir skólagengnir menn læri mikið og lesi bækur o. s. frv. og kalli sig vísindamenn, þá er ég þannig sinnaður, að ég gef ákaflega lítið fyrir öll þau vísindi, sem styðjast ekki við reynsluna, því að reynslan er grundvöllurinn fyrir öllu okkar starfslífi og á mörgum sviðum okkar fjárhag.

Þá er það nú eftirlitið, þetta vísindalega — eða hvað það nú er — eftirlit, sem er verið að tala um í þessu sambandi og eigi að hafa með öllum dragnótaveiðunum hingað og þangað umhverfis landið. Ég vildi helzt óska eftir því, að hv. Alþ. færi ekki að gera sig að allsherjar athlægi með því að leggja mikið upp úr þessu, vegna þess að við höfum því miður of mikla reynslu, Íslendingar, af þýðingu eftirlitsins, og ég get í því sambandi minnt á nokkur dæmi.

Þegar var verið að flytja inn minkana hingað til lands, átti svo sem ekki að vanta, að það væri vísindalegt og opinbert eftirlit með öllum minkabúrunum, það yrði séð um, að ekki eitt einasta kvikindi úr þessum búrum gæti sloppið. En hvernig hefur það farið? Minkarnir hafa sloppið unnvörpum og breiðzt út um allt land, og villiminkurinn er orðinn einhver mesta landplága, sem til er í mörgum héruðum. Lítur út fyrir í mörgum sveitum, að hann verði til að eyðileggja allt fuglalíf, og við getum alveg búizt við, að silungsveiðin og laxveiðin fari sömu leiðina, ef ekki er unnt að útrýma betur en orðið er þessari landplágu. Og þó er það svo, að ríkissjóður verður nú orðið að kasta stórfé í þá viðleitni að útrýma þessum kvikindum, sem flutt voru inn í skjóli þess, að það ætti að vera vísindalegt eftirlit með því, að ekki eitt einasta dýr slyppi.

Það er kannske ekki síður óhætt að minna á mæðiveikina. Það átti upphaflega, þegar karakúlféð var flutt inn, svo sem að vera eftirlit með því, að það breiddist ekki út, að það væri ekki breitt út alveg í óvissu, og síðan veikin kom upp, hefur alltaf verið sívaxandi eftirlit, og okkar ríkissjóður er búinn að eyða í kostnað við mæðiveikina mikið á annað hundrað millj. kr. Og hvernig er svo ástandið? Við fengum góða lýsingu á ástandinu í ýtarlegri grein, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir fáum dögum, eftir Guðmund Gíslason lækni, sem er einn höfuðpaurinn í varnarráðstöfunum gegn mæðiveiki. Og sú lýsing, sem læknirinn gefur, er hörmuleg og ískyggileg, ekki einasta fyrir alla bændastétt landsins, heldur alla þjóðina. Hann lýsir því, læknirinn, hvernig ástatt er orðið í strjálbýlasta hluta landsins, Vestfjarðakjálkanum, sem hefur orðið þó fram að þessu til þess að bjarga sauðfjárræktinni í landinu, af því að mæðiveikin barst ekki þangað til að byrja með. Nú er svo komið eftir lýsingu þessa manns, að það er allt í óvissu, jafnvel um allar sveitir á Vestfjörðum, hvort það er nokkurs staðar tryggt, að það sé ekki smitað fé. Þetta er nákvæmt dæmi um eftirlitið í okkar landi, — eftirlitið, sem átti að vera með öllum vörnum, öllum girðingum o. s. frv.

Við getum talað um margt fleira, sem stendur nær okkur hér á Alþ., og þó stendur þetta allt saman nærri okkur. Við getum talað um það, að á hverju þingi fer í það einna mestur tími að afgr. fjárl., og það er til þess ætlazt samkvæmt stjórnarskrá okkar og samkvæmt allri starfsemi Alþingis til þess ætlazt, að hver og ein ríkisstj. hafi eftirlit með því, að það sé farið eftir fjárl. En hver hefur reynslan verið? Hún hefur verið sú fjöldamörg undan-

farin ár, að það er undantekning, ef greiðslurnar umfram fjárlög fara ekki yfir 100 millj. kr. á ári, og við, sem höfum það verk með höndum að yfirfara reikninga, sjáum það og vitum, að á hverju ári eru margir forstjórar ríkisstofnana og starfsgreina, sem virðast haga sér í meðferð fjármuna alveg á þann veg eins og engin fjárlög séu til og enginn fjmrh. til. Þarna er eftirlitið í sinni réttu mynd.

Það er líka ætlazt til þess, að allir skattar og gjöld, sem lagðir eru á hér á Alþ., samkvæmt lögum, sé innheimt á hverju ári. En hvernig er því farið? Hver er reynslan? Hún er alltaf síversnandi, og í árslok 1958 var svo komið, — ég hef ekki lagt það alveg nákvæmlega saman, en ég hygg, að það láti nærri, ef lagt er saman hjá öllum stofnunum ríkisins og hjá embættismönnum, að þá sé óinnheimt við þau áramót eitthvað nálægt 150 millj. kr., og ég býst við, að það detti engum í hug, að þetta innheimtist allt. Þarna er eftirlitið í sinni réttu mynd. En þetta eftirlit: að hafa eftirlit með nokkrum tugum minkabúra, hafa eftirlit með mæðiveikigirðingum víðs vegar um land, hafa eftirlit með því, að fjárl. séu haldin, og hafa eftirlit með því, að skattar og tollar séu innheimtir, það er í mínum augum smámunir hjá hinni vitleysunni, að það sé ætlazt til þess, að nokkur geti haft eftirlit með veiðum kannske mörg hundruð dragnótabáta víðs vegar í kringum land, sem hafa leyfi til að skarka inn í fjarðarbotna og hverja vík inn að ósum og geta verið að því alveg jafnt nætur sem daga. Að ætlast til þess, að þetta eftirlit verði annað en nafnið eitt og kák, sem enga þýðingu hefur, það dettur mér ekki í hug. En þetta er einn aðalmöskvinn í þessu dragnótafrv., þeim hluta þess, sem á að veiða hrekklausa þm., sem hafa enga sannfæringu í málinu og hafa ekki athugað, hvað mikinn voða er hér verið að vaða út í.

Þá er það sjútvmrh. Það á að setja hann í þann vanda að skera úr um það, hverjir megi fá veiðileyfi og hverjir ekki. Ef þetta kæmist í lög, mundi sjútvmrh., hver sem hann er, vera umsetinn maður, því að ef einhverjir fá leyfi, vilja menn kannske fá það í öllum byggðarlögum, og þá verður sjútvmrh. í þeim vanda, að hann hefur hvergi frið, rétt eins og ráðherrarnir hér á fyrri árum höfðu, þegar þeir tóku það að sér sjálfir að úthluta bílum, sem allir vilja fá, — þeir höfðu hvergi frið, ekki heima hjá sér, ekki á skrifstofunni, ekki á götunum o. s. frv.

Svo er eitt atriði í þessu, annað en með aðstöðu sjútvmrh., — en ég vil segja það, að ég vil engan hlut að því eiga að setja vin minn, núv. sjútvmrh., eða neina aðra í þá gildru, sem hér er stofnað til, ef þetta frv. verður samþ., — það er, að það á að bera undir sveitarstjórnir víðs vegar um land, hvort leyfa megi dragnótaveiði á þessum stað eða hinum. Jú, það er nú heldur gott það ákvæði! Með því er til þess stofnað að koma á hörðum deilum í hverju einasta þorpi og kaupstað í kringum land um það, hvort skuli fara út í þessi leyfi eða ekki. Ég veit, að þeir, sem berjast harðast fyrir því að koma þessu á, treysta því, að þeir, sem eru gráðugastir í stundarhagsmunina, verði alltaf ofan á og geti brotið hina niður, sem hafa framtíðarsjónarmið fyrir augum og vilja byggja á fyrirhyggju í þessum efnum, því að það get ég sagt ykkur, að allan þann tíma, sem deilt var um dragnótaveiði hér á Alþ., var sú deila fyrst og fremst á milli þeirra manna, sem eru fyrirhyggjumenn í eðli sínu og vilja sjá framtíðinni borgið með því að ganga ekki of langt á þessu sviði, og hinna, sem vilja eingöngu hugsa um stundarhagsmunina og hvað þeir geta fengið í sinn hlut og sinna kjósenda með þessari dragnótaveiði á stuttum tíma.

Í þeim bréfum, sem ég las hér upp, hafið þið heyrt, hvert álit þeirra reyndu manna, sem þar láta til sín heyra, er á afleiðingunum. Þess vegna væri það ekki alveg þýðingarlaust, að hv. þm., sem sjálfsagt margir hverjir hafa ekki mikla þekkingu á þessu máli eða hafa lítið um það hugsað, kynntu sér fleiri hliðar á því en þeir hafa hingað til gert.

Þá kem ég að þeim þætti þessa máls, sem snýr að bændastéttinni, ég vil segja hlutfallinu eða samanburðinum, eiginlega öllu heldur hlutdrægninni milli bænda og sjómanna. Þegar ég tala um bændur í þessu efni, á ég eingöngu við þá bændur, sem eiga veiðirétt að vötnum og ám og sjó hér á landi, og þeir eru nokkuð margir. Nú er búið að fara þannig með þessa menn með löggjöf, að réttindi þeirra eru á allan hátt takmörkuð og það miklu meira en þörf er á. Auðvitað er þetta gert í því skjóli, að hér sé verið að vernda lax og silung í framtíðinni, og sumt af því er sjálfsagt nauðsynlegt. Það er t. d. algerlega bannað fyrir menn, sem eiga land að sjó, að kasta þar neti, ef það gæti verið hugsanlegt, að það slæddist í það einhver laxbranda, — það er algerlega bannað. Og svo á á eftir, þegar búið er að fara svona með eigendurna, að fara að leyfa mönnum, þó að þeir komi úr öðrum landsfjórðungum eða öðrum héruðum, hvaðan sem er, að skarka með dragnætur inni í landsteinum, inn í fjarðarbotna, inn í víkur og inn í ósa til þess að ná þar hverju lifandi kvikindi, sem fáanlegt er í vörpuna.

Nú er ekki nóg með þetta, að bændum er algerlega bannað að eiga vörpu, silungsvörpu eða laxavörpu, til að draga á í stórum vötnum, að ég nú ekki tali um ár. Og svo mikið er þrengt að netjaveiðinni til lax- og silungsveiði, að bændur, sem hlut eiga að máli, mega ekki láta liggja silunganet nema þrjár nætur í viku. Hvað haldið þið, að svona menn hugsi, er þeir fá að heyra það héðan frá Alþ., að ofan á þessi lög eigi svo að skella því, að það megi leyfa dragnótaveiðar hingað og þangað kringum landið og það sé ekki neitt á að treysta annað en eftirlit, sem allir vita að er einskis virði, alveg einskis virði? Þetta vildi ég biðja menn að hugsa um, því að þetta

er ekki alveg einskisverður hlutur, að ætla sér með einu frv. hér á Alþ. að gerbreyta alveg réttindum manna eftir því, hvar þeir búa. Og þegar búið er að taka réttindin jafnhroðalega af eigendum landsins og þeim, sem eiga vötnin og eiga fjöruborðið við sjóinn, þar sem land þeirra er, — þegar búið er jafngífurlega að taka af þeim réttindin, á svo að fara að veita þau öðrum á allt öðrum og víðtækari grundvelli og jafngífurlega og ætla má að verði, þegar búið er að samþ. þetta dragnótafrv., sem hér liggur fyrir, ef svo fer, sem til er ætlazt, að hv. sjútvn. geti veitt nógu marga alþm. í sína dragnót til þess að greiða atkv. með þessu hroðalega frv.

Ég vildi segja þessi orð til aðvörunar nú þegar við 1. umr. þessa máls, því að menn verða að gera sér grein fyrir, að á því eru margar hliðar, og það er ekki eins einfalt og þeir menn halda, sem hér hafa flutt það og telja sér trú um, að það, sem þeir hafa sett hér sem varnarráðstafanir, sé einhvers virði.

Ég skal að sinni láta hér staðar numið, en verið getur, ef þetta frv. kemur til 2. umr. og 3., að ég segi eitthvað fleira í því sambandi, og þá vona ég, að ég verði búinn að fá listann, sem komið hefur frá Skagfirðingum til mótmæla gegn þessum aðferðum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) hefur hér fært fram þau rök, sem áður hafa heyrzt á hv. Alþ. frá þeim mönnum, sem mjög hafa lagzt gegn því, að leyfð væri veiði í dragnót. Hans rök voru þó aðallega, eins og þau hafa verið áður, að þetta væri skaðlegt veiðarfæri, þó að fram kæmi ekki um það nein greinargerð eða staðfesting önnur en sú, að til væri hér í fórum Alþ. áskorunarlisti frá smáútvegsmönnum í Skagafirði. Á móti þessu liggur hins vegar fyrir í grg., sem fylgir frv., sem hér var lagt fram og er 5. mál, sem fyrir þessa hv. d. kom, álit þeirra manna, sem verður að ætla og Alþ. verður að treysta á að hafi betur vit á þessum hlutum en kannske þeir menn, sem senda áskoranir hingað til Alþ. Þar segir svo, í þessari grg., orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Haustið 1958 leitaði sjútvmrn. álits Árna Friðrikssonar fiskifræðings og fiskideildar atvinnudeildar háskólans um það, hvort leyfa bæri einhverjar dragnótaveiðar í landhelgi. Í áliti Árna Friðrikssonar segir: Það er eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landinu og sókn bátaflotans á nálægustu mið."

Í grg. þessa frv. er einnig vitnað í álit fiskideildarinnar. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna."

Ég held, að hv. Alþ. geti varla gengið fram hjá því, þegar álit þeirra manna, sem vinna beint að því og verður að treysta á að hafi mesta vitneskju um þessi mál, liggur jafnjákvætt fyrir og þetta. Þá hlýtur það að marka stefnu hér á Alþ., sem er eðlileg og rétt.

Hv. þm. gat þess í ræðu sinni, að útþensla landhelgistakmarkanna væri til þess að friða landhelgina. Ég held, að þetta hljóti að byggjast á misskilningi, því að það kæmi að litlu haldi fyrir íslenzku þjóðina, ef þetta væri höfuð- og einasta stefnan í því máli. Það er verið að færa út landhelgislínuna og ákveða það svæði, sem ætlað er Íslendingum sjálfum að nytja. Þegar svo stendur á eins og nú er hjá íslenzku þjóðinni, að til eru bæði bátar til þess að veiða aflann, til eru frystihús til þess að vinna hann og það fólk, sem við sjávarsíðuna býr, er fyrir hendi og þessar veiðar koma einmitt á þeim tíma, þegar helzt vantar hráefni í frystihúsin og helzt vantar vinnu handa því fólki, sem þar býr, þá hlýtur það að vera hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar allrar, að þessar veiðar verði leyfðar. Ég tel, að Íslendingar hafi ekki efni á því lengur að láta flatfiskinn, sem er dýrmætasti fiskurinn hér við strendur landsins, vera þar ónytjaðan til þess eins, að Bretar geti síðan hirt hann í sín veiðarfæri, þegar hann fer út fyrir 12 mílna mörkin. Við höfum á undanförnum árum verið að vinna það eitt að ala upp innan 12 mílna markanna flatfisk handa Bretum og öðrum erlendum þjóðum, sem togveiðar stunda við Ísland, til þess að þær gætu nytjað þennan fisk, þegar hann kemur út fyrir hin ákveðnu mörk. Ég tel þetta óraunhæfa stefnu, sem þegar verði að leiðrétta hér á hv. Alþ.

Það hefur mjög verið bent á það í öllum umr. um dragnótamálin, að þau gengju gegn hagsmunum þeirra manna, sem stunda hina svokölluðu trillubátaútgerð. Ég tel, að á þessu hafi engin staðfesting fengizt. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að mér er tjáð af kunnugum mönnum, að þessi útgerð hafi t. d. sumarið 1959 algerlega brugðizt á Akranesi. Þó hefur Faxaflói um langt árabil verið algerlega friðaður fyrir dragnót, og ætti það út af fyrir sig ekki að geta haft nein áhrif á slíkt, þannig að þetta sýnir það alveg glöggt og eru rök fyrir því, að slík útgerð getur jafnt brugðizt, hvort sem dragnætur hafi verið leyfðar á því svæði, þar sem þessir bátar fiska, eða ekki.

Það, sem er og hlýtur að verða aðalatriði í sambandi við þetta mál, er, að þjóðin með þessum veiðum getur aflað sér geysilegra verðmæta og þau verðmæti eru dregin að landi á þeim tíma árs, sem fiskiðjuver okkar allt í kringum landið vantar fyrst og fremst hráefni. Jafnvel þó að þetta gengi eitthvað á hlut þeirra manna, sem stunda veiðar á

trillubátum, tel ég ekkert áhorfsmál, að þetta yrði að leyfa. Það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir, hvað einn bátur, sem dragnót stundar, mundi afla yfir þetta 2—3 mánaða úthald, sem ætlað er að veiðin verði leyfð. Hins vegar vita allir, sem nokkuð þekkja þessi mál, að það er margfalt á við það, sem hinir smærri bátar hafa aðstöðu til að draga að landi á sama tíma. Afli dragnótabátanna er svo miklu verðmeiri, þeir eru svo miklu afkastameiri, að þar er um margfalt meiri verðmæti fyrir þjóðarbúið í heild að ræða en hinir smærri bátar, sem handfæraveiði stunda yfir sumarið, hafa aðstöðu til þess að draga að landi.

Ég tel, að það liggi hins vegar alveg skýrt fyrir, að það er ekki raunhæft, að þetta skerði á nokkurn hátt aðstöðu hinna smærri báta, þó að dragnót væri leyfð. Það voru um nokkurt árabil stundaðar dragnótaveiðar við Vestmannaeyjar. Ég hef ekki orðið þess var, að síðan þetta var bannað hafi afli á nokkurn hátt, nema síður sé, aukizt á handfæri fyrir hina smærri báta. Þetta er mér alveg kunnugt um, og tel ég, að það sýni, eins og afkoman á Akranesi s. l. sumar, að dragnótin hefur þar ekkert að segja. Þetta er gömul trú þeirra manna, sem þessar veiðar stunda, en rök eru þar engin fyrir hendi, sem geta sannað eða staðfest, að þetta sé rétt.

Ég skal ekki dæma um skaðsemi dragnótaveiðanna. Það verða þeir að gera, sem þar hafa sérþekkingu á, og í þeim efnum liggur alveg örugglega og skýrt fyrir álit þeirra manna, sem þjóðin í heild byggir á að séu þar kunnugastir og geti verið leiðbeinandi í þeim efnum. Þeir vilja í þessu sambandi ganga lengra en þetta frv. segir, gera þetta ekki eins þungt í vöfum og þetta frv. að nokkru leyti er, eins og það kom frá n.

Í sambandi við þær áskoranir, sem hingað hafa borizt og hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) minntist á, þá er því til að svara, að þeir staðir, sem ekki óska eftir, að dragnót sé stunduð þaðan, hafa sjálfir aðstöðu til þess að koma í veg fyrir, að slíkt verði gert. Þeir geta þá, ef það er vilji meiri hluta þeirra manna, sem þar búa, komið í veg fyrir þetta og stundað útgerð sína eins og þeir hafa áður gert og með sama hætti.

Í 3. mgr. 1. gr. þessa frv. á þskj. 399 segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.“

Ráðherra þarf ekki að vera þarna í neinni erfiðri aðstöðu. Ef sveitarstjórn óskar ekki eftir þessu, og ef það er vilji almennings á þeim stöðum, sem koma til greina, að slíkar veiðar verði ekki stundaðar, hefur ráðherra ekki leyfi til þess að leyfa veiðarnar, þannig að hann er þar ekki í neinni klípu eða slæmri aðstöðu, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. var að tala um.

Ég mun nú við þessa umr. ekki fara um þetta fleiri orðum, nema sérstaklega gefist tilefni til. Ég vil aðeins undirstrika það, að af þeirri reynslu, sem ég þekki til þessara mála úr þeirri útgerðarstöð, þar sem þetta var stundað um margra ára bil, þá tel ég ekki áhorfsmál, ekki vegna þess byggðarlags eins, heldur vegna þjóðarbúsins í heild, að þessar veiðar verði leyfðar. Þær geta með einna minnstum tilkostnaði í erlendum gjaldeyri aflað geysilegra verðmæta fyrir þjóðarheildina. Þegar þannig stendur á og þegar fyrir liggur um það alveg klár yfirlýsing frá þeim aðilum, fiskifræðingum og fiskideildinni, að þetta beri að gera, þó að sjálfsögðu, eins og þeir orða það, innan vissra takmarka, þá tel ég ekki áhorfsmál fyrir Alþ. að leyfa þeim stöðum, sem þess óska, að þessar veiðar verði stundaðar, að nytjuð séu mið með dragnót eins og öðrum veiðarfærum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég var fyrr í vetur búinn að gera mér þá skoðun fyllilega ljósa, að Húnvetningar hefðu átt því láni að fagna að senda bæði vitmenn mikla og reynslumenn á Alþingi, þannig að óþarft var fyrir hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) að árétta það frekar. En ég satt að segja efast stórlega um, að sú fullyrðing hans fái staðizt eftir — ja, mig langar til að segja þá sýndarmennsku, sem hann sýndi hér í ræðustól áðan. Ég held satt að segja, að sú sýning hefði betur verið ósýnd. Þegar talað er um, að menn öðlist bæði vit og reynslu á veiðarfærum og fiskveiðiaðferðum með því að sitja í 20 ár á sigggrónum rassi í sölum Alþ., þá álít ég, að menn láti betur ósagt sumt, sem þeir láta út úr sér á þessum stað, eins og hann gerði hér áðan. Ég var byrjaður að krota niður hjá mér ýmislegt af því, sem hv. þm. sagði, en steinhætti, þegar hann sagði þetta, sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að hafa eftir honum, en hann sagði, að botnvarpan væri ekki jafnhættulegt veiðarfæri og dragnótin, vegna þess að neðan á botnvörpunni væru eins konar hjól, sem fiskurinn gæti synt undir. — Ég læt þetta nægja.

Hv. 5. þm. Vestf. (BF), form. sjútvn. Nd., ræddi nokkuð í framsöguræðu sinni hin almennu viðhorf til dragnótaveiði innan landhelginnar, og af því að ég er einn þeirra nm., sem þátt eiga í samningu þessa frv., sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði sem mest við að athuga, langar mig til þess að fara nokkrum orðum um, hvað valdi eindreginni afstöðu minni með þeirri takmörkuðu heimild til dragnótaveiða, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þrátt fyrir einlægan stuðning minn við friðunaraðgerðir okkar á sínum tíma, sem höfðu þá í för með sér algera útilokun dragnóta sem veiðarfæris hjá okkur. Ástæða mín fyrir þeim sinnaskiptum er einfaldlega sú, að þeir menn, sem við Íslendingar höfum byggt allar okkar aðgerðir

á í sambandi við friðunaraðgerðirnar og útfærslu landhelginnar, vísindamenn og sérfræðingar okkar, mæla nú eindregið með leyfum til takmarkaðra dragnótaveiða undir eftirliti þeirra sjálfra. Og í fskj. nr. I og II, sem eru á þskj. 5, má sjá öll rök þeirra fyrir þessu máli. Þar segir m. a. dr. Árni Friðriksson þetta, með leyfi forseta:

„Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið.“ Og hann lýkur álitsgerð sinni með þessum orðum: „Það er eindregið álit mitt, að notkun dragnóta við Ísland miði til mikilla heilla fyrir land og lýð.“

Enn annar af forustumönnum vísindamanna á þessu sviði, Jón Jónsson, deildarstjóri í fiskideild atvinnudeildar háskólans, segir m. a.:

„Það verður að mæla eindregið með því, að ýsu- og skarkolastofnarnir verði betur nýttir af Íslendinga hálfu en gert hefur verið undanfarin ár. Stofnarnir hafa rétt svo við, að skynsamleg nýting þeirra er orðin aðkallandi. Hófleg veiði gerir meira gagn en engin eða of lítil veiði. Markmið friðunaraðgerða okkar er vitaskuld, að stofnarnir gefi af sér hámarksarð.“ Og enn fremur segir hann: „Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi.“

Það mætti vissulega hafa fleiri orð til stuðnings þessum veiðum en kemur fram í rökum vísindamannanna, og ég ætla að minnast á nokkur þeirra, vegna þess að ég er því miður sannfærður um, sérstaklega eftir ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., að margir þeirra ágætu manna, sem gleypt hafa í sig andúð á dragnótaveiði, hafa gert blátt bann við notkun þess veiðarfæris að trúaratriði, sem síðan verður arfgengt í einstökum byggðarlögum og sölum Alþingis líka. Hitt skal ég svo fúslega viðurkenna, að áður en til friðunaraðgerðanna kom, hjálpuðum við drjúglega til með takmarkalítilli og eftirlitslausri dragnótaveiði við þá ofveiði og rányrkju, sem sérstaklega kom fram á stofni flatfisksins. En þetta var aðeins einn þáttur þeirra orsaka. Margt annað kom þar til greina, svo sem feikileg ásókn erlendra veiðiskipa inn í flóa og firði, sérhæfni okkar í bátastærð, margs konar aflabrestur og margt fleira.

Það leikur enginn vafi á því, að ef dragnótaveiði verður heimiluð á ný, verður hún einn sá mesti stuðningur, sem hægt er að veita atvinnulífinu í dreifbýlinu, fiskiðjuverunum og smábátaútgerðinni. Fiskiðjuver dreifbýlisins voru öðru fremur byggð á sínum tíma með vinnslu dragnótaaflans í huga. Sá tími, sem dragnótaveiði yrði heimiluð, er sá tími, er gæði kolans eru mest, og þá er haft í huga að fullnýta aflann og pakka honum í neytendaumbúðir, tilbúinn á neytendamarkað. Þessi tími, sumarmánuðirnir, er í mörgum tilfellum veikasti hlekkurinn í nauðsynlegum samfelldum rekstri frystihúsanna þrátt fyrir síaukna trillubátaútgerð, sem vissulega hefur mikið bætt úr um atvinnuafkomu á þessu sviði, þótt hiklaust megi fullyrða, að dragnótaveiðarnar yrðu þar miklu drýgri fyrir afkomu hins vinnandi fólks, sem býr á þessum stöðum, og eins fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Það verkafólk, sem við frystihúsin vinnur, mundi stórauka tekjur sínar. Þannig er áætlað, að ef heildarmagnið af veiddum flatfiski næmi 5000 tonnum, yrðu vinnulaunin við vinnslu hans af bryggju, í flökun, pökkun, frystingu og útskipun allt að því 4400 kr. á hvert hráefnistonn, eða allt að því 22 millj. kr. Þar við mundi bætast annar fiskur og hlutur sjómannanna sjálfra og útgerðarmannanna. Þessi mikla vinnuaukning yrði á sama tíma og mörg kauptún og kaupstaðir búa við vandamál, sem kallað hefur verið sumaratvinnuleysi unglinga og skólafólks.

Hvað mörkuðum okkar viðvíkur, hafa framámenn í fiskiðnaði tjáð mér, að ef frumskilyrðum góðrar neyzluvöru yrði fullnægt, vöruvöndun og vörugæðum, séu þeir sannfærðir um, að fljótt megi vinna markað í Bandaríkjunum fyrir ótakmarkað magn, sem greitt væri fyrir hátt og gott verð í eftirsóttum gjaldeyri. Verðið þar þorðu þeir ekki að fullyrða um, sögðu það fara eftir gæðum vörunnar, sem eðlilegt er. En einn aðalframkvæmdamaður okkar Íslendinga á þessu sviði sagðist gizka á, með nokkurri bjartsýni þó, að ef reiknað væri með áðurnefndum 5000 tonnum af kola, sem vísindamenn okkar telja hæfilegt byrjunarhámark, mætti reikna með 150 millj. kr. gjaldeyristekjum. En að sjálfsögðu yrði þetta ekki unnið í einu stökki. Til að sýna enn betur verðmæti þessa fisks, sem við Íslendingar teljum okkur ekki hafa efni á að nýta, má taka fram, að við ísfisksölur í Englandi í marz fengu togararnir okkar 5300 kr. meðaltalsverð fyrir hvert tonn fisks og þótti gott, og í þessu verði eru þá allar tegundir meðtaldar, en ef tekið er meðalverð frá áramótum á sama markaði á rauðsprettu og sólkola, hefur tonnið af þeim selzt á sama markaði fyrir 19—20 þús. kr., enda held ég, að enginn efist um verðmæti þessa sparisjóðs. Ég kalla þetta sparisjóð, sem hefur fengið að vaxta sig í áratug á toppvöxtum friðunar- og landhelgisútfærslu.

Sú þýðing, sem nýting flatfisksins hefur fyrir þjóðarbúið í heild, virðist a. m. k. raunhæfari en fjarlægari draumur um milljónatuga fjárfestingu til stóriðnaðar. Alla vega yrði nýting þessara auðæfa til þess að færa þá drauma nær veruleikanum, og það mætti segja mér, að mörgum þætti sú nýting geðþekkari en margar þær ráðstafanir lærðra og ólærðra, sem gerðar hafa verið undanfarin ár og átt hafa að bjarga þjóðinni frá gjaldeyrisskorti og annarri vesöld.

Það mætti tína fleiri atriði til, sem styrkja þá heimild, sem frv. gerir ráð fyrir að veita.

Þegar athugaðar eru veiðiskýrslur Englendinga um hinn stóraukna flatfisks- og ýsuafla á miðunum hér við land, eftir að friðun okkar

tók gildi, má hiklaust fullyrða, að hin mikla ásókn erlendra togara að og inn fyrir 12 mílna mörkin standi að miklu leyti í sambandi við síaukið magn þessa verðmæta afla. Ef við sjálfir nytjum flatfiskinn, sem alls ekki er hægt nema með dragnót, — ef við sjálfir nytjum þann afla, sem við höfum friðað í landhelgi okkar í 10 ár að mestu til hagsbóta útlendum skipum, fullyrði ég, að ágangur erlendu togaranna mundi stórminnka á landgrunnið hér við land og með því mundi los koma á girðingu botnvörpunnar umhverfis grunnmiðin og skapa aukna möguleika á göngu bolfisksins á þau mið, sem færa- og línuveiðar eru stundaðar á.

Hvað sem menn greinir á um nauðsynina á afnámi útflutningsuppbótanna, sem voru afnumdar í vetur með efnahagslögunum, er sú staðreynd ljós, að fjöldi sjómanna og útvegsmanna um allt land telur sig hafa beðið mikið tjón vegna niðurfellingar sérbótanna svonefndu á ýsu og steinbít, og það má segja alveg sama viðkomandi frystihúsunum. Ég er sannfærður um, að þetta takmarkaða leyfi til dragnótaveiða og nýtingar hins dýrmæta flatfisks yrði gott búsílag, svo að ekki sé meira sagt, fyrir þessa aðila alla.

Sú röksemd, sem stendur í beinu sambandi við útfærslu landhelginnar, er alls ekki sú veigaminnsta. Hennar er getið í grg. fyrir frv. frá sjútvn., því að það kom fram í mörgum þeim bréfum, sem bæði hafa verið send Alþ. og hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði einmitt í hér áðan, og eins í álitsgerðum, sem sjútvn. bárust, að það gæti verið, að dragnótaveiðarnar, ef þær yrðu leyfðar, kynnu að spilla málstað okkar í landhelgismálinu. En n. kynnti sér álit Hans G. Andersens sendiherra og Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á þessu atriði, eins og segir í grg. Þeir mættu á fundi hjá okkur í n. og lýstu þar báðir þeirri skoðun sinni, að það mundi á engan hátt skaða málstað okkar í landhelgisdeilunni, þótt dragnótaveiðar yrðu teknar upp á ný. Og sú skoðun kom skýrt fram hjá þeim, að við Íslendingar yrðum að sýna fram á það, að um leið og við krefðumst aukinnar landhelgi, værum við færir um að nytja þá fiskistofna, sem þar vaxa upp. Þetta voru þeirra orð.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði hér nokkuð í álit sjómanna og þá að sjálfsögðu sjómanna úr hans eigin kjördæmi. Ég þykist nokkuð þekkja til sjómanna, ekki aðeins héðan frá Faxaflóa, heldur í kringum allt land, og hef reynt að kynna mér skoðanir þeirra. Ég held, að það sé eitt sameiginlegt í öllum þeim skoðunum, og það er, að það eru engir sammála um, hvað skaðsemi dragnótarinnar sé mikil. Það virðist vera þannig, að þetta álit þeirra fari eingöngu eftir því, hvaða hagsmuna þeir sjálfir eiga að gæta í sambandi við veiðar á viðkomandi stöðum. Og ég held satt að segja, að það verði ekki hægt að fara eftir þess konar álitum, ekki eingöngu, heldur verði vísindin að vera grundvöllurinn og lokaorð í rökræðum um, hverjir séu beztir hagsmunir heildarinnar. Ef jafnhliða er hægt að tryggja hagsmuni smáhópa, er vissulega hin æskilegasta lausn fundin. Og ég held einmitt, að með frv. þessu sé stigið stórt spor í áttina að þessari æskilegu lausn.

Meginandstaðan gegn dragnótaveiðunum kemur frá tveimur hópum: Í fyrsta lagi frá þeim, sem ég minntist áðan á og hafa meðtekið bann á dragnótaveiðum sem arfgengt trúaratriði og engum rökum taka. Hinir eru hópar frá þeim stöðum allt í kringum land, sem trillubátaútgerð reka að miklu eða öllu leyti. Þeir telja t. d., að með dragnótinni leggist slík útgerð niður vegna óheillavænlegra áhrifa dragnótarinnar á aflabrögð. Glöggt dæmi um mótmæli af slíku taki eru einmitt mótmælin frá bátafélaginu Björg í Reykjavík, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. las upp hér áðan og ég ætlaði að lesa, en tel óþarft eftir lestur hans. Ég held, að þm. hafi tekið það vel eftir því, hvað kom fram þar.

Það er svo með þetta síðasta atriði í sambandi við landhelgina, að ég tel því alveg fullsvarað með tilvitnun minni í ummæli Davíðs Ólafssonar og Hans G. Andersens. En því er slegið föstu í þessari grg. frá þessu bátafélagi, að öll sú aflatregða, sem vart varð við fyrir friðunina, hafi verið dragnótinni einni að kenna. Þetta tel ég alrangt. En að rányrkja hafi átt sér stað og dragnótin hafi átt sinn þátt í því vegna misnotkunar, það skal ég viðurkenna. Ég hef hér áðan lýst því að nokkru, hvað olli rányrkjunni. En það, sem gerði dragnótina þátttakanda í henni, var m. a. mikill fjöldi báta, sem veiðarnar stunduðu langt tímabil sumars, engin svæðatakmörkun á einn eða annan hátt, minni fisk mátti veiða, möskvastærðin mátti vera 1/5 minni en nú er fyrirhugað. Ekkert bann var við svokölluðu „lausu togi“ hjá dragnótabátunum, og reglugerðarákvæðin, sem nú eru fyrirhuguð, og viðurlög við þeim voru ekki til. Nú hefur ástandið breytzt aftur á móti í það horf, að miðin eru full af flatfiski, bolfiskur á greiðari aðgang að grunnmiðum en áður, 12 mílna friðun fyrir veiðum innlendra og erlendra togara er tryggð, ströng ákvæði um framkvæmd dragnótaveiða með miklum takmörkunum fyrirhuguð í frv. þessu, bátafjöldinn miklu minni og hefur t. d. fækkað um 200 frá 1937 af stærðinni 12—35 rúmlestir. Þeir voru á sjötta hundrað, en eru núna rúmlega 300, eða nákvæmlega 321.

En það væri gaman að spyrja þessa heimatilbúnu sérfræðinga um dragnót að því, hvað hafi valdið því, — og hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG) minntist nokkuð á þetta atriði hér áðan, — en mig langar til þess að spyrja þessa heimatilbúnu sérfræðinga, hvað hafi valdið því, að færafiskur hafi brugðizt í æ ríkari mæli á stórum svæðum seinni ár friðunarinnar, og er þá alveg burtséð frá göngufiski, sem fljótt fer yfir. Ekki hefur þetta verið dragnótinni að kenna eða botnvörpunni. Það er eitthvað

annað, sem kemur þar til. Það liggur fyrir bréf, sem hefur komið hér til Alþ., og varpar nokkru ljósi á skoðanir sjómanna hér sunnanlands um þetta mál, sem ég tel marga ekkert ómerkari sjómenn en sjómennina úr Norðurlandskjördæmi vestra, en bréfi þessu fylgir áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. á þskj. 5 um dragnótaveiði. Bréfið er frá sjómönnum í Vestmannaeyjum, og með leyfi forseta ætla ég að lesa úr þessu bréfi. Þeir eru með formála í byrjun, svo segja þeir:

„Í viðbót við þetta virðist fiskur ekki hafa gengið á grunnmið né fylgt loðnu, sem fyrir 15—20 árum var talið árvíst. Eða hver man ekki, að fiskur hafi gengið undir Sand og fyllt öll grunnmið frá því í febrúar til aprílloka? Við teljum okkur geta bent á ástæður, sem við óskum eftir að hið háa Alþingi kynni sér og afli sér vísindalegrar umsagnar um hjá fiskifræðingum, sem sé, að sú staðreynd blasi við, að öll grunnmið eru orðin yfirfull af flatfiski. Ber þess vott hið mikla magn af skarkola, sem fæst í þorskanet alla vertíðina. Möskvar þorskanetanna eru ekki gerðir fyrir flatfisk, þó má segja, að hann fylli sum netin frá steinateini upp fyrir miðju netsins. Þar sem þessi gengd er af flatfiski, má segja fyrir víst, að ekki fáist þorskur í net, þó svo góðar lóðningar í dýptarmælum sjáist deginum áður. Óyggjandi reynsla sýnir sjómönnum það, að þar sem flatfiskurinn er mestur, þá stöðvast ekki bolfiskur, þorskur eða ýsa. Ástæðan er sennilega sú, að tilgangslaust er fyrir bolfisk að ná botnæti, þar sem flatfiskurinn þekur allan botn. Allur flatfiskur, sem veiðist í net, er annaðhvort settur í mjölvinnslu eða fleygt í sjóinn. Yfir vetrarmánuðina er flatfiskurinn ekki talinn vinnsluhæfur. Er það vegna megurðar og hrygningar, enda telja fiskifræðingar, að megurð flatfisks um hrygningartímann stafi mikið af offjölgun. Yfir sumarmánuðina tekur hann þeim breytingum, að flatfiskurinn er talinn góð vara, bæði til vinnslu og beint á sölumarkað."

Og þeir halda áfram, þessir Vestmannaeyjasjómenn, og segja í bréfi sínu:

„Vegna framanritaðs teljum við frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð mikla og knýjandi nauðsyn á, að hið háa Alþingi skilji aðstöðu þessara mála og veiti viðunandi úrlausn til hagnýtingar þeim auðæfum, sem landið býður þegnum sínum í þessu sambandi. Leyfum við okkur að benda á takmarkaða veiðitíma og stærð fiskibáta allt að 35 brúttótonn. En fremur bendum við á alþjóðalög um möskvastærð, sem koma í veg fyrir, að of nærri ungviði og smælki sé gengið.

Að síðustu viljum við undirstrika þessi mál með því að benda á eftirfarandi atriði: Af 130 fiskibátum, er reru frá Vestmannaeyjum á þessari vertíð, reru 40—45 bátar með handfæri. Stærð bátanna er frá 10—35 brúttótonn. Nú, við dagsetningu þessa bréfs" — það er dagsett síðast í apríl — „hefur allur þessi floti litinn sem engan afla af fyrrgreindum ástæðum. Sennilegt er, að einn eða tveir bátanna hafi yfir 100 smálestir upp úr sjó, fjölduinn er með 10—40 tonn. Fyrirsjáanlegt er, ef ekki koma skjótar aðgerðir til, að þá verði efnahagslegt hrun í þessari grein sjávarútvegs á Íslandi. Bátunum verður lagt og þeir grotna niður. Áhafnir þeirra og eigendur neyðast til þess að hverfa að öðrum störfum. Teljum við það illa farið, því að þegar afli fæst á þessa báta sem s. l. ár, þá er það viðurkennd staðreynd í öllum frystihúsum, að bezta hráefnið kemur frá litlu bátunum og handfæraveiðunum. Við förum ekki fram á ölmusur til lífsframdrags, heldur að löggjafarvald þjóðarinnar skapi okkur aðstöðu til að stunda atvinnu, er hentar bátum okkar og fyrirsjáanlega skilar arði í þjóðarbúið."

Þetta var hluti af bréfi þeirra Vestmannaeyinga.

Ég minntist aðeins á það hér áðan, að ég sleppti litils háttar úr þessu bréfi, sem ekki skipti máli. Ég ætla ekki að fjölyrða um efni þess frekar að sinni. En til viðbótar vil ég taka það fram, að skoðanir manna á skaðsemi botnróts af völdum dragnótar eða annarra hluta eru mjög skiptar. Þannig segja trillusjómenn, að slíkt valdi hinum mesta skaða. En aðrir halda fram því gagnstæða og benda á, að dragnótablettir hafi verið fiskisælli en aðrir fyrir færaveiðar, og þeir mjög sótt á sömu mið. Það hljóta allir að sjá, að mikið botnrót hefur verið við Faxaflóa þaðan, sem sandi var dælt í sementsverksmiðjuna, en margir sunnlenzkir sjómenn segja mér, að á eftir hafi þetta verið með fiskisælustu blettum í Faxaflóa. Eins hefur verið með svæðin, sem skafin hafa verið með humartrolli í kringum Vestmannaeyjar. Bolfiskurinn hafi gengið á þessa bletti og verið þar, en ekki hlaupið yfir og farið burt.

Það er, eins og ég sagði áðan, mjög erfitt að ákveða nokkuð um og gera sér ljósar niðurstöður eftir þeim álitum, sem koma fram frá sjómönnum í kringum land. Og eftir að ég hef hlustað á alveg gagnstæðar fullyrðingar í þessu máli frá sjómönnum hér sunnanlands, vestanlands, norðanlands og austanlands, virðist mér allt bera að sama brunni, að það séu vísindamenn okkar, sem sé bezt trúandi til forsjár í þessu efni. Þó að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi litla trú á þeim, skulum við samt hafa það í huga, að við hefðum ekki fengið neitt fram af þessum friðunaraðgerðum okkar eða gengið miklu verr við útfærslu landhelginnar, ef við hefðum ekki haft þeirra starf á bak við okkur.

En fyrst ég minnist á humartrollið við Vestmannaeyjar, þá er rétt að geta þess, að afleiðingar þeirra veiða hafa kannske fært mönnum sönnur á, að kolann eigi að nytja með því veiðarfæri, sem bezt er fallið til slíks og skilar betra hráefni úr kolanum en nokkurt annað veiðarfæri, en það er einmitt dragnótin. Það er a. m. k. öruggt, að hægt er að fullyrða, að þessar humarveiðar við Vestmannaeyjar munu eiga þátt í þeirri ströngu

reglugerð, sem verður að setja um meðferð aflans, ef þetta frv. verður að lögum, þar sem bæði verður takmarkaður útivistartími bátanna og þeim verður skylt að slægja aflann jafnóðum, eins og sjálfsagt er með allan afla, og þar sem jafnvel verður skylt að ísa hann í kassa um borð í bátunum, um leið og hann veiðist, þannig að eitthvað sé nefnt.

En það er eitt atriði, sem er rétt að minnast á, sem kom fram í bréfi Vestmanneyinganna, þar sem þeir tala um takmarkanir á veiðunum, að þeir minnast á, að alþjóðalögum um möskvastærð verði fylgt. Þarna álít ég, að takmarkanirnar eigi að ganga miklu lengra, og tel sjálfsagt að fara eftir því, sem vísindamenn okkar segja um það, og mig langar í því sambandi að vitna í það, sem deildarstjóri fiskideildar atvinnudeildar háskólans segir um þetta. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Mér virðist 100 mm möskvi of smár fyrir dragnót, 120 mm er nær sanni. Aukin möskvastærð er ákaflega þýðingarmikil til friðunar ungviðisins, en hæfni hinna einstöku fiskitegunda til þess að smjúga möskvann er mjög mismunandi. Skarkolinn er t. d. miklu breiðari en ýsan, og á hann því tiltölulega erfiðara með að smjúga möskvann en hún. Með 120 mm möskvastærð mundi allmikið af 5 ára ýsu og allt yngra sleppa. Má það teljast allgott frá fiskifræðilegu sjónarmiði. Skarkolinn hefur ekki sama gagn af möskvastærðinni og ýsan, eins og taflan sýnir ljóslega. Með 120 mm möskva sleppur meginhluti 3 ára fisks, en ekkert af honum er orðið kynþroska. Til þess að draga úr sókninni í smákolann þykir rétt að leggja til, að lágmarksstærð hans verði aukin úr 25 cm í 30 cm og verði gengið ríkt eftir, að því ákvæði verði hlýtt. Þyrfti reyndar að taka ákvæði um lágmarksstærð annarra tegunda til athugunar líka."

Og af því að hv. 2. þm. Norðurl. v. spurði hér áðan, hvernig í ósköpunum ætti að fara að því að hafa slíkt og þvílíkt eftirlit með höndum, get ég fullvissað hann um, að það er draumur allra sjómanna að koma einhvern tíma að landi með aflann, og eftirlitið hvað þessu viðvíkur verður framkvæmt, þegar þeir koma að landi með hann.

Ég minntist hér áðan á fullyrðingar um, að ef dragnótaveiðar yrðu leyfðar, mundi trilluútgerð leggjast niður víðs vegar um land. Þetta eru hreinustu öfgar, ekkert nema öfgar. Ég tel það sams konar öfgar og þegar þeir, sem eru fylgjendur dragnótaveiða, slá því fram, að á þessum litlu bátum séu ekkert nema sportfiskimenn, sem stundi þetta sem hjáverk, og ef gefa ætti þeim einum leyfi til nytja á fiskveiðilandhelginni, væri það sama og gefa það í hendur stangveiðifélaganna, sem var nú ýmislegt fundið til foráttu hér áðan. En það er enginn vafi á því, að með útfærslu landhelginnar hefur færzt nýtt líf í þennan atvinnuveg, sem sáralítill tilkostnaður er við, en hefur skilað þjóðarbúinu miklum arði. Mín skoðun hefur alltaf verið sú, að þessi atvinnuvegur ætti kannske fyllri rétt á sér en margur annar, einmitt vegna þess, að í mörgum tilfellum eru verðmæti þau, sem skapast með honum, gripin í aukavinnu og í tíma, sem annars færi til ónýtis fyrir þjóðarbúið eða kannske í einhverja aðra óarðbæra starfsemi, og ég álít, að það hafi verið allt of lítið gert af því að ýta undir þennan atvinnuveg af bæjar- og sveitarfélögunum. Það eru svo mörg rök fyrir því að viðhalda og auka þessa útgerð opnu bátanna, að ég fer ekkert frekar út í það. Ef einhverjir kjánar kalla þennan atvinnuveg sport, þá vil ég kalla það þarfasta sport þjóðfélagsins. En einmitt vegna þessara skoðana, ekki aðeins að þetta væri mín skoðun, heldur sjútvn. allrar, þá er komið á móti þessum mönnum í 1. gr. frv., í síðustu mgr.

En þótt okkar skoðun á trillubátaútgerð hafi verið þessi og þá náttúrlega um leið margra annarra, haggar það ekki þeirri staðreynd, að það sé rétt að leyfa dragnótina, því að það er á fæstum stöðum kringum land, sem aðstaða er til þess að tryggja rekstur fiskvinnslustöðvanna og nauðsynlega atvinnu, sem þær skapa, með útgerð trillubáta einna. Þar verður miklu fleira að koma til. En eins og ég sagði, er leitazt við að koma á móti óskum fleiri aðila en eins og sameina sjónarmið margra aðila í þessu frv. Það er í frv. gert ráð fyrir, að fiskveiðilandhelginni verði skipt í nokkur stór veiðisvæði, sem Fiskifélagið og atvinnudeild háskólans ákvarða nánar, og innan þeirra má banna veiði á tilteknum svæðum hluta af veiðitímabili eða allt tímabilið, ef hætta er á ofveiði fiskistofnanna. En auk þess eru svæðin, sem ég gat um áðan og eru í 1. gr. frv., síðustu mgr., sem hv. 3. þm. Sunnl. minntist hér á áðan og ég las, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara með hana aftur, en einmitt á þessari mgr. í 1. gr. sést, að innan allrar fiskveiðilandhelginnar eru línu- og færaveiðar heimilar áfram ótakmarkað, eins og þær hafa verið, en aftur á móti ef þessar dragnótaveiðar verða heimilaðar og þetta frv. samþ., þá eru takmarkanirnar ótalmargar fyrir þær veiðar. Það er í fyrsta lagi að opna svæðin, sem er nú almennt álitið að geti orðið erfitt víðast hvar. Og þá er að fá leyfi fyrir bátana, sem er aðeins veitt fyrir eitt tímabil í senn og það á ákveðnum svæðum. Það eru skorður við því, hve lengi megi veiða hvert sumar. Þá eru settar reglur um stærð bátanna. Þar að auki er bannað að veiða á svæðum, sem eru sérstaklega afmörkuð fyrir aðrar fiskveiðar, og þar er átt við trillurnar, og það er bannað að veiða innan löggiltra hafnarsvæða. Það er bannað að veiða á ákveðnum svæðum, ef hætta er á ofveiði, eins og ég minntist á. Og auk þess verða mörg fyrirmæli í reglugerðum um möskvastærð, lengd dragstrengja, lágmarksstærð fisks, sem má koma um borð, um stöðugar veiðiskýrslur, auk þess sem verður að stöðva veiðarnar, strax og vissu hámarksmagni af afla er náð, og ég hef skilið það þannig, að þessu hámarksmagni verði skipt hlutfallslega á þau veiði-

svæði, sem verði sett, og þessu er auðvelt að fylgjast með í gegnum vinnslustöðvarnar, sem taka á móti aflanum, og aflaskýrslur bátanna. Ég held, að með öllum þeim kvöðum, sem hvíla á dragnótaveiðunum, ef þær væru leyfðar, þurfi skynsamir bændur í Norðurlandskjördæmi vestra þó ekkert að óttast, að dragnótabátar kom upp í fjósið til þeirra. Hann hefur, þessi ræðumaður, sem óttaðist þetta hér áðan, spurt mikið um það, hvernig ætti að framfylgja þessum lögum og væntanlegum reglum, og ég veit, að það eru fleiri, sem munu spyrja um það. Ég tel, að þessi ströngu ákvæði, sem eru í frv. um sviptingu leyfa, og svo hagsmunir mannanna sjálfra verði sterkasta eftirlitið. Svo höfum við landhelgisgæzlu, og ég held, að flestum, sem vit hafa á, sé kunnugt um það, að eftir að landhelgin var færð út í 12 mílur, séu minni bátar landhelgisgæzlunnar orðnir til lítilla nota við gæzlu þeirrar landhelgi. Eitthvað mætti nota þá til þess að gæta þessara svæða. En ef eitthvert hinna stóru veiðisvæða verður lokað áfram í því tilfelli, að frv. verði samþ., þá verða þau auðvitað ásamt öðru ákvörðuð af landfræðilegri legu, þannig að landhelgisgæzlan á að geta gætt þeirra með sæmilegu móti. Með gæzlu á minni svæðunum, sem kannske yrðu lokuð áfram innan stærri svæða, trillusvæðunum, þá væri mjög auðvelt að afmarka þau t. d. með baujum, sem er mjög auðvelt á þessum tíma árs að setja niður til þess að afmarka svæðin. Þetta yrðu ekki mörg svæði, það yrði kannske eitt, í mesta lagi tvö á hverju hinna stóru veiðisvæða, og ég álít, að þar séu hagsmunir mannanna sjálfra, sem veiðarnar stunda, bæði rekstrarformin, sem koma til með að gæta þeirra bezt.

En það er eitt atriði, sem hefur ekki verið sinnt í þessu frv., og má vera, að það sé handvömm frá n., en það er staðreynd, að þetta eftirlit allt mun kosta fé, því að þetta vísindalega eftirlit kostar það, að fleira fólk þarf til starfa hjá atvinnudeildinni og Fiskifélaginu við eftirlitið. En með þeim uppgripaafla, sem þessar veiðar geta skapað þjóðarbúinu, tel ég ekki mikla hættu á því, að það megi ekki fá fé í þann kostnað. Ég er á móti því, auk allra þeirra ákvæða um takmarkanir, sem hin tilvonandi dragnótaveiði verður að búa við, að setja einhver sérstök leyfisgjöld á bátana. Ég tel miklu heppilegra að fara þá leiðina að taka fé af síðasta stiginu, í útflutningsskattinum. Þetta er atriði, sem væri æskilegt að heyra nánar álit manna um.

Ég hef nú rætt þetta mál vítt og breitt og skal ekki lengja umr. um það frekar, en mun að sjálfsögðu gera það í sambandi við einstakar greinar, ef tækifæri gefst til í síðari umræðum. Ég vil þakka samnefndarmönnum mínum í sjútvn. fyrir ánægjulegt samstarf. Það mótaðist af viljanum hjá þeim til þess að ráða fram úr þessu erfiða vandamáli, og þetta samkomulag okkar, sem birtist í frv., varð til eftir fjölmarga fundi, þar sem sjónarmið bæði einstakra byggðarlaga og einstakra hagsmunahópa voru rædd og reynt að sameina þau.

Ég var á mínum yngri árum í nokkur sumur við þessar veiðar, og eins og ég var sannfærður um þá um réttmæti friðunaraðgerðanna á sínum tíma, sem m. a. útilokuðu þessa veiðiaðferð, þá er ég nú sannfærður um réttmæti þeirrar heimildar, sem í lagafrv. felst um að leyfa þessar veiðar á ný, mikið takmarkaðar og undir vísindalegu eftirliti. En það er eitt atriði í þessu frv., sem ég er alveg í grundvallaratriðum á móti og hv. fyrsti ræðumaður við þessa umr. kom einmitt inn á. Það eru takmarkanirnar við ákveðin veiðisvæði. Mín skoðun hefur verið og er sú, að fiskveiðilandhelgin sé sameign Íslendinga, sameign íslenzku þjóðarinnar, sem fiskimenn okkar eiga að nytja á hinn hagkvæmasta hátt, þjóðinni allri til hagsbóta og blessunar. Þannig tel ég, að þær takmarkanir, sem eru nauðsynlegar, til þess að ekki sé gengið á stofninn, hefði mátt fá fram í reglugerðarákvæði um meðferð aflans, þannig að útivist bátanna væri ekki leyfð nema takmarkaðan tíma, og yrði að landa honum í fiskvinnslustöð, sem nálægt miðunum væri, innan ákveðins tíma, þannig að atvinnutekjurnar af vinnslu aflans mundu verða eftir í byggðarlaginu, sem lægi að þessum miðum, en það yrði áfram leyft, eins og hefur verið hingað til, að íslenzkir fiskimenn hefðu frelsi til þess að leita aflans, þar sem hann er að fá og hagkvæmast er hverju sinni. Ég býst við, að það mundi heyrast í tálknum margra, ef Sunnlendingum yrði bannað að sækja til síldveiða fyrir norðan og austan land eða ef Norðlendingum og Austfirðingum yrði bannað að sækja til þorskveiða við Suður- og Vesturland. Ég hef samt sem áður fallizt á þetta, til þess að samkomulag næðist, og líka vegna þess, að ég er sannfærður um, að það sé ekki of varlega farið í byrjun, á meðan verið er að leita að kannske heppilegra formi en við leggjum til og þá kannske réttlátri aflaskiptingu á milli landshlutanna, ef menn vilja fara út í það.

Ég held, að það sé rangt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. hér áðan í sambandi við vísindamenn og menntun þjóðarinnar. Ég held, að við Íslendingar ættum að vera stoltir af menntun og tæknilegum framförum, sem þjóðinni hefur auðnazt að afla sér síðustu áratugi, og það sé fátt, sem hafi betur aukið velmegun íslenzku þjóðarinnar en einmitt það. Ég er sannfærður um, að þegar við getum sameinað starf hinna ágætu vísindamanna okkar, sem starfa í sambandi við fiskveiðarnar, — en að gefnu tilefni, þá er mér ókunnugt um, hversu miklir þeir vísindamenn eru, sem starfa að mæðiveikivörnum eða laxveiði í vötnum og ám, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. kom inn á, — en þegar við getum sameinað starf hinna ágætu vísindamanna, sem starfa að fiskveiðum okkar, og hönd íslenzka sjómannsins til framdráttar ís-

lenzkum þjóðarhagsmunum, þá er ég sannfærður um, að við erum á réttri leið, og ég er einnig sannfærður um, að sú leið finnist m. a. með því að samþykkja það frv., sem hefur verið lagt fram af sjútvn. neðri deildar.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar sjútvn. var að semja það frv., sem hér liggur fyrir til umr., var okkur það ljóst, að skoðanir væru mjög skiptar um þetta mál meðal þm., og í framsögu minni fyrir frv. gat ég þess, að á s. l. þingi hefði málinu verið vísað frá í þessari hv. d. með 18:7 atkv. á þeim forsendum, að málið væri ekki nægilega undirbúið. Ég gat þess líka, að ég byggist við, að nú mundi þeirri skoðun hafa vaxið fylgi, að þótt málinu yrði lengur skotið á frest, mundi ekkert nýtt koma í ljós. Ég hygg, að þessi skoðun sé rétt, því að við þessar umræður hefur ekki enn þá gefið sig fram nema einn andstæðingur dragnótamálsins. Er það reyndar kannske ekki sanngjarnt, að við, sem erum málinu fylgjandi, tölum miklu lengur, meðan fleiri andstæðingar þess hafa ekki gefið sig fram. Ég býst við, að það séu samt fleiri, þótt ekki hafi komið upp í ræðustólinn nema einn og mótmælt frv., sem eru ekki ánægðir með það. Og við, sem viljum ganga lengst í því að leyfa dragnótaveiðarnar, erum ekki heldur ánægðir með frv. En þetta frv., sem fyrir liggur, er árangur af samkomulagstilraunum milli þeirra andstæðu sjónarmiða, sem um þetta mál ríkja. Við höfum, eins og síðasti ræðumaður gat um áðan, reynt að taka fyllsta tillit til þeirra manna, sem varlegast vilja fara í þessu máli.

Það var svo hér áður, að landhelgin var öll opin til dragnótaveiða, en eftir á gátu sveitarfélögin gert samþykktir um svokölluð héraðabönn. Samkv. því frv., sem fyrir liggur, geta sveitarfélögin fyrirbyggt, að tiltekin svæði verði opnuð, þannig að þeir, er vilja loka ákveðnum svæðum fyrir dragnótaveiði, hafa nú samkv. þessu frv., ef að lögum verður, meiri rétt en þeir höfðu áður. En það eru ekki allir ánægðir með það, að við skyldum ganga inn á afgreiðslu málsins á þennan hátt. Í gær kom hingað fjölmenn sendinefnd útvegsmanna af Suðurnesjum, og þeir afhentu þinginu ályktunarskjal, undirskrifað af 46 útvegsmönnum á Suðurnesjum, þar sem þeir skora á Alþ. að heimila dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum einum, sem atvinnudeild háskólans og Fiskifélag Íslands telja nauðsynlegar. Þetta skjal hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir útvegsmenn á Suðurnesjum leyfum okkur hér með að skora á Alþingi það, sem nú situr, að samþykkja lög, sem heimila veiðar með dragnót í landhelgi, með þeim takmörkunum, sem atvinnudeild háskólans og Fiskifélag Íslands telja nauðsynlegar, og öðrum ekki. Við mótmælum því, að hið háa Alþingi láti það á vald sveitarstjórna eða annarra aðila, hvort veiða megi með dragnót eða ekki, enda fáum við ekki skilið, hvernig framkvæmd er hugsuð á slíku. Við bendum á sem dæmi, að stærsta verstöð á Suðurnesjum, Keflavík, mun ekki eiga land að sjó nema innan við 1000 m. Hreppar, þar sem sjór er lítið stundaður nema á trillubátum í aukavinnu mjög takmarkaðan tíma á árinu, eiga hins vegar land að sjó, svo að km skiptir. Minni bátar hér um slóðir hafa verið gerðir út á þorska- og ýsunet seinni hluta sumars og haust. Afli hefur verið lítill, mikil netaeyðsla, erfitt að fá fólk og það oft mjög dýrkeypt. Með því verðlagi, sem nú er orðið á veiðarfærum, er fyrirsjáanlegt, að þessar veiðar munu leggjast niður með öllu, og verður þá ekkert fyrir þessa báta að gera.

Að endingu viljum við benda á, að dragnótaaflinn mundi bæta að fullu úr atvinnuþörf unglinga alls staðar, þar sem fiskur yrði unninn, og þar með leysa eitt okkar mesta þjóðfélagsvandamál."

Þannig hljóðar þetta skjal. Hins vegar mun líka vera hér til í fórum Alþ. mótmælasamþykkt frá fiskideild Gerðahrepps gegn því, að dragnótaveiði verði leyfð. En þar hefur útgerð minni þýðingu en í Keflavík, sem er ein stærsta verstöð hér við Faxaflóa, a. m. k. útgerð smærri báta. Og þeir sögðu, þessir menn af Suðurnesjum, um leið og þeir afhentu þetta skjal, sem ég las, að þeir byggjust við því, að 14 bátar frá Keflavík mundu í sumar stunda dragnótaveiðar, ef leyfðar yrðu.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) vildi gera ákaflega lítið úr öllu eftirliti og þá einkanlega vísindalegu eftirliti með þessum veiðum. Það hefur nú í umr. verið nokkuð útskýrt, hvernig það eftirlit er hugsað. Það er hugsað þannig, að settar verði reglur um veiðarfæraútbúnaðinn, um möskvastærðina, og það er hugsað þannig, að ákveðin verði lágmarksstærð af fiski, sem koma megi með að landi til vinnslu, og það er hugsað þannig, að starfsmenn fiskideildarinnar fylgist með veiðunum og aflamagninu, sem á land berst, og þegar hámarksafla er náð, verði veiðileyfin tekin af þeim bátum, sem þau hafa fengið. En veiðarnar eiga núna samkv. frv. að vera háðar leyfum, sem verða veitt einstökum bátum.

Ég gat um það í framsöguræðu, að samsetning bátaflotans hefði mikið breytzt frá árinu 1937, þannig að nú væru í bátaflotanum tiltölulega færri litlir bátar en þá voru, og þess vegna mundu allar líkur vera til þess, að færri bátar mundu nú stunda þessar veiðar en áður gerðu það. En 1937 var tala báta undir 35 rúml. 473, en 1959 ekki nema 325. Við þetta bætist það, að þróunin í fiskveiðum með handfærum hefur orðið slík, að núna munu færri fara á dragnót en áður, og munu þeir halda áfram að stunda handfæraveiðar, sem hafa gert það undanfarin sumur með góðum árangri.

Ég er alveg ósammála hv. 2. þm. Norðurl. v. um þau viðbrögð, sem við eigi að hafa, ef eitthvað ber út af í atvinnurekstri okkar. Við, sem viljum leyfa dragnótaveiðarnar að nýju, viðurkennum, að það hafi komið fyrir,

að það hafi verið of langt gengið í veiðunum, það hafi verið veitt meira magn en stofninn þoldi. En hins vegar viljum við ekki draga af þeirri reynslu þá ályktun, að það eigi að banna dragnótaveiðar um tíma og eilífð í kringum landið. Við teljum, að við getum haft fullt gagn af reynslunni og sett samkv. henni þær takmarkanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að ekki fari aftur í sama horfið.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. nefndi dæmið af minkarækt*inni* hér á landi og hvernig þar hefði til tekizt, og hann var harla ánægður með þá niðurstöðu, að minkarækt hafði algerlega verið bönnuð hér á landi eftir þau mistök, sem urðu. Þannig álít ég, að við eigum ekki að bregðast við. Við eigum ekki að leggja niður heila atvinnuvegi, sem geta skapað landsins börnum góða atvinnu og þjóðarbúinu miklar gjaldeyristekjur, þó að eitthvað beri út af. Eða hvernig álítur hv. þm., að farið hefði, ef við hefðum dregið sömu ályktun gagnvart sauðfjárræktinni vegna mæðiveikinnar? Ef hv. þm. vildi vera sjálfum sér samkvæmur, ætti hann auðvitað að leggja til, að vegna mistaka í sambandi við mæðiveikina ættum við algerlega að leggja niður sauðfjárrækt í landinu.

Nei, ég held, að svona viðbrögð séu ekki réttlætanleg og að þau séu ekki skynsamleg. Þarna er einhver meinloka í mönnum, sem þeir þurfa að átta sig betur á. Ég held, að þessi meinloka hafi opnazt hjá mörgum mönnum í þinginu. Ég vona, að það verði margir menn, sem áður voru algerlega á móti dragnótinni, sem verði nú fylgjandi því frv. um takmarkaðar veiðar, sem sjútvn. hefur lagt fram, og ég vona, að frv. nái fram að ganga. Eins og ég gat um í framsöguræðu, hafa öll fiskideildarsamböndin sent frá sér ummæli um dragnótaveiðarnar, sem eru á þann veg, að fiskideildirnar telja, að það eigi að leyfa takmarkaðar dragnótaveiðar undir visindalegu eftirliti. Og sú skoðun er almennt útbreidd utan þingsins, að þetta sé framkvæmanlegt, þó að einn og einn maður hér í þingsölunum telji, að það sé ekki gerlegt.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 16. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég var nú að doka við eftir því, að einhver frsm. kæmi fram frá hv. sjútvn., þar sem þetta er 2. umr. um þetta stórmál. En úr því að það varð ekki, þykir mér ástæða til eftir þær umr., sem urðu við 1. umr., að segja hér fáein orð til viðbótar, og ætlaði raunar að gera það við 1. umr., en einhverjir af fylgismönnum málsins höfðu fallið frá orðinu, sem voru búnir að biðja um það, og gerir það náttúrlega ekkert til, þó að það drægist til þessarar umr.

Í þeirri ræðu, sem ég flutti hér við 1. umr. s. l. fimmtudag, gerði ég nokkurn veginn grein fyrir minni afstöðu til þessa máls og á þá leið, að ég er því gersamlega andvígur. Ég gekk ekki gruflandi að því, að einhverjir af dragnótaberserkjum hv. d. mundu hér rísa upp til andmæla, og mér kom það engan veginn á óvart, blátt áfram ætlaðist ég til þess, að svo yrði, til þess að hv. þm. gætu séð, hvað sterk rök þessir menn hafa fyrir sínu máli og til að byggja á.

Hv. frsm., hv. 5. þm. Vestf. (BF), talaði mjög hógværlega um þetta mál, eins og honum er lagið, og sömuleiðis hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG), en þeir virtust báðir byggja helzt á því, að það væri álit hinna og þessara fræðimanna, að það væri algerlega óhætt að stofna til dragnótaveiða í landhelgi aftur nú þegar, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Í ræðu sinni sagði hv. 3. þm. Sunnl., að þetta væri hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Ég held nú, að þetta sé hreint öfugmæli, því að það kann að vera stundarhagsmunamál fyrir einstaka landshluta eða þá, sem ætla sér að leggja út í það að fara að stofna til dragnótaveiða, og það mundi verða mikið af því, ef þetta yrði á annað borð leyft. En það er áreiðanlegt, að það væri algerlega á kostnað framtíðarinnar í fiskveiðimálum lands okkar og sannarlega ekki til hagsbóta, þegar fram í sækti.

Hv. frsm., 5. þm. Vestf., vék að því varðandi eftirlitið, sem ég tel og lýsti að ég teldi mundu verða lítils virði, — hann gat um það, þessi hv. þm., að ef ég ætti að vera samkvæmur sjálfum mér varðandi t. d. eftirlitið með mæðiveikivörnunum, ætti ég að leggja til, að það væri lagt niður. Þetta er alveg fullkominn miskilningur hjá þessum hv. þm., því að þótt þetta eftirlit hafi mjög misheppnazt, er ekki hægt eins og sakir standa og eins og komið er með sauðfjárrækt í landinu að leggja þetta eftirlit niður, og þarf miklu frekar að herða á því. En vissulega hefði það verið mikið fagnaðarefni og hagsmunamál, ekki einasta fyrir bændastétt landsins, heldur og allan landslýð, ef það hefði aldrei þurft að hefja þetta eftirlit, ef aldrei hefði verið flanað út í það að flytja inn karakúlfé og þar með þær voðalegu pestir, sem þjakað hafa landið allar götur síðan.

Og eins er það með þetta dragnótamál, að þótt eftirlit sé erfitt með girðingum og fjárpestum, mundi það verða enn þá þýðingar-

minna og fara enn þá meira út um þúfur, ef til þess er stofnað að fara að leyfa dragnótaveiðar hingað og þangað kringum land, því að það má nærri geta, hvernig færi með eftirlit með hundruðum dragnótabáta, sem geta verið að verki jafnt að nóttu sem degi. Þess vegna er þessi aths. frá hv. frsm. alveg út í bláinn.

Þá kom hér fram hv. 12. þm. Reykv. (PS) og talaði af miklum móði og með ljótu orðbragði, sem er nú kannske ekki alveg venjulegt, en það getur alveg dugað gagnvart mér, vegna þess að ég er skapgóður maður og mjög góðviljaður við unglinga. En þó að þetta orðbragð geti vel gengið á dragnótabátum, eins og þessi drengur hafði í frammi, þá vil ég vara hann við því að nota það jafnmikið hér á Alþingi og hann gerði í þessari ræðu.

Þessi hv. þm. hneykslaðist á því ákaflega, að ég skyldi nefna það, að svo að segja öll mín þekking á sjávarútvegsmálum og sérstaklega dragnótaveiði væri fengin hér á Alþ. Þessum hv. þm. fannst ákaflega hjákátlegt að nefna slíkt. En ég vil segja honum og öðrum hv. þm. það, að það er margoft hér í sölum Alþ., að þekkingin flýgur upp í fangið á hv. þm., oft fyrirhafnarlítið og mjög greinilega, og ég vil segja, að þeir menn, sem vilja ekki nota sér þá þekkingu, sem hægt er að fá af umr. í Alþ. og með þeim skjölum, sem hér liggja frammi, hafa hingað lítið erindi. Ég held, að það sé jafnvel ekki nokkurt mál, sem hefur verið jafnmikið til umr. og þjarkað jafnmikið um á Alþingi, síðan ég kom hingað fyrir 27 árum, og dragnótaveiði í landhelgi, því að það var um það mikið rætt, oft dag eftir dag og nótt eftir nótt, og það mættu vera undarlegir menn, sem við þær umr. allar hefðu ekki getað fengið einhverja þekkingu á þessu vandamáli. Sannleikurinn er sá, að aðstaðan í þeim efnum er sízt breytt til bóta frá því, sem áður var. Og sannleikurinn er sá, að þegar langar umr. eru um mál og hart sótt og varizt og allir flokkar klofna, eins og venjulega hefur verið um dragnótaveiðar, þá er jafnvel hægt að fá allra bezta þekkingu á þeim málum, sem um er að ræða.

Nú er það svo, að allar þær upplýsingar eða getgátur, sem fram hafa komið hjá þeim hv. þm., sem mælt hafa með þessu máli, eru ákaflega órökstuddar. Hv. 12. þm. Reykv. var með getgátur um það, að ef dragnótaveiði yrði leyfð, gæti það aukið útflutningsverðmæti þjóðarinnar um allt að 150 millj. kr. Fyrir þessu er ekki hægt að færa nein rök, sem hægt er að taka mark á, og liggja til þess ýmsar orsakir. Ég man ekki betur en það væri í Alþýðublaðinu frá því skýrt í s. l. janúarmánuði, að það lægju hér í landi 1300—1500 tonn af flatfiski, sem mjög líti illa út með að selja. Ég hef ekki leitað mér upplýsinga um það, hvort þennan fisk er búið að selja nú. En svo er ekki þar með búið, því að þótt ekki væri leyfð nein dragnótaveiði, er hægt að veiða þennan fisk eins og aðra fiska bæði í net og á lóðir, og mér er sagt, að Skagfirðingar hafi mokað upp flatfiski nú í vetur í net, og svo mundi víðar vera hægt.

Nú skal ég geta þess, að mér barst hér á dögunum bréf frá manni, sem ég þekki ekki neitt, en ég skal víkja hér að, án þess að tilgreina nafnið á manninum. Það er skrifað í Kópavogi 13. þ. m., og aðalatriði þess eru svo hljóðandi:

„Ég er yður mjög þakklátur fyrir mótstöðu yðar gegn frv. um dragnótaveiðar í landhelgi, sem samkvæmt dýrkeyptri reynslu er til alþjóðar skaða og skammar.“

Þessi maður bætir svo við nokkrum harðyrðum um hv. flm., sem ég ætla ekki að koma hér með, því að það er málinu í sjálfu sér óviðkomandi. En aðalatriði bréfsins fer þó hér á eftir:

„Mig langar til að gefa yður eftirfarandi upplýsingar: Nú er Faxaflói að verða fullur af smálúðu, ýsu og rauðsprettu, og á ca. 20 lóðir hafa fengizt að undanförnu 600—1200 kg af áðurnefndum fisktegundum. Allar fiskbúðir í Reykjavík og nágrenni eru fullar og vilja ekki kaupa nema mjög takmarkað, því að mjög mikið verður ónýtt, og ishúsin neita að kaupa. Í Reykjavík og nágrenni eru hundruð smábáta, og væri hægt að flytja þar í land tugi tonna daglega, þegar gefur á sjó, ef sölumöguleikar væru fyrir hendi. Þá mætti minna á, að fyrsta skilyrðið til að veiða þessar fisktegundir á línu er, að nógu góð beita sé til, en svo er ekki, og hefur ekki verið um að ræða nema 1—2 ára Faxasíldargrotta. Þótt fullt væri af síld um allt Vestur- og Norðurland í fyrrasumar, var alls ekki að ræða um að fá til beitu nema skemmda síld. Svona er búið að hinum ríkisstyrkjalausa útvegi, og svona er nú áhuginn mikill til að nytja þann góðfisk, sem hér fer sívaxandi og gæti veitt hundruðum, ef ekki þúsundum manna atvinnu án allra styrkja og án þess að stunda smánarlega rányrkju á uppeldisfiski og til eyðingar hrygningarstöðva.“

Maðurinn setur svo undir nafn sitt: „óflokksbundinn kommúnisti með fullri sjón“.

Ég þykist sjá, að þetta sé sjómaður, sem þekkir nokkuð til þessara mála, ekkert síður en skipstjórinn á Sauðárkróki, sem ég las bréfið frá um daginn, og stjórnin í bátafélaginu Björg, sem ég las upp bréfið frá eða samþykktina hér um daginn líka. Allir þessir menn eru því mjög andvígir, að farið sé að ganga inn á þá stórhættulegu leið að leyfa dragnótaveiði í landhelgi aftur.

Ég vil enn fremur víkja dálítið nánar að því hér, sem ég drap á aðeins um daginn í ræðu minni, að það kemur ákaflega öfugt við, þegar Íslendingar eru búnir árum saman að standa í baráttu til þess að fá útfærða landhelgi sína, og við vitum ekkert, hvernig það mál fer, ef svo ætti að fara að stórspilla fyrir því máli nú á hættulegasta tíma með því, að þjóð okkar færi að leyfa, að hér yrði tekin upp hættulegasta veiðiaðferð, sem þekkt er, því að það er áreiðanlegt, eins og fjöldi útgerðarmanna og sjómanna hefur tekið fram fyrr og síðar, að það er ekkert sambærilegt að

veiða með botnvörpunni, sem togararnir nota, eða dragnót, sem sópar botninn til eyðileggingar fyrir gróður og allan uppvaxandi fisk. Þótt þetta sé stórmál í þessu efni varðandi mismun á dragnótabátaaðferðum og veiði togara, þá er stærsta málið það, að botnvörpungarnir eru, eins og kunnugt er, stór skip, sem komast ekki neitt nærri landi á borð við smábáta, jafnvel þótt þeir vildu brjóta landhelgislögin alveg takmarkalaust. Dragnótabátarnir, meðan þeir voru hér notaðir og þessi aðferð viðhöfð, gengu svo langt, að þeir fóru inn í árósa, þar sem eigendunum er bannað að leggja net, að ég nú ekki tali um að kasta vörpu, og til dæmis um það skal ég geta þess, að fyrir nokkuð mörgum árum, á meðan dragnótaveiðin var hér í fullum gangi, var ég einu sinni vakinn upp um hánótt norður á Akri. Þar voru komnir nokkrir menn, sem reyndust vera skipverjar á dragnótabát, og þeir voru búnir að stranda honum inni í Húnaós í blæjalogni og það á þeim tíma, sem úti var allur laxveiðitími. Ég náttúrlega brást vel við því að bjarga mönnunum frá því, að þeir þyrftu að skilja bátinn þarna eftir. En þetta er dæmi um það, hversu ósvífið það hefur verið, hvernig þessir menn hafa hagað sér gagnvart veiðimálum þjóðarinnar, og það fer, eins og ég vék að um daginn, að verða nokkuð hart fyrir þá menn, sem eiga land að sjó eða ám og vötnum og eru undir margvíslegum bönnum vegna þess, að það er verið að forðast það að eyða laxi og silungi og gengið í því miklu lengra en um nokkrar aðrar lifandi skepnur, að ég vil halda, að svo skyldi það eiga að vera samþ. hér á Alþ., að óviðkomandi mönnum úr öðrum héruðum eða öðrum landsfjórðungum væri leyft að fara með dragnætur inn í sanda og inn að landi og inn í hvern vog og vík og hvern fjarðarbotn, auk þess sem ætla má, að þeir vaði inn í árósa, þar sem hættulegast er að dorga með dragnótinni, hættulegast fyrir þann nytjafisk, sem upp í árnar gengur.

Af því að ég þykist vita, að það séu a. m. k. flestir alþm. þeirrar skoðunar, að okkur beri að halda fast á okkar landhelgismáli og að það sé það mikið hagsmunamál fyrir íslenzku þjóðina að gera ekki þar nein spjöll, sem gætu orðið til eyðileggingar í því stórmáli, vildi ég mega vona, að það komi ekki til greina, að þessu óþurftarmáli, sem hér er til umr., verði hleypt í gegnum Alþingi.

Umr. frestað.

Á 86., 87. og 88. fundi í Nd., 23. 24. og 25. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti til málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 27. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að endurtaka það, sem hv. frsm. þessa máls af hálfu sjútvn. sagði við 1. umr. og stendur í grg. á þskj. 399, að þetta frv. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, sem sjútvn. flytur, er byggt á samkomulagi og er tilraun til lausnar á vandasömu deilumáli. Að því er mína afstöðu varðar, þá get ég ekki sagt, að ég hafi verið neinn sérstakur hvatamaður þess að leggja þetta mál fram, þó að ég standi að því ásamt öðrum sjútvn.-mönnum. En ég viðurkenni, að Alþ. hlýtur að taka afstöðu til þessa máls, áður en langt líður, þ. e. a. s. afstöðu til þess, hvort leyfa skuli dragnótaveiði á því svæði, sem íslenzk fiskveiðilögsaga og landhelgi tekur til umhverfis landið, og þá með hverjum hætti. Og ég hygg, að þá afstöðu megi þá alveg eins taka á þessu þingi. Ég er líka þeirrar skoðunar, að betra sé að reyna að finna samkomulag en að meiri hluti, sem kann að vera til hér á Alþ., ef til vill að einhverju leyti fyrir tilviljun, neyti þar aflsmunar.

Hv. frsm. sjútvn. rakti við 1. umr. þessa máls í greinagóðri ræðu baráttusögu þessa dragnótamáls hér á Alþingi. Það stríð hefur nú staðið í nálega 40 ár, a. m. k. öðru hverju, og því er ekki lokið. Það má segja, að þetta sé þáttur í hinu eilífa stríði, sem háð er eða hefur verið háð, ekki aðeins hér á landi, heldur víða um heim, þ. e. a. s. stríðinu á milli þeirra annars vegar, sem vilja láta stunda rányrkju í von um mikinn stundarhagnað, og hins vegar þeirra, sem vilja vernda og efla líf og gróður á sjó og landi vegna framtíðarinnar, þó að minna sé upp úr því að hafa í bili. Í slíkum átökum er hætt við, að upp komi öfgakenndar afstöður og dálítið öfgakenndur málflutningur til beggja handa, og það er ekki hægt að neita því, að á því hafi nokkuð borið stundum í þessu máli.

Það mun hafa verið árið 1937, sem dragnótaveiði var heimiluð með lögum í sex mánuði, að ég ætla. En árið 1950 var dragnótaveiði bönnuð fyrir Norðurlandi og 2 árum síðar einnig annars staðar við landið með reglugerð um stækkun landhelginnar, og þegar fiskveiðilandhelgin var færð út 1958, náði bannið við dragnótaveiði einnig til hins nýju svæðis, að því leyti sem þar eru bannaðar botnvörpuveiðar. Áður en þessi bönn gengu í gildi, var greinilega farið að ganga á flatfiskstofninn, og það er beinlínis viðurkennt af fiskideild atvinnudeildarinnar í umsögn hennar um þetta mál, sem prentuð var með frv. á þskj. 208 á síðasta þingi. Hitt liggur auðvitað ekki fyrir í neinum skýrslum, hvaða áhrif dragnótaveiðin kann að hafa haft að öðru leyti en því að minnka flatfiskstofninn. Nú er öll 4 mílna landhelgin búin að vera friðuð fyrir dragnót í 8 ár, og það fer auðvitað ekki á milli mála, að flatfiskstofninn hafi aukizt verulega á þessum tíma. Hér er því mikil aflavon og miklir möguleikar, a. m. k. um stund, fyrir báta, sem eru lítið eða ekki í notkun tíma úr árinu, einkum á Suðurlandi, og ýmsir eigendur slíkra báta gera sér vonir um að geta bætt hag sinn með dragnótaveiði og aukið atvinnu við vinnslu flatfisksins. Þetta er auðvitað skiljanlegt sjónarmið. Það er skiljanlegt, að ýmsum

blæði í augum að láta mikil verðmæti vera ónotuð í sjónum. Þeir styðja líka málstað sinn með áliti fiskifræðinga, og það verður að viðurkennast eins og það er, að fiskifræðingarnir hafa verið því hlynntir, að dragnótaveiði væri leyfð. En ég verð nú að segja það, að mig hefur furðað nokkuð á álitsgerðum og till. fiskifræðinganna. Þeir virðast sem sé ekki líta á grunnmiðin í kringum landið öðruvísi en sem eina órjúfandi heild í sambandi við þetta mál, sem annaðhvort verði að vera friðuð eða ófriðuð, a. m. k. í byrjun. Og þannig hafa þau frv. verið hugsuð, sem legið hafa fyrir Alþ., bæði í fyrra og nú, flutt af nokkrum hv. þm. Svo hefur verið ætlazt til, að fiskifræðingarnir væru á verði, þegar búið væri að opna alls staðar, og þeir sæju þá um, að lokað væri einstökum svæðum, eftir að dragnótaveiðin væri hafin. En ég held, að þeir séu margir, sem hafa ekki treyst slíku eftirliti og gagnsemi þess. Og frv. af þessu tagi gat ég ekki fylgt í fyrra, enda stóð ég þá að rökst. dagskrá, sem samþykkt var, og hefði ekki heldur getað fylgt því nú á þessu þingi.

En í því frv., sem hér liggur fyrir frá sjútvn. á þskj. 399, er farin önnur leið. Þar er sem sé aðeins gert ráð fyrir heimildarlögum, og þar að auki er gert ráð fyrir, sem er nýtt, að strandmiðunum verði skipt í svæði, þannig að veiði verði heimil eða óheimil á einstökum svæðum, en ekki á miðunum öllum, og að ákveðið verði fyrir hvert svæði út af fyrir sig eftir ýtarlega athugun og yfirleitt í samræmi við óskir hlutaðeigandi strandhéraða, hvort hvert svæði fyrir sig verði opnað eða ekki og aðeins fyrir eitt ár í senn. Samkv. 1. gr. frv. er kveðið á um það, að sú ákvörðun, sem þar er gert ráð fyrir að geti orðið um opnun einstaks svæðis, gildi aðeins fyrir eitt ár í senn, þannig að eftir að árið er liðið þarf að taka málið upp á ný á sama hátt. Það á sem sé ekki að opna í einu alls staðar og að öllum fornspurðum og óvörum, heldur verða þeir að sækja á, sem vilja opna. Það er t. d. hægt að hugsa sér, að fyrst yrðu aðeins opnuð eitt eða tvö svæði, kannske aðeins eitt svæði og þá sennilega við Suðurland, þ. e. a. s. fyrir sunnan landið, sem mér sýnist ýmsar ástæður mæla með að væri eðlilegust byrjun, síðan ef til vill fleiri svæði og sums staðar ef til vill alls ekki, þannig að sums staðar við landið væru veiðarnar heimilar, en annars staðar ekki, og við þá ákvörðun væri tekið fullt tillit til vilja manna í hlutaðeigandi landshlutum. Á stærri svæðum, sem yfirleitt væru opin, væri svo hægt að halda minni svæðishluta lokuðum eða loka honum síðar. Hér er tekið fullt tillit til þess, að aðstaðan er ólík, mjög ólík. Sums staðar eru til svæði, þar sem hættan af dragnót er tiltölulega mjög lítil, miðað við önnur svæði. Á öðrum svæðum eru eða kunna að vera dýrmætar uppeldisstöðvar, sem eiga að fá að vera alveg í friði fyrir svona veiðarfærum. Og sums staðar þarf að vernda grunnmið vegna smábáta með línu og færi eða kolanót í fjörðum. Sums staðar eru dragnótasvæðin svo lítil, að það er fásinna og horfir til eyðileggingar að hleypa þangað fjölda dragnótabáta hvaðanæva að, og eru dæmin ljós um það. Þá er það sýnu nær, að leyfi séu takmörkuð við heimabáta, enda er það hægt samkv. frv., því að ráðh. hefur heimild til þess að takmarka fjölda veiðileyfa, og þegar hann takmarkar fjölda veiðileyfa, þá er auðvitað hægt að gera það á þann hátt að veita leyfi eingöngu þeim bátum, sem næstir eru, eða úr þeim byggðarlögum, sem næst eru. Og yfirleitt verður að gæta hófs við veitingu þessara leyfa.

Viðvíkjandi bátastærðinni hefði ég vel getað hugsað mér, að hámarksbátastærðin hefði verið 25 tonn, en í frv. er það meginregla að miða við 35 tonn. Og auðvitað ber að leggja á það fulla áherzlu í þessu sambandi, að það er auðvitað engin búmennska í því að moka upp flatfiskinum, nema því aðeins að tryggt sé að gera úr honum góða vöru og selja þá vöru. Ég veit, að sums staðar, þar sem hægt væri að veiða flatfisk í dragnót, eru ekki skilyrði til þess, eins og sakir standa, í frystihúsunum að taka á móti flatfiski til flökunar. Það er ekki vinnukraftur til þess á þeim tíma, sem veitt yrði. Annað mál kynni að vera, ef hægt væri að fá sérstakar flökunarvélar til þess að flaka kola. Mér er tjáð, að erlendis sé nú unnið að smíði slíkra véla, en ég hygg, að það sé varla svo langt komið, að hægt sé að fá flökunarvélar fyrir kola, sem telja megi sæmilega nothæfar. Það kemur auðvitað til mála að flytja kolann út ísaðan, en þá er eftir að reikna það dæmi, hvort hægt er að láta þá starfsemi bera sig, þannig að fiskimennirnir fái sæmilegt verð með því móti. Nú er sagt, að töluverður markaður muni vera fyrir kolaflök bæði í Englandi eða Evrópu og sérstaklega í Ameríku, en þá er náttúrlega þess að geta, sem ég nefndi áðan, að á sumum stöðum eru beinlínis vandkvæði á því að leysa af hendi þá miklu vinnu, sem í því er fólgin að flaka kolann.

Ég ætla svo ekki að rekja nánar þær varúðarráðstafanir af ýmsu tagi, sem gert er ráð fyrir í frv. Það má vel vera, að þær varúðarráðstafanir þyrftu að vera fleiri og að sums staðar þyrfti orðalag að vera ákveðnara. Ég geri ráð fyrir, að n. eigi e. t. v. eftir að fjalla um atriði af því tagi, a. m. k. ef brtt. koma fram frá einstökum þm.

Eins og ég sagði og áður hef tekið fram, er þetta samkomulagsmál, og varðandi afstöðu einstakra þm., sem að því standa, verður að hafa það í huga, að unnið hefur verið að þessu máli sem slíku og það er flutt sem samkomulagsmál. Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég tel, að í n. hafi allir haft góðan vilja á því að leysa þetta mál með sanngirni, þó að skoðanir væru kannske dálítið skiptar, og að þar hafi ekki verið flanað að neinu. Það er líka áreiðanlega betra að láta einhverja veiðimöguleika ónotaða á þessu sviði en vinna

tjón á fiskimiðunum, sem gæti orðið afdrifaríkt fyrir framtíðina í einstökum landshlutum og í heild.

Á það má minna í þessu sambandi, að hv. form. sjútvn. hefur ásamt fleiri þm. flutt í Sþ. till. um athugun á möguleikum til að takmarka netaveiði á vetrarvertíð. Þetta sýnir, að sem betur fer eru ýmsir á verði gegn þeirri hættu, sem stafað gæti af forsjárlítilli rányrkju, og það væri líka hart, ef þjóð, sem á í baráttu til að vernda strandmið sín fyrir ofveiði annarra, hefði ekki opin augu fyrir því, að hún verður sjálf að kunna sér hóf og stilla sig um að granda hverju kvikindi, sem í sjónum syndir.

Það hefur sem sagt verið reynt að finna samkomulagslausn á þessu máli, og þeirri samkomulagslausn hef ég talið mig geta fylgt, og hef ég fyrr í þessari ræðu gert grein fyrir ástæðum til þess. Ég vil vona, að sjútvn. hafi með þessu frv. tekizt að finna viðunandi leið eða a. m. k. leggja grundvöll, sem geti reynzt nothæfur sem slíkur. Frv. er komið fram að vel athuguðu máli, ég held af góðum vilja til að reyna að leysa vandasamt mál. Og ég held, að við ættum ekki að hafa það fyrir neitt sport hér á Alþ. að vera að deila um þetta mál að nauðsynjalausu og draga inn í þær deilur óskyld atriði. Þetta er vandamál, sem sýnilega þarf að leysa. Í svona máli verða menn að sætta sig við það að geta hliðrað til og reyna að láta reynsluna tala, án þess að tjón hljótist af til muna, og það held ég að sé reynt í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Með því, sem ég hef nú sagt, hef ég þá gert grein fyrir því, hvers vegna ég er ásamt öðrum sjútvn.-mönnum meðflm. að þessu frv. og vil leggja því lið, þó að ég að sjálfsögðu, eins og við sjálfsagt allir í n., séum reiðubúnir til þess að hlusta á ráð hv. þm. um breyt. á frv. og taka þær til athugunar.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar þessi umr. hófst, var hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) fyrsti ræðumaður, og ræða hans gaf mér tilefni til að gera nokkrar örstuttar aths., en ég skal hvorki þreyta hæstv. forseta né d. með löngu máli.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur sjálfur upplýst í umr. þeim, sem fram hafa farið um dragnótamálið, að þekkingu sína á málinu byggi hann eingöngu á því, sem hann hefur á löngum þingmannsferli heyrt hér á Alþ., og öllu því, sem sagt hefur verið gegn dragnótinni, virðist hann treysta eins og biblíunni. Ég ætla ekki að sakast um þetta við hv. þm., en hitt vil ég benda á í þessu sambandi, að hann virðist ekki taka jafnvel eftir öllu, sem fram fer í þessari hv. samkundu. Þannig hóf hann mál sitt í upphafi þessarar umr. með því að lýsa eftir frsm. frá sjútvn. um málið, og hefur það þannig farið fram hjá honum, að frv. á þskj. 399 var alls ekki vísað til n. að lokinni 1. umr. af þeirri einföldu ástæðu, að n. sjálf flutti málið, og engar brtt. lágu fyrir.

Enn fremur virðist hv. þm. ekki hugleikið að fara rétt með ummæli þeirra, sem eru ekki sömu skoðunar og hann í þessu máli. Þannig mistúlkaði hann ummæli mín við 1. umr. þessa máls, þegar hann sagði, að ég hefði sagt, að leggja ætti niður varnir gegn mæðiveiki. Vona ég, að þarna sé um misheyrn eða misskilning að ræða, en ekki vísvitandi mistúlkun, og til þess að hv. þm. þurfi ekki að ráfa áfram í villu um þessi ummæli mín, skal ég endurtaka þau, með leyfi hæstv. forseta. Ummælin voru á þessa leið: „Ég er alveg ósammála hv. 2. þm. Norðurl. v. um þau viðbrögð, sem við eigi að hafa, ef eitthvað ber út af í atvinnurekstri okkar. Við, sem viljum leyfa dragnótaveiðarnar að nýju, viðurkennum, að það hafi komið fyrir, að það hafi verið of langt gengið í veiðunum, það hafi verið veitt meira magn en stofninn þoldi. En hins vegar viljum við ekki draga af þeirri reynslu þá ályktun, að það eigi að banna dragnótaveiðar um tíma og eilífð í kringum landið. Við teljum, að við getum haft fullt gagn af reynslunni og sett samkvæmt henni þær takmarkanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að ekki fari aftur í sama horfið. Hv. 2. þm. Norðurl. v. nefndi dæmi af minkarækt hér á landi og hvernig þar hefði til tekizt, og hann var harla ánægður með þá niðurstöðu, að minkarækt hefði algerlega verið bönnuð hér á landi eftir þau mistök, sem urðu. Þannig álít ég að við eigum ekki að bregðast við. Við eigum ekki að leggja niður heila atvinnuvegi, sem geta skapað landsins börnum góða atvinnu og þjóðarbúinu miklar gjaldeyristekjur, þó að eitthvað beri út af. Eða hvernig álítur hv. þm., að farið hefði, ef við hefðum dregið sömu ályktun gagnvart sauðfjárræktinni vegna mæðiveikinnar? Ef hv. þm. vildi vera sjálfum sér samkvæmur, þá ætti hann auðvitað að leggja til, að vegna mistaka í sambandi við mæðiveikina ættum við algerlega að leggja niður sauðfjárrækt í landinu."

Þetta var það, sem gaf mér aðallega tilefni til að svara hv. þm., en ég vil svo bæta því við, að hann lagði á það áherzlu í ræðu sinni á dögunum, að dragnótaveiðin mundi spilla málstað okkar í landhelgismálinu. Um það atriði muna væntanlega hv. alþm., að sjútvmrh. upplýsti snemma á þessu þingi, að slíku væri á engan hátt til að dreifa, og þá skoðun hafa þeir Hans Andersen sendiherra og Davíð Ólafsson fiskimálastjóri staðfest á fundi sjútvn., sbr. grg. með frv. Þá aðila, sem ég nú nefndi, tel ég dómbærari um þetta atriði en hv. þm.

Ég vil svo að síðustu geta þess, að það hefur fjöldi manns talað við mig síðustu daga og spurt, hvað liði afgreiðslu þessa máls í þinginu. Ég hef frétt það úr fleiri en einni veiðistöð, að það er mikill hugur í mönnum að fá að stunda dragnótina í sumar. Menn eru jafnvel farnir að búa sig út í það og birgja sig upp að veiðarfærum og reyna að tryggja sér afsetningu fyrir flatfiskinn, og núna í kvöld barst mér í hendur svo hljóðandi álykt-

un frá Vestmannaeyjum, sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjölmennur fundur í Smáútvegsbændafélagi Vestmannaeyja, haldinn 24. maí 1960, gerir svofellda ályktun:

Fundurinn skorar mjög alvarlega á hið háa Alþingi, sem nú situr, að samþ. sem lög frá Alþingi. frv. það, sem nú er til meðferðar, um að leyfa litlum fiskiskipum að stunda dragnótaveiðar innan 12 mílna línunnar. Fundurinn telur það lífsnauðsyn hinum minni fiskiskipum, sem ekki geta með góðu móti stundað aðrar veiðar yfir sumartímann, að leyfi þetta verði veitt, svo sem frv. gerir ráð fyrir, ella sé fyrirsjáanlegt meira eða minna atvinnuleysi þeirra, sem slíka útgerð stunda, og verður það afdrifaríkt eftir svo lélega vertíð. Fundurinn telur óhjákvæmilegt, að afgreiðslu málsins verði hraðað svo sem frekast er kostur á, þar sem vinnsla aflans og slík útgerð krefst nokkurs undirbúnings.

Fundurinn samþ., að ályktun þessi yrði send öllum þm. kjördæmisins, svo og frsm., Birgi Finnssyni.

Ályktun þessi var samþ. einróma."

Undir bréfið skrifar Ágúst Helgason, formaður í stjórn Smáútvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Það hefur ekkert komið fram í þeim umr., sem hafa farið hér fram um þetta mál, sem dregur úr þeirri sannfæringu minni, að það sé réttmætt að leyfa dragnótaveiðarnar núna og að við eigum með því móti að reyna að vinna að nokkru leyti upp það gjaldeyristap, sem þjóðin verður fyrir vegna verðfalls á fisk- og síldarmjöli.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að láta þessa umr. fram hjá mér fara, ef fylgismenn málsins hefðu ekki neitt um það sagt, en úr því að umr. halda áfram, þykir mér ástæða til að fara dálítið nánar út í þetta mál og meðfram út af þeim ræðum, sem tveir hv. síðustu ræðumenn hafa hér flutt.

Ég skal byrja á því að geta þess, að á undanförnum dögum hafa verið miklu meiri brögð að því en venjulegt er, að menn úr ýmsum stéttum og byggðarlögum hafa hringt til mín og komið og talað við mig, sumir skrifað mér, og allir hafa þeir gert það í þeim tilgangi að þakka mér fyrir þá ákveðnu, hörðu andstöðu, sem ég hef haft gegn þessu frv. Þar er annars vegar um að ræða lífsreynda og vitra menn, hins vegar um að ræða menn, sem hafa stundað dragnótaveiðar og þekkja þær af eigin reynslu. Öllum þessum mönnum kemur saman um eitt aðalatriði í minni andstöðu, og það er þetta: Ef ætti að samþ. þetta frv. nú hér á hv. Alþ., mundi það verða eitt hið almesta spillingarmál, sem hægt væri að setja fram gegn málstað okkar í landhelgismálinu. Þetta liggur raunar í augum uppi eða mætti gera það, því að landhelgisbarátta okkar byggist, eins og ég hef áður tekið fram, ekki síst á því, að það sé hægt að sanna umheiminum það, að við sjálfir förum heiðarlega með þau verðmæti, sem sjórinn geymir í kringum land okkar. En því fer ákaflega fjarri, að slíkt væri um að ræða, ef nú ætti að fara að taka upp dragnótaveiðar á ný eftir þá reynslu, sem fengin er í þeim málum á undanförnum árum, þegar þær voru leyfðar.

Þeir menn, sem við mig hafa talað og hafa verið á dragnótaveiðum, hafa gefið mér þær upplýsingar, sem raunar eru ekki nýjar fyrir mig, því að þær hafa oft verið gefnar áður hér á Alþ., að það hafi verið mjög algengt, þegar þessar veiðar voru stundaðar, að í vörpuna kom urmull af seiðum og smáfiski, sem var drepið og hent, var náttúrlega einskis virði. En þar með er auðvitað verið að eyðileggja framtíðarstofn þeirra fiska, sem um er að ræða, og um leið verið að sópa botninn og eyðileggja hrygningarstöðvar og botngróður sem næst landi, sem er allra hættulegast. Nýlega talaði við mig bóndi norðan úr Miðfirði, og hann hafði þá sögu að segja í sambandi við þetta mál, að áður en dragnótaveiðar var farið að stunda jafngífurlega og gert var, hefði verið talsverð veiði í Miðfirði og Hrútafirði, en það hefði verið gersamlega eyðilagt og væri ekki farið að ná sér nokkurn hlut enn þá á þessum stöðum, og það taldi hann fyrst og fremst vegna dragnótaveiðanna. Þetta er nákvæmlega sama sagan og Skagfirðingar hafa að segja varðandi sinn fjörð. Svo mundu margir landsmenn geta sagt.

Varðandi það, sem hv. tveir síðustu ræðumenn úr sjútvn. hafa tekið fram, er ekki næsta mikil þörf að tala um þeirra ræður. En það leyndi sér ekki hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), að hann var að reyna að friða samvizku sína út af því, að hann skyldi hafa villzt út á þá hálu götu að fara að fylgja þessu frv., og það var auðheyrt á manninum, að honum gekk illa að forsvara það, að hann skyldi leggja út á þessa braut, vegna þess að ef ég man rétt, var þessi maður einn af hörðustu andstæðingum dragnótaveiða hér á Alþ., þegar þær voru mest til umr., enda mun það svo í því héraði, sem hann hefur lengst af verið fulltrúi fyrir, að þar eiga dragnótaveiðar formælendur fáa.

Þessi hv. þm. sagði, að þetta væri samkomulagsmál og hv. sjútvn. vildi reyna að afgreiða það með sanngirni, það væri samkomulagsmál, sem hann væri þó engan veginn ánægður með. En það, sem hann virtist einkum leggja til grundvallar til að friða samvizku sína út af fylginu við málið, var hið væntanlega eftirlit og svo þau ráð, sem sveitarstjórnum er ætlað að hafa um þetta mál. Allt þetta var þess vegna ekki annað en afsakanir, veigalitlar og þýðingarlitlar í sjálfu sér, sem ég skal koma nokkru nánar að.

Hv. síðasti ræðumaður, frsm. sjútvn. (BF), vildi fara að snúa eitthvað upp í villu því, sem ég hafði sagt í andsvari til hans varðandi mæðiveikieftirlitið. En það, sem hann sagði, er alveg í samræmi við það, sem ég

tók fram í því efni. Ég skal lesa hér orðrétt upp úr ræðunni, eins og hún kom af stálþræðinum, það, sem ég sagði til andsvara við þennan hv. þm.:

„Hv. frsm., 5. þm. Vestf., vék að því varðandi eftirlitið, sem ég tel og lýsti að ég teldi mundu verða lítils virði, — hann gat þess, þessi hv. þm., að ef ég ætti að vera samkvæmur sjálfum mér varðandi t. d. eftirlitið með mæðiveikivörnunum, ætti ég að leggja til, að það yrði lagt niður."

Þetta er ekki að segja það, að hann hafi sagt, að það ætti að leggja það niður. Hann er bara að halda því fram, að ef ég ætti að vera samkvæmur sjálfum mér, þá mundi ég vilja leggja þetta eftirlit niður. — Svo held ég áfram:

„Þetta er alveg fullkominn misskilningur hjá þessum hv. þm., því að þótt þetta eftirlit hafi mjög misheppnazt, þá er ekki hægt, eins og sakir standa og eins og komið er með sauðfjárrækt í landinu, að leggja þetta eftirlit niður, og þarf miklu frekar að herða á því."

Út í þetta skal ég svo ekki fara meira, því að okkur, þessum hv. þm. og mér, ber ekkert á milli í þessu efni annað en það, að hann vill halda því fram, að ef ég ætti að vera samkvæmur sjálfum mér varðandi eftirlit með mæðiveikivörnum, ætti ég að leggja til, að það yrði lagt niður. En ég vil ekki láta koma til þess, að það þurfi að fara að stofna slíkt eftirlit sem hér er stofnað til með dragnótaveiðum, vegna þess að það eftirlit verður tvímælalaust einskis virði eða næstum því einskis virði.

Þá las þessi hv. þm. upp samþykkt frá útvegsmönnum í Vestmannaeyjum um, að þeir krefjist þess, að dragnótaveiðar verði hér leyfðar, og ég tel ekkert undarlegt við það. Ég veit, að þeim er það mikið áhugamál þar suður frá, og mætti þá öðrum vera það frekar. Í þeirri þýðingarmestu og ég held arðmestu veiðistöð landsins, Vestmannaeyjum, eru þróttmiklir og ágætir fiskimenn, og ég held, eftir því sem ég hef bezt þekkingu á, að þeim verði meira ágengt í sínu starfi en nokkrum öðrum fiskimönnum í landinu, vegna þess að þar séu auðugri fiskimið en aðrir hafa við að búa. Það er auðvitað fagnaðarefni, ekki einasta fyrir menn í þessu byggðarlagi, heldur og yfir allt, hvar sem vel gengur. En hvað mættu þá fiskimennirnir á öðrum stöðum í landinu, sem hafa verri aðstöðu við að búa og minni fisk, hvað mættu þeir þá biðja um til þess að drýgja sínar tekjur, ef þeir væru þá á annað borð þess sinnis að vilja fara að eyðileggja framtíðarverðmæti með því að krafsa vegna stundarhagsmuna allan fisk upp undir landsteina, sem þeir geta náð í með dragnótaveiðum? Ég hef sannanir fyrir því, að bæði í vetur og undanfarið hafa Skagfirðingar veitt mjög mikið af kola, mjög mikið, og þeir veiða hann í net og á línu. Hví skyldu ekki Vestmanneyingar og aðrir, sem kapp leggja á það að koma á dragnótaveiðum, alveg eins og Skagfirðingar og raunar fleiri menn geta veitt þennan fisk á línu og í net eins og hinir, en þurfa endilega að fara að grípa til þess að heimta lögleitt hættulegasta veiðarfæri, sem þekkist í þessu landi?

Þá er það eitt aðalatriði þessa máls, sem virtist vera mikið varnaratriði hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. og ég hef töluvert vikið að hér í mínum fyrri ræðum, og það er sú trygging, sem á að vera í því, að sveitarstjórnir eigi að leyfa það eða það eigi að bera það undir þær og þær leyfa það, ef dragnótaveiði á að vera komið á. Ég tók það fram í ræðu minni hér á dögunum, að ég liti svo á, að ef þetta yrði lögleitt, og þetta er í 1. gr. þessa frv., væri það eitt bezta ráð til að koma á megnum ófriði milli sveitarstjórna víðs vegar um land og innan sveitarstjórna og bæjarstjórna, fyrir utan það, að aðstaðan er þannig, að víðs vegar um landið eru sveitarstjórnirnar alveg ófrjálsar gagnvart öðrum. Þó að þær vilji hjá sér banna, að dragnótaveiði sé leyfð, þá eru þar aðrar í nágrenninu, sem gera það að verkum, að það verður óhjákvæmilega kapp um það. Ef á annað borð á að fara að nota þessa hættulegu veiðiaðferð, verður kapp um það að láta þá ekki þá næstu sitja alveg eina að pottinum. Við skulum hugsa okkur, að bæjarstjórnin í Keflavík felldi það að leyfa dragnótaveiðar, en bæjarstjórnirnar í Hafnarfirði og Reykjavík samþ. það. Segjum, að bæjarstjórnin á Akranesi neitaði því líka. Hvaða aðstaða er þá hjá þessum mönnum, sem neita að samþ., Keflvíkingum og Akurnesingum, hvaða aðstaða er það hjá þeim að hafa nokkrar varnir gegn ásókn þeirrar rányrkju, sem til væri stofnað frá Hafnfirðingum og Reykvíkingum? Ekki nokkur. Þið vitið, að þegar á annað borð er búið að leyfa dragnótaveiði og þau skip eru farin að skarka með sín veiðarfæri víðs vegar um sjóinn, bæði að nóttu og degi, þá er engin aðstaða fyrir neina menn í nágrenninu að vera til varnar gegn því, að þeir geti alveg eins verið inni í þeirra landhelgi og sinni eigin. Setjum svo, að Vestmanneyingar samþ. þetta, sem enginn þarf að efast um, því að sú alda mun vera þaðan runnin, eftir þeirri þekkingu, sem ég hafði af þessu máli áður, hún mun vera runnin einna mest þaðan, — segjum, að þeir samþ. þetta, en sveitar- og bæjarstjórnir hér um Suðurland neituðu því. Hvaða varnir hafa þeir Sunnlendingar gegn dragnótabátunum frá Vestmannaeyjum? Ekki neinar. Þeir eru varnarlausir gegn því, þó að þeir séu að skarka með dragnætur uppi í ósum Ölfusár og Þjórsár og taka þar laxinn og silunginn, sem er að því kominn að ganga upp í árnar, því að það vitum við, að mörg dæmi eru til, að dragnótabátarnir, — a. m. k. hef ég sannanir fyrir því hér á árunum norðanlands, að þeir veiddu alveg eins silung og lax eins og aðra fiska, þó að það sé að vísu örðugra með laxinn, vegna þess að hann er svo styggur fiskur og öruggari að bjarga sér en flestir aðrir fiskar undan nálega hvaða veiðarfæri sem er.

Nú skulum við taka fleiri dæmi um þessa aðstöðu. Setjum svo, að hreppsnefndin á Skagaströnd neitaði öllum dragnótaveiðum á Húnaflóa, en hreppsnefndin á Hólmavík leyfði þær og annars staðar á Ströndum. Hvaða varnir hafa þá Skagstrendingar, Blönduósingar og aðrir Húnvetningar gegn því, að dragnótabátarnir á Ströndum séu inni um alla firði og flóa og inni um fjarðarbotn og inn í ósa í Húnavatnssýslu, eins og ég hef lýst og hef sannanir fyrir að var hér á árunum? Engar. Allt þetta tal um það, að sveitarstjórnir geti ráðið, er út í bláinn, vegna þess að þær sveitarstjórnir, sem eru í nágrenni við þá, sem vilja fá þessa veiði, eru varnarlausar gagnvart hinum, og þær geta ekkert eftirlit haft með því, að þessir og þessir dragnótabátar, — því að þeir verða margir, ef farið er út á þessa braut, — séu að nóttu til að skarka um landhelgi þeirra. Ef ætti að koma þessu á á annað borð, væri kannske einna helzta leiðin að binda það við kjördæmin, sem nú eru, og að það skyldi þá þurfa yfirgnæfandi meiri hl. sveitarstjórnarmanna í hverju kjördæmi, til þess að það væri hugsanlegt að leyfa það, að dragnótabátar annars staðar að fengju að vera að sínum veiðum í landhelgi viðkomandi kjördæmis. Það er þó sanni nær, vegna þess að það er þó frekar hægt að hafa eftirlit með því, vegna þess að kjördæmin eru orðin svo stór sem nú er raun á.

Tökum t. d. aðstöðuna í Skagafirði og Siglufirði. Setjum svo, að bæjarstjórnin á Siglufirði leyfði dragnótaveiði. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið úr Skagafirði, bæði frá Sauðárkróki og Hofsósi, eru engar líkur til, að sveitarstjórnirnar þar mundu leyfa þetta. En hvaða varnir hafa þær gegn dragnótabátunum frá Siglufirði? Þeir geta farið inn um allan Skagafjörð og veitt þar, ef þeir á annað borð eru búnir að fá leyfi til þess að stunda veiðar með þessari aðferð.

Og eins getum við sagt um Austfirði. Ef það væri leyft t. d. af bæjarstjórninni á Norðfirði að taka upp dragnótaveiðar, en það væri fellt á Seyðisfirði, Mjóafirði, Reyðarfirði og Eskifirði, þá væru þeir varnarlausir gegn dragnótabátunum inn um alla firði og inn í fjarðarbotna. Þeir, sem vilja ekki fá þetta, væru varnarlausir fyrir dragnótabátum hinna, því að allt þetta tal, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., um, að það sé einhver vörn í þessu frá sveitarstjórnunum í eftirlitinu, það er alveg út í bláinn, það er gert til þess að blekkja þm., sem hafa ekkert hugsað út í málið. Það er ekki til neins annars.

Hér á fundinum í dag í Sþ. var verið að samþ. till. um klakstöðvar og ræktun á laxi og silungi, og ég held, að það hafi verið með því hver einn og einasti þm. Mér datt í hug, þegar þessi till. var samþ., sem ég auðvitað greiddi atkv., að mikill væri nú munurinn á hugsunarhætti þeim, sem bak við það liggur að samþ. þessa till., ellegar þeim, ég vil segja gerspillta hugsunarhætti, sem liggur á bak við þetta frv. Hann er byggður á því að eyðileggja framtíðarverðmætin með því að draga dragnætur alveg inn í fjarðarbotna og inn að landi. Og ég hef áður vikið að því, hvaða réttlæti, hvaða sanngirni, svo að ég noti orð hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), — hvaða sanngirni mundu landeigendurnir, bændurnir, geta fundið fyrir því, að það ætti að leyfa mönnum úr öðrum héruðum og öðrum landsfjórðungum að vera að skarka með dragnætur upp að söndum og landsteinum, inni í fjarðarbotnum, víkum og ósum, þegar þeim sjálfum, sem eiga land þar að, er gersamlega bannað að kasta neti út frá landi, vegna þess að það var hræðsla um það frá meiri hl. Alþingis, að það kynni að geta slæðzt í netin, sem þessir landeigendur eiga, einhver laxbranda? Eins og menn vita, er það harðlega bannað í lax- og silungsveiðilögunum að veiða lax í sjó, en þeir, sem ætla að stunda dragnótaveiðina, mega veiða laxinn og þeir mega veiða silunginn, bara ekki þeir, sem eiga land að.

Þá er ein kenning, sem hefur verið nokkuð haldið á loft og þó ekki mjög mikið bólað á, að það sé alveg nauðsynlegt að veiða kolann miklu meir en gert hefur verið, vegna þess að þetta sé ránfiskur, sem gleypi seiði, og þar fram eftir götunum. Ég skal nú ekkert fullyrða um það. Þetta getur vel verið, ég hef ekki þekkingu á því. En það eru svo margvísleg dæmi og margvíslegar sannanir fyrir því, að það eru til bæði fiskar og önnur dýr í sjónum, sem éta hin minni, og ekki gott að vera að taka þar fram fyrir hendurnar á náttúrunni. Eitt dæmi er það, sem fyrir okkur, er búum við ósana, er dálítil ástæða til að minnast á í þessu sambandi, og það er það, að við vitum það og það vita allir menn, að selirnir, sem halda sig mjög við ósa, éta eitthvað meira eða minna af silungi og laxi og öðrum fiski, sem þar kemur upp. Þess vegna eru margir, sem eiga veiðirétt að ósum, sem hafa á það lagt kapp að drepa sem allra mest af selnum. Aðrir eru þeirrar skoðunar, að þetta sé alger misskilningur, því að það sé alveg eins víst, að selurinn reki laxinn og silunginn upp að landinu og upp í ósana. Mín reynsla var sú, á meðan ég mátti draga á í Húnavatni, að þegar mest var af sel, þá var líka mest af silungi og laxi. Og hvað sem öllu því líður, þá er það víst og áreiðanlegt, að á meðan þetta land var óbyggt eyðiland, þá var enginn að grípa fram fyrir hendurnar á náttúrunni í þessu eða öðru, en það er fullyrt, að þegar forfeður okkar komu hér að landi, voru allar ár og öll vötn full af fiskum, full af löxum og silungum, þrátt fyrir það þótt engir selir hefðu verið drepnir. Eins getur þetta verið með kolann og önnur sjávardýr, sem hætt er við að éti hin smærri og þróttminni. En aðalatriðið í málinu er þó það, að það er frá mínu sjónarmiði lífsskilyrði fyrir okkar land og ekki sízt fyrir alla þá, sem stunda sjávarútveg, og eins hina, sem gera það ekki, að vernda ungviðið, og að því miðar landhelgisbarátta okkar, og að því hefur mið-

azt starfsemi allra þeirra manna, sem hér á Alþ. og annars staðar hafa barizt gegn því, að leyfð væri dragnótaveiði.

Ég get sagt ykkur það, að ég álít, að það hafi verið einhver hin mesta ógæfa, sem komið hefur yfir okkar land varðandi síldveiðar, þegar Hvalfjarðarsíldin fannst, síldin í Hvalfirði og víðar hér, reyndar aðallega í Hvalfirði, en líka í Kollafirði, því að hún fannst þar fyrst. Eftir því sem kunnugir menn segja, var þarna um hrygningarsíld að ræða. Hún var drepin um háveturinn alveg óskaplega, mokað upp, og þó líklega enn þá meir drepið vegna þeirra veiðiaðferða, sem þá voru viðhafðar. Við getum ekkert um það sagt nema á þessum stöðum hafi verið hrygningarsvæði síldarinnar frá aldaöðli, því að forfeður okkar höfðu ekki bergmálsdýptarmæla til þess að leita í sjónum, eins og nú er orðið títt. En hvað sem um það er, þá er það nokkurn veginn víst, að alla tíð, meðan síldveiði var góð fyrir Vestfjörðum og í Húnaflóa, kom síldin vestan fyrir, en síðan Hvalfjarðarsíldin var drepin svona óskaplega eins og raun var á, hefur öll síldveiði brugðizt á þessum stöðum, bæði fyrir Vestfjörðum og í Húnaflóa, og það mætti segja mér, að einn þátturinn í því, að hún hefur brugðizt, væri það, að sú ógæfa skyldi henda, að þessi Hvalfjarðarsíld fannst, hrygningarsíldin, sem þar var, því að þar var verið að drepa stóra flokka af mæðrum hinna komandi síldarstofna. Ég sagði við þáverandi sjútvmrh., sem hafði nokkuð með þetta að gera: Þessa veiði átt þú að banna, gersamlega að banna. — Mér er ekki stætt á því, segir hann, því að ásóknin er svo mikil. — Þetta nefni ég bara sem eitt dæmi af mörgum og er eitt af því, sem er þáttur í því, að það er hættulegt, hættulegra en flestir hyggja, að ganga svo nærri stofninum eins og ætla má að verði, ef hin fyrirhugaða dragnótaveiði verður leyfð.

Auðvitað er það í þessu máli eins og í hverju öðru, að það verður hver hv. þm. að ráða sínu atkv. En ég vil halda, að ef svo ólíklega og raunalega fer, að meiri hl. hér á hv. Alþ. verði svo skammsýnn að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvíli á þeim mönnum þung ábyrgð gagnvart framtíðinni og ekki síst gagnvart þeirri baráttu, sem þjóðin stendur í nú um landhelgisréttindi sín.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Á síðasta reglulegu Alþingi flutti ég frv. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Það náði þá ekki fram að ganga. Aftur á s. l. hausti flutti ég það sama frv. ásamt nokkrum öðrum þm., og nú, eftir að það hafði verið til athugunar hjá sjútvn. þessarar d. og borizt höfðu þangað drög að frv. svipaðs efnis, sem gerð voru af stjórnskipaðri nefnd, þá tók sjútvn. sig til og gerði upp úr þessum tveimur frv. það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. Það er efnislega mjög lítið frábrugðið því, sem ég og hv. samflm. mínir að frv. með sama nafni, 5. þingmáli þessa þings, fluttum, að öðru leyti en því, að í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að einstökum héruðum sé gefinn kostur á því að láta í ljós álit sitt um það, hvort opna skuli fyrir dragnótaveiðum eða ekki þau mið, sem þá væntanlega yrðu stunduð af skipum úr þeirra lögsagnarumdæmi. Ég tel að vísu betur fara á því, að slíkt vald sé ekki í höndum héraðsstjórna, heldur í höndum ríkisvaldsins alfarið, sem færi með þau mál í samráði við vísindastofnun landsins í fiskveiðum, þ. e. a. s. fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands, og svo Fiskifélag Íslands. Engu að síður hef ég mjög fúslega fallizt á það að mínu leyti sem nú í augnablikinu nm. í sjútvn. að vera flm. að því frv., sem hér er, en svo sem þar er rækilega fram tekið, er þar um að ræða tilraun til samkomulags, þar sem ýmis atriði eru á þann veg ákveðin, sem einstakir nm. mundu nú gjarnan hafa haft nokkuð öðruvísi, ef þeir hefðu þar verið einir um frumvarpssmíð.

Aðalatriði þessa máls tel ég vera það, að órækar sannanir liggja fyrir því, að á Íslandsmiðum vex upp fiskistofn flatfisks, sem er svo mikill nú um þessar mundir, að af skarkola einum telja fiskifræðingar okkar að taka megi um 10 þús. smál. á ári án þess að skerða stofninn. Þetta hefur líka verið gert t. d. á árinu 1957, en það voru bara ekki Íslendingar, sem veiddu þennan fisk nema að mjög litlu leyti, því að á fimm ára tímabilinu næst á undan árinu 1957 varð veiðin sívaxandi af flatfiski og komin í það, að tekin voru tæp 10 þús. tonn af skarkola einum saman á árinu 1957. En Íslendingar voru ekki stærri aðili að þessari veiði en svo, að á nefndu fimm ára tímabili var veiði Íslendinga frá 3% og upp í 7% af heildarveiðinni, sem alþjóðlegar skýrslur sýna að tekin var á Íslandsmiðum.

Þegar við færðum út landhelgi okkar árið 1958 og bægðum erlendum veiðiskipum út fyrir 12 mílna mörkin, þá liggur í augum uppi, að möguleikinn fyrir erlenda aðila hefur stórlega minnkað til að veiða þennan fisk. Og hver veiðir hann þá? Því er fljótsvarað. Það gerir enginn, nema því aðeins að við Íslendingar sjáum hag okkar í því og stöndum við þá skyldu okkar gagnvart neytendum þeim, sem kaupa af okkur á mörkuðum okkar úti um heim, að flytja þann fisk, flytja það verðmæti, sem með góðu móti er hægt að taka af þessum miðum án þess að spilla þeim, á markað til þeirra. Allt annað væri að bregðast hlutverki okkar sem viðskiptaaðila við þá, sem við viljum hafa samskipti við og af okkur vilja kaupa.

Ég tel þess vegna, að sú mótbára, sem margir höfðu uppi gegn því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi, að það mundi skaða málstað okkar í landhelgismálinu, sé að vísu ekki af illum hvötum upprunnin hjá þeim, sem hana hafa eða höfðu, heldur af misskilningi. En það er auðvitað skylda allra

góðra manna, sem uppgötva það, að þeir hafa ranglega skilið einhvern hlut, að leiðrétta það í hugskoti sínu og láta það koma fram í gerðum sínum, þegar þeir hafa fengið að sjá fram á það svart á hvítu, að þeirra mál var orðið úrelt, ef það hefur þá ekki verið rangt frá upphafi.

Sumir andmælendur þessa frv. hafa haldið því fram, að óþarfi væri að leyfa dragnótaveiðar vegna þess, að við gætum með sæmilega góðu móti veitt flatfisk með öðrum hætti, annaðhvort á línu eða í net. Ég verð að segja þeim mönnum, sem þessar hugmyndir hafa, það, að í fyrsta lagi er algerlega vonlaust, að hægt sé að veiða nokkurt magn, sem heitið getur, með línu. Það er einnig vonlaust að gera það með venjulegum lagnetjum. En auk þess liggur það fyrir, að lagnet eru að verða eitt af okkar vandamálum. Það er að verða veiðiaðferð, sem virðist ekki svara kröfum tímans og úreldist nú skjótar en nokkur önnur veiðiaðferð á Íslandi, og það af mörgum ástæðum. Fyrst það, að veiðarfærakostnaðurinn er svo gífurlegur, að með engu öðru veiðarfæri er hann neitt svipaður eða sambærilegur. En það, sem veldur þó mestu, er, að slíkt veiðarfæri hefur ekki möguleika til að skila neitt svipað því eins góðri vöru og önnur veiðarfæri, og vænti ég þess, að allar þær hugrenningar, sem ábyrgir aðilar hafa haft uppi að undanförnu um þetta vandamál, hafi ekki farið fram hjá neinum hv. alþm., enda þótt þær umr. hafi meira snúizt um þorskanet en þau net, sem flatfiskur yrði veiddur í, en auðvitað er þar á enginn eðlismunur, enda sú reynsla þegar komin, að sá flatfiskur, sem veiddur er í net, er meira og minna gölluð vara, einmitt vegna þess, með hverjum hætti hann er veiddur. Ég tel þess vegna, að það séu ekki heldur nein rök að halda því fram, að við getum veitt flatfisk með þeim hætti, sem hér hefur verið nefnt að komið gæti í staðinn fyrir dragnót. Við þau rök bætist það, hversu sjálfsagt það er fyrir okkur að veiða þennan flatfisk, að við eigum einmitt bátaflota, sem mjög vel hentar til þessara veiða, en er verkefnalaus einmitt á þeim tíma, sem veiðivonin er mest um flatfiskinn, og við eigum einnig vinnslustöðvar, sem í augnablikinu eru reyndar varbúnar til þess að taka á móti miklu magni af flatfiski, vegna þess að þær hafa ekki verið vélvæddar til þess, en mundu að sjálfsögðu verða til þess hæfari, eftir því sem fram liðu tímar og eftir því sem slíkar vinnslustöðvar ættu þess kost með nokkrum fyrirvara að búa sig undir það að taka á móti slíku fiskmagni og verka það með eðlilegum hætti.

Sumir tala um það, að dragnótaveiði sé alveg sérstök rányrkja á fiski. Það er mál út af fyrir sig, en ég vildi bara mega spyrja: Hvaða veiði er það, sem stunduð er á fiski við Íslandsstrendur, sem er ekki rányrkja? Hvað látum við sjóinn hafa í staðinn fyrir það, sem við tökum úr honum? Það ber að játa það hreinlega, að öll okkar veiði er rányrkja. Við höfum ekkert fiskuppeldi í staðinn fyrir það, sem við veiðum úr sjó, svo að það er ekkert einstakt fyrir dragnót. Þeir, sem halda því fram, að dragnót sé óalandi og óferjandi, vegna þess að hún sé rányrkja, geta alveg með sömu rökum haldið því fram, að við eigum engan fisk að veiða úr sjó, vegna þess að öll okkar veiði er rányrkja. Og mér er reyndar alls ekki grunlaust um það, að lax- og silungsveiði í Miðfjarðará og í ýmsum ám norður í Húnavatnssýslu, svo að dæmi sé nefnt, sé einnig með því sama marki brennd, að það sé ekkert látið í staðinn fyrir það, sem veiðist.

Ég tel það engan veginn óeðlilegt, þótt uggur sé í hugum margra manna, sem teknir eru nú nokkuð að reskjast og muna kannske glöggar það tímabil, þegar ofveiði var af flatfiski, heldur en tímana, sem síðan eru liðnir. Það er raunverulegt, að um skeið var ofveiði á þessum fiski. Hún stafaði að litlu leyti af snurvoðarveiðum Íslendinga sjálfra. Að mestu leyti stafaði hún af því, að þá voru fiskimið okkar opin öllum þjóðum upp að 3 mílna mörkunum, sem hlykkjuðust meðfram landinu og voru raunar þannig, að það var miklu erfiðara að verja þá landhelgislínu en okkar 12 mílna línu nú. Hún var raunar allmiklu lengri, gamla 3 mílna línan, vegna þess að hún gekk inn í flóa og firði. Þá var hægara um vik fyrir erlenda veiðiþjófa að fara inn fyrir þau mörk, enda voru þess mýmörg dæmi, að svo var gert, og eru þó færri af þeim dæmum staðfest en hin, sem ætla má að átt hafi sér stað án þess, að til veiðiþjófanna næðist. Nú er búið að bægja þessum útlendu veiðiskipum alllangt frá strönd okkar. Þar af leiðandi hafa Íslendingar sjálfir langtum rýmri möguleika til veiðanna nú en þeir höfðu þá.

Ég tel alrangt, að það geti verið nokkur réttlæting til í því að leyfa ekki hóflega veiði flatfisks, þegar svo stendur á eins og ég nú hef nefnt, og skal ég ekki fjölyrða frekar um það að svo stöddu. Það er þó aðeins eitt, sem ég vildi víkja að af þeim mótbárum, sem hafðar hafa verið uppi gegn samþykkt þessa frv., en það er það atriðið, að ýmsir gamlir og reyndir formenn og sjómenn aðrir tala með skelfingu um snurvoðarveiðina og telja hana hinn mesta háska. Ég hef áður tekið það fram, að mér finnst það ekki með öllu óeðlilegt, þótt menn, sem komnir eru nokkuð á aldur, hugsi þannig og hafi sleppt úr að meta þá þróun, sem á síðustu árum hefur átt sér stað. Þess vegna vil ég ekki áfellast einn eða neinn, þótt hann hafi þessa skoðun. En fyrst hér hafa verið sagðar sögur af slíkum mönnum, þykir mér ekki alveg út í hött, þótt ég leyfi mér að segja undan og ofan af af lífsreynslu eins ágæts manns, sem einmitt var þessarar sömu skoðunar þar til nú fyrir nokkrum árum.

Það var á árinu 1957, að nokkrir bátar í Vestmannaeyjum fengu leyfi til þess að veiða humar, ýmist í nætur eða í botnvörpu. Þetta

var gagnrýnt af mörgum, og því ber ekki að neita, að nokkrir af þeim, sem þessar veiðar stunduðu, fóru út fyrir þau takmörk, sem hið opinbera hafði ætlazt til af þeim. Það fylltust ýmsir menn mikilli vandlætingu yfir þessu, m. a. einn ágætur skipstjóri, sem ég veit ágæt deili á og veit að er mikill heiðursmaður. Hann talaði um það af mikilli vandlætingu, að þarna væri farið um með humartroll, sem væri eitt ægilegt veiðarfæri og hlyti að gera slíkt tjón, að óbætanlegt væri fyrir þjóðina. En þegar stundir liðu fram og þessar veiðar reyndust allvel, kom t. d. í ljós, að þar sem aðallega hafði verið veitt með þessum veiðarfærum sumarið 1957, þar var miklum mun meiri veiði af ýsu og rúnnfiski að haustinu en verið hafði um mörg ár. Þá fannst þessum formanni alls ekkert fráleitt að prófa sjálfur, hvernig þetta væri, og síðan gerðist hann formaður á humarveiðibát og dró sína botnvörpu eins og hinir og fiskaði ágætlega. Samt var ekki laust við það, að í honum væri nokkur ímugustur á þessu veiðarfæri, enda hafði hann ýmislegt misjafnt látið sér um munn fara um veiðarfærið, allt þar til er hann varð fyrir því, að eitt sinn þegar hann hífði inn vörpu sína og fékk upp sína hlera, þá voru á þeim nokkrar netatægjur, en upp hjá bátnum gaus slíkur óþefur, að líkast var því sem báturinn sigldi á fúlli for. En þegar farið var að taka inn vörpuna, kemur í ljós, að hann hefur lent þarna í því að draga vörpu sína yfir gamlan netahaug, sem í voru þorskmorkur, allt frá beinagrindum og upp í lifandi fisk, en þeir áttu í hinum mestu erfiðleikum með að hreinsa þessar dræsur af humartrolli sínu, enda angaði bátur þeirra í óþef í nokkra daga, eftir að þetta hafði skeð, enda þótt vandlega væri þveginn. Síðan þetta skeði, er víst um það, að þessi hinn sami formaður telur hvorki nót né vörpu vera þau alvarlegustu veiðarfæri sem í sjó eru lögð. En það má vel vera, að til séu þeir menn, sem þurfa endilega að reyna eitthvað slíkt persónulega sjálfir til þess að skilja, að sjónarmið, sem voru máske góð og gild fyrir svo sem 10 eða 15 árum, eiga ekki lengur alls kostar við í dag, og það vona ég, að þeir, sem nú andmæla þessu frv., eigi eftir að reyna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, enda er kominn tími til, að það sjáist við atkvgr. hér í d., hver afstaða þm. er til þessa máls. En það eru þó nokkur atriði úr tveimur síðustu ræðum hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), sem fá mig til þess að gera hér nokkrar aths. En í sambandi við ummæli hans um flm. þessa frv., þá er mér mikil og jafnvel sérstök ánægja að taka það fram, að ég tel mig geta öðlazt stórmikinn fróðleik í öllum málum við fótskör meistara Jóns nema þeim, sem um veiðarfæri og fiskveiðiaðferðir fjalla. Í þeim málum bíðst ég undan fræðslunni, ekki vegna þess, að ég telji mig hafa neina sérstaka þekkingu á þeim málum, heldur vegna augljósrar vanþekkingar þessa hv. þm., sem ég m. a. dreg af klassískum lýsingum hans við 1. umr. og nú í kvöld, en í öllum sínum ræðum, ekki síður í kvöld en áður, hefur þessi hv. þm., eins og aðrir þdm. hafa orðið varir við, rætt um allt milli himins og jarðar, um lax- og silungsveiði, mæðiveiki og varnir gegn mæðiveikinni, ríkisreikningana og lélegt eftirlit á ríkisreikningunum, minkaplágu og minkaeldi og sína staðföstu ótrú á öllum okkar vísindamönnum og öllu þeirra eftirliti, þótt í seinni ræðum sínum, eins og hér heyrðist í kvöld, væri hann kominn á þá skoðun, að eitt tiltækilegt ráð væri til aukinna mæðiveikivarna, það væri strangara eftirlit en áður hefur þekkzt. Og hann sagði enn fremur orðrétt í sinni fyrstu ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Dragnótin er miklu hættulegri en botnvarpan, því að neðan á botnvörpunni eru eins konar hjól, sem fiskurinn getur synt undir og á milli.“

Við að heyra slíka lexíu lífsreyndra manna hlýtur þeim ófróðu og óþroskuðu að verða sú spurning á vörum, hvort ekki sé beinlínis um stórkostleg fjöldamorð á fiskum sjávardjúpanna að ræða, þegar þeir sjá þessa hjólatík dregna um botninn, ekki vegna hættunnar af veiðarfærinu sjálfu, heldur vegna krampahláturs, sem hlýtur að grípa þá fiska, sem sjá þetta.

Hv. þm. þótti ég hafa verið orðljótur við 1. umr. málsins. Eftir orðum hans virðist réttur þm. til notkunar sterkra orða miðast við, að þm. séu komnir töluvert á efri ár og hafi að baki langa þingsetu og reynslu mikla. Þessa ályktun dreg ég af ræðu þeirri, er hann flutti, er hann hóf umr. um þetta frv., en þá sagði hann m. a., og hann hefur endurtekið það í seinni ræðum sínum, að aldrei hefði ógeðfelldara starf verið unnið á Alþ. en það, sem sjútvn. hefði unnið með þessu frv. Og hann sagði jafnframt, að þessi hv. þn. hefði gert Alþ. að allsherjarathlægi með þessu starfi, svo að eitthvað sé nefnt. Ég held, að ummæli hv. þm. stafi ekki af ljótum orðum mínum, heldur af því, að ég dró og dreg í efa, að þær fullyrðingar hv. þm. fái staðizt, að á undanförnum árum hafi þekkingin á fiskveiðiaðferðum, veiðarfærum og hættunum á ofveiði fiskistofnanna flogið í fang honum hér á Alþ., a. m. k. þori ég að fullyrða, að flug þessa vísdómsfugls, sem hér hefur flögrað um sali hv. þm. til fróðleiks, hafi ekki borið með sér vængsúg arnarins, heldur hjáróma skræki innilokaðs páfagauks.

Annars má segja, að við, sem fylgjum dragnótafrv., höfum fulla ástæðu til að þakka hv. þm. fyrir innlegg hans í umr. um þetta mál, ekki fyrir barngæzku hans, sem lýsti sér í orðum hans í næstsíðustu ræðu, heldur fyrir að bera á borð fyrir hv. d. þau rök, sem hann hefur gert og telur að líklega muni nægja til að stinga upp í dragnótaberserkina, sem hann kallaði svo. Það hefði einhvern tíma þótt tíð-

indum sæta, að Jón Pálmason bæri fyrir sig í málefnalegum umræðum sem sinn sóma og eina skjöld bréf frá óflokksbundnum kommúnista og það úr Kópavogi, sem að vísu segist hafa fulla sjón, sem ég efa stórlega eftir að heyra þá félaga, Jón Pálmason og hinn óflokksbundna kommúnista, telja það rök gegn stórvirku og hagnýtu veiðarfæri, að fiska megi flatfiskinn á króka eða í lagnet, svo að fullkomin hagnýting náist úr verðmætasta fiskinum, sem Íslendingar eiga í landhelgi sinni og er líklega hinn eini raunverulegi sparisjóður þjóðarinnar.

Það kom fram í bréfi þessu, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. las hér upp fyrir þm., sá misskilningur, sem er að vísu nokkuð útbreiddur, að nytja megi flatfiskinn með lóðum og lagnetum. Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) vék nokkuð að þessu hér áðan í sinni ræðu og benti réttilega á margt í því sambandi. En í bréfinu kom enn fremur fram mikil hneykslun á því, að fiskvinnslustöðvar vildu ekki kaupa þann kolaafla, sem nú fengist á lóðir og í lagnet, og enn fremur sagði hv. 2. þm. Norðurl. v., að í landinu hafi legið í jan. s. l. 1300—1500 tonn af flatfiski, sem ekki væri hægt að selja, auk þess sem ég hafi verið með getgátur einar um 150 millj. kr. útflutningsverðmæti og hefði engin rök haft fyrir því. Það væri vissulega tækifæri til þess út af þessum ummælum hv. þm. að tala langt mál, en ég skal reyna að vera stuttorður, enda hafa þm., sem hér hafa talað fyrir frv. í kvöld, komið nokkuð inn á þessi mál. En þess ber að geta í þessu sambandi, að til fullrar vinnslu eða til flökunar er kolinn aðeins hæfur þann tíma, sem í frv. er gert ráð fyrir að megi veiða hann. Annan tíma árs, ef hann er veiddur og settur í slíka vinnslu, er svo ótrúlega stórt prósent af honum í viðbót við hið venjulega, sem fer í úrgang, að það þykir ótrúlegt. Þetta er ástæðan fyrir því, að fiskvinnslustöðvarnar vilja ekki kaupa hann til vinnslu á öðrum tíma árs en um er getið í frv. að veita eigi veiðileyfin.

Grundvallarskilyrði fyrir því, að það megi skapa hinn dýrmæta Bandaríkjamarkað, sem hv. þm. (JPálm.) sagði að ég hefði verið með tómar getgátur um fyrir kolaflökin, er sá, að hráefnið sé fyrsta flokks. Það var líka minnzt á það hér áðan af hv. síðasta ræðumanni, og öll þjóðin viðurkennir það reyndar, að gæði þorskaflans síðustu vetrarvertíðir hafa farið hríðversnandi, og er vaxandi lagnetanotkun einmitt kennt um það eða talin aðalástæðan. Það eru engin frambærileg rök til fyrir því, að þetta sama komi ekki til með að gilda um kolanetin. Auk þess yrði algerlega óframkvæmanlegt á þeim stutta tíma, sem leyfa má vinnslu kolans til þess að náist úr honum góðar afurðir, að veiða með netum og lóðum það magn, sem stofninn þolir eftir mati þeirra, sem þar eiga að skera úr um, en það eru fiskifræðingar okkar.

Um þau 1300—1500 tonn af flatfiski, sem óseld voru um áramót, og af hverju það stafaði, að þau seldust ekki, þá var það að mestu vegna þess, að hráefnið var mjög lélegt. Og það var sama, þótt það væri veitt á þeim tíma, sem heppilegt getur kallazt, þá var ástæðan sú, að þessi afli var veiddur í vitlaust veiðarfæri. Hann var veiddur í humartroll í staðinn fyrir dragnót. Og humartrollið skemmdi þennan afla, m. a. vegna eftirfarandi ástæðna: Togtíminn, þegar togað er með humartrolli, er mjög langur, sem er ekki til að dreifa um dragnót, eða allt upp í 4 klst. Það hefur verið veitt á margföldu dýpi miðað við það, sem góður koli heldur sig allajafna, sem væri ekki til að dreifa með dragnótaveiði. Í humartrollið kemur mikið af skel og krabba, sem ekki aðeins skemmir kolann, meðan aflinn er í trollinu, heldur þó frekast á þilfari bátanna, er þetta blandast þar saman, og svo þegar verið er að ganga á þessu. Það er fyrst og fremst við þessar veiðar hugsað um humarinn og kolinn látinn liggja óinnanífarinn og óvarinn á þilfarinu í margfalt lengri tíma en eðlilegt getur talizt. Það ber því allt að sama brunni. Heppilegt veiðarfæri vantar til þess að hagnýta kolaaflann á þeim stutta tíma, sem leyfa á hann til fiskiðnaðar og flökunar, og þar með nýta innlent vinnuafl og skapa aukin útflutningsverðmæti.

Ég minntist í minni fyrri ræðu um þetta mál á verðmæti þau, sem hér væri um að ræða, og gat um álit eins fremsta hraðfrystihúsamanns, sem er hér á landi, um verðmætið á kolaflökunum í Bandaríkjunum. Ég sýndi auk þess með óhrekjandi rökum fram á verð flatfisksins á ísfiskmarkaði í Englandi fyrri hluta þessa árs, en það var um 19—20 þús. kr. tonnið, og það liggur fyrir núna, að Vestmanneyingar geta selt til Danmerkur á 13 þús. kr. tonnið, og ég mundi telja, að það væri sjálfsagt að nota þann markað, meðan verið væri að vinna að markaði fyrir flökin í Bandaríkjunum. Og ef það væri hægt að ná í hámark þess kolaafla, sem fiskifræðingarnir telja að heppilegt sé að veiða og við getum náð í með góðu móti, en það er um 5 þús. tonn, — heildarkolaaflinn aftur á móti hér við landið um 10 þús. tonn og kannske um 5 þús. tonn af öðrum fiski, sem ekki er ótrúlegt, — þá þarf ekki einu sinni reyndan eða reynslumikinn bankaráðsmann til þess að gizka á þau óhemjuverðmæti, sem hér er verið að kasta frá sér, ekki aðeins frá íslenzkum fiskimönnum og íslenzkum útgerðarmönnum og íslenzkum verkalýð kringum allt land í beinum tekjum, heldur þjóðinni allri í óbeinum tekjum. Og þeir, sem telja, að við þurfum ekki á þessu að halda, telja sjálfsagt þjóðina betur komna fjárhagslega en ég geri.

Hv. þm. fór nokkrum orðum hér í kvöld um trillurnar og tryggingu þeirra fyrir veiðisvæðum og fór með miklum móði í kringum allt land. Hann sagði m. a., að þeir, sem vildu ekki dragnótaveiði, væru varnarlausir gegn hinum. Þetta er alveg þveröfugt. Það eru margfaldar tryggingar fyrir þá, sem vilja ekki dragnótaveiði. Þetta eru heimildarlög, og mikið þarf til þess, að opnuð verði stór svæði. Ef

svo skyldi fara, að þessi stóru svæði yrðu opnuð, eru hagsmunahópar innan þeirra, sem geta fengið öðrum svæðum lokað.

Hv. þm. spurði um það, hvernig hægt væri að koma því heim að sameina hagsmuni Keflvíkinga og Akurnesinga, ef þeir væru sama sinnis, og aftur á móti Reykvíkinga og Hafnfirðinga. Þetta er mjög auðvelt. Hagsmunir trillubátaeigenda í Hafnarfirði, Akranesi og Reykjavík eru alveg þeir sömu. Það er leikur einn að friða svæði fyrir þá. Ef Faxaflóinn yrði opnaður fyrir dragnótaveiði, þá geri ég ráð fyrir, að fyrst og fremst mundu vísindamennirnir við atvinnudeildina og Fiskifélagið banna til að byrja með að veiða í fjörðum og á öðrum svæðum, þar sem eru uppeldisstöðvar smákolans, og man ég þá sérstaklega eftir nokkrum stöðum undan Mýrunum, en í öðru lagi mundi vera hægt að fá friðun fyrir dragnótasvæðin, þar sem dragnótabátar fengju ekki að koma inn á, og yrðu það nokkuð stór svæði. Það svæði má vel hugsa sér kannske úr línu, sem væri Garðskagi í Þormóðssker, Álftanes í bauju vestur af Þormóðsskeri eða eitthvað slíkt. Ég bara tek þetta sem dæmi. Inn á það svæði, sem væri fyrir innan þessar línur, fengju ekki dragnótabátar að koma, en aðeins þeir, sem væru með lagnet og lóðir. Ég minntist á það hér í minni fyrri ræðu, að það væri mjög auðvelt á þessum tíma árs að afmarka þessi svæði. Vissulega væri heppilegast að geta farið eftir landfræðilegri legu, en baujur á þessum tíma eru ekkert vandamál, sem ekki væri auðveldlega hægt að ráða fram úr.

Það var eftirtektarvert atriði, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. kom inn á hér í kvöld, og mér fannst hann helzt verða grátklökkur, þegar hann fór að lýsa því, hvað verið væri að fara rétta leið með því að samþykkja ályktunartill. um lax- og silungseldi, sem ég fyllilega samþykki. En þessi hv. þm. bara gleymir að segja frá því um leið, til hvers þetta er gert. Er þetta gert fyrir fugla loftsins eða hvað? Er þetta ekki gert til þess að nytja þennan fisk síðar? Það er ekkert samræmi í því, sem hv. þm. hefur verið að fara með, og það hefur komið hér á daginn, að í ræðum sínum hefur hann sagt eitt og annað, sem hefur verið hrakið af öðrum ræðumönnum. Hann hefur komið í næstu ræðu og endurtekið það sama og kannske með enn þá meira offorsi. Það hefur síðan verið hrakið aftur. En þegar hann er búinn að tala sig dauðan við eina umr., þá veit ég, að hann kemur fram við næstu umr. og endurtekur sömu vitleysuna aftur.

Hv. þm. hefur t. d. í öllum sínum ræðum minnzt á landhelgina og hefur haldið því fram, að við værum með þessu frv. að eyðileggja margra ára starf þar og vissulega göfugt. Ég vil taka það skýrt fram við þennan þm., að ég held, að það hafi ekki hvarflað að neinum sjávarútvegsnefndarmanni, að þannig væri verið að fara að, og ég er sannfærður um, að það hefði enginn snert hendi að því að koma þessu frv. á framfæri, ef hann hefði haldið, að um slíkt væri að ræða. Ég minnist þess, að fyrir ekki alllöngu, eftir að landhelgisráðstefnunni í Genf var lokið, vorum við, ég og þessi hv. þm., saman á fundi, þar sem við hylltum a. m. k. meiri hluta sendinefndarinnar, sem þar var, fyrir ágætt starf og góða framkomu. Í þessari sendinefnd voru tveir menn, sem komu á fund sjútvn. og hafa einmitt látið uppi álit sitt á skaðsemi dragnótaveiða í landhelgi í nál., þeir Davíð Ólafsson og Hans G. Andersen. Og ég segi fyrir mig, og ég býst við því, að ég geti sagt það fyrir fleiri menn úr sjútvn. Nd., að við höfum miklu meiri trú á því, sem þessir menn segja um landhelgismálið, heldur en þessi ágæti þm. Þegar ég heyri í þessari d. frambærileg rök fyrir því, að það sé verið að valda landhelgisbaráttu okkar einhverri skaðsemi með því að leyfa dragnótaveiðar innan landhelgi, þá skal ég vera fyrsti maðurinn til þess að endurskoða afstöðu mína í þessu máli.

Það geta oft orðið langar glímur hjá mönnum, sem eru að glíma við skuggann sinn, enda hefur það komið fram hér í kvöld. En þeir menn, sem telja það rök gegn þessu máli, þó að það heyrist mótorskellir í fiskibátum um nætur, það finnst mér alveg fráleitt. Íslenzkir fiskimenn hafa ekki í starfi sínu spurt um, hvað klukkan væri, ef um aflavon væri að ræða, enda skiluðu þeir ekki meira aflamagni á hvern einstakling en nokkur önnur þjóð í heimi, ef svo væri. Stórvirkar fiskveiðar og fiskiðnaður hefur orðið grundvöllur undir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Ofveiðin á sínum tíma, sem dragnótin átti sinn þátt í, olli miklu slysi. Hin nauðsynlegu og gagnlegu landbúnaðarverkfæri, traktorarnir, hafa líka valdið hörmulegum slysum. Það kemur engum til hugar að banna þessi verkfæri, en það er reynt með öllum hugsanlegum ráðum að fyrirbyggja, að þeir valdi slysum, og það er sama hugsað með þessu frv. um dragnótaveiðar.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur reynt að gera mál þetta öðrum þræði að gamanmáli. Ég hef sýnt fram á í umr. um málið með bréfum frá sjómönnum og útgerðarmönnum um allt land, að hér er ekki um neitt gamanmál fyrir þá að ræða, heldur mikið vandamál, sem sjútvn. hefur reynt að ráða fram úr með þessu frv., þar sem hagsmunir allra eru tryggðir, nema kannske þeirra bænda, sem við sjó búa og næturblundi sínum týna af mótorskellum fiskibáta. En til þess að svara á sama hátt og til var stofnað, má segja, að til þess að fyrirbyggja þetta, megi setja flotauglýsingar út af ströndum Húnvetninga, sem á stæði eitthvað á þessa leið:

Er sól á himin rennur senn
og skella hestahófar,
þá vekið ekki varamenn
vondu flatfisksþjófar.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Mér þykir rétt í þessum umr. að segja hér örfá orð, þar sem aðrir nm. í hv. sjútvn. þessarar d. hafa látið til sín heyra í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir og er nú til 2. umr.

Það er vissulega rétt, að það mál, sem hér er til umr., er mjög vandasamt mál. Saga þess kennir þeim, sem fjalla um málið nú, að það ber vissulega að hafa gát á. Frá mínu sjónarmiði við samningu þessa frv. reyndi ég að gera mér grein fyrir því, á hvern hátt hægt yrði að leysa þetta mál þannig, að þau sjónarmið, sem þar rákust á, yrðu sem bezt samræmd í þessu frv., eins og mögulegt væri. Þau orð, sem komið hafa hér fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), eru vissulega orð, sem okkur yngri mönnunum er rétt að athuga og staldra við og taka til greina. Það þarf ekki annað en líta í þá grg., sem fylgdi því frv., sem sú nefnd samdi, sem sjútvmrh. skipaði, og líta þar á örlitinn kafla til að sjá, hvernig saga þessa máls raunverulega er. Hitt er svo annað mál, hvort við eigum ekki að læra af reynslunni, og þegar nú málið er tekið til endurskoðunar og athugunar á ný, þá sé hins vegar ekki þannig litið á það, að ekki verði hægt að þoka því, sem komið er, heldur hitt, að reynslan verði tekin til lærdóms og framgangur þess máls þannig hafður, að slíkir hlutir endurtaki sig ekki sem áður höfðu gerzt.

Það má segja, að dragnótaveiði hafi ekki verið hér við land að mestu leyti allt frá því 1952. Nú er svo komið, að þeir sérfræðingar, sem um þessi mál fjölluðu á þeim tíma, þegar lokað var fyrir dragnótaveiði, hafa bent á það og lagt til, að opnað yrði fyrir dragnótaveiðina, og fært fyrir því rök, sem ýmsir telja svo veigamikil, að rétt sé að fara eftir því. Þegar þetta mál var til afgreiðslu í sjútvn., voru þar uppi sjónarmið með opnuninni svo og þau sjónarmið, sem töldu opnun varhugaverða, en vildu þó ekki leggja stein í götu hennar. Þess vegna varð þetta frv. til sem samkomulagsatriði, og við nm. töldum okkur vera að reyna að vinna að þessu máli á þann hátt, að hægt yrði að mynda um það samstöðu og jafnframt þeir varnaglar settir í frv., sem segja má að fyrirbyggi, að þeir hlutir geti komið fyrir, sem áður höfðu gerzt í sambandi við dragnótaveiðar hér við land.

Á þeim fundum, sem n. ræddi þetta mál, voru tekin fyrir álit ýmissa aðila. Þau sögðu sitt hvað, mæltu með og móti, og má segja, að n. hafi reynt að fara bil beggja í því, án þess þó að því atriði, sem mest er um vert, þ. e. a. s. vernd fiskistofnsins, yrði stefnt í nokkurn voða. Frumkvæðið til opnunar landhelginnar til dragnótaveiði má segja að sé í höndum þeirra vísindastofnana, sem allar ríkisstj. undanfarið hafa leitað til í sambandi við það mikilvæga utanríkismál, landhelgismálið okkar, og verð ég að segja, að ég treysti þeim til að hafa þær gætur á í þessu máli, sem þarf til þess að fyrirbyggja niðurstöðu, sem áður hafði komið í þessu máli. Þó ber þessum aðilum að hafa samráð og leita álits þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á þeim veiðisvæðum, sem hugsað er að opna, áður en veiðisvæðin eru opnuð. Ég get sagt það hér, að afstaða mín byggðist fyrst og fremst á því, að þessir sérfræðingar töldu þetta rétt, og það fékkst samkomulag um það í n. að flytja frv. með þessum takmörkunum, sem raun er á.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira hér. Ég vildi aðeins lýsa þessari skoðun minni og taka undir þau orð, sem aðrir nm. hafa sagt hér, að þetta frv. er flutt sem samkomulagsfrv. til þess að reyna að finna lausn á því vandasama deilumáli, sem hér er um að ræða, þó þannig, að það geti orðið allri þjóðinni til heilla í framtíðinni og við gætum um leið hagnýtt okkur þann fiskafla, sem við strendur þessa lands er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 28. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, RH, SÁ, SI, SkG, AGb, ÁÞ, BGr, BF, BK, BFB, EI, EOl, EmJ, EystJ, IG, GeirG, GíslG, GuðlG, GÍG, GÞG, BjörgJ, IngJ, EinS, JR, KGuðj, ÁS, MÁM.

nei: ÞÞ, SB, JPálm.

BBen, GJóh, HS, JSk, JóhH greiddu ekki atkv.

4 þm. (JK, EðS, HV, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem hv. sjútvn. eða a. m. k. meiri hl. hennar hefur fallizt á að standa við 3. umr. að tveimur till. um breyt., sem ég óska eftir að gerðar verði á frv. varðandi strangari viðurlög við brotum á lögunum, segi ég já.

2.—13. gr. samþ. með 25:4 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:3 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 399, 559).

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Vegna þess, að ég er einn af þeim, sem eru í litlum minni hluta í þessu máli hér í þessari hv. d., finnst mér rétt að gera nokkra grein fyrir atkv. mínu, áður en það fer endanlega frá d. Áður en ég vík að því, vildi ég þó bera fram tvær fsp. varðandi málsmeðferðina, sem mér eru ekki alveg ljósar. Ef til vill hafa upplýsingar komið fram um það hér við umr., en ég hef því miður ekki haft aðstöðu til að vera viðstaddur þær allar, en ég vænti samt, þó að svo hafi verið, að ég fái svar við þeim.

Fyrra atriðið, sem ég vildi spyrjast fyrir um, er það, undir hvaða ráðh. framkvæmd þessa

máls kemur til með að heyra, en það er mér ekki fyllilega ljóst, eins og frv. liggur fyrir. Í lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sem eru frá 1948, segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðina skal endurskoða, eftir því sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til."

Enn fremur segir svo í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða."

Í frv. því, sem hér liggur fyrir og heitir: „frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti," segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi skulu fiskveiðar með dragnótum óheimilar öðrum en þeim, sem til veiðanna hafa leyfi sjútvmrh. Ráðh. getur samkvæmt till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkv. lögum þessum."

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta frekar, en mér sýnist með því að bera saman lögin frá 1948 og það frv., sem hér liggur fyrir, að þá sé ætlazt til þess og gengið út frá því, að framkvæmd þessara laga eða þessa frv., ef að lögum verður, verði í höndum sama ráðh. og þess, sem sér um framkvæmd laganna frá 1948. Nú hefur sá háttur verið á hafður þangað til við síðustu stjórnarmyndun, að framkvæmd laganna frá 1948 hefur verið í höndum sjútvmrh., en við síðustu stjórnarmyndun varð sú breyt. á þessu, að hluti af starfssviði sjútvmrn. og sjútvmrh. var lagður undir dómsmrh., og það er hann, sem nú fer með framkvæmd laganna frá 1948. Mér skilst þess vegna, að það leiði af þessu, að framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, komi til með að heyra undir hann og það verði þannig hæstv. dómsmrh., en ekki hæstv. sjútvmrh., það er hæstv. dómsmrh. Bjarni Benediktsson, en ekki hæstv. sjútvmrh. Emil Jónsson, sem kæmi til með að fara með framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður. Þó að mér virðist þetta liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, vildi ég gjarnan fá skýr svör við því, hvort þetta sé ekki rétt skilið hjá mér, að lögin frá 1948 og þetta frv. heyri saman í framkvæmd, ef það verður að lögum, og þess vegna verði það hæstv. dómsmrh., sem sér um framkvæmdina samkv. þeirri verkaskiptingu, sem var gerð á þessum málum við seinustu stjórnarmyndun, þar sem þetta verkefni, sem hafði heyrt undir sjútvmrh., var lagt undir dómsmrh.

Annað atriði, sem ég vildi gjarnan fá nánari upplýsingar um, kemur einnig fram í 1. gr. frv., 3. mgr., sem hljóðar svo:

„Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði, eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd."

Það, sem ég vildi spyrja að af þessu tilefni, er það, hvað verður gert, ef það verður einhver dráttur á álitsgerðum. Við skulum segja, að nú sendi Fiskifélagið út fyrirspurn til sveitar- og bæjarstjórna á viðkomandi svæði. Verður þá settur í það bréf einhver ákveðinn frestur, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli hafa svarað fyrir ákveðinn tíma, eða verður þeim sett það nokkuð í sjálfsvald, hve fljótt þær svara, og verður þá beðið eftir því? Ég held, að það væri gott, að þetta lægi nokkurn veginn ljóst fyrir.

Ég skal svo ekki tefja málið með því að gera fleiri fsp., — ég vildi gjarnan fá þetta upplýst og þá sérstaklega, að það lægi alveg ljóst fyrir, hvaða ráðh. það væri, sem á að fara með framkvæmd málsins, ef það verður að lögum, — en víkja þá að því, hvers vegna ég hafði þá afstöðu við 2. umr. að greiða atkv. gegn frv.

Ég held, að mönnum sé það nokkurn veginn ljóst, að innan fárra vikna eða mánaða kemur til með að fara fram eins konar lokaþáttur í landhelgismálinu eða þeirri deilu, sem hefur risið upp af útgáfu 12 mílna reglugerðarinnar, sem var gefin út 1. sept. 1958. Ég lít að vísu þannig á, að ef fast og eindregið sé haldið á því máli af okkar hálfu, sé það komið í höfn. Ég hef ekki trú á því, að brezka stjórnin grípi aftur til þeirra ofbeldisráðstafana, sem hún gerði haustið 1958, að senda herskip sín inn í íslenzka fiskveiðilandhelgi til þess að varna íslenzkum varðskipum að vinna sín skyldustörf. Eftir þau úrslit, sem urðu á sjóréttarráðstefnunni í Genf og gengu gegn Bretum og þeim málstað, sem þeir hafa í þessum málum, og jafnvel ekki síst eftir fund æðstu manna, sem nýlega var haldinn í París og misheppnaðist gersamlega, eins og kunnugt er, þá held ég, að það sé engin aðstaða til þess fyrir Breta að fara aftur að beita okkur ofbeldi í þessu máli. Eftir þennan misheppnaða fund æðstu manna er mjög um það talað, að nú þurfi samvinna vestrænna þjóða að vera betri en áður hefur verið og þær koma fram með meiri sanngirni hver í annarrar garð, og ef Bretar taka nokkurt tillit til þess háttar, ætti það eitt að nægja til þess, að þeir grípi ekki aftur til þess ráðs að beita okkur ofbeldi.

En þrátt fyrir það, þó að það sé rétt af okk-

ur að treysta á þetta og allir málavextir okkar séu þannig, að það eigi að treysta á þetta, þá megum við búast við því, að einmitt nú næstu vikurnar og næstu mánuðina verði mjög sótt að okkur af hálfu Breta og reynt undir yfirskini vinfengis og með vinmælum að fá okkur til að gera einhverja samninga um undanlát í landhelgismálinu, og mér finnst rétt að minna á það í þessu sambandi, að í mjög þekktu og viðurkenndu ensku blaði, Daily Telegraph, birtist s. l. föstudag grein eftir fréttaritara þess, sem staddur var hér á landi og hefur komið hingað nokkrum sinnum áður og þekkir allvel til mála hér, þar sem hann lætur uppi þá von, að það sé kannske ekki alveg vonlaust um að fá Íslendinga til einhvers afsláttar í landhelgismálinu, og nefnir það sem hugsanlegan möguleika, að það væri ekki alveg útilokað að fá Íslendinga til að fallast á að leyfa enskum togurum að veiða á svæðinu inn að 9 mílum á vissum tímum og vissum svæðum, ef samningstímabilið yrði miðað við 3 ár. Og það liggur náttúrlega alveg í augum uppi, við hvað þessi tímalengd, 3 ár, er miðuð. Þetta tímatakmark er miðað við það, að einmitt innan rúmlega þriggja ára eiga að fara fram reglulegar þingkosningar samkv. stjórnarskránni, og þá er dæmið auðsjáanlega hugsað þannig, að þessir samningar mundu falla úr gildi kannske rétt fyrir kosningar, og þá gætu allir að sjálfsögðu lýst því yfir, að samningurinn væri þar með úr sögunni. En hins vegar er svo möguleiki til þess eftir kosningarnar, þegar þær eru um garð gengnar, að framlengja samninginn, og menn hafa það nú einmitt fyrir augunum frá seinustu kosningum, að það hefur ekki verið staðið við öll fyrirheit, sem þá voru gefin, og það er bersýnilegt, að ef Bretar óska eftir þessu tímatakmarki um t. d. 2½ eða 3 ár, þá er það miðað við næstu reglulegar þingkosningar, sem eiga að fara fram, í trausti þess, að þá komi tímar og þá komi ráð og það muni kannske vera möguleiki til þess að framlengja samninginn að kosningum loknum. Þetta eru hugleiðingar Breta í málinu og þær leiðir, sem þeir eru nú að leita að, og það kemur fram bæði í þessari blaðafrétt og öðrum erlendum, sem maður hefur séð um þessar mundir, að Bretar eru mjög að leita eftir því að fá einhvers konar samninga um undanhald Íslendinga í sambandi við landhelgismálið og halda mjög á loft þeim áróðri út á við, að Íslendingar séu ákaflega ófúsir til allra samninga í þessum málum. En þó kemur það nú fram í grein þess fréttaritara, sem ég áðan nefndi, að það sé kannske ekki með öllu útilokað, að viðhorf Íslendinga séu svolítið að breytast, þeirri ríkisstj., sem nú fari með völd á Íslandi, hafi heppnazt sínar aðgerðir í efnahagsmálum og það kunni að bæta aðstöðu hennar til þess að sýna Bretum einhverja meiri tillitssemi. En þó að hinn brezki blaðamaður segi þetta, skal ég síður en svo taka undir þetta. Ég vil ekki álíta það að óreyndu um hæstv. ríkisstj., að henni sé í huga neitt undanhald í þessum málum, heldur muni hún standa fast á þeirri ályktun Alþ., sem gerð var hér á s. l. vori, og þess vegna hvergi hvika í málinu. Að óreyndu vil ég ekki halda öðru fram um hæstv. ríkisstj. varðandi afstöðu hennar til þessa máls.

En ég álít hins vegar, að á meðan á því stendur, að Bretar gera þessa lokahríð að okkur, að reyna að fá okkur til samninga um landhelgismálið, þá verðum við að fara með mikilli varasemi og mikilli gætni og gera ekki neitt það, sem þeir kynnu að geta notað til áróðurs gegn okkur út á við. En við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að út á við, t. d. í öðrum löndum, hafa Bretar miklu betri aðstöðu til að koma sínum málflutningi og sínni málstúlkun á framfæri en við getum gert. Og ég er ekki grunlaus um það, að ef við gerðum eitthvað svipað því, sem ætlazt er til með þessu frv., ef við drægjum úr friðunarráðstöfunum innan fiskveiðilandhelginnar, þá gætu Bretar notað það í sínum áróðri á þann veg, að þetta ásamt öðru sýndi, að það væri ekki þörf á þeirri friðun, sem Íslendingar væru að tala um, og þess vegna væri alveg óhætt fyrir þá að leyfa enskum togurum um einhvern tiltekinn tíma að fiska innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Ég veit alveg, hver þau rök eru, sem við mundum fá á móti þessu og hafa komið fram hér í hv. d. frá þeim mönnum, sem fyrir þessu máli mæla, og ég skal viðurkenna, að þau hafa mikið til síns máls. En hitt er bara að athuga í þessu sambandi, að þótt við getum komið þeim röksemdum fram hér á Alþ. og innanlands, er ekki jafngóð aðstaða til þess fyrir okkur að koma þeim röksemdum á framfæri á erlendum vettvangi. Þar standa Bretar miklu betur að vígi en við, vegna þess að þeir ráða yfir miklu meiri áróðurstækjum þar og hafa betri áróðursaðstöðu, og þess vegna gætu þeir notað þetta mál þar til þess að vinna heldur á móti okkur og ýta undir þann áróður, sem þeir hafa nú mjög í frammi, að Íslendingar sýni mikla ósanngirni í þessu máli, eins og sjáist t. d. af því, að þeir dragi úr friðunarráðstöfunum innan landhelginnar gagnvart sjálfum sér, og þess vegna væri líka alveg eins óhætt fyrir þá að veita nokkra tilslökun gagnvart erlendum veiðiskipum.

Ég held þess vegna, að meðan landhelgismálið eða landhelgisdeilan stendur á því stigi, sem það gerir nú, þar sem lokaátök eru væntanleg í því innan fárra vikna eða mánaða, þá eigum við ekki að gera hluti eins og þá, sem stefnt er að með þessu frv. Og svo að ég hafi þessi orð ekki fleiri, vegna þess að það var ekki ætlun mín að halda hér uppi neinu sérstöku málþófi, vil ég segja það að lokum, að þetta er ástæðan til þess, að ég treysti mér ekki til að vera með þessu máli á þessu þingi.

Ég vænti þess svo, að ég fái svör við þeim fsp., sem ég lagði fram, og þá einkum þeirri

fsp., hvaða ráðh. það er, sem kemur til með að fara með framkvæmd þessa frv., ef það verður að l., hvort það sé ekki rétt, að þetta sé í tengslum við friðunarl. frá 1948 og þess vegna verði það sami maður sem sér um framkvæmd þessa máls og þeirra laga.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) vil ég taka það fram, að það er rétt, sem hann sagði, að í auglýsingu um skipun og skiptingu starfa ráðh. frá 20. nóv. 1959 er mér falið að fara með þann hluta sjútvmrn., sem fjallar um löggjöf um verndun fiskimiða landgrunnsins. Þessi löggjöf, sem þarna er vitnað til, heyrði áður undir sjútvmrh., en þótti eftir atvikum, eins og á stóð, nú rétt að leggja undir mig, skulum við segja, vegna þess að það má segja, að að þessu leyti sé ég þá sjútvmrh., ef við viljum orða það þannig. Það voru pólitískir samningar og ástæður, sem þessu réðu. Hins vegar ber að sjálfsögðu að skilja þessa reglu, sem er undantekningarregla, þröngt og ekki leggja meira inn í hana en tilætlun var á sínum tíma, og þá var einungis tilætlunin, að það væru sjálf landgrunnslögin og ákvarðanir samkv. þeim, sem undir mig heyrðu, hins vegar t. d. ekki ákvæðin varðandi leyfi til dragnótaveiða.

Þetta frv., sem hér er til umr., haggar hins vegar ekki að neinu leyti gildi landgrunnslaganna, heldur einungis nemur úr gildi fyrri ákvæði um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, enda er um það að ræða, hvernig Íslendingar vilji hagnýta sér þá fiskveiðilögsögu, sem ákveðin hefur verið í skjóli landgrunnsl., en alls ekki hagga sjálfri fiskveiðilögsögunni að nokkru leyti.

Ég tel þess vegna ótvírætt og hefur aldrei annað til hugar komið og ekki heyrt á annað minnzt í ríkisstj. en að þetta mál varðandi dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi Íslands heyri undir hæstv. sjútmrh. Emil Jónsson, en ekki mig. Þetta er minn skilningur, og hygg ég, að honum verði naumast hnekkt við frekari íhugun. Ég játa, að ég hafði talið svo sjálfsagt, að þetta heyrði undir sjútvmrh., að ég hafði ekki skoðað það ýtarlega fyrr en nú. Við að bera saman lagastafina og úrskurðinn sýnist mér öll venjuleg rök hníga að því, að málið heyri undir sjútvmrh. og geti ekki heyrt undir mig nema með nýju ákvæði um skiptingu starfa ráðh., sem hvorki mér né neinum öðrum hefur komið til hugar að fara fram á að gerð yrði.

Af þessu leiðir, að ég tel mig ekki sérstaklega bæran til þess að svara hinni fsp., sem hv. þm. bar fram. En ég hygg, að ef sveitarstjórnir svara ekki innan hæfilegs tíma, sé ekki á móti þeim gert, þó að sjútvmrn. taki sínar ákvarðanir. Í þessu verður sem öðrum stjórnarákvörðunum að gæta hófsemi og skynsemi. Eðlilegra væri e. t. v. að setja þeim visst tímatakmark, að þær yrðu að hafa svarað fyrir ákveðinn tíma. Það væri í raun og veru, að því er mér sýnist, eðlilegasta meðferð málsins. En ef þær hafa ekki svarað innan ákveðins tímamarks eða þess, sem rn. telur eftir atvikum vera eðlilegt, þá hlýtur ákvörðun þess að gilda. En eins og ég segi, þá tel ég ekki, að þetta mál heyri undir mig, en svara einungis af því, að ég hygg, að hæstv. sjútvmrh. sé ekki viðstaddur.

Um málið sjálft skal ég ekki fjölyrða. Ég geri mér grein fyrir, að hér er um ákaflega mikið vandamál að ræða, og ég vil einungis beina því til allra þeirra, sem um það tala, — og ég segi það áreitnislaust í allra garð, — að tala þannig um það, hvort sem þeir eru með því eða móti, að engin ummæli geti orðið notuð okkur til trafala í þeirri lokaviðureign, sem hv. 7. þm. Reykv. réttilega sagði að væri eftir í þessu máli.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég bað m. a. um orðið til þess að svara fsp. hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), sem dómsmrh. hefur nú svarað, og hef ég þar ekki neinu við að bæta.

En ég ætla aðeins að gera örstutta grein fyrir brtt., sem sjútvn. flytur á þskj. 559, þar sem lagt er til, að viðbót komi við 8. gr. frv. Þessi brtt miðar að því að herða refsiákvæðin í frv., og hún er tekin upp af sjútvn. samkv. beiðni hv. 7. landsk. þm. (GeirG), sem taldi, að þarna væri ekki nægilega vel um hnútana búið. Það hefur af okkar hálfu, sem stöndum að þessu frv., verið tekið fram áður, að við viljum koma sem mest til móts við þá, sem vilja fara varlegast í dragnótamálinu, og þessi brtt. er einmitt borin fram í þeim anda.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar atkvgr. fór fram um þetta frv. við 2. umr. hér á laugardagskvöldið, hugsaði ég til hins gamla orðs, sem haft er eftir Gretti Ásmundssyni: „Það verður það, er varir, og einnig hitt, er ekki varir.“ En að það skuli geta skeð hér í þessari hv. d., að 28 þm. festi sig í þeirri dragnót, sem hv. sjútvn. hefur hér lagt, það þótti mér undrum sæta og ekki sízt vegna þess, að till. um dragnótaveiði í landhelgi var í þessari hv. d. felld á síðasta þingi með 18:7 atkv. Breyt. hlýtur aðallega að byggjast á því, að hér eru komnir aðrir menn, sem kannske halda því fram, að þeir séu vitrari menn á þessu sviði en hinir, sem farnir eru. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þeir, sem eru eldri menn og reyndari, eins og margir þeirra, sem héðan eru horfnir síðan í fyrra, hafi öll skilyrði haft til þess að líta með meiri réttsýni á þetta stóra vandamál.

A. m. k. tveir af þeim mönnum, sem hér töluðu við 2. umr. málsins, eftir að ég hafði lokið mínum ræðutíma, héldu því fram mjög ákveðið, að það væri engin hætta á því, að samþykkt þessa frv. gæti haft nein áhrif á úrslit okkar landhelgismáls, þá miklu deilu, sem búin er að standa árum saman. Ég er þarna á gagnstæðri skoðun, og vitanlega getur enginn neitt fullyrt með vissu í því efni. Þar stendur orð á móti orði. En ég vil benda á, að í því efni er ekki um neitt fiskifræði-

legt úrlausnarefni að ræða, heldur pólitískt tilfinningamál. Og við, sem lítum til þess, hvernig ástatt er í þessum efnum, getum hugleitt það, hvaða áhrif slík ráðstöfun kynni að hafa. Við skulum hugsa okkur, að það skeði, sem ekki liggur nú fyrir till. um, að öllum íslenzkum togurum væri leyft að fiska hvar sem væri innan 12 mílna landhelginnar. Bannið væri sem sagt upp leyst varðandi íslenzka togara. Ég veit ekki nema mönnum, sem þykir það mikils virði að koma upp sem mestum deilum milli Íslendinga og annarra vestrænna þjóða, þætti þetta gott ráð til þess að herða þar á. En ef það væri gert, gæti hver athugull maður leitt hugann að því, hvort það mundi engin áhrif hafa á þetta deilumál.

Nú hefur því verið haldið fram hér á Alþ. árum saman og tugum ára saman af kunnugum mönnum og reyndum, að dragnótaveiðar í landhelgi væru miklu hættulegri fyrir fiskstofn okkar en togveiðarnar sjálfar, og að því hef ég vikið við undangengnar umr., en vil nú aðeins ítreka það, að það, sem mestu skiptir í því efni, er það, að botnvörpuskipin eru svo stór skip, að þau kæmust aldrei svo nærri landi, að þau gætu skafið botninn alveg upp undir strendur landsins og þar sem hættan er mest.

Á eftir ræðum mínum hér við 2. umr. töluðu 3 hv. alþm., sem allir eru miklir meðmælendur þessa frv., og skal ég segja örfá orð út af tveimur þeim ræðum.

Ræða hv. 3. þm. Reykn. (MÁM) gefur mér ekki tilefni til þess að segja neitt út af því, sem hann sagði.

En ég hygg, að hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) sé einn af helztu upphafsmönnum að þessu frv., og þessi hv. þm. talaði hógværlega og sýndi einna mesta viðleitni af öllum meðmælendum þessa máls til þess að draga fram þau rök í þessu máli, sem líklegust eru. Sum af þeim eru sjálfsagt rétt, sum af þeim eru, að ég held, nokkuð vafasöm, og skal ég fara dálítið yfir meginatriði í hans ræðu fyrir utan það, sem ég er búinn að víkja að, sem er fullyrðingin um, að þetta geti engin áhrif haft á landhelgismál okkar.

Þessi hv. þm. hélt því fram, að mesta ástæðan til þess að berjast fyrir þessu máli væri sú, að það væri nokkuð af okkar fiskimönnum, sem hefði lítið að gera vissan tíma á sumrinu, ef þeir fengju ekki tækifæri til þess að veiða með dragnót. Þetta býst ég við að sé alveg rétt. En ég vil þó benda á í því sambandi, að það er á þeim tíma, að skortur er á mönnum á togarana, á síldveiðarnar og við heyskapinn, og ég held, að það væri miklu heppilegra að stuðla að því, að þessir menn færu í þá vinnu, heldur en að fara í það, sem telja má að sé til skaðræðis fyrir framtíð sjávarútvegs okkar.

Þessi hv. þm. hélt því fram, að það væri ótæmandi magn af skarkola víðs vegar í kringum land, sem væri ekki hægt að ná nema nokkru af með venjulegum veiðarfærum, netum og línu. Þetta kann vel að vera rétt, og skal ég ekkert út í það fara. En hann viðurkenndi það, sem allir vita, þessi hv. þm., að á tímabili hefði verið stórkostleg ofveiði hér kringum allt land, sem hafði haft áhrif langan tíma á eftir. Þetta vitum við að er alveg rétt. En ég hygg, að þessi hv. þm. og enginn annar geti neitt staðhæft um það, ef þetta frv. verður samþ., að það verði ekki aftur ofveiði og kannske í enn stærri stíl en var á þeim tíma, sem þessi hv. þm. var að tala um. En hann vildi halda því fram, að vegna þessarar ofveiði, sem hann viðurkenndi, væri eðlilegt, að eldri menn, sem myndu eftir þeim tíma betur en hinir yngri, væru tortryggnari á þessa hluti en ella. Nú er það svo, að ég er ekki viss um, að sú þekking, sem síðan hefur fengizt, bæti fyrir í þessu efni, því að við vitum, að síðan það var, hefur þekkingunni mikið fleygt fram um það að finna fiskimiðin og að ná fiskinum.

Þá vék þessi hv. þm. að því, sem skeði hér sumarið 1957, þegar þáv. sjútvmrh. gaf út leyfi til kola- og humarveiða, sem ég held að flestir hafi verið í vafa um, hvort hann hefði haft nokkra heimild til. En þm. vék að því, sem líka var kunnugt, að það var ekki einasta, að þessi leyfi voru notuð til hins ýtrasta, heldur langt fram yfir það, sem þýddi auðvitað landhelgisbrot af hálfu þeirra manna, sem þar áttu hlut að máli.

Þá er það eitt meginatriði í málinu, sem þessi hv. þm. vék að, og það er rányrkjan, sem er mest deila um. Hv. þm. spurði: Er ekki öll veiði rányrkja? Er það ekki rányrkja að veiða fiska, hvaða tegund sem er og hvernig sem er? Er það ekki rányrkja að veiða laxinn og silunginn uppi í ám og vötnum? Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég álít, að það sé ekki rányrkja hjá okkur bændunum að slá grasið, þegar það er sprottið, og það sé ekki rányrkja, þó að við slátrum lömbunum og öðru fé, sem við viljum ekki setja á. Það er hinn eðlilegi atvinnurekstur, sem gerir það að verkum, að það er mögulegt að stunda hann. Eins er þetta með alla veiði, í sjó, í ám, í vötnum, að það er hinn eðlilegi hlutur, að hinn fullorðni fiskur sé veiddur. En deilan er um það, hvað langt eigi að ganga í þeirri veiði. Og ef þessi hv. þm. og aðrir meðmælendur þessa frv. gætu fært nokkrar líkur fyrir því, að dragnótaveiðin gerði ekki neitt annað en að hjálpa til að ná fullorðnum fiski, þá væri allt í lagi. En rányrkjan liggur í allt öðru. Hún liggur í því, að kunnugum mönnum ber saman um það, að dragnótin tekur seiði og ungfiska og raskar öllum botni, þar sem hún er dregin yfir, eyðileggur hrygningarstöðvar o. s. frv. Í því liggur sú rányrkja, sem ég og aðrir erum hræddir við, en ekki hinu, þó að fullorðinn fiskur sé veiddur, hvort sem það er í þetta veiðarfæri eða einhver önnur.

Þetta vildi ég taka fram út af því, sem þessi hv. þm. sagði um rányrkjuna.

Ég veit nú ekki, hvort það er rétt, að ég fari nokkuð að svara hv. 12. þm. Reykv. (PS), sem hér óð fram með miklum bægslagangi. En

það var svona, ég var að velta því fyrir mér, á meðan þessi hv. þm. var að tala, hvort væri ríkara í honum orðhákurinn úr dragnótaverinu eða tilhneigingin til þess að vera skopleikari. Þessi hv. þm. sagði, að ég hefði gert þetta mál að gamanmáli. Því fer alls fjarri. Þetta er alvörumál, og mér hefur ekki dottið það í hug, hvorki nú né áður, að gera þetta mál að gamanmáli. Hinu er ekki að neita, að sum meðmæli, sumar röksemdir, sumar fullyrðingar, sem meðmælendur þessa frv. hafa flutt hér í þinginu, það hefur verið svo skoplegt, að ég, sem er ekkert gamansamur maður, hef ekki getað stillt mig um að gera dálítið grín að öllu því gumsi. Og nokkuð er það, að þegar hv. 12. þm. Reykv. var að tala, datt mér í hug, að það væri ekki að ófyrirsynju, sem hefði verið ákveðið hér í byrjun þessa þings, að eitt frægt blað, Spegillinn, hefði valið hann sem sinn uppbótarþingmann. Af því að hv. aðalþm. *Spegilsins hefur horfið af þingi, er það* kannske ekkert undarlegt, þó að uppbótarþm. reyni að standa sig þeim mun betur og halda kátínunni enn þá betur uppi, þegar hinn er farinn.

Þessi hv. þm. viðurkenndi, að það væri rétt, sem ég hélt fram, að það hefðu verið hér 1300—1500 tonn af flatfiski óseld á síðasta nýári og liti mjög illa út með að selja. En hann gerði sér hægt um hönd, þessi hv. þm., og sagði það bara, kannske ekki þeim orðum, en meiningin var sú, að það gengi ekki vel að selja þennan fisk, það væri ekki hægt, af því að hann hefði ekki verið veiddur í dragnót, hann hefði verið veiddur í net og á línu og þess vegna væri ekki hægt að selja hann. Samkv. þessum sömu kenningum ætti það að vera svo, að allur fiskur, sem veiðist hér við land okkar, væri miklu meira virði, ef hann væri veiddur í trollvörpu, veiddur af togurum, heldur en ef hann væri veiddur af bátunum á línu og í net. En það undarlega hefur skeð, ég held mörg undanfarin ár, að það hefur gengið svo, að bátafiskurinn hafi verið borgaður hærra verði en togarafiskurinn. Á hverju það byggist, skal ég ekki fullyrða, en það kemur alveg öfugt heim við þessa kenningu hjá hv. 12. þm. Reykv.

Þá sagði þessi hv. þm., að það sé nú ekki mikill vandi að eiga við það, þó að sumar sveitarstjórnir samþykktu dragnótaveiði, en aðrar ekki, það væri ekki sérlega mikill vandi, og vék svolítið að því, sem ég hafði á minnzt, ef dragnótaveiði væri samþ. hér í Reykjavík og Hafnarfirði, eins og sjálfsagt yrði, en ekki Keflavík eða Akranesi. Ég held a. m. k., að það yrðu sögð mörg orð á Akranesi, áður en það yrði samþykkt þar, hvað sem Keflavíkinni líður. En þessi hv. þm. vildi nú halda því fram, að það væri ekki mikill vandi að draga línuna og fyrirskipa það, að dragnótabátarnir, sem yrðu nokkur hundruð, mættu ekki fara inn á veiðisvæði Akurnesinga og Keflvíkinga, heldur yrðu þeir að halda sig á slóðum Reykvíkinga og Hafnfirðinga. Þetta er ákaflega góður mælikvarði á röksemdirnar hjá þessum hv. þm. og stappar nærri því að vera svipað því og það væri talið eðlilegt að ákveða í reglugerð, að fuglar loftsins mættu ekki fljúga *nema eftir vissri línu* eða ekki út fyrir viss mörk, ella skyldu þeir hiklaust snaraðir eða skotnir.

Þá kom það hjá þessum hv. þm., að það væri ekki mikið að marka það, sem ég hefði farið með, af því að ég hefði lesið hér bréf frá manni í Kópavogi, sem hefði skrifað undir nafnið sitt „óflokksbundinn kommúnisti með fulla sjón". Þetta virtist eiga að þýða það, að hann teldi menn, sem væru úr Kópavogi og væru kommúnistar, eitthvað ómerkari menn en almennt gerist. En eru nú nokkrar líkur fyrir því, að þessi maður sé kommúnisti? Hann segir: „óflokksbundinn kommúnisti". Það þýðir það, að hann hefur sérlega mikla andúð á flokksbundnum kommúnistum, það séu mjög *athugaverðir menn*. Og hann hefur fulla sjón. Það vill segja, að hann sé þeirrar skoðunar, að venjulegir flokksbundnir kommúnistar hafi eitthvað skakka sjón, eins og sumir aðrir halda, þegar þeir horfa til Rússlands eða Ameríku, þá sé sjónin ekki alls kostar rétt. Þessi maður gæti þess vegna alveg eins verið sjálfstæðismaður, framsóknarmaður, Alþýðuflokksmaður eða hvað annað. En það skiptir engu máli í þessu sambandi. Ég las upp þetta bréf vegna þess, að maðurinn var að lýsa skoðun sinni á stóru máli og gefa upplýsingar um aðstöðuna hér við Faxaflóa til þeirra veiða, *sem hér er um að ræða, og enginn einasti* af meðmælendum þessa frv. hefur reynt að hnekkja því, ekki einn einasti.

Þá lét þessi hv. þm. mjög í það skína, að það væri ekki mikið að marka röksemdir mínar í þessu máli, vegna þess að ég væri varaþingmaður og ætti heima norður í Húnavatnssýslu. Ég ætla ekki að svara því öllu meira, því að það svarar sér sjálft. En það sýndi viðleitnina um það, hvað verið er að fara út í.

Og svo klykkti þessi hv. þm. út með því að koma hér með samstæðu, sem hann bar *fram eins og* það væri ljóð. Auðvitað var það ekki í neinum hljóðstöfum og sýnilega órímuð orð, sem ekkert eiga skylt við ljóð. En vegna þess að reynslan sannaði, að þessi maður og félagar hans höfðu fengið stóran drátt á fundinum hér innan veggja þingsins, þá vil ég út af þessum samsetningi hans segja þetta:

> Pétur strengi stillti lina,
> stóran fengið hefur drátt,
> dragnót þrengir kölskans kyna,
> kann þó engan bragarhátt.

Skúli Guðmundsson: *Herra forseti.* Ég vildi í sambandi við þetta mál vekja athygli á því, að árið 1957 voru sett lög um lax- og silungsveiði, ný lög um það efni. Í 15. gr. þeirra laga segir svo: „Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra,

enda gangi lax í það vatn.“ Nú vildi ég beina þeirri spurningu til frsm. sjútvn., hvort n. hefði athugað þetta og hvort það væri alveg öruggt, að þetta ákvæði laxveiðilaganna væri áfram í fullu gildi þrátt fyrir það, þó að þetta frv. yrði samþ. og ekki yrðu sett nein bein ákvæði í það um, að þetta skyldi virða, þessi ákvæði frá 1957. Ég geri ráð fyrir, að það séu allir sammála um, að ekki eigi að hverfa frá þessum fyrirmælum eða nema þau úr lögum, þau sem ég nefndi að væru í lögunum um lax- og silungsveiði, að ekki megi hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra. Og spurning mín til n. er um það, hvort hún telji það alveg öruggt, að þessi ákvæði verði í fullu gildi áfram, þannig að dragnótabátar megi ekki fara með dragnót á þetta svæði nær ósum en 500 metra, þó að þetta frv. verði samþ. og ekki neitt kveðið á um það þar. Það má vera, að það sé alveg öruggt, jafnvel þó að hér komi ný lög um takmarkað leyfi til dragnótaveiði í landhelgi, en hitt sé í eldri lögum. Um þetta vildi ég óska að fá yfirlýsingu frá n. Þetta tel ég að þurfi að vera alveg öruggt.

Það mun hafa verið í upphafi þessa þings, sem lagt var hér fram frv. um leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi, sem hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) bar fram. En þetta frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. sjútvn., var ekki lagt fram fyrr en 6. maí. Það er að ýmsu leyti öðruvísi en frv., sem áður lá fyrir þessu þingi. En þar sem svo skammt er liðið, síðan þessu máli var útbýtt hér og kunnugt varð um það, hafa menn víðs vegar um landið tæplega haft aðstöðu til þess að kynna sér efni þess, en efni frv. varðar menn um land allt við sjávarsíðuna, og það er kunnugt, að um þetta hafa verið og eru mjög skiptar skoðanir. Ég lít svo á, að það sé sjálfsagt að fara gætilega í þessu máli. Má líka segja, að ýmis ákvæði frv. séu þannig, að menn í sjávarþorpum og sveitum, sem liggja að sjó, geti haft það nokkuð á valdi sínu, hvort veiðisvæði fyrir landi þeirra verða opnuð eða ekki. En eins og ég sagði áður, tel ég, að hér sé sjálfsagt að fara mjög gætilega, og ég vildi því leyfa mér að leggja fram hér brtt. við 13. gr. frv. 13. gr. er um það, að lög þessi öðlist þegar gildi, og ég vildi leggja til, að við þessa gr. bætist orðin: og gildi til ársloka 1961. — Verði þetta samþykkt, er öruggt, að málið allt verður tekið til nýrrar yfirvegunar á næsta ári. Þá yrði komin nokkur reynsla í þessu efni, og þá hefði líka útvegsmönnum og öðrum víðs vegar um landið, sem hér eiga hagsmuna að gæta, gefizt tóm til að athuga málið, sem þeir hafa ekki haft tækifæri til enn vegna þess, hve skammt er liðið síðan þetta frv. kom fram. Ég sé ekki, að það væri neinu spillt a. m. k. að setja þessa tímatakmörkun, að lögin giltu fyrst um sinn til ársloka 1961, en ekki lengur. Þá yrði málið tekið til yfirvegunar enn á næsta ári og væru menn þá færari um að ákveða, hvort þessi skipan eða svipað fyrirkomulag og hér er lagt til að verði upp tekið skuli gilda áfram eftir þá reynslu, sem þá yrði fengin, ef frv. verður nú samþykkt.

Ég vænti þess að fá svarað þessari fsp. minni frá hv. n., og svo vil ég óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 572) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það svar, sem hann gaf hér áðan, og það má vel vera, og ég skal ekki neitt efa það, sem hann sagði, að það sé rétt, að samkvæmt þeim úrskurði, sem var gefinn út á s. l. hausti um verkaskiptingu ríkisstj., mundi framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði, heyra undir hæstv. sjútvmrh. En ég verð nú samt að segja það, að mér finnst það vera heldur óeðlileg eða óheppileg verkaskipting, því að eins og hæstv. dómsmrh. komst að orði, þá er hann að þessu leyti sjútvmrh., að hann á að sjá um framkvæmd friðunarlaganna, um allar friðunarráðstafanir, sem gerðar eru undir vísindalegu eftirliti á landgrunninu. Og þá finnst mér það vera heldur óeðlilegt, að þessi þáttur, sem er vissulega mjög þýðingarmikill, dragnótaveiðarnar og takmarkanir á þeim, skuli ekki falla undir hans verkahring. Þess vegna fyndist mér það eðlilegt, þó að því verði kannske ekki við komið í þessari hv. d. úr þessu, að það verði athugað í hv. Ed., þegar málið kemur þangað, hvort ekki sé hægt að athuga það að setja skýr ákvæði um, að framkvæmd þessara laga heyri undir þann ráðh., sem fer með framkvæmd friðunarlaganna frá 1948. En það vill nú verða þannig í framkvæmd hjá okkur og sérstaklega í sambandi við verkaskiptingu ráðh., sem leiðir dálítið af hinum tíðu stjórnarskiptum, að það er verið að skipta ýmsum ráðuneytum og jafnvel deildum í ráðuneytum á milli ýmissa ráðherra, og af þessu getur hlotizt hálfgerð ringulreið. Þar sem þessu er nú þannig fyrir komið núna, að hæstv. dómsmrh. er látinn fara ekki aðeins með framkvæmd sjálfrar landhelgisgæzlunnar, heldur líka framkvæmd friðunarlaganna, og það er vafalaust gert með það fyrir augum, að allt það, sem snerti landhelgismálin og friðunarráðstafanir, heyri undir sama mann, þá held ég, að menn hljóti að koma auga á, að það sé eðlilegt að sameina framkvæmdina varðandi þetta frv., ef að lögum verður, og framkvæmd friðunarlaganna. Og mér þætti m. a. fróðlegt að heyra álit hæstv. dómsmrh. á því, sem hefur hér með höndum mjög vandasamt mál, þar sem landhelgismálið er, hvort hann mundi ekki einmitt núna á þessum dögum og mánuðum telja heppilegast að hafa framkvæmd allra friðunarmála á einum stað. Frá mínu sjónarmiði er það alveg ótvírætt, að það sé heppilegast að halda þannig á málinu.

Ráðh. svaraði hér einnig þeirri fsp. minni, sem fjallaði um það, hvað ætti að gera, ef

það drægist hjá vissum bæjar- og sveitarfélögum að senda álitsgerðir, og mér virtist það vera helzt niðurstaðan hjá honum og þá hjá hv. frsm. n. líka, því að hann tók undir það, sem ráðh. sagði, að ef það liði nokkuð langur tími, að bæjar- og sveitarstjórn svaraði fsp. um þetta efni, þá virtist mér helzt, að það mætti líta á það sem eins konar samþykki eða a. m. k. það lægju þá ekki fyrir nein mótmæli frá því bæjar- eða sveitarfélagi. Hann talaði nú um, að það væri kannske rétt að setja einhvern ákveðinn frest um svör í þessu sambandi, og mér virðist, að það mundi jafnvel vera eðlilegra, að viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnum yrði gert það ljóst, að þeim bæri að svara fyrir ákveðinn tíma, og ef þær svöruðu ekki, þá yrði litið þannig á það, að þær væru friðun samþykkar. En það, sem mér finnst koma hér þá til greina og vera ákaflega óskýrt og ruglingslegt í frv., er það, ef bæjar- og sveitarstjórnir á viðkomandi svæði verða ósammála, hvort þá eigi að líta svo á, að t. d. ein bæjar- og sveitarstjórn af mörgum, ef hún svarar neitandi, hafi stöðvunarvald eða hvort þá á að fara svo að, eins og mun hafa komið fram hjá hv. 12. þm. Reykv., að það ætti að skipta viðkomandi veiðisvæði upp á milli bæjar- og sveitarfélaga. En satt að segja sé ég ekki, hvernig ætti að framkvæma það, t. d. hér á Faxaflóasvæðinu. Ég held það væri heldur erfitt að ætla Seltjarnarneshreppi eitthvert ákveðið veiðisvæði og Mosfellssveit og Kjalarneshreppi o. s. frv., þó að maður nefni ekki stærri staði eins og Reykjavík og Hafnarfjörð og Vatnsleysuströnd eða Voga og Keflavík og Garð. Ég held, að slík skipting yrði ákaflega miklum vandkvæðum bundin. Og þetta virðist mér sýna það ásamt ýmsu fleiru, sem ég skal ekki eyða tíma í að telja upp hérna, að það skorti talsvert á, að þetta frv., þó að það sé búið að leggja mikla vinnu í þetta mál, sé nægilega vel undirbúið og nægilega ljóst og framkvæmd þess verði nægilega auðveld.

Ég hef heyrt því fleygt, að ef þetta frv. yrði samþ., væri meiningin sú að framkvæma það ekki nema gagnvart t. d. Vestmannaeyjum eða suðurströndinni og takmarka það eingöngu við það svæði. Þó að ég mundi telja slíkt ekki heppilegt af ástæðum, sem ég hef áður fært fram, — ég álít, að það eigi ekki neitt að gera í þessum málum núna, — þá fyndist mér, að það gæti þó frekar komið til greina að leyfa dragnótaveiðar á einhverju takmörkuðu, ákveðnu einu svæði við landið og það yrði þá rökstutt með því, að það væri gert í hreinu tilraunaskyni til þess að komast að raun um, hvað væri vísindalega rétt í þessum málum, en hins vegar væri ekki stefnt að neinum allsherjar veiðiskap, eins og þetta frv. gefur til kynna. Mér virðist t. d., að gagnvart Bretum, ef þeir tækju að nota sér þetta mál, þá mundi það líta talsvert öðruvísi út, ef dragnótaveiðar væru reyndar á einhverju einu takmörkuðu svæði tiltekinn tíma og þá gert til þess að fá betur rökstudda vísindalega þekkingu um það, hvað er rétt í þessum málum, heldur en að setja almenna löggjöf eins og þessa, sem má skýra þannig, að það sé ætlunin að leyfa slíkar veiðar strax í kringum landið allt. Þó að ég sé ekki að mæla með því, að slík leið verði farin, eins og ég hef hér minnzt á, að binda þetta við takmarkaðan stað, mundi ég þó telja það skárra en að gera heimildir til veiðanna jafnalmennar og stefnt er að í þessu frv., og þar sem ekki er tími til þess nú í hv. Nd. að færa frv. í það form, finnst mér, að það m. a. ætti að koma til athugunar í hv. Ed.

Ég vil svo aðeins að síðustu segja það og taka þá undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að vegna þess, að það eru fyrirsjáanleg viss átök í landhelgismálinu næstu vikur og mánuðina og það sennilega átök, sem skera endanlega úr um það, sem verður í þessum efnum í náinni framtíð, þá sé mikil nauðsyn fyrir okkur að fara nú að með allri gát og gefa hvergi höggstað á okkur, vera ekki að neinu leyti of veiðibráðir vegna einhverra stundarhagsmuna. Og ég hef þá trú, að ef okkur tekst að halda þannig á málinu, muni örugglega takast að koma því heilu í höfn. En mér finnst, að með þessu máli séum við að opna vissan höggstað á okkur, sem sé alveg óþarft að vera að gera undir þessum kringumstæðum, og það er, eins og ég áðan sagði, ástæðan til þess, að ég treysti mér ekki til þess að vera málinu fylgjandi á þessu þingi.

Ég vil svo að lokum endurnýja þessa fsp. mína til hæstv. dómsmrh., hvort hann mundi ekki telja eðlilegt, að öll friðunarmálin heyri undir einn og sama mann, og hann á ekkert að vera neitt feiminn við það, þó að það sé hann í þessu tilfelli, en frá mínu sjónarmiði horfir það þannig við, að þannig verði heppilegast að halda á málinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég gat um, heyrðu lögin um bann gagn dragnótaveiðum ekki undir mig samkv. úrskurðinum, sem upp var kveðinn, og ég sé í sjálfu sér ekki, að það sé nein eðlisbreyt. við þá löggjöf, sem nú er, frá því, sem verið hefur. Dragnótaveiðarnar hafa tilheyrt sjútvmrn., og stærð lögsögunnar er allt annað mál en það, hvernig við hagnýtum okkur þá lögsögu, sem við höfum áskilið okkur. Það er auðvitað sjálfsagt, að um þetta verði haft samráð milli ráðh., eins og hlýtur að verða innan hverrar samstarfshæfrar ríkisstj., og efast ég ekki um, að svo verði. En það er ekkert í þessu máli, sem gerir það að verkum, að ég telji nú frekar en áður nauðsyn að leggja meiri hluta sjútvmrn. en upphaflega var lagður undir mig af þessum sökum.

Forseti (JóhH): Það er nú hæpið að halda þessum fundi lengur áfram vegna fundarins í Sþ., sem á að hefjast kl. 8.15, en frsm.

sjútvn., hv. 5. þm. Vestf. (BF), hefur óskað eftir að svara fsp., sem til hans hefur verið beint eða n. Hann tekur næstur til máls.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt svar við fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Hann beindi þeirri fsp. til mín sem frsm. sjútvn., hvort n. teldi, að frv. um dragnótaveiði hefði áhrif á gildandi lög um lax- og silungsveiði. Ég tel, að frv., ef að lögum verður, hafi engin áhrif á þau lög og það hljóti að vera reglugerðaratriði fyrir rn., sem málið hefur til framkvæmdar, að gera mönnum ljóst, hvaða takmarkanir á dragnótaveiðunum felast í öðrum lögum en þessum, ef frv. yrði samþ.

Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), sem honum þótti ekki fullsvarað, um það, hvernig að skyldi farið, ef bæjar- og sveitarstjórnir gerðu ekki tillögur um dragnótaveiðar, þá lít ég þannig á, að ef svör berast ekki innan þess tíma, sem tilskilinn verður, verði farið í því efni eftir tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans.

ATKVGR.
Brtt. 559,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 559,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 572 felld með 13:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., 31. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 573).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, eins og það er orðað, var þegar á öndverðu yfirstandandi þingi flutt af nokkrum hv. alþm. Nd. Er það samhljóða frv., sem flutt var á vetrarþinginu 1958—59, en náði þá ekki fram að ganga og var vísað frá með miklum meiri hl. atkv. Sjútvn. hv. Nd. afgreiddi málið að þessu sinni með því að flytja nýtt frv., sem að nokkru er frábrugðið hinu fyrra. Er nú tekið inn í frv. ákvæði um eins konar neitunarvald til handa einstökum sveitarstjórnum, samtökum útvegsmanna og sjómanna, og geta þessir aðilar sent mótmæli gegn því, að ákveðin veiðisvæði verði opnuð fyrir dragnótinni. Má segja, að nokkur vörn sé með ákvæði þessu fyrir þá staði, sem ekki óska eftir, að þessum skaðræðisveiðarfærum verði beitt á fiskimiðum, sem næst liggja, með þeim afleiðingum, sem þekktar eru af fyrri reynslu.

Þau fskj., sem frv. fylgja, eru glögg dæmi þess, hvernig komið var. Fiskistofnarnir voru að ganga til þurrðar, það var sýnilegt, að þeir þoldu ekki veiðarfærið, og því var horfið að því að banna með öllu dragnótaveiðar.

Það hefur um langan tíma verið ágreiningsmál Íslendinga, hvort leyfðar skyldu í íslenzkri landhelgi veiðar með dragnót eða ekki. Það hefur oltið á ýmsu með mál þetta hér á hv. Alþ., og nú, eins og oft áður, er leitað ýmislegra raka, sem flm. telja málinu til stuðnings. Það eru höfuðrök þeirra manna, sem nú vilja heimila, að landgrunnið umhverfis landið, hrygningarsvæðin og uppeldisstöðvarnar, verði vettvangur hinna skaðlegustu veiðarfæra fyrir ungfiskinn, sem þjóð vor á svo mikið undir að nái fullum þroska, að vísindamenn þjóðarinnar á sviði fiskirannsókna hafi gengið í lið með þeim og telja nú, að fiskimiðin umhverfis landið verði ekki fullnýtt, nema dragnótin komi til. Þá er á það bent, að þetta sé mikið hagsmunamál fyrir fiskiðju og mikil atvinna muni skapast við hagnýtingu á hinu mikla flatfisksmagni, sem nú syndir umhverfis landið og bíður þess eins að verða fullþroska og synda síðan rakleitt í veiðarfæri Bretanna utan 12 mílna markanna, eins og þeir hafa bent á. Á þessa leið voru m. a. rök flm. í hv. Nd., þegar málið var þar til umr.

Mér finnst það vera nokkuð mikil blinda og oftraust á fáfræði almennings að ætla að telja fólki trú um, að Íslendingar séu ekki þess umkomnir, rétt eins og hver önnur þjóð, að ná sínum skerf af fiskinum, þótt utan 12 mílnanna sé. Það er viðurkennt, enda bera skýrslur það með sér, að íslenzku togararnir eru að miklum mun hærri hvað aflamagn snertir en þekkzt hefur með öðrum þjóðum, sem hér stunda veiðar.

Ég hafði ekki ætlað mér að flytja langt mál um dragnótaveiðarnar og áhrif þeirra að þessu sinni. Má vera, að tilefni gefist frekar við 2. umr. um málið, ef það nær svo langt í þessari hv. d. En það skulum við hafa hugfast, að á undanförnum árum, þegar þjóð vor hefur sótt fram af einurð og festu til þess að helga sér í æ ríkari mæli þau auðæfi, sem í hafinu búa umhverfis landið, þá hafa það verið okkar þyngstu rök, að botnvarpan og hliðstæð veiðarfæri tortímdu ungviðinu og eyðilegðu hrygningarstöðvarnar. Það er af öllum viðurkennt, sem til þekkja, að engin veiðarfæri séu ungfiskinum jafnskaðleg og dragnótin og trollið, og er þar ekki mikill munur á, enda segja fiskifræðingar um þetta í umsögn sinni um dragnótaveiðarnar, að af rannsóknum undanfarinna ára sé vitað, að dragnót hlífir heldur betur ungviðinu en botnvarpan að öllu öðru jöfnu, en ekki er munurinn mikill.

Einn fiskifræðinganna telur, að dragnótaveiðar eigi að vera lyftistöng fyrir smábátaútgerð. Í þessu tilfelli má eflaust segja, að eins dauði sé annars líf, og það er nokkurn veginn víst, að verði dragnótaveiðin leyfð á ný, þá muni fljótlega þyngja undir fæti hjá öllum þeim, sem nú stunda veiðar á smæstu bátunum, þ. e. trillubátunum. Í skjóli þeirrar friðunar, sem á undanförnum árum hefur átt sér stað á grunnmiðum við landið, hefur fiskistofninn farið jafnt og þétt vaxandi. Afkoma útgerðar og sjómanna hefur batnað, og mikill

fjöldi einstaklinga í bæjum og í þorpum allt í kringum landið hefur í þeirri trú, að sú mundi þróunin verða í framtíðinni, ráðizt í það að byggja sér smábáta, sem að vísu kosta mikið fé, en geta að óbreyttu veitt þeim mikilvægt atvinnuöryggi. Dragnótaveiðarnar geta aldrei orðið þessum unga atvinnuvegi lyftistöng, og það mun sýna sig, að nú eins og fyrr muni dragnótin, ef leyfð verður, ekki aðeins ná til flatfisksins, sem henni er þó fyrst og fremst ætlað, heldur mun eyðileggingin verða áhrifaríkust í að tortíma hvers kyns öðrum fiskistofnum, sem nú alast upp á hinum fengsælu uppeldisstöðvum og þjóðin á allt líf sitt undir að haldi áfram að vaxa og hagnýtast á eðlilegan hátt, en verði ekki slíku drápsveiðarfæri að bráð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 607 og 609).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að afstaða íslenzku þjóðarinnar til þessa máls, dragnótaveiða í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, sem hér er til umr., er vissulega ekki samhljóða. Þó verður þess mjög vart hjá þeim, sem mest hafa beitt sér fyrir breyttri löggjöf í þessum efnum, að þeir eru fyrir fram hræddir við afleiðingarnar. En nú á að skjóta sér bak við fiskifræðingana og hina vísindalegu athugun, sem nú skal viðhöfð í sambandi við veiðarnar. Það má enn fremur benda á vankanta frv., sem geta auðveldlega torveldað framkvæmdina, og er vart hægt að hugsa sér, á hvern hátt ráðh. getur útfært löggjöf, sem er með jafnvafasöm ákvæði og fram kemur í 1. gr. frv. Á ég þar við allar álitsgerðirnar frá sveitarstjórnum, samtökum útvegsmanna, sjómanna og verkamanna, eins og þar er kveðið á um. Mér er nær að halda, að slík lagaákvæði sem þessi séu óframkvæmanleg bæði hvað snertir heimildina og eftirlit varðbátanna.

Meðal þeirra, sem sjútvn. Nd. leitaði hjá umsagnar um málið, var forstjóri landhelgisgæzlunnar. Í svari sínu benti hann á ýmsa erfiðleika fyrir eftirlitið, þegar svæðin yrðu takmörkuð eða bundin við sérstök fiskimið. Það er fjarri mér að halda því fram, að réttara væri að opna allt upp á gátt, en takmarka ekki veiðarnar við ákveðin, takmörkuð svæði, ef að því verður horfið, sem ég vona þó að verði ekki, að dragnótin verði leyfð. Ég hefði talið eðlilegra, fyrst flm. frv. leggja svo mikið upp úr áliti sérfræðinganna, sem verður ekki talið óeðlilegt, að þeir hefðu hér ráðið nokkru um, en því er ekki fyrir að fara.

Það, sem ég óttast mest í sambandi við ákvörðun ráðherra, þegar til hans kasta kemur að ákveða, hvaða veiðisvæði skuli leyfð til dragnótaveiða, eru ákvæðin í 1. gr. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd. Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hluta veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar veiðisvæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðh. í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk."

Það má öllum vera ljóst, að hér getur verið um mikið vandamál að ræða, þar sem talað er um t. d. alla, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Ef við tökum t. d. Faxaflóa og það jafnvel hvar sem er í flóanum, þá eru það nokkuð margir aðilar, sem geta talið sig eiga hagsmuna að gæta, þegar um það er að ræða, hvort leyfð skuli dragnótaveiði eða ekki. Fyrir löggjafann eru vissulega skapaðir margs konar erfiðleikar, ef frv. þetta verður að lögum, og eiga flm. sem aðrir eftir að reka sig á þá staðreynd.

Þegar rætt er um, að nauðsyn beri til þess, að Íslendingar hagnýti sér í ríkari mæli flatfisksstofninn, sem nú er talið að hafi aukizt að miklum mun á grunnmiðum við strendur landsins, er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir þeim afleiðingum, sem af því kunna að verða, ef að því verður horfið, að dragnótaveiðar í landhelgi verði leyfðar á ný. Það er margt, sem rétt er að athuga í því sambandi. Íslendingar hafa í áratugi barizt harðri baráttu fyrir því, að helzt allt landgrunnið umhverfis landið verði friðað fyrir botnvörpu. Sem höfuðrök höfum við haft þá staðreynd, að þjóðin á allt sitt líf undir þeim auðæfum, sem í hafinu búa. Þetta eru sannindi, sem fulltrúar okkar hafa haldið fram á hinum ýmsu ráðstefnum, sem haldnar hafa verið um fiskveiðimál og Íslendingum hefur verið gefinn kostur á að taka þátt í. Það er því skylda okkar að vera sjálfum okkur samkvæmir og nytja þessi auðæfi á skynsamlegan hátt og læra af þeirri reynslu, sem við höfum áður keypt of dýru verði.

Flm. frv. viðurkenna, að svo hafi verið komið, þegar friðuninni var komið á, að fiskistofnarnir þoldu ekki dragnótaveiðarnar. En þegar þeir í þessu sambandi tala um fiskistofnana, eiga þeir fyrst og fremst við flatfiskinn. En það er ekki upplýst, að hve miklu leyti dragnótaveiðarnar höfðu einnig áhrif á stofna annarra nytjafiska, sem þjóðin á miklu meira undir og hafa allt til þessa verið henni að miklum mun gjöfulli. Á ég þar sérstaklega við þorskinn. Það er enginn vafi á því, að dragnótin hefur mjög skaðleg áhrif á allt fiskuppeldi, sem á sér stað á þeim stöðum, þar

sem hún er leyfð og notuð að einhverju marki. Þetta vita engir betur en sjómennirnir.

Það er talið, að ýsan sé sú tegund íslenzkra nytjafiska, sem auðveldast sé að fylgjast með, hvort stofninum sé ofboðið eða ekki. Kemur þetta fram á ýmsan hátt. Almennt mun það talinn vottur þess, að um ofveiði sé að ræða, ef sá fiskur, sem veiðist, fer minnkandi að meðallengd og þyngd. En þess eru glögg dæmi hvað ýsuna snertir, dæmi fyrir og eftir styrjöldina og svo núna, eftir að friðunin kom til framkvæmda. Áhrif hennar hafa komið skýrt í ljós. Hver einstaklingur er orðinn miklu stærri og verðmætari fiskur, þegar hann veiðist. Árið 1955 er meðalþyngd ýsunnar t. d. 7 sinnum meiri en meðalþyngdin á árunum fyrir 1948. Á sama tíma hefur fjöldinn aukizt mjög og var á árunum 1953—1957 að meðaltali á togtíma níu sinnum meiri en hann var á tímabilinu fyrir 1948. Þessi dæmi ættu vissulega að geta nægt til þess að opna augu hv. alþm. og þjóðarinnar í heild fyrir þeim voða, sem yfir vofir, verði dragnótinni á ný beitt til eyðileggingar og gegn þeirri heillavænlegu þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í skjóli friðunarinnar.

Þetta eru tölur, sem tala skýrt sínu máli, hver þróunin hefur verið, á meðan friðunin hefur verið. Magnið, sem veiðist nú, eftir að friðunin hefur staðið þennan tíma, er orðið níu sinnum meira en það var á þeim tíma, sem dragnótin var meira eða minna notuð, og stærð fisksins, sem veiðist, hefur að sama skapi vaxið stórlega, og er talið eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja frá fiskifræðingunum og flm. þessa frv. hafa birt sem fylgiskjal, að stærð fisksins sé nú fimm sinnum meiri að meðaltali en hún var, á meðan dragnótaveiðarnar voru leyfðar og stundaðar.

Í ljósi þessara staðreynda hafa sjómenn vorir víða um land tryggt sér á undanförnum árum aðstöðu til þess að nýta þessi verðmæti. Þeir hafa í hinum ýmsu verstöðvum byggt sér báta við þeirra hæfi, sem eru hentugir og heppilegir einmitt til þess að nýta þessa fiskistofna, sem vaxið hafa upp á landgrunninu. En með því að nú yrði horfið að því að leyfa dragnótina, þá munu fljótt koma í ljós sömu áhrifin og þekkt eru frá dragnótatímabilinu. Sjómenn okkar eru minnugir þungbærrar reynslu fyrri ára, þegar dragnótaveiðar voru stundaðar með þeim afleiðingum, að verðmæt fiskimið í flóum og fjörðum voru nálega eyðilögð. Þeim er það ljóst, að verði dragnótaveiðarnar leyfðar aftur á nýjan leik, mundi það verða hættulegt spor aftur á bak í þeirri viðleitni íslenzku þjóðarinnar að vernda fiskistofnana frá rányrkju og hvers konar eyðileggingu. Það hefur verið gæfa okkar, að þjóðin hefur á undanförnum árum staðið saman sem ein órofafylking í harðri baráttu fyrir þessu fjöreggi sínu, minnug þess, að líf og framtíð hennar geti verið undir því komið, að vonin, sem tengd er við stundarhagnað af væntanlegum dragnótaveiðum, nái ekki þeim tökum á íslenzkri löggjöf, að það verði yfirsterkara þeim heillavænlegu áhrifum, sem Íslendingar hafa verið að byggja upp á undanförnum árum með þeim ágæta árangri, sem raun ber vitni.

Sjútvn. hv. d. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nm. vilja samþykkja frv. óbreytt, en meiri hl. hefur leyft sér að leggja til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá.

Ég mun ekki að þessu sinni orðlengja frekar um þetta mál. Ég tel, að ég hafi dregið fram í ræðu minni þau sjónarmið, sem nauðsynlegt er að hafa í huga við afgreiðslu þessa máls. Það eru staðreyndir, sem fyrir liggja frá fyrri tíma um þá eyðileggingu, sem þetta veiðarfæri, sem hér er nú lagt til að verði notað að nýju, veldur, og við blasir þá að sjálfsögðu sú eyðilegging öðru sinni á fiskimiðunum, sem nú eftir friðunina hafa sýnt, að þau hafa skilað miklum mun meiri arði til þjóðarinnar en áður. Það er því staðreynd, að í öllum verstöðvum í kringum land og þá ekki sízt hér við Suðvesturland, þar sem þorskveiðarnar eru að öllu jöfnu mestar á vetrarvertíðinni, hefur afli bátanna farið að miklum mun vaxandi frá því, sem hann var áður en friðunin kom. Aflamagnið hefur farið stöðugt vaxandi, og hafa jafnvel seinustu vertíðirnar náð þeir árangri, að telja má, að metafli hafi náðst í einstökum verstöðvum. Við erum minnugir áranna, þegar dragnótin var notuð í algleymingi og aflaleysi var í verstöðvum þjóðarinnar. Það magn, sem skýrslurnar gefa til kynna frá fiskifræðingunum, það, sem veiðzt hefur í dragnótina á þeim tíma, sem þær veiðar voru stundaðar, er ekki svo mikið, að hlutur smábátanna, sem nú eru starfandi og gerðir út í verstöðvunum kringum landið, geti ekki jafnazt á við það magn, sem þar kemur fram. Þar er aðeins um fá þúsund tonna að ræða af þessum fiski í kringum landið eða við Íslandsstrendur, en t. d. í einni verstöð, sem mér er kunnugt um, á Akranesi, öfluðu þessir litlu bátar á síðustu sumarvertíð, á árinu 1959, á annað þúsund tonn af fiski.

En þótt dragnótin gengi eitthvað á kolastofninn og hann minnkaði, þá er það ekki aðalatriði í þessum efnum frá mínu sjónarmiði, heldur er það sú staðreynd, — og því miður liggja þær upplýsingar ekki fyrir frá sérfræðingum eða fiskifræðingum, — hvaða áhrif þessar veiðar hafa á aðrar fisktegundir, t. d. eins og þorskinn. En það vita allir, sem fiskveiðar stunda og gera út, að þetta veiðarfæri, ef það verður nú notað á ný í flóum og fjörðum, hlýtur að hafa skaðvænleg áhrif á uppeldi þorsksins. Og það er enginn efi, að það mun koma í ljós, fyrr en varir, að ef að því verður horfið nú að leyfa dragnótaveiðarnar, eigum við eftir að tapa miklu meira á öðrum sviðum en mundi vinnast um stundarsakir í sambandi við dragnótaveiðarnar, því að það mun nú eins og áður sýna sig, að eftir að þær hafa verið stundaðar um skamma

stund, munu koma í ljós þau skaðvænlegu áhrif, sem þetta veiðarfæri hefur jafnan haft á fiskistofna við Íslandsstrendur.

Frsm. minni hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Allar þjóðir, sem einhvers eru megnugar, kappkosta að efla rannsóknir og hagnýta vísindastarfsemi í sem flestum atvinnugreinum. Þær telja, að þeim peningum, sem til þessa er varið, sé vel varið og fátt borgi sig betur. Sjálfsagt er talið að notfæra sér árangur þeirra vísindastarfa og rannsókna, sem gerðar eru, eins fljótt og auðið er. Við Íslendingar verjum nú orðið nokkrum milljónum árlega til slíkra starfa, þó sennilega hlutfallslega minni hluta þjóðartekna okkar en flestar þær þjóðir, sem hafa svipuð lífskjör og við. Margir telja, að betur borgaði sig fyrir okkur að verja meira fé í þessu skyni. Við höfum samt mjög góða reynslu af því að styðja vísinda- og rannsóknarstörf á ýmsum sviðum. Á sviði læknisfræði má t. d. nefna, að við vörðum miklu fé á okkar mælikvarða til vísinda- og rannsóknarstarfa í sambandi við berklaveikina í landinu. Við fórum þar alveg að ráðum þeirra vísindamanna, sem við fólum þar forustu. Árangurinn varð svo góður, að við erum stoltir af honum, og við megum vera það. Við erum á góðri leið með að sigra þann vágest. Enginn vafi er, að fátt hefur borgað sig betur fjárhagslega fyrir þjóðina.

Við höfum hafið hér stóriðju og framleiðum nú sjálfir sement fyrir okkur og mikinn hluta þess áburðar, sem við notum, við virkjum fallvötn okkar og hitaorkuna í iðrum jarðar, allt að undangengnum rannsóknum og ráði þeirra vísindamanna, sem við treystum bezt, hverjum á sínu sviði. Við höfum líka haft af þessu stóran ávinning, og þetta er ein af sterkustu stoðunum undir batnandi lífskjörum okkar. Við höfum einnig haft mikið gagn af starfi fiskifræðinga okkar og vísinda- og fræðimanna á sviði skógræktar og landbúnaðar, sem oft hafa þó starfað við frumstæðari og erfiðari skilyrði en æskilegt hefði verið.

Ég skal ekki hafa þennan inngang lengri, en ég vildi ekki láta hjá líða að minna á þetta, vegna þess að oft verður vart sinnu- og skilningsleysis á þessum þjóðnytjastörfum og jafnvel talið eftir það fé, sem til þeirra fer. En sannleikurinn er, að við höfum ekki efni á öðru en að styðja slíka starfsemi eftir föngum.

Það mál, sem hér liggur fyrir, frv. til laga um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, er komið frá Nd., var samþ. þar með miklum meiri hl. atkv. Um þetta mál hafa annars löngum verið skiptar skoðanir. Dragnótaveiðar voru stundaðar í allstórum stíl á árunum 1930—1948. Síðan hafa þær verið bannaðar algerlega innan fiskveiðilandhelgi. Á þessum árum gekk flatfiskur til þurrðar eins og annar fiskur við landið vegna ofveiði, ekki aðeins vegna dragnótaveiði, heldur mega menn ekki gleyma, að togveiði var leyfð og stunduð inn að þriggja mílna línu og inn á firði og flóa, bæði af innlendum og erlendum skipum.

Samkvæmt rannsóknum íslenzkra fiskifræðinga og aflaskýrslum erlendra skipa var flatfiskveiði fljót að aukast, eftir að friðunin kom, og hefur síðan aðallega komið erlendum fiskiskipum að góðu. Þau hafa sótzt eftir þessum verðmæta fiski til sölu á mörkuðum erlendis, en íslenzkir togarar hafa undanfarið aðallega lagt afla á land hér heima til vinnslu og þá sótzt meira eftir öðrum fisktegundum.

Nú er vitað, að flatfiskmagn er orðið mikið víða við landið, og þykir því ýmsum eðlilegt og sjálfsagt að nytja þá auðlind, og er þá vart um annað veiðarfæri að ræða en dragnót eða botnvörpu til þess að veiða það magn, sem hér er um að ræða. Vegna fyrri reynslu þykir sjálfsagt að fara varlega af stað og sérstaklega að láta vísindamenn á þessu sviði fylgjast með, og er beinlínis gert skylt að fara að ráðum þeirra, ef þeir eru sammála um, að nauðsyn beri til að kippa að sér hendinni um leyfisveitingar. Einnig eru í frv. ákvæði, sem veita sveitarstjórnum og samtökum útvegsmanna, sjómanna og verkamanna aðstöðu til að hafa áhrif á, hvort dragnótaveiði skuli leyfð á tilteknum veiðisvæðum, einkum ef talið væri, að aðrar nytjar veiðisvæðanna biðu hnekki við dragnótaveiði.

Á meðan þetta frv. var til umr. í hv. Nd., var það sent til umsagnar ýmissa aðila. Með leyfi hæstv. forseta, skal ég lesa hér úr grg. á þskj. 399, þar sem þessir aðilar eru taldir og stuttlega greint frá svörum þeirra.

Fiskifélag Íslands mælir með takmörkuðu leyfi undir vísindalegu eftirliti. Samband fiskideilda á Snæfellsnesi mælir með takmörkuðu leyfi. Samband fiskideilda Sunnlendingafjórðungs óskar ýtarlegri rannsóknar, áður en ákvörðun yrði tekin um takmörkuð leyfi. Landssamband íslenzkra útvegsmanna óskar, að rannsakað sé, hvort tímabært sé að veita takmörkuð leyfi undir eftirliti. Fiskideildir Austfirðingafjórðungs mæla með takmörkuðu leyfi. Fiskideild Vestmannaeyja mælir með leyfum samkv. frv. á þskj. 5, vill leyfa stærri bátum en 35 rúmlesta dragnótaveiðar. Samband fiskideilda á Norðurlandi hefur ekki svarað sérstaklega, en vísar til meðferðar fiskiþings í málinu. Alþýðusamband Íslands hefur ekki svarað vegna ólíkra skoðana innbyrðis. Sumir framangreindir aðilar, t. d. Landssamband íslenzkra útvegsmanna, svöruðu með því að vísa til svara sinna frá s. l. ári í sama máli.

Þá hefur einnig, eftir að umr. um málið lauk í Nd., borizt umsögn frá stjórn Smáútvegsbændafélags Vestmannaeyja, þar sem skorað er á Alþ. að samþ. fram komið frv. til laga um dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Ég skal ekki orðlengja þetta að sinni, en eins og fram kemur í nál. minu og hv. 4. þm. Vestf. (SE), sem myndum minni hl. sjútvn., leggjum við til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 573.

Frsm. meiri hl. hv. sjútvn. sagði, að erfið-

leikar við eftirlitið væru miklir, ef veiði yrði aðeins leyfð á takmörkuðum svæðum. Út af því vil ég segja þetta: Það vill svo til, að um áratugaskeið hafa verið veitt leyfi til rækjuveiða á takmörkuðu svæði. Þetta hefur ekki, svo að ég viti til, valdið neinum vandkvæðum í framkvæmd. Mönnum er svo sárt um þessi leyfi, að þeir gerast ekki viljandi brotlegir. En við veiðar svo nærri landi er tiltölulega auðvelt að fylgjast með bátunum.

Við getum ekki fallizt á rök meiri hl. hv. sjútvn. Málið hefur einmitt verið vandlega athugað af n., sem skipuð var af sjútvmrh. 1959, og borið undir þá aðila, sem unnið hafa að rannsóknum á þessum málum á undanförnum árum, eins og ég hef lýst hér áður.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um það, að ýsan væri farin að stækka mikið, þá þótti mér vænt um að heyra það. Mér þykir ýsa góð, en ég þekki ekki þá útgerðarmenn eða sjómenn, sem vilja ekki heldur selja tonn af flatfiski fyrir 12 eða 14 þús. kr. en tonn af þorski eða ýsu fyrir í kringum 3 þús. kr.

Við hv. 4. þm. Vestf. (SE) teljum, að í þessu máli eigi hagsmunir þjóðarheildarinnar að gilda og sjónarmið vísindanna, en taka eigi þó tillit til sérhagsmuna, þar sem það kemur greinilega og ótvírætt fram. Réttlátari og sanngjarnari lausn á þessu máli verður tæpast fundin.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Efni þess frv., sem hér um ræðir, hefur um alllangt skeið verið mikið deilumál með þjóðinni. Veiðiaðferð sú, sem hér um ræðir, dragnótaveiðin, var stunduð af allmörgum smærri fiskibátum um eða yfir 20 ára skeið við strendur landsins og helzt á grunnmiðum, þannig að nokkur og allgóð reynsla er nú þegar fengin um árangur hennar og afleiðingar.

Þegar saga þessa veiðiskapar er til grunna rannsökuð, má það furðulegt heita, að á Alþingi Íslendinga, þjóðar með slíka reynslu, skuli í alvöru rætt um að hefja þennan veiðiskap á ný, svo gersamlega sem öll reynsla vitnar þar á móti. Nú eru ýmsir mætir menn úr hópi okkar færustu fiskifræðinga notaðir sem eins konar skálkaskjól og til þeirra vitnað um nauðsyn þess, að veiðiskapur þessi sé á ný leyfður, þó að bláköld reynslan segi, að fjölmargar okkar dýrmætustu gullkistur og uppeldisstöðvar nytjafisks hafi gersamlega verið eyðilagðar af völdum þessara veiðarfæra fyrir augum þeirra, sem í landi stóðu og á sjónum voru og máttu ekki viðnám veita.

Enn þá furðulegri verður tilkoma þessa frv., þegar athuguð er vígstaða okkar á alþjóðavettvangi. Nú um margra ára skeið hefur íslenzka þjóðin sem ein órofaheild staðið að baki foringjum sínum á vettvangi þjóðmála í baráttunni fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar í krafti þess, að þar væri um fjöregg þjóðarinnar að ræða. Við höfum rökstutt þessar kröfur okkar og aðgerðir allar með því, að þjóðin lifði einungis á útflutningi sjávarafurða, eða allt að 97%, og væri háð fiskveiðum í ríkara mæli en nokkur önnur þjóð í heiminum. Á þessum forsendum höfum við barizt við skilningslítil stórveldi, svo að segja með berum hnefunum gegn milljónaauði og opinberri kúgun ýmissa þjóða, sem þó vildu rétta okkur hjálparhönd í þessari viðleitni okkar. Nú ætlum við hins vegar að segja við þessa aðila, sem þrátt fyrir allt hafa stutt okkur: Við ætlum að stunda rányrkjuna sjálfir á Íslandsmiðum í stað Bretanna og annarra, sem hafa bezt fram gengið í að gera okkur á þennan hátt fjárhagslega ósjálfstæða og öðrum háða, með rányrkju á þessum miðum okkar.

Hver eru rök okkar fyrir friðun uppeldisstöðvanna? Ég veit, hver svörin eru. Þau hafa verið fram borin við umr. um þetta mál í hv. Nd. og er lævíslega smeygt inn í grg. hinna tveggja frv., sem um þetta mál hafa verið flutt, þ. e. á þskj. 5 og þskj. 399, og hér liggja fyrir.

Vísindin og hin stóraukna þekking manna á eðli og lifnaðarháttum fisksins eiga að vernda okkur gegn því, að hin hryggilega saga endurtaki sig, þegar Íslendingar höfðu með aðstoð útlendra í augnabliksgróðafikn nær tortímt fjárhagslegri undirstöðu þjóðarinnar, þ. e. sjálfum hrygningar- og uppeldisstöðvum fisksins við strendur landsins, þannig að þar, sem áður var gnægð fisks, fékkst ekki bein úr sjó um margra ára skeið. Nú hefur aftur á móti lifnað yfir þessum veiðisvæðum á ný, og fjölmennur hópur manna bindur vonir sínar við, að stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur auk friðunarinnar færi enn aukna fiskigengd. Smábátaútvegurinn, „trillurnar", er nú víða orðinn svo snar þáttur í lífsafkomu fjölda fólks við strendur landsins, að miklum vafa er bundið, hvort fleiri fá tryggari atvinnu, þótt skipt væri um og á ný farið að tíðka stundarhagnaðinn með dragnótaveiði. A. m. k. er það eitt víst, að þessi útvegur á ekki um aðra kosti að velja í veiðiskap og hlýtur að leggjast niður á þeim stöðum, sem dragnótaveiðar verða leyfðar.

Frv. gerir í 1. gr. ráð fyrir, að leitað sé álits sveitarstjórna og annarra þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæðum, eins og þar hefur verið sagt, um, hvort leyfa skuli hinar tímabundnu veiðar. Svo mikið deilumál sem frv. þetta er hér, þá er vitað, að mjög mismunandi skoðanir og harðar deilur eru um það meðal almennings. Ég fæ því vart séð, hvernig þessar umsagnarorrustur, sem frv. gerir ráð fyrir, eiga að fara fram. Sjálfur er ég nokkuð kunnugur afstöðu manna til þessara mála, t. d. á Suðurnesjum. Helztu dragnótasvæðin eru stunduð frá verstöðvunum Keflavík, Gerðum í Garði og Sandgerði. Þar stunduðu á sínum tíma allir þessir aðilar hinn svonefnda Garðsjó og jafnvel Hafnabúar einnig hinn svonefnda Hafnaleir, og jafnvel var sótt suður fyrir Reykjanes. Hvað eiga margar þessara verstöðva að hafa umsagnarrétt um þessi veiðisvæði? Auk Suðurnesjamanna sóttu á ákveðnum árstímum bátar á

þessi mið allt frá Snæfellsnesi og Akranesi. Á einnig til þeirra að leita um, hvort leyfa skuli veiðarnar í t. d. Garðsjó og á Hafnaleir? Við skulum nú ganga út frá því, að einungis aðliggjandi verstöðvar fái beinan umsagnarrétt, þannig að t. d. Keflavík, Gerðahreppur og Sandgerðishreppur fái umsagnarrétt um, hvort leyfa skuli dragnótaveiðar í Garðsjó og á Hafnaleir. Þá er alls ekki útilokað að gera ráð fyrir, að einn þessara staða samþykkti, en hinir væru því andvígir, eða öfugt. Á þá að leyfa veiðarnar? Um þetta er æskilegt að skýr svör liggi fyrir, áður en endanleg afgreiðsla málsins fer fram í hv. þd. Nú er Garðsjórinn óvefengjanlega umráðasvæði Gerðahrepps, ef um slíkt á að vera að ræða á annað borð. Er þá nægjanlegt, að Gerðahreppur einn samþykki að leyfa ekki veiðarnar, þannig að þær verði þá ekki stundaðar í Garðsjó? Allt þetta er mjög óljóst af frv. og verður ekki séð, hvernig framkvæma á.

Ég hef hér aðeins nefnt Garðsjóinn sem dæmi, m. a. vegna þess, að hann er eitt ferskasta dæmið um hryggilegar afleiðingar dragnótaveiða. Fiskimiðin á þessum slóðum voru um langt skeið nefnd einu nafni Gullkistan, jafnt af innlendum sem útlendum. Ég efast um, að traustið á vísindalegu eftirliti nægi til þess að sannfæra sjónarvotta þar um, að nú verði farið mýkri höndum um þessi annars gjöfulu mið en gert var á rányrkjutímanum.

Stuðningsmenn frv. halda því mjög á loft, að hér sé ekki um neina áhættu að ræða, þar sem hægt sé að loka fyrir veiðarnar hvenær sem er, ef um sýnilega ofveiði verði að ræða, og benda gjarnan á, að það sé ekki búmannlegt að láta allan þann afla ónotaðan, sem náist ekki með öðrum hætti en í dragnót. Því er jafnvel haldið fram, að nú sé sérstök nauðsyn á, til þess að viðhalda fiskimiðunum, að róta til í botninum, þannig að auðugra líf og gróður fáist fyrir fiskigengd á þessum stöðvum. Svo langt eru rökin sótt, að það hafi jafnvel sýnt sig, þar sem leyfðar hafa verið hinar svonefndu rækjuveiðar, að meiri fiskigengd hafi verið á þeim slóðum, þar sem veiðarnar voru leyfðar. Mér er þá spurn: Hvernig var háttað á þessum veiðisvæðum, áður en nokkur dragnót og nokkrar togveiðar voru til á Íslandi? Það eru enn þá til menn, sem muna þá tíma, að firðirnir voru taldir fullir af fiski og varla þurfti annað en að leggja línu í sjó, til þess að allt væri fullt af fiski. Hvorugt þessara veiðarfæra, hvorki dragnót né hinar svonefndu trollveiðar, þekktust þá. Hvað var það þá, sem rótaði svo upp botninum og gerði þessi veiðisvæði svo fiskisæl?

Þessi rök hafa ekki sannfært mig eða aðra, sem hafa séð þessa rányrkju fara fram með þessum drápsveiðarfærum á uppeldisstöð fisksins. Það er fengin 8—10 ára reynsla af friðun ýmissa þeirra fiskimiða, sem hér koma helzt til greina, og á styrjaldarárunum dró einnig mjög mikið úr veiðum erlendra fiskiskipa, svo að friðunartíminn er raunar nokkru lengri og viðtækari. Nú fyrst er farið að örla á því, að þessi veiðisvæði séu að komast í hið fyrra horf, og þá skal hafizt handa um að eyðileggja árangurinn og það á vísindalegan hátt.

Ég efast ekki um, að með dragnótaveiðum má í fyrstu fá allgóðan afla, sem meta má til verðs. Það verður hins vegar nokkuð dýr afli, ef síðar eða e. t. v. eftir örskamman tíma þarf svo aftur að friða í 10—20 ár, til þess að endurtaka megi hinar sömu yfirsjónir. Ég veit ekki um sönnur á því, en mér er tjáð, að nú liggi í frystihúsum í Keflavík á þriðja hundrað tonn af hraðfrystum flatfiski, sem óseldur er. Hvar eru þessir geysilegu markaðir fyrir þennan fisk, ef við þurfum að liggja mánuðum saman með slíkan fisk óseldan í frystihúsum okkar? Ég tel, að okkur hefði farið líkt með samþykkt þessa frv. og bóndanum, sem ætlaði að kreista örari mjólkurnyt úr kúnum sínum en móðir náttúra gerði ráð fyrir vegna hækkandi mjólkurverðs, en drap í þessum tilraunum sínum allar mjólkandi kýr á bænum og átti enga eftir. Það hefði einhvern tíma ekki þótt gott búskaparlag á Íslandi.

Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fyrir liggur um dragnótaveiðar fyrri tíma og afleiðingar þeirra, er ég andvígur samþykkt þessa frv. og tel þar of mikið við liggja um framtíð okkar sem fiskveiðiþjóðar. Og ég viðurkenni, að svo mikið traust hafi ég ekki á okkar annars ágætu vísindamönnum, að þeir geti með öllu komið í veg fyrir þá eyðileggingu, sem af þessum veiðum óhjákvæmilega hlýzt á einn eða annan hátt. Hvar er sá eftirlitsfloti, sem fylgzt getur með sjálfum veiðunum? Við vitum, að hann er ekki til og að nákvæmt eftirlit verður ekki gert úr landi. Það er enn fremur mín skoðun, að við veikjum okkar málstað í deilunni við Bretland með samþykkt frv. um stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur. Af þessum framantöldu ástæðum og svo þeirri, að mér er enn í fersku minni reynslan frá fyrri árum, vil ég ekki stuðla að þeirri augnabliks hagnaðarvon, sem hér gæti verið um að ræða, og tel, að áfram beri að hlífa fæðingar- og uppeldisheimilum fisksins. Þess vegna styð ég þá rökst. dagskrá, sem við í meiri hl. sjútvn. höfum lagt fram á þskj. 609 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ekki þykir rétt eða tímabært, að Alþingi taki ákvörðun um það nú, hvort eða hvernig leyfðar skuli dragnótaveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Slík afgreiðsla á málinu mun verða Alþingi til meiri sóma en snöggsoðin samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, að lítt athuguðu máli, og sérstaklega að þeim aðstæðum lítt athuguðum, sem af samþykkt þess kann að leiða.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja mjög þessar umræður, en kemst þó ekki hjá því að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni í þessu máli.

Ég vil þá fyrst taka það fram, að óhæfi-

lega skammur tími hefur verið til stefnu fyrir sjútvn. til athugunar á málinu og svo skammur, að jafnvel þótt einhverjir nm. hefðu viljað flytja við það brtt., er bókstaflega ekkert ráðrúm til þess að gera það með þeim undirbúningi, sem nauðsynlegur væri. Ekki hefur heldur verið tími til að kalla neina kunnáttumenn um útveg eða fiskifræði til viðtals við n. um slíkar hugsanlegar breyt. á þessu frv. eða til þess að afla svara og gagna um atriði, sem máli skipta.

Ég álít, að það sé í rauninni óréttmætt að ætlast til þess, að nokkur ábyrg þn. geti með góðri samvizku afgreitt slíkt stórmál sem þetta er á rúmum sólarhring, jafnvel þó að önnur nefnd hafi fjallað um það mánuðum saman annars staðar. Eðlilegt hefði því verið, úr því að það tók hv. Nd. því nær allan þingtímann í vetur og sumar að fjalla um málið, að það hefði verið látið daga þegjandi og hljóðalaust uppi á þessu þingi. En nú hefur hins vegar af einhverjum þeim máttarvöldum, sem ráða hér þingstörfum, verið ákveðið, að málið skuli afgreitt með einhverjum hætti fyrir þingslit, enda þótt enginn tími sé til fullnægjandi athugunar á því nema fyrir aðra deild þingsins. Breytingar á frv. koma því tæpast til greina nú, og því er aðeins um það að ræða að taka afstöðu til frv. eins og það liggur nú fyrir, með eða móti. Andstaða við þetta frv. hér og nú þarf því ekki endilega að vera tjáning á því trúaratriði sumra manna, að það veiðarfæri, dragnót, skuli aldrei og hvergi notað á grunnmiðum við landið, og er ég þó ekki að lá neinum, þótt hann sé haldinn slíkri trú, svo ill sem reynslan hefur orðið af þessu veiðarfæri. Andstaða nú gegn frv. getur allt eins stafað af því, að mönnum þyki ekki nægilega vel um hnútana búið til þess, að öruggt verði talið, að ekkert skaðræði í líkingu við það, sem orðið hefur og mörgum er ekki úr minni liðið, geti á ný orðið að veruleika.

Þeir, sem áhuga hafa á þessu máli nú, segja í fyrsta lagi: Okkur vantar verkefni á sumrum fyrir dekkbáta, sem eru undir 35 tonnum og því of smáir fyrir síldveiðar. Í öðru lagi segja þeir, að kolastofninn þoli mikla veiði umfram það, sem nú er, án þess að högg sjáist á vatni. Í þriðja lagi, að dragnótin sé eina veiðarfærið, sem hentugt geti talizt fyrir kolaveiðar. Og í fjórða lagi, sem ekki er minnst gert úr, að vísindamennirnir mæli með því, að dragnótin sé leyfð.

Vissulega er hægt að taka undir það, að þetta eru að miklu leyti rétt rök og mikilsverð. En ég fyrir mitt leyti tel, að þau séu samt ekki nægileg til þess að setja löggjöf, sem getur opnað allt grunnsvæðið við strendur landsins fyrir dragnótaveiðum, án þess að viðhafður sé sá háttur að þreifa sig áfram með ýtrustu varfærni, fyrst t. d. á mjög takmörkuðu eða takmörkuðum svæðum undir nákvæmu eftirliti vísindamanna og auka þá fyrst við veiðisvæðin, þegar alveg óyggjandi er, að ekkert tjón verði af.

Það, sem mér finnst einkum skorta á, að rök þeirra, sem vilja samþ. þetta frv. nú með óeðlilegum hraða, séu nægjanleg, er einkanlega þetta:

Í fyrsta lagi, að ekki liggja fyrir, a. m. k. svo að mér sé kunnugt, neinar óyggjandi vísindalegar álitsgerðir um áhrif slíkrar botnsköfunar sem dragnótin er á sjávargróður og hver áhrif eyðilegging hans hefur á lífsskilyrði hinna ýmsu tegunda ungfisks og þar með á magn fiskistofnanna yfirleitt, ekki aðeins á kola og ýsu, en þær álitsgerðir, sem ég hef séð viðkomandi þessu frv., fjalla einvörðungu um þessar fisktegundir. Það mun vera talið, að eitt „hal", sem kallað er, dragnótar, skafi svæði, sem tekur yfir um 3 ha. af sjávarbotni, og rifur þar upp gróður, sem trúlega styður að lífsskilyrðum ungfisks, og má nokkuð af þessu marka, að þetta veiðarfæri er ekki lítilvirkt. Blýteinn dragnótarinnar leggst fast að botni, og ekkert kvikt kemst undan annað en það, sem sleppur í gegnum möskva. Með þeirri möskvastærð, sem hér var leyfileg, áður en dragnótin var með öllu bönnuð, þótti það ekki svo slæmt á snurvoðarbátum, ef 1/4 af því, sem fékkst úr hverju „hali", var hirðandi fiskur, en margföldu magni við það, sem hirt var, var iðulega hent útbyrðis. Ekkert liggur fyrir um það í þessu frv., hver möskvastærð á að vera. Það á aðeins að vera reglugerðarákvæði eins og áður, og yrðu trúlega ekki stórbreytingar þar á. En þó mun það vera samdóma álit kunnugra og m. a. vísindamanna eins og Árna Friðrikssonar, að nauðsynlegt sé að auka möskvastærðina, en ekkert liggur fyrir um það í þessu frv. Það má vel vera, að hér í hv. d. séu einhverjir þeir menn, sem kunna svo góð skil á öllum afleiðingum botnsköfunar á sjávarlífið, á fiskistofnana og fiskigöngurnar, að þeir séu þess albúnir í krafti þekkingar sinnar að fullyrða, hvað nærri megi ganga að skaðlausu, en því miður er ég ekki á meðal þeirra.

Í öðru lagi tel ég, að verulega skorti á, að þær takmarkanir, sem frv. gerir ráð fyrir, séu fullnægjandi trygging gegn ofveiði og spilli ekki öðrum veiðum. En vísindamennirnir, segja menn, er atvinnudeildinni og Fiskifélaginu virkilega ekki trúandi fyrir því að gera aðvart í tíma, ef út af ber? Ég vil ekki gera lítið úr fiskifræðingum okkar. Við eigum marga og merka vísindamenn í þeim greinum, og þjóðin bindur miklar vonir við árangur af starfi þeirra. En er aðstaða þeirra slík, að fullyrða megi, að þeir geti haft fullkomna yfirsýn yfir afleiðingar slíkra veiða á öllu svæðinu í kringum landið, eins og hér er ráðgert? Ég dreg það í efa. Ég hef líka fyrir mér það álit manna, sem ég veit að kunna nokkur skil á störfum þessara ágætu vísindamanna, að enn sem komið sé hafi störf þeirra fyrst og fremst beinzt að veiðum og fiskigöngum og sjávarlífi á djúpmiðum, en grunnsævið upp við strendurnar og þýðing þess fyrir fiskveiðarnar væri miklu minna rannsakað. Þessi fræðigrein

er tiltölulega ung hérlendis. Hún hefur haft allt of fáum mönnum á að skipa, ónógum tækjum og aðstöðu, og það er því sízt nokkurt vanmat, þó að það sé sagt, sem flestum er ljóst, að margar ályktanir þeirra, ef ekki flestar, á sumum sviðum eru enn sem komið er mörgum vafa og efa blandnar. Það er svo heldur ekkert að undra, þó að nú rifjist upp fyrir mönnum, að dragnótaveiðar hafa áður, t. d. eftir 1937 og þau lög, sem þá voru sett, verið stundaðar við alveg sérstaklega illa reynslu þrátt fyrir meðmæli vísindamannanna, þrátt fyrir jafneindregin meðmæli þeirra og þeir veita þessu frv. nú.

En er þá ekki full trygging í ákvæðum 1. gr., um áhrifavald sveitarstjórna og annarra óákveðinna aðila, sem hagsmuna hafa að gæta um opnun veiðisvæða eða hluta úr veiðisvæðum? Þessi ákvæði eru nú, eins og greinin er, slíkur hræringrautur algerlega óskilgreindra hugtaka, að mér er óskiljanlegt, hvernig hún verður í framkvæmd. Þar segir, að áður en gerðar séu till. um opnun einstakra veiðisvæða, skuli Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist slíkar álitsgerðir, skuli ráðherra óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd. Ég dreg mjög í efa, að þeim hugvitsmönnum, sem þessa þvælu hafa samið, hafi komið til hugar, hvað þetta merkir í framkvæmd. Hverjir eru þeir aðilar, aðrir en sveitarstjórnir t. d., sem hagsmuna hafa að gæta og taka á tillit til? Eru það aðeins útvegsmenn? Hvað um félög sjómanna og verkafólks, sem eru ekki nefnd í þessu sambandi, en í öðru sambandi í næstu málsgr. á eftir? Hvað t. d. um félög sjómanna og verkafólks? Er það ekki ærið teygjanlegt, hvar takmörkin eru á því, hverjir hafi hagsmuna að gæta í sambandi við útveginn og í sambandi við þessar veiðar? Hvar á að setja mörkin? Engar nánar skýringar hef ég heyrt á því. Hvað er veiðisvæði? Er það hver fjörður eða flói fyrir sig, eða er um miklu meiri víðáttur að ræða? Á t. d. að skipta grunnsævinu niður í 4 eða 5 veiðisvæði eða jafnvel enn færri? Engin skýring er á því, og skiptir það þó ekki litlu máli. Hvað merkir það, að álitsgerðir hinna óskilgreindu aðila styðji almennt opnun veiðisvæðis? Engin skýring er á því. Ef t. d. Eyjafjörður væri talinn sérstakt veiðisvæði og við skyldum segja að sýslunefndir Suður-Þingeyinga og Eyfirðinga væru meðmæltar opnun, en t. d. Akureyrarbær á móti eða bæjarstjórnin þar, hver væri þá hin almenna skoðun, sem ráðherra ætti að fara eftir um opnun veiðisvæðis þess, sem þarna væri um að ræða? Ég held, að því fari mjög fjarri, að gr. gefi nokkra skilgreiningu á því.

Ég held, að úr framkvæmd fyrstu greinanna hlyti að verða algert öngþveiti, svo mjög sem um þetta yrði deilt, að eina færa leiðin yrði úrskurðarvald ráðherra, sem þá hlyti að fara fyrst og fremst eftir áliti fiskifræðinganna, og yrði þá næsta lítið eftir af hinum almenna ákvörðunarrétti. Mér sýnist líka, að hvergi nærri sé loku skotið fyrir það, að dragnótaveiðum sé þröngvað inn á viss veiðisvæði þrátt fyrir mótmæli íbúa þeirra byggðarlaga, sem að því liggja. Ef t. d. miðin fyrir Norðurlandi væru eitt veiðisvæði, yrði það auðvitað að teljast almennt álit íbúa þessa landshluta, að leyfa ætti dragnótaveiðarnar, enda þótt t. d. íbúarnir við Skjálfandaflóa eða aðra firði norðanlands væru því mótmæltir. Að minnsta kosti taka ákvæði 1. gr. engan vafa af um þetta.

Þetta sýnir m. a. greinilega, hvað þetta frv. er illa gert að þessu leyti, og hefur mér reyndar ekki sýnzt örgrannt um, að sumir áhugamenn um þetta frv. hafi sjálfir kímt að þessum furðulega samsetningi, þessum samsetningi, sem hv. 5. þm. Vestf. (BF) mun eiga höfundarlaunin að, ef dæma má eftir frásögn Alþýðublaðsins.

Ef vilji almennings á einhverju að ráða í þessu máli, sem verið er að reyna að gefa í skyn, a. m. k. með ákvæðum 1. gr., þá verður auðvitað að setja skýr og óvefengjanleg ákvæði um, hvernig það megi verða, en ekki einhverja orðafroðu, sem engin haldfesta er í. Verði niðurstaðan sú, að veiðar séu ýmist leyfðar eða bannaðar á miklum fjölda veiðisvæða umhverfis landið aftur á móti, þykir mér líka sýnt, að mikið misræmi og erfitt viðureignar skapist. Þannig gætu þá t. d. bátar, sem gerðir væru út frá bönnuðu veiðisvæði, t. d. skammt frá mörkum bannaðs og leyfðs svæðis, óhindraðir sótt yfir mörkin, og þannig hlyti þungi veiðarinnar og afleiðingar hennar að leggjast tvöfaldur eða margfaldur á einstök leyfð svæði við hlið þeirra bönnuðu, því að ekki mundi þykja fært að binda veiðileyfi á opnum veiðisvæðum aðeins við báta, sem þaðan eru gerðir út. Það mundi algerlega stríða á móti öllum fornum og nýjum erfðavenjum um sjósókn. Enn kemur það svo til, sem fram kemur greinilega í álitsgerð landhelgisgæzlunnar, að gæzla með stærri togbátum yrði óframkvæmanleg með nokkru öryggi, eftir að e. t. v. hundruðum smærri báta yrði leyft að stunda dragnótaveiðar upp að landsteinum, og aukin freisting mundi að sjálfsögðu skapast fyrir togbátana til þess að brjóta landhelgisreglugerðina.

Margs konar önnur vandkvæði fleiri en ég hef nefnt mundu skapast við framkvæmd þessara laga, eins og þau nú eru, en sumra þeirra hefur verið getið af öðrum ræðumönnum hér á undan mér. En loks er svo það að nefna, sem þó er kannske aukaatriði, að öll framkvæmdin mundi valda heiftarlegum illdeilum milli manna, milli hagsmunahópa og jafnvel milli byggðarlaga. En aðalatriði málsins er þó þetta: Annars vegar eru misjafnlega vel rökstuddar fullyrðingar um, að enginn skaði sé skeður, þótt dragnót verði leyfð, eins og frv. gerir ráð fyrir, og vonin um að geta aukið framleiðsluna með þeim hætti. Hins vegar er sárbitur reynsla af skaðsemi þessara veiða, —

reynsla, sem áreiðanlega enginn óskar eftir að reyna öðru sinni og hvetur til meiri varfærni en hér á að viðhafa. Við höfum síðustu árin í skjóli friðunar verið að síauka smáútgerðina, trilluútveg og minnstu dekkbáta, og þau sjávarþorp eru nú orðin mörg, sem byggja afkomu sína að miklu leyti og sum að öllu leyti á þessum atvinnuvegi, og arðsemi þessa atvinnuvegar, bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild, hefur farið vaxandi. Ég held, að það væri glapræði að ætla sér að grípa skyndigróða af dragnótaveiðum, ef það yrði á kostnað þessara þýðingarmiklu atvinnu- og framleiðslugreina.

Það má vel vera, að ég og ýmsir aðrir, sem erum andsnúnir þessu frv., séum of ragir við að leyfa þessar veiðar. En þar má segja, að við vitum, hvað við höfum, en ekki, hvað við vinnum á móti, og ekki, hverju við kunnum að tapa. Þess vegna held ég, að ýtrasta varfærni eigi rétt á sér. Allir viðurkenna, að ég held, að dragnótin hafi reynzt og sé í raun-inni skaðræðisveiðarfæri. Skoðanamunur er ekki ýkjamikill um það, heldur hitt, hvort það sé samt ekki verjandi, þar sem ekkert annað verulega hentugt veiðarfæri sé til til þess að veiða flatfiskinn. Ágreiningur er aðallega um það, hve mikil varfærnin þyrfti að vera. Auðvitað væri æskilegast, að tækni okkar reyndist þess megnug að skapa eitthvert nýtt veiðarfæri eða endurbætur annarra, sem gætu með góðum árangri náð botnfiski án þeirrar skaðsemi sem dragnótinni er samfara, og þykir mér raunar ekki ósennilegt, að hún reynist þess megnug fyrr eða síðar. En meðan svo er ekki, má segja, að ekki sé nema eðlilegt, að litið sé til dragnótarinnar og hún verði reynd með miklum takmörkunum og undir ströngu eftirliti um allar afleiðingar.

Ég tel, eins og ég áður sagði, að takmarkanirnar, meðan verið er að þreifa sig áfram, séu ekki nægilegar í þessu frv. og ekki heldur séð fyrir nægu vísindalegu eftirliti. Þess vegna get ég ekki samþykkt þetta frv., eins og það nú er. Of margt er mjög óljóst um framkvæmdina til þess. Ég hefði talið réttara og raunar vel athugandi að leyfa nú, t. d. um 1—2 ára skeið, dragnótaveiðar á fyrir fram alveg ákveðnu og takmörkuðu svæði, þar sem almenningur og allir, sem hagsmuna hafa að gæta, væru sammála um að veita slíkt leyfi. Vísindamenn okkar fylgdust síðan nákvæmlega með veiðunum og afleiðingum þeirra. Ef slík takmörkuð tilraun gæfi góða raun, mætti svo smám saman slaka á, slaka til á hömlum, eftir því sem óyggjandi niðurstöður kynnu að sanna að gera mætti öllum að skaðlausu, sem menn tækju almennt góðar og gildar. Þetta frv. gengur ekki í þessa átt. Það opnar möguleika á því, að allt grunnsævið verði opnað, eða a. m. k. mjög stórir hlutar þess, og er mjög óljóst um alla framkvæmd í mikilvægum atriðum. Mörgum spurningum þarf að mínum dómi að leysa úr í því sambandi, mörgum spurningum, sem er ósvarað og ég hef að sumu leyti bent hér á.

Það má segja, að ýmsir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við framkvæmd slíkrar lagasetningar og þeirrar, sem hér er fyrirhuguð, hafa verið spurðir ráða og álits. En þó hefur verið gengið fram hjá mjög mörgum. T. d. er mér ekki kunnugt um, að sjómannafélögin í landinu hafi verið spurð neins álits um þetta, og það eina álit, sem borizt hefur frá sjómannafélagi, var eindregið á móti.

Að lokum vil ég segja það, að ég tel, að of mikið sé í húfi og of lítið vist um ávinning til þess, að hægt sé að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir, og held, að sú afgreiðsla sé eftir öllum atvikum réttust, sem við í meiri hl. sjútvn. leggjum til, þ. e. að málinu verði að þessu sinni vísað frá með þeirri rökst. dagskrá, sem við berum fram á þskj. 609.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vona, að það komi í ljós, þegar afgreiðsla þessa máls verður í þessari d., að málið eigi hér formælendur fáa, eins og fram hefur komið í umr.

Sá eini ræðumaður, sem hér hefur mælt fyrir málinu, hóf mál sitt á því að vitna til vísindamannanna og hversu hollt okkur hafi verið í sambandi við ýmsa aðra starfsemi að hlíta þeirra forsjá, og taldi hann, að það hefði borgað sig vel í því tilfelli, sem hann minntist á. En hvað sögðu nýju vísindamennirnir 1937? Þá töldu þeir allt í lagi að opna fyrir dragnótina og leyfa hana. Ætli það hafi borgað sig fyrir íslenzku þjóðina? Þá var margar verðir aflabrestur hér við land, og sá fiskistofn, sem sérstaklega var rannsakaður í sambandi við þetta veiðarfæri, það sýndi sig í sambandi við hann, að hann gekk mjög til þurrðar sem og annar fiskur á öllum grunnmiðum í kringum landið. Nei, ég held, að við þurfum ekki að vitna til tillagna og leiðbeininga vísindamannanna í sambandi við notkun dragnótarinnar hér við land.

Það var líka bent á, að það væri ótrúlegt, að útgerðarmenn óskuðu ekki frekar eftir að selja flatfiskstonn fyrir margfalt meira verð en fengist fyrir t. d. ýsu eða þorsk. En það skiptir ekki öllu máli, þegar um slíkt er að ræða, hvort hægt er að selja örfá tonn, samanborið við það mikla magn, sem fæst af hinum fiskinum, ef hann fær friðland til þess að vaxa upp á uppeldisstöðvunum. En ef verður horfið að því að leyfa dragnótina, mun sýna sig, að það mun skipta um í þeim efnum frá því, sem verið hefur, í ört vaxandi mæli allt í kringum landið á fiskimiðunum. Það er ekkert óeðlilegt, þó að sjómenn, þetta eina sjómannafélag, sem hefur sent álit til Alþingis, sé mjög uggandi út í þær aðgerðir, sem Alþ. er nú að ráðgera að framkvæma, og það er einmitt vegna þess, að þeir hafa þungbæra reynslu frá tímunum, þegar dragnótin var notuð, og þeir þekkja líka árangurinn, sem orðið hefur af friðuninni síðan.

Samkvæmt þeirri skýrslu, sem hér liggur

fyrir um aflamagnið við Íslandsstrendur á dragnótinni frá 1938, yfir það eina ár, þá er talið, að allur dragnótaraflinn við strendur Íslands, sem vóst við frystihúsin, hafi aðeins numið 3980 lestum. Það er allt og sumt. Þetta er aflamagnið, sem á að svara til þess, að það borgi sig nú að setja í hættu alla fiskistofna, sem eru á fiskimiðunum í kringum landið. En af þessum 3980 tonnum, sem veiddust í dragnótina, voru 1360 tonn af öðrum fiski, sem er mjög auðvelt að veiða í önnur veiðarfæri, það var þorskur og ýsa, svo að það eru aðeins 2600 tonn, sem tókst að ná í þetta veiðarfæri, þegar þetta var allt opið 1938. Það eru allar tekjurnar, sem þjóðin getur átt von á í framtíðinni við það að leyfa nú dragnótina, vegna þess að vonir manna um að fá nú í augnablikinu meiri afla byggjast einvörðungu á þeirri aukningu, sem hefur átt sér stað á fiskimiðunum í skjóli þeirrar friðunar, sem í gildi hefur verið nú um nokkurt skeið. Hefði hún ekki átt sér stað, sú friðun, þá væri orðin ördeyða á þessum miðum og ekki að vænta meiri árangurs en áður fékkst í dragnótina. Það er því eðlilegra, að reiknað sé með þeim tölum, sem voru þekktar, þegar dragnótin var leyfð og notuð, heldur en ætla sér nú að byggja vonir á því fiskimagni, sem þróazt hefur uppi við ströndina einmitt nú á friðunartímunum.

Þá er ekki óeðlilegt, að vikið sé nokkuð að því, að það hefði verið eðlileg afstaða okkar til þessa máls að líta nokkuð til þeirra ráðstefna, sem fulltrúar okkar um fiskveiðar hafa setið á undanförnum árum. Þeir hafa unnið fulltrúa ýmissa annarra þjóða til fylgis við skoðun okkar um, að bægja þurfi rányrkjunni frá. Þeir hafa haldið þannig á málunum fyrir okkur og talið öðrum trú um það, að þjóðin eigi líf sitt undir því, að grunnmiðin verði friðuð. En nú þegar sú friðun hefur staðið í nokkur ár og glöggt má sjá þess merki, hver árangurinn er fyrir þjóðina, þá ætlum við sjálfir að innleiða þetta veiðarfæri, sem við höfum reynslu fyrir frá fyrri tíma að hefur lagt í auðn fiskimiðin, eins og skýrslur þær, sem liggja fyrir með frv. um takmarkaða dragnótaveiði, bera glöggt merki.

Ég vil að lokum segja það í sambandi við afgreiðslu þessa máls: Er það forsvaranlegt að tefla fengsælum fiskimiðum í hættu fyrir þann stundarhagnað, sem dragnótaveiðarnar geta fært þennan mjög takmarkaða tíma, því að það mun sýna sig í þessum efnum, að sagan frá fyrri árum mun endurtaka sig? Mér finnst það í alla staði mjög óviðeigandi að ætla sér nú að keyra þetta mál hér í gegn, jafnmikilvægt sem það er á ýmsan hátt og hættulegt fyrir öryggi aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins, og vænti ég, að hv. alþm. geri sér fyllilega ljóst, hversu þunga ábyrgð og örlagaríkar afleiðingar geta orðið af afgreiðslu þessa máls nú. Þessari deild hefur varla gefizt kostur á að hafa þetta til athugunar jafnmarga daga og hin deildin hafði mánuði, og það má ljóst vera, að það hefði þurft miklu meiri tíma. Og eins og ég benti réttilega á áðan, er það aðeins eitt sjómannafélag, sem hefur sent umsögn um málið til Alþ., og þetta sjómannafélag hefur reynslu af því, hvernig fór um fiskimiðin, meðan dragnótin var notuð, og hvernig fiskurinn hefur vaxið á fiskimiðunum, eftir að þau urðu friðuð af þessu veiðarfæri.

Ég vænti þess, að hv. þm. þessarar d. styðji þá dagskrártill., sem meiri hl. sjútvn. flytur hér í þessari hv. d., og með því bjargi frá þeim voða, sem annars hlýtur að koma yfir þjóðina, því að við skulum vera þess fyllilega viss, að afleiðingarnar af veiðum með botnvörpu geta ekki orðið á annan hátt en reynslan hefur sýnt frá fyrri tímum.

Frsm. minni hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umr. mjög. Það hefur fátt nýtt komið fram í þeim löngu ræðum, sem hv. þm., sem mæla á móti því, að þessi takmarkaða dragnótaveiði verði leyfð, hafa haldið. En það er eitt, sem er áberandi hjá þeim öllum. Hv. þm. tala um það, þegar aflabresturinn varð hér fyrir ofveiði, sem við vitum öll að var þá, — þeir tala um það eins og það hafi ekki verið veitt hér með neinu öðru veiðarfæri en dragnót, þó að við vitum öll, að það var líka veitt með botnvörpu, ekki eins og nú aðeins inn að 12 mílum, heldur inn að 3 mílum. Og það var meira en það, þar að auki var veitt inni á víkum og flóum, því að þá gilti ekki sú regla, þegar landhelgin var aðeins 3 mílur, að draga mætti landhelgislínuna eða fiskveiðilandhelgina þvert fyrir utan firði og flóa. En þeir berja höfðinu við steininn og segja alltaf: Það var dragnótinni að kenna, hvernig fór með aflamagnið. — Og það var ekki einu sinni svo, að það væri einungis á grunnmiðum, sem aflinn þvarr, hann þvarr líka á djúpmiðum hér við landið. Og við reyndum það í báðum heimsstyrjöldunum, sem hér urðu, að þegar ánauð útlendinga á þau mið minnkaði, var afli fljótur að vaxa á okkar eigin skipum.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að veiðin hér í Faxaflóa hafi verið orðin mjög lítil, á meðan dragnótin var leyfð. En hvernig var veiðin í Faxaflóa í vetur? Ég hef ekki heyrt betur en fiskimenn hér við Faxaflóa, á Akranesi og víðar, hafi kvartað um, að það hafi sjaldan eða aldrei verið eins langróið og í vetur. Ekki hefur þó dragnótin verið þar til að spilla í vetur. Ég hef að vísu heyrt þá röksemd, — ég veit ekki um neinar sönnur á því og skal ekki selja það dýrara en ég keypti, en ég skal taka það fram, að það er ekki frá þeim vísindamönnum, sem um þetta hafa mest fjallað, sem hún er komin, — en ég hef heyrt suma sjómenn segja: Það er orðið svo mikið um flatfisk, að hann afétur hinn fiskinn. — Það eru ekkert lakari rök a. m. k. en þeir hv. þm., sem hér hafa verið að tala á undan, hafa verið með, þó að þess sé getið, en ég skal taka það fram, að ég vil ekki dæma um það sjálfur.

Við höfum margsinnis heyrt röksemdir svipaðar og þær, sem hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) var með, bæði um dragnóta- og rækjuveiðar. Því var haldið fram, að ungviðið væri drepið og ördeyða yrði í Djúpinu. En það hefur margsannazt, að þetta stenzt ekki. Það er búið að halda áfram rækjuveiði í Ísafjarðardjúpi um áratugi, og henni er enn haldið áfram, og meira að segja hefur aldrei verið meiri rækjuveiði eða fleiri bátar að rækjuveiðum þar en núna í vetur. En jafnframt því, — ég er ekki að segja af því, — hefur aldrei verið meiri þorskveiði í Djúpinu en núna á þessum vetri, sem er nýliðinn.

Hv. þm. sagði líka, að það tæki 10—20 ár fyrir fiskistofnana að ná sér aftur, ef nærri þeim væri gengið. Það voru allt önnur rök, sem Árni Friðriksson, einn okkar þekktasti fiskifræðingur, hélt fram við Breta, þegar þeir héldu áfram ofbeldisaðgerðum sínum hér, þegar Faxaflóa var lokað. Hann hélt því fram og sýndi það með tölum, sem komu frá hans rannsóknum, að það er mjög fljótur að vaxa fiskistofninn í Flóanum. Og hann aflaði sér einnig upplýsinga um það, ef ég man rétt, að það var síður en svo, að Bretar þyrftu að kvarta, því að fiskistofninn var svo fljótur að vaxa, að meira að segja þeirra afli fyrir utan línu var meiri en áður hafði verið.

Það var, held ég, hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), sem hafði miklar áhyggjur af þeim áhrifum, sem þetta skaðræðisveiðarfæri, dragnótin, hefði á botngróðurinn. Nú er ég ekki vel kunnugur því, á hverju sumir þessir nytjafiskar okkar lifa. En þó að kunni að vaxa einhver gróður á botninum, þá held ég ekki, að þeir bíti hann. En annað er mér kunnugt um. Bandarískir vísindamenn hafa nýlega birt um það tölur, byggðar á rannsóknum, að gróðurinn í sjónum nálægt botninum, þ. e. hinar smáu lífverur, sem þar eru, svif og aðrar lífverur, stóraukast, ef hróflað er við botninum. Og þetta vex svo mikið, að þeir eru í alvöru farnir að velta því fyrir sér, hvernig þeir eigi að fara að því að beina Golfstraumnum þannig, að hann þyrli botninum meira upp en hann gerir nú, til þess að auka gróðurmagn Golfstraumsins. Þeir halda því fram, að þetta sé eða verði á svipaðan hátt og gróðurmagn akursins vex, þegar jarðveginum er bylt við.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. Ég held það hafi ekki verið önnur atriði, sem hafi komið fram í ræðum hv. þm., sem töluðu hér á undan mér, sem ástæða er til að svara, og skal ekki hafa þetta lengra.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal reyna að tefja ekki þessar umr., vil aðeins gera örstutta grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Þetta er mikið deilumál og það er ekkert undarlegt, þó að skoðanir séu skiptar um það. Hér er bersýnilega um mikið hagsmunamál að ræða og mikið vandamál. Það er augljóst, að hér er um mikil verðmæti að ræða, þar sem er um flatfiskinn að tefla, og það er um dýr og góð matvæli að ræða. Og það er líka sýnt fram á, að það séu miklir hagsmunir við það tengdir fyrir ákveðna staði, ákveðna báta af ákveðinni stærð og ákveðna útgerðarmenn og sjómenn að leyfa þessar veiðar, a. m. k. á vissum árstíma, þannig að þegar eingöngu er litið á það, virðast blasa við augljósir kostir af þessum veiðum. Það er auðvitað sjálfsagt, að við verðum að reyna að nýta þær auðlindir, sem hér eru fyrir hendi, sem bezt og skynsamlegast. En svo koma aftur aðrir og benda á, að þessari veiðiaðferð fylgi miklir ágallar, og þeir benda á reynsluna, máli sínu til stuðnings, á reynslu, sem á sínum tíma fékkst af þessum veiðum og virðist óneitanlega benda til þess, að þær hafi haft verulega hættu í för með sér fyrir fiskstofna og fiskigengd.

Ég verð að segja það, að ég hef hlustað á þessi rök með og móti þessu máli og verð að segja um það, að mér finnst alls ekki hafa verið nægilega athuguð sú hlið. Ég geri á engan hátt lítið úr áliti vísindamanna um þetta, og ég geri ekki heldur lítið úr áliti sjómanna, sem um þetta dæma af fenginni reynslu. Ég held, að um þetta atriði þurfi meiri athugun. En ég verð að segja það, að ég er alls ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins út frá því sjónarmiði. Mér finnst, að þessi hlið málsins þurfi meiri athugunar við.

En það, sem frá mínu sjónarmiði skiptir langsamlega mestu máli í sambandi við þetta mál nú, er það, að mig skortir alla tryggingu fyrir því, að það geti ekki verið í því fólgin einhver hætta fyrir landhelgismálið, landhelgisdeiluna, sem við vitum að við eigum í, þó að þar sé nú stormahlé, ef við opnum nú landgrunnið fyrir þessari veiðiaðferð. Í mínum huga er það alls ekki útilokað, að þetta geti haft einhver áhrif í því máli, og það er langstærsta atriðið og alveg nægilegt í mínum huga til þess, að ég er ekki við því búinn að fylgja því fram á þessu stigi, að landgrunnið sé opnað með þessum hætti. Ég sé að vísu í grg. með þessu frv., að það er sagt frá því, að n. hafi kynnt sér álit Hans G. Andersens sendiherra og Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á þessu atriði, þ. e. a. s. á því, hvort það væri hugsanlegt, að ef dragnótaveiðar yrðu leyfðar, kynni það að spilla málstað okkar í landhelgismálinu. Og þar segir, að n. hafi kynnt sér álit Hans G. Andersens sendiherra og Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra á þessu atriði. Mættu þeir á fundi n. 2. marz s. l. og lýstu þar báðir þeirri skoðun sinni, að það mundi á engan hátt skaða málstað okkar í landhelgisdeilunni, þó að dragnótaveiðar yrðu upp teknar á ný. Ég verð nú að segja það, að ef hér er rétt og nákvæmlega skýrt frá þeirra áliti, þá furðar mig alveg stórlega á því. Mig furðar alveg stórlega á því, ef þeir hafa látið frá sér fara álit í þessari mynd. Ég þekki þá báða svo, að mér þykir það furðulegt, ef þeir hafa verið með slíkar

fullyrðingar sem þessar og ef hér á sér ekki einhver misskilningur stað. En hvað sem því líður, er alveg öruggt, að þeir geta auðvitað alls ekkert um þetta fullyrt. Það getur náttúrlega ekki nokkur maður um það sagt, hvort þetta muni spilla í landhelgisdeilunni eða ekki. En það eitt, að það er alls ekki útilokað, að það geti spillt, það nægir mér. Það geri ég að höfuðatriði. Og ég get ekki stillt mig um í því sambandi að benda á, að aðgerðir okkar í landhelgismálunum höfum við byggt á l. nr. 44 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. En í 1. gr. laganna segir:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur."

Á þessum l., þ. á m. á þessu fyrirheiti í þessu lagaboði, höfum við byggt reglugerðina um stækkun landhelginnar, bæði þá fyrri og eins þá síðari 1958. Að vísu er þetta lagaákvæði eins og annað, sem breyta má að sjálfsögðu með lögum, en mér finnst þó, að siðferðilega séð geti þetta nokkuð veikt málstað okkar, því að engum blandast hugur um, að friðun á landgrunninu verður rýrð við þessar aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru, með því að leyfa dragnótaveiðar, þótt í takmörkuðum mæli sé.

Ég verð þess vegna að taka undir það, sem kom fram hjá einum ræðumanni hér áðan, að ég hefði talið skynsamlegast, að þetta mál hefði verið látið daga uppi að sinni. Og ég er satt að segja hálfhissa á því, að ríkisstj. skuli láta þetta mál ná fram að ganga með þessum hætti, að atkv. verði að vísu látin úr því skera, hvort það á að ná fram eða ekki. Ég held, að það hefði verið ólíkt skynsamlegra að láta þetta bíða. Og ég verð að segja fyrir mína parta, að ég er ekki tilbúinn til þess að gefa um það neinar yfirlýsingar, hvernig ég mundi snúast við þessu máli síðar, ef það kæmi til kasta Alþingis.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi mæla hér til viðbótar því, sem ég hef þegar gert í þessu máli. Það var í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Vestf. (KJJ) sagði um veiðarnar í Faxaflóa á yfirstandandi vertíð, sem hann taldi hafa verið stundaðar með mjög litlum árangri, eftir því sem mér skildist, og þar til viðbótar sérstaklega benti hann á, að þorskurinn hafi nú legið utar en áður, eða ekki uppi á grunnmiðunum. Þetta er alveg öfugt við þær staðreyndir, sem fyrir hendi eru. Sennilegt er, að það sé um algert metaflaár að ræða í Faxaflóa að þessu sinni. Ég ætla, að það hafi aldrei aflazt jafnmikið og í vetur á bátaflotann, og er auðvelt að fá skýrslur þar um. Og svo þetta, sem fleiri en hann hafa bent á í sambandi við legu fisksins, að hann hafi nú legið dýpra á miðum en áður og þess vegna saki það ekki í sambandi við dragnótaveiðarnar. En hvers vegna var þessi fiskur til á djúpmiðum? Það var af því, að hann fékk næði til að vaxa upp á grunnmiðunum. Á meðan fiskurinn var að vaxa upp, hafði hann næði á grunnmiðunum, og þess vegna veiddist hann á djúpmiðunum seinna meir. Hann hefði aldrei komið á djúpmiðin, ef hann hefði ekki fengið þá friðun, sem hann fékk, eftir að friðunarlögin gengu í gildi. Þetta eru staðreyndir í þessu sambandi.

Þá eru menn að ræða um, að það séu jafnvel fiskifræðingar eða þá einhverjir menn þeim skyldir, sem séu farnir að halda því fram, að jafnvel dragnótin væri nauðsynleg til þess að hreyfa botninn, til þess að skapa lífvænlegri gróður fyrir fiskistofnana. Í því sambandi vil ég segja það, af því að við þekkjum áhrif dragnótarinnar á uppeldisstöðvarnar, að sú þjóð hefur ekkert við akra að gera í sjónum, sem drepur allar sínar skepnur með þeim plógi, sem á að skapa gróðurinn. Það er einmitt það, að því aðeins hefur þjóðin þörf fyrir akra, hvort sem er til sjávar eða lands, að hún eigi skepnur til þess að hagnýta það, sem uppskerst úr ökrunum. En ef sá plógur verður notaður, sem dragnótin er, til þess að plægja akur sjávarins, þá er nokkurn veginn víst, að þjóðin hefur ekkert að gera við þá akra, því að hún drepur um leið það líf, sem þessir akrar eiga að færa handa þjóðinni til að veita henni það traust, sem hún þarfnast á ókomnum árum.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns varðandi gróður í botni. Ég ætla að varpa fram smáfyrirspurn varðandi ummæli, sem komu fram í Nd. um þetta mál, en þar benti einn ræðumanna á, að það væri reynsla sjómanna frá síðustu vertíð, að á þeim stað í botni Faxaflóa, þar sem mest hefur verið sogað upp af skeljasandi fyrir sementsverksmiðjuna, þar hafi í vetur einmitt verið langbeztu fiskimiðin. Þetta var skýrt með því, að þarna hefði komið veruleg hreyfing á botninn, en á þennan litla blett í Faxaflóa virtist fiskurinn sækja í allan vetur. Þetta kom fram í Nd., og ég vildi bera fram fsp. til hv. 4. þm. Vesturl., sem kunnugur er staðháttum á Akranesi, hvort þetta sé ekki rétt.

Um annað atriði er rétt að fara örfáum orðum, um ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), þar sem hann ræddi um áhrif af samþykkt þessarar till. á aðstöðu okkar í landhelgisdeilunni við Breta. Hann varpaði fram þeirri spurningu, hvort samþykkt þessarar undanþáguheimildar gæti ekki orðið óheppileg fyrir málstað okkar í því máli. Og hann benti á þá siðferðilegu skyldu, sem á okkur Íslendingum hvíldi í þeim efnum. Um þetta atriði er aðeins rétt að hreyfa því, hvort ekki hvíldi líka siðferðisskylda á okkur Íslendingum til að hagnýta þann auð, sem er í hafinu kringum okkur. Það var auðvitað alls ekki ætlun okkar með friðun landgrunnsins, að á því svæði

yxi upp dýrmætur fiskistofn, dýrmæt matvæli, jafnvel heil fisktegund, sem yrði ellidauð hér uppi við landsteinana. Það væri siðferðilega erfitt fyrir Íslendinga að standa fyrir því.

Í Degi, blaði frá Akureyri, sem hingað kom í dag, er rætt um hið mikla vandamál okkar Íslendinga varðandi fiskverkun og meðferð á fiski. Þar er sagt frá því, að fréttir um slælega vöruvöndun hjá okkur Íslendingum hafi borizt til Bretlands og blaðið Fishing News hafi rætt um þetta nýlega og sagt m. a.:

„Okkur, sem erum vanir því, að sem næst 5% af afla fari í úrgang, þykir þetta, þ. e. sagan frá Akranesi á Íslandi, ganga næst glæpsamlegri sóun á náttúruauðæfum. Ef fiskimiðin við Ísland eru nýtt af þeim, sem vilja hafa á þeim einkarétt, til þess eins að framleiða skepnufóður úr fiskinum, þá geta sömu menn varla ætlazt til þess, að Sameinuðu þjóðirnar láti sem þær sjái ekki þeirra ljóta framferði."

Tilvitnuninni er lokið, tekin upp úr Degi, sem hingað barst í dag, þýðing úr brezka blaðinu Fishing News.

Ég vildi vekja athygli á þessari hlið málsins og leggja áherzlu á, að þau ummæli hafa komið fram, að það væri alls ekki ástæða til að ætla, að samþykkt þessarar till. hefði óheppileg áhrif á stöðu okkar Íslendinga í landhelgisdeilunni, heldur miklu heldur þvert á móti, vegna þess að við höfum vísað til rökstuðnings fræðimanna fyrir vísindalegri nýtingu á fiskimiðunum, að það sé jafnvel siðferðileg skylda okkar Íslendinga að sjá til þess, að fisktegund, sem getur fullunnin orðið dýrmæt matvæli fyrir mannkynið, verði ekki ellidauð hér uppi við Íslandsströnd.

Varðandi afstöðu sjómanna í þessu máli vil ég minna á skjöl, sem liggja hér fyrir Alþingi frá Smáútvegsbændafélagi Vestmannaeyja, þar sem þeir hafa tvívegis bæði í formi áskorana og ályktunar á fjölmennum fundi skorað á Alþingi að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Þeir telja það mikilsvert fyrir atvinnu og afkomu smáútgerðarmanna á þessum stað, og þannig mun vera um marga aðra staði.

Varðandi áhættuna í sambandi við samþykkt þessarar till., þá hygg ég, að ef menn hugsa þessi mál rækilega niður í kjölinn og skoða frv. eins og frá því er gengið með öllum þeim varúðarheimildum, sem þar eru, þá sé fullkomlega forsvaranlegt af hv. Alþ. að samþykkja það að þessu sinni. Reynslan í sumar mun skera úr um það, hvort ástæða er til fyrir hv. Alþ. að grípa síðar í taumana. Fiskifræðingar okkar eru sá hópur manna, sem við þurfum að taka meira tillit til en gert hefur verið, og ég er að því leyti ekki sammála hv. 3. þm. Norðurl. v., og ég ætla, að fiskifræðingar séu þeir menn, sem hv. alþm. geta lagt traust sitt á, og vildi ég aðeins geta þessa til þess að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Ég sé að athuguðu máli enga ástæðu til þess fyrir hv. d. að stöðva þetta frv. á síðustu stundu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Þær umr., sem þegar hafa farið fram um málið hér í hv. þd., gefa varla mikið tilefni til þess að bæta nokkru við það, sem ég sagði í upphafi þessa framhaldsfundar í kvöld, og skilst mér, að ekkert hafi verið af því hrakið, annað en þær tilraunir, sem fram komu hjá hv. 3. þm. Vestf. (KJJ) og nú síðar hjá hv. 5. landsk. þm. Vestf. (US) um nauðsyn þess, að sjávarbotninn yrði hreyfður til þess að auka á sjávargróður og þar af leiðandi lokka þangað meiri fiskigengd en ef botninn lægi óhreyfður, eins og verið hefði undanfarin ár. Og svo langt sótt eru rökin, sem ég skal ekki á þessu stigi fullyrða neitt um, að það er talið sérstaklega gott fiskisvæði nú, þar sem skeljasandurinn til sementsverksmiðjunnar hefur verið sóttur hér í Faxaflóa. Ég vil nú spyrja að því einu sinni enn: Hvernig var með alla þá fiskigengd, sem átti sér stað við strendur Íslands löngu áður en nokkurn mann dreymdi um sementsverksmiðju eða skeljatöku í Faxaflóa? Og hvernig var með fiskigengd við strendur landsins löngu áður en nokkur maður vissi, að troll eða dragnót væri til? Hvaða hreyfing var það á botni hér við strendur landsins, sem olli því þá, að firðir og flóar voru fullir af fiski? Svona röksemdir tel ég alveg hæfa þessu máli og vera í fullu samræmi við það óðagot, sem haft er á að koma þessu máli hér fram að svo mjög lítt athuguðu máli eins og frv. sjálft er ljósasta vitnið um og margoft hefur verið bent á í þessum umr.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði, að við, sem teldumst til andstæðinga þessa máls, létum eins og aldrei hefði verið veitt með öðru veiðarfæri en dragnót hér við strendur landsins og þaðan stafaði allt það illa, sem fram hefði komið í sambandi við fiskveiðar hér. Þetta er alrangt. Það er einmitt vegna þess, hve dragnótin og afleiðingar hennar hafa skorið sig úr frá öðrum veiðiaðferðum hér við land, að við viljum vara við henni.

Síðasta haldreipið, sem stuðningsmenn málsins hafa og sífellt er skýlt sér á bak við, er, að það sé almennt sjónarmið vísindamanna, að nú beri að gera þessa tilraun. Þá vil ég aðeins endurtaka það, sem hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ) gat um hér áðan, að við erum allir sammála um það, að reynslan frá dragnótatímunum um og fyrir síðustu heimsstyrjöld sé slæm. Stuðningsmenn málsins taka það fram, að sú saga þurfi ekki að endurtaka sig, og það eiga að vera rök með málinu nú. En ég vil aðeins benda á, að vísindamenn þeirra tíma, eins og komið hefur hér fram í umr. áður, mæltu með því, að þessar tilraunir yrðu þá gerðar. Það var vísindaleg niðurstaða, sem varð þjóðinni heldur dýr, og móti því hefur ekki verið mælt, að enginn óskar eftir því, að sú saga endurtaki sig.

Ég held þess vegna, þegar við höfum annars vegar reynsluna af þessum dragnótatíma, þessum rányrkjutíma á Íslandsmiðum, ættum við ekki að taka að okkur hlutverk þeirra fiskræningja, sem við höfum svo nefnt, sem

hingað til hafa að mestu verið erlendir menn, — við ættum ekki að taka að okkur hlutverk þeirra, a. m. k. ekki á sama tíma sem við eygjum möguleika á því, að þeir fjarlægist þessa fyrri iðju sína.

Frsm. minni hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl., 4. þm. Vestf. (JÁ), sagði, að aflinn í Faxaflóa hefði í vetur verið meiri en áður. Um það sagði ég ekki neitt. Það sannar einnig út af fyrir sig lítið, hver aflinn var í vetur. Það getur margt valdið því. Aflinn er, eins og við vitum, kominn undir ýmsu. Hann er kominn undir gæftum, stærð báta og gæðum og magni veiðarfæra og ýmsu fleira, þannig að aflamagnið eitt fyrir sig sannar ekki neitt. En hitt er enn rétt, að í vetur var að áliti sjómanna langrónara hér við Faxaflóa en áður, og varla er það dragnótinni að kenna.

Um landhelgismálið og áhrif þessa máls á það, þá dettur mér ekki í hug að efast um, að vísindamennirnir, sem til voru kvaddir af hv. sjútvn. Nd., hafi sagt það eitt, sem þeir vissu sannast og réttast, og mér dettur ekki heldur í hug að efast um, að hv. þm. í n. hafi farið rétt með mál þeirra. En til viðbótar við það er mér kunnugt um, að annar þessara vísindamanna, sem n. átti tal við um þetta, hefur, eftir að hann kom frá Genfarráðstefnunni núna, látið í ljós, að það álit, sem hann hafði áður gefið n., væri enn óbreytt.

Þá vil ég biðja hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) afsökunar á því, að mér hafði láðst í fyrri ræðu minni hér að svara honum, þar sem hann spurði um, hvernig fiskigengdin hefði verið hér, áður en nokkur dragnót kom til sögunnar og meira að segja var ekki einu sinni botnvarpa til, og sagði, að þá hefðu allir firðir og flóar verið fullir af fiski. Þetta er alveg rétt hjá honum. Það segir frá því sums staðar í sögunum, að allir firðir og flóar hafi verið fullir af fiski. En það var ekki alltaf, það komu hallæri, og það segir líka frá því í sögunum, að það var ekki nokkurn fisk að fá í fjörðunum. Og í einu slíku hallæri var heitið á völvu eina mikla, sem átti heima í Vatnsnesi í Bolungarvík, og hún setti mið, svo að menn fengu aftur fisk til matar, svo að það kom fyrir þá líka, að fiskilaust var, þó að engri dragnót eða botnvörpu væri um að kenna.

Og við vitum fleira um þetta, við vitum það líka, að Ísafjarðardjúp, sem er langur og mikill fjörður, — það er álíka langt frá Ísafirði og inn á Arngerðareyri og héðan upp í Borgarnes, en þá vegalengd þekkja flestir hér, — þið þurfið ekki að halda það, að bændurnir við Ísafjarðardjúp hefðu verið að hafa verbúðir úti í Bolungarvík, ef fjörðurinn hefði verið fullur af fiski.

Ég held, að þessu sé nægilega svarað með þessu.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið frá því, sem nú er, og vil aðeins að gefnu tilefni frá hv. 5. landsk. (US) í sambandi við það, sem hann beindi til mín út af sandinum og sementsverksmiðjunni, segja það, að hér er ekki neinu saman að jafna, botnvörpunni eða sandinum. Um þær sögur, sem hann hefur heyrt um, að það væri mikil fiskigengd á þessum miðum nú í vetur eða vor, þá er það ekki rétt, og ég veit ekki til þess, ég hef spurzt fyrir um þetta, og ég veit ekki til þess, að sjómenn segi frá því, að þeir fiski meira á þessum stað en annars staðar í flóanum eða á þeim fiskimiðum, sem þeir eru vanir að fá afla á. En hitt er rétt, að á meðan var verið að dæla á s. l. sumri, þá var það svo, að það var meiri fiskur, sem kom á þessu svæði, heldur en annars staðar. Bátarnir leituðu lags um það að leggja línuna, ýsulínuna, einmitt um leið og sandskipið fór til lands, og þetta er ekkert óskiljanlegt, það er hreyfing í sjónum og fiskurinn heldur, að þarna sé æti, hann kemur á þessa staði. En ef sandurinn hefði haft svipaðar afleiðingar fyrir þann fisk, sem sótti þarna að, eins og botnvarpan hefur á hvaða ungviði sem nálgast hana, þá hefði minna komið á línuna á eftir.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég vil að lokum enda mál mitt með því að segja, að verði nú horfið að því að leyfa dragnótaveiðar að nýju, þá er það spor aftur á bak í þeirri viðleitni íslenzku þjóðarinnar að vernda fiskistofnana frá rányrkju og hvers konar yfirgangi.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá á þskj. 609 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BjörnJ, EggÞ, HermJ, JÁ, KK, ÓlJ.
nei: FRV, US, GTh, JÞ, KJJ, ÓB, PÞ, SE, AGl, AuA, SÓÓ.
BGuðm, MJ greiddu ekki atkv.
1. gr. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJJ, ÓB, PÞ, SE, AGl, AuA, FRV, US, GTh, JÞ, SÓÓ.
nei: KK, ÓlJ, ÁB, BjörnJ, EggÞ, HermJ, JÁ.
MJ, BGuðm greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Nýlega höfum við Íslendingar stækkað fiskveiðilandhelgi okkar í 12 sjómílur. Þessi landhelgi hefur verið virt af öllum þjóðum nema Bretum. Margt bendir til þess, að stækkun landhelginnar hafi aukið fiskveiðistofninn og aflamagnið. Ég viðurkenni fúslega þörf sumra sjávarplássa fyrir dragnótaveiðar til að auka atvinnu og framleiðslu á vissum tímum árs. En hins vegar, eins og nú standa sakir að því er landhelgismál okkar varðar og þar sem stuttur tími er enn þá liðinn frá stækkun fiskveiðilandhelginnar, þá tel ég af þeim ástæðum varhugavert að leyfa nokkrar undanþágur af þessu tagi og segi því nei.

2.—13. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:3 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SE, AGl, AuA, FRV, US, GTh, JÞ, KJJ, ÓB, SÓÓ.
nei: ÁB, BjörnJ, EggÞ, HermJ, JÁ, KK, ÓlJ.
BGuðm, MJ greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert G. Þorsteinsson: Það er nú sýnt, að meiri hluti er fyrir hendi hér á hv. Alþingi fyrir framgangi þessa máls, þannig að frv. mun nú verða að lögum. Um leið og ég vitna til þeirra orða, sem ég hef þegar látið um málið falla, vil ég lýsa þeirri skoðun minni eða þeirri einu von minni, að þeir aðilar, sem umsagnarrétt fá um, hvort leyfa skuli þessa veiði, sem frv. gerir ráð fyrir, verði forsjálli í þessum málum en meiri hluti Alþingis, en ég er enn þá andvígur framgangi málsins og segi þess vegna nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 636).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 55. fundi í Sþ., 30. maí, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (SÁ): Útvarpsumr. þeim, sem fara fram hér í kvöld, verður hagað þannig, að hver þingflokkanna hefur eina 50 mínútna umferð. Röð þingflokkanna í umr. er þessi: Fyrst er Framsfl., og tala af hans hálfu hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, og hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson. Annar í röðinni er Alþb., og tala af þess hálfu hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, og hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson. Þriðji í röðinni er Sjálfstfl., og eru ræðumenn af hans hálfu hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, og hv. 6. landsk. þm., Birgir Kjaran. Fjórði og síðastur í röðinni er Alþfl., og tala af hans hálfu hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 5. þm. Vestf., Birgir Finnsson. — Eins og ég hef áður tekið fram, er ein 50 mínútna umferð fyrir hvern þingflokk, og hefst fyrsta umferðin með því, að hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, tekur til máls og talar af hálfu Framsfl.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Megingrundvöllur lýðræðis eru almennar kosningar til þjóðþings, er ræður málefnum, kosningar, þar sem frambjóðendur skýra fyrir þjóðinni skýrt og skilmerkilega, hvernig þeir ætla að starfa og stjórna, ef kjósendur veita þeim vald til þess.

Sjaldan í sögu þjóðarinnar mun hafa verið jafnötullega gengið til verks í þessu efni og fyrir síðustu kosningar. Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstfl., var kosningakjörorð þessa flokks. Þeir, sem fylgja stöðvunarstefnunni, þeir, sem vilja stöðva verðbólguflóðið án þess að leggja á nýja skatta og álögur, þeir kjósa Alþfl. Þeir einir, sem ekki vilja stöðva, kjósa hina. — Þetta hátíðlega loforð til kjósenda var endurtekið á hverjum degi í blöðum flokkanna, á framboðsfundum, í útvarpsumræðum. Hver foringi Alþfl. eftir annan lét birta af sér stóra mynd ásamt fullyrðingum um það, að mönnum væri óhætt að treysta því, að þeir mundu framkvæma stöðvunarstefnuna eftir kosningar, og til að sanna kjósendum, hvað tryggð þeirra við stöðvunarstefnuna var einlæg, settu þeir brbl. um, að verð landbúnaðarafurða skyldi ekki hækka, eins og bændur áttu þó rétt til að lögum.

En nú blasa efndirnar við þjóðinni. Í stað bættra lífskjara meiri skerðing á lífskjörum almennings en dæmi eru til um áratugi. Í stað stöðvunar, sem lofað var, er steypt yfir þjóðina dýrtíðarflóði. Það, sem nú er framkvæmt, er alveg öfugt, alger andstæða þess, sem lofað var fyrir kosningar. Ég spyr ykkur, kjósendur: Ef þetta eru ekki kosningasvik, hvaða verknaður er það þá, sem á að kallast því nafni? Ég spyr enn: Fer ekki að rýrna gildi almennra kosninga, fer ekki lýðræðinu að verða hætt, ef hægt er að fá sig kosinn upp á það að gefa kjósendunum loforð um að framkvæma ákveðna stefnu, en gera alveg það gagnstæða eftir kosningar?

Fáum mun dyljast, að ólíklegt er, að núverandi stjórnarflokkar hefðu fengið meiri hluta í síðustu kosningum, ef þeir hefðu fyrir kosningarnar sagt satt um það, hvað þeir ætluðu að gera eftir kosningar. Sá meiri hl. þm., sem nú ræður, er fenginn á röngum forsendum og því tæplega lýðræðislegur. Vinnubrögðin sýna og sanna, að allt var þetta að yfirlögðu ráði. Þjóðinni, sem fyrir kosningar sigldi sléttan sjó verðstöðvunar, var tilkynnt, strax og atkvæðin voru komin í kassana, að hún væri að farast í verðbólguflóði, og 1. des. var notaður til þess að hrópa þetta að þjóðinni úr öllum áttum til þess að skelfa hana. Nú vantaði allt í einu hundruð milljóna í útflutningssjóð. Nú voru erlendar skuldir alveg að drekkja þjóðinni. En áður höfðu allir flokkar talið lofsvert að útvega erlend lán til að byggja upp arðbær fyrirtæki. Og loks þurfti að sögn að auka frelsið og afnema uppbótakerfið.

Vitað var og nú sannað, að miklu minna vantaði í útflutningssjóð en þjóðinni var sagt. Einn þekktasti hagfræðingur landsins, dr. Benjamín Eiríksson, gerði skuldasöfnunargrýluna að engu með rökstuddum útreikningum, er sönnuðu, að vegna gjaldeyrissparandi fyrir-

tækja, sem fyrir erlendu lánin höfðu verið reist, væri þjóðinni nú auðveldara að standa í skilum en áður. Skuldagrýluna gerði ríkisstj. síðan sjálf hlægilega með því að semja um hærra erlent lán en áður hefur verið tekið og það til eyðslu, og uppbóta- og niðurgreiðslukerfið hefur ríkisstj. vissulega ekki afnumið, eins og ég mun síðar sanna.

Hvers vegna var allur þessi fyrirgangur og óp að þjóðinni um það, að hún væri að farast? Það var allt gert í þeim tilgangi að skapa hræðsluástand til þess að geta í kjölfar óttans gerbreytt fjárhagskerfi þjóðarinnar, komið á nýrri skiptingu auðs og arðs til hagsbóta fyrir þá ríku og tekjuháu, til kjaraskerðingar fyrir hina. Að ríkisstj. hafi orðið að gera svokallaðar viðreisnarráðstafanir vegna neyðarástands, er tilbúningur. Neyðarástandið var aldrei til. Það er sett á svið til þess að gefa ríkisstj. átyllu til að koma hér á afturhaldspólitík í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar.

Ég neita því ekki, að nokkurra aðgerða var þörf í efnahagsmálum s. l. haust. En eftir kauplækkunina og niðurfærslu á afurðaverði bænda í ársbyrjun 1959 voru þær aðgerðir ekki stærri en svo, að þær mátti gera án nokkurs sársauka. Það, sem gera þurfti, var að draga úr framkvæmdum, sem helzt máttu bíða, afla nokkurra tekna í útflutningssjóð af óþarfari innflutningi. Ef þetta reyndist síðar ófullnægjandi, mátti komast út úr uppbótakerfinu í áföngum með því að hækka yfirfærslugjaldið. Þegar yfirfærslugjaldið var á lagt 1958, var ætlunin sú, að það væri fyrsti áfanginn til þess að komast út úr uppbótakerfinu, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt. Þannig var hægt að halda áfram. Þessi þróun hefði alls ekki þurft að vera tilfinnanleg fyrir þjóðina. Hún var gerólík og raunar andstæða við þá fjárhagsbyltingu, sem núv. ríkisstj. hefur gert með jafnvægi í þjóðarbúskap að yfirvarpi, en raunverulega í allt öðrum tilgangi, eins og ég þegar hef sýnt og manni skilst, þegar aðgerðir stjórnarinnar eru krufnar til mergjar.

Það, sem hefur komið í veg fyrir þá íhaldspólitík, sem nú ríkir hér á landi, var kjördæmaskipunin. Sjálfstfl. hefur alltaf verið og er fyrirtæki fámennrar klíku, sem hefur aflað sér kjósendafylgis með því að látast vera umbótasinnaður og eigna sér vinsæl framfaramál, sem hann hefur verið þvingaður til að fallast á í samstarfi við umbótaflokkana á undanförnum árum. Hann var neyddur til þess að reka þessa pólitík til að reyna að ná þeim 300 atkv., sem hann vantaði á vissum stöðum, eins og kjördæmaskipunin var, til þess að fá meiri hl. á Alþingi. Og þetta var óbeint játað í ræðu sjálfstæðisþingmanns hér á Alþ., þar sem hann lýsti því af miklum feginleik, að nú gæti Sjálfstfl. eftir breytta kjördæmaskipun og í nánu samstarfi við Alþfl. hætt að reka þá pólitík, sem hann hefði neyðzt til að reka í samstarfi við umbótaflokkana undanfarin ár, og framkvæmt þá stefnu, sem hann hefði löngum þráð. Hæstv. forsrh. sagði, að nú væru að koma í stjórnmálunum þeir góðu, gömlu dagar, sem flokk sinn hefði alltaf dreymt um.

Hin breytta kjördæmaskipun leysti einnig önnur öfl úr læðingi. Úr Alþfl. hefur á undanförnum árum streymt látlaust vinstra sinnað fólk, einn og einn eða í stórum hópum. Eftir svo margendurtekna úthreinsun vinstri aflanna sat auðvitað eftir afturhaldssinnaðasta foringjaliðið og flokksmenn, sem áttuðu sig ekki á, hvert stefnt var. Við urðum fljótt varir við þetta, framsóknarmenn, er samstarfið hófst við Alþfl. í ríkisstj. 1956. Við rákum okkur á það sama og radíkala fólkið, sem hafði flúið úr flokknum. Íhaldsliðið í Alþfl. í Reykjavík utan Alþingis beitti sér sem einn maður gegn myndun vinstri stj., og þetta lið myndaði þegar samtök sín á milli við sjálfstæðismenn til þess að rjúfa stjórnarsamstarfið. Saga þeirrar skemmdarverkastarfsemi er svo kunn, að ekki ber að rekja hana hér. Hún reisti dýrtíðarölduna 1958 til þess að rjúfa samstarfið, sem henni tókst með samþykktum Alþýðusambandsþings, sem Alþb. þorði ekki að standa gegn.

Þeir, sem eru undrandi yfir þeirri íhaldspólitík, sem ráðamenn Alþfl. nú reka í einlægu og ágreiningslausu samstarfi við Sjálfstfl., verða að gera sér ljósar þessar sögulegu staðreyndir og þá einnig það, að er Alþfl. myndaði ríkisstj. á Þorláksmessu 1958, urðu alger þáttaskil í stefnu og þó sérstaklega starfi flokksins. Þá hét Sjálfstfl. hinni svokölluðu Alþýðuflokksstjórn stuðningi, enn fremur að breyta kjördæmaskipuninni, eins og hann raunar sjálfur vildi, og taldi Alþfl. trú um, að hann væri með þessu að bjarga honum úr lífsháska. Þessu tækifæri var að sjálfsögðu tekið tveim höndum af þeim mönnum í Alþfl., sem í raun og veru vildu samstarf við Sjálfstfl. frekar en aðra flokka og höfðu stefnt að því leynt og ljóst. Hinir sættu sig við það, sem gert var, af ótta við lífsháska. En um leið kom Sjálfstfl. því í kring, að samið var um myndun þeirrar stjórnar, sem nú situr, og í öllum aðalatriðum um þá íhaldsstefnu, sem nú gengur yfir þjóðina. Í þessum samningum sameinast áhugi og stefnumál Sjálfstfl. og íhaldsaflanna í Alþfl., sem náðu þar algerum yfirráðum árið 1958, eins og ég hef áður sýnt. Ef menn efast um þetta, skulu menn hugleiða ummæli eins af þm. Sjálfstfl., Jóhanns Hafsteins, hér á Alþ., þar sem hann segist heldur vilja meiri hl. með Alþfl. en hreinan meiri hl. Sjálfstfl. Svo ágreiningslaust er samstarf stjórnarflokkanna. Þessi yfirlýsing sannar tvennt: Í fyrsta lagi, að sjálfstæðismenn álíta, að ráðandi íhaldsöfl í Alþfl. séu þeim svo sammála pólitískt, að við þau sé samstarfið eins öruggt og við eigin flokksmenn. Í öðru lagi, að þessi sömu íhaldsöfl séu örugg með alger yfirráð í Alþfl. Ég efast ekki um, að hið fyrra er rétt. Um hið síðara skal ég engu spá.

Nú skulum við athuga, hvað þessir flokkar eru að gera. Ég hef sýnt fram á, að halli útflutningssjóðs var að verulegu leyti skröksaga,

að skuldasöfnunin við útlönd var yfirskinsástæða. Þeir segjast hafa gert þessar viðreisnarráðstafanir til þess að auka frelsið og losna við uppbótakerfið. Rétt kann að vera, að frelsi hinna fáu og stóru hafi aukizt. En hvað skyldi almenningi finnast? Uppbótakerfið hefur ekki verið lagt til hliðar. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur verða að haldast, og nýlega varð að leiðrétta eina reikningsskekkjuna enn með því að greiða 60 millj. í útflutningsuppbætur á fisk, þótt að krókaleiðum sé gert. Niðurgreiðslur hafa verið auknar, svo að nú nema þær 300 millj. kr., en auðvitað eru niðurgreiðslur gerðar til þess, að kaupið geti verið lægra, framleiðslukostnaðurinn minni, og eru því uppbótakerfið sjálft í öðru formi. Fjölskyldubætur eiga að greiðast með fyrsta og öðru barni og eru ekki lengur venjulegar tryggingar, heldur niðurgreiðslur, sem eru viðurkenning ríkisstj. á því, að hún veit sig hafa sorfið svo að almenningi, að hjón geta ekki lengur lifað af launum sínum, ef þau eiga fyrir einu barni að sjá, og þurfi því að jafna þessum byrðum á þá, sem einhleypir eru. Að uppbótakerfið hafi verið afnumið með viðreisnaraðgerðunum, er því einnig tilbúningur. En það er annar þráður, sem gengur óslitinn gegnum allar ráðstafanir ríkisstj., falinn, en þó augljós, ef vel er að gáð. Það er engin tilviljun, að ríkisstj. vildi ekki fara út úr uppbótakerfinu í áföngum, leið þróunar, leið, sem gat orðið sársaukalítil vegna þess, að hún raskaði ekki hag manna með skyndibyltingu. Ástæðan til þess, að gengisbreytingin varð, er sú, að það var auðveldara að gera um leið í blóra við hana ráðstafanir, sem miða að því að gerbreyta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, gera þá fátæku fátækari, þá ríku ríkari.

Þetta er þráðurinn, sem gengur í gegnum allar ráðstafanir ríkisstj. og er ekki hægt að fela. Þegar gera verður gengisbreytingu, hafa umbótaflokkar hér og annars staðar talið sér skylt að gera ráðstafanirnar þannig, að það dragi úr þeirri kjaraskerðingu, sem þeir valda þeim, sem fátækari eru. Stjórnarflokkarnir fara alveg öfugt að. Fjölskyldubæturnar eru það eina, sem hæstv. ríkisstj. gerir í þessa átt, og það er til bóta, þó að lítið sé, enda rétt að ríkum sem fátækum.

Að öðru leyti miða ráðstafanir ríkisstj. allar í þá átt að rýra kjör almennings í ofanálag á kjaraskerðingu gegngisbreytingarinnar og rífa niður umbótastarf síðustu áratuga og koma klafa afturhalds á þjóðina, líkt og var fyrir 30 árum, þegar umbótamennirnir brutu hann af þjóðinni.

Með þeirri skinhelgi, sem er einkenni á málflutningi afturhalds allra landa og allra tíma, halda stjórnarflokkarnir því fram, að breyting á tekjuskattslögunum sé gerð til hagsbóta fyrir hina fátækari. Hið rétta er, að um leið og lækkaður er tekjuskattur á tekjulágum um nokkur hundruð, er lækkað á hinum tekjuháu um þúsundir og tugi þúsunda. Ráðstöfunin er því ein af mörgum gerð fyrir hina tekjuháu og ríku, hækkar nettótekjur hátekjumanna stórlega, lækkar hlutfallslega tekjur hinna.

Hliðstæðu takmarki ná stjórnarflokkarnir nú með breytingu útsvarslaganna. Að sama marki er miðað og náð með söluskattinum. Eðli hans hefur ekkert breytzt, síðan hæstv. viðskmrh. taldi hann óréttlátastan allra skatta. Það er rétt, hann er skattur á heiðarleikann og kemur þyngst niður á þeim, sem hafa flesta að fæða og klæða. Veltuútsvarið er sama eðlis. Með því er þeim refsað, sem hafa mikla umsetningu, en leggja lítið á.

Með þessu á að níðast á félagssamtökum fólksins, sem annast viðskipti fyrir félagsmenn fyrir mjög lítla þóknun. Heiðarlegar verzlanir og kaupfélög geta hvorki né vilja fela umsetninguna. Þetta eru því verðlaun fyrir þá, sem leggja mikið á og kunna að fela umsetninguna. Með því að flytja útsvörin þannig í vaxandi mæli yfir á veltu er þeim, eins og söluskattinum, komið á bakið á almenningi og létt af hátekjumönnum útsvörum, svo að tugþúsundum nemur, því að auðvitað bera hvorki verzlanir né kaupfélög veltuútsvarið, heldur leggst það í hækkuðu verðlagi á bak viðskiptamanna.

Í stað þess að létta byrðarnar, sem gengisbreytingin veldur, er skatta- og útsvarslögum breytt til þess að færa byrðarnar af baki þeirra, sem hafa þau breiðust, yfir á bak hinna. Þetta er alls staðar reglan. Gengisbreytingin stórhækkar byggingarkostnað, útilokar efnalítið fólk frá því að eignast þak yfir höfuðið. En þetta er ekki nóg. Vextir af lánum til bygginga eru hækkaðir í ofanálag og dregið úr útlánum. Hinir ríku eiga að byggja, hinir efnaminni að leigja, eins og í hina góðu, gömlu daga. Gengisbreytingin veldur stórhækkun á tækjum og vélum til framleiðslu. Af þessum ástæðum hafa ýmsir þegar gefizt upp við áform sín um búskap. En betur skal að vinna. Vextir hjá sjóðum, sem lána til uppbyggingar við sjó og í sveit, eru hækkaðir, og sumir sjóðir hafa verið lokaðir um lengri tíma.

Atvinnuaukningarféð, sem hefur verið helzta stoð við uppbygginguna úti um land til sjávar og sveita, er lækkað, það á alls staðar að dragast saman.

Skortur á fjármagni hefur mest hindrað uppbyggingu og framleiðsluaukningu úti um landið, við sjó og í sveit. Innlánsdeildir kaupfélaganna og sparisjóðir hafa verið þar nokkur hjálp. Nú á að taka helminginn af aukningu innlánssjóðanna og loka inni í Seðlabankanum í Reykjavík til þess að koma í veg fyrir framkvæmdir úti um landið. Bankavextir eru stórhækkaðir, svo að okur má kallast, og ofan á allt annað enn eitt, sem hækkar vöruverðið. Margir, sem minna mega sín, eru með víxillán og önnur óumsamin lán á húsum sínum, og liggur nú víða við, að þeir séu að sligast undir byrðunum.

Auðsætt er, að landbúnaðurinn verður hart úti, og sjávarútvegurinn, sem þetta átti allt að vera gert fyrir, er uggandi um sinn hag. Það er sama, hvar gripið er niður. Alls staðar

er stefnt að stöðvun og samdrætti. Allt á að bera sig sjálft og leita jafnvægis. Það á að vera hæfilegt atvinnuleysi, eins og það heitir. Kaupið á að vera hæfilega lágt, til þess að fólkið hafi úr hæfilega litlu að spila og kaupi hæfilega lítið af vörum. Gerið svo vel, segir ríkisstj. Nógar vörur, allir frjálsir að kaupa allt, sem þeir vilja. En skorturinn er skömmtunarstjórinn.

Það er sama stefnan, sem ríkti á hinum góðu og gömlu dögum hér á landi, þegar bændur urðu næstum allir gjaldþrota, þegar framleiðslan gafst upp í Hafnarfirði, Ísafirði og víða í kauptúnum landsins og fólkið var atvinnulaust og hálfsvalt. Það var þá, sem umbótamennirnir byrjuðu að brjóta niður þessa frumstæðu stjórnmálastefnu, þar sem allt á að stjórna sér sjálft af handahófi og hinn ríki og sterki á að fá að gramsa og hrifsa til sín, en hinn veiki á að lúta. Það er þessi sama stefna, sem ríkti í Bandaríkjunum 1930 og leiddi yfir þetta land auðlegðarinnar margar milljónir atvinnuleysingja, hungur, bankahrun og fjöldagjaldþrot. Það var þá, sem Roosevelt kom til sögunnar og bjargaði þjóð sinni úr heljargreipum handahófstefnunnar, sem ríkisstj. hér er að innleiða eftir erlendri forskrift. Afturhaldsstefnur birtast einatt í nýjum og nýjum gervum, kalla sig viðreisnarstefnu eða öðrum slíkum gervinöfnum, en undir gervinu er íhaldsskrímslið, sem þjóðirnar þekkja.

Síðustu 30 árin hefur þessi stefna orðið að víkja hér á landi fyrir stefnu félagshyggju og framfara. Undir merkjum framtaks hinna mörgu einstaklinga, sem ríkið hefur unnið í samstarfi við og stutt eftir megni, hafa orðið hér á Íslandi slíkar framfarir, að varla munu finnast hliðstæður. Þessa stefnu á nú að brjóta á bak aftur. Við erum mörg, sem teljum okkur vita það með vissu, að þótt afturhaldsófreskjan skjóti upp hausnum, muni henni reynast ofraun að brjóta þessa stefnu niður, því að í henni lifir þrá fólksins eftir betra þjóðfélagi. Sá tími er kominn, og skilningur á því mun verða enn almennari, að þjóðfélag án stjórnar, sem gerir fyrirframáætlun um þróun þess og grípur inn í, þar sem þess er þörf, til að skipa fyrir verkum, er viðlíka fjarstæða og atvinnurekstur við sjó eða í sveit, þar sem hver, sem að verki gengur, ræður sjálfur, hvað hann gerir. Þjóðfélagið er eins og stórt heimili. Ofstjórn, þar sem ríkið er allt, einstaklingurinn ekkert, er álíka fávísleg og þjóðfélag, þar sem örfáir einstaklingar eiga að vera forsjón allra og ráða í hlutfalli við þá aðstöðu, auð og völd, sem þeim hefur tekizt að hrifsa til sín, oft um stundarsakir.

Gallar áætlunar- og skipulagsbúskapar eru margir. Allt nýtt á við marga barnasjúkdóma að stríða, meðan það er að þróast. Leiðin er ekki að brjóta það niður, eins og nú á að gera, heldur að endurbæta. Einstaklingsframtakið er mikið afl, sem þarf að njóta sín eðlilega í þjóðfélaginu. Hlutverk þjóðfélagsins, rannsókna þess og áætlana, á einmitt að vera til þess, að framtak hinna mörgu einstaklinga geti notið sín sem bezt. Einstaklingsframtakið og þjóðfélagið þurfa að læra að vinna saman og einnig þannig, að hvort hafi sitt starfssvið.

Við Íslendingar höfum verið að þreifa okkur áfram á þessum leiðum á undanförnum áratugum, og þótt andstæðingarnir bendi á mistök, stendur þó óhögguð þessi stefna, þessi vinnubrögð, sem hafa skapað hér nýtt og betra þjóðfélag á örskömmum tíma, reist þjóðina úr niðurlægingu og örbirgð. Framfarahugur og þrá eftir betra og bjartara lífi í þessu landi hefur verið aflgjafi hinna miklu umbóta á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þessi þrá hefur séð árangur verka sinna, og hún er svo lífseig, hún er svo sterk með þjóðinni, að hún mun vissulega ganga af núverandi íhalds- og samdráttarstefnu dauðri. Þau leikslok sjá flestir skynbærir menn fyrir.

Spurningin í dag er aðeins sú, hve lengi ríkjandi afturhalds- og samdráttarstefna tórir og hve mikið tjón hún fær tækifæri til að vinna þjóðinni, áður en hún gengur til grafar.

Jón Skaftason. Herra forseti. Leiðir þær, sem hæstv. ríkisstj. velur til þess að laga þann skakka, sem verið hefur í þjóðarbúskapnum á undanförnum árum, eru gamalreyndar. Jöfnuði inn á við og út á við á að ná með því að gera allar framkvæmdir það dýrar, að einungis örfáir efnamenn geti í þær ráðizt, og með því að skera stórlega niður neyzlu launafólks í landinu.

Vinstri stjórnin hafði leitazt við að mæta þeim vanda, sem fyrir var, með því að efla framleiðsluna til lands og sjávar, viðhalda fullri atvinnu og leggja grundvöllinn að nýjum atvinnugreinum, m. a. í stóriðju, svo sem með Sogsvirkjuninni og sementsverksmiðju. Þessi stefna, framleiðslustefnan, var á góðum vegi með að skila okkur yfir verstu ófærurnar í efnahagslífinu, sem m. a. sást á því, að árið 1958 náðist jöfnuður í viðskiptunum við útlönd í fyrsta skipti um nokkurra ára skeið. Vinstri stjórnin varð að hrökklast frá vegna óheilinda innan frá og dæmalausrar stjórnarandstöðu, sem skeytti hvorki um skömm né heiður í aðgerðum sínum. Og nú sitja þeir saman í ríkisstj., flokkarnir, sem fyrst og fremst felldu vinstri stjórnina, og framkvæma sína stjórnarstefnu, sem almenningur hefur gefið nafnið „hrunstefnan“. Ég bið hlustendur að athuga vel það, sem flokkar þessir eru nú að framkvæma, og bera saman við loforð þeirra við tvennar kosningar á s. l. ári.

Með efnahagsráðstöfununum hafa stjórnarflokkarnir samþykkt nýjar álögur á þjóðina, sem nema a. m. k. 1000 millj. kr., og er þá tekið tillit til hækkana á bótagreiðslum trygginganna og breytinga á skattalögunum. Verðhækkanirnar af völdum efnahagsaðgerðanna eru þegar orðnar gífurlegar, og eru þó öll kurl ekki komin til grafar enn, fjarri því.

Sem dæmi þessara verðbreytinga vildi ég

nefna verðbreytingar á örfáum vörutegundum fyrir og eftir efnahagsaðgerðirnar. Magn af hveiti, sem áður kostaði 100 kr., kostar nú kr. 152.57. Búsáhöld úr leir, sem áður kostuðu 100 kr., kosta nú kr. 141.62. Bómullarefni mislitt, sem áður kostaði 100 kr., kostar nú kr. 184.51. Gúmmískófatnaður, sem áður kostaði 100 kr., kostar nú kr. 186.51. Timbur, sem áður kostaði 100 kr., kostar nú kr. 157.96. Þakjárn, sem áður kostaði 100 kr., kostar nú kr. 158.78. Kol, sem áður kostuðu 100 kr., kosta nú kr. 146.25. Dráttarvélar hafa hækkað í verði um 66%, vörubifreiðar um rúm 62%. Nýr 75 rúmlesta vélbátur úr eik kostaði áður um 3 millj. kr., en nú um 4.5 millj. kr., eða hækkun um 50%.

Það er staðreynd, að verðhækkunum þessum og kjararýrnunum, sem verða munu vegna minnkandi atvinnu, eiga launamenn að mæta með óbreyttu kaupgjaldi. En fá þeir þá ekki eitthvað annað á móti? Í grg. efnahagsmálafrv. gaf ríkisstj. svofelldar yfirlýsingar, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér vegna hækkaðs verðlags, og til þess að koma í veg fyrir hana með öllu hjá þeim, sem sízt mega fyrir henni verða, leggur ríkisstj. til, að mjög mikil hækkun sé gerð á bótum almannatrygginga, sérstaklega fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri. Munu heildarbótagreiðslur um það bil tvöfaldast. Þá leggur ríkisstj. til, að tekjuskattur verði felldur niður á almennum launatekjum.“

Þetta eru fallegar yfirlýsingar og bera vott um jafnréttis- og réttlætisást hæstv. ríkisstj. Þeim átti að bæta upp kjaraskerðinguna með öllu, sem sízt máttu fyrir henni verða að dómi ríkisstj. Og hverjir eru það svo að dómi ríkisstj., sem sízt mega verða fyrir kjaraskerðingu? Hverjir fá fullar bætur og ríflega það? Það dæmi er lærdómsríkt að rekja, því að það sýnir ljóslega eðli hæstv. núv. ríkisstj.

Bætur almannatrygginganna átti að auka. *Það hefur verið gert. Elli- og örorkubætur hafa* hækkað um 20% frá í fyrra, og fjölskyldubætur hafa verið hækkaðar verulega hjá fjölskyldum með allt að þrem börnum, en fari barnafjöldinn fram yfir það, þá nemur hækkunin aðeins 269 kr. á barn á ári eða tæplega svo, að *nægi til að kaupa fyrir ódýra barnsskó*. En bætur þessar fá bæði ríkir og fátækir, þannig að ekki verður af því dregið, hverja að dómi ríkisstj. þurfi fyrst og fremst að verja fyrir kjaraskerðingu.

Þá er á hitt atriði kjarabótanna að líta, lækkun skatta og útsvara, og þá sést líka fljótt, hverjir fá kjaraskerðinguna bætta og sumir rúmlega það. Hjón með þrjú börn og 50 þús. kr. tekjur lækka í skatti um 236 kr. Séu þau með 100 þús. kr. tekjur, lækkar skattur þeirra um 5700 kr. Og hafi þau haft 200 þús. kr. tekjur, lækkar skattur þeirra um 20869 kr., eða nálægt nítugföld lækkun á við þá, sem fjölskyldan með 50 þús. kr. tekjurnar fær.

Nákvæmlega sama gerist í sambandi við breytingarnar á útsvarslögunum. Hátekjumennirnir fá margfalda lækkun í útsvari, miðað við menn með miðlungstekjur eða þaðan af lægri tekjur. Dæmi: Einstaklingur í Reykjavík með 200 þús. kr. tekjur árið 1959 og 50 þús. kr. útsvar það ár fengi 15 þús. kr. lækkun í útsvari 1960 samkvæmt nýsamþykktum útsvarslögum, en einstaklingur með 60 þús. kr. tekjur sama ár og 8500 kr. útsvarsfrádrátt fengi rúmar 2000 kr. í lækkun í útsvari 1960. Hátekjumaðurinn fengi því rúmlega sjöfalda lækkun á móts við hinn. Ég vil ekki draga í efa, að nauðsynlegt hafi verið að lækka hæstu þrepin í skatta- og útsvarsstigunum, þau voru of há. En ég mótmæli kröftuglega þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð. Það er óhæfa, að menn með algengustu launatekjur skuli fá nokkur hundruð eða þúsundir króna í skatta- og útsvarslækkanir sem kjarabætur vegna stórhækkaðs verðlags, en hátekjumenn lækkanir, sem nema tugum þúsunda. Ég mótmæli slíku ríkisstjórnarréttlæti og vara við afleiðingum þess.

Sem fyrr segir, er stefna hæstv. ríkisstj. við það miðuð, að jöfnuður í greiðsluviðskiptum við útlönd og jöfnuður í ríkisbúskapnum fáist með því, að dregið sé úr verklegum framkvæmdum einstaklinga, félaga og hins opinbera og með minnkandi neyzlu þjóðarinnar. Þessu marki á að ná með því að gera allt svo dýrt, að aðeins fáir útvaldir geti ráðizt í framkvæmdir. Samdráttarstefnan gerir þannig ráð fyrir því, að innflutningur á þessu ári verði um 200 millj. kr. lægri en hann var árið 1958, miðað við það gengi, sem þá var. Fjárveitingar á fjárl. til verklegra framkvæmda og atvinnuveganna eru hlutfallslega lægri í ár en verið *hefur síðasta áratuginn*, eða aðeins um 19.7% af heildarútgjöldum fjárl. fyrir árið 1960 á móti 31.8% árið 1957.

Íbúðabyggingar á að skera niður með því að hætta hinni pólitísku fjárfestingu í íbúðabyggingum, sem talsmenn stjórnarflokkanna nefna svo, en því nafni er stuðningur hins opinbera við húsbyggjendur nefndur, og taka á upp í staðinn efnahagslega fjárfestingu, þ. e. a. s. að fáir, en fjársterkir aðilar byggi íbúðirnar og leigi út. Með þessum aðgerðum sannar Sjálfstfl., sem fyrst og fremst ber ábyrgð á stjórnarstefnunni, hverra flokkur hann er. Hann miðar aðgerðirnar við að safna eignunum og framleiðslutækjunum á fárra manna hendur. Hann vill fórna hagsmunum hins tiltölulega fjölmenna hóps sjálfstæðra atvinnurekenda, húseigenda og framleiðenda og safna eignum þeirra og rekstri á hendur fárra, en voldugra einstaklinga, sem eru innsti kjarninn í fyrirtæki því, sem nefnir sig Sjálfstfl., enda ráða þeir mestu um reksturinn á því fyrirtæki.

En er þessi stefna í samræmi við þjóðarhag? Eru það hagsmunir þjóðarinnar, að hún skiptist upp í fjölmenna stétt þeirra, sem ekkert eiga, og hinna, sem allt eiga? Á fyrstu dögum umræðna hér á Alþ., eftir að efna-

hagsmálafrv. var lagt fram, heyrðust talsmenn ríkisstj. iðulega halda því fram, að aukning á bótagreiðslum trygginganna og skattalækkanir mundu fyllilega bæta upp kjaraskerðingu launafólks vegna efnahagsaðgerðanna. Nú heyrist slíku ekki lengur haldið fram. Allir viðurkenna kjaraskerðinguna, sem orðin er, og á þó meira eftir að koma í dagsljósið.

Og hver eru svo rökin fyrir þessum glæfralegu ráðstöfunum? Talsmenn ríkisstj. telja þau aðallega þrenn: Í fyrsta lagi til þess að forða þjóðinni frá því að sökkva í skuldir og vanskil út á við. 800 millj. kr. eyðslulántaka ríkisstj. fellir þau rök. Í öðru lagi: kollsteypan á að vera nauðsynleg til þess að komast út úr uppbótakerfinu. Það fær ekki heldur staðizt. Uppbótakerfið á alls ekki að leggja niður. Annan meginþátt þess, niðurgreiðslurnar, á að auka stórlega, eða upp í 303 millj. kr., og útflutningsuppbætur halda áfram. Útflutningssjóður á að vera við lýði, þangað til ríkisstj. telur hlutverki hans lokið. Í þriðja og síðasta lagi á svo að stórauka frelsið og minnka ríkisafskiptin. Frelsispostular íhalds og krata geta tæplega tára bundizt, er þeir ræða þennan þátt viðreisnarinnar. En í hverju er þetta mikla og áður óþekkta frelsi fólgið? Er það útflutningurinn, sem gefinn er frjáls? Nei og aftur nei, engu er þar hróflað. Er innflutningurinn gefinn frjáls? Um 40% hans verða áfram háð leyfum, eða svipað og áður hefur verið. Og nú verða lánsfjárhöft svo gífurleg og íhlutun um þau mál svo mikil, að aldrei hefur nokkuð slíkt þekkzt fyrr. Svo er af fjálgleik skrafað um aukið frelsi.

Ríkisstj. hefur tekið mjög ógiftusamlega á þessum málum. Hún leitaðist ekki við að fylkja sem flestum saman um þær ráðstafanir, sem gera þurfti. Hún neitaði allri samvinnu um þessi mál, bæði innan þings og utan, og sekt þeirra manna, sem svo gálauslega fara með þýðingarmestu málefni landsins, er mikil. Og það er með öllu óverjandi, að efnt sé til glæfra um þau, án þess að hugsa nokkuð um, hvað framkvæmanlegt sé eða til hvers það kann að leiða, sem þvingað er fram, og án þess að það eigi hljómgrunn hjá þjóðinni eða nauðsynlegan stuðning.

Góðir hlustendur. Á s. l. ári gekk þjóðin til tveggja alþingiskosninga. Alþfl. bað þá um stuðning kjósenda til þess að framkvæma áfram þá stöðvunarstefnu, sem hann sagðist hafa framkvæmt s. l. ár það vel, að dýrtíðin væri stöðvuð og tiltölulega sléttur sjór fram undan. Hinn stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., kvað leiðina til bættra lífskjara vera þá að setja X-ið við D. Þjóðin veitti flokkum þessum meiri hluta á þingi, og nú eru þeir að framkvæma stjórnarstefnu, sem gengur í þveröfuga átt við það, sem lofað var. Aldrei hefur dýrtíðarspólan snúizt jafnhratt og nú, og aldrei um langt árabil hafa lífskjör almennings verið verri en nú. Gamall málsháttur segir: Skamma stund verður hönd höggi fegin. Ég ætla, að svo verði um núverandi stjórnarflokka. Sá trúnaður, sem þeim var sýndur af kjósendum í síðustu kosningum, dvín nú óðum, og ég þykist mega fullyrða, að stuðning þjóðarinnar skorti þá til þeirra framkvæmda, sem þeir eru nú að gera. Valdaferli stjórnarinnar mun því ljúka senn, aðeins er eftir spurningin um nafn þess mánaðar, sem hún mun deyja í. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil byrja mál mitt á því að minna á nokkur fyrirheit, er stjórnarliðar gáfu þjóðinni í kosningunum á s. l. hausti, svo sem stöðvun verðbólgu, án þess að nýjar álögur yrðu lagðar á almenning, sköttum skyldi aflétt, sparnaður viðhafður í ríkisrekstrinum, uppbyggingunni haldið áfram, styrkjastefnan afnumin og lífskjörin bætt. Ég mun nú athuga, hvernig til hefur tekizt með framkvæmd á þessum fyrirheitum, þó fyrst og fremst að því leyti, sem þessi atriði varða afgreiðslu fjárlaga.

Er þá fyrst að athuga, hvort á almenning hafa verið lagðar nýjar álögur. Ég hef gert samanburð á fjárl. tveggja síðustu ára og fjárlögum ársins 1960. Inn í það dæmi hef ég tekið niðurgreiðslur á vöruverði, er útflutningssjóður annaðist á árunum 1958 og 1959, þannig að niðurstöðutölur fjárlaga þau ár hækka sem því nemur, svo að um hliðstæðan samanburð er að ræða öll árin.

Rekstrartekjur ríkissjóðs hafa hækkað frá því 1958 og þar með álögur á almenning um 554 millj. kr., eða milli 50 og 60%, og um 358 millj. kr. frá því 1959, eða yfir 30%. Einhver kann að hugsa sem svo: Hér vantar að geta þess verkefnis, sem útflutningssjóður annaðist, en ríkissjóður gegnir nú. — Svo er þó ekki. Sá þáttur útflutningssjóðs, sem ríkissjóður tekur nú að sér, er niðurgreiðslur á vöruverði innanlands að fullu og annað ekki. Það kostar ríkissjóð 113 millj. kr. umfram það, sem hann greiddi á s. l. ári. Eins og ég hef tekið fram áður, er fjárveiting til niðurgreiðslna tekin með öll árin, svo að hér er ekki á neinn hallað. En ekki eru öll kurl komin til grafar um álögur á þjóðina af hendi ríkisstj. Ef innflutningur 1958 er lagður til grundvallar tekjuáætlun ríkissjóðs nú, ætti tekjuáætlun fjárl. 1960 að hækka a. m. k. um 250 millj. kr. Tekjuáætlunin er miðuð við 14% minni innflutning en hann var 1958, og hefur þó þjóðinni fjölgað um ca. 5—6% síðan. Þessi áætlun á innflutningi er þeim mun fráleitari, er það er haft í huga, að ríkisstj. hefur tekið erlent eyðslulán að fjárhæð 760 millj. ísl. kr. Þessi innflutningsáætlun kemur illa heim við þann boðskap hæstv. ríkisstj., að nú sé frelsi í viðskiptum að halda innreið sína, tími hafta og ófrelsis liðinn hjá. Innflutnings- og tekjuáætlun hæstv. ríkistj. er á vissan hátt viðurkenning á því, að stefna hennar muni leiða til fátæktar og kyrrstöðu. En henni er einnig ætlað það hlutverk að leyna þjóðina, hve mikið af nýjum álögum er á hana lagt, og að skapa tekjuafgang, er ríkisstj. geti ráðstafað eftir eigin geðþótta.

Þó að ég hafi hér að framan sýnt, hvað gífurlegar álögur hafa verið á almenning lagðar, þegar litið er til fjárl., er dæmið ekki allt reiknað. Ber þá fyrst að líta á það, að hinir nýju tekjustofnar, t. d. söluskatturinn, gefa ekki tekjur nema hluta af árinu, svo að miðað við heilt ár eru auknar álögur til ríkissjóðs yfir 450 millj. a. m. k., þegar lækkun á tekjuskatti og söluskattur á innlendri framleiðslu og þjónustu, er niður var felldur, hafa verið dregin frá. Þar við bætast álögur þær á almenning, er lagðar eru á með breyttu skráðu gengi krónunnar og vaxtahækkuninni. Nema þá álögurnar a. m. k. yfir 600 millj. kr., þegar frá er dregið það, sem gengur inn og út í dæminu vegna atvinnuveganna og fjölskyldubóta. Hér er því um að ræða álögur, sem nema a. m. k. um 1100 millj. kr.

Það, sem hér hefur gerzt á yfirstandandi Alþingi, er það, að á almenning hafa verið lagðar svo stórkostlegar og skefjalausar álögur, að undrun sætir. Hitt er þó enn alvarlegra, að þetta skuli hafa verið gert þvert ofan í gefnar yfirlýsingar um hið gagnstæða og í þeim tilgangi að koma þar að nýrri stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, stefnu, sem mun veita máttarstólpunum í liði stjórnarliða meira olnbogarúm, en skapa fátækt hjá almenningi, kyrrstöðu hjá þjóðinni, þ. e. a. s. leysir ekki vandamálin, heldur eykur þau.

Lækkun skatta var annað boðorðið í boðskap stjórnarliða. Skal litið eitt að því vikið. Ég hef ekki reiknað með þeim hluta söluskattsins, er rennur til sveitarfélaganna, í dæminu hér að framan. Þeim álögum er þar sleppt. Ríkisstj. hefur notað þessa ráðstöfun á skattinum ásamt tekjulækkuninni sér mjög til hróss. Verður ekki hjá því komizt að benda á, hvaða stefnu ríkisstj. hefur fylgt í framkvæmd þessa máls. Hún er þessi: Því meira burðarþol, því meiri byrðum aflétt, því minna burðarþol, því minni byrðum aflétt. Þetta er réttlætið, sem ríkisstj. býður þjóðinni upp á. Um þetta réttlæti hæstv. ríkisstj. má með sanni segja, að vont er hennar ranglæti, en verra er hennar réttlæti.

Sparnaður var eitt af boðorðum stjórnarliða, og mun ég nú víkja að því. Ekki hefur skort yfirlýsingar undanfarin ár hjá stjórnarliðum um, að mikið mætti spara í ríkisrekstrinum, ef ekki skorti einbeitta forustu, viðsýni og kjark. Fyrrv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, lýsti því yfir við afgreiðslu fjárl. 1959, að unnið væri að sparnaðaráætlun hjá ríkisstj. Og hæstv. fjmrh. taldi upp einar 12 sparnaðartill. í fjárlagaræðu sinni í haust, er hann mundi nú beita sér fyrir. En hvað segja staðreyndirnar í þessu máli? Ekki ein einasta sparnaðartillaga kom fram við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni frá ríkisstj. Var þó fullkomin ástæða til þess að ætla, að nú yrðu bornar fram rökstuddar sparnaðartillögur. Hér hefur farið sem fyrr, að lítið hefur orðið úr efndunum. Hins vegar berast fregnir af útfærslu ríkisbáknsins og nefndaskipun til margs konar verka, eins og t. d. með endurskoðun útsvars- og skattalaga, sem við höfum séð árangurinn af, nefnd til að líta eftir starfsemi bænda í ræktunarsamböndunum o. fl., o. fl. Sparnaðurinn kemur e. t. v. síðar, en sjáanlegur er hann ekki enn þá.

Uppbyggingarstefnunni í landinu átti að halda áfram samkvæmt stefnu stjórnarliða. Skal nú athuga, hvernig að því hefur verið staðið.

Þegar svo mikið hefur verið tekið af þjóðinni í álögur sem nú er, má ætla, að miklu fé sé varið til uppbyggingar, enda skiptir það mestu máli fyrir þjóðina, hvort hún nýtur verulegs hluta þess fjár, er af henni er tekið með álögum, til þess að bæta land sitt. Ég hef gert samanburð á, hve miklu af rekstarútgjöldum ríkissjóðs hefur verið varið til uppbyggingar í landinu, þ. e. a. s. til nýbygginga á þjóðvegum, brúm, til hafna, skóla, raforkuframkvæmda og atvinnuveganna. Það tímabil, sem ég hef tekið, eru árin 1950—1960, að báðum meðtöldum. Ef árin 1950—1958 eru tekin sérstaklega, er það að meðaltali 28.5% af heildarrekstrarútgjöldum fjárl., sem er varið til uppbyggingar. Mest er það þó árið 1957, eða 31.8%, en lækkar niður í 21.2% 1959, og á fjárl. 1960 nema þessi framlög aðeins 19.7%. Hér er um eins greinilegan stefnumun að ræða og orðið getur. Eftir að Framsfl. hætti að hafa áhrif í ríkisstj., lækka framlög til uppbyggingar í landinu úr 31.8%, eins og var 1957, í 19.7%, eins og nú er orðið. Þetta sýnir líka glögglega það, sem áður átti að vísu að vera fullkunnugt almenningi, að Framsfl. er að þakka hin mikla þátttaka ríkisins í þeirri uppbyggingu, sem hér hefur átt sér stað um meira en 30 ára skeið.

Eitt gleggsta dæmið um viðhorf hæstv. ríkisstj. til uppbyggingarstefnunnar kemur fram í viðhorfum hennar til samgöngubóta á landi. Ekki þarf mörgum orðum að því að eyða, að samgöngumálin eru þau mál, er heitast brenna í hverju byggðarlagi, enda lyftistöng í viðskiptaog athafnalífi landsmanna og ástandið þannig, að ekki einungis einstakir bæir, heldur heil byggðarlög eru samgöngulaus á landi verulegan hluta ársins. Ekki er aðeins knýjandi nauðsyn að bæta úr þessu, heldur að hefja framkvæmd í vegagerð úr varanlegu efni, þar sem umferðin er mest, eins og t. d. hér á Reykjanesi. Við afgreiðslu fjárl. í vetur sköpuðust möguleikar til þess að gera stórt átak í samgöngumálum, og skal það nú skýrt.

Til útflutningssjóðs runnu 50 aurar af þeim benzínskatti, er áður var á lagður. Með breytingu á gengi krónunnar féll þetta gjald að sjálfsögðu niður, enda greiða benzínnotendur gjald sitt til framleiðslunnar með hærra gjaldeyrisverði. Auk þessa hækkaði ríkisstj. benzínskattinn um 34 aura á hvern benzínlítra. Hún hafði því til ráðstöfunar 84 aura nýtt gjald af hverjum benzínlítra, eða 42 millj. kr. Hér voru skapaðir möguleikar til þess að gera stórt átak í samgöngumálum, enda eðlilegt, að þeir, er

nota vegina, byggi þá upp, svo sem gert er með öðrum þjóðum. Hver var stefna hæstv. ríkisstj. í þessu máli? Hún var sú, að 3 millj. kr. af þessari fjárhæð ganga til nýbygginga í samgöngumálum, en hvorki meira né minna en 39 millj. kr. af þessum nýja skatti, er vegfarendur greiða umfram aðra, tekur hæstv. ríkisstj. til ríkissjóðs. Þrátt fyrir auknar tekjur ríkissjóðs af vegfarendum tókst ekki að halda í horfinu með framlag á fjárl. til samgöngubóta á landi, hvað þá að gera nokkurt átak, eins og efni stóðu til.

Við Framsóknarflokksmenn höfum gert margar tilraunir til þess að fá stjórnarliða til þess að falla frá þessari fráleitu stefnu sinni, og þeirri baráttu verður haldið áfram. Allar till. okkar hafa verið felldar, en þó tókst fyrir þessa baráttu að þoka framlögum til vega lítið eitt til hækkunar frá því, sem ríkisstj. ætlaði sér.

Sömu söguna er að segja um till. okkar um aukin framlög til atvinnuveganna, svo sem sjóða Búnaðarbankans, fiskveiðasjóðs, iðnlánasjóðs, til raforkuframkvæmda, framlag til rannsókna í þágu atvinnuveganna og aukið atvinnuaukningarfé. Allar till. okkar til hækkunar á fjárl. gengu í þá átt að halda áfram með uppbyggingarstefnuna í landinu, halda því hlutfalli, er uppbyggingarstefnan hefur haft á fjárl., meðan Framsfl. hafði forustu um afgreiðslu þeirra.

Eitt af fyrirheitum stjórnarliða var, að styrkjastefnan skyldi lögð til hliðar. Skal nú vikið að því. Hvernig hefur tekizt með framkvæmdina? Aldrei hefur á fjárl. íslenzka ríkisins verið meira varið en nú til niðurgreiðslna á vöruverði, eða 303 millj. kr., og hefur sú fjárhæð meir en tvöfaldazt á tveimur árum. Þá ver ríkisstj. um 100 millj. kr. til að greiða fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni. Er það viðurkenning á því, að vegna stjórnarstefnunnar sé þannig að þjóðinni búið, að fólki á bezta aldri sé það ofraun að sjá fyrir tveimur börnum án styrkja. Ber að sjálfsögðu að virða þessa viðurkenningu, því að öllum er ljóst, hvað þessi styrkjastefna væri fráleit, ef lífskjörin væru eðlileg. Hins vegar hefur þannig tekizt með framkvæmdina, að þessar uppbætur eru aðeins 269 kr. með fjórða barni og þar yfir umfram það, sem áður var, svo að réttlætið er samt við sig hjá hæstv. ríkisstj. sem fyrr.

Ég hef hér að framan drepið á örfá atriði um framkvæmd á fyrirheitum stjórnarliða frá kosningunum. Þess er þó ógetið, hvernig til hefur tekizt með stöðvun verðbólgunnar. Það atriði minnir svo á sig sjálft, að óþarft er að geta þess hér, enda látið nægja að geta orsakanna.

Niðurstaðan af því, sem að framan er sagt, er þessi: Heitið var stöðvun verðbólgu, framkvæmd óðaverðbólga. Heitið var lækkun skatta, framkvæmdar skefjalausar álögur. Heitið var sparnaði í ríkisrekstrinum, framkvæmd aukin eyðsla. Erlendar lántökur fordæmdar, stórkostleg eyðslulán tekin. Verzlunarfrelsi boðað, samdráttur í viðskiptalífinu áætlaður. Hækkun fjárl. talin uggvænleg fyrir tveimur árum, fjárlög hækkuð um 50—60%. Heitið var áframhaldandi uppbyggingu, framkvæmdur samdráttur og kyrrstaða. Heitið var afnámi styrkjastefnunnar, í framkvæmd styrkjastefna stóraukin. Heitið var bættum lífskjörum, kjararýrnun framkvæmd.

Góðir áheyrendur. Þannig hafa stjórnarliðar staðið við fyrirheitin, sem þeir gáfu ykkur í kosningunum s. l. haust, en eftir er enn yðar hlutur. — Góða nótt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Það bar upp á hinn 20. nóv. s. l. haust, sama daginn og nýkjörið þing kom saman, að ríkisstj., sem við nú búum við, tilkynnti valdatöku sína. Þegar á þeim degi sté hinn nýbakaði stjórnarhúsbóndi, Ólafur Thors, hér í ræðustól, setti upp eins landsföðurlegan svip og hann gat, og á því sviði getur hann hreint ekki svo lítið, og tilkynnti þingheimi og alþjóð, að nú væru nýir stjórnarherrar teknir til sinna ráða, og mátti vel á honum skilja, að þar færu engir aukvisar, heldur þeir, sem hefðu allt í senn, vizku, vald og manndóm til þess að hefja þjóðina á ný á hærra og heilbrigðara stig en hún hefði áður komizt í snertingu við.

Eftir að þing og þjóð hafði þannig fengið að heyra mat ráðh. á stjórninni og þeim stórbrotnu og göfugu efnisþáttum Sjálfstfl. og Alþfl., sem hún væri samanslungin af, kom svo lýsingin á þjóðinni, sem undir stjórnina skyldi lúta, en þar kvað raunar nokkuð við annan tón. Þjóðin hafði, að ráðherrans áliti, lifað lengi um efni fram, látið halla á sig í skiptum við aðrar þjóðir, safnað að sér skuldasúpu erlendis, en látið dýrtíðina vaxa heima fyrir. Ráðh. og síðan aðrir talsmenn stj. töldu framferði þjóðarinnar allt öðruvísi en eðlilegt gæti talizt, lýstu henni raunar sem fárlega höldnum sjúklingi, sem ætti sér þá eina afturbatavon, að nú hefði hún þó hlotið stjórn, sem treysta mætti til þess að ráðast að kjarna vandamálanna, og í því og því einu taldi ráðh. svo fólgna möguleikana til þess, eins og hann orðrétt sagði, „að efnahagslíf þjóðarinnar kæmist á traustan grundvöll, þannig að skilyrði sköpuðust fyrir sem örastri framleiðsluaukningu og að lífskjör þjóðarinnar gætu í framtíðinni enn farið batnandi.“ En svo sem til frekari áherzlu tók húsbóndinn það sérstaklega fram, að það, sem hann þarna segði, væri raunar aðeins brot af því, sem koma mundi í ljós, þegar sú rannsókn á ástandi þjóðfélagsins, sem yfir stæði, væri öll, og þar með mátti lýðum ljóst vera, að raunverulega væri þjóðin miklu verri og stjórnin þá jafnframt miklu hugrakkari en hann í lítillæti sínu hafði á orði. Það varð svo sem ekki misskilið, að mikilleiki dagsins var sá, að hin aumlegasta þjóð hafði eignazt dáðum prýdda stjórn.

Og svo leið af það haustið allt til áramóta, og það heyrðist lítið annað til stjórnarinnar

en þessi ágæli og mismunandi skær endurómur af honum. Þingið var sent á burt, og stjórnin sagðist vera að rannsaka og hugsa og reikna og semja viðreisnartillögur. Þá var mikið annríki, svo mikið, að margir fyrirmenn urðu að hafa skemmri setur en vert hefði verið í hinu hátíðlega kveðjuhófi, er stjórnin hélt brezka sendiherranum, er vék sæti fyrir eftirmanni sínum einmitt um þessar mundir, og máske hafa afsakanir þeirra fyrir kulda Íslendinga í garð Breta innan íslenzkrar landhelgi líka orðið stuttaralegri en ella fyrir þessar annir.

En jafnvel hin ágætustu stjórnarvöld eiga stundum skilningstregðu að mæta hjá einhverjum, og svo fór líka hér. Sökum þess, að staðreyndir og skýrslur sýndu, að framleiðsla landsins fór hraðvaxandi og að útflutningur og aðrar gjaldeyristekjur ásamt birgðaaukningu í seldri vöru í landinu námu á tveimur síðustu árum jafnmikilli upphæð og gjaldeyriseyðsla þeirra ára, þá leyfðum við Alþýðubandalagsmenn okkur að halda því fram, að tímabili hallans á gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd væri lokið. En þetta töldu stjórnarinnar menn, jafnt sérfræðingar sem aðrir, að engu hafandi. Það féll nú ekki alveg að efninu í það virðulega helgirit stjórnarinnar, sem um þessar mundir var í smíðum og síðar var gefið út á ríkisins reikning undir nafninu Viðreisn.

Til þess að komast fram hjá því að viðurkenna þessa staðreynd og þá um leið það, að *með stuðningi vinstri stj. við útveginn og einkum þó með landhelgisstækkuninni hafði þegar tekizt* að ná raunverulegu jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, settu þeir góðu herrar í bók sína alrangar tölur um útflutningsverðmæti liðinna ára. En einhver höfundanna hefur verið að burðast með tiltölulega virka samvizku af slíkum að vera og hefur ekki alls kostar kunnað við að láta hinar röngu tölur standa með öllu naktar og lætur því með þeim fylgja aths. „áætlun", rétt eins og hér væri fjallað um óorðna hluti.

Enginn mun hafa orðið til þess að neita því, að skuldir landsmanna hafi nokkuð aukizt erlendis á síðustu árum. En hinu hafa raunar margir haldið fram, að ekki væri slíkt nein dauðasynd, þegar í landinu mynduðust móti þeim *skuldum mannvirki og framleiðslutæki*, svo sem sementsverksmiðja, raforkuver og ný vönduð skip, sem gerðu okkur hæfari til að greiða ekki einasta skuldir, heldur og samtíða þarfir þjóðarinnar. Ekki bitu þær röksemdir á stjórnina. Hún ætlaði ekki að láta það henda sig að fara að viðurkenna, að eitthvað af því, sem gert var á vinstristjórnartímabilinu, væri nýtilegt, enda stóðu þá enn á fjölmörgum staurum og húsveggjum höfuðborgarinnar skærlitir leiðbeiningamiðar Sjálfstæðisflokksins til kjósenda frá haustkosningunum, merktir ránfuglsmerki flokksins og með áletruninni: Aldrei aftur vinstri stjórn.

Sjúkdómsgreining stjórnarinnar á þjóðfélaginu var í flestum atriðum vefengd og raunar sýnt fram á, að í ýmsum efnum var hún alröng. En hetjur og ofurmenni láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Ráðstafanir skyldu koma, sem byndu endi á skuldasöfnun erlendis, settu niður verðbólgu, örvuðu framleiðsluna og bættu kjör fólksins í landinu. Þessu höfðu þeir heitið þjóðinni í kosningunum, og enn töluðu þeir um þetta, þegar stjórnin ýtti úr vör. Hér má til glöggvunar skjóta því inn í, að stjórnin hefur nú setið í eitt missiri, og hún verður tæplega sökuð um að hafa vanrækt nokkurt eitt þessara fyrirheita. Hún hefur þar á móti gengið þvert á þau öll, og verður nú vart greint, hvar mestur árangur hefur náðst: í söfnun erlendra eyðsluskulda, dýrtíðarspennu, kyrkingi framleiðslunnar eða almennri kjararýrnun.

En svo að aftur sé vikið að tilburðum stjórnarinnar, *meðan hún var að ná* þessum árangri, er þess næst að minnast, að um áramótin heyrðist svo aftur hljóð úr horni. Þar var enn forsrh. á ferð. Nú var hann miklu daufari í dálkinn, að því er varðaði kjarabætur fólksins í landinu, og lét raunar í það skína, að hyggilegast mundi í þeim efnum að fara hina leiðina, þ. e. a. s. aftur á bak, það væri tryggara upp á framtíðina. Ekki virtist hann þó telja lífskjörin stórt atriði. Hitt væri fyrir öllu, að hafa rétt skráð gengi, og það skyldu menn fá.

Ekki mun brúnin hafa hækkað á öllum hans flokksmönnum, er á ræðuna hlýddu, og grunur leikur á, að um þær mundir hafi sumir, er áður límdu upp leiðbeiningar Sjálfstfl. til kjósenda, notfært sér skammdegið til þess að *fjarlægja þær aftur*. A. m. k. *tóku þær mjög* að strjálast á almannafæri um þetta leyti, enda munu ýmsir af þeim, sem veittu stjórnarflokkunum að málum í kosningunum, þegar um áramótin hafa getað hugsað sér ýmislegt voðalegra en vinstri stjórn.

Og enn liðu fram stundir, og þegar mánuður var af þessu ári, mátti lesa af þingskjölum, í hverju ágæti stjórnarinnar lá. Stjórnarfrv., sem þá voru hvert af öðru lögð á borð þm., greindu að vísu á nokkurri tæpitungu frá því, sem nú er sem óðast að verða blákaldur veruleiki, þótt mörgum grandalausum stjórnarsinna bættu fyrstu frásagnir stjórnarandstæðinga um þetta *ærið fjarstæðukenndar og ótrúlegar*.

Ekki verður því hér við komið að rekja í smáatriðum hvað eina, sem stjórnin lét lögtaka á hinum næstu mánuðum *eftir þetta*. En af því að dýrtíðarvöxtur undanfarinna ára var eitt af því, sem lækna átti með nýjum aðgerðum, er máske vert að skoða áhrif aðalþátta viðreisnarinnar á verðbólguna í landinu. Mér telst vissulega til, að þar sé stj. nokkru mikilvirkari en hv. síðasti ræðumaður taldi. En ef litið er á aðalþættina, kemur þetta í ljós: Fyrst ber að nefna lögbundna gengisfellingu á íslenzku krónunni, þannig að miðað við skráð gengi þarf núna 233 eða 234 kr. á móti hverjum 100 áður. Þess ber þó að geta, að jafnhliða þessari gengisfellingu voru afnumin 30% og 55% yfirfærslugjöldin, sem áður giltu, hið

fyrra um gjaldeyriskaup til brýnustu nauðsynja, en hið síðara um flest annað.

Hvaða áhrif hefur nú gengisbreytingin í heild á verðlagið í landinu? má því spyrja. Setur hún niður dýrtíð? Það verður máske ráðið af þeim staðreyndum, að árlegur innflutningur var um 1300 millj. kr. Við verð það bættust svo um 700 millj. í yfirfærslugjöldum. Nú kostar sama vörumagn ekki 2 milljarða eins og áður, heldur 3 milljarða eða sem allra næst því. Ætla má, að nærfalt fjórðungur af verðmæti þessa vörumagns sé rekstrarvörur og skip, og snertir verðhækkunin, að því er þann hluta varðar, hið almenna verðlag ekki eins og neyzlu- og fjárfestingarvörurnar, heldur með öðrum og óbeinni hætti, svo að til þess að forðast að gera dæmið dekkra en einsýnt er að staðreyndir heimta, þá má ætla, að af 1000 millj. kr. hækkun vegna gengisfellingarinnar komi svo sem 750 millj. beint út í hið almenna verðlag.

Næst á eftir gengisfellingunni kemur svo ákvörðunin um vaxtahækkun, en hún nemur yfirleitt 4% á bankaviðskipti og litlu lægri hundraðstölu á sum önnur lán. Ekki leggst ofurþungi vaxtabyrðanna á öll lán samstundis, það skal játað. En fljótlega hlýtur hækkunin að flæða um allt lánakerfið. Nú nema útlán bankanna um 4 milljörðum kr. Um aðra lánastarfsemi er minna vitað, en varlega mun áætlað, að útlán einstaklinga, fjárfestingarsjóða, tryggingarfélaga og annarra nemi hálfri þeirri upphæð. 4% ofan á bankaviðskiptin nema 160 millj. kr. á ári, og ef öðrum aðilum er ætlað 3% meðaltalsvaxtahækkun, bætast þar við 60 millj., og nemur þá árleg vaxtahækkun, sem auðvitað er hluti af verðlaginu, alls 220 millj. kr.

Þrátt fyrir verulega ívilnun á tekjuskatti, sem hátekjumenn nú hljóta samkvæmt nýjum skattalögum, hækka tekjur ríkissjóðs samkvæmt viðreisnarfjárlögum þessa árs. Munar þar mest um hinn nýja söluskatt. Tekjur fjárl. eru svo að segja allar teknar með einhvers konar álögum á vöruverð, og kemur því öll fjárlagaaukningin fram í hækkuðu verðlagi.

Á árinu 1959 námu tekjuáætlanir fjárl. rúmlega 1030 millj. kr. Í ár hefur þessi upphæð hlaupið upp í rúmlega 1500 millj. Þar kemur því fram dýrtíðaraukning upp á því sem næst 470 millj. En hins er vert að geta, að af þeirri aukningu renna um 150 millj. kr. til aukinna bóta úr almannatryggingum og um 40 millj. til aukinna niðurgreiðslna á vöruverði. Hrein og óbætt hækkun verðlags vegna hækkunar á fjárl. nemur því nálægt 280 millj. kr., en það er jafnhá upphæð og áætlað er að hinn nýi söluskattur færi ríkissjóði, áður en frá er talinn hlutur bæjanna.

Ef saman eru taldar verðhækkanir þessara þriggja liða og þó það eitt tilfært, sem að öllum bótum frátöldum hlýtur að þyngja á verðlaginu, verður þetta ljóst: Gengisfellingin hækkar almennt verðlag um 750 millj., vaxtahækkunin þyngir á útgjöldunum um 220 millj., og fjárlagaliðirnir auka dýrtíðina um 280 millj., en þetta nemur samtals 1250 millj. kr. Vera má, að eitthvað af þessu verði sparað sem bein útgjöld, með því að neyzlan dragist saman, en samanburður á því, sem var, og því, sem verður, fæst ekki nema halda þessum tölum í fjárupphæðum. Ef þessari aukningu, 1250 millj. kr., er skipt jafnt á rösklega 4000 fjölskyldur í landinu, fellur um 30 þús. kr. árlegur greiðsluauki á hvert heimili, miðað við óbreytta neyzlu. Þegar hækkunin er að fullu komin á vöruverðið og vextina, má því ætla, að hin almenna verðbreyting nemi að meðaltali 25—30% til hækkunar.

Ólafur Thors gat þess við myndun stjórnarinnar, að á það yrði lögð megináherzla, að þannig yrði haldið á efnahagsmálunum, að ekki leiddi til verðbólgu, eins og fyrr er á drepið. Og síðan voru lögfestar ráðstafanir, eins og hér er lýst. Einhvern veginn hélt maður þó, að hækkað vöruverð væri ekki alveg óskylt verðbólgunni, og nú er sem sagt í ljós komið, að á máli stjórnvitringanna á orðið verðbólga við um kaup og ekkert annað. A. m. k. hefur ekki þótt ástæða til í átökum stj. við verðbólguna að koma í veg fyrir hækkanir á neinu nema kaupi. En það er ekki heldur ómerkasti þátturinn í afrekaskrá stjórnarinnar, að ofan á lögþvingaða kauplækkun í fyrra rauf stjórnin nú með lagaboði alla kjarasamninga stéttarfélaga í landinu og bannaði allar verðlagsuppbætur á laun, hverju nafni sem nefnast, en það jafngildir auðvitað banni við öllum hækkunum á kaupi nema þeim einum, sem näst kunna með nýjum kaupsamningum. En þar með tekur stjórnin líka á sig ábyrgðina á þeim truflunum, sem það kann að valda í atvinnulífinu að koma á nýjum kaupsamningum, samhæfðum hinum nýju viðhorfum, sem skapazt hafa við þær verðbreytingar, sem orðnar eru.

En það má öllum ljóst vera, að þau batnandi lífskjör í framtíðinni, sem ráðh. talaði um í haust, verða ekki til fyrir stjórnaraðgerðir þessarar stjórnar, heldur verður verkalýðshreyfingin að hafa þar hönd í bagga um framkvæmdir. En nú búum við þó við rétt gengi. Það er allur munur. Hugtakið „rétt gengi“ er að vísu dálítið umdeilanlegt. En stjórnin hefur skilgreint það, hvað hún á við með því orðalagi. Það er gengi bátsins — og af enn meiri nákvæmni sagt, það er sú skráning krónunnar, sem tryggir venjulegum vélbát hallalausa afkomu án allra uppbóta í meðalárferði. Það voru næsta fáir aðrir en ráðherrar og máske fáeinir hagfræðingar, sem héldu því fram, að almenn lífskjarabót mundi haldast í hendur við þetta rétta gengi. En hinir voru margir, sem sögðu, að þó að hið gagnstæða kynni að verða reyndin, væri það ekki nema réttmæt fórn til að tryggja afkomu atvinnuveganna. Víkjum því að þeirri reynslu af hinu rétta gengi.

Út frá forsendunni um gengi bátsins var svo allt hitt reiknað. Forustumenn útgerðarinnar, þeir sem trú hafa á Sjálfstfl., töldu nú allt á

góðri leið og voru sumir hverjir dálitið stoltir af því að vera þannig orðnir sá punktur efnahagslífsins, sem allt átti að snúast um og miðast við. Stjórn L. Í. Ú. hefur vafalaust hugsað þannig, því að nú brá hún öllum sínum fyrri venjum um ráðstafanir til að sjá hag sinna manna borgið. Á undanförnum árum hefur hún sem sagt harðlega bannað félögum innan sinna vébanda að hefja nokkrar vertíðarveiðar, fyrr en séð væri, hvert yrði hið gildandi fiskverð vetrarins og hvers stuðnings útgerðin mætti að öðru leyti vænta af hálfu hins opinbera. Og til þess að enginn skyldi þá gleyma kyrrsetuskyldunni, heldur hafa ótta af og bera lotningu fyrir L. Í. Ú.-stjórninni, hafa einstakir útvegsmenn orðið að árita og afhenda L. Í. Ú.-stjórninni víxla í tugþúsunda upphæðum fyrir hvern bát til tryggingar því, að ekki yrði haldið til veiða, fyrr en stjórnarvöld landsins hefðu tekið að sér að tryggja nógsamlega rekstrargrundvöll bátaflotans. En nú var að völdum setzt svo göfug ríkisstj. að dómi L. Í. Ú.-stjórnarinnar, að slíkt var ekki nefnt á nafn. Forsrh. íhaldsins hafði lofað réttu gengi, og nú kom útvegsmálaráðherra kratanna, sem áður hafði sýnt hæfni sína í því embætti með því að svíkja af sjómönnum 10 aura á hvert fiskkg í skiptaverðinu þvert á nýgerðan samning, sem hann sem slíkur var aðili að, steig í ræðustólinn á L. Í. Ú.-fundi og lofaði útgerðinni ekki lakari aðstöðu í ár en hún hafði haft í fyrra. Þetta skraf ráðh. var svo haft fyrir rekstrargrundvöll útgerðarinnar þetta árið. Nú í vertíðarlokin hélt L. Í. Ú. svo almennan fulltrúafund til að ræða einmitt þessi mál. Enginn reyndist svo mikill stjórnarsinni í því samkvæmi, að hann viðurkenndi ekki, að ráðherraloforðin hefðu reynzt ekki einasta ótraustur, heldur og með öllu óhæfur rekstrargrundvöllur fyrir flotann og ekki kæmi til mála að hefja vertíð út á þau né gengi bátsins framar. Það er líka deginum ljósara, að grundvöllur fyrir hallalausan rekstur fiskiflotans er nú ekki fyrir hendi lengur. Hinn gífurlegi stofnkostnaður skipanna, hækkunin á verði veiðarfæra, vátryggingu og vöxtum samfara kyrrstöðu og lækkun á almennu fiskverði og síldarverði ræður algerum úrslitum í þessu efni. Með svipuðu aflamagni og verið hefur hlýtur því bátaflotinn að lenda í síharðnandi skuldaflækjum, hætta veiðum á skemmri og lengri tímabilum vegna fjárhagsörðugleika og stórlega draga úr eðlilegum afköstum hans af þeim sökum.

En þótt ráðstafanir stjórnarinnar hafi reynzt launþegum og útgerðarmönnum svo sem lýst hefur verið og stefni vissulega hvorki að kjarabótum né framleiðsluaukningu, heldur beint að hinu gagnstæða, er þó hreint ekki svo að skilja, að allir landsmenn aðrir hafi sloppið undan plágunni heilir á húfi. Engir hafa goldið meira afhroð í dýrtíðarflóði stjórnarinnar en bændur. Samkv. verðlagsgrundvelli fylgir vinna þeirra sömu reglum og vinna launþega. Þeir verða því sem slíkir að búa við alla hina sömu kjararýrnun og verkamenn: óbreytt kaup í vaxandi dýrtíð. Um stofnkostnað búsins gegnir alveg sama máli og um útveginn. En allur tilkostnaður búsins kemur seint og sumpart aldrei þeim í hendur aftur gegnum afurðaverðið. Það líður ærinn tími, frá því að dýra benzíninu er hellt á dráttarvélina til þess að slá túnið, svo að það dæmi sé tekið, þar til verð þess skilar sér aftur í kjöt- eða mjólkurverði, og vextir af því fjármagni, ef það væri nú fengið að láni, koma beint sem ný kjaraskerðing á bóndann, enda er nú svo komið, að ef ráðherrana skyldi fýsa að hagnast á búskap, þegar þjóðin segir þeim upp núverandi starfi, þá verður ábyggilega nægilegt jarðnæði laust til ábúðar fyrir þá, ekki sízt ef vistaskiptin kynnu eitthvað að dragast á langinn.

Það er ekki vitað, hvert útlit ráðherrarnir telja á því, að góðar horfur séu fram undan í íslenzkum þjóðarbúskap. En hvað sem ráðh. kunna að segja, — reynslan sannar líka, að ekki er algengt, að ræður þeirra eigi samleið með veruleikanum, — þá breytist það ekki, að sá skaði skellur á þjóðinni, sem efnt er til með núv. stjórnarstefnu: samdráttur í atvinnulífi og framleiðslutap. En þótt aflasæld og önnur árgæzka hlypi hér undir bagga og rétti að einhverju það, sem hallast á óstjórn í landinu, þá innsiglar stjórnin það jafnframt með öðrum hætti: samdráttur og tekjurýrnun í þjóðarbúinu með almennri fátækt og versnandi lífskjörum skal verða okkar hlutskipti. Það er sem sagt alveg sama, hvað mikið kann að aflast, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að markaður sé tiltækur fyrir framleiðslu okkar.

Nú er það þrautreynd stefna íhaldsins að leggja allt kapp á að kaupa vörur í sem allra ríkustum mæli frá hinum frjálsa heimi, en svo eru allir Ameríkusinnar vanir að nefna þau lönd, þar sem auðvelt er að geyma bankainnstæður, án þess að gera þurfi mjög grein fyrir uppruna þeirra, og þar sem faktúrur eru allt eins skrifaðar eftir óskum kaupenda og verðlagi þeirrar vöru, sem keypt er. Í þeim löndum stendur hins vegar svo á, að kaupendur finnast engir að nema svo sem helmingnum af afurðum okkar. Meðan þeirri stefnu var fast framfylgt að hafa lítil eða engin skipti við lönd sósíalismans, fór þess vegna svo, að markaðstregða háði okkur. Við sátum t. d. uppi með full frystihús af torseljanlegri, en ágætri vöru, og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gaf þá út fyrirskipanir til hinna einstöku frystihúsa: Svo marga kassa máttu framleiða og meira ekki, því að það er ekki markaður til fyrir það.

En svo hófust austurviðskiptin og leystu með öllu markaðsvanda okkar. Á síðustu árum allt til þessa hefur engin markaðstregða hindrað okkur. Við höfum í rauninni getað framleitt í fullu öryggi þess, að allar okkar sjávarafurðir seldust á góðu verði. Hitt er rétt, að austurviðskiptin hafa farið fram eftir jafnkaupasamningum, þannig að jafnmikil verðmæti í þeirra útflutningsvörum höfum við fengið sem greiðslu frá þeim eins og við lét-

um til þeirra ganga. Þessi viðskipti ásamt þeirri afurðasölu og vörukaupum frá dollara- og sterlingssvæðunum, sem við með eðlilegum og hagkvæmum hætti gátum fengið, hafa verið undirstaða þeirrar hagsældar, sem hér var náð, þegar bezt gekk. En því er svo farið um valdamenn þessa lands, jafnt íhaldsmenn sem krata, og raunar eiga þar margir framsóknarmenn óskilinn hlut við stjórnarsinna, að þeir telja það boðorð æðst allra að þóknast stórveldunum í Atlantshafsbandalaginu eða NATO, eins og þeir skammstafa nafn bandalagsins. Og því er ekki að leyna, að á fundum og ráðstefnum með slíkum hefur þar nætt um okkar ráðh. og sérfræðinga eins og kaldur gustur að heyra sagt: Þið verzlið við Rússa. — Þótt þessi viðskipti séu okkur í alla staði hin hagkvæmustu, má það sín, þegar til lengdar lætur, minna en blygðan núverandi ráðh. á þeim slóðum, þar sem þeir vænta samúðar og viðurkenningar á öllu því, sem þeir hafa í sölurnar lagt til þess að þóknast einmitt þessum ímynduðu vinum sínum. En í stað þess, sem vænzt var, kemur ásökun, sambærileg við gamla skammaryrðið: Þú hefur étið folald, — þið verzlið við Austur-Evrópu. — Og þegar hinir sakfelldu manna sig svo upp í það að spyrja: Getið þið þá keypt allan varninginn af okkur, — þá bætist allt til þessa ný ásökun við: Þið eruð með ranga gengisskráningu. Þegar þið eruð búnir að leiðrétta hana, getum við séð til.

Og hvað eiga svo menn að gera, sem eins ástatt er fyrir og okkar ráðamönnum, í hópi slíkra vina, sem þeir hafa kosið sér að tigna og vegsama? Allir vita, að heimurinn skiptist fyrst og fremst í tvær voldugar samstæður, alþýðuveldin og auðvaldslöndin. En þar utan við standa svo hlutlausu ríkin, og í þeirra hópi vorum við lengst af. Við höfum veruleg kynni af báðum stóru aðilunum. Alþýðuveldin hafa í hvivetna reynzt okkur vel. Samskiptin við þau hafa verið okkur mjög hagkvæm, og þau viðurkenna öll rétt okkar til landhelginnar, jafnvel einnig þau, sem við viðurkennum ekki að til séu. Í sumu höfum við einnig góðra hluta að minnast úr samskiptunum við ríki vesturblakkarinnar, en þar eru þó á alvarlegar snurður. Öll hafa NATO-ríkin reynt að þrengja kosti okkar í landhelgisátökunum. Afstaða þeirra á alþjóðaráðstefnum hefur mótazt af fjandskap við okkur, og Bretar hafa sem kunnugt er beitt okkur vopnuðu ofríki.

Nú er á það að líta, að íslenzkir valdhafar, einmitt þeir, sem nú sitja, og raunar voru þeir af fleirum studdir þá, hafa af dæmafárri skammsýni kastað hinu forna hlutleysi okkar fyrir borð, tekið afstöðu með og látið vopnlausa þjóð okkar ganga inn í hernaðarbandalag þeirrar valdasamstæðunnar, sem verr hefur reynzt okkur, og léð henni land okkar undir herstöðvar Bandaríkja Norður-Ameríku til undirbúnings árása á hinn aðilann, sem betur reyndist. Ekkert af þessu hefur íslenzka þjóðin nokkru sinni samþ., og raunverulega er hún á móti þessu, þótt henni hafi til þessa láðst að gefa þeim mönnum frí frá stjórnarstörfum, sem þessum ráðum réðu á sinni tíð.

En mennirnir, sem lánuðu landið, njóta ekki virðingar herra sinna, af því að þeir verzla við Rússa og voru með rangt skráð gengi. Og því skyldu þeir láta slíka hluti standa í veginum fyrir vináttu við hinn frjálsa heim? Og svo var gengið fellt, og nú er eyðsluinnflutningur til landsins að verulegum hluta fluttur inn þaðan, sem ekki er markaða von, og greiddur með lánsdollurum að vestan, en innkaupin frá jafnkaupalöndunum rýrð að sama skapi, en það þýðir minnkaða möguleika til afurðasölu sem þessu nemur. Enda má um þetta segja, að ekki komi það alveg á óvart, því að í því riti, Viðreisn, stendur skýrum stöfum á bls. 13, ef ég má til þess vitna, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn telur ríkisstj. sanngjarnt, að Bandaríkjastjórn fyrir sitt leyti stuðli að því að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þessi breyting veldur á greiðsluviðskiptum þjóðarinnar. Um þetta atriði hafa undanfarið átt sér stað viðræður á milli fulltrúa frá ríkisstj. beggja landa, og telur ríkisstj., að viðunandi lausn þess máls muni fást.“ Og þótt ýmislegt sé ósatt í Viðreisn, er vart að efa sannleiksgildi þessarar klausu, enda hefur nú verið tekið um 800 millj. kr. lán vestra, og mun það að miklum hluta horfið í eyðsluhítina, en óseljanlegar vörur þar á móti hlaðast upp hér heima, svo sem kunnugt er.

Íslendingum hefur mörgum þótt það litlu máli skipta nú að undanförnu, hvort við værum þátttakendur í stríðsbandalagi vestrænna þjóða eða ekki. Ýmsir hafa yppt yfir því öxlum og helzt flokkað slíkt undir fremur ósmekklega, en meinlausa sérvizku þeirra pólitísku forustumanna, sem svona vildu haga málum. En þótt litið væri fram hjá öllu öðru, liggur það nú hreinlega fyrir, að einmitt frá efnahagsdeild NATO koma stj. ráðleggingar í efnahagsmálunum. Faðerni þess óburðar, sem ríkisstj. hefur nú af sér fætt og gefið nafnið „Viðreisn“, er hjá NATO. Þær búsifjar, sem efnahagsráðstafanir stj. leggja á íslenzkt þjóðlíf að þarflausu, og sú öfugþróun, sem þær valda í lífskjörum og framleiðslu, markaðsmálum og dýrtíð, verða að taka enda. Það er hlutverk þjóðarinnar að koma valdhöfunum í skilning um það, að hún sættir sig hvorki lengur við stjórnarhætti Sjálfstfl. og útibús hans, Alþfl., né við aðild Íslands að þeim óvinahópi þjóðarinnar, sem kallar sig Atlantshafsbandalag. Af áhrifum stj. og NATO höfum við þegar fengið meira en nóg. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Bezti mælikvarðinn á ríkisstj. er það, hvað hún gerir til þess að létta almenningi lífsbaráttuna. Sú stjórn, sem horfir á það aðgerðalaus, að hagur almennings þrengist í sífellu, en telur það sjálfsagt, að milljónir eftir milljón renni í vasa milliliða og fjáraflamanna, sú stjórn er ekki stjórn fólksins

í landinu. Það er auðvitað vond stjórn, sem segist ætla að gera rangt. Sú stjórn er þó verri, sem segist ætla að gera rétt, en gerir rangt. En verst allra er sú, sem segist hafa verið að gera rétt, þegar hún hefur verið að gera rangt, en þannig er sú ríkisstj., sem nú situr að völdum á Íslandi.

Nú haldið þið sjálfsagt, hlustendur góðir, að þetta séu mín orð, minn dómur um núv. hæstv. ríkisstj., og vissulega tel ég þetta allt saman hárrétt mat á þeirri endemisstjórn, sem nú situr að völdum hér á landi. En þetta eru samt orð núv. hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, og þessi ummæli hans er að finna í útvarpsræðu, sem hann flutti 3. okt. 1951, um gengisfellingar-, dýrtíðar- og atvinnuleysisstjórn Ólafs Thors, en hann var forsrh. þeirrar stj. (Gripið fram í.) Já, margt er líkt með skyldum. En sá er bara munurinn, að nú er Gylfi Þ. Gíslason hæstv. viðsk.- og menntmrh. dæmdur af þeim Gylfa Þ. Gíslasyni, sem dóminn kvað upp fyrir 9 árum.

Ég mun ekki beina gagnrýni minni að stjórnarstefnunni í heild, heldur aðeins að verðlagspólitík hennar og útlitinu í atvinnulífinu.

Það var 19. febr. s. l., sem lög um efnahagsmál, þ. e. lög um gengislækkunina, lög, sem afnámu með öllu rétt launþega til að fá kauphækkun eftir vísitölu í vaxandi dýrtíð, voru afgreidd á Alþ. Sá dagur mætti með réttu kallast afmælisdagur viðreisnarinnar svokölluðu. — Lítum nú á þróun verðlagsmálanna síðan.

Fyrir kosningar hafði verið heitið stöðvun dýrtíðar, en nú koma bölvaðar staðreyndirnar og fara heldur í aðra átt. Ýmsum kom það á óvart, að innlend þjónusta ýmiss konar varð einna fyrst til að hækka í verði eftir gengislækkunina. Póstburðargjöld hækkuðu á augabragði, símgjöld hækkuðu stórlega, bæði ársfjórðungsgjöld talsímans og skeytagjöld, sjúkrasamlagsgjöld hafa hækkað, tryggingasjóðsgjöld einnig, heita vatnið til húsahitunar, rafmagnið o. s. frv., svo að nokkuð sé nefnt.

Lítum svo á verðþróun útlendra vara. Tökum þá fyrst byggingarefni. Mótatimbur, algengasta tegund, kostaði kr. 2.16 fetið, nú kr. 3.09, hækkunin 45%. Fragthækkun á næstu sendingu mun hækka það enn um 15% í viðbót, og er þá hækkun orðin samtals 60%. Steypustyrktarjárn, 10 mm, kostaði kr. 4.70 kg, en nú kr. 8.46, hækkunin er 80%. Sement við skipshlið kostaði 730 kr. tonnið, nú 1122, hækkunin er 54%. Meðaltalshækkun á byggingarvörum mun vera alveg um 60%. Álímd stígvél, svokallaðar sjóbússur, kostuðu fyrir viðreisn 344 kr., nú 536, hækkunin er 56%. Lág gúmmístígvél kostuðu 228 kr., nú 373, hækkunin er 64%. Baðmullarvörur, sem áður voru undir 30% yfirfærslugjaldi, hækka nú um 85—90%. Sex vörutegundir, allt saman algengustu neyzluvörur, hækkuðu frá 1. til 15. maí s. l. sem hér segir: Nýmjólk í flöskum kostaði kr. 3.15 l 1. maí, á hátíðisdegi verkalýðsins, en fyrir 15. maí var verðið komið upp í kr. 3.40. Skyr kostaði 1. maí kr. 8.60 kr., en hálfum mánuði seinna 9 kr. Óskammtað smjör kostaði 1. maí kr. 47.65, en 15. maí kr. 52.20. Rúgbrauð, sem vegur 1½ kg, kostaði 1. jan. kr. 5.40, en þann 1. maí kr. 6.70 og 15. maí kr. 7.20. Þann 1. jan. var verkamaður 15 mín. að vinna fyrir þessu brauði, en þann 1. maí tók það hann 18 mín. og hálfum mánuði seinna 20 mín. Franskbrauðið, ½ kg, kostaði 1. jan. kr. 3.90, þann 1. maí kr. 4.30 og þann 15. maí kr. 4.55. Verkamaðurinn var í ársbyrjun 10.7 mín. að vinna fyrir þessu brauði, 1. maí var hann 11.8 mín. að því og núna um miðjan mánuðinn 12½ mín. 1 kg strásykur kostaði 1. jan. kr. 4.12, þann 1. maí kr. 5.66. Fyrir því var verkamaður 11 mín. að vinna í ársbyrjun, en nú 15. Brennt og malað kaffi kostaði í ársbyrjun kr. 34.60, þann 1. maí hafði það hoppað upp í kr. 46.00. Verkamaðurinn var í ársbyrjun 1 klst. og 35 mín. að vinna fyrir kaffikílóinu, en þann 1. maí 2 klst. og 6 mín. Ekki bætir það efnahaginn að hætta að drekka kaffi og snúa sér að kakódrykkju, því að þann 1. jan. kostaði kakókílóið kr. 55.77, en 1. maí kr. 73.40. Það tók verkamanninn 2 klst. og 33 mín að vinna fyrir því í ársbyrjun, en núna kringum 1. maí 3 klst. og 21 mín. — Svona er hægt að halda áfram óendanlega. Þessi er þróunin, hvar sem niður er gripið, ekki sízt þegar farið er út fyrir vísitöluvörurnar.

En kaupið á að vera óbreytt, segja stjórnarherrarnir, og atvinnurekendurnir brosa í kampinn og kinka auðvitað kolli. Og hvað ættu þeir annað að gera, blessaðir mennirnir?

En hvað segir þá vísitalan um öll þessi boðorð? kynni nú einhver að segja. Vísitala vöruverðsins mun hafa verið talin um 108 stig við seinustu mánaðamót. En þar frá lætur ríkisstj. víst draga 3 stig vegna fjölskyldubótanna, og segjum, að það sé ekki ranglátt gagnvart þeim, sem þeirra bóta njóta, en hitt er augljóst, að það styðst við engin rök gagnvart öllum þeim, sem þeirra bóta njóta ekki. Þannig er sagt, að framfærsluvísitalan sé nú 105 stig. En viðurkennt er með því, að kjörum allra annarra en barnafjölskyldnanna hefur hrakað um 8 stig, en það er sama sem 16 vísitölustig samkv. gömlu vísitölunni. Nú er þess að geta, að mjólkurhækkunin í seinasta mánuði var ekki birt fyrr en eftir mánaðamótin, svo að ekki hefur hún því verið mæld í vísitölunni enn þá. Sama er að segja um hækkun heita vatnsins til upphitunar húsa og um hækkun strætisvagnagjaldanna hér í Reykjavík. En þegar þessa er gætt, er auðsætt, að vísitala vöruverðsins er nú ekki undir 110 stigum, en það þýðir eftir gamla vísitöluverðinu sama sem 20 stiga hækkun, og hefði það einhvern tíma þótt umtalsverð kjararýrnun.

En því miður er bikarinn ekki tæmdur í botn enn þá, það er langt frá því. Miklar verðhækkanir eru enn þá fram undan fram eftir öllu sumri.

Og lítum þá þessu næst á útlitið í atvinnulífinu í ljósi viðreisnarinnar. Hvaðanæva af landinu berast þær fregnir, að það heyri til undantekninga, ef nokkur maður leggi nú í

það að hefja byggingu íbúðarhúss. Því veldur hin stórkostlega verðhækkun byggingarefnis, vaxtaokrið og lánabannið. Hér í Reykjavík er í fyrsta sinn í mörg ár engin eftirspurn eftir lóðum fyrir sambýlishús. Fáir einstaklingar hefja byggingar íbúðarhúsnæðis þrátt fyrir mikla þörf. En peningamennirnir rjúka nú af stað með hvert stórhýsið af öðru til verzlunarrekstrar. Og þeir mörgu, sem nú eru að byggja og peningaráð hafa, flýta sér allt hvað af tekur, áður en kaupið hækki. Samdrátturinn hjá byggingarverkamönnunum er því fyrirsjáanlegur, því að þetta eru allt saman lántökur upp á framtíðina.

Ekki er líklegt, að flotinn stækki mikið í bili. Má ólíklegt teljast, að þeir verði margir útgerðarmennirnir, sem kaupa togara fyrir 38—40 millj. eða 100 tonna fiskibát fyrir 5—6 millj. Auk þess segja útgerðarmenn nú, að hag þeirra sé illa borgið eftir ráðstafanir ríkisstj. Strax hafa þeir knúið fram á þeim grundvelli 60 millj. í uppbætur, og fyrir nokkrum dögum gerði Landssamband ísl. útvegsmanna svo hljóðandi samþykkt:

„Að gefnu tilefni telur fulltrúafundurinn, að í framtíðinni skuli ekki hefja vertíð, fyrr en tryggður hefur verið rekstrargrundvöllur fyrir fiskibátaflotann og samningar undirritaðir við fiskkaupendur.“

Hvað er að heyra þetta! Og þó var viðreisnin fyrst og fremst gerð til þess að koma útgerðinni á traustan grundvöll. Þarna virðist því botninn bara hafa dottið úr stjórnarkeraldinu, sem þeir kalla viðreisn.

Og þó er það alvarlegast, að skipulega virðist að því unnið að eyðileggja okkar beztu markaði. Allt er gert, sem hægt er, til að lokka menn til viðskipta við hið svokallaða frjálsa svæði. Það dregur úr sölu sjávarafurða á okkar beztu mörkuðum og dregur auðvitað jafnframt úr allri atvinnu við fiskiðnaðinn í landinu. Og þá er svo sannarlega orðið auðskilið mál fyrir verkakonurnar og verkamennina, hvaða þýðingu þessir markaðir hafa haft og hafa fyrir lífsafkomu verkalýðsins. Enn þá er meiri hlutinn af sjávarafurðum okkar fluttur til jafnkeypislandanna, en þar safnast nú upp innistæður, en hins vegar flytjum við inn hvers konar varning fyrir lánsfé, þ. e. a. s. upp á krít, frá frjálsa svæðinu. Og hvað halda menn, að þetta geti staðið lengi? Allir sjá, að þetta er ekki blómlegt búskaparlag, það hlýtur að taka fljótt enda. Því meira sem við drögum úr vöruskiptum okkar í vöruskiptalöndunum, því minna getum við selt þangað af fiski, og það þýðir samdrátt atvinnuveganna og jafnframt minni gjaldeyristekjur.

Þó væri þetta allt saman í lagi, ef stjórnin gæti bara selt afurðir okkar á frjálsa svæðinu, en svo er ekki. Ameríkskir markaðir hafa ekki opnazt, ekki heldur í Vestur-Evrópu. Miklu fremur heyrum við nú um samdrátt markaða þar og verðfall, enda er nú svo komið, að fiskverðið er lækkað niður í kr. 2.20 til útgerðarmannanna. Síldarverðið á komandi vertíð er einnig lækkað, vorsíldarveiðin er stöðvuð og fiskverðið til hlutarsjómanna er lögfest í kr. 1.66 á kg. Hins vegar er nú sannað, að norskt hraðfrystihús getur borgað fiskimönnum þar í landi frá kr. 4.21 upp í kr. 4.80 fyrir kg af þorski, en eins og kunnugt er, selja Norðmenn fisk sinn á sömu mörkuðum og við. En þá vaknar spurningin: Hver eða hverjir eru það, sem hirða þennan mikla mismun til sín?

Slíkur ótti hefur nú gripið forráðamenn Landssambands ísl. útvegsmanna út af því, að verið sé að eyðileggja markaðina í vöruskiptalöndunum, að þeir hafa ásamt síldarútvegsnefnd, síldarverksmiðjum ríkisins og Sambandi ísl. samvinnufélaga skipað n. til þess að fylgjast daglega með þróun viðskiptanna varðandi jafnkeypislöndin.

Margt fleira þyrfti raunar að segja um yfirvofandi samdrátt atvinnulífsins, en þetta verður þó að nægja í þetta sinn.

Þingi Vinnuveitendasambands Íslands er nýlokið. Það ræddi, eins og að líkum lætur, um efnahagsmálaaðgerðir hæstv. ríkisstj., og það gerði samþykkt, fagnaðarsamþykkt, út af þessum aðgerðum. En það gerði líka meira. Það samþ. auk þess ályktanir varðandi lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, um atvinnuleysistryggingarnar og um lögin um rétt verkafólks í veikinda- og slysatilfellum, og allar fóru þessar ályktanir Vinnuveitendasambandsins í þá átt að krefjast skerðingar og takmarkana á þeim réttindum og þeirri vernd, sem þessi löggjöf veitir vinnandi fólki og samtökum þess. Hverju sætir þetta? Hvað sýnir þetta okkur? Það sýnir okkur það, að samtök atvinnurekenda eru staðráðin í því að fylgja fast eftir hinni pólitísku sókn ríkisvaldsins gegn verkalýðsstéttunum og gegn verkalýðssamtökunum. Fyrst var ráðizt á fjárhagsaðstöðu vinnandi fólks, nú er stefnt á mannréttindin. Verkalýðsráðstefna Alþýðusambandsins gerði á sunnudaginn var ályktanir, sem taka af allan vafa um það, að verkalýðshreyfingin stendur einhuga saman um að vernda þá dýrmætu réttindalöggjöf, sem fram hefur náðst, en sumpart hefur þegar verið skert og er nú beinlínis ógnað að öðru leyti mjög ákveðið af samtökum atvinnurekenda.

Einn af forustumönnum Sjálfstfl. sagði nýlega á Alþ., að það, sem nú væri verið að gera í efnahagsmálunum, væri framkvæmd á stefnu Sjálfstfl., framkvæmd á málum, sem hann hefði fyrir löngu viljað vera búinn að framkvæma, aðeins ef hann hefði haft aðstöðu til, og nú hefði hann loks fengið aðstöðu, sem að ýmsu leyti væri betri en hann hefði haft, þótt hann hefði haft hreinan meiri hluta. Þetta er athyglisverð játning, en hún sýnir, að nú þykjast íhaldsöflin tveim fótum í jötu standa og geti því leyft sér það, sem huguriinn hefur lengi staðið til, þó að aðstöðuna til framkvæmda hafi vantað.

Eitt sinn sagði orðsnjall maður, að klær atvinnurekendavaldsins hefðu lengstum hvassar verið og beinzt að íslenzkri alþýðu, væri það því mjög miklu brýnna verkefni alþýðustéttunum og alþýðusamtökunum að brjóta þær

en brýna. En þó að sárt sé að verða að segja það, af því að það er satt, hafa nú klær atvinnurekendavaldsins fengið duglega brýnslu við þá aðstöðu, sem Alþfl. hefur veitt Sjálfstfl. með forustu í ríkisstj. og ákvörðun um stjórnarstefnu.

Ég vil ekki trúa því fyrr en í síðustu lög, að hin faglega verkalýðshreyfing beri ekki gæfu til að sjá, hvert klóm atvinnurekendavaldsins er nú stefnt. Það er enn sem fyrr skylda hvers einasta manns, sem undir merkjum verkalýðssamtakanna berst, að brjóta þær klær heldur en brýna.

Á laugardaginn var kom saman í Reykjavík fjölmennasta og myndarlegasta ráðstefna, sem haldin hefur verið í sögu verkalýðssamtakanna. Hún skyldi fjalla um kjaramál og atvinnuhorfur verkafólks, og það gerði hún. Fulltrúarnir voru úr öllum landshlutum, öllum héruðum landsins, úr öllum stjórnmálaflokkum. Enginn var sá á þessari fjölmennu ráðstefnu meðal forustumanna verkalýðsfélaganna, sem viðurkenndi ekki, að nú hefði svo stórkostleg kjaraskerðing orðið, að verkafólkið yrði að rétta sinn hlut. Einn fulltrúinn sagði: Við höfum verið úr öllum flokkum í stjórn míns verkalýðsfélags, en nú er eins og við séum allir úr einum flokki. — Annar sagði: Lengi vel vildu fylgjendur stjórnarflokkanna reyna að verja stjórnarstefnuna, en nú eru þeir allir þagnaðir og heimta eins og aðrir, að verkalýðssamtökin hefji þegar sínar varnarráðstafanir og gagnsókn upp úr því.

Þannig var stemningin á þessari ráðstefnu, enda varð niðurstaðan sú, að allir fulltrúar, hver einasti, allra flokka menn, — enginn sat hjá og enginn greiddi mótatkv., — samþykktu svo hljóðandi ályktun um kjaramálin, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá því að verkalýðsfélögin hækkuðu almennt kauptaxta sína á árunum 1958, hafa kaupgjaldsákvæði í samningum þeirra tvívegis verið skert með lagaboði og nú síðast með því að afnema með öllu rétt launþega til að fá kauphækkanir eftir vísitölu í vaxandi dýrtíð. Ráðstefnan telur, að með þessum ráðstöfunum hafi samningsbundinn réttur verkalýðsfélaga verið freklega skertur, og mótmælir því harðlega. Afleiðingar gengisfellingarinnar og annarra ráðstafana eru þær, að nýju dýrtíðarflóði hefur verið hleypt af stað. Verðhækkanir á flestum sviðum eru meiri en dæmi eru til að komið hafi í einu, og er þegar sjáanlegt, að þær verða meiri en gert var ráð fyrir í byrjun. Allt launafólk hefur því þegar orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu og augljóst, að sú skerðing muni enn aukast mikið. Hætta er á, að ríkjandi stefna muni ásamt minnkandi kaupmætti leiða til samdráttar í framleiðslu og framkvæmdum, þar af leiðandi til minnkandi atvinnu og jafnvel atvinnuleysis, verði ekki að gert í tíma. Launakjör verkafólks hafa um langt skeið verið með þeim hætti, að ókleift hefur verið að lifa af 8 stunda vinnudegi, og er kaupgjald íslenzkra verkamanna orðið mun lægra en stéttarbræðra þeirra á Norðurlöndum. Ráðstefnan álítur, að kjaramálum verkafólks sé nú svo komið, að óhjákvæmilegt sé fyrir verkalýðsfélögin að láta til skarar skríða og hækka kaupgjald og hrinda þannig þeirri kjaraskerðingu, sem orðið hefur. Jafnframt því lýsir ráðstefnan því yfir, að hún telur, að fyllilega sé unnt að verða við réttlátum kröfum verkafólks, án þess að verðbólgan vaxi, og ekki sízt ef um leið er framkvæmdur sparnaður í ríkiskerfinu og framleiðsla landsmanna aukin og gætt meiri hagsýni um rekstur framleiðslutækja þjóðarinnar. Ráðstefnan telur því nauðsynlegt, að hvert verkalýðsfélag hefji nú undirbúning að þeirri baráttu, sem óhjákvæmilega er fram undan, og felur miðstjórn Alþýðusambandsins að samræma kröfur félaganna og baráttu þeirra og hafi hún um það samráð við félögin eftir þeim leiðum, sem hún telur heppilegastar."

Með þessari ákveðnu ályktun hefur einhuga verkalýðshreyfing dregið fána að húni. Hún hefur falið forustu sinni fullnægjandi umboð til að samræma kröfur félaganna og skipuleggja baráttu þeirra, og þetta var gert af öllum, ekki síður af fylgjendum stjórnarflokkanna en öðrum. En það verða enn fleiri, sem snúast til varnar gegn þeirri gæfusnauðu ríkisstj., sem ráðizt hefur af fádæma skilningsleysi og rangsleitni gegn bændastétt landsins, gegn samvinnuhreyfingunni. Það verður seint fyrirgefið, að auðvaldsklærnar hafa gerzt svo bíræfnar að seilast inn í hverja innlánsdeild samvinnufélaganna úti um land og heimta þaðan helming sparifjáraukningar til Reykjavíkur. Þeir verða margir alþýðumennirnir í sveitum og við sjó, sem hefna þessa ranglætis í einhverri mynd, þegar færi gefst. Að veltuútsvörum hefur verið skellt á félagsmannaverzlun samvinnufélaganna, það mun líka lengi í minnum haft. Þeir verða líka margir í ýmsum stéttum, sem minnast þeirra fríðinda og skattalækkana, sem hátekjumönnum og auðfélögum hafa verið veitt með hinum nýju tekjuskattslögum og útsvarslögum. Og ekki bætir það heldur fyrir ríkisstj., er hún fer með það hræsnishjal, að þessi löggjöf sé til þess sett að létta byrðar hinna fátækari.

Stjórnin, sem lofaði verðstöðvun og atvinnuöryggi, en færir þjóðinni hörmungar skefjalausustu dýrtíðar og ógnar með atvinnuleysi, er sannarlega ekki stjórn fólksins.

Ég bið hlustendur að lokum að minnast nú ummæla hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, þeirra sem ég viðhafði í upphafi ræðu minnar, nefnilega þessara: „Verst allra er sú ríkisstj., sem segist hafa verið að gera rétt, þegar hún var að gera rangt." En einmitt þannig er sú ríkisstj., sem nú situr illu heilli að völdum á Íslandi. Það er næsta ólíklegt, að hún þurfi að kemba hærurnar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hermann Jónasson, fyrrv. forsrh., hefur gengið í

fylkingarbrjósti árásarliðsins hér í kvöld. Hann lauk máli sínu með því að segja, að allir skyni bornir menn sæju fyrir fall stjórnarinnar. Ég skal ekki dæma um, hversu mikið af því, sem Hermann Jónasson sagði, var skoðun hans, en þetta meinti hann ekki. Það þori ég að fullyrða, því að ef hann tryði þessu, þá væri hann ekki jafnskapþungur þessa dagana og raun ber vitni um. Svo vel þekki ég Hermann Jónasson.

Hv. þm. Jón Skaftason hélt svipaða ræðu og Hermann Jónasson, að vísu að viðbættum verðlistanum, sem Hannibal Valdimarsson tók hér upp áðan og notaði mestan hluta ræðu sinnar til að hafa yfir. Hann lauk ræðu sinni með sömu spá um feigð stjórnarinnar og stjórnarstefnunnar, bauð síðan góða nótt og fór heim að sofa. Ég spái því, að þessi ungi maður sofi enn pólitískum svefni í nokkur ár. En þegar hann vaknar, hugsa ég, að hann vakni við þann draum, að stjórnarstefnan lifi góðu lífi, og spyr þá væntanlega, hvort okkur vanti ekki háseta.

En annars má með sanni segja, að sínum augum lítur hver á silfrið.

Væri lýsing hv. stjórnarandstæðinga á ríkisstj. rétt, þótt ekki væri nema að hálfu leyti, mundi núverandi stjórn misvitrari, kaldrifjaðri og svikulli en nokkur önnur stjórn, sem hér hefur farið með völd, a. m. k. ef undan eru skildar hungurstjórnin, sem sat á árunum 1934—1937, og svo auðvitað vinstri stjórnin svonefnda. En ekki var það þetta mark, sem við, sem að stjórninni stöndum, settum okkur, né heldur erum við okkur þess meðvitandi að verðskulda þá dóma, sem stjórnarandstæðingar hér kveða upp, látast trúa, en gera ekki.

Mér er auðvitað ekki auðið að hrekja rangfærslur og rökvillur stjórnarandstæðinga á örfáum mínútum. Og þó — með því að segja frá staðreyndum hrek ég málflutning þeirra allra í senn, a. m. k. að mestu leyti.

Ekki er auðið að gera sér sæmilega grein fyrir því, sem nú er að ske á sviði íslenzkra stjórnmála, án þess að horft sé um öxl og skoðað, hvar þjóðin var á vegi stödd, þegar núverandi stjórnarflokkar mörkuðu stefnu sína og hófust handa um viðreisnina. Ég verð að láta nægja að minna á, að þegar vinstri stjórnin tók við völdum á miðju ári 1956, hét hún því að marka nýja stefnu, hverfa með öllu frá uppbótastefnunni, sem hún taldi helstefnu, stórlækka skattana, ráða niðurlögum dýrtíðarinnar og leysa allan efnahagsvandann með varanlegum úrræðum, án þess að skert yrðu kjör nokkurs manns í landinu. Rúmum tveimur árum síðar gafst þessi stjórn upp. Hún hafði hækkað árlega skatta — ekki lækkað — hækkað um 1200 millj. kr. Uppbætur höfðu aldrei verið neitt viðlíka háar, dýrtíðin var í algleymingi. Og þegar forsrh. Hermann Jónasson tilkynnti lausnarbeiðni sína, sagði hann nýja verðbólguöldu vera riðna yfir þjóðina, í stjórn hans væri ekki samstaða um nein úrræði, en stjórnarskútan á reki rétt við brimgarðinn. Allt er þetta öllum kunnugt og lifir aðeins sem söguleg staðreynd til viðvörunar um alla framtíð.

Það þarf sannarlega kokhraustan karl til að halda ræðuna, sem Hermann Jónasson hélt hér áðan með fortíð sína á bakinu. En hvað geta menn lengi búizt við að verða teknir hátíðlega með svona framferði?

Með stuðningi Sjálfstfl. tókst Alþfl. á hendur þann vanda að gera bráðabirgðaráðstafanir til að stöðva verðbólguna og jafnframt að breyta kjördæmaskipan landsins í réttlátara horf, í því skyni m. a. að uppræta spillinguna á stjórnmálasviðinu, en hvort tveggja þetta hafði Sjálfstfl. sett að skilyrði fyrir stuðningi sínum, og féllu þar saman hugðarefni og skoðanir Sjálfstfl. og Alþfl. Þessum flokkum tókst að forða frá voðanum í bili og jafnframt að bera fram til sigurs hið mikla réttlætismál að endurreisa lýðræðið á Íslandi með breyttri kjördæmaskipan.

Í haustkosningunum í fyrra kom í ljós, að í mörgum höfuðefnum höfðu Alþfl. og Sjálfstfl. markað svipaða stefnu. Það var því eðlileg rás viðburðanna, að eftir kosningasigurinn reyndu þessir flokkar með sér samning um samstjórn. Sem kunnugt er, gengu þeir samningar greiðlega, og var núverandi stjórn mynduð 20. nóv. s. l. Stjórn Alþfl. hafði aldrei sett sér annað mark en það að stöðva framrás ógæfunnar, þar til sterkari stjórn tæki við völdum. Núverandi stjórn varð hins vegar að ráðast gegn vandanum. Hún ásetti sér að láta einskis ófreistað til þess að leiða þjóðina inn á nýjar brautir, vel vitandi, að verkefnið var stórt og vandasamt, en þá líka svo veglegt, að sérhver stjórnmálamaður hlaut að girnast að þreyta þau fangbrögð.

Hér eru þess ekki tök að rekja til hlítar aðkomu ríkisstj. né allar aðgerðir hennar, en rétt er að minna á það allra stærsta.

Ég játa hispurslaust, að þegar haustkosningarnar fóru fram í fyrrahaust, renndi ég ekki grun í, hversu hörmulega var komið efnahagsmálum þjóðarinnar, enda þótt mér væri vel ljóst, að við hefðum lengi verið á hálum ís. Allt lá þetta skýrar fyrir, þegar stjórnin var mynduð 20. nóv. s. l., en skýrðist þó æ betur næstu vikurnar þar á eftir, jafnóðum og nýjar og nýjar skýrslur bárust af niðurstöðu rannsóknar efnahagsmálaráðunauta stjórnarinnar. Skiptir ekki höfuðmáli að rekja þá sögu hér, en þegar stjórnin tók endanlegar ákvarðanir og markaði opinberlega stefnu sína í lok janúarmánaðar s. l., hafði hún m. a. horfzt í augu við þessar staðreyndir:

Í fyrsta lagi: Í ljós var komið, að síðustu 5 árin hafði þjóðin eytt 1050 millj. kr. meira en hún hafði aflað og tekið í því skyni erlend óhagstæð eyðslulán. Það er þetta, sem Hermann Jónasson áðan kallaði yfirskinsástæðu stefnubreytingar. Afleiðing þessa glæfralega framferðis var, að greiðslubyrðin, þ. e. a. s. sá hluti gjaldeyristekna þjóðarinnar, sem þurfti

til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum hennar, var orðin geigvænlega há. Að svo sé, sést bezt á þessu:

Á árunum 1951—1955 var greiðslubyrðin 30 millj. kr., eða um 3% af gjaldeyristekjunum, 1958 var hún orðin 87 millj., eða 8%, í fyrra var hún 138 millj., í ár verður hún 163 millj. og nær hámarki að ári, 183 millj., eða hvorki meira né minna en 11—12% af öllum gjaldeyristekjum þjóðarinnar, og það með því, að engin ný lán verði tekin. Við þetta bæti ég því einu, að talið er ískyggilegt, ef greiðslubyrðin fer fram úr 5% í stað 12% hjá okkur, og að með þessu eru Íslendingar orðnir þjóða verstir í þessum efnum, að einni undanskilinni.

Afleiðing þessa varð m. a. sú, að engin þeirra stofnana, sem lán veita þjóðum eins og Íslendingum, taldi sér lengur fært að lána okkur og ekki heldur þær, sem við eigum aðild að, svo sem Alþjóðabankinn og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Til skýringar get ég svo þess, að lán vinstri stjórnarinnar voru fengin frá öðrum og af annarlegum ástæðum veitt. Umbúðalaust sagt voru þau, svo sem alkunnugt er, borgun fyrir, að vinstri stjórnin brást kosningafyrirheiti sínu um að senda varnarliðið úr landi.

Í öðru lagi: Næsta viðfangsefnið var athugun á getu Íslendinga til að standa undir þessari geigvænlegu greiðslubyrði. Í ljós kom, að í árslok 1954 áttu íslenzkir bankar hreina gjaldeyrisinneign í frjálsum gjaldeyri, sem nam 220 millj. kr. — 5 árum síðar, eða í árslok 1959, var hver eyrir uppétinn og í staðinn komin skuld að upphæð 65 millj. kr. Samtímis hafði gjaldeyrisaðstaðan gagnvart jafnkeypislöndunum versnað um 15 millj., eða alls 300 millj. kr. halli á 5 árum.

Með þessu voru Íslendingar einnig í þessum efnum sokknir dýpra en nokkur önnur siðmenntuð þjóð, ef til vill að einni undanskilinni.

Til skýringar get ég þess, að hverri þjóð er talið hollt að eiga gjaldeyrisforða, er nemi a. m. k. 30—40% af andvirði ársinnflutningsins. Á það skorti Íslendinga a. m. k. 1000 millj. kr. Ég get þess enn fremur, að í janúar versnaði þessi mynd enn óhugnanlega, þannig að við vorum hvern einasta dag haldnir ótta við algert greiðsluþrot, til óbætanlegs skaða og háðungar þjóð, sem slíkt ástand kallar yfir sig þrátt fyrir gott árferði, jafnt varðandi tíðarfar sem verzlun og viðskipti. Miðað við þann voða voru hitt kannske smámunir, en þó eitt ærið áhyggjuefni, að slíkt gjaldeyrisöngþveiti hlaut auðvitað að leiða til þess, að menn gætu ekki keypt rekstrarvörur, byggingarefni né ný atvinnutæki sæmilega eftir þörfum, en auðsætt var, að það mundi valda bæði óhagstæðu verðlagi og hættulegu atvinnuleysi.

Í þriðja lagi: Þriðja viðfangsefnið var svo að skoða, hver áhrif uppbótastefnan og uppbótakerfið hafði á þessi dauðamein. Í ljós kom þetta: Hver sá, sem flutti út vörur fyrir 100 kr., eignaðist með því að meðaltali nær 87 kr. kröfu á útflutningssjóðinn. Þegar svo inn var flutt vara fyrir þessar 100 kr., voru meðaltekjur útflutningssjóðs af þeim innflutningi ekki 87 kr., heldur aðeins 68½ kr., en aðrar tekjur útflutningssjóðs voru sáralitlar. Af þessu leiddi stórkostlegan halla fyrir útflutningssjóð.

Þennan halla var hægt að vinna upp með tvennu móti: 1) Að auka innflutning lúxusvaranna. 2) Með erlendum lántökum og eyðslu gjaldeyrissjóða og notkun yfirdráttarheimilda.

Bæði vinstri stjórnin og stjórn Emils Jónssonar gáfust upp á lúxusinnflutningnum vegna gjaldeyrisskortsins. Síðari leiðin lokaðist, þegar allir sjóðir voru uppétnir og enginn vildi lengur lána Íslandi.

Kjarni málsins er, að uppbótakerfi, sem nærist á eyðslulánum, er sjálfdautt, þegar engin lán eru lengur fáanleg að óbreyttu kerfi. En þannig var einmitt komið fyrir okkur Íslendingum um síðustu áramót. Með því var þeirri ógæfuleið lokað, hvort sem Íslendingum líkaði betur eða verr. Um það þurfti þess vegna ekki frekar að ræða né hugsa. Við það má svo enn bæta, að enda þótt einhver hefði viljað gustuka sig yfir okkur og auðvelda okkur að lifa áfram um efni fram á annarra kostnað, hefði vitaskuld af því leitt aukna byrði vaxta og afborgana. Einhvern tíma hlaut svo að koma að skuldadögunum. Spurningin var aðeins sú, hvort við hefðum manndóm til þess að hætta að eyða annarra fé og byrja í þess stað í tæka tíð að greiða skuldir, enda þótt af leiddi nokkra kjaraskerðingu í bili, eða að láta reka áfram á reiðanum, þar til allt var glatað og eini gjaldeyrir okkar var pólitískt sjálfstæði þjóðarinnar.

Okkur í stjórnarliðinu fannst valið ekki örðugt. Bjartsýni mín er svo mikil, að ég leyfi mér að staðhæfa, að í okkar sporum hefðu andstæðingar okkar hugsað eins og við og hegðað sér líka eins og við, enda þótt þeir nú geri sér það til hugarléttis að sverta allar aðgerðir okkar og raunar sjálfa sig mest í leiðinni, áhrifa- og úrræðalitlir eins og þeir eru. Minni ég því til stuðnings á, að þegar við sjálfstæðismenn í ársbyrjun 1950 lögðum fram rökstuddar till. um lausn efnahagsvandans, sem þá var við að etja, flutti Framsfl. tafarlaust vantraust á okkur. Það var samþykkt, enda vorum við þá í minnihlutastjórn. Tíu dögum síðar myndar svo Framsfl. stjórn með okkur til þess að framkvæma sömu tillögurnar sem hann felldi okkur út af. Sama mundi ske nú, ef Framsókn væri samstarfshæf og fengi að koma í stjórn. En sleppum því.

Þegar hér var komið sögu, þegar vantraust umheimsins setti slagbrand fyrir feigðarbrautir Íslendinga, var augljóst, hver úrræði voru helzt til bjargar. Allir ráðamenn voru á einu máli um, að viðurkenna yrði gengi krónunnar, eins og vinstri stjórnin skildi við hana. Að sjálfsögðu var nokkurt matsatriði, hvað minnst yrði komizt af með. Ofan á varð, að 38 kr.

teldust jafngilda Bandaríkjadollar, og var þá miðað við þarfir útvegsins, áður en vitað var um langvarandi verðfall fisks og síldarmjöls. Jafngildir sú gengisfelling 20—34% í innflutningi og útflutningi, miðað við óbeina skráningu 1958, en þá var krónufelling vinstri stjórnarinnar orðin um 30%. Til samanburðar er svo gengisfellingin 1950, sem nam 42.6%.

Ég minni hér á, að framsóknarmenn hafa oft talað um, að óþarft hefði verið að skrá krónuna svona lágt, nægt hefði 30 kr. dollarinn. Hver alvara fylgdi þessu sem öðrum þeirra málum sést á því, að þegar Björn Pálsson alþingismaður bar fram slíka kröfu, greiddi ekki einn einasti framsóknarmaður henni atkvæði.

Augljóst var, að af gengisskráningunni leiddi hækkað vöruverð. En það var ekkert nýtt, aðeins það, sem skeði 1939, 1950, 1951, 1955, 1956, 1958 og oftar, fyrir beina og óbeina gengisfellingu. Nú var hins vegar bannað að greiða kaup með vísitölu. Kapphlaupið á milli kaupgjalds og afurðaverðs varð að stöðva. Það hefur reynslan kennt Íslendingum, eins og bezt sést á því, sem hv. alþm. Einar Olgeirsson oftast hefur bent á, að eftir öll verkföllin og kauphækkanirnar er kaupmáttur tímakaupsins einmitt vegna þessa kapphlaups minni í dag en 1947. Hefur þó tímakaup Dagsbrúnarmanna á þeim árum hækkað úr kr. 8.88 í kr. 22.19.

En ekki nægði það eitt til að stöðva þessa vitisvél. Gera varð róttækar ráðstafanir til að létta byrðar þeirra af hækkandi vöruverði, sem bágust eiga lífskjörin. Það var gert. Með breytingu á tryggingalöggjöfinni og niðurgreiðslum á tilteknum nauðsynjavörum er séð fyrir því, að hjón með þrjú börn á framfæri, aldrað fólk og öryrkjar fái fullar bætur fyrir hækkað vöruverð. Er ætlað, að framfærsluvísitalan hækki tæplega um meira en 3—5 stig, sé lækkun útsvara og tekjuskatts meðtalin. Er það miklu minni kjaraskerðing en ella hefði orðið, jafnvel þótt ekki hefði verið kostur á eyðslulánum til aukins innflutnings á lúxusvörum, sem ekki var.

Afnuminn hefur verið tekjuskattur á þurftartekjur, þannig að hjón með þrjú börn greiða ekki tekjuskatt. Hermann Jónasson taldi þetta skatt á heiðarleika og lét sér fátt um finnast afnám hans. Aðrir hugsa öðruvísi.

Um aðrar tilfærslur á sköttum og tollum mun hæstv. fjmrh. án efa ræða, svo og um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og önnur merk nýmæli, sem undir hans verkahring falla.

Þá er enn þess að geta, að aflétt er nú að miklu leyti ánauð hafta og banna á sviði verzlunar og margvíslegra athafna, sem um aldarfjórðungsskeið hefur hvílt á þjóðinni eins og mara og þjakað hana og þjáð. Er það okkur, sem frelsinu unnum og frelsið munum, ósegjanlegt gleðiefni, að nú skuli þjóðinni að nýju gefast kostur á að neyta krafta sinna, hæfni og atorku til þess að sækja til fanga þangað, sem auðurinn býður, í skaut jarðar og í greipar Ægis og aðrar auðlindir ættjarðarinnar, í stað þess að hima hokin með hneigingum við dyr valdamanna í leit að leyfum. Hvílík óhemjueyðsla á orku þjóðarinnar hefur ekki allur sá tími verið, sem farið hefur í leyfisbeiðnir og að koma sér í mjúkinn við valdhafana og svo aftur að játa eða neita beiðnunum? Skyldi ekki heiðarleg, harðsótt viðureign við náttúruöflin vera allt eins göfgandi iðja, og skyldi ekki stundum fremur hafa verið spurt um annað en réttlætið, þegar leyfin voru veitt? En hvað um það, nú verður aftur hægt að ná andanum í íslenzku athafnalífi, og nú getur almenningur vænzt góðs af auknum vörugæðum, sem ævinlega leiðir af frjálsri samkeppni. Samkeppnin mun einnig draga úr verðhækkunum. Mætti vel svo fara, að einmitt eftir þessum leiðum takist að draga verulega úr þeirri kjaraskerðingu, sem þjóðin verður að þola nú, þegar hún getur ekki lengur lifað á erlendum eyðsluskuldum, en þarf þess í stað að hefja greiðslur á þeim. Það er þetta, sem ég hef leyft mér að nefna endurkomu góðra, gamalla daga.

Engum fær dulizt, að stjórnarliðið hefur verið djarft og mikilvirkt og þingið athafnameira en áður eru dæmi til. Stefnan hefur verið skýr og ótvíræð. Forðazt hefur verið að leyna þjóðina staðreyndum, en þess í stað leitazt við af fremsta megni að láta myndina blasa sem bezt við augum almennings, forða þjóðinni frá að fara villigötur um staðreyndirnar. Stóru drættirnir eru þessir: 1) Uppbótakerfið hafði sjálft kveðið upp sinn dauðadóm. 2) Eina úrræðið var að viðurkenna opinberlega með skráningu krónunnar sannvirði hennar, eins og vinstri stjórnin skildi við hana. 3) Af þessu hlaut að leiða hækkun vöruverðs. 4) Þeirri byrði hefur verið bægt frá dyrum þeirra, sem sízt gátu axlað hana. 5) Jafnframt hafa verið gerðar margvíslegar aðrar ráðstafanir, m. a. til að stemma stigu við nýrri verðbólgu, og í engu hikað við nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni, þótt óvinsælar kynnu að reynast í bili, svo sem vaxtahækkun og bann við greiðslu kaupgjalds eftir vísitölu.

Leiðarljósið hefur frá öndverðu verið að forða þjóðinni frá efnahagslegu hruni, geigvænlegu atvinnuleysi og ef til vill glötun pólitísks sjálfstæðis. Og allar ákvarðanir stjórnarinnar hafa miðazt við að krefjast ekki stærri fórna en nauðsyn bauð og minnsts af þeim, sem sízt eru aflögufærir.

Það er enn of snemmt að spá um, hversu fram úr vinnst, en sum sólarmerki eru fremur góð. Sparifé vex, gjaldeyrisaðstaðan batnar, og það sem mestu varðar: þjóðin hefur sýnt skilning, þroska og góðvild. En tekst viðreisnin samt? spyrja menn. Svar mitt er þetta: Viðreisnin tekst, ef þjóðin vill. Í dag gerir þjóðin sér ljóst eða að minnsta kosti mikill meiri hluti hennar, að fórnirnar, sem hún færir, eru að vísu tilfinnanlegar, en þó smámunir einir hjá því, sem verið er að bjarga, og miklu minni en nokkur önnur úrræði hefðu krafizt, þótt fyrir hendi hefðu verið.

Í dag vill þjóðin. En því miður verður því ekki leynt, að vegna misskilnings eða valda-

streitu eru sterk öfl að verki, sem reyna að villa henni sýn. Takist þeim óheillaöflum að skapa tortryggni, tregðu og úlfúð, getur allt farið forgörðum. Þá fá menn hrun, atvinnuleysi og mikla skerðingu eignarréttar og athafnafrelsis, a. m. k. um nokkurt skeið, og ef til vill líka glötun sjálfstæðisins, í stað þeirrar nýju aldar viðreisnar og stöðugt vaxandi velgengni, sem nú bíður þjóðarinnar, kunni hún fótum sínum forráð, forðist blekkingarnar og standi vörð um heill sína og heiður.

Á þeim, sem nú vinna óheillaverkin, hvílir þung ábyrgð. Stöðvi þeir ekki ólánsatferli sitt, verður þeim aldrei fyrirgefið, því að þá er heift þeirra blind og ógæfa þeirra mikil og afbrot þeirra fáheyrt og fordæmanlegt. Enginn mun þá biðja þeim miskunnar né fyrirgefningar, enda vita þeir, hvað þeir gera. Nú sem fyrr trúi ég því betra, þar til ég reyni hið verra, en tel þó skynsamlegt að vera við öllu búinn.

Að lokum þetta: Við, sem að stjórninni stöndum, erum margir, og enda þótt Alþfl. og Sjálfstfl. séu í mörgu ólíkrar skoðunar, standa þeir þó sem einn aðili í ágætu samstarfi um það að efna heit sín. En þjóðin öll verður að taka undir. Það er öllum fyrir beztu. Og þá má treysta því, að þær fórnir, sem í bili með engu móti verða umflúnar, verða skjótlega léttbærari.

Við flokkssystkin mín um allt land segi ég þetta: Við erum því vanir, sjálfstæðismenn, að standa saman á hættunnar stund og því betur sem meira er í húfi. Við skulum enn berjast fyrir velferð þjóðar okkar, hvar sem er, við hvern sem er og hvenær sem er, og höfum þá réttmæta ástæðu til að vona, að okkur takist að afstýra þeim voða, sem óstjórn undanfarinna ára hefur fært að dyrum okkar allra. Við höfum alltaf talið okkur skylt að standa vörð um fjárhagslegt og pólitískt sjálfstæði Íslands. Sjálfstæðismenn, við skulum enn sem fyrr vera trúir þeirri helgu skyldu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þessum mánuðum mikilla umbrota og umbóta í þjóðfélagi voru er breyting á skatta-, tolla- og útsvarskerfi Íslendinga eitt hinna markverðustu mála, en um leið eitt hið umdeildasta. Þau frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing um lækkun tekjuskatts, jöfnunarsjóð sveitarfélaga, breyt. á söluskatti og útsvarslögum, eru öll liður í þessu umbótakerfi, en þau eru aðeins fyrstu áfangar. Öll þessi mál eru í heildarendurskoðun. Í haust er að vænta nýrra frumvarpa um þau mál flest, en ekki öll, því að slík endurskoðun krefst mikillar undirbúningsvinnu, ef vel á að vanda. Það verður kostað kapps um að gera hina nýju löggjöf um tolla og skatta og útsvör svo úr garði, að það sé ekki tjaldað til einnar nætur, heldur horft nokkuð til næstu framtíðar.

En hverjir eru þá helztu annmarkar og ágallar þess skattakerfis, sem landsmenn hafa búið við? Ég skal nefna nokkra þá helztu.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld eru orðin miklu hærri en annars staðar á Vesturlöndum og eiga þátt í háu verðlagi erlendra vara.

Tollar eru allt of margbrotnir. Af sömu vörunni er oft tekinn vörumagnstollur, sérstakur viðauki við hann, verðtollur, sérstakur viðauki við hann, söluskattur, innflutningsgjald með þremur mismunandi hundraðshlutum, 3% söluskattur á vörum til eigin nota, tollstöðvagjald, byggingarsjóðsgjald, alls 8 tegundir, auk matvælaeftirlits- og rafmagnseftirlitsgjalds, sem tollstjórar innheimta af sumum innfluttum vörum. En þetta er ekki nóg, heldur eru gjöldin reiknuð af mismunandi grunni. Eitt þeirra er miðað við brúttómagn, annað við cif-verð, þriðja við cif-verð að viðbættum tollum og 10% álagningu, fjórða reiknað af cif-verði að viðbættum tollum, söluskatti, innflutningsgjaldi og 10% álagningu, fimmta af upphæð vörumagnstolls og verðtolls með viðaukum. Fimm eru þessir grunnar nú, voru sjö fyrir skemmstu. En allir geta gert sér í hugarlund, hvílíka vinnu, skriffinnsku, tímatafir þetta þýðir fyrir opinberar skrifstofur og innflutningsverzlanir.

Mikið af erlendum varningi er flutt til landsins utan við lög og rétt. Tollsvik og smygl er talið eiga sér stað í stórum stíl, hið rammfalska gengi undanfarin ár með 10—20 gengistegundum og gjaldeyrisfríðindum í margs konar formi hefur verkað þar á örvandi og freistandi. Ef takast mætti að ná eðlilegum og hóflegum tollum af því vörumagni, sem smyglað er til landsins, mundi það eitt nægja til þess, að unnt væri að færa eitthvað niður hina háu tolltaxta á Íslandi.

Beinir skattar hafa löngum verið óhæfilega háir. Hæst hafa þeir komizt í 90% af tekjum um fjölda ára, en voru á s. l. ári að hámarki 70%. Slík skattaáþján er í ósamræmi við réttarmeðvitund almennings. Hún er skaðleg fyrir þjóðina og velmegun hennar, leiðir til skattsvika og dregur úr framtaki og vinnusemi.

Einn þáttur hinna beinu skatta eru útsvörin. Útsvörin eru í flestum bæjar- og sveitarfélögum of há, miðað við tekjur gjaldendanna, en of lág til að mæta þörfum sveitarfélaganna. Vegna þess að útsvörin skulu á lögð eftir efnum og ástæðum, eru yfir 200 mismunandi útsvarskerfi í landinu og mikið ósamræmi milli þeirra í mörgum greinum. Sums staðar er byrjað að leggja á hinar lægstu tekjur, jafnvel undir 1000 kr. Annars staðar eru 25 þús. kr. tekjur útsvarsfrjálsar. Sums staðar eru leyfðar venjulegar og eðlilegar afskriftir, annars staðar ekki. Sums staðar er tekið verulegt tillit til aldurs gjaldenda og bóta frá almannatryggingum, annars staðar ekki. Og mætti lengi rekja misræmið.

Veltuútsvörin, sem lengi hafa tíðkazt, eru í núverandi mynd hreint neyðarúrræði, vandamál, sem verður að leysa vegna þess, hversu óþyrmilega þau koma niður á ýmsum atvinnurekstri. Viss form atvinnurekstrar og viðskipta

njóta óeðlilegra og úreltra fríðinda, t. d. samvinnufélög og ýmis ríkis- og bæjarfyrirtæki, sem hafa með höndum starfsemi hliðstæða því, er skattskyldir einstaklingar og hlutafélög reka, og í fullri samkeppni við þau. Sjálf framkvæmd skattamálanna er úrelt orðin. Nú starfa að þessum málum 244 skattanefndir með 732 nefndarmönnum. Samræmi er ekki nægilegt né eftirlit með framtölum.

Alla þessa skipan þarf að endurskoða. En bein afleiðing af öllum þessum meinlegu ágöllum, sem ég nú hef rakið, eru röng framtöl og skattsvik. Þetta gerist vegna þess, að skatta- og útsvarskerfið er í mörgum efnum svo ósanngjarnt og ranglátt, að það brýtur gegn almenningsálitinu og særir réttarvitund fólksins. Það er allt of algengt, að menn telji ekki aðeins afsakanlegt, heldur réttmætt og lofsvert að draga undan framtali allt, sem unnt er undan að draga. Þetta á ekki við atvinnurekendur fremur en fjölda manna úr öllum stéttum. En einn hópur manna hefur orðið sérstaklega fyrir barðinu á skattaokrinu. Það eru launamenn, en tekjur þeirra eru framtaldar af vinnuveitandanum. Af þessu skapast oft hið hróplegasta misrétti. Opinber starfsmaður greiðir fulla skatta af sínum tekjum, en við hlið hans er annar borgari, sem hefur hærri tekjur og betri lífskjör, en greiðir lægri skatta. Þetta misrétti, þetta ranglæti verður að uppræta úr þjóðfélaginu.

Það væri æskilegt að rekja hér rækilega þær umbætur, sem nú er að stefnt í skattamálum til hagsbóta fyrir atvinnulíf og einstaklinga, til hagsbóta fyrir þjóðina alla. En það er hvort tveggja, að ræðutíminn leyfir það ekki, og hitt, að enn liggur ekki fyrir í öllum einstökum atriðum, hver lausn er heppilegust, en að því vinna trúnaðarmenn og sérfræðingar. En nokkrar umbætur taldi ríkisstj. rétt að leggja nú þegar fyrir þetta þing og freista þess að fá þær lögteknar strax. Skal ég nú rekja þær helztu:

1) Tekjuskattur hefur verið lækkaður svo verulega, að tekjur ríkissjóðs af honum minnka um 110 millj. kr. á þessu ári. Nú eru skattfrjálsar 50 þús. kr. fyrir einhleypa, 70 þús. fyrir hjón, 10 þús. fyrir hvert barn. Hjón með 3 börn og allt að 100 þús. kr. tekjum eru því tekjuskattsfrjáls.

2) 9% söluskatturinn á iðnaði og þjónustu, ranglátur og erfiður í álagningu og innheimtu, hefur verið felldur niður.

3) Sveitarfélögin fá nú nýjan tekjustofn, fimmtung söluskatts, en um langan aldur hafa sveitarfélög og samtök þeirra barizt fyrir því að fá nýja tekjustofna. Í ár nemur þessi upphæð 56 millj. kr. og skiptist á milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu. Þessi ráðstöfun mun gera sveitarfélögunum kleift að lækka útsvörin. Í Reykjavík munu útsvörin, m. a. vegna söluskattsins, en einnig af öðrum ástæðum, lækka í ár um 10—15% til jafnaðar frá því, sem var í fyrra.

4) Í stað þess, að nú eru útsvarsstigar um eða yfir 200 í landinu, verður þeim fækkað í 3. Með þessu og öðrum ákvæðum útsvarsfrv. er stórt skref stigið til samræmingar á útsvörum um landið.

5) Veltuútsvör er sveitarstjórnum nú heimilt að hafa svo há sem þær vilja. Með útsvarsfrv. er stefnt að því að draga úr veltuútsvörum og takmarka þau: Í fyrsta lagi má veltuútsvar í engu tilfelli vera hærra en 3%. Í öðru lagi er lögbannað, að nokkurt sveitarfélag megi leggja á nokkurn gjaldstofn hærra veltuútsvar en í fyrra, þó með þeirri undanþágu, að sveitarfélag, sem hefur haft lægri veltuútsvör en Reykjavík, megi fara upp í Reykjavíkurstigann.

6) Með útsvarsfrv. er afnumið það úrelta ákvæði, að verzlunarrekstur skuli njóta sérstakra fríðinda, ef hann er rekinn af samvinnufélagi. Það er bæði ranglátt og það er óviðunandi fyrir sveitarfélögin, að þessi tegund verzlunar njóti slíkra forréttinda. Það skapar ójafna aðstöðu í samkeppninni og veltir þeim hluta útsvarsþungans, sem kaupfélögin ættu með eðlilegum hætti að bera, yfir á almenning. Þó eru samkv. frv. mjólkurbú og sláturhús undanþegin veltuútsvari algerlega, og varðandi framleiðsluvörur bænda er sett sérstakt lágt mark, sem ekki má fara yfir, en það er 2½‰.

7) Nú er ákveðið að nýju, að áður en útsvar er á lagt, skuli draga frá tekjum gjaldanda útsvar s. l. árs. Þau rök liggja til þessa ákvæðis annars vegar að lækka útsvar hins skilvísa gjaldanda, örva og verðlauna skilamennina og hins vegar að hjálpa sveitarfélögunum við innheimtu útsvaranna.

Þegar umbætur skal gera, laga og rétta ranglátt skipulag, eru jafnan einhver kyrrstöðuöfl, sem snúast gegn umbótunum og vilja halda í sérréttindin. Ótrúlegu moldviðri hefur verið þyrlað upp í sambandi við skatta- og útsvarsmálin, og ég mun nú athuga nokkuð þau andmæli, sem fram hafa komið í sambandi við þessar umbætur í skattamálum.

Með útsvarsfrv. á ríkisstj. að vera að skerða sjálfsforræði sveitarfélaganna, svipta þau hinum aldagamla, fornhelga rétti til að jafna niður eftir efnum og ástæðum, rétti, sem ríkt hafi allt frá þjóðveldistímanum, eins og komið hefur fram hjá hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, og lærisveinum hans hér. Ég vil í fyrsta lagi segja það, að kynni mín af bæjar- og sveitarstjórnarmálum í rúma tvo áratugi hafa sannfært mig um það æ betur, sem árin hafa liðið, hvílíkt fjöregg það er íslenzku þjóðinni allri að vernda og varðveita sjálfsforræði íslenzkra sveitarfélaga, sem stendur á gömlum merg, allt frá því að hrepparnir voru stofnaðir á 11. öld. Ég ætla, að ég þurfi engar örvanir eða áminningar í því efni. Með þessu útsvarsfrv. eru sveitarfélögunum gefnar það frjálsar hendur við útsvarsálagningu, að ég efast um, að nokkur sveitarstjórn óski eftir því sjálf að hafa rýmri hendur. Útsvarsfrv. er fyrst og fremst um samræmingu í anda þeirra óska, sem jafnan hafa verið fram bornar af samtökum sveitarfélaganna, frá því að þau voru

fyrst stofnuð, enda er frv. undirbúið af mönnum, sem hafa allir þjónað sveitarfélögunum af kostgæfni um langan aldur, og er það sízt ætlandi þeim að vilja ráðast á sjálfstæði þeirra.

En hver er svo sannleikurinn í hinum margendurteknu fullyrðingum um aldagamlan, fornhelgan rétt sveitarfélaganna til að jafna niður eftir efnum og ástæðum? Hann er sá, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum þekktist alls ekki fyrr en á 19. öld. Það var með hreppstjórainstrúksinu frá 1809, sem þessi skipan er upp tekin eftir danskri fyrirmynd, og „efni og ástæður" er bein þýðing á dönsku orðunum „formue og lejlighed". Það voru ekki heldur sveitarstjórnirnar, sem fengu þessa heimild 1809. Það voru sóknarpresturinn og hreppstjórinn, sem áttu að leggja útsvörin á, en hvorugur þeirra var kosinn af fólkinu. Það er ekki fyrr en 1872, eða fyrir 88 árum, sem hinar kjörnu sveitarstjórnir fá rétt til að jafna niður.

Þessi er nú allur hinn fornhelgi réttur, sem svo tíðrætt hefur verið um á Alþingi síðustu daga. En fyrir þennan tíma höfðu íslenzkir hreppar alls ekki frelsi eða heimild til að leggja á borgarana eftir vild. Þvert á móti, aðaltekjustofn hreppanna var algerlega lögbundinn. Það var fátækratíundin. Tíundarlögin voru lögtekin árið 1096 að fortölum þeirra Gissurar biskups og Sæmundar fróða með umráði Markúsar lögsögumanns Skeggjasonar, eins og Ari segir frá í Íslendingabók. Í tíund skyldu menn greiða árlega einn hundraðshluta skuldlausrar eignar sinnar. Þessi skipan gilti í 818 ár, eða til 1914.

Sú braut, sem farið er inn á með þessu frv., að lögfesta útsvarsstiga í meginatriðum, en með vissu frjálsræði fyrir sveitarstjórnir til hækkunar og lækkunar, er ekki gegn vilja sveitarfélaganna, heldur beinlínis eftir þeirra óskum. Það var strax á stofnþingi Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir 15 árum, að þingið skoraði á ríkisstj. að láta fram fara sem fyrst gagngera endurskoðun á löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna, og sérstaklega taldi þingið nauðsynlegt, að útsvarslögin yrðu rækilega endurskoðuð, tekin upp í þau nánari ákvæði um reglur þær, sem fylgja beri við álagningu útsvara. Þingið vildi fá tillögur um fast kerfi fyrir álagningu útsvara, sérstaklega að því er tekur til hreppsfélaganna. Og síðan hefur þetta verið markviss stefna samtakanna.

Ekki síður hefur þetta komið fram á fundum kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þar eru margítrekaðar áskoranir, sem allar miða að því að ákveða í lögum útsvarsstiga og vinna að samræmingu þeirra.

Önnur mótbáran er sú, að nú sé verið að lögfesta veltuútsvörin. Hér er algerlega snúið við sannleikanum. Tilgangur og fyrirmæli útsvarsfrv. miða þvert á móti að því að leggja bann við takmarkalausri heimild sveitarfélaga til að leggja á veltuútsvör, draga úr þeim, en ekki auka þau.

Annars tala sumir hv. stjórnarandstæðingar eins og þeim sé ókunnugt um, að nokkur veltuútsvör hafi verið til í landinu. Veltuútsvörin hafa verið notuð um margra ára skeið af mörgum kaupstöðum og mörgum öðrum sveitarfélögum. Í dag eru veltuútsvör heimil að lögum, og það eru engar takmarkanir á því, hve há þau megi vera. Eftir þessu frv. er ekki skylt að leggja á veltuútsvar í einu einasta sveitarfélagi í landinu. Það eru aðeins heimildir fyrir hverja sveitarstjórn, sem hún verður að meta sjálf, hvort hún notar, og þá innan þessara nýju marka laganna.

Þá er sagt, að þetta frv. sé fyrst og fremst til þess flutt að ná sér niðri á samvinnufélögunum og sé ofsókn gegn þeim. Ég ætla, að allur almenningur á Íslandi sé það réttsýnn, að hann sjái og viðurkenni, að eðlilegt sé, að verzlunarrekstur samvinnufélaganna greiði til þarfa sveitarfélaganna hliðstætt öðrum atvinnurekstri. Ég ætla einnig, að það sé ekki í þágu samvinnuhreyfingarinnar, heldur þvert á móti, að berjast fyrir áframhaldandi forréttindum þeirra, því að þegar menn sjá það í hverju bæjar- og sveitarfélagi, að eftir því sem verzlunin færist meira yfir á hendur kaupfélaganna, þá lækka útsvarstekjur þess sveitarfélags af verzlunarstarfseminni og útsvarsbyrði þyngist að sama skapi á öllum almenningi, þá ætla ég, að sú þróun miði ekki að því að gera samvinnuhugsjónina vinsælli, heldur þvert á móti.

Framsóknarmenn hafa komizt svo að orði hér á Alþ., að þessi ákvæði, er heimila sveitarstjórnum að láta veltuútsvör einnig ná til kaupfélaganna, beri vott um glórulaust ofstæki og hatur í garð samvinnufélaganna.

Ég hef farið yfir ályktanir þær, sem fulltrúar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi hafa gert undanfarin ár. Að þeim samtökum standa sveitarstjórnarmenn úr öllum flokkum. Ég tek hér fyrst ályktun frá árinu 1955, svo hljóðandi:

„Bæjarfélögum heimilist að leggja veltuútsvar á rekstur bæði einstaklinga, hlutafélaga og samvinnufélaga."

Árið 1956 ályktar fundurinn:

„Bæjarfélögum og sveitarfélögum, þar sem samvinnufélög eru staðsett, heimilist að leggja veltuútsvör á rekstur samvinnufélaga á sama hátt og á rekstur einstaklinga og hlutafélaga."

Og 1957 er samþykkt:

„Veltuútsvör verði látin ná til alls rekstrar samvinnufélaga, sem og alls annars rekstrar."

Að þessum ályktunum, sem ég nú hef rakið, stóðu allir fundarmenn á þessum fundum. Meðal þeirra voru valinkunnir og reyndir sveitarstjórnarmenn úr Framsfl., eins og þeir Jón Kjartansson forstjóri og alþm. og Guðmundur Guðlaugsson, sem löngum hefur verið forseti bæjarstjórnar á Akureyri. Báðir þessir menn greiddu atkvæði með þessum ályktunum. Það er sérstaklega bókað, að þær voru allar samþykktar með atkvæðum allra fulltrúanna. Og hvernig stendur á þessu? Þessir þaulreyndu

sveitarstjórnarmenn vita það ákaflega vel, að þetta er nauðsynjamál fyrir sveitarfélögin, og það er réttlátt mál, að útsvörin nái einnig til samvinnufélaganna. Þegar þeir þess vegna fjalla hlutlaust og málefnalega um sveitarstjórnarmál, eru þeir alveg á sömu skoðun og gera sömu ályktanir og hinir. En mér finnst það vera kaldar kveðjur frá leiðtogum framsóknarmanna hér á þingi, ef þeir senda nú þessum dyggu og ötulu flokksbræðrum sínum þær kveðjur, að þeir séu haldnir glórulausu ofstæki og hatri með því að hafa stutt að því með atkvæði sínu á þessum fundum, að veltuútsvör skuli einnig ná til samvinnufélaga eins og annars rekstrar.

Þá er gagnrýndur útsvarsstiginn, sem á að gilda utan kaupstaðanna, í sveitum og kauptúnum. Hann var upphaflega í frv. þannig, að lægstu tekjur, sem á var lagt, voru 3 þús. kr. Stjórnarandstæðingar hafa ekki átt nógu sterk orð í fórum sínum til þess að lýsa þeirri mannvonzku ríkisstj. að ætla sér að leggja útsvör á svo lágar tekjur. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að lágmarkið hefur hækkað verulega. En hvernig eru þessi ákvæði komin inn í frv.? Það er fróðlegt að athuga.

Þegar undirbúningsnefndin fjallaði um þetta mál, var stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga beðin um að semja útsvarsstiga fyrir sveitahreppana. Hún kvaddi sér til aðstoðar fimm reynda hreppsnefndaroddvita. Þessir fimm oddvitar kynntu sér útsvarsstigana, þeir eru margbreytilegir og lítið samræmi í þeim innbyrðis. Þeir fimmmenningarnir reyndu að samræma þessa stiga og bjuggu til úr þeim stiga, sem byrjaði á 3 þús. kr. Þessar till. hinna fimm oddvita voru svo teknar óbreyttar upp í stjfrv. En það sýnir drengskapinn og heiðarleikann í málfærslu framsóknarmanna á Alþ., að hér rís upp hver þm. þeirra eftir annan til að hella úr skálum hneykslunar og reiði út af varmennsku ráðherranna í sambandi við þetta mál, þó að tveir af þeirra eigin þm., þeir Ágúst Þorvaldsson og Garðar Halldórsson, séu meðhöfundar að þessum till., beri fulla ábyrgð á þeim og hafi engan ágreining um þær gert.

Þá er frádráttarreglan gagnrýnd, reglan um það, að draga megi greidd útsvör frá tekjum gjaldanda, áður en útsvar er á hann lagt. Ég hef áður getið um tilganginn með þessu. En nú á þessi regla aðeins að vera ívilnun fyrir hátekjumenn, en ekki aðra. Eru stjórnarandstæðingar með þessu að gefa í skyn, að það séu aðallega lágtekjumenn, sem standa ekki í skilum með útsvör sín? Ég held, að það sé alrangt. Ég mundi ætla, að menn, sem hefðu miðlungstekjur og lágar tekjur, standi sízt verr í skilum með greiðslu útsvara en þeir, sem hærri hafa tekjurnar. Hitt er svo annað mál, að við lækkun óhóflegra skatta og útsvara hljóta þeir, sem háar hafa tekjur, að lækka meira í krónutölu en þeir, sem lágar tekjur hafa og lág útsvör. Þetta leiðir bæði af því, að launagreiðslur hér á landi eru mismunandi háar, mönnum er skipt í launaflokka eftir störfum, og þá ekki síður hinu, að útsvars- og skattstigar hér eru ört stighækkandi.

Ég skal skýra þetta með litlu dæmi. Þegar vinstri stjórnin fékk lögfest bjargráðalögin 1958, var svo ákveðið, að laun skyldu almennt hækkuð um 5%. Hvað þýddi þetta í framkvæmd? Þetta þýddi, að vinstri stjórnin hækkaði með þessu lagaákvæði kaup flugstjóra og ýmissa forstjóra, sem voru í hæstu launaflokkum, um rúmar 400 kr. á mánuði, en kaup verkamannsins aðeins um 195 kr. á mánuði. Með þessum lögum vinstri stjórnarinnar fékk því hátekjumaðurinn, svo að maður noti það orð, rúmlega tvöfalt meiri launahækkun í krónutölu en verkamaðurinn.

Herra forseti. Fjárlög ríkisins fyrir árið 1960 voru rædd ýtarlega í útvarpi frá Alþingi í febrúar, og ég mun ekki ræða þau hér, en vil þó aðeins út af orðum hv. 3. þm. Vesturl., Halldórs E. Sigurðssonar, drepa hér á örfá atriði. Hann talar um hækkun fjárl. frá 1958 til 1960 og telur, að sú hækkun sé yfir 500 millj. kr. En hv. þm. láðist alveg að skýra, hvernig á hækkun fjárl. á þessum tveimur árum stendur. Hv. þm. láðist að geta þess, að hér í millitíð eru tvær gengislækkanir framkvæmdar, fyrst og fremst 55% yfirfærslugjald vinstri stjórnarinnar og síðan gengisbreytingin í febrúar, með þeim afleiðingum, sem slíkt hefur fyrir útgjöld ríkissjóðs. Honum láðist enn fremur að geta þess, að framlög til almannatrygginga eru nú um 200 millj. hærri en 1958. Honum láðist að geta þess, að niðurgreiðslur á vöruverði til að lækka dýrtíð hafa hækkað um á annað hundrað millj. meira en hann gat um. Honum láðist að geta þess, að kostnaður við barna- og gagnfræðaskóla hefur á þessum tíma, án þess að núv. stjórn gæti við það ráðið, hækkað um 50 millj. kr. Honum láðist að geta þess, að framlög til verklegra framkvæmda samkv. 20. gr. hafa hækkað um 30 millj. kr. Honum láðist að geta þess, að framlög til vega hafa á þessum tíma hækkað um 20 millj. Og honum láðist að geta þess, að kostnaður vegna landhelgisgæzlunnar hefur hækkað um 17 millj. á þessu tímabili.

Af þessu má nokkuð ráða, hversu föstum fótum standa ádeilur þessa hv. þm. Um afkomu ríkissjóðs á þessu ári er erfitt að fullyrða, en varðandi stöðu ríkissjóðs eru viðskipti hans við Seðlabankann, yfirdrátturinn þar, nokkur mælikvarði. Ef við lítum á þá stöðu í mailok um fjögurra ára skeið, eru tölurnar þessar: Í lok maímánaðar 1957 var skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 77 millj., í mailok 1958 var skuldin 76 millj., í mailok 1959 var skuldin 69 millj., og í lok maímánaðar nú, þ. e. annað kvöld, mun skuldin verða um 2 millj.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mun á þeim mínútum, sem ég hef til umráða, freista að draga í örfáum meginlínum upp þá mynd þjóðmálanna, sem nú er harðast um deilt.

Þau efnahagslegu vandamál, sem núv. hæstv.

ríkisstj. tók við og hefur reynt að finna lausn á á þessu þingi, eiga rætur sínar að rekja í tvær áttir. Sumpart eru þau arfur 15 ára misvægis í þjóðarbúskapnum, og að hluta eru þau vanskilavíxill frá tímum vinstri stjórnarinnar. Jafnvægisskorturinn hefur að vísu verið á misháu stigi þennan hálfan annan áratug, en sömu sjúkdómseinkennin hafa alltaf verið fyrir hendi. Þau hafa lýst sér í, að við höfum í stað stöðugs verðlags búið við stöðuga verðbólgu. Þessu hefur verið samfara varanlegur greiðsluhalli við útlönd, meiru hefur verið eytt en aflað var og þjóðarskútunni fleytt áfram með sífelldum erlendum lántökum, sem á síðustu árum voru í æ ríkari mæli bein eyðslulán.

Vanskilavíxill vinstri stjórnarinnar reyndist við nánari athugun heill vanskilareikningur. Á þeim reikningi mátti sjá, að á 5 missirum jukust skattbyrðar borgaranna um 1200 millj. kr., greiðsluhallinn við útlönd var orðinn 200 millj. kr. á ári og á einu ári hækkaði vísitalan um 34 stig.

Með „jólagjöfinni“ 1956 og „bjargráðunum“ 1958 var framkvæmd dulbúin gengisfelling og gengi krónunnar fellt um 30%. Og á seinni hluta ársins 1958 var svo komið, að yfir vofði hrein og bein óðaverðbólga. Svo óhugnanlegur var vanskilavíxill vinstri stjórnarinnar orðinn, að forseti Alþýðusambandsins vildi ekki lengur vera ábekingur á honum og komst við það tækifæri svo að orði í Vinnugreininni frægu, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er flestum orðið ljóst, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa braut má ekki renna á enda, hún liggur fram af hengiflugi.“ Það var sem sé enginn annar en hv. þm. Hannibal Valdimarsson, sem gaf stefnu vinstri stjórnarinnar, styrkja-, uppbóta- og haftakerfinu með verðbólguvængjunum, nafnið „leiðin til glötunar“, og það nafn mun seint gleymast.

Hermann Jónasson sá, hvað fara gerði. Hann hafði í Tímanum 11. jan. 1959 lýst því, hvað fyrir honum vakti, þegar hann stikaði út af fundi Alþýðusambandsins og snaraði sér úr stjórnarsessinum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég sakna samstarfs vinstri flokkanna, en tel þó langtum betur farið, að því væri slitið á þessu stigi, þegar með réttu er hægt að benda á góðan viðskilnað, en að setið væri áfram og endað með strandi að ári liðnu.“

Hv. þm. Hermann Jónasson sá nefnilega fram á strandið. Þess vegna hljóp hann frá hinu helsjúka atvinnulífi, sem hann svo nefndi, og kvaddi með sínum fleygu orðum: „Ný verðbólguskriða er skollin yfir.“

Hannibal hélt, að þjóðarbúskapurinn væri að steypast fyrir björg, Hermann, að verið væri að sigla honum í strand. Það var sem sagt öllum ljóst, að í hreint óefni var komið í efnahagsmálum þjóðarinnar og að hafta- og styrkjakerfið hafði sungið sitt síðasta.

Það var verkefni minnihlutastjórnar Alþfl. með stuðningi sjálfstæðismanna að stýra hjá boðanum og stöðva óðaverðbólguna. Það tókst, en var gert með bráðabirgðaúrræðum, sem var ekki ætlað að leysa vandann varanlega. Það flókna vandamál beið stjórnar Ólafs Thors. Uppbótakerfinu varð ekki lengur haldið við, því að það hlaut að kalla yfir þjóðina gífurlega kjaraskerðingu og að lokum atvinnuleysi. En hver voru þá úrræði stjórnmálaflokkanna? Það er skemmst frá að segja, að stjórnarandstaðan hafði í raun og veru engin úrræði fram að færa. Sósialistarnir flögguðu að vísu með einhverjum áætlunarbúskap, en þar var jafnvel allur ferskur blær sannfæringar horfinn úr rödd Einars Olgeirssonar, enda er allt þetta kvak um áætlunarbúskap tómar tillærðar kennisetningar, sem aldrei geta skotið rótum í gegnum malbikið og því dæmdar til þess að visna og deyja. Áætlunarbúskapurinn gerir ekkert annað en skipuleggja fátæktina og leiðir áður en varir til stjórnarfarslegs einræðis.

Framsóknarmennirnir stóðu uppi algerlega stefnulausir í málinu. Tíminn sagði líka, að það skipti ekki höfuðmáli, hvaða leiðir væru farnar í efnahagsmálunum.

Stjórnarflokkarnir gengu hins vegar til kosninganna með ákveðna stefnuskrá í efnahagsmálum. Þeir hafa staðið við sín kosningaloforð og markað stefnuna í vetur á Alþ. með þeirri löggjöf, sem hér hefur verið samþykkt. Þessi stefna mótast ekki af neinni óskhyggju. Hún er raunsæ, bjartsýn og miðast við langan tíma. Kjarni hennar er að vinna að því, að velmegun manna verði almenn í þessu landi og reist á varanlegri grundvelli en verið hefur. Þau lög, sem hafa að geyma efnahagsmálastefnu núv. ríkisstj., eru: lögin um efnahagsmál, lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, lög um almannatryggingar og fern lög um skattamál. Þessi löggjöf í heild myndar efnahagsmálastefnu ríkisstj., heilsteypta stefnu og þá einu og aleinu leið, sem ríkisstj. að grandskoðuðu máli taldi færa.

Höfuðþættir efnahagsmálalaganna sjálfra voru þessir: Gengi krónunnar var fellt, vísitölukerfið var afnumið, vextir hækkaðir og ný stefna tekin upp í útlánum bankanna. Stefnt skyldi að því að mynda gjaldeyrisvarasjóð. Fjárfestingarhöft voru afnumin. Lagðar voru niður eftirtaldar nefndir og stofnanir: innflutningsskrifstofan, útflutningsnefnd og jeppanefnd.

Stjórnarandstaðan veittist að stjórninni fyrir hina nýju gengisskráningu, þegar hún var tekin upp. Í dag veit ég ekki um nema einn mann á Íslandi, sem mundi ekki a. m. k. í hjarta sínu viðurkenna, að ný skráning krónunnar hefði verið nauðsynleg. Þessi eini maður er Einar Olgeirsson, en hann hefur hvað eftir annað sagt hér á Alþingi: „Það er engin ástæða til þess að skrá rétt gengi.“ Aðrir sósialistar eru á annarri skoðun um þetta. T. d. hefur Haraldur Jóhannsson hagfræðingur ítrekað lýst því yfir, að krónan hafi verið ofmetin, en sá ágæti sósialisti hefur líka sagt þessi raunsæju orð um flokksbræður sína, með leyfi forseta:

„En á sama hátt og strúturinn getur ekki forðazt hætturnar með því að stinga höfðinu

í sandinn, geta vinstri menn ekki unnið bug á efnahagslegum erfiðleikum með því að virða þá að vettugi.“

Nei, gengisskráningin nýja var ill nauðsyn, því að gengi krónunnar var löngu fallið, féll m. a. hvað mest í tíð vinstri stjórnarinnar. Alþ. gerði ekkert annað en viðurkenna þessa gengisfellingu með því að lögbjóða hina nýju skráningu.

Þá er það afnám vísitölukerfisins. Þetta kerfi átti að tryggja tvennt: afkomu launþeganna og vinnufrið í landinu. Hvort tveggja mistókst. Vinnudeilur voru sízt færri en áður, og varðandi afkomu launþeganna reyndist vísitölukerfið einmitt snar þáttur í svikamyllu verðbólgunnar, sem þyngstum búsifjum hefur valdið verkamönnum á liðnum árum, enda man ég ekki betur en að forseti Alþýðusambandsins hafi hér við einar eldhúsdagsumræður varið drjúgum tíma í að sýna fram á óhagræði þessa kerfis og haldið því fram, að það væru fyrst og fremst hálaunamennirnir, sem högnuðust á vísitölukerfinu. Þá geri ég ráð fyrir, að sumir útvarpshlustendur séu þess enn minnugir, er Hermann Jónasson 2. marz 1958 í eldhúsdagsumræðunum upplýsti, að stjórn hans hefði látið „taka vísitöluskrúfuna úr sambandi til hausts“, eins og hann orðaði það, og taldi þessa vísitöluskrúfu beint orsök allra erfiðleika. Það situr því illa á þessum mönnum og flokksbræðrum þeirra að fjargviðrast yfir því, að vísitölukerfið hefur nú verið afnumið með lögum.

Varðandi nýju bankavaxtapólitíkina vil ég segja þetta: Hvorki mun tilætlunin, að vaxtahækkunin né útlánatakmörkunin verði varanlegt fyrirkomulag, heldur fyrst og fremst stundaraðgerðir til þess að tryggja, að gengisbreytingin verði ekki eyðilögð með nýrri verðbólgu. Gagnrýni stjórnarandstæðinga, a. m. k. framsóknarmanna, á henni er næsta kátbrosleg, einkum þegar maður hefur skjallegar yfirlýsingar hv. þm. Eysteins Jónssonar um þetta efni í álitsgerð hans um gjaldeyrismál frá 1941, en þar segir Eysteinn: „Bankarnir geta með útlánastarfsemi sinni og vaxtastefnu haft verulega áhrif á verðlag og kostnaðarlag í landinu og þar með utanríkisverzlun og gjaldeyrisástand.“ Og það ráð gefur Eysteinn Jónsson, „að bankarnir séu varkárir í útlánastarfsemi sinni og verði útlánin á venjulegum tímum ekki aukin nema því, sem talið er svara raunverulegum sparnaði landsmanna.“

Afnám fjárfestingarhaftanna og andlát hinna þriggja nefnda geri ég ráð fyrir að sé engum hryggðarefni nema sósíalistum, því að eins og mönnum er kunnugt, hefur Einar Olgeirsson mjög haldið því til streitu hér á Alþ., að það sé hreint óbærileg tilhugsun, að innflutningsnefnd verði lögð niður. Þjóðfélagið verði „með harðri hendi að stjórna fjárfestingunni,“ svo að höfð séu hans eigin orð, og gallinn hafi bara verið, „að höftin voru ekki nógu alger.“ T. d. var honum mikil eftirsjá í, að hætt var að skammta brauð, sykur og fleiri nauðsynjar. Þetta er skoðun sósíalistanna á þeim málum.

Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála eru hluti efnahagsmálalöggjafar ríkisstj. Sósíalistar hafa þau eins og aðrar efnahagsaðgerðir stj. mjög á hornum sér. Mænandi augum í háaustur hefur Einar Olgeirsson sagt: „Fríverzlunin er hættulegasta málið, sem ríkisstj. hefur flutt,“ og svo bætti hann við: „Frjáls verzlun er verri en herinn.“ Þá vita menn það. Sannleikurinn í málinu er hins vegar sá, að ef vel tekst til, getur verzlunarfrelsið orðið öllum almenningi í landinu kjarabót. Frjáls verzlun er nefnilega fyrst og fremst hagsmunamál launþeganna í landinu, sem byggja afkomu sína á að fá sem beztar vörur við sem lægstu verði. Fríverzlunin er því í raun og veru alþýðutryggingar út á við.

Að lokum er það svo hin merka löggjöf um almannatryggingar, sem samþ. var á þessu þingi og færir styrkhöfum verulegar kjarabætur, og er hún ljós vottur um vilja ríkisstj. til þess að vefa nýja félagshyggju inn í uppistöðu frjálslynds efnahagskerfis.

Góðir Íslendingar. Við stöndum nú á tímamótum mikilla erfiðleika og mikilla möguleika. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert þá alvarlegustu og ábyrgustu tilraun, sem fram til þessa hefur verið gerð hér á landi til þess að koma búskap þjóðarinnar á heilbrigðan, traustan grundvöll. Stjórn og þing hafa verið athafnasöm, og enn nokkurn tíma þarf til þess, að tilætlaðra áhrifa efnahagsaðgerðanna gæti í atvinnulífinu. Og þó vottar þegar fyrir fyrsta árangri, því að gjaldeyrisaðstaðan gagnvart útlöndum hefur á tveimur mánuðum, frá febrúarlokum til aprílloka, batnað um 202 millj. kr. Sama er að segja um sparifjármyndunina. Sparifé bankanna jókst í aprílmánuði einum um 43.6 millj. og veltuinnlán viðskiptabankanna um 33 millj. kr. En það eru viss öfl í þjóðfélaginu, sem vilja ekki, að þessi tilraun takist, og tala um að kollvarpa þessu efnahagskerfi á næstu mánuðum. Áður en menn ljá slíku tali eyru, ættu þeir fyrst að hugleiða eftirfarandi staðreyndir:

1) Vissulega hefur kjaraskerðing fylgt efnahagsaðgerðunum, en það er gert ráð fyrir, að sú kjaraskerðing verði aðeins tímabundin. Ef hins vegar ekkert hefði verið að gert, hefði óhjákvæmilega komið til kjaraskerðingar og hennar miklu meiri, þar sem henni hefði fylgt atvinnuleysi, og sú kjaraskerðing hefði ekki verið tímabundin, heldur varanleg skerðing á lífskjörum landsmanna.

2) Ef núv. tilraun mistekst, verður aftur horfið að enn þá harðhentari haftabúskap en áður hefur þekkzt hér á landi, sem mun hafa í för með sér ný fjárfestingarhöft, ný innflutningshöft, áframhaldandi verðbólgu, vaxandi gjaldeyrisskort, atvinnuleysi, skömmtun, biðraðir og svartan markað. Ef menn vilja ekki kjósa þessi ósköp yfir sig og sína, ættu þeir að sýna efnahagsmálaaðgerðum stjórnarinnar góðvilja og hafa nokkra þolinmæði til þess að

bíða þess að sjá, hverju þessar aðgerðir fá áorkað til hagsbóta fyrir þjóðina alla.

Góðir Íslendingar. Gefið stjórn landsins heiðarlegt tækifæri og dæmið hana síðan af verkum hennar. Það eru drengileg vinnubrögð og Íslendingum samboðin. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Í nýútkominni myndabók um Ísland er snjall formáli eftir Halldór Kiljan Laxness. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég minnist þess, er ég steig einhverju sinni inn í amerísku flugvélina í Keflavík síðla vors. Hún var á leiðinni milli Nýju-Jórvíkur og Kaupmannahafnar. Vorið hafði verið óvenjuhart, veturinn ætlaði aldrei að geta hypjað sig. Ferðamenn úr fjarlægum heimshluta horfðu sem steini lostnir út um flugvélagluggana niður á þennan snauða, nöturlega norðurhjara, sem þeir bárust yfir á vængjum. Fjöll, hraun, jöklar, eyðimerkur, upp aftur og aftur. Svartir klettar gægðust hér og hvar upp úr áfreranum, en á þeim jöðrum strandlengjunnar, þar sem byggilegt var, gat að líta bændabýli á víð og dreif og lítil þorp. Og þarna innanvert í víðum flóa var víst höfuðstaðarnefnan þeirra. Þetta líktist allt saman örvæntingarfullum upphrópunarmerkjum á óskrifuðu blaði. „Þeir eru sannarlega ekki öfundsverðir, sem þarna búa," segir einn ferðamaður. „Mér þætti fróðlegt að vita, hvað heldur lifinu í þessum aumingja manneskjum, sem hér verða að hírast yfirgefnar af guði og mönnum," sagði annar. „Fiskur," sagði þriðji maður. Allir ferðamennirnir ráku upp stóran hlátur. Þá mundi ég allt í einu eftir því, að fátt er tíðara með mönnum, sem eiga heima á meginlöndum, en að fiskur veki upp einhver sneypileg og hlægileg hugmyndatengsl í þeim og ekki síður fyrir því, þó að fiskur sé hafður sem tákn einhvers ástands. Í Tíbet hefur t. d. hver sá maður unnið til opinberrar hýðingar, sem staðinn er að því að veiða fisk. Nokkrum stundum síðar flugum við yfir Skagen í Danmörku, sem áður hét á Vendli, nú Jótland. Skógar þriflegir, en ekki víðlendir, voru að springa út og vor grænkandi í ökrunum gulu. „Þetta líkar mér betur," sagði einn ferðamaður. „Hér leynir sér ekki, að fólki vegnar vel"."

Ég hef mál mitt á að lesa ykkur þennan kafla, af því að mér finnst hann með einföldum og skýrum dráttum lýsa staðreynd, sem við gerum okkur nú orðið yfirleitt ekki nógu ljósa, og brýna nauðsyn ber því til að við séum minnt á, a. m. k. öðru hverju. Það er ekki sjálfsagður hlutur, að menn búi við góð lífskjör á Íslandi. Það er þvert á móti ein af furðum 20. aldar, að á rúmum aldarhelmingi skuli 100—200 þús. manna hópi á eylandi norður við heimskautsbaug hafa tekizt að setja á stofn sjálfstætt ríki og koma jafnframt á fót nútíma menningarþjóðfélagi, þar sem ný véltækni er grundvöllur jafngóðra lífskjara og bezt gefast hjá gömlum iðnaðarþjóðum í Evrópu, — þar sem aldalöng barátta gegn áþján og harðrétti hefur orðið undirstaða þjóðfélags, er mótast af frelsi og jafnrétti, og forn bókmenntaarfur er lifæð fjölbreytts og gróskumikils menningarlífs. Þetta undur hefur gerzt, af því að feður okkar og mæður, afar okkar og ömmur áttu þá hugsjón, að á Íslandi skyldu búa frjálsir Íslendingar, að í brjóstum þeirra brann sú trú á landið, að það gæti búið börnum sínum bjarta framtíð og góð lífskjör, og vegna þess að þau voru reiðubúin að leggja mikið á sig, til þess að draumar þeirra gætu rætzt. En við, sem nú lifum, megum aldrei gleyma því, hvað það hefur kostað forfeður okkar að geta skilað í hendur okkar því, sem við nú njótum of oft sem sjálfsagðra hluta. Og við skulum heldur aldrei gleyma því, að við ávöxtum ekki það pund, sem okkur hefur verið trúað fyrir, nema með því að taka á, þegar þess er þörf, bera byrðar, þegar það er nauðsynlegt. Saga okkar Íslendinga á þessari öld, sú saga, sem greinir frá því einsdæmi í veraldarsögunni, að þjóð hefur hafizt til velmegunar af fiski, hefur ekki verið saga af jafnri, samfelldri þróun, heldur byltingarsaga. Hún greinir ekki frá stöðugum framförum, heldur víxlsporum og mistökum innan um glæsileg átök og stór framfaraspor. Í henni segir frá þungum áföllum og óvæntri, jafnvel óverðskuldaðri heppni. En í heild hefur þjóðinni miðað fram á við, af því að hún hefur alltaf borið gæfu til þess að átta sig, þegar hana var að reka af réttri leið. Það hefur kostað erfiðleika í bráð, en árangurinn hefur aldrei brugðizt.

Vafasamt er, hvort nokkurs staðar hafi orðið jafnörar framfarir á jafnskömmum tíma og hér á Íslandi síðan um aldamót. Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í því, að þá voru Íslendingar í verklegum efnum öldum á eftir öðrum nálægum þjóðum. En fólkið var greint og hafði þrátt fyrir aldalanga fátækt þá almennu menntun og þá fróðleiksfýsn, sem gerði því auðvelt að læra nýja tækni og nýja starfshætti. Þjóðin fékk heimastjórn, og svo að segja samtímis náði iðnbyltingin út hingað í mynd botnvörpunga og vélbáta, auk þess sem erlent fjármagn fékkst til landsins. Engar skýrslur eru til, er geri kleift að áætla, hversu mikið lífskjör almennings hafi batnað síðan um aldamót. En fullyrða má, að s. l. 20 ár hafi þau batnað um helming.

Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir þau alvarlegu mistök, sem orðið hafa. Okkur hefur t. d. tekizt það verr en flestum grannþjóðum okkar að varðveita stöðugt verðgildi peninganna. Krónan hefur fallið — hrapað í verði. Á þeim 40 árum, sem hún hefur verið sjálfstæður íslenzkur gjaldmiðill, hefur gengi hennar verið fellt beinlínis 6 sinnum, þar af víst tvisvar sinnum í sambandi við gengisbreytingar sterlingspundsins, og auk þess hefur gengi hennar á s. l. áratug verið oftsinnis fellt með óbeinum ráðstöfunum, sem jafngilt hafa gengisbreytingu, þótt þær hafi ekki borið það nafn. Enginn einn íslenzkur stjórnmálaflokkur ber sérstaka ábyrgð á þessari miklu

og stöðugu gengisfellingu íslenzku krónunnar. Þeir hafa allir átt drjúgan þátt í að móta þá efnahagsmálastefnu, sem leitt hefur til gengisfellingar. Þeir hafa varið gengisfellinguna, þegar þeir hafa setið í stjórn, en gagnrýnt hana, þegar þeir hafa staðið utan stjórnar. En gengisbreyting hefur aldrei verið framkvæmd á Íslandi að ástæðulausu. Á undan hefur ávallt gengið þróun, sem gerði hana nauðsynlega. Hún hefur verið framkvæmd misjafnlega vel, sem liður í misjafnlega hyggilegum eða réttlátum heildarráðstöfunum. En allar lækkanir, sem gerðar hafa verið á gengi íslenzku krónunnar í þessi 40 ár, sem hún hefur verið til, hafa verið viðurkenning á orðnum hlut og það á einnig við um þá gengislækkun, sem nú nýlega hefur verið framkvæmd.

Gengi krónunnar hefur aðeins einu sinni verið hækkað, á árunum 1924—1925. Það var gert til þess að vega upp á móti þeirri gengislækkun, sem orðið hafði nokkrum árum áður vegna lánsfjárþenslu Íslandsbanka. En einmitt á árunum eftir 1924 var mikið góðæri, sem gerði slíkt kleift. Í eitt skipti annað hefði tvímælalaust einnig átt að hækka gengið, þ. e. á fyrsta stríðsárinu 1940. Það voru mikil mistök, að svo var ekki gert og áhrifum verðhækkana erlendis þannig bægt frá íslenzkum þjóðarbúskap.

Að því er hinar tíðu gengislækkanir snertir, hafa mistökin ekki verið fólgin í því að framkvæma gengislækkunina, þegar það var gert, heldur að búa þannig að krónunni, að gengislækkun hennar varð hvað eftir annað óhjákvæmileg. Þegar gengislækkun hefur verið ákveðin, hefur það verið gert eftir of mikið hik. Gengislækkunina 1939 hefði átt að framkvæma 8 árum áður, eða í upphafi kreppunnar 1931. Næstum áratugs barátta til þess að forðast hana reyndist árangurslaus og átti auk þess drjúgan þátt í hinu langvarandi kreppuástandi þeirra tíma. Gengislækkunina 1950 hefði átt að framkvæma strax eftir stríðið, eða 1945—1946, og þá breyt., sem nú nýlega hefur verið samþykkt, hefði verið skynsamlegra að ákveða fyrir a. m. k. fjórum árum, eða 1956, í stað þess að halda út á yfirfærslugjaldsbrautina til þess að standa undir síhækkandi útflutningsbótum.

En hver eru þá þau mistök okkar, sem þannig hvað eftir annað hafa kallað á nauðsyn breyttrar gengisskráningar? Grundvallarvandamál íslenzks efnahagslífs nú verða alls ekki skilin, nema menn geri sér ljóst, að hinar þrjár miklu gengisbreytingar síðustu tveggja áratuga hafa allar fyrst og fremst verið afleiðing rangrar stefnu innanlands á sviði bankamála, fjármála ríkis og sveitarfélaga, verðlagsmála landbúnaðarins og kaupgjaldsmála. Þær hafa ekki verið orsök neins, sem síðar kann að hafa farið aflaga, heldur afleiðing þess, sem áður hafði verið gert rangt. Gengislækkunin 1939 var orðin óhjákvæmileg vegna þess, að innflutnings- og gjaldeyrishöftunum á fjórða áratugnum mistókst að halda upp gengi krónunnar, fyrst og fremst vegna rangrar stefnu í bankamálum. Gengislækkunin 1950 var orðin óhjákvæmileg vegna þess, að verðhjöðnunarstefna áranna 1947—1949 bar því miður ekki tilætlaðan árangur og átti röng stefna í fjármálum ríkisins einn meginþátt í því. Gengislækkunin 1960 var orðin óhjákvæmileg vegna þess, að útflutningsbóta- og innflutningsgjaldakerfið hafði raskað grundvelli heilbrigðrar efnahagsstarfsemi í landinu og skapað greiðsluhalla gagnvart útlöndum, sem var orðinn óbærilegur, og allan þennan tíma voru í gildi hættuleg tengsl milli verðlags og kaupgjalds og kaupgjalds og verðs á landbúnaðarafurðum, þannig að verðlagið og kaupgjaldið hækkaði á víxl og langt umfram þær hækkanir, sem urðu á verðlagi viðskiptalanda okkar.

Heimsstyrjöldin og þær gagngerðu breytingar, sem sigldu í kjölfar hennar, áttu auðvitað mestan þátt í því, að gengislækkunin 1939 leysti ekki þann vanda, sem henni var ætlað. Ástæða þess, að gengislækkunin 1950 náði ekki heldur því takmarki, sem henni var ætlað, var sumpart sú, að Kóreustríðið breytti viðskiptakjörum landsins mjög til hins verra, en sumpart, að á öðrum sviðum og þá sérstaklega í bankamálum og verðlagsmálum var ekki fylgt þeirri stefnu, sem nauðsynleg var til þess, að réttur árangur næðist.

Af því, sem nú hefur verið sagt, finnst mér mega draga tvenns konar lærdóm: 1) Gengisbreyting sú, sem Alþingi hefur nú samþykkt, er afleiðing rangrar stefnu innanlands, sem allir flokkar bera ábyrgð á að meira eða minna leyti. Að neita nauðsyn gengisbreytingarinnar er að neita staðreyndum. Þetta leyfi ég mér að fullyrða að leiðtogum stjórnarandstöðuflokkanna sé vel ljóst. 2) Við verðum að láta reynsluna af fyrri gengisbreytingum okkur að kenningu verða. Við verðum að gera okkur fullkomlega ljóst, hvers vegna þær báru ekki þann árangur, sem þeim var ætlað. Við verðum að skilja til hlítar, að gengisbreytingin getur því aðeins komið að gagni, að hún sé liður í heildarstefnu, sem miði að því að leggja traustan grundvöll að heilbrigðu atvinnu- og viðskiptalífi, þar sem allir hafa verk að vinna og neyzla og framkvæmdir eru ekki meiri en sem svarar þjóðarframleiðslunni og erlendum framkvæmdalánum. Af þessum sökum má ekki skoða stefnuna í gengismálum út af fyrir sig, heldur verður allt að fara saman, markvissar aðgerðir hvað snertir útlán bankanna og útlánsvexti, fjármál ríkisins og sveitarfélaga, viðskiptamál, verðlagsmál, kaupgjaldsmál og gengismál, ef sá árangur á að nást, sem að er stefnt.

Ég held, að óhætt sé að segja, að aldrei fyrr hafi á Íslandi verið gripið til jafnvíðtækra og samfelldra ráðstafana í efnahagsmálum og núv. ríkisstj. hefur gert. Það er einmitt gert í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Öllum, sem skyn bera á efnahagsmál, er ljóst, að stefnan í þessum málum verður að vera heildarstefna og hún verður að

taka til allra sviða atvinnu- og fjármálalífsins. Syndir okkar í þessum efnum undanfarna áratugi hafa einmitt verið í því fólgnar, að menn hafa haldið, að hægt væri að láta sér nægja aðgerðir á þessu sviði eða hinu, en hliðra sér hjá hliðstæðum ráðstöfunum á öðru sviði. Hafi mönnum skilizt, að átak var nauðsynlegt einhvers staðar, hafa menn reynt að hlífa sér annars staðar. Þess vegna hefur árangurinn ekki orðið sá, sem við var búizt. Nú ríður á því, að haldið sé af sömu festu í taumana í öllum greinum. Þá mun hagstæður árangur ekki láta á sér standa.

Fyrir nokkrum vikum var það aðalinntak áróðurs stjórnarandstöðunnar, að stjórnarstefnan væri röng. Nú virðist vera lögð öllu meiri áherzla á að sýna fram á, að hún hafi mistekizt. Um þetta hvort tveggja langar mig til þess að fara nokkrum orðum.

Var það rangt að breyta gengisskráningunni? Þeir, sem svara þeirri spurningu játandi, hljóta jafnframt að halda því fram, að það hafi verið rangt að reyna að binda endi á þann greiðsluhalla við útlönd, sem var að koma þjóðinni á vonarvöl. Eða var kannske leyfilegt að framkvæma ráðstafanir, er hefðu sömu áhrif og gengislækkun, ef þeim var aðeins gefið annað nafn, eða rangt að gera innflutningsverzlunina eins frjálsa og viðskiptasamningar okkar við jafnkeypislöndin gera kleift og losa okkur þannig við þau höft, sem við höfum búið við lengur en nokkur þjóð Vestur-Evrópu, — höft, sem aldrei hafa komið að því gagni, sem til var ætlazt, af því að þeim hefur jafnan verið fengið stærra verkefni en íhlutun um innflutningsmál megnar að leysa, en hins vegar lagt lamandi hönd skrifstofumennsku og sérhagsmunastreitu á atvinnu- og viðskiptalíf landsins? Var það rangt að tryggja landinu yfirdráttarheimild hjá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sjá þjóðinni þannig fyrir þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem hana hefur svo mjög vanhagað um? Er það rangt að framfylgja þeirri stefnu einnig í bankamálum, að bankarnir auki útlán sín ekki meira en svarar aukningu innlánsfjár? Var rangt að hækka vexti og gera þannig hvort tveggja í senn, örva sparnað og hvetja menn til þess að nota ekki fé nema til hinna arðbærustu og nauðsynlegustu framkvæmda eða kaupa? Var það rangt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög? Því mun varla nokkur halda fram, þótt tillögur stjórnarandstæðinga hefðu að vísu leitt til mikils halla á ríkisbúskapnum, ef þær hefðu allar verið samþykktar. Var það rangt að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur og lækka útsvör, en innheimta í stað þess almennan söluskatt? Er ekki öllum sanngjörnum mönnum orðið ljóst, að eins og innheimtu tekjuskatts og tekjuútsvars hefur verið háttað hér á landi, hefur verið framið stórkostlegt ranglæti gagnvart launafólki, og úr því ranglæti hefur nú verið bætt að verulegu leyti? Var það rangt að tvöfalda bætur almannatryggínganna? Um það hefur engin rödd heyrzt. Var það rangt að afnema vísitöluuppbót á kaup og afurðaverð? Er ekki í raun og veru orðið langt síðan bæði launþegum og bændum var orðið fullljóst, að hvorugur aðilinn hagnaðist á sífelldum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds, en að þær væru þjóðarheildinni til tjóns?

Ég hef nú í stuttu máli vikið að helztu þáttunum í stefnu ríkisstj. og staðhæfingum andstæðinga um, að hún hafi verið röng. Í þeim er tómahljóð. Enn þá greinilegra verður tómahljóðið þó, þegar það er hugleitt, að annar hvor eða báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa margsinnis áður í orði og í verki beitt sér fyrir hverjum einasta þætti þessarar stjórnarstefnu. Þannig hefur Framsfl. staðið að öllum gengislækkunum, sem framkvæmdar hafa verið, síðan flokkurinn komst til áhrifa, að þeirri síðustu undantekinni. Og í síðustu stjórn Hermanns Jónassonar beitti hann sér eindregið fyrir till., er jafngiltu hreinni gengislækkun. Í þeirri sömu stj. stóð Alþb. að ráðstöfunum, er svöruðu til 30% gengislækkunar. Á árunum eftir 1950 stóð Framsfl. að mikilli rýmkun innflutningshafta, sem hann að vísu varð að hverfa frá, ekki sízt vegna skorts á gjaldeyrisvarasjóði. Hvers vegna telur flokkurinn þá rangt að losa um höftin nú og gera jafnframt ráðstafanir til að útvega þann gjaldeyrisvarasjóð, sem gerir þetta kleift?

Það er rétt, að Framsfl. hefur aldrei viðurkennt nauðsyn róttækra aðgerða í bankamálum. Í því efni hafa sérhagsmunir því miður villt honum sýn allt of lengi. En í þeim málum hefur hinn stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþb., verið því réttsýnni, eins og till. ráðh. í stjórn Hermanns Jónassonar báru ljósan vott. Um skaðsemi vísitölutengsla milli verðlags og kaupgjalds hefur Framsfl. hins vegar verið allra flokka fjölorðastur, og Alþb. hefur tvisvar sinnum á tveggja ára stjórnarferli staðið að veigamikilli skerðingu á þessum tengslum.

Þannig hafa stjórnarandstöðuflokkarnir lýst sig og sýnt sig samþykka hverjum einasta einstökum þætti í ráðstöfunum núv. ríkisstj., enda þótt þeir því miður hafi ekki borið gæfu til að vera sammála, hvorki innbyrðis né núv. stjórnarflokkum, um nokkra þá heildarstefnu, er miðað gæti til lausnar á vanda þjóðarinnar.

En hvað þá um þær fullyrðingar andstæðinganna, að stjórnarstefnan hafi þegar beðið skipbrot? Hefur ekki framleiðslan verið stunduð af kappi, viðskipti verið með eðlilegum hætti? Jú, vissulega. Hefur atvinnuleysis orðið vart? Nei, sannarlega ekki. Hefur þá verið svikizt um að ljúka skuldbindingum uppbótakerfisins á þann hátt, sem gert var ráð fyrir? Nei, við þær skuldbindingar hefur verið staðið og mun verða staðið jafnt fyrir því, þó að útflutningsskatturinn verði lækkaður úr 5 í 2½%. Þeim skatti var aldrei ætlað annað hlutverk en að standa undir gömlum skuldbindum útflutningsbótakerfisins. Að telja lækkun hans jafngilda nýjum uppbótum er hrein fjarstæða. Hafa verðhækkanir þá ekki orðið meiri

en gert var ráð fyrir? Nei, gert var ráð fyrir 13% hækkun smásöluverðs af völdum gengisbreyt. og 1—1½% hækkun af öðrum ástæðum. Rösklega helmingur þeirrar hækkunar er kominn fram, og ekkert bendir til, að hækkunin verði meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Fjölskyldubætur og auknar niðurgreiðslur munu hins vegar draga úr hækkun vísitölunnar sem nemur 10 stigum. Söluskatturinn mun aftur á móti hækka vísitöluna um 3—3½ stig til viðbótar. En ef tekið væri í vísitölunni tillit til afnáms tekjuskattsins á almennar launatekjur og þeirrar lækkunar útsvara, sem væntanleg er, þá mundi vísitalan lækka um svipaða upphæð, svo að skattabreytingarnar rýra ekki kaupmátt vísitölufjölskyldunnar, en auka hins vegar tvímælalaust kaupmátt þeirra launamanna, sem hafa hærri tekjur en vísitölufjölskyldan.

Heildaráhrif efnahagsráðstafananna munu því verða þau, að framfærslukostnaður hækkar um 3%, en auk þess af öðrum ástæðum um 1—1½%, alveg eins og gert var ráð fyrir.

Sú kjararýrnun, sem menn að meðaltali verða að sætta sig við, nemur þannig alls 4—4½%, að vísu nokkru meiri fyrir einhleypa og barnlaust fólk, en minni og jafnvel engin fyrir þá foreldra, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri.

Hafa þá kannske ráðstafanir ríkisstj. stefnt hag landsins út á við í voða? Nei, því fer víðs fjarri. Frá febrúarlokum til aprílloka hefur gjaldeyrisaðstaða bankanna í frjálsum gjaldeyri batnað um 89 millj. kr. og heildaraðstaðan um 130 millj.

Þá hefur það heyrzt, að stefna ríkisstj. í bankamálum væri óframkvæmanleg og mundi sigla öllu í strand, ef framkvæmd væri. Útlánaaukning bankanna er miklu minni á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs en á undanförnum árum. Samt hefur framleiðslan gengið með eðlilegum hætti. Hins vegar hefur sparifjáraukning orðið mun meiri í marz og apríl en undanfarin ár. Fjárhagsafkoma ríkissjóðs er einnig enn sem komið er í fullu samræmi við það, sem gert hafði verið ráð fyrir, og er staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum nú betri en hún hefur verið um sama leyti árs um margra ára skeið.

Í öllum þeim atriðum, sem ég hef nú nefnt, hafa því áætlanir ríkisstj. staðizt. Allt tal stjórnarandstæðinga um, að kerfið sé að hrynja, ríkisstj. sé að gerbreyta öllum fyrirrætlunum sínum og sérfræðingar hennar hafi misreiknað sig um 100 millj. eða einhver ósköp önnur, eru út í bláinn. Allar þessar fullyrðingar eru algerlega úr lausu lofti gripnar.

Hins vegar verður þjóðin að gera sér skýra grein fyrir því, að undanfarna mánuði hafa orðið miklar og alvarlegar verðlækkanir á útflutningsafurðum okkar. Engum manni mun þó væntanlega til hugar koma að gera ríkisstj. eða sérfræðinga hennar ábyrga fyrir því. Fiskimjöl og síldarmjöl hefur fallið í verði um 30—40%, og einnig hefur orðið verðfall á lýsi, freðfiski, rækjum og humar. Þessar verðlækkanir jafngilda um 5% lækkun á útflutningsverðmæti þjóðarinnar á ári og um 2% lækkun þjóðarframleiðslunnar, og eru þó ekki talin með þau óbeinu áhrif, sem minnkandi gjaldeyristekjur hljóta að hafa til að draga úr framleiðslunni á öðru sviði. Þessar verðlækkanir erlendis munu gera afkomu ársins í ár mun erfiðari en hún hefði ella orðið og tefja fyrir því, að ráðstafanir í efnahagsmálum beri fullan árangur.

En er heiðarlegt og drengilegt að nota þá erfiðleika, sem þetta bakar þjóðinni í heild, í baráttunni gegn ráðstöfunum ríkisstj.? Ýmsir úr forustuliði stjórnarandstöðunnar hafa undanfarið látið í ljós þá skoðun, að ég ekki segi von, að verkalýðsfélög muni bráðlega efna til verkfalla og knýja fram kauphækkanir. Hér er alvörumál á ferð og nauðsynlegt, að þjóðin öll geri sér grein fyrir þeim atriðum, sem skipta máli í þessu sambandi. Annars vegar er þess að geta, að gengislækkunin var höfð eins lítil og frekast var unnt, þannig að útflutningsatvinnuvegunum var þröngur stakkur skorinn. Á hinn bóginn var hækkun bóta almannatrygginganna höfð eins mikil og fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfði, og er þar í raun og veru um kauphækkun að ræða til þess að vega á móti verðhækkunum, en bótahækkunin er ekki enn komin til framkvæmda nema að nokkru leyti.

Þá er aðstaða verkalýðshreyfingarinnar til þess að efla hagsmuni félaga sinna að tvennu leyti gerólík því, sem hún hefur verið um langt skeið undanfarið. Vinnudeila nú yrði eingöngu við atvinnurekendur. Ríkisstj. mun hvorki taka upp nýjar útflutningsbætur né lækka gengið á ný, til þess að hægt sé að velta kostnaðarauka af kauphækkunum yfir á þjóðarheildina. Ef atvinnurekendur geta hækkað kaup, eiga þeir að gera það. En þeir eiga að greiða kauphækkunina af rekstrartekjum sínum. Hana á ekki að greiða úr ríkissjóði eða neinum nýjum útflutningssjóði. Þetta er fyrra atriðið. Hitt er, að eins og kaupgjaldsmálum er hér nú háttað, væri ekki hægt að takmarka kauphækkanir við ákveðinn hóp, t. d. Dagsbrúnarmenn. Iðnaðarmenn, sjómenn, bændur og opinberir starfsmenn yrðu að fá sömu hækkun, þ. e. kauphækkunin mundi ná til nær allrar þjóðarinnar. En er nokkur von til þess, að slíkt væri kleift, án þess að ný verðbólguskriða skylli yfir? Mér finnst augljóst, að verkalýðshreyfingin geti aðeins dregið af þessu eina ályktun. Henni ber að sjálfsögðu að standa vörð um hagsmuni félaga sinna, en eins og málum háttar nú, eru hagsmunir þeirra nákvæmlega hinir sömu og þjóðarheildarinnar. Verkalýðshreyfingin gætir bezt hagsmuna og réttinda allra þeirra, sem fylla fylkingar hennar, með því að stuðla að því, að verðbólguhjólið fari ekki að snúast á ný, að ekki verði truflun á útflutningsframleiðslunni, að efnahagskerfið sé heilbrigt og traust. Væri nokkur önnur afstaða

í samræmi við þær hugsjónir, sem verkalýðshreyfingin hefur helgað baráttu sína í áratugi?

Þær raddir heyrast oft í umræðum um efnahagsmálin, að þjóðin muni ekki una aðgerðum ríkisstj., því að hún þoli ekki þá kjaraskerðingu, sem ríkisstj. hefur enga dul dregið á að í bráð muni fylgja ráðstöfunum hennar. Ég gat um áðan, að þessi kjaraskerðing mundi nema að meðaltali 4—5%, nokkru meira fyrir suma, en minna fyrir aðra og alls ekki vera nein fyrir þá, sem sízt mundu þola hana. Mig langar í fyrsta lagi til þess að benda ykkur, hlustendur góðir, á þá staðreynd, að ríkisstj. hefur enga tilhneigingu til þess að dylja þjóðina neins í þessum efnum, enga tilhneigingu til þess að leyna hana því, að nokkur kjaraskerðing er óhjákvæmileg í bráð. Það er skoðun ríkisstj., að það sé ekki aðeins rangt, heldur beinlínis hættulegt að láta þjóðina halda, að allt sé í góðu gengi, en rýra svo kjör hennar eftir einhverjum krókaleiðum. Íslendingar eru áreiðanlega svo þroskað og greint fólk, að þeir vilja láta segja sér satt. Þeir kæra sig ekki um að láta blekkja sig. Ríkisstj. hefur gert sér far um að láta það koma skýrt fram, að ráðstafanir hennar munu hafa í för með sér nokkra kjararýrnun. Hún hefur gert það í trausti þess, að þjóðin geri sér ljóst, að alvara er á ferðum, og kynni sér því rækilega orsakir þess, að þetta er nauðsynlegt. Ég er viss um, að þjóðin mun ekki bregðast þessu trausti.

Í öðru lagi langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þá staðhæfingu, að 4—5% kjaraskerðing sé meiri en svo, að þjóðin geti þolað hana. Er ekki flestum áheyrendum mínum kunnugt, að Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða í heimi, sem hæstar hafa tekjur á hvern vinnandi mann? Allir vita, að yfirleitt eru lífskjör hvergi betri og jafnari í Evrópu en á Norðurlöndum. Tekjur manna hér á Íslandi munu vera svipaðar og í Noregi, nokkru lægri en í Svíþjóð og Danmörku og talsvert hærri en í Finnlandi. Í alþjóðlegum hagskýrslum er þjóðarframleiðslan í Noregi talin um 1000—1100 dollarar á mann. Hún er mjög svipuð hér á landi. Tekjur Finna á mann eru 20—30% lægri en þetta. Eru Finnar komnir á vonarvöl? Skyldu þeir telja kjör sín óbærileg?

Enn lærdómsríkara er þó að líta til Austur-Evrópu. Samkvæmt sömu alþjóðlegu hagskýrslum og ég gat um áðan var þjóðarframleiðsla þess lands í Austur-Evrópu, sem allir viðurkenna að hæstar hefur þjóðartekjur, þ. e. Tékkóslóvakíu, 400—500 dollarar á mann 1955 og því væntanlega nú um 600 dollarar, eða rúmlega helmingurinn af þjóðarframleiðslunni á mann, eins og hún er hér á landi og í Noregi. Það hlýtur að reynast fleirum en mér óskiljanlegt, að það verði allt að því ólíft á Íslandi, ef lífskjör manna hér þurfi í bráð að skerðast um 4—5%, samtímis því sem talið er ríkja sæluástand í Austur-Evrópu, þótt þar séu meðaltekjur manna næstum helmingi minni og þar sé enn fremur miklu fé varið til vígbúnaðar. Auðvitað hafa ýmsir hópar manna í þessum löndum jafngóð kjör og hér tíðkast og sumir jafnvel betri, enda er tekjuskipting þar miklu ójafnari en hér gerist, en á hinn bóginn býr mikill fjöldi og þá fyrst og fremst fátækir bændur við miklu lakari kjör en hér þekkjast, og dregur það meðaltal teknanna mjög niður.

Þessar staðreyndir, að lífskjörin eru víða og meira að segja víðast hvar í heiminum lakari en hér hjá okkur og skipting þeirra ójafnari, eru auðvitað ekki rök fyrir því, að þau þurfi eða megi lækka hér, en það eru rök fyrir hinu, að við þurfum ekki að æðrast, að við þurfum sannarlega ekki að örvænta, þótt þau verði að lækka eitthvað í bráð. Ótal aðrar þjóðir búa við mikla menningu og afreka miklu í vísindum og listum, þótt lífskjör þeirra séu miklu lakari en þau, sem við njótum. En samt er það rétt, að lífskjörin eiga aldrei að versna, ekki heldur í bráð, nema það sé óhjákvæmilegt eða það sé liður í tilraun til þess að bjarga verðmætum, sem eru enn þá meira virði en efnaleg velmegun.

Í sambandi við þær gagngerðu ráðstafanir í efnahagsmálum, sem við framkvæmum á þessu ári, skulum við aldrei eitt andartak gleyma því, hvers vegna þær voru nauðsynlegar, hvað í húfi var, ef við hefðum látið það undir höfuð leggjast að grípa til þeirra. Um margra ára skeið hafði verið um það bil 200 millj. kr. halli á gjaldeyrisviðskiptum okkar. Þjóðin var orðin óhóflega skuldug. Hún var hætt að fá venjuleg lán erlendis, hún hafði hvað eftir annað orðið að leita til ríkja, sem hafa hér mikilla hernaðarhagsmuna að gæta, til þess að fá hjá þeim lán og fékk þau með mjög óvenjulegum hætti. Gjaldmiðill hennar var einskis virði í alþjóðlegum viðskiptum. Var þetta ástand samboðið sjálfstæðri þjóð? Hvað varðveitir sú þjóð lengi stjórnarfarslegt fullveldi sitt, sem kann ekki að gæta fjárhagslegs sjálfstæðis síns? Það var þetta, sem var í húfi. Íslendingar voru á góðri leið með að verða bónbjargamenn og styrkþegar, sem gátu ekki litið framan í vini sína og viðskiptamenn sem frjálsir menn, sem þjóð, er vildi aðeins góð og heilbrigð viðskipti við aðrar þjóðir. Slíkur tími mátti aldrei koma.

Íslendingar urðu að snúa við, áður en þeir voru búnir að glata áliti annarra og eigin sjálfsvirðingu. Það var þetta, sem gerði stefnubreytinguna nauðsynlega. Það er í ljósi þessara staðreynda, sem 4—5% kjaraskerðing í bráð er réttlætanleg. Ef okkur tekst að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl, ef okkur tekst að koma í veg fyrir halla á viðskiptunum við útlönd, ef okkur tekst að skapa traust á gjaldmiðli okkar inn á við og út á við, ef okkur tekst að skapa trú á framtíð okkar sem frjálsra manna í fullvalda ríki, þá er ég sannfærður um, að þjóðin telur ekki eftir sér þá erfiðleika, sem þetta átak veldur henni í bráð. Hún veit og skilur, að þá mun hún uppskera

þann ávöxt, sem saga hennar og sjálfstæðisbaráttа hefur kennt henni að meta umfram allt annað. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hvarvetna í lýðfrjálsum löndum hefur stjórnarandstaðan mikilvægu hlutverki að gegna, og þar sem lýðræðið hefur náð mestum þroska, sýnir það sig oft, að stjórnarandstaðan starfar af engu minni ábyrgðartilfinningu en stjórnarliðið. Þetta sýndi sig t. d. í Bretlandi nýlega, þegar brezki verkamannaflokkurinn undir forustu Gaitskills studdi afstöðu íhaldsstjórnarinnar í utanríkismálunum vegna atburðanna í París, þegar fundur æðstu manna fór út um þúfur, og svipaðir hlutir hafa þráfaldlega skeð í brezkum stjórnmálum. Hið sama skeði í Bandaríkjunum. Báðir flokkar þar studdu dyggilega forseta landsins og þá afstöðu, sem hann tók á Parísarfundinum. Á Norðurlöndum verður þess sjaldan vart, að ágreiningur sé um utanríkisstefnuna af hálfu annarra en kommúnista. Þannig mætti telja margt fleira því til sönnunar, að lýðræðissinnaðir stjórnarandstöðuflokkar annarra landa láta þjóðarhag sitja í fyrirrúmi fyrir flokkshagsmunum.

En hvernig er þessu farið hjá Íslendingum? Getur stjórnarandstaðan hjá okkur staðizt slík próf? Þeirri spurningu verður því miður að svara neitandi, og dæmin eru deginum ljósari, bæði fyrr og síðar.

Athugum t. d. landhelgismálið. Það er eitt okkar stærsta mál og jafnframt vandmeðfarið utanríkismál. Einhugur þjóðarinnar er ótvíræður, og alþýða manna vill, að flokkarnir standi saman í málinu. Sem betur fer hefur þetta að mestu leyti tekizt og farið eftir atvikum vel, þrátt fyrir það, að stjórnarandstaðan hefur gert alvarlegar tilraunir til að rjúfa eininguna um málið og torvelda störf hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem hefur staðið allt slíkt af sér með mestu prýði og haldið á málstað okkar af þrótti og einbeitni, landi og þjóð til hins mesta sóma, og með þeim árangri, að 12 mílna fiskveiðilandhelgin er orðin viðurkennd staðreynd, þótt ekki hafi verið sett alþjóðalög um 12 mílna regluna.

Það gönuhlaup stjórnarandstöðunnar, sem ég á einkum við, er afstaða hv. þm. Hermanns Jónassonar og Lúðvíks Jósefssonar á Genfarráðstefnunni um víðáttu landhelginnar til brtt. Íslands við svonefnda bræðingstillögu Kanada og Bandaríkjanna, en sá bræðingur var eina till. á ráðstefnunni, sem líklegt var að mundi ná samþykki með tilskildum meiri hluta. Og ef svo hefði farið, að till. hefði verið þannig afgreidd, jafngilti það því, að við hefðum fyrst fengið 12 mílna landhelgi eftir 10 ár vegna ákvæðisins um sögulegan rétt og orðið að búa við 6 mílna landhelgi þangað til. Hvað var nú sjálfsagðara, þegar þessi hætta blasti við, en að bera fram brtt. við bræðinginn og gera þannig ýtrustu tilraun til þess að fá sérstöðu Íslands viðurkennda? Öll íslenzka sendinefndin á ráðstefnunni, að undanskildum leiðtogum stjórnarandstöðunnar, þeim Hermanni Jónassyni og Lúðvík Jósefssyni, var sammála um, að þetta skyldi gert, enda hefði þá tilganginum með sendiför okkar manna á ráðstefnuna verið náð, ef bræðingurinn hefði fengizt samþykktur þannig breyttur.

Allir vita svo, hvernig fór, og þarf ekki að rekja þá sögu, því að sjaldan eða aldrei mun þjóðin hafa fylgzt með fréttum af meiri athygli en meðan á Genfarráðstefnunni stóð. En í framhaldi af þessu er vert að hugleiða þá spurningu, hvað fyrir tvímenningunum vakti með afstöðu þeirra. Þeim var sýndur mikill trúnaður með því að senda þá sem fulltrúa á ráðstefnuna, en þeir brugðust hrapallega þeim trúnaði með því að kljúfa sendinefndina á örlagastundu í augsýn alls heimsins.

Eftir á hefur afstaða hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar verið útskýrð með því, að hann hafi talið, að Ísland væri að bregðast þeim þjóðum, sem vilja 12 mílna landhelgi af allt öðrum ástæðum en við og hafa að því leyti til átt samleið með okkur á alþjóðlegum ráðstefnum um víðáttu landhelginnar, að þeir miða við 12 mílur eins og við, en leggja allt aðra merkingu í hugtakið landhelgi. Það vakir t. d. ekki fyrst og fremst fyrir Rússum að tryggja sér 12 mílna fiskveiðilögsögu, eins og við beitum okkur fyrir. Þeir eru svo voldug þjóð, að þeir þurfa naumast að spyrja aðra, hversu stóra fiskveiðilögsögu þeir helgi sér. Þeirra keppikefli er fullnaðarlögsaga yfir 12 mílna landhelgi, fyrst og fremst með tilliti til hernaðar. Þannig hafa þeir þrátt fyrir yfirlýsta 12 mílna reglu leyft bæði Bretum og Japönum að veiða hjá sér upp að 3 mílum, og er það fordæmi sízt til þess fallið að styðja Íslendinga í baráttu þeirra fyrir 12 mílna fiskveiðilandhelgi og réttindum til að gera friðunarráðstafanir lengra út frá landi.

Afstaða Lúðvíks Jósefssonar í umræddu máli er þess vegna ekkert annað en venjuleg Rússaþjónkun, sem kemur ekki neitt óvænt úr þeirri átt. Og svo slæm sem frammistaða hans var, þá var þó hlutur Hermanns Jónassonar hálfu verri, því að um hann var a. m. k. ekki áður vitað, að hann væri sérlegur skósveinn Rússa eins og félagi hans og bandamaður. Sú skýring Hermanns Jónassonar, að hann teldi, að flutningur brtt. væri „taktísk skyssa", þótti líka hin vandræðalegasta, og hér í sölum hv. Alþingis treysti formaður þingflokks Framsóknar sér ekki til að bera í bætifláka fyrir flokksformanninn, fyrst eftir að fréttin barst um það, að hann hefði klofið sendinefndina með fulltrúa kommúnista. Framkoma þeirra félaga í sambandi við þetta mál verður naumast útskýrð nema með því, að þeir eygðu þann möguleika, að brtt. Íslands yrði samþ., og þá hefði verið unninn stórsigur í landhelgismálinu undir forustu pólitískra andstæðinga þeirra. Þess vegna lögðust þeir gegn því, að brtt. yrði flutt, með venjulegri heift þeirrar stjórnarandstöðu, sem þessir menn hafa tamið sér. Það er sem sé viðtekin regla stjórnarand-

stöðunnar hér á landi, gagnstætt því, sem tíðkast í öðrum lýðfrjálsum löndum, að vera í einu og öllu á móti stjórninni, og er þá hvorki skeytt um fyrri afstöðu stjórnarandstæðinga til mála né þjóðarhags, heldur er allt miðað við þrengstu flokkshagsmuni, sem oft eru ímyndaðir, eins og í umræddu dæmi frá Genf, því að áreiðanlegt er, að hvorugur hv. þm. hefur vaxið í áliti meðal þjóðarinnar vegna þessa tiltækis.

Hinum hefðbundnu vinnubrögðum íslenzkrar stjórnarandstöðu lýsti hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, á þessa leið við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1958, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur komið í ljós í umræðunum, eins og reyndar áður, að sjálfstæðismenn hafa ekkert til landsmálanna að leggja annað en pólitísk yfirboð og neikvæðan áróður. Það vottar ekki fyrir því, að þeir hafi nokkrar till. fram að færa til úrlausnar í framleiðslu- og efnahagsmálum. Það bólar ekki á því, eins og nærri má geta, að þeir geri hina minnstu tilraun til að sýna fram á, hvaða ávinningur gæti verið af því yfir höfuð, að þeim yrðu veitt meiri áhrif en þeir hafa nú. Mun mönnum yfirleitt og það einnig mörgum, sem fylgt hafa sjálfstæðismönnum að málum, blöskra fullkomlega framkoma þeirra í stjórnarandstöðunni og hafa orðið fyrir stórfelldum vonbrigðum í því sambandi.

Það verður að gera þá kröfu til þeirra, að þeir geri sér ljóst, að það er ábyrgðarstarf að vera í stjórnarandstöðu. Stjórnarandstöðunni ber skylda til að segja, hvað hún vill, ef hún ekki fellst á það, sem ríkisstj. og flokkar hennar aðhafast. Geri stjórnarandstaðan það ekki, þá svíkst hún um að gera skyldu sína."

Þannig var dómur hv. 1. þm. Austf. um stjórnarandstöðuna, þegar hann var ráðh. Nú er taflinu snúið við. Nú er hann sjálfur og flokkur hans kominn í stjórnarandstöðu, og mætti þá ætla, að hann gerði sér far um að breyta samkvæmt þeim boðorðum, sem hann áður kenndi stjórnarandstöðunni alveg réttilega. En hvað skeður? Framsfl. beitir nú nákvæmlega sömu vinnubrögðum í stjórnarandstöðu sinni undir forustu hv. 1. þm. Austf. sem sá hinn sami maður fordæmdi í tilvitnuðum ummælum, og verður ekki á milli séð, hverjir hafa betur í kapphlaupinu um ábyrgðarlausa stjórnarandstöðu, framsóknarmenn eða kommúnistar, enda hafa þeir náið samstarf sín á milli. Vinnubrögð stjórnarandstöðunnar, sem ég hef leitazt við að lýsa lauslega, verða fyrst og fremst til þess, að málefnaleg barátta stjórnarandstæðinga missir marks, og er það út af fyrir sig ekki að lasta.

Þannig er það upplýst, að vorið 1958 lögðu framsóknarmenn fram í vinstri stjórninni till., þar sem viðurkenndir voru stærstu gallar uppbótakerfisins, svo sem erfið samkeppnisaðstaða iðnaðarins og erfiðleikar á því að auka eða efla aðrar atvinnugreinar en þær, sem hæstar fengu uppbæturnar. Einnig var þar viðurkennd af Framsókn sú hætta, sem fólgin var í því að afla efnahagskerfinu tekna með háum aðflutningsgjöldum á óþarfavörur og láta þær ganga fyrir á undan nauðsynjavörum í innflutningnum. Játað var, að þetta fyrirkomulag bæri í sér þá hættu, að framleiðslan minnkaði stórlega og að þjóðartekjurnar og þar með lífskjör almennings yrðu mun rýrari en verið gæti og mundu halda áfram að rýrna.

Í framhaldi af þessari lýsingu á ókostum uppbótakerfisins lagði svo Framsókn til, að það yrði lagt niður, en í stað þess yrði lögleitt almennt yfirfærslugjald á keyptan og seldan gjaldeyri, þ. e. a. s. að gengi krónunnar yrði fellt. Jafnframt átti að hækka aðflutningsgjöld og nota fé það, sem þannig fengist, í niðurgreiðslur. Launþegar og bændur skyldu fengnir til þess að falla að einhverju leyti frá því að taka kaupgjalds- og afurðahækkun samkvæmt framfærsluvísitölu, til þess að unnt yrði að forðast óheppilega víxlverkun til hækkunar á kaupgjaldi og afurðaverði, sem hvorugum aðila mundi að gagni koma. Enn fremur skyldi að því stefnt að koma á nýjum grundvelli að kaupgjaldsvísitölu, sem að verulegu leyti væri miðuð við aukningu þjóðarteknanna eða þjóðarframleiðslunnar, eins og það var orðað.

Svo sem kunnugt er, tókst Framsókn ekki að koma á neinu samkomulagi í vinstri stjórninni um þessi mál vegna óraunhæfrar afstöðu Alþb., og svo fór, að þáv. forsrh., Hermann Jónasson, gerði deiluna um efnahagsmálin að fráfararatriði vinstri stj. og gaf um leið hina frægu lýsingu sína á því, að í efnahagsmálunum værum við staddir á heljarbrún og ættum ekki annað eftir en að kollsteypast fram af hengifluginu. Það var hans lýsing þá á neyðarástandinu, sem hann sagði í kvöld að hefði aldrei verið til, og allir hljóta að sjá, sem muna eftir boðskap Hermanns Jónassonar til þingsins, þegar hann kvaddi sem forsrh. vinstri stj., að hann er aðalhöfundur þeirrar sögu, sem hann segir nú að sé tilbúningur.

S. l. ár tók svo Alþfl. að sér að halda þjóðarskútunni í horfinu og verja hana áföllum, og þótti sumum þar vera í mikið ráðizt af minnsta flokknum. En þetta tókst með þeim ágætum, að flokkurinn hlaut glæsilegan sigur í kosningunum á s. l. ári. Kom Alþfl. m. a. á víðtækara samstarfi í efnahagsmálum á milli flokka, sem stóðu þó ekki saman um ríkisstj., en dæmi eru til um áður. Og um lausn kjördæmamálsins náðist einnig samkomulag. En hvort tveggja var nauðsynlegur undanfari þess, að hægt yrði að hefjast handa um frambúðarlausn þeirra höfuðvandamála efnahagslífsins, sem Framsókn gerði að fráfararatriði vinstri stjórnarinnar haustið 1958.

Viðreisnarstarfið hefur komið í hlut núv. stjórnarflokka, og getur engum dulizt, sem með málum hefur fylgzt, að í mjög veigamiklum atriðum eru nú farnar þær leiðir, sem Framsókn lagði til vorið 1958 að farnar yrðu, samkvæmt því, sem ég rakti áðan. Og þegar andstaða framsóknarmanna og linnulaus barátta þeirra gegn stefnu núv. stjórnar er skoðuð

þannig í réttu samhengi við fortíð flokksins, þá er auðsætt, hvernig þeir leika tveim skjöldum eftir því, hvort flokksforingjarnir eiga sæti í ráðherrastólunum eða ekki. Er hægt að taka mikið mark á slíkri stjórnarandstöðu? Ég held ekki, og ég er sannfærður um það, hlustendur góðir, að ef Framsfl. kæmist fljótlega í stjórn á ný, þá mundi hann í höfuðatriðum fara sömu leiðir í efnahagsmálunum og núv. stjórn. Þannig segir flokkurinn alls ekki rétt til um það, hvað hann vill, heldur ber hann eingöngu á borð pólitísk yfirboð og neikvæðan áróður, og það er ekki til þess fallið að sannfæra fólk um, hvaða ávinningur gæti verið að því að láta flokkinn komast á ný til valda í stjórn landsins. Fer varla hjá því, að þessi framkoma valdi mörgum fylgjendum framsóknarmanna stórfelldum vonbrigðum, því að það verður að gera þá kröfu til þeirra, að þeir geri sér ljóst, að það er ábyrgðarstarf að vera í stjórnarandstöðu, svo að notuð séu orð hv. 1. þm. Austf., sem áður var vitnað til.

Flest af því, sem ég nú hef sagt um Framsfl. og vinnubrögð hans í stjórnarandstöðunni, getur einnig átt við um Alþb. Till. þess í vinstri stjórninni vorið 1958 fólu það m. a. í sér, að lánveitingar yrðu minnkaðar til fjárfestingar, útlán Seðlabankans yrðu aðeins aukin í samræmi við auknar útflutningsbirgðir af seljanlegri vöru, gjaldeyrissala yrði ekki aukin, nema gjaldeyristekjur færu vaxandi. Gjaldeyrissala til fjárfestingar yrði 20% lægri en árið 1957. Dregið skyldi úr gjaldeyrissölu til véla- og tækjakaupa og fjárfestingarleyfi minnkuð um 20—30%. Og loks lagði Alþb. til, að útgjöld ríkissjóðs til framkvæmda skyldu lækkuð um 20 millj. kr. og þannig dregið úr fjárfestingu af hálfu ríkisins. Þó að þessar till. Alþb. séu frábrugðnar till. Framsóknar, sýna þær samt mætavel, að flokkurinn sá hætturnar, sem fólust í ástandi efnahagsmálanna, þó að hann legði eftir sem áður til, að gjaldeyrissala til hátollavöru yrði aukin um 10%, miðað við árið 1957.

Þessar till. Alþb. voru að vísu stórgallaðar, en miðuðu þó að því að leysa mikið vandamál, sem Alþb. þar með viðurkenndi að væri fyrir hendi. En sú viðurkenning hefur horfið eins og dögg fyrir sólu, eftir að flokkurinn komst í stjórnarandstöðu, og nú ganga allar kröfur Alþb. í þveröfuga átt við fyrri till. þess. Stjórnarandstaðan berst þannig við sína eigin fortíð með ýmsu móti, eins og sýnt hefur verið fram á, og miðar allt við það að torvelda viðreisnarstarf stjórnarinnar sem allra mest, með það eitt fyrir augum að greiða götu forsprakkanna á ný upp í ráðherrastólana. Framsókn og Alþb. reyna að magna óánægju manna með efnahagsaðgerðirnar til þess að koma af stað nýrri öldu kauphækkana og þar af leiðandi verðhækkana, en það telja þeir vera leiðina til þess að brjóta niður efnahagsráðstafanir ríkisstj. og til þess að koma stjórninni frá. Þessa baráttuaðferð fordæmdi forseti Alþýðusambands Íslands á sínum tíma, en þá var það ekki flokkur hans sjálfs, sem átti í hlut, heldur andstöðuflokkar þeirrar ríkisstj., sem hann átti þá sæti í.

Hv. 4. landsk. þm. taldi víst, með leyfi hæstv. forseta, „að fylgjendur Sjálfstæðisflokksins muni snúa sér með fyrirlitningu frá verðþenslustefnu hans og kenna þannig flokksforustunni betri siði í þeim efnum, eins og verkfallsbrölt hans (þ. e. Sjálfstæðisflokksins) fékk skjótan endi vegna fordæmingar fólksins sjálfs.“

Þannig talaði hv. forseti Alþýðusambands Íslands 1957, og í sömu ræðu, þ. e. við 1. umr. fjárl. fyrir 1958, skýrir hann frá því, að þekktur hagfræðingur hafi þá um haustið komizt að þeirri niðurstöðu, að kaupmáttur launa væri hinn sami í byrjun september og verið hafði haustið áður og um vorið, þegar þessi atriði voru seinast athuguð.

Síðan sagði hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Berum þetta nú saman við reynslu okkar frá þeim árum, þegar skiptust á kauphækkanir, fengnar með fórnfrekum verkföllum, og sífelldar verðhækkanir rétt á eftir hverri kauphækkun. Hver reyndist þá jafnan niðurstaða þessarar hagfræðiathugunar um kaupmátt vinnulauna, sem gerð var þá með sama hætti og nú og af sama manni? Eins og margir muna, varð niðurstaðan þá sífellt rýrnandi kaupmáttur launa, nema skamman tíma rétt eftir hverja vinnudeilu. Ef ég man rétt, nam rýrnun kaupmáttarins ca. 20 stigum á árunum 1947 fram til verkfallsins vorið 1955.“

Þetta sagði forseti Alþýðusambandsins. Og enn fremur sagði hann:

„Það var ekki sízt vegna þessarar bitru reynslu af vaxandi dýrtíð og verðbólgu, sem verkalýðshreyfingin varð að yfirgnæfandi meiri hluta sammála um, að hagsmunum vinnandi fólks væri betur borgið með stöðvun verðbólgu og dýrtíðar en með því að búa við sífelld víxláhrif kauphækkana og verðhækkana til skiptis. Og ég verð að segja það, að mér er ekki kunnugt um, að verkalýður landsins hafi skipt um skoðun í þessu efni.“

Lýkur þar tilvitnun í ræðu hv. 4. landsk. þm., Hannibals Valdimarssonar, og við orð hans hef ég engu að bæta öðru en því, að þau eru að efni til jafnsönn nú og þau voru haustið 1957, þótt höfundur þeirra sé ekki lengur ráðherra.

Núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa gert þjóðinni grein fyrir nauðsyn þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið. Og meðan dómgreind stjórnarandstöðuflokkanna var ótrufluð, viðurkenndu þeir einnig þessa nauðsyn, eins og ég hef sýnt fram á. Ríkisstj. hefur ekki heldur farið dult með það, að aðgerðir hennar hafa nokkra kjaraskerðingu í för með sér í bili, þótt reynt hafi verið, m. a. með auknum almannatryggingum, afnámi tekjuskatts á almennar launatekjur, niðurgreiðslum á nauðsynjum og 56 millj. kr. framlagi til sveitarsjóða, að létta byrðarnar, sem þjóðin í heild verður að taka á sig um skeið, og dreifa þeim sem jafnast. En þær álögur, sem

reynzt hafa óhjákvæmilegar, eru ekki lagðar á í því skyni að koma af stað nýrri verðbólguskriðu, heldur til þess að greiða þær skuldir liðinna ára, sem óhjákvæmilega verður að greiða til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Og þegar búið er að ná því markmiði, hefur skapazt grundvöllur til að koma á raunhæfum kjarabótum, þ. e. a. s. kjarabótum, sem byggjast á aukinni fjölbreytni í framleiðslu, aukinni framleiðslu og aukningu þjóðarteknanna, en það eru einu raunhæfu kjarabæturnar, eins og ég veit, hlustendur góðir, að þið hafið einhvern tíma heyrt talsmenn allra flokka boða ykkur, þegar þeir hafa látið skynsemina ráða, en ekki gengið berserksgang til þess að komast í ráðherrastóla.

Þetta er kjarni málsins, og það væri mikið ólán, ef launþegar gleymdu nú hinni bitru reynslu sinni af vaxandi dýrtíð og verðbólgu, einmitt þegar búið er að koma á því skipulagi, sem á að hindra hin óheillavænlegu víxláhrif kauphækkana og verðhækkana, sem leiða ekki til annarrar niðurstöðu en sífellt rýrnandi launa eftir fornfrekar vinnudeilur. Mín skoðun er sú, að Alþfl. eigi að beita sér gegn afturhvarfi til þeirrar óheillastefnu. Hins vegar tel ég, að flokkurinn eigi að taka jákvæðan þátt í uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og stuðla að atvinnuöryggi og aukinni framleiðslu, eins og hann hefur gert frá fyrstu tíð og ekki sízt hin síðustu ár. Jafnframt á flokkurinn, hvort sem hann er þátttakandi í ríkisstj. eða ekki, stöðugt að beita sér fyrir því, að allir launþegar fái réttmæta hlutdeild í þjóðartekjunum og í aukningu þjóðarteknanna, án þess að til þurfi fornfrek verkföll, sem stórskaða þjóðarbúið í heild og einstaka starfshópa. Í þessu efni getum við sótt ágætar fyrirmyndir til bræðraflokka okkar á Norðurlöndum, þar sem verkalýðshreyfingin er sterkari en víðast hvar annars staðar og hefur tryggt launþegum eðlilega hlutdeild í þjóðarframleiðslunni og aukningu hennar, án þess að allt þjóðfélagið þurfi að fara úr skorðum af þeim sökum.

Tími minn er nú á þrotum. Ég þakka þeim, sem hlýtt hafa. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 31. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (SÁ): Framhaldi almennra stjórnmálaútvarpsumræðna, sem fara fram hér í kvöld, verður hagað þannig, að hver þingflokkur hefur 55 mínútur til umráða, sem skiptast í þrjár umferðir, þannig: í fyrstu umferð fær þingflokkur 20—25 mín., í annarri umferð 15—20 mín. og í þriðju umferð 15 mín. Ef þingflokkur notar aðeins 20 mín. í fyrstu umferð, fær hann 20 mín. í annarri umferð. Ef þingflokkur hins vegar notar 25 mín. í fyrstu umferð, fær hann 15 mín. í annarri umferð.

Röð þingflokkanna í umræðunum er þessi: Fyrstur er Framsfl. og tala af hans hálfu hv. 5. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson. Annar í röðinni er Alþfl., og tala af hans hálfu hv. 9. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, og hæstv. sjútvmrh., Emil Jónsson. Þriðji í röðinni er Sjálfstfl., og tala af hans hálfu hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, hv. 10. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein. Fjórði og síðasti í röðinni er Alþb., og tala af þess hálfu hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason, hv. 4. þm. Austf., Ásmundur Sigurðsson, og hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson.

Þá hefst fyrsta umferð með því, að hv. 5. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, tekur til máls og hefur 20—25 mín. ræðutíma til umráða og talar af hálfu Framsfl.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á því tímabili, sem Framsfl. fór með stjórn landbúnaðarmála, urðu meiri framfarir í landbúnaði en nokkru sinni fyrr. Núverandi stjórnarflokkar, einkum Sjálfstfl., hafa talið sér það til gildis, að þeir eigi síður en Framsfl. bæru hag landbúnaðarins fyrir brjósti. Eitt er að tala, annað að gera. Síðan Framsfl. lét af stjórn landbúnaðarmála, eru 17 mánuðir. Á þeim stutta tíma hefur orðið gerbreyting á aðstöðu landbúnaðarins.

Á öndverðu ári 1959 lá það fyrir, að til samræmis við aðrar stéttir áttu laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum að hækka um rúm 3%. Framsóknarmenn freistuðu þess að fá það lögfest. Sú till. var felld, en því heitið af stjórnarflokkunum, að bændur skyldu fá þetta leiðrétt síðar á því ári. Þegar að því kom s. l. haust, hófust undanbrögð stjórnarflokkanna. Þeir höfðu svokallaða stöðvunarstefnu að yfirvarpi. Alþfl.-menn kváðust heimta óbreytt ástand. Margir gerðu sér þá ekki grein fyrir, að yfir köldu var búið í herbúðum stjórnarflokkanna líkt og hjá Goðmundi kóngi, því að af þeirra hálfu var raunverulega fyrir kosningar stefnt að því, sem nú er fram komið. Afurðaverðið var bundið með brbl. Sjálfstfl. afsakaði sig gagnvart bændum, en tók þó samtímis ábyrgð á framkvæmd laganna. Hann viðurkenndi, að krafa bænda væri réttmæt, og lýsti yfir því, að hann mundi ekki styðja brbl. á Alþ. og hann mundi á Alþ. leggja til, að bændum yrði bætt það tjón, sem þeir af þessum sökum yrðu fyrir. En þegar á Alþ. kom í haust, voru sjálfstæðismenn svo uggandi út af þessari loðnu yfirlýsingu sinni, að þeir vildu þá forðast að gera till. um þetta, heldur knúðu fram þingfrestun með ofurkappi og komust þannig hjá að afgreiða brbl. Einungis vegna traustrar samstöðu innan Stéttarsambands bænda og vegna einarðrar baráttu Framsfl. fyrir málstað bændastéttarinnar var loks ákveðin 2.85% hækkun á afurðaverðinu. En sex mánuði urðu bændur að bíða eftir þessu, meðan baráttan var háð, þrátt fyrir viðurkenningu Sjálfstfl. þegar í haust á rétt-

mæti kröfunnar og þrátt fyrir gefið fyrirheit stjórnarflokkanna á öndverðu ári 1959 um leiðréttingu á afurðaverði í samræmi við þetta. En skömmu síðar lögðu stjórnarflokkarnir 3% söluskatt á landbúnaðarafurðir að nýmjólk undanskilinni. Þá báru þeir ekki umhyggju fyrir hag neytenda. Engin ríkisstj. á Íslandi hefur fyrr gerzt svo fingralöng að heimta söluskatt til ríkissjóðs af afurðum bóndans eða af fiski sjómannsins.

Hin stórkostlega verðhækkunarskriða, sem stjórnarflokkarnir hafa hrundið af stað, sverfur að bændabýlunum eigi síður en öðrum heimilum í landinu. T. d. er verðhækkun á vélum gífurleg. Dráttarvél til heimilisnota, sem kostaði á s. l. ári 52 þús. kr., kostar nú vegna ráðstafana ríkisstj. 86 þús. kr. Jeppabifreið kostar nú 90—100 þús. kr. Samtímis þessu er skortur á lánsfé til landbúnaðarins og lánakjörum breytt til mikils óhagræðis fyrir lántakendur. Veðdeild Búnaðarbankans er gersamlega févana. Ný lán úr byggingarsjóði sveitabæja vegna húsa, sem gerð voru fokheld á s. l. ári, voru loks veitt í þessum mánuði og þá með hækkuðum vöxtum. Lánakjörum ræktunarsjóðs hefur verið breytt þannig, að árgjald af 80 þús. kr. láni hækkar um 2622 kr., árgjald af 50 þús. kr. láni hækkar um 1638 kr. Hækkunin nemur um 44%.

Ræktun landsins er undirstaða að stækkun búanna og velmegun bænda. Með starfsemi vélasjóðs og ræktunarsambandanna hafa verið unnin stórvirki á þessu sviði, og þarf sú þróun að haldast. Nú eru stórir steinar lagðir í götu þeirra, sem að þessu vinna. Á s. l. ári kostaði beltadráttarvél af meðalstærð 385 þús. kr. Vegna áhrifa hinnar nýju löggjafar kostar sams konar vél nú um 620 þús. kr. Hækkunin nemur meiru en vél af sömu gerð kostaði fyrir 4 árum. Beltavél af stærstu gerð, sem hér er notuð til jarðræktar, kostar allt að 1 millj. kr. Jafnframt gerir þessi gífurlega verðhækkun fyrningarsjóði ræktunarsambandanna lítils megnuga. Þrátt fyrir þetta hafa stjórnarflokkarnir komið í veg fyrir, að ýmis frumvörp og till. Framsfl., sem fela í sér aukinn stuðning við landbúnaðinn, næðu fram að ganga. M. a. var felld till. framsóknarmanna um 3 millj. kr. framlag til stuðnings við ræktunarsamböndin vegna vélakaupa, svo að ekkert er ætlað til þess í fjárl. fyrir þetta ár, og frv. framsóknarmanna um stuðning við stofnlánasjóði Búnaðarbankans náði ekki fram að ganga. Afleiðingarnar eru að koma í ljós. Samdráttur verður í byggingarstarfsemi. Undanfarin sumur hafa skurðgröfur vélasjóðs verið notaðar nótt með degi víða um land við að bæta landið og búa það undir ræktun. Fyrirsjáanlegt er, að um þriðjungur þeirra fær ekki verkefni á þessu sumri, og vafasamt, að þær skurðgröfur, sem einhver verkefni hafa, verði fullnýttar. Hinn nýi söluskattur er lagður á viðgerðir vélanna og einnig bætt við leiguna, sem eftir þær er greidd. Hann leggst því á þessa starfsemi með tvöföldum þunga.

Innflutningur beltadráttarvéla mun hér um bil stöðvast á þessu ári. Hjá þeim innflytjanda, sem flutt hefur inn flestar dráttarvélar til heimilisnota, lágu um síðustu áramót yfir 200 pantanir á slíkum vélum. Vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. hafa nú rúmlega 3/4 hlutar pantananna verið afturkallaðir. Tæplega 1/4 hluti þeirra á að halda gildi. Til samanburðar skal þess getið, að 1958, þegar sjálfstæðismenn býsnuðust yfir verðhækkunum vegna yfirfærslugjaldsins, seldi þessi sami innflytjandi á fjórða hundrað dráttarvélar til bænda. Búið var að leyfa að flytja til landsins á þessu sumri 100 rússneska jeppa. Miðað við reynslu fyrri ára og umsóknir, sem borizt höfðu, hefði það ekki nægt til að fullnægja eftirspurn. Nú munu tæplega 30 jeppar seljast. Svona mætti lengur telja.

Hvað er hér að verki? Sannarlega er góðæri af náttúrunnar völdum til lands og sjávar. Hér er að verki stjórnarstefna, sem lamar framkvæmdir og gerir skortinn að skömmtunarstjóra almennings. Dæmin, sem ég hef nefnt á sviði landbúnaðarins, bera henni vitni. Þegar litið er á landbúnaðinn í þessu sambandi, er vert að íhuga þetta: Hvernig væri bændastéttin á vegi stödd við þau skilyrði, sem henni eru búin af stjórnarflokkunum, ef hún nyti ekki nú þess árangurs, sem orðið hefur af þeirri sókn til framfara, er Framsfl. hefur haft forustu um á undanförnum árum? Ríkisstj. stefnir markvisst að því að minnka kaupgetuna og láta almenning bera svo þungar klyfjar, að honum sækist seint brautin að auknum framförum. Og þær klyfjar, sem henni hefur þegar tekizt að koma á bak almennings, eru svo þungar, að mörgum mun þykja örðugt undir að rísa. Ráðherrar og liðsmenn þeirra á þingi kosta þó kapps um að koma laundrjúgum böggum ofan í milli klyfjanna, þar sem almenningur úti á landsbyggðinni á í hlut. Þessi dæmi skulu nefnd:

Hluta af fé sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga á að heimta af þeim og flytja í banka í Reykjavík. Með því að flytja þetta fé úr héruðunum er geta samvinnufélaganna skert til að veita viðskiptamönnum jafnmikilsverða fyrirgreiðslu og þau hafa gert. Þeir, sem hafa einhæfa framleiðslu, er skilar ekki arði fyrr en á síðasta ársfjórðungi, en verða á fyrri hluta árs að kaupa neyzluvörur, rekstrarvörur og efni til framkvæmda, munu áreiðanlega við árslok sjá áhrif vaxtaokursins gjaldamegin í verzlunarreikningum sínum.

Hinn nýi söluskattur leggst á síðasta stig viðskipta, þ. e. verð vörunnar, þegar flutningsgjöld og annar kostnaður eru meðtalin. Því hærri flutningsgjöld og því meiri kostnaður sem leggst á vöruverðið, þeim mun fleiri krónur skal kaupandinn greiða í söluskatt af hverri vörueiningu. Heimilt skal að leggja veltuútsvör á andvirði seldra búsafurða hjá bændum, enn fremur á verzlun með nauðsynjavörur, m. a. áburð og fóðurvörur. Veltuútsvör samvinnufélaga verða í reynd skattur á félagsmennina og íþyngja fjölmörgum heimilum. Þau miðast við viðskipti allra á félagssvæðinu,

en renna óskipt til þess sveitarfélags, þar sem þau eru á lögð. Þau jafngilda raunverulega fjárflutningi frá mörgum sveitarfélögum til verzlunarstaðarins.

Landið, sem við byggjum, er „faðmað af ylstraum á eina hlið, á aðra af sæfrerans harðleikna taki.“ Árgæzka er því háð, hvort þessara náttúruafla reynist áhrifaríkara á hverjum tíma. Stjórnarstefnur hafa ríkuleg áhrif með þjóðinni. Með þeirri stefnu félagshyggju og framfara, sem Framsfl. fylgir og sett hefur svip á þjóðfélagið, hafa bændum eins og öðrum stéttum verið búin góð skilyrði til mikilla framkvæmda og aukinnar velmegunar. Samdráttarstefna núv. stjórnarflokka kreppir að á þessu sviði líkt og sæfrerans harðleikna tak kreppir að gróðri jarðar.

Frá hefðartindi valdhafanna, sem kosta kapps um að ryðja braut hinni kaldrænu stjórnarstefnu, kemur napur næðingur yfir landsbyggðina. Nær ekkert nýmæli í landbúnaðarlöggjöf hefur verið samþ. á þessu þingi, en hindrað, að ýmis umbótamál, sem framsóknarmenn hafa flutt, næðu fram að ganga. Ótvírætt er viðleitni ríkisstj. til þess að torvelda starfsemi félagssamtaka bænda og annarra samvinnumanna. Já, það andar sannarlega köldu. Kveðjan, sem ríkisstj. sendir út yfir landsbyggðina, er réttilega túlkuð með þessum orðum skáldsins:

> Dýrðin vor þegar sýnir sig,
> þér sæmir bezt að lúta oss.

Það hefur stundum fyrr blásið af sömu átt. Það hefur tekizt vegna áhrifa Framsfl. að standast slíkan gust. Þessi reynsla vísar veginn: Að efla Framsfl., það mun enn sem fyrr bezt gefast í þeirri baráttu, sem nú er háð og fram undan er.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, sagði í ræðu sinni í gærkvöld, að um margt væru Alþfl. og Sjálfstfl. ólíkir, en eitt ættu þeir þó sameiginlegt, en það væri að standa við heit sín. Þegar það er haft í huga, að hæstv. forsrh. er landskunnur fyrir gamansemi sína og m. a. þekktur fyrir þann ágæta eiginleika að geta skopazt að sjálfum sér, þá veit ég, að allur almenningur er ekki í minnsta vafa um, hvernig skilja beri þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Sé málið hins vegar tekið alvarlega, sem ég efast um að hæstv. forsrh. sé nokkur þökk í, þá er tvennt athugavert við þessa fullyrðingu. Annað er það, að Alþfl. og Sjálfstfl. séu afar ólíkir um margt, því að staðreyndin er sú, að þeir eru nú í dag svo líkir, að þar verður trauðla greint á milli, a. m. k. ekki með berum augum, auk þess sem það er algert öfugmæli og verður aldrei skilið nema sem hreint grín hjá hæstv. forsrh., að þessir flokkar hafi það sérstaklega til síns ágætis að standa við heit sín.

Þeir mörgu útvarpshlustendur, sem minnast þeirra daga, þegar hæstv. núv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, var einn aðalfyrirliði rótttækra Alþýðuflokksmanna, hafa án efa undrazt ræðu hans hér á þessum stað í gærkvöld og þann boðskap, sem hann flutti, m. a. þá afturhaldskenningu, sem varla nokkur málsmetandi maður hefur imprað á í heila öld eða meira, að menn skyldu ekki taka það sem neinn sjálfsagðan hlut, að hægt væri að lifa blómlegu lífi á Íslandi, því að landið væri svo miklu verra en önnur lönd. Ég vil leyfa mér að draga í efa, að hæstv. ráðh. hafi verið sjálfrátt, þegar hann mælti þessi orð, og má þó vera, að hann hafi talað þau af ráðnum hug til þess að búa menn undir þá lífskjaraskerðingu, sem hæstv. ríkisstj. undirbýr af óvenjulegu kappi og hefur þegar tekizt að koma á í stórum stíl þvert ofan í gefin loforð fyrir kosningar, þegar það voru aðalkosningavígorðin, að fara ætti leiðina til betri lífskjara, eins og sjálfstæðismenn sögðu, og vinna að stöðvun dýrtíðarinnar og óbreyttu verðlagi, eins og Alþýðuflokksmenn lögðu sérstaklega til. Það er ekki til neins fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla nú að skjóta sér undan ábyrgð sinna eigin orða. Stjórnarflokkarnir náðu meiri hluta sínum á Alþ. aðeins fyrir það, að fólk trúði í alvöru orðum þeirra um, að þeir mundu öðrum fremur vinna að því að koma atvinnulífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll, tryggja atvinnuöryggi til frambúðar og bæta lífskjörin. En síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hefur hún einmitt valið þær leiðir í þjóðmálunum, sem alveg sérstaklega voru til þess fallnar að missa þess marks, sem stjórnarflokkarnir þóttust stefna að fyrir kosningar.

Það, sem hæstv. ríkisstj. telur sér mest til gildis, er það, að hún sé að koma hér á nýju efnahagskerfi. Á grundvelli þessa nýja efnahagskerfis þykist hæstv. ríkisstj. ætla að gera þau stórvirki til lífskjarabóta, sem hún lofaði fyrir kosningar. En hvort sem hæstv. ríkisstj. er það ljóst eða leynt, er það einmitt hið nýja efnahagskerfi, sem er upphaf og endir þeirrar óvissu, sem er farin að gegnsýra íslenzkt atvinnulíf og setja mark sitt á lífskjörin á Íslandi.

Hið nýja efnahagskerfi hæstv. ríkisstj. miðar fyrst og fremst að stórfelldum almennum samdrætti í atvinnulífinu og hlýtur þar af leiðandi að stöðva atvinnuuppbygginguna, svo að það eru engar líkur til þess, að við höfum getu til að halda í horfinu um atvinnuskilyrði fyrir það fólk, sem þegar byggir þetta land, hvað þá heldur að við verðum þess megnugir að taka við ört vaxandi fólksfjölgun. Framleiðslusamdrátturinn mun að sjálfsögðu hafa stórkostleg áhrif á lífsafkomu alls almennings í nútíð og framtíð og án efa leiða til harðari vinnudeilna og stéttabaráttu en hér hefur þekkzt um áraraðir. Það eru þess háttar þjóðfélagsaðstæður, sem hæstv. ríkisstj. er að skapa með stefnu sinni í efnahags- og fjármálum.

Því miður hef ég ekki svo rúman tíma hér í umr. í kvöld, að ég geti gert öllu þessu yfirgripsmikla máli þau skil, sem ég vildi, og verð því að halda mig að fáeinum atrið-

um, sem mér koma í hug, en stikla þó á stóru.

Undanfarin 30 ár og vel það hefur nær óslitið verið að því unnið, og það ekki síst fyrir tilstuðlan Framsfl., en oft með góðum stuðningi annarra flokka, að byggja upp atvinnulífið um land allt og dreifa atvinnutækjunum með það fyrir augum að skapa lífvænleg skilyrði á hverjum byggilegum stað á Íslandi. Það er skoðun framsóknarmanna og sem betur fer margra annarra góðra Íslendinga, að þrátt fyrir landstærð okkar miðað við fólksfjölda séu staðhættir slíkir hér á landi, að við höfum ekki efni á því, hvorki í nútíð né framtíð, að vanrækja nokkurn þann blett landsins, sem í byggð er og í byggð má verða. Það er lífsskilyrði þessari þjóð og skyldukvöð hennar, að hún haldi öllu sínu landi í byggð og hagi svo stjórnarstefnu sinni, að því marki verði náð.

Það er ekki annað en falskenning, að við eigum einhver önnur úrræði betri til lífsbjargar í þessu landi en að byggja upp atvinnulíf sveita, kauptúna og þorpa umhverfis landið. Sú fjárfesting, sem farið hefur til þessarar starfsemi, er enginn baggi á ríkisbúskapnum. Hún hefur skilað fullum arði, og það fólk, sem þessa staði byggir, skuldar hvorki öðrum stéttum né landshlutum neitt og á enn fullan rétt á því, að í engu sé slakað á um áframhaldandi uppbyggingu í atvinnulífi þess og að því sé gert mögulegt að starfa í heimabyggð sinni. Það er engum til blessunar að skapa kreppuástand úti um land eða kippa að sér hendinni um uppbygginguna þar. Fólkið, sem býr í sveitum og sjávarplássum þessa lands, er undantekningarlaust starfandi við skapandi framleiðslustörf, en millilíða- og þjónustustarfsemi hverfandi lítil og í mörgum tilfellum algerlega óþekkt. Það er því skylda ríkisvaldsins á hverjum tíma að hlúa að uppbyggingarstarfseminni úti um land, eins og leitazt hefur verið við undanfarna áratugi.

Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, en sannleikurinn er sá, að núv. stjórnarstefna gengur þvert á þá stefnu, sem farin hefur verið á undanförnum árum, og hlýtur því að skapa óheillaástand víða úti um land. Sem dæmi má taka það, að mitt í öllu sínu frelsisskrafi hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að svipta fólkið úti á landi umráðum yfir hluta þess fjár, sem það hefur sparað saman og lagt í sparisjóði sína og innlánsdeildir kaupfélaga, en þessar stofnanir, sparisjóðir og innlánsdeildir, gegna mikilvægu hlutverki fyrir atvinnulíf fólksins og eru raunar alveg ómetanleg stoð þeim atvinnurekstri, sem stundaður er í sveitum og sjávarplássum. Og það þarf enginn að fara í grafgötur um, að þetta fé er fólksins sjálfs, en ekki Landsbankans í Reykjavík eða stjórnarherranna í Arnarhvoli. Þetta litla dæmi um kröfu stjórnarvaldanna til sparisjóða og innlánsdeilda til að skila til Landsbankans hluta af fé sínu er í himinhrópandi andstöðu við þá yfirlýstu stefnu að auka frelsið í viðskiptum og framtaki.

En látum það vera, þótt hæstv. ríkisstj. sýni ekki þann manndóm að standa við heit sín. Hitt er verra, hverjar afleiðingarnar verða fyrir atvinnulífið úti um land. Það fé, sem með þessum hætti hrúgast upp í Landsbankanum í Reykjavík, verður áreiðanlega ekki notað til þess að lána sjómönnum til báta- eða veiðarfærakaupa eða annarra nauðsynja né húsbyggjendum úti á landi, sem ávallt hafa notið verulegrar aðstoðar sparisjóðanna til þess að koma upp eigin íbúðum.

Og hæstv. ríkisstj. kann líka annað snilldarráð, sem rétt er að drepa á og hún hefur þegar tekið að beita. Þetta ráð er hin almenna vaxtahækkun. Hefur ríkisstj. tekið sér það vald að hækka alla vexti á víxlum, skuldabréfum, stofnlánum og byggingarsjóðslánum. Þessi nýja vaxtapólitík er tvímælalaust einn áhrifamesti liðurinn í öllu hinu nýja efnahagskerfi og þjónar hvað bezt þeim tilgangi, sem að er stefnt, samdrætti í atvinnulífinu. Vaxtahækkunin leggst með ofurþunga á framleiðslustarfsemi í öllum greinum og hlýtur að draga úr framkvæmdum og skapa atvinnuleysi og framleiðslurýrnun, enda er til þess ætlazt og getur aldrei öðruvísi orðið. En vaxtahækkunin íþyngir ekki síður með beinum áhrifum þeim verkamönnum og öðrum launþegum, sem þurfa á lánsfé að halda vegna heimilisstofnunar og íbúðabygginga. Þessi almenna vaxtahækkun er þeim mun óréttlátari, þegar þess er gætt, að jafnvel áður en hún kom til framkvæmda voru vextir hér á landi yfirleitt hærri en í nokkru öðru nálægu landi, og nú eftir vaxtahækkunina eiga Íslendingar ótvírætt heimsmet í háum vöxtum, og er það áreiðanlega mjög vafasamur heiður.

Ég skal nefna hér eitt dæmi um áhrif vaxtahækkunar og annarra efnahagsaðgerða hæstv. ríkisstj., og er dæmið frá sjávarútveginum. Áður en efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. gengu í gildi, lánaði fiskveiðasjóður til bátakaupa frá útlöndum 2/3 kaupverðs til 20 ára með 4% vöxtum. Nú hefur lánstími sjóðsins verið styttur niður í 15 ár og vextir hækkaðir í 6%. Nýr 75 lesta bátur kostaði, áður en efnahagsráðstafanirnar komu til framkvæmda, ca. 3 millj. Ársgreiðsla af láni, sem fiskveiðasjóður veitti til kaupa á slíkum bát, nam þá 217600 kr., en eftir efnahagsráðstafanirnar kostar slíkur bátur um 4½ millj., eða hækkar í verði um 1½ millj., og ársgreiðslur af láni fiskveiðasjóðs mundu verða 453900 kr. Þessir útreikningar miðast við fyrsta árs afborganir og vexti, en þeir leiða í ljós, að hækkun afborgana og vaxta vegna aðgerða ríkisvaldsins í þessu tilfelli nemur 236 þús. kr. á ári. Hér er því um meira en tvöföldun á gjaldbyrði kaupandans að ræða.

Þetta er spegilmynd ástandsins, sem er að skapast fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj., og þó aðeins eitt dæmi af mörgum. Þrátt fyrir þetta og fleira, sem nefna mætti, svo sem óvissuna um fiskverðið, bæði á vetrarvertíðarfiskinum og ekki síður á sumarveidda fiskinum fyrir norðan, austan og vestan, sem notið hefur

sérbóta til þess að tryggja afkomu sjómanna þar, heldur hæstv. ríkisstj. því fram, að hún sé alveg sérstaklega að bæta hag útvegsins með efnahagsráðstöfunum sínum, þó að dæmin sýni hins vegar, að hún íþyngir þessum atvinnuvegi stórlega með auknum útgjöldum, sem leiðir af hækkun stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar.

Allt er þetta í öðrum anda en þeim, sem stjórnarflokkarnir töluðu í fyrir kosningar. Í stað þess að leiða þjóðina inn á veg betri lífskjara er henni hrundið út í óvissu um lífsafkomu sína. Og í stað þess að halda óbreyttu verðlagi og stöðva dýrtíðina eykst verðbólgan með hverjum degi sem líður og vöruverð rýkur upp úr öllu valdi. Þannig efnir hæstv. ríkisstj. fyrirheit sín og loforð. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Einu sinni var maður, sem fór inn í húsgagnaverzlun og keypti sér borðstofuhúsgögn, sem kostuðu 10 þús. kr. Hann borgaði út 7500 kr., en afganginn, 2500 kr., átti hann að greiða síðar með afborgunum. Nú leið nokkur tími og maðurinn stóð ekki í skilum með greiðslu afborgananna, enda var ekki fast gengið eftir með innheimtuna. Var að lokum svo komið, að maðurinn hafði alveg gleymt því, að skuldin væri til. Einmitt um þær mundir fór maðurinn aftur í þessa sömu verzlun til að kaupa sams konar húsgögn og áður. Hann skoðaði borðstofuhúsgögnin vel og vandlega og spurði, hvað þau kostuðu. „10000 kr.," svaraði afgreiðslumaðurinn. „Hvað er að heyra þetta?" sagði kaupandinn. „Á nú að níðast á mér og láta mig sæta okurkjörum? Síðast þegar ég keypti hér húsgögn, borgaði ég ekki nema 7500 kr. fyrir þau. Hvernig stendur eiginlega á þessari hækkun?" „Ég veit því miður ekkert um þín fyrri viðskipti hér," svaraði afgreiðslumaðurinn, „en nú kosta þessi húsgögn 10000 kr., og þá upphæð verður þú að borga út í hönd."

Sama sagan og gerðist um manninn, sem keypti húsgögnin, hefur gerzt með íslenzku þjóðinni. Við gengisfellinguna og aðrar efnahagsráðstafanir á s. l. vetri hækkaði verð erlendrar vöru allmikið og margir spurðu: Hvað eiga þessar hækkanir eiginlega að þýða, er þeirra nokkur þörf, er ekki hér verið að níðast á almenningi? — Þegar málið er skoðað niður í kjölinn, hafa erlendar vörur í raun réttri ekkert hækkað í verði. Það, sem skeð hefur, er einfaldlega það, að nú verðum við að borga allt verð vörunnar strax, en áður greiddum við aðeins hluta af raunverulegu verði og afgangurinn var fenginn að láni. Að vísu var þetta ekki svo með hvern einstakling, heldur þjóðina í heild. Fyrir gengisfellinguna var í sannleika sagt hluti af verði allrar erlendrar vöru og þjónustu borgaður með erlendum lánum, sem þjóðin tók, en stóð ekki í skilum með að greiða. Verðhækkunin, sem við köllum svo, stafar því eins og hjá manninum, sem keypti húsgögnin, af þeim orsökum, að okkur hefur hætt til að gleyma þeim hluta verðsins, sem var óborgaður og stóð í skuld. Að ekki var unnt að halda áfram slíkum viðskiptaháttum, er augljósara en svo, að fleiri orð þurfi um það að hafa, en á hinu leytinu auðsætt, að eðli þessara hækkana var slíkt, að þar var ekki um nein brot gegn stöðvunarstefnu að ræða.

Vissulega hefur margt fleira en erlendar vörur hækkað í verði við gengisbreytinguna, þó að þær hafi yfirleitt hækkað mest. En orsakir þess, að innlend framleiðsla hefur hækkað, eru þó sama eðlis. Við skulum taka t. d. sement, sem hækkaði um 49% og kostar nú 1120 kr. smálestin í Reykjavík. Margir spyrja að vonum, hvers vegna svona mikil hækkun hafi verið nauðsynleg, þar sem kaupið hafi ekkert hækkað. Til að svara þessari spurningu þarf að rannsaka málið nokkru nánar. Sementsverksmiðjan var byggð á árunum 1956—1958 og kostaði um 130 millj. kr. Þar af var um 50% erlendur kostnaður. Erlend lán voru tekin handa verksmiðjunni til að borga 85% af öllum byggingarkostnaðinum. Afgangurinn var fenginn af innlendu fjármagni. Það er því ljóst, að verksmiðjan þarf að standa undir miklum greiðslum afborgana og vaxta í erlendri mynt, sem hækka mikið við gengisbreytinguna, og er þetta ein aðalástæðan til hækkunar sementsverðsins. En við skulum athuga þetta dæmi nokkru betur. Ef innlent fjármagn hefði verið fyrir hendi til að borga helminginn af verði verksmiðjunnar, svo að aðeins hefði þurft að taka erlend lán fyrir þeim 50%, sem erlenda kostnaðinum nam, í staðinn fyrir 85%, eins og gert var, þá hefði verðið á hverri sementssmálest nú getað verið 70—80 kr. lægra en það er. Ef við á hinn bóginn hefðum auk þess búið svo vel að eiga gjaldeyrisvarasjóð, þegar verksmiðjan var byggð, þannig að við hefðum ekkert erlent lán þurft að taka til byggingar verksmiðjunnar, þá gæti sementssmálestin nú verið um það bil 200 kr. ódýrari en hún er í dag, eða kostað rúmar 900 kr. í stað 1120. Þessar 200 kr., sem við greiðum nú aukalega fyrir tonnið af sementinu eða 10 kr. fyrir hvern poka, eru þau syndagjöld, sem íslenzka þjóðin verður nú að borga fyrir það að hafa vanrækt sparnað og látið hjá líða að safna gjaldeyrisvarasjóðum. Er þó hér aðeins um eitt dæmi að ræða af mörgum áþekkum.

Eitt af þeim atriðum í efnahagsmálalöggjöf ríkisstj., sem sætt hefur hvað mestum árásum af hálfu stjórnarandstæðinga, er ákvæði um, að verkalýðsfélögum og vinnuveitendum sé óheimilt að semja um vísitöluuppbætur á kaupgjald. Þetta kalla þeir þrælalög og ofbeldisaðgerðir gagnvart verkalýðnum og öðrum illum nöfnum. Rökin fyrir þessari breyt. eru þau, að við höfum síður en svo góða reynslu af vísitöluuppbótum á kaup, sem hafa verið hér í gildi frá því á styrjaldarárunum. Ef verkalýðurinn skoðar málið frá lagalegu sjónarmiði, má að vísu segja, að um réttindasviptingu sé að ræða. En frá hagsmunalegu sjónarmiði horfir málið allt öðruvísi við. Gall-

inn við vísitölukerfið er sá, að það stuðlar mjög að aukinni og hraðvaxandi verðbólgu í landinu, en af því leiðir, að vísitalan er alltaf á eftir verðbólgunni og uppbætur samkvæmt vísitölunni verða því aldrei fullnægjandi. Hefur reynslan sýnt, að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu aðrir en launþegar hafa haft aðstöðu til að bæta sér verðbólguna jafnharðan að fullu og sumir þeirra jafnvel hagnazt á henni. Varanlegt verðbólguástand er því algerlega andstætt hagsmunum launþega og verkafólks, og því er það í þágu þessara stétta að leggja nokkuð af mörkum til að komast hjá slíku ástandi. Við verðum einnig að hafa það í huga, að vísitalan mælir aðeins framfærslukostnaðinn, en er ekki mælikvarði á það, hvað þjóðfélagið hefur ráð á að greiða mönnum í kaup. Ef t. d. erlend vara, sem við flytjum inn, hækkar í verði á heimsmarkaðinum, hækkar að sjálfsögðu vísitalan, en þessi verðhækkun gerir ekki innlenda atvinnurekendur færa um að greiða hærra kaup en áður. Á samsvarandi hátt má segja, að ef erlend vara lækkar í verði, sé ástæðulaust að veita atvinnurekendum rétt til að lækka launagreiðslur. Í annan stað verða menn að játa, að vísitöluuppbætur á kaup hafa verið mjög ótryggar. Sé litið 10—15 ár aftur í tímann, kemur í ljós, að hver einasta ríkisstj., sem setið hefur á þessu tímabili, hefur með lagaboði skert vísitöluuppbæturnar. Vinstri stjórnin gerði þetta t. d. tvívegis, fyrst um 6 stig og síðar um 9 stig, og var að því komin að gera þetta í þriðja sinn, en stjórnin sálaðist úr kjarkleysi, áður en hún kæmi því i verk.

Ég vil því segja, að það sé miklu heiðarlegra gagnvart verkalýðnum að hafa hreinar línur í þessum málum og banna vísitöluuppbætur á kaup algerlega heldur en að láta verkalýðsfélögin treysta á umsamdar uppbætur, sem sífellt er verið að skerða eftir á. Verkalýðsfélögin hafa líka flest haft lausa samninga um nokkurt skeið og geta því tekið tillit til breytts viðhorfs að þessu leyti við nýja samningsgerð.

Þeir, sem nú formæla mest afnámi vísitöluuppbóta, hafa ekki alltaf verið sama sinnis áður. Í setningarræðu sinni á síðasta Alþýðusambandsþingi sagði forseti sambandsins, er hann ræddi um aðkallandi lausn efnahagsvandamálanna, m. a. þetta:

„Þriðja leiðin, sem bent er á, er einfaldlega sú að hætta að mæla kaup allra launastétta þjóðfélagsins með vísitölu og benda á, að þetta fyrirkomulag hafi illa gefizt og leiði til sífelldra víxlhækkana verðlags og kaupgjalds."

Ekki andmælti forsetinn þessari leið einu einasta orði í sinni ræðu.

Í bréfi, sem þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, ritaði Alþýðusambandsþinginu haustið 1958, segir svo orðrétt:

„Þegar gengið var frá löggjöf um efnahagsmál á síðasta vori, var gert ráð fyrir því, að endurskoða yrði reglur um kauphækkanir samkvæmt vísitölu í haust."

Með endurskoðun er hér vitanlega átt við skerðingu eða afnám uppbótarinnar.

Í athugasemdum við lagafrv., sem forsrh. vinstri stjórnarinnar sendi þessu sama Alþýðusambandsþingi til umsagnar, segir svo:

„Þegar lögin um útflutningssjóð voru sett á s. l. vori, var það ljóst, að þau ákvæði um greiðslu kaupgjalds samkvæmt vísitölu, er 55. gr. laganna hafði að geyma, gætu ekki staðizt til frambúðar."

Með þessu er átt við, að það geti ekki staðizt til frambúðar að skerða vísitöluna aðeins um 9 stig, heldur sé óhjákvæmilegt að ganga lengra. Í athugasemdum, sem fylgdu frv. um áðurgreind útflutningssjóðslög, segir enn fremur:

„Í sambandi við lausn efnahagsmálanna er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu."

Af öllum þessum tilvitnunum má alveg ljóst vera, að þeir, sem nú fordæma harðast afnám vísitöluuppbótanna á kaupgjald, höfðu allmikið aðra afstöðu í þessu máli, þegar þeir sjálfir voru í valdaaðstöðu.

Sú vísitala, sem helzt ætti að miða kaupgjald við, væri þjóðhagsvísitala, sem byggðist á heildarverðmæti þjóðarframleiðslunnar. Þegar sú vísitala hækkaði, ætti það að koma fram í hækkuðu kaupi eða lækkuðu vöruverði. Þær kauphækkanir hins vegar, sem byggjast ekki á auknu framleiðsluverðmæti, eru í rauninni falskar og í eðli sínu ekkert annað en gengislækkun.

Þegar Alþfl. sat í stjórn á árunum 1956—1958 með framsóknarmönnum og kommúnistum, setti hann fram kröfu um hækkun ellilauna og örorkulífeyris um 20%. Þessari kröfu höfnuðu samstarfsflokkarnir algerlega. Það má þó segja Sjálfstfl. til hróss, að hann hefur í núverandi ríkisstj. gengið inn á kröfur Alþfl. um stórkostlega aukningu almannatryggginganna. Svo sem kunnugt er, hefur elli- og örorkulífeyrir nú hækkað um 44—60% og fjölskyldubætur í heild hækkað um 400—500%. Þó þykir stjórnarandstæðingum og þó einkum kommúnistum ekki nóg að gert og telja lítið til þessara hækkana koma. Væri hér um hugarfarsbreytingu hjá kommúnistum að ræða, en ekki sýndarmennsku, væri afstaða þeirra nú vissulega fagnaðarefni. Yfir því er þó hægt að gleðjast, að þeir gera margfalt meiri kröfur til núverandi ríkisstj. í þessum efnum en þeirrar ríkisstj., er þeir sjálfir áttu sæti í. Stjórnarandstæðingar tala um, að hinar stórauknu tryggingabætur séu aðeins sárabætur fyrir alþýðu manna til að mæta þeirri kjaraskerðingu, sem nú hafi dunið yfir. Ein af ástæðunum fyrir auknum tryggingum er að vísu sú að vega upp á móti hækkuðu vöruverði vegna gengisbreytingarinnar. En hins vegar mega menn ekki gleyma, að hækkunin hjá sumum bótaþegum er meiri en kjaraskerðingunni nemur, og þá ekki síður hinu, að þegar hin tímabundna og óhjákvæmilega lífskjaraskerðing

er yfirunnin, munu hinar stórauknu bætur að sjálfsögðu haldast.

Núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því að auka tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, en létta jafnframt nokkuð á útsvarsbyrði einstaklinganna. Eru þetta hvort tveggja mikil nauðsynjamál, sem snerta hag hvers einasta manns í landinu. Aðallega hefur þetta verið gert með því að láta hluta af söluskattinum renna til bæjar- og sveitarfélaganna, en að öðru leyti hefur það verið gert með því að heimila álagningu veltuútsvara á félagsmannaviðskipti samvinnufélaga, en þessi viðskipti voru áður algerlega útsvarsfrjáls. Telja stjórnarandstæðingar þetta vera hið mesta gerræði gagnvart samvinnufélögum, árás á samvinnuhreyfinguna í landinu o. s. frv. Hér er þó um herfilegan misskilning að ræða.

Útsvarsálagning á samvinnufélög hefur um margra áratuga skeið verið þannig að lögum, að útsvör hafa verið lögð á utanfélagsmannaviðskipti eftir sömu reglum og á kaupmenn og aðra atvinnurekendur á staðnum, þ. e. a. s. bæði tekjuútsvar og veltuútsvar hefur verið lagt á. Á félagsmannaviðskiptin, sem eru aðalviðskipti samvinnufélaganna, hefur hins vegar ekki mátt leggja neitt útsvar. Í þess stað hafa bæjarfélögin mátt leggja smávægilegan skatt á samvinnufélögin, svonefndan samvinnuskatt, sem nemur 2% af fasteignamatsverði þeirra húsa, sem samvinnufélögin nota til starfrækslu sinnar.

Breyt., sem útsvarslöggjöf ríkisstj. hefur í för með sér, er sú, að samvinnuskatturinn er felldur niður, en aftur á móti heimilað að leggja veltuútsvar á félagsmannaviðskipti. Öll veltuútsvör samkv. hinum nýju lögum, sem Alþ. væntanlega samþ., eru þó takmörkuð við vissan hundraðshluta veltu, en voru áður engum takmörkunum háð. Réttmæti veltuútsvara yfirleitt er að vísu umdeilanlegt, en svo sem tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga er háttað, er óhjákvæmilegt annað en leyfa álagningu þeirra.

Á veltuútsvarið er eðlilegt að líta sem nokkurs konar rekstrargjald eða þóknun fyrir ýmiss konar aðstöðu, er bæjarfélagið lætur atvinnufyrirtækjum í té, án þess að sérstök gjöld séu greidd fyrir. Þessi aðstaða er sama eðlis og jafnverðmæt fyrir öll fyrirtæki í sömu atvinnugrein, hvert sem rekstrarform þeirra er, hvort þau eru hlutafélög, samvinnufélög eða í einstaklingseign. Er því fyllilega réttmætt, að þau greiði öll veltuútsvar eftir sama skala á sama hátt og þau greiða nú önnur þess konar gjöld öll eftir sömu reglum, svo sem t. d. vatnsskatt og holræsagjöld.

Afstaða hvers og eins til spurningarinnar um það, hvort draga hafi átt úr hinum stórfelldu forréttindum samvinnufélaganna með því að auka útsvarsskyldu þeirra, hlýtur fyrst og fremst að mótast af því, hvort maður metur meira hagsmuni bæjarfélags síns eða hagsmuni kaupfélagsins, sem þar starfar. Frá sjónarmiði okkar Alþfl.-manna er valið auðvelt. Hagur bæjarfélagsins er hagur allra bæjarbúa. Hagur kaupfélagsins snertir á hinn bóginn aðeins hluta af bæjarbúum. Þeir, sem vilja heimila samvinnufélögunum að skjóta sér að mestu eða öllu undan útsvarsálagningu, hljóta að gera sér ljóst, að það verður ekki gert nema á kostnað hvers einasta gjaldanda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi.

Tökum dæmi frá mesta samvinnubæ landsins, Akureyri. Verkamaður, sem verzlar við Kaupfélag Eyfirðinga, hagnast t. d. um 500 kr. á ári, samanborið við það, ef hann hefði verzlað við kaupmann. Svo verður þessi sami maður að borga 1000 kr. hærra útsvar en ella vegna útsvarsfríðinda kaupfélagsins. Er þá hagnaður hans af samvinnuviðskiptum vægast sagt orðinn ærið tvísýnn.

Samkvæmt lögum um samvinnufélög, er upphaflega voru sett árið 1921, var bæjarfélögum í stað útsvars á félagsmannaviðskipti heimilað að leggja á samvinnuskatt, er næmi 2% af fasteignamatsverði þeirra húsa, er samvinnufélögin nota til starfsemi sinnar. Þessi skattur var settur með fullu samþykki samvinnuhreyfingarinnar. Á þessum tíma var fasteignamatsverð húsa réttur mælikvarði á raunverulegt verðmæti þeirra. Síðan gerbreyttist þetta, einkum þó á stríðsárunum og á því verðbólguskeiði, er síðan hefur ríkt. Síðustu tvo áratugina hefur fasteignamatið þrátt fyrir breytingar aldrei verið nema lítið brot af verðmæti húseigna, en samvinnuskatturinn samt sem áður ávallt verið miðaður við þetta mat, að undanskildu þriggja eða fjögurra ára tímabili, þegar innheimta mátti skattinn með nokkru álagi, sem þó var algerlega ófullnægjandi. Það er því ljóst, að skattur samvinnufélaganna til bæjar- og sveitarfélaga hefur um langt skeið verið mörgum sinnum minni en forustumenn samvinnuhreyfingarinnar ætluðust til í upphafi.

Þeir samvinnumenn, sem sjá ekki, að hér hefur átt sér stað ranglæti, sem bæta þarf úr, hafa glatað því dýrmætasta úr samvinnuhugsjóninni. Þeim má líkja við sjófugl, sem setzt hefur á olíubrák og getur þar af leiðandi ekki hafið sig til flugs.

Við verðum að hafa ríkt í huga, að ákvæðið um útsvarsfrelsi samvinnufélaga var upphaflega aðeins sett til bráðabirgða. Á þeim tíma fengust samvinnufélögin eingöngu við almenna verzlun og sölu á framleiðsluvörum bænda. Nú nær starfsemi þeirra einnig yfir iðnrekstur, siglingar, tryggingastarfsemi o. fl., o. fl. Hér er því um mjög breyttar aðstæður að ræða. Hitt má okkur ekki heldur sjást yfir, að breytingarnar á útsvarslöggjöfinni hrófla ekkert við þeim rétti samvinnufélaganna að vera undanþegin tekjuútsvari af félagsmannaviðskiptum. Er það líka fyllilega sanngjarnt, svo sem eðli þeirra viðskipta er háttað.

Að breytingar á útsvarslöggjöfinni voru orðnar aðkallandi, sést bezt á því, að á undanförnum árum höfðu nokkur kaupfélög greitt hærri útsvör en þeim bar að lögum. Forráða-

menn þessara félaga sáu, að forréttindin voru svo stórfelld, að þeir gátu samvizku sinnar vegna ekki notfært sér þau.

Andstöðuflokkar ríkisstj. tala mikið um, að þungbærar álögur hafi verið lagðar á þjóðina. Í umr. hér í gærkvöld sagði Jón Skaftason frá því, að þessar álögur næmu samtals 1000 millj. kr. Næstur á eftir honum talaði svo Halldór E. Sigurðsson. Hann kvað álögurnar vera 1100 millj. Þetta met Halldórs var þó slegið von bráðar, því að næstur á eftir honum talaði Karl Guðjónsson, og hann sannaði auðveldlega, að álögurnar næmu alls 1250 millj. kr. Það, sem gaf Karli sigurinn í þessari hörðu samkeppni, var sú bráðsnjalla aðferð hans að reikna alla vaxtahækkunina, sem lendir á flestum þeim, sem skulda fé, sem álögur á þjóðina, en sleppti alveg að draga frá þann hagnað, sem tugþúsundir sparifjáreiganda í landinu hafa af vaxtahækkuninni, en þetta hvort tveggja nemur að sjálfsögðu svipaðri upphæð. Þessa reikningskúnst vöruðust framsóknarmennirnir ekki, og því var það Karl, sem gekk með sigur af hólmi í gærkvöld, en búast má við því, að met hans standi ekki lengi og kunni vel að verða slegið af einhverjum stjórnarandstæðingi hér í umr. í kvöld.

Þó að andstæðingarnir tali mikið um, að þungbærar álögur hafi verið lagðar á, virðist svo sem þeim þyki sjálfum ekki nóg að gert. Hér á Alþ. hafa þeir við afgreiðslu fjárlaga, með einstökum frumvörpum og með brtt. við frumvörp stjórnarinnar gert till. um útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, sem nemur samtals yfir 500 millj. kr. yfir árið. Þeim hefur þó alveg láðst að gera grein fyrir, á hvern hátt ríkissjóður ætti að afla tekna til að mæta slíkum útgjöldum, en það yrði auðvitað ekki gert nema með nýjum álögum á þjóðina, sem svöruðu til gjaldanna. Stjórnarandstæðingar hafa því fullan vilja til, að því er bezt verður séð, að gera þær álögur, sem á þjóðina hafa nú verið lagðar, enn þá þungbærari. Sem dæmi um útgjaldaaukninguna, þar sem vitleysan gengur einna lengst, má nefna frv. frá nokkrum framsóknarmönnum í Ed., þar sem lagt er til, að ríkið gefi févana bændasjóðum samtals 160 millj. kr., eða sem svarar að meðaltali 26 þús. kr. á hvern bónda í landinu. Það er út af fyrir sig ágætt að vera rausnarlegur, en hætt er þó við, að landsfólkinu, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum og væntanlega er ætlað að greiða þessar gjafir, þætti höfðingsskapurinn keyra nokkuð úr hófi.

Framsóknarmenn og kommúnistar hafa mikið staglazt á því, að nú sé verið að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Þó er þetta reyndar ekki undantekningarlaust hjá þeim. Í Þjóðviljanum 18. marz s. l. segir t. d. svo orðrétt:

„Eitt fyrsta verk þessarar stjórnar var að vonum stórfelld árás á bændur og verkamenn í landinu svo og á velflestan atvinnurekstur og verzlunarfyrirtæki."

Tíminn sagði skömmu síðar í stórri fyrirsögn, að ríkisstj. hefði gert öllum stéttum eitthvað til miska. Með þessum ummælum og öðrum slíkum hafa stjórnarandstæðingar, án þess ef til vill að gera sér grein fyrir því, viðurkennt, að í raun réttri sé byrðunum réttlátlega skipt niður.

Núverandi ríkisstj. hefur markað alveg skýra og ákveðna stefnu til að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar. Framsfl. er hins vegar annaðhvort alveg stefnulaus í þessum málum ellegar hann lætur stefnuna ekki birtast nema í einhvers konar felumynd, þar sem öllu verður að snúa á haus til þess að rýna í rétta ráðningu. Til efnahagsmálanna hafði flokkurinn lítið annað að leggja en að kosin skyldi þingnefnd til að finna bráðabirgðaúrræði, en síðan skyldi leita varanlegra úrræða fyrir haustið. Framsfl. gaf þó á engan hátt til kynna, í hverju þessi úrræði ættu að vera fólgin að hans dómi. Enginn veit t. d., hvort Framsfl. var í hjarta sínu með eða móti gengisfellingunni, því að flokkurinn hefur tekið upp þá siðu að láta málefnalegar ástæður lönd og leið, en láta afstöðu sína markast af svokölluðum taktískum ástæðum, en þær eru í því fólgnar að vera yfirleitt á móti ríkisstj. í einu og öllu.

Um kommúnista gegnir nokkuð öðru máli. Flestir gera sér ljóst, hver þeirra raunverulega stefna er, þó að þeir sjálfir flíki henni að vísu ekki mikið. Stefna þeirra kom samt mjög skýrt fram í ræðu, sem Einar Olgeirsson hélt á Alþ. ekki alls fyrir löngu. Hann sagði, að efnahagsaðgerðirnar, svo sem gengisbreyt., vaxtabreyt., lækkun tekjuskatts og aukning almannatrygginganna, væru allar saman hégómamál. Hið einasta efnahagsmál, sem vert væri um að tala, væri að koma upp stóriðju á Íslandi fyrir rússneskt lánsfé til þess að vinna þar framleiðsluvörur handa Rússum. Þessi stefna þarf engra frekari skýringa við.

Framsóknarmenn og kommúnistar telja sig nú í orði kveðnu geta sætt sig við niðurfellingu tekjuskatts á almennar launatekjur þrátt fyrir fyrri afstöðu. Hins vegar telja þeir, að lækkun skattsins hjá hátekjumönnum hafi verið allt of rífleg og þar sé að finna eitt dæmi þess, að ríkisstj. geri meira fyrir hina ríku en fyrir hina fátæku. Þegar þessi mál eru rædd, sést stjórnarandstæðingum alveg yfir, að það er aðeins hluti af öllum hátekjumönnum á landinu, sem borga háa skatta, og það er áreiðanlega minni hlutinn. Meiri hlutinn eru menn, sem hafa með einhvers konar rekstur að gera og hafa því aðstöðu til að draga undan af tekjum sínum og borga því aðeins tiltölulega lága skatta. Hinir fáu, sem eru hátekjumenn samkvæmt skattframtölum, eru nær eingöngu launþegar, svo sem t. d. skipstjórar og menntamenn, og það er ekkert réttlæti í að skattpína þessa menn, sem margir hverjir vinna mjög nytsöm störf í þágu þjóðfélagsins. Hitt taka svo stjórnarandstæðingar ekki heldur með í reikninginn, að þær vörur og þjónusta, sem hátekjumenn nota í miklu ríkara mæli en lág-

launamenn, hafa við efnahagsaðgerðirnar hækkað mun meira í verði en almennar nauðsynjavörur. Það er því síður en svo, að hátekjumönnum yfirleitt sé hlíft, heldur alveg þvert á móti.

Nú eru liðnir rúmlega 7 mánuðir frá kosningunum í haust. Alþfl. getur litið til baka yfir þetta tímabil með fögnuði. Sjaldan eða aldrei hefur flokkurinn getað komið fram jafnmörgum góðum málum á jafnskömmum tíma. Mikil leiðréttíng hefur fengizt á reglunum um verðlagningu landbúnaðarvara, en það var eitt helzta baráttumál flokksins í kosningunum. Neytendur hafa nú jafnræði á við bændur um ákvarðanir á dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, og sérstök skattlagning neytenda vegna halla á útflutningi búvöru er nú bönnuð. Fyrir nokkru lækkaði kjötverðið um á þriðju krónu kg til neytenda, án þess að heildarniðurgreiðslur væru auknar, og var sú lækkun bein afleiðing af baráttu Alþfl. í þessum málum. Þá hefur flokkurinn á þessu tímabili einnig komið í höfn tveimur mjög þýðingarmiklum baráttumálum sínum, þ. e. lækkun og afnámi tekjuskatts og mjög auknum almannatryggingum. Síðast, en ekki sízt, hefur flokkurinn átt hlut að því að koma á fót nýju efnahagskerfi, en ávaxta þess mun þjóðin njóta um langa framtíð. Þessu efnahagskerfi mega menn á engan hátt kenna um þá kjararýrnun, sem átt hefur sér stað í bili. Hún var óhjákvæmileg, við hvaða efnahagskerfi sem við hefðum búið, því að þegar til lengdar lætur, kemst enginn hjá því að borga skuldir sínar. Á hinn bóginn er það alveg í anda þessa kerfis, að þjóðin taki upp þær byrðar, sem fortíðin hefur á hana lagt, og skili þeim í áfangastað, en hætt sé að leysa vandamálin sífellt til bráðabirgða með því að velta byrðunum yfir á framtíðina.

Íslenzkur verkalýður getur verið þess fullviss, að hann getur tryggt sér aukinn kaupmátt launa, áður en langt um líður. Í fyrsta lagi munu skuldabyrðarnar smátt og smátt léttast og þar með álögurnar á þjóðina, svo framarlega sem árferði og aflabrögð verða með eðlilegu móti. Í öðru lagi mun sú hvatning til heilbrigðari rekstrarhátta, sem í efnahagskerfinu felst, gera atvinnurekendum fært, þegar frá líður, að greiða hærra kaupgjald en nú á sér stað. Hjá öðrum þjóðum hefur þetta sama efnahagskerfi leitt af sér aukinn kaupmátt launa um að jafnaði 2—3% á ári. Uppbóta- og styrkjakerfið, sem við höfum búið við um langt skeið, hefur ekki skilað neinum slíkum árangri. Það var því brýnasta hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar að varpa slíku kerfi fyrir borð.

Efnahagsaðgerðirnar eru hornsteinninn að öllum þeim kjarabótum, sem þjóðinni munu hlotnast í framtíðinni. Það verða eingöngu íslenzkar kjarabætur, en ekki kjarabætur fengnar að láni í austri eða vestri. Þess vegna verður þjóðin að fylkja sér um þessar aðgerðir og láta harmatölur hinna úrræðalausu sem vind um eyrun þjóta. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við umr. í gærkvöld töluðu stjórnarandstæðingar um, að gefin hefðu verið fögur kosningaloforð af núverandi stjórnarflokkum á s. l. ári. Við sjálfstæðismenn sögðum fyrir kosningarnar, að gera þyrfti róttækar aðgerðir í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, strax þegar samstæður þingmeirihluti væri fyrir hendi til þess að gera slíkar og nauðsynlegar aðgerðir. Það, sem núv. stjórnarflokkar hafa að unnið, er því í fullu samræmi við það, sem sagt var fyrir kosningarnar. Stjórnarandstæðingar halda því fram, að lítilla aðgerða hafi verið þörf. Hermann Jónasson fullyrti í gærkvöld, að ekki væri um það að ræða, að nauðsyn hafi borið til róttækra aðgerða. Hermann Jónasson fullyrti, eins og hann orðaði það, að aðeins hefði þurft að draga nokkuð úr framkvæmdum og afla hefði mátt tekna með innflutningi á hátollavörum og hækkun yfirfærslugjalds, eftir því sem nauðsyn krefði. Þetta var það, sem hann vildi gera, gamla vinstristjórnarleiðin.

Þegar Hermann Jónasson og stjórnarandstaðan gera lítið úr því nú, að ríkisstj. hafi átt við erfið verkefni að glíma, verður ekki hjá því komizt að minna á, hvernig komið var í desember 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum. Ástæðulaust er að rifja þá sögu upp í löngu máli. Þjóðin þekkir þá sögu. Þjóðin veit, að núverandi stjórnarandstæðingar vildu vera áfram við völd. En þeir gáfust upp. Forustan var úrræðalaus, vonlaus og vanmegnug að leysa þau vandamál, sem við var að etja. Þjóðin man ummæli Hermanns Jónassonar og lýsingu hans á ástandinu, þegar hann kvaddi stjórnarráðið. Þjóðin man umsögn efnahagsmálasérfræðings stjórnarinnar um það, hvernig málum þjóðarinnar var komið. Landsmenn allir þreifuðu átakanlega á því, hvernig vinstri stefnan leiddi vandræði yfir þjóðina.

Þegar stjórnarandstaðan heldur því fram, að enginn vandi hafi verið fyrir hendi, þegar núv. stjórn tók við, þá mun enginn hugsandi maður, sem fylgist með í þjóðmálunum, taka þau ummæli alvarlega.

Til þess að forða því hruni, sem við blasti í desember 1958, myndaði Alþfl. minnihlutastjórn með stuðningi Sjálfstfl. Gerðar voru bráðabirgðaráðstafanir, sem orkuðu að koma í veg fyrir fullkomið öngþveiti, sem við blasti. Sannanlegt var, að vísitalan hefði komizt í 270 stig í októbermánuði s. l., ef vinstristjórnarstefnan hefði ekki verið stöðvuð í ársbyrjun 1959. Þarf ekki að lýsa því, hvaða afleiðingar slík dýrtíðarhækkun hefði haft á atvinnuvegina. Augljóst er, að það hefði leitt til algerrar stöðvunar, atvinnuleysis og vandræða. Reiknað hefur verið út, að gengi íslenzkrar krónu hefði þurft að vera 60 kr. í stað 38 kr., miðað við Bandaríkjadollar, ef vinstristjórnarstefnan hefði verið ráðandi fram eftir árinu 1959.

Bráðabirgðaráðstafanirnar, sem gerðar voru á árinu 1959, leiddu til þess, að afstýrt var vandræðum og hruni. Ekki var unnt að gera varan-

legar ráðstafanir í efnahagsmálum fyrr en eftir síðustu kosningar, að samstæður þingmeirihluti var fyrir hendi. Ríkisstj. tók að sér að leysa þann hnút, sem Hermann Jónasson og hans stjórn gafst upp við að leysa.

Það þarf þrekmann til þess að tala eins og Hermann Jónasson gerði í gærkvöld, þar sem hann hlýtur að skilja, að þjóðin öll man, þegar hann sem skipstjórnarmaður þjóðarskútunnar stökk frá borði til þess að reyna að forða sér og sínum flokki, en skildi þjóðarfleyið eftir stjórnlaust í brimrótinu. Þjóðin getur gagnrýnt stjórnarflokkana og aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum. Hún getur efazt um, að nauðsyn hafi borið til þess að taka svo stórt spor sem gert var. Þjóðin getur efazt um réttmæti aðgerðanna, á meðan reynslan hefur ekki sannað, að þær eru réttar og nauðsynlegar. En allir hljóta að hafa sannfæringu og vissu fyrir því, að sú forusta, sem brást á örlagastundu og gafst upp, þegar mest á reyndi, verðskuldar ekki traust og getur ekki vænzt þess að verða trúað fyrir forustuhlutverki að nýju.

Stjórnarandstæðingar neita fyrri yfirlýsingum sínum um erfiðleikana og vandann, sem þjóðin var komin í. Þeir þyrla upp blekkingum um, að verið sé að leggja byrðar á þjóðina að óþörfu. Stjórnarandstæðingar eru svo kaldrifjaðir, að þeir segja, að ríkisstj. hafi fellt krónuna að ástæðulausu. Þeir viðurkenna ekki, að krónan var fallin og það, sem gert var, var aðeins það að viðurkenna staðreyndir. Þegar stjórnarandstæðingar tala við bændur, er fullyrt, að farið sé verst með bændastéttina. Þegar þeir ræða við verkamenn, er fullyrt, að sérstaklega sé níðzt á þeim. Þegar þeir ræða við útgerðarmenn og sjómenn, er talið, að stjórnin hafi alls ekki séð þeirra hag borgið og aðstaða útgerðarinnar sé nú mun verri en áður. Þegar þeir ræða við kaupmenn, er fullyrt, að álagning sé svo lág, að nú sé engin aðstaða til þess að reka verzlun. Þegar þeir tala við iðnaðarmenn, er talið, að aðgerðirnar grafi undan iðnaðinum í landinu. Þannig reyna stjórnarandstæðingar að magna upp óánægju og reyna að vinna gegn því, að sú nauðsynlega viðreisn, sem stjórnarflokkarnir berjast fyrir, heppnist. Sem betur fer, er fólkið í landinu farið að skilja, að hin neikvæða barátta stjórnarandstöðunnar vinnur gegn þjóðarhag.

Oft heyrist það hjá ýmsum kjósendum Framsfl., þegar rætt er við þá, að þeir telja, að núverandi efnahagslöggjöf hafi verið það eina, sem hægt var að gera, og það hefði ekki mátt dragast lengur. Efnahagsmálalöggjöfinni er ætlað að ná því marki, að þjóðin leggi grundvöll að efnahagslegu og heilbrigðu atvinnulífi. Með efnahagslöggjöfinni er gjaldmiðill þjóðarinnar skráður á réttu gengi. Undanfarið hafa gilt mörg gengi í landinu og gjaldmiðillinn skráður á fölskum forsendum. Með því að draga úr uppbótakerfinu og skrá krónuna rétt hafa ýmsar vörur hækkað nokkuð í verði. Er engin ástæða til að reyna að dylja það. Þegar frá líður, mun sú verðhækkun, sem af réttu gengi leiðir, ekki verða tilfinnanleg, þar sem sú verðhækkun mun leita jafnvægis með eðlilegum hætti. Verðhækkun, sem stafar af réttri gengisskráningu, er því allt annars eðlis en verðhækkun, sem leiðir af álögðum sköttum og tollum. Slíka verðhækkun fær kaupandinn sízt bætta.

Framsóknarmenn og sósíalistar tala mikið um kjararýrnunina, sem almenningur nú verður við að búa. Hefur verið minnzt á bændur í því sambandi. Er því rétt að gera sér grein fyrir því, hvernig vinstri stjórnin bjó að bændastéttinni 1958. Þá voru lagðir á rekstrarvörur landbúnaðarins 55% skattar, án þess að tryggt væri, að bændur fengju nokkuð til þess að greiða þessa skatta með. Þannig hækkaði áburður og fóðurbætir um 50%, vélar og varahlutir svipað, en það gleymdist, þegar þessir skattar voru á lagðir, að tryggja landbúnaðinum tekjur til þess að standa undir sköttunum. Bændur urðu fyrir geysilegu tjóni vegna þess, að þeir fluttu út afurðir 1958 og 1959. Ekki kom vinstri stjórninni til hugar að bæta landbúnaðinum það tjón, enda þótt annar útflutningur væri á þeim tíma bættur að fullu. Afurðasölulöggjöfin var ekki lagfærð, fyrr en sjálfstæðismenn tóku að sér forustuna í því. Er vitað, að landbúnaðurinn hefur nú meiri möguleika en áður til þess að fá það verð fyrir afurðirnar, sem ætlazt er til með sex manna nefndar samkomulaginu. Sex manna nefndin reiknar út, hverjar tekjur bóndans eiga að vera, miðað við, að hann beri ekki minna úr býtum en verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Undanfarið hafa bændur ekki fengið að fullu greitt það verð, sem þeim var ætlað að fá. Stafar það af því m. a., að löggjöfin um afurðasölumál landbúnaðarins var ekki komin í það horf, sem hún nú er komin í, eftir breytingarnar, sem á henni voru gerðar s. l. vetur. Að nokkru leyti stafar þetta af því, að ekki hefur alltaf verið gert ráð fyrir nauðsynlegum kostnaði, og að nokkru leyti vegna þess, að sölufélög bænda hafa ekki ávallt haft svo góðan rekstur sem æskilegt er. Það er eðlilegt, að afkoma bóndans hljóti að vera slæm, ef haldið er eftir drjúgum hluta af þeim launum, sem honum ber að fá. Hvað mundi launþegi segja, ef skráð tímakaup væri 22 kr., en útborgað væri aðeins 20 kr.? Það er nauðsynlegt, að þessu óréttlæti verði kippt í lag, og að því hefur ríkisstj. unnið með endurbótum á afurðasölulögunum.

Annar þáttur þessa máls hlýtur einnig að vera hjá bændunum sjálfum, þannig að þeir sætti sig ekki við annað en að þeir aðilar, mjólkurbú, sláturhús og aðrir, sem með sölu landbúnaðarvara fara, greiði fullt verð fyrir vöruna.

Hv. þm. Páll Þorsteinsson minntist á brbl. og 3%, sem hann sagði að ætti að draga af bændum með þeim lögum, og vildi gera mikið úr því. Ég hélt satt að segja, að hv. þm. mundi ekki minnast á þetta, því að hlutur framsóknarþm. í því máli er ekki slíkur, að hann sé flokknum til sæmdar.

Það er rétt að geta þess, að sauðfjárafurðir

hækkuðu ekki um 3% skv. samkomulaginu í vetur, heldur 4%, en mjólkurafurðir um 2.4%, sem að jafnaði var talið að væri þá 2.85%. Þetta samkomulag var ekkert neyðarsamkomulag. Þetta sýndu útreikningar, sem báðir aðilar sættu sig við, og hvorugur aðili óskaði eftir að vísa málinu til yfirdóms.

Þegar stjórnarandstæðingar tala um slæma afkomu bænda, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að hin slæma afkoma bændastéttarinnar er ekki núv. stjórn að kenna. Efnahagsaðgerðir stjórnarinnar hafa enn lítið verkað á afkomu landbúnaðarins. Áburður og fóðurbætir er greiddur niður, þannig að verðhækkun á þessum vörum er ekki mjög tilfinnanleg. Hin slæma afkoma bændanna var augljós á s. l. ári, og stafar hún af fyrrgreindum aðgerðum árið 1958. Auðvitað taka bændur sinn þátt í því, sem nú gerist. Erfiðleikar þeirra eru fyrir hendi, og skal ég ekki gera lítið úr þeim. Augljóst er, að landbúnaðurinn getur ekki byggt framtíð sína á því, að krónan sé skakkt skráð. Bændur verða að byggja afkomu sína á því, að þeir fái fullt verð fyrir framleiðslu sína hverju sinni. Og ef það gerist, geta þeir staðið af sér dýrtíð og aðra erfiðleika ekki síður en aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Þegar stjórnarandstæðingar eru ekki að tala við bændur, er mest gert úr því, hvað launþegar eru illa haldnir. Mætti gera samanburð á ráðstöfunum 1958 og núv. efnahagsaðgerðum, og kemur þá í ljós, að launþegar og landsmenn allir fá nú nokkuð til þess að geta tekið á sig þær verðhækkanir, sem af réttri gengisskráningu leiðir. Ekki var um það að ræða 1958, að fjölskyldubætur og ellilífeyrir væri hækkað eins og nú. Ekki var um það að ræða þá, að tekjuskattur af almennum launatekjum væri afnuminn. Ekki voru þá gerðar ráðstafanir til þess að lækka útsvörin um 10—15%. Þá urðu þjóðfélagsþegnarnir að taka á sig byrðarnar bótalítið, enda þótt verkföll væru almenn og kauphækkanir nokkrar í krónum, sem reyndust algerlega óraunhæfar, þar sem kaupmáttur launanna fór stórlega minnkandi í hinni skefjalausu dýrtíð, sem leiddi af stefnu vinstri stjórnarinnar.

Til merkis um það, að um miklar upphæðir er að ræða í bótum til almennings í landinu, skal þess getið, að í litlu hreppsfélagi úti á landi hefur verið reiknað út, hversu hárri upphæð nemur aukning fjölskyldubóta, ellilífeyris og afnám tekjuskatts, og er það skv. útreikningum 450 þús. kr. í þessu litla og fámenna hreppsfélagi. Þetta sýnir, að nú eru greiddar miklar bætur og háar fjárhæðir, sem gera almenningi léttara að taka á sig þær byrðar, sem af verðhækkununum leiðir.

Þá er það, sem stjórnarandstæðingar gera mikið úr, en það eru veltuútsvörin. Bezt væri, að ekki þyrftu nein veltuútsvör að vera. En úr því að ekki hefur tekizt að afnema þau, má fullyrða, að lögfesting í þá átt, sem nú er gerð, er til stórbóta frá því, sem verið hefur. Talað hefur verið um, að níðzt verði á samvinnufélögunum með þessu fyrirkomulagi. Geta má þess, að samvinnuskatturinn verður afnuminn og skattur á mjólkurbú og sláturhús sömuleiðis. Munu því ýmis sölufélög bænda greiða lægra útsvar eftir nýju lögunum en áður var. Er það að sjálfsögðu réttmætt, þar sem skattlagning á landbúnaðarvörur hlýtur að leiða til hækkaðs útsöluverðs. Mikið hefur verið gert úr því, að innlánsdeildum samvinnufélaga er ætlað að leggja inn í Seðlabankann hluta af innstæðuaukningu sinni. Ekkert er þetta nema gryla, og er vitað, að kaupfélagsstjórar gera ekkert úr þessu og telja kaupfélögunum engan óhag að þessu ákvæði í lögunum. En stjórnarandstaðan kallar eigi að síður: úlfur, úlfur. Má segja, að flest sé notað til þess að hræða fólk og blekkja með marklausum fullyrðingum.

Vaxtahækkunin er ekki vinsæl, og hefur jafnvel verið gefið í skyn, að hún sé til komin að óþörfu. Vexti ber að lækka við fyrsta tækifæri. Mætti telja það augljóst batamerki í efnahagslífinu, þegar það verður talið fært. Ætli samdráttur að verða of mikill og hættumerki atvinnuleysis gerir vart við sig, ber að örva framkvæmdir m. a. með vaxtalækkunum. Tryggja verður næga atvinnu fyrir alla, sem vilja vinna. Stefna ber að því, að þeim fjölgi, sem vinna að framleiðslustörfum. Nauðsynlegt er að vinna að því, að skipaflotinn verði mannaður íslenzkum áhöfnum, enda þótt það leiði til þess, að framkvæmdir minnki nokkuð.

Öruggt er, að þjóðin á fram undan bjarta tíma, ef hún sameinast um að vinna að þeim verkefnum, sem þarf að leysa. Nauðsynlegt er, að nokkur þolinmæði verði sýnd, þangað til árangur af aðgerðum ríkisstj. kemur í ljós. Batinn í efnahagsmálum þjóðarinnar mun koma og verður augljós, fyrr en menn grunar, ef áróðursöflunum tekst ekki að koma í veg fyrir, að efnahagsaðgerðirnar fái að njóta sín. Reynir nú á dómgreind og skilning alls almennings í landinu. Sættir þjóðin sig við að taka á sig nokkra kjaraskerðingu um stundarsakir, til þess að unnt verði að koma í veg fyrir varanlega kjaraskerðingu alþjóðar? Ef almenningur skilur, hvað í húfi er, er ekki að efast um, hver niðurstaðan verður. Það verður að treysta því, að sá kosturinn, sem tryggir þjóðinni farsæld og velgengni í framtíðinni, verði valinn.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel eftir atvikum rétt, að ég reki hér í örstuttu máli það helzta, sem afgreitt hefur verið hér á Alþingi í vetur og snertir sérstaklega bændur og hinar dreifðu byggðir.

Afgreidd var lagabreyting um framleiðsluráð og verðlag á landbúnaðarvörum. Það mál er svo kunnugt, að útskýringar eru þarflausar. Umhverfis þetta mál rauk mikil mold s. l. haust og fram eftir vetri, svo að varla sá handaskil í sumum byggðarlögum. Málið var leyst á mjög heppilegan hátt. Hin oftöluðu orð duttu niður dauð og ómerk. Lög þessi eru mjög hagstæð fyrir bændur og enn hagstæðari en þau

voru, áður en ágreiningurinn kom upp í sex manna nefndinni í fyrra.

Framlengt hefur verið ákvæði jarðræktarlaga um aukaframlög til jarðræktar á býlum, sem hafa innan við 10 ha. tún, en þau ákvæði runnu út á þessu ári.

Nefna vil ég þáltill. um eflingu veðdeildar Búnaðarbankans, sem samþykkt hefur verið.

Á þinginu hafa komið fram mjög margar brtt. við vegalög. Ekki þótti þó fært að opna vegalögin að þessu sinni, en sem bráðabirgðaúrræði fékkst samþykki fyrir aukafjárveitingu fram yfir það, sem ætlað var til nýbyggingar vega, að upphæð 4 millj. kr., sem skipt er upp til þeirra staða, þar sem talið er að ástandið sé einna verst að því er vegina snertir.

Einnig er vaxandi skilningur á því, að endurskoða þurfi öll lög um vegi með auknar vegaframkvæmdir fyrir augum, og liggur nú fyrir þáltill. um það mál, sem að líkindum nær samþykki.

Samþykkt hefur verið þál. um klak og fiskeldi, og má vafalaust vænta mikils af þess konar starfsemi í náinni framtíð, enda hefur komið fram mikill áhugi bænda og laxveiðimanna fyrir því máli og fjöldi bréfa borizt til skrifstofu Alþingis um það að samþ. þessa till.

Þá vil ég nefna breyt. á lögum um Búnaðarbanka og lög um fjölgun dýralækna á Suðvesturlandi.

Mörg mál auk þessara varðandi landbúnaðinn hafa og verið til umræðu á Alþingi í vetur, en eru enn óafgreidd.

Ég dreg enga fjöður yfir það hér né annars staðar, að gengisbreytingin og vaxtahækkunin eru þungir baggar fyrir margan bónda að bera. Vegna gengisbreytingarinnar hækka t. d. landbúnaðarvélar mjög mikið. En þetta er svo sem ekkert nýtt fyrirbæri hér hjá okkur. Árið 1958 hækkuðu vélar mjög álíka og nú, við yfirfærslugjaldið, sem þá var lögleitt. En það er ekki neitt sérstakt fyrir bændur, að vörur hækki, þegar breyta verður gengi. Slíkt hlýtur auðvitað að koma niður á öllum þegnum þjóðfélagsins, bændum sem öðrum. En til að létta þennan þunga ofur lítið hefur ríkisstj. gripið til þess ráðs að greiða niður tvær veigamiklar rekstrarvörutegundir, fóðurbæti og áburð, sem er innfluttur. Þannig hækkar fóðurbætir nú ekki nema um 10—12%, fóðurblandan, en mun hafa hækkað um 50% eða 55% 1958, við þær efnahagsráðstafanir, sem þá gerðust. Þrífosfat er greitt niður um 71 kr. pokinn og aðrar innlendar áburðartegundir svipað hlutfallslega. Til þessa ráðs var gripið jafnhliða efnahagsráðstöfunum til að létta byrðar landbúnaðarframleiðslunnar og reyna að afstýra samdrætti.

Að einu leyti standa bændur betur að vígi en flestar aðrar stéttir. Framleiðsla þeirra er tryggð með afurðasölulögunum. Ég segi þetta ekki til að gylla hlut bænda, hann er að öðru leyti mjög erfiður í ýmsum greinum, einkum þeirra, sem búa við vondar samgöngur og hafa ekki rafmagn, en allt of margir bændur eru í þessari aðstöðu.

Ég hef rakið þennan þátt þingmálanna nokkuð eingöngu af því, að í eyrum hafa klingt æsiskrif og æsiskraf í allan vetur í báðum sölum Alþingis og Tímanum um árásir ríkisstj. á bændur og bændastéttina, og þá auðvitað um leið hafa stuðningsmenn ríkisstj. staðið að þessum árásum. Ég neita því, að þessar ásakanir hafi við rök að styðjast.

Fyrir ári eða svo talaði maður varla svo við mann, að viðkvæðið væri ekki á þessa leið: Við fáum víst aldrei ríkisstj., sem þorir að taka efnahagsvandamálið föstum tökum og einarðlega, þótt ekki sé af öðru en því, hvað allir flokkar eru hræddir við kjósendur. Allir vita, að þjóðin hefur um langt árabil, svo að segja hver maður, verið í kapphlaupi um að ná sem mestu í sinn hlut af veraldargæðum, sem komið hefur fram í fjárfestingu og mörgu öðru, áður en gjaldeyrishrun skylli yfir og kreppa, sem svo að segja allir hafa búizt við að væri í aðsigi vegna þess, sem á undan er gengið. Það kom því flatt upp á marga, þegar sú ríkisstj., er nú fer með völd, ákvað að spyrna við fótum í alvöru og segja: Hingað og ekki lengra. Þetta viðurkennir þjóðin a. m. k. undir niðri að sé mjög virðingarvert, og yfirleitt hafa menn tekið hlutunum vel og skynsamlega, almenningur. En allt of margir svokallaðir leiðtogar hafa ekki tekið þeim vel og skynsamlega. Samt held ég, að mjög mörgum sé ljóst, að stjórnarandstaðan heldur allt of mikið á lofti því, sem kalla má aukaatriði í þessu stóra máli, en þegir vandlega um aðalatriði efnahagsráðstafananna, aðaltilganginn, þann að afstýra þjóðargjaldþroti.

Það er að sjálfsögðu hægt að tala við bændur, tala við verkamenn, tala við hvaða stétt sem er í okkar landi og segja: Þetta er allt gert af mannvonzku í ykkar garð annars vegar og sjálfselsku hinna ríku, sem ætla að verða enn ríkari á ykkar kostnað. Þetta klingir sífellt og einnig hér við þessar umræður. Menn þegja vandlega um allt, sem telja verður undirrót eða orsök. En virðulegt hlutverk finnst mér þetta þó ekki og vera nokkuð mikið að verja til þess heilum þingvetri.

„Hálfsannleikur ávallt er óhrekjandi lygi," segir einhvers staðar í ágætri vísu. Sannast sagt er hæpið, að þess konar orðaskak og blaðaskrif geti einu sinni talizt hálfsannleikur, ekki sízt þegar það bætist ofan á, að öll úrræði stjórnarandstæðinga liggja utangarðs og eru hvergi nefnd.

Ég skal ekki angra neinn með því að fara hér að lofa hæstv. ríkisstj. Hvað eina bíður síns tíma. En úrræði hennar þurfa að fá að sýna sig, sanna sig, hvort þau duga eða duga ekki. Hún biður um vinnufrið, hún á að fá hann. Úrræði hennar geta tekizt, ef þjóðin vill. Sennilega er líka hægt að eyðileggja þau. En þeir, sem að því vinna og róa öllum árum, mega vara sig. Allir menn hafa skyldu við sitt föðurland.

Það var einu sinni maður, sem hét Jón tófusprengur. Hann tók úr sér lungun og lagði á þúfu. Það gerði hann til að létta sig, því að atvinna hans var refaveiðar. Og þegar hann var orðinn lungnalaus, gat hann hlaupið uppi hvern einasta melrakka, og þó eru þetta allra fótfráustu dýr. Stjórnarandstaðan hér á Alþingi í vetur hefur hvað eftir annað minnt mig undarlega mikið á Jón tófuspreng. Ekki hafa þeir þó tekið úr sér lungun, heldur annað. Ekkert veit ég um það, hvernig Jóni hefur liðið, meðan hann var að slíta úr sér lungun, sem flestir telja allnauðsynlegt líffæri, né heldur um líðan hans næstu daga á eftir, en léttur var hann á sér, sennilega álíka léttur á sér og sá þjóðmálamaður, sem tekur úr sér ekki aðeins hálfa sannsöglina, sem er mjög algengt, heldur nærri því alla við túlkun mikilsverðra mála og leggur á þúfu hjá lungum Jóns heitins tófusprengs inni á hlauparefaheiði.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þjóðin öll stendur agndofa þessar vikurnar gagnvart hamförum hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálunum, og menn spyrja hver annan, hvort stjórninni geti verið þetta sjálfrátt. Hún neytir allra bragða til að skerða lífskjör almennings sem mest og leggur ríka áherzlu á að framkalla samdrátt í atvinnu og viðskiptum. En ekki nóg með það. Í blindu ofstæki sínu skirrist þessi ríkisstj. ekki við að stofna sjálfum bjargræðisvegum þjóðarinnar í hættu og spilla markaðsmöguleikum hennar á erlendum vettvangi. Það er þetta, sem slær menn furðu, hvar í stétt eða flokki sem þeir standa. Hvað veldur þessu undarlega háttalagi stjórnarflokkanna tveggja. Sjálfstfl. og Alþfl.? Í hverra þágu er það gert að koma kreppu á í landinu?

Árásir þessara flokka á launastéttirnar og þá sérstaklega láglaunafólk eru að vísu ekki nein ráðgáta. Þær aðfarir eru ekki annað en liður í hagsmunabaráttu flokka, sem styðja og styðjast við fjármálavaldið í landinu. Stórkaupmönnunum og stóratvinnurekendunum er ótvíræður hagur í háu verðlagi og lágu kaupgjaldi og mörgum öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Með því er hún aðeins að hygla sínum sterkustu liðsmönnum, færa til fjármagnið í landinu, eins og Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. ráðh., orðaði það. Með slíkri tilfærslu er stjórnin að gera hlut sinna gæðinga meiri en hann var og launþeganna að sama skapi minni. Þetta liggur í augum uppi. Hitt sýnist furðulegra, að valdhafarnir skuli ekki nema staðar við þetta mark, heldur æða áfram og stofna þjóðarbúskapnum í heild í vísan voða. Slíkt getur ekki verið gert í þágu neinna stétta þjóðfélagsins, heldur hljóta annarleg sjónarmið að valda því, og er þá komið að þættinum um ósjálfræði þessarar hæstv. stjórnar.

Nýlega las ég í tímariti, sem utanríkisráðuneyti Dana gefur út, að stjórn Suður-Kóreu hafi í febr. s. l. lækkað gengi gjaldmiðilsins þar í landi og að sú ráðstöfun hafi verið gerð samkvæmt fyrirmælum frá Bandaríkjunum. Þetta er engin stórfrétt, því að allur heimurinn veit, að Suður-Kórea er hjálenda Bandaríkjanna. Það var í sama mánuði, febr. s. l., sem gengi íslenzku krónunnar var lækkað, og sú ráðstöfun var einnig gerð í samræmi við fyrirmæli eða við skulum segja tilmæli frá Bandaríkjunum. Ísland og Kórea munu vera ólík um margt, en sitthvað eiga þau sýnilega sameiginlegt og þá helzt það, er Íslendingum ætti að vera ógeðfelldast.

Bandaríkin láta sig innanríkismál Íslands miklu varða og hafa gert síðustu tuttugu árin, enda eiga þau hér að eigin dómi mikilla hagsmuna að gæta, eins og í Kóreu og víðar. Þau taka þátt í íslenzkum stjórnmálum á sinn hátt og bak við tjöldin og leggja á það mikið kapp, að hér sitji að völdum menn, sem stórveldinu séu hliðhollir og eftirlátir. Bandarísk stjórnarvöld skipta sér af efnahagsmálum okkar sem öðru og hefur nú tekizt að þröngva upp á okkur efnahagslegri forskrift, sem notuð er um allar jarðir, þar sem þau ráða. Er í þeirri forskrift ekkert farið eftir aðstæðum á hverjum stað, heldur miðað við hagsmuni Bandaríkjanna. Gengi dollarans á að vera hátt, kaupgjald lágt, helzt engin viðskipti við þjóðir utan áhrifasvæðis Bandaríkjanna og þannig áfram í sama dúr. Nærtækt dæmi um áhrif þessarar forskriftar er það, að vegna verðfellingar krónunnar í vetur lækkar herkostnaður Bandaríkjanna hér á landi um tugi milljóna króna. Það er póstur, sem jafnvel stórveldi lætur sig muna um.

Lengi var búið að nudda í því við íslenzk stjórnarvöld, að gengi krónunnar yrði lækkað, kaupgjaldi haldið í skefjum og segl dregin saman á sviði framleiðslu og viðskipta, og þar kom, að nuddið bar árangur. Leiðtogar Sjálfstfl. og Alþfl. tóku verkið að sér og eru nú sem óðast að framkvæma það, en alþjóð að byrja að finna fyrir svipuólinni á baki sér.

Erlendar fjármálastofnanir með ýmsum nöfnum gæta hagsmuna Bandaríkjanna hér á landi, að svo miklu leyti sem stjórnarvöld þeirra gera það ekki beint. Ein þessara stofnana ber nafnið Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Forstjóri hennar hefur komið hingað oftar en einu sinni með forskrift handa okkur, síðast nú í haust. Efni forskriftarinnar má ráða af erindi, sem hann flutti hér og birtir í október—desemberhefti Fjármálatíðinda. Getur þar hver sem vill kynnt sér fyrirmælin, en í heild er ræðan gagnsýrð af tillitslausri heimtufrekju annars vegar og hins vegar af takmarkalausri fáfræði um öll grundvallaratriði íslenzkra efnahagsmála.

Hæstv. ríkisstj. ráðfærði sig við þennan erlenda mann og marga aðra af sama sauðarhúsi. Ég hef séð álitsgerð og kröfur eins þeirra, hagfræðiprófessors í Vesturheimi. Plaggið hefst á örökstuddri fullyrðingu um, að Íslendingar lifi um efni fram, og allt úir þar og grúir af missögnum og rangfærslum, en hverju máli skiptir það, niðurstaðan var fyrir fram gefin sú, að íslenzka þjóðin verði að lækka seglin og herða að sér sultarólina.

Þannig eru fyrirmælin, sem berast erlendis frá, og þau er hæstv. ríkisstj. nú að framkvæma. Ástæðan til þessara afskipta Bandaríkjamanna af okkar högum er fyrst og fremst ágirnd þeirra á landi okkar. Hér hafa þeir náð fótfestu, og henni vilja þeir halda. Þess vegna telja þeir sig þurfa að gera þjóðina sér sem háðasta. Efnalega sjálfstæð þjóð með blómlegan atvinnurekstur og víðtæk viðskiptasambönd í austri og vestri gæti fundið upp á öllum skollanum og jafnvel því að reka útlenda herinn burt og jafna herstöðvarnar við jörðu. Það er hægara að fást við þjóð í kreppuástandi. Hún lætur sér frekar segjast, einkum ef öðru hvoru falla molar af borði hinna ríku. Hæstv. ríkisstj. hefur sem kunnugt er þegar fengið 800 millj. kr. eyðslulán. Slíkt er líka bindandi.

Ég hef nú greint nokkuð frá afskiptum hins erlenda valds af efnahagsmálum okkar. En þau afskipti hafa því miður fallið í góðan jarðveg hjá ýmsum hérlendum mönnum. Hinir afturhaldssömustu í hópi kaupsýslumanna og atvinnurekenda auk ýmissa pólitískra ævintýramanna sjá sér leik á borði, og þeir brosa gleitt um þessar mundir. Þessir menn hafa hug á afturhvarfi til löngu liðinna ára, þegar láglaunafólk mátti sín einskis og lifði við sult og seyru, en fáein stórmenni í hverju plássi fleyttu rjómann. Það eru slíkir menn, sem nú fagna útlendri íhlutun um efnahagsmálin, og þeir eru, eins og sakir standa, valdamiklir í þessu landi.

Jarðvegurinn var einnig á annan hátt hentugur. Íhlutun Bandaríkjanna er ekki að hefjast nú, heldur hefur hún varað í nærri 20 ár. Allan þann tíma hafa íslenzkir ráðamenn verið vandir við að láta undan hverri ásókn. Það byrjaði 1941, þegar Ísland var knúið til að farga hlutleysi sínu og látið biðja Bandaríkin um hervernd. Árið eftir voru Íslendingar neyddir til að fresta áformaðri lýðveldisstofnun, með því að Bandaríkin töldu það geta skaðað hagsmuni sína. Og þannig hefur áfram verið haldið æ síðan. Árið 1946 var Keflavíkursamningnum troðið upp á okkur, 1949 vorum við ginntir í Atlantshafsbandalagið, og 1951 var smíðshöggið rekið á með afsali íslenzkra landsréttinda og byggingu erlendra herstöðva.

Aftur og aftur hafa íslenzkir forráðamenn staðið frammi fyrir þjóðinni og strengt þess heit, að ekki skyldi lengra gengið í þjónkun við stórveldið, og jafnoft hafa þeir orðið að éta ofan í sig stóryrðin. Ég skal hér aðeins minna á eitt dæmi. Í útvarpsumræðum á Alþingi 18. marz 1949 skýrði þáv. utanrrh. frá þeirri skoðun ríkisstj., að of dýru verði væri keypt dvöl hermanna hér á friðartímum fyrir það öryggi, sem við slíkt fengist. Kvaðst þessi ráðh. ásamt tveim samráðherrum sínum þá nýlega hafa lýst því yfir í áheyrn utanrrh. Bandaríkjanna, að ekki kæmi til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar. Með þessum fyrirvara, sem Bandaríkjastjórn féllst á, voru Íslendingar látnir ganga í Atlantshafsbandalagið. En tveim árum síðar hafði útlendur her fengið aðsetur á Íslandi og þar leyfðar herstöðvar. Hin fögru fyrirheit voru með köldu blóði svikin. En hvorra skömmin er meiri, Bandaríkjastjórnar eða hinna íslenzku valdamanna, skal ég ekki dæma um. Eftir stóð íslenzka þjóðin með sárt enni, svikin, blekkt og ringluð.

Bandarísk yfirvöld telja vafalaust núverandi stjórnarflokka á Íslandi sér hliðholla og trygga öðrum flokkum fremur, enda verðskulda þeir það álit. Þeir hafa brugðizt vel við öllum fyrri málaleitunum Bandaríkjanna, og nú síðast hafa þeir sameinazt um að framkvæma þeirra óskir um lausn íslenzkra efnahagsmála. Það er því ekki ástæða til að vantreysta þeim.

En Bandaríkin eiga mýmörg áhugamál hér á landi, þar sem ekkert virðist þeim óviðkomandi. Eitt þeirra er fiskveiðilandhelgin. Í því máli berst stórveldið eins og ljón gegn hagsmunum okkar, og er atlaga þess gegn okkur á síðustu Genfarráðstefnu enn í fersku minni. Fulltrúi Bandaríkjanna þar, Mr. Dean, hafði í heilt ár fyrir ráðstefnuna verið látinn ferðast til 50 þjóðlanda þeirra erinda að spilla fyrir 12 mílna fiskveiðilandhelginni. Þetta og allt annað var gert til að hjálpa Bretum gegn okkur Íslendingum. Tilræði Bandaríkjanna við hagsmuni okkar mistókst á sjóréttarráðstefnunni. En enginn skyldi ætla, að baráttunni sé lokið með því. Nú er hún háð á bak við tjöldin, og eftir öllum sólarmerkjum að dæma gera Bretar og Bandaríkjamenn sér vonir um, að hæstv. ríkisstj. Íslands muni semja, þ. e. a. s. slaka til í landhelgismálinu. Bíðið er eftir því, að þingið ljúki störfum. Á meðan sveima brezk herskip úti fyrir ströndum landsins og halda togurunum í skefjum. Brezkir togaraeigendur refsa skipstjórum sínum með brottrekstri, ef þeir sigla inn fyrir 12 mílna mörkin. Þess er vandlega gætt að espa ekki íslenzku þjóðina upp einmitt nú, á meðan ríkisstj. undirbýr uppgjöfina. Ég játa það hreinskilnislega, að ég ber kvíðboga fyrir úrslitum þessa lífshagsmunamáls okkar í höndum hæstv. ríkisstj. Brtt. hennar á Genfarráðstefnunni sýnir vel, hversu illa henni er trúandi fyrir þessu mikilsverða máli, hversu gálauslega hún leikur með það og hversu annt henni er um að þóknast andstæðingum okkar í málinu. Af eintómri þjónustusemi við þá er hún líkleg til að breyta vísum sigri okkar í ósigur nú í sumar og þar með stöðva alla frekari framsókn okkar í landhelgismálum um ófyrirsjáanlega framtíð.

Þetta var um landhelgina. Þar taka Bandaríkin afstöðu gegn minnstu bandalagsþjóðinni til þess að geðjast og vinna hylli þeirrar sterkustu, Breta. Það er skýring þeirrar afstöðu gagnvart okkur.

Nú mætti spyrja: Hvernig stendur á þessari stöðugu afskiptasemi Bandaríkjanna um íslenzk mál? Svarið við þeirri spurningu er ofur einfalt. Bandaríkin eru að gæta sinna hagsmuna sem stórveldis í heiminum. Á Ís-

landi þykjast þau þurfa að hafa herstöðvar og her og trausta aðstöðu til allra umsvifa. Þess vegna reyna þau að gera þjóðina sér háða og umfram allt að styðja hverja þá ríkisstj., sem þeim reynist auðsveip og eftirlát. Þetta er allur leyndardómurinn. Og Ísland er svo sem ekki eina smáríkið, sem fyrir þessu verður. Í Kóreu studdu Bandaríkin árum saman alræmdan einræðisherra einungis af því, að hann var þjált verkfæri í hendi þeirra. Í Tyrklandi er nýbúið að steypa einræðisstjórn, sem Bandaríkin héldu við völd í lengstu lög. Í síðasta Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins er rætt um ástandið í Tyrklandi undir fyrirsögninni: „Ekki með öllu ólíkt.“ Þar er getið ummæla öflugasta stjórnarandstæðingsins þar í landi, og tilgreini ég orðrétt úr blaðinu þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Hitt lét hann uppi ekki alls fyrir löngu, þegar honum, aldrei þessu vant, var leyft að halda blaðamannafund, að ríkisstj. væri haldið uppi með bandarísku fé. Bandaríkjamenn hafa flugstöðvar í landinu og hafa verið ósínkir á fé til ýmiss konar framkvæmda. Hann taldi, að eins og á stæði væru þessar fjárveitingar íhlutun um stjórnmál landsins, því að án þeirra gæti stjórnin með engu móti hjarað.“ Þannig er frá sagt í Morgunblaðinu, og þykir bréfritara ástandið í Tyrklandi og á Íslandi ekki með öllu ólíkt.

Þjóðarbúskapur okkar er vissulega mikilsvert mál, enda sígilt umræðuefni. En það er fleira nauðsynlegt. Þannig þyrftum við að ræða utanríkismálin miklu meir en gert er, en á því virðist einhver undarleg tregða hér. Það ber oft við á Alþingi, þegar imprað er á utanríkismálum, að þá rölta út úr þingsalnum þeir ráðherrar og aðrir, sem mest hafa verið við þau mál riðnir á undanförnum árum. Er einna líkast því, sem þessum mönnum séu utanríkismál hrein feimnismál, er ekki sæmi að ræða opinberlega, og máske er þeim í þessu nokkur vorkunn.

Við Íslendingar höfum í rauninni aldrei haft neina grundvallaða stefnu í utanríkismálum. Við tókum þessi mál úr höndum Dana fyrir 20 árum og höfum síðan í verki trúað Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir þeim. Sá trúnaður hefur hvorki orðið þjóðinni til gagns né vegsauka. Ísland var látið kasta hlutleysinu á glæ, og er það upphaf þeirrar ógæfu, sem síðan hefur hvílt á þessum mikilsverðu málum okkar. Við verðum að endurheimta hlutleysið og móta síðan á því sjálfstæða utanríkisstefnu, er sé í samræmi við lífsviðhorf og þarfir íslenzku þjóðarinnar. Við eigum að fylkja okkur við hlið annarra hlutlausra ríkja í heiminum. Þar getur Ísland sómt sér, en ekki í stríðsbandalagi. Finnland, Svíþjóð, Austurríki, Sviss og Írland eru meðal hlutlausra ríkja, og þau gæta hlutleysis síns eins og sjáaldurs auga síns, enda njóta þessar þjóðir virðingar alls heims.

Í Atlantshafsbandalaginu er Ísland eins og illa gerður hlutur. Þangað átti það aldrei erindi, enda vélað inn í það af framandi öflum, og hefur þjóðin þegar fengið að súpa seyðið af því. Aldrei hafa forustuþjóðir þessa bandalags, Bretar og Bandaríkjamenn, níðzt eins á Íslendingum og síðan Atlantshafssamningurinn um gagnkvæma hjálp og vernd var undirritaður. Öll veigamikil ákvæði þessa samnings hafa þessar þjóðir brotið og margbrotið gagnvart okkur. Við höfum ótal ástæður til að hætta hlutdeild í þessu bandalagi, sem kallað er varnarbandalag, en reynist skálkaskjól vissum stórþjóðum til að skara eld að sinni köku á kostnað smærri þjóða.

Fyrir fáum dögum minnti ég hér í sameinuðu þingi á ummæli utanrrh. Svía, ég vil leyfa mér að endurtaka þau. Þessi ráðh. var staddur í Reykjavík fyrir fáum árum og sagði þá m. a. þetta í blaðaviðtali: „Hlutleysi í átökum stórveldanna er grundvöllur sænskrar utanríkisstefnu, og það er skoðun okkar, að hernaðarbandalög auki hættu á árekstrum milli þjóða. Svíar gengu ekki í Atlantshafsbandalagið, af því að þeir töldu það rangt, og sú afstaða þeirra er óbreytt.“ Þessi er skoðun Svía, og hún er sú eina, sem sæmir friðsamri smáþjóð.

Íslenzk örlög hafa verið tengd Bandaríkjunum órofaböndum undir því yfirskini, að þetta stórveldi væri brjóstvörn lýðræðisins í heiminum. Það er þó ekki nema hálfur sannleikur. Bandaríkin eru að vísu lýðfrjálst land, en þau hafa nú um árabil fylgt utanríkisstefnu, sem ber ekki lýðræðisást sérlega fagurt vitni. Þessa voldugu lýðræðisþjóð henti það ólán í lok síðustu heimsstyrjaldar að verða fyrst þjóða til að beita kjarnorkuvopni. Að nauðungarlausu breytti hún stríði úr átökum milli herja í milljónamorð óbreyttra borgara. Fordæmið var skapað, og enginn veit um afleiðingarnar. „Með sprengjunni á Hírósjíma dó út virðingin fyrir manninum og þar með lýðræðið í heiminum.“ Þessi orð á háttsettur Ameríkumaður að hafa sagt, er honum barst fregnin um sprenginguna. Þetta er þung sök, sem Bandaríkin eiga eftir að bæta fyrir.

Síðan þetta gerðist, hefur þessu stórveldi orðið á hver skyssan af annarri í alþjóðamálum. Gagnstætt flestum öðrum þjóðum fást Bandaríkin ekki til þess enn í dag að viðurkenna hina raunverulegu stjórn Kínaveldis og meina þannig fjölmennustu þjóð heims aðgang að Sameinuðu þjóðunum. Eykur þetta undarlega tiltæki í vaxandi mæli viðsjár í heiminum, sem vonlegt er.

Þá hafa Bandaríkin og lagt kapp á að lyfta undir einræði og styðja einræðisstjórnir í hverju landinu af öðru, bæði í Evrópu og Asíu, sínum hagsmunum til framdráttar, en frelsi og lýðræði til tjóns. Um ýtni þeirra í garð smáþjóða er Ísland talandi tákn. En öll sýnir þessi upprifjun staðreynda það, að lýðræðisást stórveldisins eru settar býsna þröngar skorður.

Danmörk var meðal þeirra smáríkja, sem villtust í Atlantshafsbandalagið. Þar mun nú farið að gæta vaxandi gagnrýni á þeirri aðild og jafnvel tæpt á, að úrsögn úr bandalaginu sé orðin nauðsynleg öryggis þjóðarinnar vegna. Hefur verið á það bent, að forsendurnar fyrir

inngöngu Danmerkur í bandalagið séu úr sögunni með tilkomu vetnissprengjunnar og hinna langdrægu, markvissu flugskeyta. Engin þjóð og ekkert hernaðarbandalag geti eftirleiðis staðið við skuldbindinguna um að vernda og hjálpa bandalagsþjóð, sem sprengjusendingu fær, og því hljóti samningar um gagnkvæma hjálp í komandi styrjöld að vera minna en skóbótarvirði. Á þessa leið eru Danir byrjaðir að ræða þetta vandamál. Hvað mættum við Íslendingar þá gera?

Af skiljanlegum ástæðum hef ég gerzt fjölorður um Bandaríkin, svo mjög koma þau við sögu hér. Ég hef borið fram aðfinnslur. Mér er ekki í nöp við Bandaríkjamenn, síður en svo. Ég dái þá fyrir margra hluta sakir og tel okkur Íslendingum ávinning að því að ástunda vinsamleg samskipti við þá. En við eigum ekki að lúta í duftið fyrir þeim, eins og við nú erum látnir gera. Með því öðlumst við aldrei þá vináttu og virðingu, sem við æskjum að njóta hjá þessari voldugu þjóð. Við eigum að segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu, með því mæla öll rök. Við eigum að vísa erlendum her úr landinu, það er okkur lífsnauðsyn, einkum ef til vopnaðra átaka kæmi. Við eigum að lýsa yfir hlutleysi landsins. Hlutleysisstefnan ein sæmir fullvalda smáþjóð. Það má vel vera, að Bandaríkin styggist við okkur í bili, verði það gert, sem gera þarf, en sú þykkja verður tæpast langvinn. Í öllu falli verður fæðin, sem á okkur verður lögð fyrir að standa á réttinum, léttbær í samanburði við þau örlög, sem óhjákvæmilega bíða þess, sem frelsinu fargar.

Hlutlaust Ísland á veglegu hlutverki að gegna meðal þjóða. Óháða afstöðu sína notar það í þágu sátta, afvopnunar og friðar og til stuðnings þeim smáþjóðum, sem rangsleitni eru beittar. Hlutlaust Ísland ástundar vináttu við allar þjóðir.

Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Við skulum berjast gegn allri erlendri íhlutun um mál okkar og afmá þann smánarblett, sem herstöðvarnar og hernaðaraðildin eru á þjóð okkar. Þokum til hliðar þeim mönnum og þeirri ríkisstj., sem telja hlýðni við NATO sitt æðsta boðorð.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki ætla ég að líkja hæstv. ríkisstj. við refi, eins og Bjartmar Guðmundsson gerði áðan, þó að refirnir hafi reynzt bændunum skaðvaldar og stjórnin hafi reynzt bændum illa. *En ég er Bjartmari sammála um það, að* eins og refirnir gáfust upp fyrir Jóni tófuspreng, mun stjórnin gefast upp eftir stutt skeið.

Allir Íslendingar, sem komnir eru til vits og ára, vita, hvílíkur skaði skeður, ef mikil frost gerir á vorin, þegar farið er að gróa, kyrkingur kemur í nýgræðinginn eða hann deyr. Stundum deyja jafnvel ræturnar, svo að moldin á stærri eða minni svæðum skilar engum gróðri næstu ár, nema hún sé plægð og í hana sáð. Enginn óbrjálaður maður biður skaparann um slík veður á vordögum.

Í þjóðsöng okkar biðjum við guð vors lands um gróandi þjóðlíf, og betri bænar verður ekki beðið fyrir þjóð og landi.

Síðustu áratugir hafa verið vordagar í íslenzku efnahagslífi, misgóðir að vísu, en vordagar með miklum gróindum samt. En þau ósköp hafa gerzt á Alþingi því, er nú situr, að meiri hluti þess undir forustu núv. hæstv. ríkisstj. tekur frostið í þjónustu sína til þess að draga úr *almennum gróindum þjóðlífsins.*

Hæstv. ríkisstj. er í einhvers konar álögum. Hún líkist hinni mikilsvirtu frú, sem þjóðsagan hermir að gerð var með göldrum að tröllkonu, sem sat á gnípu og blés óveðrum yfir land sitt.

Hvers konar álög eru það, sem hvíla á ríkisstj. og leggja stuðningsmenn hennar í læðing? Það eru álög frá stefnu, sem er úrelt í samfélagsmálum á Íslandi, — stefnu, sem vill skipta þjóðinni í yfirstétt og undirstétt, — stefnu, sem leggur grundvöll að því, að ríkir verði ríkari og fátækir fátækari, — stefnu, sem er andvíg því, — og veit sér allra hættulegast, — að almenningur geri sig voldugan og sterkan með mætti samtaka sinna. Þetta er sérhagsmunastefnan, sú gamla norn. Ég vil til tilbreytingar í þessum umr. kalla hana kalstefnu, því að fyrir hið íslenzka gróandi þjóðlíf er hún kalstefna.

Þessi stefna fer nú með völdin og hefur á þessu þingi beitt meiri hluta sínum afdráttarlaust, eins og alþjóð er kunnugt. Meiri hlutinn er naumur, en af því að frostið er nóg, losnar enginn frá hópnum. Allir eru þar samfrosta. Stjórnarflokkarnir fengu þennan nauma meiri hluta sinn aðeins fyrir það í síðustu kosningum, að þeir sögðu rangt til um stefnu sína. Ef þeir hefðu sagt, að þeir hygðust gera það, sem þeir nú hafa gert, hefðu áreiðanlega *margir þeirra manna ekki setið á þessu þingi.* Umboð ótortrygginna kjósenda hafa þeir herfilega misnotað. Það hefur verið svikizt með kalstefnuna að gróandi þjóðlífi Íslendinga.

Alþingi hafa í vetur og vor borizt mörg mótmælaskjöl gegn hinni grófu lagasetningu stefnunnar hvaðanæva af landinu, frá einróma fjöldafundum, þótt menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafi tekið þátt í þeim. Það er mjög fátítt að hitta formælanda hennar á förnum vegi. Margt í lagasetningunni er sóknarhug almennings eins og hnífstungur í bakið.

Menn höfðu af foringjum stjórnarflokkanna *á undanförnum árum vordaganna* verið hvattir til athafna. Máske hefur hvatningin verið sprottin af ótta við samkeppni annarra flokka, en hvatning var það samt. Og svo komu hinar stórfelldu verðhækkanir stjórnarflokkanna, lánsfjártakmarkanirnar og vaxtaokrið eins og stungur í bakið á mönnum, sem færzt höfðu í fang það, sem dugandi mönnum sæmir og þeir höfðu verið hvattir til að gera. Með þessum og fleiri sams konar aðgerðum stjórnarstefnunnar er skorið á afltaugar hins almenna

framtaks. Veturinn er kallaður yfir hið gróandi þjóðlíf löngu eftir sumarmál þess. Þið hafið kynnzt þessu sjálfir, hlustendur. Þið hafið fundið kuldann. En frostið á þó enn eftir að stíga hærra og verða bitrara og sárara, eftir því sem það stendur lengur.

Vegna gengislækkunarinnar og söluskattsfargansins hafa vörur stigið stórkostlega og eiga sumar eða flestar eftir að stíga enn. Jón Skaftason, Páll Þorsteinsson og Ingvar Gíslason og fleiri hafa nefnt staðreyndadæmi um verðhækkun á lífsnauðsynjum og atvinnutækjum. Þau dæmi sýna, að margar vörur, sem fólk kemst ekki hjá að kaupa, hækka um þriðjung og meira. Þegar nauðsynjar hækka um þriðjung og jafnvel meira, en tekjur standa í stað eða rýrna vegna almennrar kreppu, tekur fljótt fyrir það, sem hægt er að gera til framfara, og skorturinn kemur til sögunnar.

Stjórnarflokkarnir ákváðu einnig, að draga skyldi úr útlánum banka, svo að almenningur skyldi ekki hafa þangað að leita framkvæmdafjár. Það hljómaði kuldalega, þegar hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði í gærkvöld — og er hann þó ekki kuldalegur maður: Aldrei hefur verið gripið til jafnvíðtækra og samfelldra efnahagsaðgerða hér.

En þetta er alveg satt. Til fullkomins öryggis gegn framfarasókn almennings og til tryggingar því, að frostið stígi nógu hátt, settu þeir útlánsvexti allt upp í 12% og sprengdu með því löggjöfina um bann við okri. Ekki gleymdist heldur að ákveða, að helmingur af aukningu sparifjár í sparisjóðum og innlánsdeildum skuli með valdi fluttur í höfuðbanka ríkisins og bindast þar. Er sú ráðstöfun hatrammleg, sérstaklega gagnvart fólki landsbyggðarinnar. Má segja, að stefna stjórnarinnar í garð landsbyggðarinnar líkist nýlendustefnu. Vil ég í því sambandi líka nefna lækkun verðs á mikilsverðum fisktegundum, sem eru verulegur hluti af afla sjómanna landsbyggðarinnar fyrir vestan, norðan og austan.

Ekki er rétt að ganga fram hjá því, sem kallað er afnám skatta á lágtekjum og aukning fjölskyldubóta, sem stjórnarflokkarnir gera mikið úr á móti kjaraskerðingu. En þegar á það er litið, að afnám tekjuskatts skiptir hlutfallslega litlu fyrir lágtekjumenn, af því að þeir höfðu litla tekjuskatta, en lækkun sú, sem fylgir fyrir hátekjumenn, er margföld, þá sést, fyrir hverja er fyrst og fremst verið að vinna. Einnig verður minna úr gildi nýju fjölskyldubótanna til mótvægis, þar sem mest á liggur, af því að þær eru hlutfallslega miklu meiri hjá því fólki, sem hefur litla ómegð.

Reglur efnahagsaðgerðanna eru samdar með reikningsvélum af sálfræðilausri hagfræði að fyrirsögn kalstefnunnar. En lífið er svo breytilegt og lifandi, að það verður ekki skilið eða reiknað út með þeim hætti. Meðaltalið, sem hampað er í þessu sambandi, hefur lítið að segja. Það hefur t. d. harla litla þýðingu fyrir Pétur, sem hafði engan tekjuskatt áður, þótt Páll fái svo mikla tekjuskattslækkun, að hún verði til jafnaðar á þá báða 10 þús. kr. Eftir sem áður er það jafnmikil staðreynd, að Pétur fékk enga lækkun, en Páll 20 þús. kr. ívilnun. Og efnahagsaðgerðirnar koma jafnilla við fátæka námsmanninn einhleypa, þótt einhver maður, sem á tvö börn, fái allt í einu 5200 kr. í fjölskyldubætur með þeim, að einhverju leyti á kostnað námsmannsins, og þeir teljist síðan til jafnaðar fá 2600 kr. í fjölskyldubætur eftir heildarútreikningum hjá ríkisstj. með aðstoð reikningsvéla og hagfræði.

Nei, hér er gamla sérhagsmunanornin á ferðinni: sá ríki skal verða ríkari og fátæki fátækari.

Reynslan er ólygnust, og hún er strax farin að láta til sín heyra. Hin almennu gróindi efnahagslífsins er hastarlega tekið að kala, og nýgræðingurinn deyr. Úr öllum áttum koma tilkynningar á þessa leið: Ég get ekki keypt nema hluta af áburðinum, sem ég hef pantað og þarf. Ég er hættur við að stofna nýbýlið. Ég er hættur við að kaupa bátinn. Við erum hætt við að byggja íbúðarhúsið. Ég er hættur við að taka við jörðinni af foreldrum mínum. Ég er hættur við að reyna að koma upp fyrirtækinu, sem ég talaði um við þig. Ég er hættur við að fara í skólann. Ég hef sagt jörðinni lausri. Menn tala líka um að selja, selja jarðirnar, húsin, bílana, bátana o. s. frv. Þetta er viðlag daganna á þessu vori. En hverjir kaupa? Fáir verða til þess. Þeir fésterku, sem stjórnarstefnan lætur eiga leikinn, kaupa alls ekki annað en það, sem arðvænlegast er, og þeirra tími til þess er vitanlega ekki kominn strax.

Það, sem á undanförnum árum hefur fyrst og fremst gert almenningi á Íslandi kleift að bæta hag sinn og skapa vordaga í efnahagslífi sínu, hafa verið samtök hans, samvinnusamtökin og verkalýðssamtökin o. s. frv. Þetta veit kalstefnan, og þess vegna beitir hún sér gegn þeim. Hún veit, að þar hefur almenningur skjól fyrir yfirgangi sérhagsmunaaflanna, en þau vill hún efla.

Vísitöluviðmiðunin, sem verkalýðurinn hefur stuðzt við, var bönnuð með lögum, án þess að nokkur tilraun væri gerð til samkomulags um breyt. í framkvæmd. Var með því lögboði gengið harkalega á samningsfrelsi félaganna.

Auðsæilega er ætlunin að lama samvinnufélögin með því að taka með valdi og binda í aðalríkisbankanum fé innlánsdeilda þeirra. Með því er rofin friðhelgi eignarréttar samvinnumanna, því að þetta er rekstrarfé þeirra. Þarna kemur fram nakinn fjandskapur við samvinnufélögin.

Þá liggur einnig fyrir Alþ. stjórnarfrv. til l. um útsvör, sem talið er að liggi þau ósköp á, að ekki sé einu sinni hægt að láta sveitarstjórnir fá það til umsagnar, áður en það verður gert að l., svo sem venjulegt hefur verið um meiri háttar lagasetningu, er sveitarfélögin snertir. Á þar m. a. með lögfestingu víðtæks veltuútsvars að þjarma að félagsmannaviðskiptum í samvinnufélögum og almenningur að verða útsvarsskyldur jafnvel á 3 stöðum gegnum viðskipti samtaka sinna, þó að aðeins

sé um að ræða umboðsstöðvar fyrir framleiðsluvörur þeirra og neyzluþarfir.

Verður nú mörgum að spyrja: Hvar eru Alþýðuflokksmennirnir? Þið heyrðuð til Jóns Þorsteinssonar áðan. Hann telur sig Alþýðuflokksmann! Stjórnarflokkarnir hér á Alþ. virðast orðnir eins og samgrónir tvíburar með svo nátengd taugakerfi, að þegar klipið er í eyrað á öðrum, kveinkar hinn sér engu síður.

Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, reyndi í ræðu sinni í gær að draga fjöður yfir ofstjórn þá, sem felst í skyndisetningu hinna gerræðisfullu útsvarslaga. Hann veit, að hún mælist illa fyrir. Hann greip jafnvel til þess að nefna nöfn framsóknarmanna sem þátttakenda í smíði hennar, þótt þeir hafi lítið nærri henni komið. Svo vinsamlegur er hann ekki í þeirra garð, að hann ætlaði að gera þetta þeim til heiðurs. Hann gerði það til þess að reyna að koma ámæli af sér á aðra. Hann talaði um, að samtök sveitarfélaganna hefðu beðið um löggjöfina. Þau hafa alls ekki beðið um löggjöf sem þessa. En hann sagði alls ekki frá því, að fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem skipa menn úr öllum landsfjórðungum og af öllum stjórnmálaflokkum, samþykkti í fyrra mánuði, að útsvarslagafrv. þyrfti betri athugunar við, og nefndi í ályktun sinni ýmis dæmi og þ. á m. það, að ekki sé rétt, að samvinnufélög greiði útsvör af skiptum sínum jafnt við félagsmenn og utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Engar af bendingum fulltrúaráðsins hefur stj. tekið til greina. Blöð stjórnarflokkanna birtu ekki þessa umsögn sveitarstjórnarmanna, og ráðh. steinþegir um hana. Hann þorir ekki að tala um hana. Hún var samþykkt með 15:1 atkv., og það er hið eina formlega — ég segi: hið eina formlega fram komna atkvæði, sem ráðh. hefur enn sem komið er af að státa frá hálfu sveitarfélaganna. Það var von, að honum væri órótt í ræðunni.

Félagsleg uppbygging og almenningssamtök hérlendis eru svo sterk og svo nátengd gróanda þjóðlífsins, að allar ríkisstj. verða nú orðið að leitast við að samhæfa sig og störf sín þeirri þróun. Að ætla að ganga í berhögg við hana með einræði og ofstjórn, eins og núv. ríkisstj. gerir, er ofviða fyrir hvaða stjórn sem væri. Vinstri stjórnin gerði sér grein fyrir þessu og leitaði samstarfs við samtökin. Með því leitaði hún auðvitað ekki aðeins samvinnu við sína stuðningsmenn, heldur út fyrir hina pólitísku stuðningsflokka sína, af því að sjálfstæðismenn eru vitanlega í þeim samtökum. Og það var rétt.

Stjórnartíð vinstri stj. var tímabil gróanda, af því að sú stjórn starfaði með, en ekki á móti félagsmálahreyfingunum. Þá blómgaðist atvinnulíf og framfarir í sveit og við sjó. En almenningur skildi ekki nógu vel sinn vitjunartíma, og verkalýðurinn hætti að veita stj. nauðsynlegan stuðning, lét æðisgengna stjórnarandstöðu trufla sig. Síðan hefur ýmislegt gerzt og kalstefnustjórn komizt til valda, sem fer öfugt að. Eitthvað þurfti að gera, segir hún. Hvað átti að gera? — Jú, víst þurfti eitthvað að gera. Allvondar snurður þurfti að strjúka af þræði. Við framsóknarmenn bentum á í vetur, að það væri hægt að gera án mikils sársauka fyrir þjóðina, ef allir flokkar tækju höndum saman til þess og ekki væri horfið frá stefnu vors og gróanda.

Hermann Jónasson lýsti í gærkvöld efnahagsmálatill. okkar, og í vetur lögðum við til, að skipuð yrði n. 2 fulltrúa frá öllum flokkum til þess að semja samkomulagstill. í efnahagsmálunum. Stjórnarflokkarnir vildu ekkert slíkt samstarf hafa á Alþ. og leituðu heldur einskis samstarfs við almenning, en settu sína grófu efnahagsmálalöggjöf í trássi við allt og alla með hroka og sjálfbirgingshætti. Stj. lét þingið hætta störfum í nærri 2 mánuði, rak menn sinna eigin þingflokka utan af landi heim eins og krakka, sem sagt er að fara frá, svo að þeir tefji ekki fyrir, heimtar svo eftir hléið, að þeir greiði atkv. með öllu, sem hún leggur fyrir þingið, þó að það brjóti í bága við velfarnað héraða þeirra.

Ekki ómerkari maður en hæstv. núv. dómsmrh. sagði í þingræðu árið 1957 orðrétt þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Fá eða engin mál eru nú rædd meira hér á landi né hafa verið heldur en hin svokölluðu efnahagsmál og sá vandi, sem að steðjar í þeim. Hvaða úrræði sem menn telja þar vænlegust eða hverjar orsakir sem menn telja vera að þeim örðugleikum, sem við er að etja, er það víst og að því er ég hygg óumdeilanlegt, að við þennan vanda verður ekki ráðið, nema skilningur alls almennings á bæði orsökum og úrræðum sé fyrir hendi. Ég veit ekki um neitt málefni, sem síður stoði að löggjafinn einn, Alþ. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hverju sinni eru ákveðnar. Án slíks skilnings kann að vísu að vera hægt að gera ýmiss konar bráðabirgðaráðstafanir, en ef þær eiga ekki þegar í stað að reynast haldlitlar, verða þær að hafa stoð í öflugu almenningsáliti.“

Af þessum orðum Bjarna Benediktssonar má öllum ljóst vera, að hann er þar nákvæmlega á sömu skoðun og fólst í till. okkar framsóknarmanna um nauðsyn samstarfs að úrlausnum efnahagsmálanna. „Ég veit ekki um neitt málefni,“ segir ráðherrann, „sem síður stoði að löggjafinn einn, Alþ. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings.“ Hér er rétt ályktað og ákveðið talað.

En einmitt þetta þrjózkaðist ríkisstj. við að gera. Hún og flokkar hennar tóku sínar byltingarkenndu ákvarðanir og settu harkaleg lög gegn vilja almennings og andstætt skilningi hans. Um það votta hin mörgu mótmælabréf, sem Alþ. hafa borizt, — síðasti fundur L. Í. Ú., nýafstaðin ráðstefna Alþýðusambandsins og maðurinn á götunni. Hæstv. dómsmrh. hefur fyrir fram kveðið upp dauðadóm yfir efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj. Sá dómur hans er réttur, og honum verður ekki hnekkt.

Mannkynið allt stefnir að meira og meira jafnrétti og bræðralagi, þó að afturkippir komi við og við. Íslendingar eru framarlega í þessum efnum. Þrælahaldið kemur hér aldrei aftur. Hjúahald í hinni gömlu merkingu er úr sögunni. Yfirstétt og undirstétt tilheyra liðnum tíma. Hin félagslega menning og félagslega hagþróun, sem stefnir að því að gera alla a. m. k. bjargálna og frjálsa um leið, í beztu merkingu þess orðs, er það afl, sem héðan af verður ekki bugað á Íslandi. Nazismi og línukommúnismi geta tafið fyrir um stundarsakir, en ekki meira.

Álagastjórnin, sem nú situr og ráðið hefur á þessu þingi, spillir gróanda þjóðlífsins eins og kal spillir grund á vondu vori. En grundin grær aftur. Athafnasöm þjóð og framsækin plægir kalsvæðin og sáir í þau. Því fyrr, því betra.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar litið er yfir þróun íslenzkra stjórnmála um nær 2 áratuga skeið, kemur í ljós, að um allar fyrrv. ríkisstj., sem myndaðar hafa verið á þessu tímabili, er þrennt að mestu sameiginlegt:

Í fyrsta lagi: höfuðtilgangur þeirra allra hefur verið að stöðva vöxt verðbólgunnar og skapa framleiðsluatvinnuvegum landsmanna öruggan, heilbrigðan starfsgrundvöll.

Í öðru lagi: öllum hefur þessum ríkisstjórnum, nema ríkisstj. Emils Jónssonar á s. l. ári, mistekizt að stöðva verðbólguna, og allar nema hún hafa til þessa skilað af sér meiri verðbólgu í lok starfstíma síns en þær tóku við í upphafi hans.

Og í þriðja lagi er það sameiginlegt öllum ríkisstj. um nær 20 ára skeið, að allar hafa þær reynzt skammlífar. Mér reiknast svo til, að frá 15. des. 1942 og til þessa tíma hafi verið myndaðar hér 9 ríkisstjórnir, og er því meðalaldur þeirra um 2 ár.

Á þessu 20 ára tímabili hafa allir núverandi þingflokkar tekið þátt í stjórnarstörfum oftar en einu sinni, og allir hafa þeir starfað þar hver með öðrum. Þeir hafa einnig allir verið í stjórnarandstöðu. Reynsla þesara tveggja áratuga af undanhaldi nær allra ríkisstj. í viðureigninni við efnahagsmálin hefur fyrir löngu sannfært þjóðina um, að víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, aukin dýrtíð og vaxandi verðbólga kemur þyngst niður á þeim, sem taka laun sín hjá öðrum.

Launahækkanir koma einnig eftir á, og á verðbólgutímum brenna launahækkanir fljótt í báli vaxandi dýrtíðar. Allir þekkja þá staðreynd, að fleiri krónur í vasann kalla á enn þá fleiri krónur úr honum aftur, séu víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds ekki stöðvaðar. Jafnvægið er því launafólki, vinnandi fólki til sjávar og sveita, þýðingarmeira en öllum öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Ég hygg, að það hafi fyrst og fremst verið þessi reynsla, sem leiddi til þess árið 1956, að flokkar vinnandi fólks í kaupstöðum og kauptúnum, Alþfl. og Alþb., og flokkur bænda og framleiðenda í sveitum landsins, Framsfl., tóku höndum saman og mynduðu ríkisstj. Aðaltilgangur þeirrar stjórnar var að koma á jafnvægi í efnahagsmálum, skapa atvinnuvegum þjóðarinnar öruggan, heilbrigðan starfsgrundvöll og stöðva vöxt verðbólgunnar.

Til að tryggja örugga og heiðarlega framkvæmd þessa höfuðmarkmiðs vinstri stjórnarinnar var ákveðið, að um framkvæmd þessara mála skyldi haft fullt samráð og samstarf við samtök vinnandi fólks og framleiðenda. Vinstri stjórnin fór vel af stað. Hún gerði í upphafi nauðsynlega og skynsamlega hluti í efnahagsmálunum. Þessar aðgerðir þýddu að vísu fórnir fyrir verkafólk, launþega og bændur. En engu að síður var þeim vel tekið. Menn sáu, að hér var um að ræða spor í rétta átt, og vonuðu, að á efnahagsmálunum yrði tekið af festu og ábyrgðartilfinningu, sem leiddi til jafnvægis og stöðvunar dýrtíðar og verðbólgu. En Adam var ekki lengi í Paradís. Allir aðgerðir vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum voru truflaðar á sama hátt og aðgerðir fyrri ríkisstj., og brátt hófst á ný gamla kapphlaupið milli verðlags og launa. Á árinu 1958 var svo komið vegna þessara víxlhækkana, að vinstri stjórnin hafði neyðzt til að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, sem jafngiltu stórfelldari gengislækkun en þekkzt hefur á Íslandi fyrr og síðar.

Á árinu 1958 hækkaði framfærsluvísitalan um 34 stig, og þar með tók verðbólgan eitt mesta heljarstökk, sem hún hefur tekið, og hefur þó oft verið mikið að gert í þeim efnum. Alþfl. vildi láta leggja efnahagsmálin fyrir Alþingi haustið 1958 til meðferðar og úrlausnar. Forsrh., Hermann Jónasson, gat ekki á þetta fallizt. Hann tilkynnti þinginu, að ný verðbólgualda væri skollin yfir, að ríkisstj. væri ekki sammála um nein úrræði og að hin háskalega verðbólguþróun verði með öllu óviðráðanleg, ef samkomulag náist ekki um raunhæfar ráðstafanir þegar í stað. Síðan baðst hann lausnar. Enn ein ríkisstj. til viðbótar hafði gefizt upp. Höfuðstefnumál hennar, stöðvun verðbólgunnar og jafnvægi í efnahagsmálum, hafði mistekizt á sama hátt og hjá mörgum ríkisstj. á undan. Munurinn var aðeins sá, að nú hafði verðbólgan aukizt meir en nokkru sinni fyrr og við blasti stöðvun framleiðslutækja þjóðarinnar. Færustu hagfræðingar lýstu því yfir, að það væri ekki á þeirra færi að reikna út, hversu hátt vísitalan þyti upp á næstu missirum, ef ekki kæmu til nýjar, róttækar ráðstafanir. Það var vitað, að vísitalan mundi næstu mánuðina þjóta upp um 10 stig á mánuði og að þessi hækkun mundi fara vaxandi.

Útlitið var vissulega ekki glæsilegt, þegar Emil Jónsson myndaði ríkisstj. Alþfl. í des. 1958. Sjálfstfl. hafði að vísu heitið að verja stjórnina vantrausti, ef fram kæmi, en sjálfur var Alþfl. fáliðaður og veikur á þingi, og samanlagt höfðu flokkarnir ekki meiri hluta í báðum deildum Alþingis og gátu því af eigin rammleik ekki komið fram lagafrv. gegnum

þingið. Ríkisstj. hafði hins vegar á bak við sig annan stuðning, sem var öllum öðrum þýðingarmeiri og sérhverri ríkisstj. er lífsnauðsyn, ef nokkur tök eiga að vera á að ráða við svo erfið og vandasöm mál sem efnahagsmálin eru, og ekki hvað sízt eftir það öngþveiti, sem þau voru komin í haustið 1958. Þjóðin sjálf gerði sér fyrir því fulla grein, hversu alvarlegt ástandið var, og hún krafðist þess, að ríkisstj. fengi frið til að halda verðbólgunni í skefjum og ráða fram úr vandamálum atvinnuveganna, þar til hægt væri að mynda nýja stjórn að afstöðnum kosningum. Almenningur sá og skildi hættu og alvöru tímans, og almenningsálitið í landinu sló skjaldborg um ríkisstj. og björgunarstarf hennar, það gerði gæfumuninn. Í efnahagsmálunum lofaði ríkisstj. Alþfl. því einu að stöðva vöxt verðbólgunnar, afgreiða hallalaus fjárlög án skatta á almenning, skapa fiskiskipaflotanum starfsgrundvöll, allt þar til hægt væri að mynda meirihlutastjórn að afstöðnum kosningum.

Stjórnarandstaðan lét hins vegar ekki á sér standa að torvelda ríkisstj. björgunarstarfið. Á allan hátt var reynt að rangtúlka aðgerðir ríkisstj. og gera störf hennar tortryggileg. Fullyrt var og þá einkum af framsóknarmönnum, að allar aðgerðir Alþýðuflokksstjórnarinnar væru ekki aðeins marklaust fálm, heldur beinlínis þjóðhættulegar. Fjárlögin áttu að vera fölsuð, bæði tekju- og útgjaldaáætlun, útflutningssjóður átti að vera þess vanmegnugur að standa við skuldbindingar sínar. Ríkisstj. var sökuð um að ausa hundruðum millj. kr. í verðbólguhítina án þess að stöðva verðbólguna, að ógleymdum óreiðuvíxlinum, sem Framsfl. fullyrti að ríkisstj. væri að stofna til. Allt reyndust þó þetta bara orð, innantóm orð, sem reynslan er löngu búin að ómerkja og það svo rækilega, að Hermann Jónasson, sjálfur form. Framsfl., komst að þeirri niðurstöðu í útvarpsræðu sinni í gærkvöld, að svo vel hefði Alþýðuflokksstjórninni tekizt björgunarstarfið á síðasta ári, að með öllu hefði verið óþarft fyrir núv. ríkisstj., er hún tók við, að gera nema smávægilegar viðbótarlagfæringar til að komast fyrir meinsemdir efnahagslífsins. Róttækra aðgerða taldi þessi ræðumaður ekki þörf, svo vel hefði ríkisstj. Alþfl. gengið frá málunum. Það er mjög lærdómsríkt að bera þessa niðurstöðu Hermanns Jónassonar nú saman við allar hrakspár hans og hans flokks fyrir kosningarnar í fyrra.

Það ætti að vera óþarft að taka það fram einu sinni enn, svo greinilega var því lýst yfir við myndun ríkisstj. Alþfl. og ítrekað oft síðan, að stjórnin var stofnuð í þeim tilgangi einum að stöðva vöxt verðbólgunnar og tryggja rekstur atvinnutækja þjóðarinnar, þar til alþingiskosningar hefðu farið fram, og stjórnarskránni breytt og meirihlutastjórn mynduð, er leysti efnahagsmálin til frambúðar. Við þetta fyrirheit var staðið til fulls. En hins vegar var vandi efnahagsmálanna svo stór og öngþveitið svo alvarlegt haustið 1958, eins og enginn hefur lýst betur en Hermann Jónasson sjálfur, að minnihlutastjórn gat ekki verið þess umkomin að leysa þann vanda til frambúðar.

Með ummælum sínum í gærkvöld var Hermann Jónasson að vísu alveg réttilega að ómerkja allar hrakspár og illmælgi Framsfl. í garð Alþýðuflokksstjórnarinnar á s. l. ári. En hann var ranglega að bera hana lofi, sem hún gerir ekki tilkall til, og hæla henni fyrir störf, sem hún tók ekki að sér að leysa. Þessi vinnubrögð eru hins vegar táknræn fyrir Framsfl. Á meðan flokkurinn er að reyna að koma stjórn Alþfl. á kné með því að torvelda störf hennar, fullyrðir flokkurinn, að allar aðgerðir stjórnarinnar séu vitagagnslausar og þjóðhættulegar. Þegar stjórnin er farin frá og því ekki lengur þörf að ófrægja hana og önnur tekin við, sem Framsfl. vill einnig feiga, fullyrðir hann, að fráfarandi stjórn hafi eiginlega skilið svo vel við hlutina, að aðgerðir hinnar nýju stjórnar séu að mestu óþarfar og bein ofsókn gegn þjóðinni.

Þetta minnir átakanlega á þau vinnubrögð, sem Framsfl. viðhafði 1950, er hann bar fram vantraust á stjórn Ólafs Thors fyrir að bera fram gengislækkunartillögur, en gekk síðan að vantraustinu samþykktu í ríkisstj. með Ólafi til þess að framkvæma þessar gengislækkunartillögur.

Ég hygg, að menn sjái hér áþreifanlega mynd af því, með hverjum hætti hefur verið unnið að því að rífa grundvöllinn undan aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálum á liðnum árum.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var þjóðin á vegi stödd eins og maður, sem um langt skeið hefur lifað um efni fram og þess vegna safnað skuldum. Framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar var haldið uppi með bótagreiðslum. Bæturnar, sem greiddar voru á útfluttar vörur, námu að meðaltali 86.7%. Tekna í þessu skyni var aflað með gjöldum af innflutningsvörum, en þau gjöld námu að meðaltali aðeins 68.5%. Mismunurinn, sem þarna myndaðist, var jafnaður með erlendum lántökum og miklum innflutningi hátollavara auk tekna af Keflavíkurflugvelli. Vitað var um s. l. áramót, að auka þurfti bætur fyrir útflutningsvöru verulega, ef atvinnurekstur ætti ekki að stöðvast. Ef halda hefði átt áfram á sömu braut, hefði orðið að auka enn erlendar lántökur og innflutning hátollavara til að mæta hinum aukna halla. Skuldasöfnun erlendis var þegar orðin svo gífurleg, að yfir 10% af gjaldeyristekjunum fóru í að greiða vexti og afborganir til útlanda, og er það eitt hið mesta, sem þekkist í allri veröldinni, enda lán ekki lengur fáanleg með eðlilegum hætti.

Takmörk hljóta og að vera fyrir því, hversu langt er hægt að ganga í innflutningi hátollavara, og hafa undanfarnar ríkisstj. ekki getað staðið við innflutningsáætlanir sínar um hátollavörur. Verst af öllu var þó, að áframhald á sömu braut læknaði ekki efnahagsvandann, heldur þvert á móti jók sóttina. Ber-

sýnilegt var, að nýjar aðgerðir á sama grundvelli og áður kölluðu eftir skamman tíma á enn frekari aðgerðir í sömu átt: meiri erlendar lántökur, meiri hátollavöruinnflutning og hátolla á fleiri og fleiri vörutegundir. Slíkt getur ekki endað nema á einn hátt: með hruni og stöðvun atvinnurekstrar og atvinnuleysi. Ríkisstj. treysti sér ekki til að taka á sig ábyrgðina af slíkum leik. Hún valdi þá leiðina, sem eftir nákvæma athugun okkar færustu manna á þessu sviði leiddi að vísu til nokkurra fórna í bili, en skapaði grundvöll undir blómlegt atvinnulíf, bætta afkomu almennings og jafnvægi í efnahagsmálum, án erlendrar skuldasöfnunar vegna halla á þjóðarbúskapnum.

Í þessum útvarpsumræðum, í blöðum og á mannfundum hefur verið gerð ýtarleg grein fyrir aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég mun því ekki fara frekar út í það hér. Hins vegar þykir mér rétt að minna á, hvers vegna allar ríkisstj. í nær 20 ár hafa talið það meginverkefni sitt að stöðva vöxt verðbólgunnar og hvers vegna þetta hefur að jafnaði mistekizt svo stórlega, á sama tíma sem flestar aðrar þjóðir hafa megnað að leysa þetta vandamál giftusamlega.

Verðbólgan kemur m. a. fram í því, að meiru er eytt en aflað er. Þessari eyðslu er mætt með því að velta byrðunum yfir á framtíðina með skuldasöfnun erlendis. Á árunum 1955—58 hefur þjóðin jafnað umframeyðslu sína með 568 millj. kr. erlendum lántökum og 208 millj. kr. eyðslu að auki af gjaldeyriseignum og myndun gjaldeyrisskulda án þess þó að hafa færzt nokkuð nær því marki að leysa hin efnahagslegu vandamál, heldur þvert á móti. Slíkar áframhaldandi lántökur binda þjóðinni að sjálfsögðu hættulegar klyfjar og stofna fjárhagslegu sjálfstæði hennar í hættu. Stöðvun verðbólgunnar er því sjálfstæðismál þjóðarinnar, og skyldi enginn vanmeta þetta atriði. Inn á við hefur verðbólgan kallað á haftа- og uppbótakerfið og alla þá spillingu, sem því fylgir. Í skjóli haftanna þróast margs konar efnahagsstarfsemi, sem er þjóðarbúinu hættuleg, en gróðavænleg vegna þeirrar aðstöðu, sem höftin veita fáum útvöldum. Auk þess skapa höftin ótal tækifæri til auðgunar með ólöglegu móti og eiga þannig þátt í að holgrafa þjóðfélagið efnahagslega og siðferðilega. Fyrir launþega og allan almenning leiðir verðbólgan til versnandi lífskjara og hlýtur að enda í hruni og atvinnuleysi, ef ekki er að gert í tíma. Það er athyglisvert, að kaupmáttur tímakaupsins hefur aukizt lítið sem ekkert hér á landi á undanförnum árum, en almennur vinnutími orðið sífellt lengri. Launahækkanir hafa verið knúnar fram hvað eftir annað, en ætíð endað á einn veg: í verðhækkunum, sem étið hafa upp mestan eða allan ávinninginn.

Í flestum nágrannalöndum okkar hefur kaupmáttur launa farið ört vaxandi og vinnutími stytzt. Skýringin á þessu fyrirbæri er einfaldlega sú, að í nágrannalöndum okkar hefur verið rekin heilbrigð efnahagsstefna, en hér ræður verðbólgan og kapphlaup verðlags og launa ríkjum. Það er því til mikils að vinna fyrir launþega, ef takast mætti að koma hér á heilbrigðu og sterku efnahagskerfi. Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið mynduð hér ríkisstj. um nær tvo tugi ára, svo að baráttan við verðbólguna væri ekki aðalmarkmiðið, og þetta var tvímælalaust grundvallarsjónarmið vinstri stjórnarinnar.

Erlendar þjóðir hafa vissulega haft við þennan sama vanda að glíma. Nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu komið sínum málum í heilbrigt horf. En hvernig má það vera, að við Íslendingar skerum okkur svo úr, að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar er stofnað í voða og stöðvun blasir við atvinnuvegum okkar um hver áramót? Til þessa liggja sjálfsagt fleiri en ein ástæða. En mér er spurn: Er ekki þáttur stjórnarandstöðunnar á Íslandi í óförum okkar ríkari en flest annað? Hvenær hefur verið reynt að ráða bót á efnahagsvandamálum okkar, svo að stjórnarandstaðan teldi sér ekki skylt að brjóta slíka viðleitni á bak aftur? Í aðeins eitt skipti hefur ríkisstj. tekizt að framfylgja stefnu sinni og halda verðbólgunni niðri, svo sem lofað var. Það var ríkisstj. Alþfl. á s. l. ári. En hvers vegna tókst það? Það tókst eingöngu vegna þess, að þjóðin sjálf gerði sér grein fyrir þeirri hættu, sem hún var stödd í, og stjórnarandstaðan vissi, að þjóðin mundi ekki þola henni að brjóta efnahagsaðgerðir ríkisstj. niður við þær aðstæður.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, hafði fyrrverandi ríkisstj. haldið verðbólgunni í skefjum í bili. En málið var ekki varanlega leyst, síður en svo. Það verður ekki leyst, nema þjóðin taki höndum saman um lausn þess með ríkisstj., sem hefur öruggan meiri hluta á Alþingi á bak við sig.

Núv. ríkisstj. gerir djarfa, en heiðarlega og ábyrga tilraun til að skapa efnahagslífi þjóðarinnar traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en þjóðin hefur átt við að búa að undanförnu, og ríkisstj. gerir tilraun til að bjarga efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Þjóðin hefur þegar sýnt, að hún hefur fengið meira en nóg af öngþveitinu í efnahagsmálum, og hún gerir sér fulla grein fyrir þeirri hættu, sem fram undan er, ef áfram ætti að halda á sömu braut og áður og vixlhækkanir kaupgjalds og launa að hefjast á ný. Þjóðin vill tvímælalaust stuðla að því, að aðgerðir ríkisstj. beri tilætlaðan árangur, og ríkisstj. fer fram á það eitt við þjóðina, að ráðstafanir hennar í efnahagsmálunum fái að sýna sig í raun. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Við sjálfstæðismenn vorum hvorki hrifnir af Hræðslubandalagi né vinstri stjórn. Þó verður að viðurkenna, að þetta voru tilraunir til að brjótast úr þeirri sjálfheldu, sem skapazt hafði í íslenzkum stjórnmálum og þó einkum í efnahags- og fjármálum. Enginn hefur fært gleggri rök fyrir

skaðsemi hennar og þar með því, að úr henni yrði að komast, en hv. þm. Einar Olgeirsson, sem sýnt hefur fram á þýðingarleysi hinnar ófrjóu kauphækkunarbaráttu og síendurteknu verkfalla, sem hafa ekki í meira en áratug veitt launþegum neinar raunverulegar kjarabætur. En báðar þessar tilraunir mistókust: Hræðslubandalagið vegna verðskuldaðs fylgisleysis meðal kjósenda, vinstri stjórnin vegna ósamkomulags og úrræðaleysis valdhafanna. Ömurlegri viðskilnaður hefur aldrei átt sér stað í íslenzkum stjórnmálum en þegar Hermann Jónasson hljóp frá vandanum í desemberbyrjun 1958, og ekki bætir um, þegar Hermann segir nú, að vandinn hafi raunar aldrei verið neinn. Af hverju hljóp hann þá fyrir borð?

Með kjördæmabreytingunni og samvinnu sjálfstæðismanna og Alþfl. var efnt til straumhvarfa. Engum duldist, að það yrði ekki gert erfiðleikalaust. Meginþorri manna í öllum flokkum vissi og viðurkenndi, a. m. k. í orði, að uppbóta- og styrkjakerfið lá eins og mara á þjóðinni og hindraði eða dró stórlega úr eðlilegum framförum og því, að lífskjör almennings bötnuðu með svipuðum hætti og orðið hefur með nær öllum öðrum þjóðum síðasta áratuginn. Á þessum árum skapaðist kyrrstaða hér þrátt fyrir óhemjufé erlendis að og lántökur svo gífurlegar, að þjóðin riðaði á greiðsluþrotsbarmi.

En breytingin varð ekki gerð nema með því að skerða hagsmuni ýmissa, fyrst og fremst atvinnurekenda, er höfðu komizt upp á að velta áhættunni af rekstri sínum á ríkissjóðinn, en hirða sjálfir gróða, ef hann varð. Eins varð ekki umflúið að taka úr sambandi hina sjálfvirku kauphækkunarskrúfu vísitölunnar og treysta á hófsemi launþega um kröfugerð, á meðan á hinni nauðsynlegu breytingu stendur. Við þessum og öðrum fyrirsjáanlegum erfiðleikum kveinkuðu menn sér. Allir reynum við að forða okkur frá óþægindum í lengstu lög. Er mér þó nær að halda, að margir hv. stjórnarandstæðingar og þ. á m. sumir þeir, sem nú þusa mest út af þessum ráðstöfunum, viðurkenni undir niðri, að þær séu í höfuðatriðum réttar, og gremja þeirra stafi ekki sízt af því, að þeir hopuðu sjálfir frá vandanum, á meðan þeirra tækifæri var. Kom þetta skemmtilega fram í ræðu Karls Kristjánssonar áðan, sem valdi stefnu stjórnarinnar heiti, sem mjög minnir á það gælunafn, sem hann lengi gekk sjálfur undir meðal kunningja sinna.

Stjórnarandstæðingar segja nú, að ætlunin sé að gera þá ríku ríkari, þá fátæku fátækari og endurskapa hér það þjóðfélag, sem verið hafi fyrir 1927, þ. e. áður en Framsfl. myndaði í fyrsta skipti stjórn.

Allir, sem muna tímana fyrir 1927 og eru nokkuð kunnugir atburðarásinni á þessari öld, vita, að því fer fjarri, að sérstakir velsældartímar fyrir almenning hafi hafizt hér á því ári. Næstu 13 árin, einkum frá 1934 til 1939, voru þvert á móti um margt sannir vesældartímar. Atvinnuleysisvofan, sem þá herjaði á landslýðinn, ekki sízt verkamenn hér í Reykjavík, var sá bölvaldur, sem aldrei aftur má upp rísa. Það verður að hindra með öllum tiltækum ráðum. Um það má aldrei verða neinn skoðanamunur.

Að sjálfsögðu var það ekki vegna þess, að valdhafarnir frá 1934—39 vildu illa, að svo tókst til sem raun ber vitni. En þeir réðu of oft ekki við verkefnin og trúðu ekki á þau úrræði, sem betur hefðu dugað en hin, sem beitt var. Vandinn í stjórnmálum er ekki sízt sá, að þjóðin fái í senn notið nauðsynlegs frjálsræðis og félagslegs öryggis. Mönnum hefur oft sýnzt, að þetta rækist á. Stjórnmálaágreiningur stafar ekki sízt af því, hvort af þessum sjónarmiðum skuli meira meta. En þetta tvennt er sem betur fer síður en svo ósamrýmanlegt. Galdurinn hér sem oft ella er að láta ekki gamlar kenningar eða hálfsannindi verða sér til trafala, heldur læra af reynslunni. Einmitt í þessum efnum hefur orðið gerbreyting í flestum lýðræðislöndum eftir seinni styrjöldina. Menn hafa lært af fyrri mistökum og ófarnaði. Allsherjarþjóðnýting er t. d. ekki framar skoðuð neitt bjargráð nema af örfáum steinrunnum öfgamönnum. Trúin á höft, bönn og neikvæð ríkisafskipti af atvinnuvegum fer og rénandi, einnig meðal þeirra flokka, sem áður héldu þetta allra meina bót. Á hinn bóginn vinnur skilningurinn á nauðsyn félagslegs öryggis mjög á, jafnvel þar sem enn er mest treyst á einkaframtak.

Afneitun margra sósíaldemókratískra flokka á þjóðnýtingaráformum á annan bóginn og á hinn t. d. viðurkenning brezkra íhaldsmanna á mörgum meginatriðum löggjafar Verkamannaflokksins á árunum eftir stríð eru lærdómar, sem engir mega láta fram hjá sér fara. Ríkisafskipti af efnahagsmálum geta ýmist miðað að því að hefta einstaklinga í athöfnum vegna þess, að menn óttast ófurveldi hinna sterkustu, eða hinu, að greiða götu einstaklinga, ekki sízt hinna bágstöddu, og tryggja, að enginn verði vegalaus. Nefndafargan og skrifstofubákn er ímynd hins fyrrtalda.

Hér á landi hafa framsóknarmenn einkum tekið tryggð við þessi úrræði. Engin ástæða er til að efa, að raunverulegur ótti þeirra við of mikið fjármálavald einstaklinga ráði miklu um þessa afstöðu þeirra. Það vald hefur oft sínar skuggahliðar. En ekki má gleyma, að þær birtast ekki síður, þegar einstaklingar eða flokksklíkur ná ráðum yfir fé og samtökum almennings, eins og dæmin sýna.

Almannatryggingar eru aftur á móti dæmi jákvæðra ríkisafskipta. Þegar nýsköpunarstjórnin beitti sér árið 1946 fyrir lögunum um almannatryggingar, var Framsókn eini flokkurinn, sem lét sér fátt um finnast. Ég minnist þess ætíð, að það var einungis einn framsóknarmaður í Ed., þar sem ég átti þá sæti, sem greiddi atkv. með frv. Það var öðlingurinn Páll heitinn Hermannsson. Hann gerði þessa grein fyrir atkv. sínu:

„Ég tel, að frv. þetta eigi enga hliðstæðu

í íslenzkum lögum aðra en sjálfa stjórnarskrána. Ég álít, að með lagasetningu þessari sé verið að búa til nýtt þjóðfélag, sem að minni hyggju verður betra en það, sem við búum nú við. Þó að undirbúningur málsins sé að ýmsu leyti góður, þá tel ég þó, að hann hefði þurft að vera betri. En þar sem frv. stefnir að mínu viti að fullkomnara þjóðskipulagi, þá segi ég já.“

Þetta sagði Páll Hermannsson. Í þessu þjóðnytjastarfi vildi Páll taka þátt, þótt flokksbræður hans ýmist sætu hjá eða héldu sig utan gátta eins og Hermann Jónasson.

Sagan endurtekur sig. Á þessu þingi hafa verið gerðar meiri endurbætur á almannatryggingum en nokkru sinni fyrr. Hagur gamalmenna og öryrkja hefur stórlega verið bættur, og hinar auknu fjölskyldubætur tryggja betur hag heimilanna en áður hefur verið gert hér á landi og þar með uppeldi æskulýðs. Á allt þetta lítur Framsfl. með algeru skilningsleysi, eins og hlustendur hafa nú heyrt af ræðum allra talsmanna flokksins. Þeir reyna meira að segja að espa upp eigingirni ólífsreyndra æskumanna, sem enn hafa ekki fyrir fjölskyldu að sjá, með því að brýna fyrir þeim, að þeir af þessum sökum verði verr úti en ella. En það er einmitt æskufólkið, sem á mest í húfi um það, að rutt verði úr vegi hinum neikvæðu höftum og hömlum, sem Framsókn hefur ráðið mestu um að lagðar hafa verið á framkvæmdadug og frjálsræði. Með því að leysa einstaklingsfrelsið úr viðjum skapast fyrst og fremst skilyrði til að halda við og bæta um hið nýja og betra þjóðfélag, sem Páll Hermannsson sá fyrir 1946 að mundi rísa með félagslegu öryggi, en foringjar flokks hans virðast enn ekki hafa hugmynd um.

Frelsi einstaklinga er einnig nátengt sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar út á við. Seint verður ofmetin hættan, sem frelsi Íslands stafaði af óreiðuskuldum og lítillækkandi samskotalánum eins og þeim, sem vinstri stjórnin hélt sér uppi með og mjög minna á atferli tyrkneska einræðisherrans, sem nýlega var steypt af stóli. Að þessu var vikið í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins síðast, sem Alfreð Gíslason vitnaði í áðan með því móti að hætta tilvitnuninni, þar sem sýnt var fram á líkinguna við atferli vinstri stjórnarinnar, gagnstætt því, sem nú er.

Kommúnistar tala raunar svo sem sjálfstæði Íslands sé ógnað með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og annarri þátttöku þjóðarinnar í samstarfi lýðræðisríkja. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum. Ætíð þegar möguleikar virðast vera á, að almenningur gleymi þeim hættum, sem steðja að heimsfriðnum vegna ásælni einræðisafla, aðhafast forustumenn kommúnista eitthvað, sem ýtir við mönnum á ný. Valdatakan í Tékkóslóvakíu, árásin á Kóreu, ræðan um Stalin, blóðbaðið í Ungverjalandi og upplausn Parísarfundarins, allt hefur þetta átt og mun eiga ómetanlegan þátt í því að hvetja frelsisunnandi þjóðir til öruggrar samvinnu, á meðan sá andi, sem öllum þessum atburðum ræður, er ríkjandi í öðru mesta stórveldi heims.

Dylgjur kommúnista um, að ríkisstj. skorti fulla einurð og kjark gegn bandalagsþjóðum okkar, eru marklaust hjal. Í þeim efnum er skemmst að minnast afstöðu okkar á Genfarfundinum. Hagsmunir Íslendinga fóru þar ekki saman við það, sem hinar Atlantshafsbandalagsþjóðirnar töldu sér henta. Skoðun mín er raunar sú, að þar hafi þeim missýnzt. En eins og við mátum sjálfir, hvað okkur væri nauðsyn, verðum við að viðurkenna rétt annarra til að dæma um sína hagsmuni.

Þessi ríki höfðu í vetur verulega breytt um stefnu frá því, sem áður var. Við viðurkenndum að vísu ekki, að neinir aðrir eigi sögulegan rétt til fiskveiða innan fiskveiðilögsögu okkar, þó að ekki sé um lengra bil en 10 ár eða einhvern annan styttri tíma. En meginmunur er nú frá því, sem reynt var að fá samþ. 1958, að slík kvöð héldist að eilífu. Eins féllust þessi ríki nú á forréttindi strandríkis og þá ekki síst Íslands til fiskveiða utan við 12 mílur, ef viss skilyrði væru fyrir hendi. Sú samþykkt var raunar ófullnægjandi að okkar skoðun, en er ómetanlegur vegvísir um það, sem koma skal. Hinn eini ríkjahópur, sem var með öllu ófáanlegur til að greiða nokkru slíku atkv., voru kommúnistaríkin. Það er því algert ófugmæli, þegar talað er um þau sem sérstakan bandamann okkar í þessu máli, er við höfum ekki mátt bregðast.

Hernaðarhagsmunir Sovétríkjanna gátu aldrei orðið leiðarstjarna þeirra, sem setja hagsmuni Íslands öllu ofar. Því verður hins vegar ekki neitað, að Sovétríkin sýndu hyggindi í málatilbúnaði sínum á þessari ráðstefnu. Engum, sem þar var, gat dulizt, að þau gerðu frá upphafi ráð fyrir, að atkv. Íslands kynni að ráða úrslitum, eins og raun varð á að lokum. Þess vegna var lagt á það ofurkapp að hindra, að Ísland tryggði sér endanlega viðurkenningu á óskertri 12 mílna fiskveiðilögsögu með samþykki vesturveldanna á því, að hinn sögulegi réttur eða kvöð tæki ekki til okkar.

Því miður skorti vesturveldin víðsýni til að gera þetta, sem þó hefði væntanlega nægt til að forða ráðstefnunni frá því, að þar fékkst engin lögleg samþykkt. Þar voru aðrir betur vakandi, eins og sást af hótuninni um, að ef slík viðurkenning á óskertri 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar fengist, þá mundu skip frá járntjaldslöndunum hefja fiskveiðar innan 12 mílna lögsögunnar og þá í skjóli þess svokallaða sögulega réttar, sem þó var ráðgert að aðrir hefðu viðurkennt að ekki tæki til Íslands. Þessu var hótað, þó að ekkert þessara ríkja hafi stundað fiskveiðar hér með þeim hætti, að þau hafi öðlazt sögulegan rétt, svo sem hann er skilgreindur, og þau hafi öll formlega viðurkennt lögmæti 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar, en mótmælt gildi sögulegs réttar. Þessi ofbeldishótun, sem var borin fram, eftir að Bretar höfðu horfið á brott með

herskip sín, mun lengi í minnum höfð. Hún er enn eitt dæmi þess ofbeldisanda, sem einræðinu fylgir. Ótrúlegast er þó, að íslenzkir menn skyldu láta hafa sig til að flytja hótunina og gera hana að sínum orðum, auðsjáanlega í þeirri trú, að fyrir þeim boðskap mundu allir glúpna.

Íslendingar guggnuðu ekki fyrir vígdrekum Breta 1958—60 fremur en löndunarbanni þeirra 1952—56, og enginn landsmaður hefur mælt þeim ráðstöfunum bót, hvað þá gerzt boðberi þeirra. Allflestir viljum við þó eiga góð samskipti við Breta eins og allar aðrar þjóðir. Fráleitt er, að þótt við metum eigin hagsmuni í landhelgismálinu meira en hernaðarhagsmuni Sovétríkjanna, þá viljum við ekki friðsamleg samskipti, þ. á m. eðlileg verzlunarviðskipti, við þau.

Ein af síðustu ráðstöfunum mínum sem utanrrh. 1953 var að gera umfangsmikla viðskiptasamninga við Sovétríkin, en slíkri samningsgerð hafði verið hafnað af þeirra hálfu síðustu ár Stalinstímabilsins. Þá eins og nú var enginn efi á því, að eðlileg viðskipti við Sovétríkin eru Íslandi hagkvæm. Í gær voru sögur af því sagðar, að erlendir bandamenn Íslendinga vildu fá okkur til að hætta þessum viðskiptum. Enginn þeirra hefur látið það uppi í mín eyru, enda mundi ég skjótlega hafa frábeðið mér slíka afskiptasemi af okkar eigin málum. Undanlátssemi við annarlega íhlutun, hvað þá ofbeldi eða ofbeldishótanir, hefur aldrei orðið Íslendingum til góðs, hvorki í skiptum við aðrar þjóðir né í innanlandsmálum.

Á sama veg og okkur ber að halda í heiðri bæði frjálsræði og félagslegu öryggi, megum við aldrei missa virðingu fyrir lögum og rétti. Enginn hópur, hversu voldugur sem hann telur sig, má með ofbeldi rísa gegn löglegum ákvörðunum þeirra stjórnarvalda, sem sett eru með lýðræðislegum hætti til að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar. Á meðan verið er að brjótast út úr fyrri sjálfheldu og ryðja brautina fram á við, finnst áreiðanlega ýmsum að sér hert. Sjálfsagt er, að menn segi frá því og geri samþykktir um það, sem þeim þykir miður fara, því að hver er sjálfum sér næstur. Hæfilegt aðhald og heilbrigð gagnrýni er okkur öllum holl. En ekki þarf að hvetja núverandi ríkisstj., hvorki til að hindra óþarfar kjaraskerðingar né til að bæta raunverulega kjör almennings, strax og fært er. Til þess vill hún gera allt, er í hennar valdi stendur, og vonandi láta engir undan freistingunni um að grípa til óyndisúrræða. Hvað sem í kann að skerast, verður nú ekki staðið í stað né aftur snúið án þess að lenda í miklu verri ófæru en nokkru sinni fyrr.

Hin þrautseiga íslenzka þjóð hefur yfirstigið marga miklu alvarlegri örðugleika en þá, sem nú er við að etja. Hagnýting nútímaþekkingar, vísindi og tækni, tryggð við hugsjónir frelsis og félagsöryggis mun ásamt meðfæddum manndómi þjóðarinnar gefa henni kraft til að ryðja sér braut til betri tíma. Þá mun enginn óska sér þess að hafa verið utan gátta, hvað þá reynt að spilla því viðreisnarstarfi, sem nú stendur yfir. Og ef einhverjum vex í augum það, sem hann þarf um sinn að leggja af mörkum til að tryggja atvinnu og velmegun þjóðarinnar inn á við, en sjálfstæði hennar og virðingu út á við, þá er hollt að minnast þess, að mikið skal til mikils vinna. — Góða nótt.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., ræddi hér í gær í byrjun ræðu sinnar um afstöðu þeirra Hermanns Jónassonar og Lúðvíks Jósefssonar á Genfarráðstefnunni nýlega. Komst hann svo smekklega að orði að kalla framkomu Lúðvíks Jósefssonar þar einbera Rússaþjónkun. Hæstv. dómsmrh. kom inn á þetta líka mjög í sama dúr nú rétt á undan mér, svo sem hlustendur hafa heyrt. Líklega telur þessi þm. og þessi ráðh. óhætt að skáka hér í því hróksvaldi, að þeir vita, að Lúðvík Jósefsson er enn þá erlendis að leita sér lækninga og getur því ekki svarað hér fyrir sig sjálfur. En það er hægt í fáum orðum að skýra megindrætti mála á Genfarráðstefnunni. Þeir megindrættir voru svo skýrir, að það þarf ekki langan tíma til, og raunverulega vita Birgir Finnsson og hæstv. dómsmrh. betur en þeir hafa látið í veðri vaka.

Á þessari ráðstefnu voru tvær andstæðar fylkingar. Önnur var samsett af öllum ríkjum sósíalismans og nokkrum öðrum, er nýlega hafa öðlazt frelsi, ný ríki, sem hafa losnað úr klóm hinna vestrænu auðvaldslanda á síðustu árum. Hjá þessari fylkingu var allt okkar traust í landhelgismálinu og hefur alltaf verið. Án þessa stuðnings blasti við okkur ósigurinn einn og ekkert annað. Þessi fylking hélt fram 12 mílna almennri landhelgi og óskertri fiskveiðilandhelgi með viðurkenningu um rétt strandríkis í ýmsum tilfellum utan 12 milna. Í hinni fylkingunni voru öll okkar vestrænu vinaríki. Þar voru í broddinum gömlu auðvaldsstórveldin: Bretland, sem hefur haldið uppi sjóhernaði við okkur í nærri 2 ár, og Bandaríkin, sem bitu okkur í bakið á fyrri ráðstefnunni í Genf 1958, eins og Morgunblaðið komst þá að orði. Þessi fylking barðist hatramlega á móti okkur. Hún barðist fyrir 6 mílna almennri landhelgi og mjög skertri fiskveiðilandhelgi, og forusturíkin lýstu því meira að segja yfir, að þau vildu helzt ekki hafa hana nema 3 mílur. Þetta var sem sé lýðræðisfylkingin. Í blaðaviðtali hefur Hermann Jónasson lýst vinnubrögðum þessarar fylkingar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Áróðurinn og bakferlin af hálfu andstæðinga Íslands í landhelgismálinu voru furðuleg. Það voru notuð blíðmæli, lof, hótanir og aðrar aðgerðir. Allt var við það miðað að fá 2/3 atkv. ráðstefnunnar með bræðingnum, hvernig sem atkv. voru fengin."

Klofningur íslenzku sendinefndarinnar skeði út af því einu, að meiri hl. hennar samþ. að bjóða þessari fylkingu atkv. Íslands til

kaups. Hún skyldi hjálpa þessari fylkingu til þess að samþ. 6 mílna regluna fyrir allar aðrar þjóðir veraldar, ef þeir fengju í staðinn samþ. loðna, óákveðna till. um, að Ísland fengi eitt allra ríkja sérréttindi utan þessara 6 mílna. Þá var Ísland reiðubúið að svíkja alla sína samherja, þrátt fyrir það að vitað var, að 12 mílna blokkin var nógu sterk, ef hún bara hélt saman. Þessu neituðu þeir Lúðvík og Hermann.

En svarið, sem meiri hluti n. fékk, var þetta: Nei, við viljum ekki kaupa ykkur, því að ef við metum ykkur til verðs, þá töpum við öðrum, sem okkur eru meira virði, svo að það borgar sig ekki fyrir okkur.

Þrátt fyrir þessa háðulegu útreið hélt íslenzka sendinefndin eða meiri hl. hennar samt áfram með till. og lét fella hana. Hvað skyldu þeir vera margir af reyndustu stjórnmálamönnum veraldar, sem botna í slíkri utanríkispólitík?

Nú féll bræðingurinn með aðeins eins atkv. mun. Það þýðir, að ef andstæðingar okkar hefðu virt meiri hluta íslenzku sendinefndarinnar til nokkurs verðs og samið við hana, þá hefði hún og þar með Ísland borið ábyrgð á því, að 6 mílna reglan hefði orðið samþ. sem alþjóðalög. Hvað haldið þið nú, hlustendur góðir, að heiður Íslands hefði verið hátt metinn á vettvangi milliríkjaviðskipta í heiminum, ef sá hefði orðið endir á okkar baráttu fyrir 12 mílna landhelginni?

Ég ætla, að þetta sé nokkurn veginn nægilegt svar til herra Birgis Finnssonar og dómsmrh. Bjarna Benediktssonar. — Annars erum við sósíalistar orðnir því svo vanir að vera kallaðir Rússaþjónar fyrir það eitt að vilja ekki vera með í að afhenda erlendum stórveldum Ísland með gögnum og gæðum þess og sál og sannfæringu þjóðarinnar í kaupbæti, að við erum hættir að kippa okkur upp við slíkar ásakanir.

Í útvarpsumr. um efnahagsmál, sem fram fóru hinn 15. febr. s. l., komst 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, þannig að orði, að það væri annað að hafa lært hagfræði og kunna á reikningsstokk en að kunna á vél atvinnulífsins á Íslandi. Sannleiksgildi þessara orða er nú að sýna sig svo áþreifanlega í afleiðingum þeirra ráðstafana, sem samþ. voru á s. l. vetri, að hver maður finnur. En það hefur verið rakið svo vel af ræðumönnum Alþb. hér í þessum umr. á undan mér, að ég þarf litlu við það að bæta. En mér komu einmitt þessi orð í hug í gærkvöld, þegar ég hlustaði á ræðu hagfræðings Sjálfstfl., 6. landsk. þm., Birgis Kjarans, og raunar líka ræðu hæstv. viðskmrh., og það er annar þáttur þessa máls, sem verður ekki komizt hjá að gera nokkuð ýtarleg skil, einkum vegna þess, að þessir þm. báðir ræddu sérstaklega um hið marglofaða nýfengna verzlunarfrelsi.

Það hefur áður verið bent hér á það, hver áhrif þessar ráðstafanir hafa á utanríkisverzlun okkar og samdrátt hinna beztu markaða og þar af leiðandi stórhættu á minnkun framleiðslunnar. Hér er komið að þeim kjarna málsins, sem fólginn er í hinni marglofuðu vestrænu samvinnu bæði á hernaðar- og viðskiptasviði, og nú er aftur að sýna sig, hve röng var sú stefna að flækja Íslandi inn í þau samtök, þó að hæstv. dómsmrh. væri að lofsyngja það hér áðan.

Þegar frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál var til meðferðar hér í þingi fyrir rúmum mánuði, komust umr. inn á viðskipti okkar við Efnahagsstofnun Evrópu, en hún er, sem kunnugt er, ekkert annað en hluti af Atlantshafsbandalaginu og hún annast hina efnahagslegu og viðskiptalegu hlið á starfsemi þess. Aðalefni þessa frv., sem nú er orðið að lögum, er það að gera innflutningsverzlunina frjálsa. Í þeim umr. gaf núverandi viðskmrh. þessa yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar við gerðumst aðilar að Efnahagsstofnun Evrópu fyrir 12 árum, skuldbundum við okkur til þess að gefa verzlunina frjálsa við þau ríki önnur, sem eru aðilar að henni, sem nemur um 80—90%. Þessa skuldbindingu höfum við aldrei getað staðið við. Þessar ráðstafanir gera okkur fært fremur en nokkru sinni fyrr að efna þessa skuldbindingu.“

Hér liggur þá fyrir a. m. k. óbein yfirlýsing sjálfs viðskmrh. um það, að þessar ráðstafanir séu að verulegu leyti gerðar til þess að þóknast þessari erlendu stofnun og efna þetta 12 ára gamla loforð. En hvers vegna höfum við ekki efnt það fyrr? Einfaldlega vegna þess, að enginn viðskmrh. og engin stjórn, sem að völdum hefur setið öll þessi ár, hefur treyst sér til að krefja þjóðina um þær fórnir, sem það kostar. Ef hlustendur skyldu efa það, að hér sé rétt ályktað, þá skal ég færa fleiri rök. Þess er vert að minnast, að í nóvembermánuði s. l. var staddur hér í Reykjavík sjálfur forstjóri þessarar stofnunar. Hv. þm. Alfreð Gíslason minntist svolítið á hann í ræðu sinni hér áðan. Þessi forstjóri hélt hér fyrirlestur í hátíðasal háskólans og ræddi um viðskiptahorfur Íslendinga í Vestur-Evrópu, og síðan var þessi fyrirlestur birtur í efnahagsmálatímariti Landsbanka Íslands, sem Fjármálatíðindi heitir. Mál sitt hóf forstjórinn með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil fyrst af öllu taka það fram, að við (þ. e. leiðtogar Efnahagssamvinnustofnunarinnar) hörmum það mjög, hversu utanríkisviðskipti Íslands hafa í síauknum mæli beinzt frá löndum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Fyrir stríð fór um 80% af útflutningi Íslands til Vestur-Evrópulanda og greiðslusvæða, sem þeim voru tengd. Árið 1949 var ástandið mjög svipað. En síðan hefur utanríkisverzlun ykkar beinzt mjög ört að vöruskiptalöndum, svo að nú fara ekki nema 40% af útflutningi ykkar til Vestur-Evrópulanda og bandalagslanda þeirra, og jafnframt því sem útflutningur ykkar hefur minnkað, hefur innflutningur ykkar frá Vestur-Evrópu einnig minnkað.“

Lítum nú fyrst á, hvað það var, sem forstjórinn var að harma. Árið 1949 bjuggum við við þessi gósenviðskipti, að kringum 80% af út-

flutningnum voru seld til Vestur-Evrópulanda og bandalagslanda þeirra, eins og forstjórinn komst að orði og taldi svo ágætt. Þá höfðum við gengið í Atlantshafsbandalagið og Efnahagssamvinnustofnunina. Við nutum Marshallgjafa í ríkum mæli, enda hafði tekizt að eyðileggja með þessum ráðstöfunum þá markaði, sem við höfðum fengið í Sovétríkjunum að lokinni styrjöldinni. En hver er sá, sem kominn er til vits og ára og ekki man líka fylgifisk þessara aðgerða, markaðskreppuna miklu, er neyddi þáverandi ríkisstj. til þess að banna beinlínis að framleiða nema visst magn af helztu útflutningsvörum okkar, og hefðu þó markaðsvandræðin orðið enn þá meiri, ef síldveiðin hefði ekki brugðizt hvert árið af öðru? Að vísu liðum við engan skort, því að það, sem á vantaði, að heiðarleg framleiðsluatvinna hrykki fyrir fjárhagslegum þörfum þjóðarinnar, var bætt upp með Marshallgjöfum og hernámstekjum. Það var á þessum árum, sem þjóðin komst svo langt niður efnahagslega, að þessir tveir síðastnefndu tekjuliðir urðu til samans um það bil helmingur á móti tekjum af útflutningsframleiðslunni, eða nánar sagt nærri þriðjungur af öllum gjaldeyristekjunum. Þetta voru þeir tímar, sem voru bezt að skapi hinna vestrænu vina, leiðtoga Atlantshafsbandalagsins og Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Þessar aðstæður voru þeim hagstæðar, en að sama skapi óhagstæðar og niðurlægjandi fyrir okkar þjóð, og þá höfðum við, eins og forstjórinn sagði, 80% af viðskiptum okkar við lönd þessara stofnana. Þegar komið var fram á árið 1953, treysti þáv. stjórn sér blátt áfram ekki til að halda þessum málum áfram á sama hátt. Þess vegna var leitað eftir samningum við vöruskiptalöndin í Austur- og Suðaustur-Evrópu, eins og hæstv. dómsmrh. minntist á áðan, og það sýndi sig strax, að þangað var hægt að selja framleiðslu okkar fyrir ágætt verð, ef við vildum aðeins uppfylla það eina eðlilega skilyrði að verzla við þessi lönd í staðinn. Þessi viðskipti losuðu strax um verstu hnútana, þótt ekki væri byrjað í stórum stíl, og þegar vinstri stjórnin tók við völdum, var Lúðvík Jósefsson ráðherra bæði sjávarútvegsmála og viðskiptamála. Þá voru þessi viðskipti enn aukin, og fyrir hans forgöngu var farið inn á þá braut, sem ýmsar þjóðir, t. d. Norðmenn, höfðu farið á undan okkur, að gera vöruskiptasamninga til margra ára í einu. Þetta viðskiptafyrirkomulag tryggði framleiðsluna betur en nokkru sinni hafði verið gert áður, og auðvitað jafnframt tryggði það betur hagsmuni þjóðarinnar í heild. Hver var svo árangurinn af þessu? Árið 1953, þegar markaðskreppan var komin í algleyming, áður en losað var um viðskiptin austur, nam útflutningsframleiðslan öll 706.3 millj. kr. Í viðbót við þetta kom svo hermangs- og gjafafé á fjórða hundrað millj., sem eins og fyrr er sagt var um það bil þriðjungur af öllum gjaldeyristekjum þjóðarinnar. En hvernig var svo árið 1958, þegar þessi þróun hafði orðið í 4—5 ár? Árið 1958 hafði Alþb. líka verið 2 ár í ríkisstj. og einmitt stjórnað þessum tveimur stóru málaflokkum. Þá voru tekjur af útflutningi 1069 millj. kr. Þær höfðu aukizt síðan 1953 um 363 millj., meir en þriðjung, eða ámóta upphæð og gjafa- og hernámsfé samtals var þau árin, sem það var sem allra mest. Ég bið ykkur, hlustendur, að taka eftir því, að árið 1958 framleiddum við 1 millj. kr. á dag meira en á hverjum degi árið 1953, þar með taldir allir helgidagar ársins. Aftur á móti höfðu tekjur af hermanginu minnkað verulega eða svo, að þær voru ekki orðnar nema milli 2/3 og 3/4 af því, sem þær höfðu verið, þegar þær voru mestar. Þannig vorum við þetta ár á góðri leið með að ná efnahagslegu sjálfstæði á þann eina hátt, sem talizt getur eðlilegur, þ. e. að vinna fyrir okkur með heiðarlegum framleiðslustörfum, og það byggðist auðvitað á því, að við höfðum eignazt næga markaði í hinum sósíalistísku vöruskiptalöndum í Austur-Evrópu, og þeirri þróun í viðskiptamálum okkar, að nú fóru ekki nema 40% af útflutningsvörum okkar til landa Efnahagssamvinnustofnunarinnar í staðinn fyrir 80% áður. Hitt vita svo allir, að þessir markaðir eru háðir því, að við kaupum vörur í staðinn, og það er þetta, sem forstjóri Efnahagssamvinnustofnunarinnar var að harma, enda mun fleira hafa komið til, svo að þeim herrum í Reykjavík, París og Washington mun ekki hafa farið að lítast á það, sem hér var að gerast, og nú skal ég benda á það.

Sá atburður gerðist vorið 1958, að við víkkuðum landhelgi okkar út í 12 mílur, þvert á móti hinni hatrömmu baráttu vesturveldanna, en þá baráttu þekkjum við öll. Mun nú ekki hinum vestrænu húsbændum og velgerðarmönnum, sem þóttust raunverulega eiga þessa þjóð, hafa þótt kynlega vera farið að bregða við og hugsað til ársins 1951, þegar það skeði, að klíkufundur þriggja stjórnarflokka, sem kallaði sig Alþingi, hlýddi skipunum að óska eftir bandarískri hersetu hér? Munu þeir ekki hafa látið sér detta í hug, að þær 363 millj., sem við höfum aukið framleiðslu okkar á þeim árum, sem liðin voru síðan, kynnu að hafa gert okkur dálítið öruggari, dálítið sjálfstæðari í hugsun og jafnframt dálítið hortugri í þeirra eigin garð? Svo mikið er víst, að tvær ferðir hefur forstjóri Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu gert sér frá París hingað síðan með stuttu millibili, og það var í hinni síðari, sem hann flutti þetta fræga erindi, sem ég hef verið að vitna hér í.

Og þá ætla ég að víkja að þeim atriðum í erindinu, sem hann kallar hinar eiginlegu viðskiptahorfur Íslendinga í Vestur-Evrópu og gefur síðan ríkisstj. fyrirskipanir. En ekki gat hann bent okkur á neina aukna markaðsmöguleika í þessum ágætu löndum Vestur-Evrópu, sem er nokkuð á að byggja. Hann segir í þess stað hinni íslenzku ríkisstj. fyrir, hvað gera skuli í efnahagsmálum okkar, til þess að allt geti komizt aftur á gamla viðskiptagrundvöll-

inn frá 1949, og fyrirskipanir forstjórans voru þessar, — ég ætla að lesa þær, með leyfi hæstv. forseta, og ég ætla að biðja ykkur, hlustendur góðir, að athuga vel um leið, hvort þið finnið ekki sjálf skyldleika með þessum till. forstjórans á þessum fundi í hátíðasal háskólans og efnahagsráðstöfunum ríkisstj., — ég skal lesa það lið fyrir lið: „1) Útgjöld til neyzlu verða að aukast hægar en verið hefur." Finnur einhver skyldleika með þessu og kjaraskerðingunni? „2) Bæta þarf afkomu ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja." Finnur einhver skyldleika með þessari till. og hinum geipilega söluskatti t. d. og öðrum skattaálögum? „3)Beina þarf einkafjárfestingu meira að þeim þáttum, sem þjóðfélaginu eru hagkvæmastir." Þetta ákvæði geta kannske flestir samþykkt, en það virðist sízt ætlað til framkvæmda. „4) Takmarka þarf útlán bankanna." Þetta er ein af höfuðráðstöfunum ríkisstj. og flokka hennar. „5) Draga þarf úr hinni nánu tengingu milli smásöluverðlags, launa og verðlags landbúnaðarvara." Hvað finnið þið, hlustendur, fólgið í þessu annað en það, sem hefur verið gert, afnám vísitölunnar? „6)Lagfæra þarf fjárhagskerfið þannig, að þeir, sem framleiða til útflutnings, þarfnist ekki aðstoðar ríkisins." Hvað er fólgið í þessu annað en það að afnema útflutningsbæturnar, eins og nú hefur verið gert. „7) Gera verður innflutninginn frjálsan, að svo miklu leyti sem frekast er unnt." Þetta er sjöunda atriðið, og það er búið að semja heil lög á Alþ. sérstaklega til þess að koma þessu í kring.

Þannig eru ráðstafanir þær, sem ríkisstj. og flokkar hennar hafa samþykkt í vetur. Þær eru fyrirskipaðar lið fyrir lið af Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, af forstjóra hennar hér í hátíðasal háskólans í Reykjavík, í sama fyrirlestrinum sem hann var að harma það, að sú þróun hefði gerzt hér á árunum 1953—58, sem hafi aukið útflutningsvörur okkar um 363 millj. eða um þriðjung. Og yfirlýsing viðskmrh. um það, að þessar ráðstafanir geri okkur meira fært en nokkrar aðrar að efna hina 12 ára gömlu skuldbindingu við Efnahagssamvinnustofnunina um frjálsa verzlun, sýnir betur en nokkuð annað, hvernig nú á að þjarma að okkur og reyna að koma okkur í sömu aðstöðu og við vorum þá í. Hún sýnir betur en nokkuð annað, hvernig á nú að ná aftur á okkur tökunum frá 1949, sem voru svo mikið farin að slakna árið 1958, að flestir, sem eitthvað skildu í pólitík okkar og ástæðum, höfðu fulla von um það, að við losnuðum úr þeim að fullu og öllu. En það er ekki aðeins, að þetta sé fyrirskipað. Til þess að létta stjórninni framkvæmdina fyrst í stað er boðið upp á 800 millj. kr. lán, sem þó má ekki fara í framkvæmdir, ekki í uppbyggingu atvinnulífsins, — eingöngu til eyðslu. Auðvitað léttir þessi lántaka fyrir okkur að lifa flott, á meðan verið er að smeygja gömlu böndunum á okkur aftur, og við þessu agni hefur verið ginið. En hvernig haldið þið, að okkur gangi að greiða þetta lán aftur, ef við lendum aftur í þeirri viðskiptaaðstöðu, sem við bjuggum við árin 1949—53, en það er það, sem okkur er ætlað af þessari stofnun? Megi gifta hinnar íslenzku þjóðar verða svo mikil, að takist að afstýra slíku óláni. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er rangt, að till. frá Alþfl. um 20% hækkun á tryggingabótum hafi verið felld í vinstri stjórninni. Það var Framsfl., sem samþykkti alþýðutryggingalöggjöfina með Alþfl. 1936. Þá urðu straumhvörf í þjóðlífi Íslendinga. Menn beri þetta saman við túlkun Bjarna Benediktssonar um afstöðu flokkanna til alþýðutrygginga.

Talsmaður Alþfl., Jón Þorsteinsson, var að tala um ábyrgðarlausar till. í fjármálum af hendi framsóknarmanna. Framsóknarmenn lögðu fram 90 millj. kr. útgjaldatillögur við fjárl. til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda, en tekjuáætlun fjárl. er á fjórum liðum 250 millj. kr. lægri en tekjurnar hefðu orðið 1958. Það var tilraun til, að ráðstafað væri hér til þarflegra hluta meira af ríkistekjunum en ríkisstj. vildi.

Í landbúnaðarmálum hefur verið lesin hér afrekaskrá hæstv. ríkisstj. af einum þm. Þar var ekki um auðugan garð að gresja, eins og bezt sést á því, að þar voru til afreka taldar í landbúnaðarmálum brtt. við vegalögin, sem voru ekki samþykktar. Þá er ekki borið á móti því, að stefna ríkisstj. sé þungt áfall fyrir bændur, en það er helzt borið fram, að það sé jafnilla farið með hina. Er ekki hátt risið á þeim málflutningi.

Hæstv. landbrh. telur sér það helzt til gildis, að Sjálfstfl. heyktist á því að fylgja fram til frambúðar brbl. um afurðaverðið. En það var ekki þeirra dyggð, að þeir bognuðu fyrir baráttu Framsfl. og Stéttarsambandsins, og e. t. v. sýnir ekkert betur en einmitt meðferðin á brbl., hversu háskalegt það væri, ef Framsfl. væri ekki til þess að berjast fyrir þeim málefnum og Stéttarsambandið.

Ömurlegt var að heyra til Birgis Finnssonar alþm., þegar hann sagði, að Hermann Jónasson hefði ekki verið heill í landhelgismálinu. Og ástæðan: Að Hermann taldi rangt að farið að flytja í Genf brtt. við bræðinginn um undanþágu fyrir Ísland frá sögulegum rétti, sem fyrirsjáanlegt var að yrði felld með stórfelldum atkvæðamun og viðbúið að bræðingurinn yrði síðan samþykktur á eftir. Sér voru hver óheilindin að vilja afstýra slíku! Svona málflutningur dæmir sig sjálfur og er þeim verstur, sem honum beita og hafa svo á vörunum um leið tal um einingu og frið í landhelgismálinu. Mörgum mun vafalaust finnast, að alþm. úr stjórnarliðinu fyrir Vestfirði og þar á ofan formaður Kaupfélags Ísfirðinga hefði þurft að nota ræðutíma sinn til annars en að flytja slíkar dylgjur.

Í þessum umr. hefur komið fram yfirlit um stjórnarstefnuna og það helzta, sem stjórnin hefur aðhafzt. Er ekki ofsagt, að þessar aðfarir ríkisstj., sem lýst hefur verið, hafa komið

yfir þjóðina sem reiðarslag, og það mun sannleikanum samkvæmt, að fáir verða til þess að mæla bót þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gripið til.

Krónan hefur verið felld um 50%, og jafnframt hafa verið lögfestar meiri nýjar álögur til ríkissjóðs en nokkru sinni áður hafa komið til greina, eða a. m. k. 450 millj. miðað við heilt ár. Allar þessar stórfelldu nýju álögur eru hnitmiðaðar þannig, að þær komi niður á notaþörfum almennings og vörum til nýrra framkvæmda. 3% nýr söluskattur hefur verið innleiddur víðtækari en nokkru sinni fyrr, 8.8% söluskattur innleiddur á aðfluttar vörur og ekki aðeins reiknaður af innkaupsverði varanna, heldur einnig ofan á alla tolla, sem fyrir voru. Skattur á benzín er hækkaður gífurlega, um marga milljónatugi, án þes að nokkur ný átök eigi sér stað í samgöngumálum. Og ofan á þetta hefur verið bætt stórkostlegri vaxtahækkun, bæði á fjárfestingarlánum og eins í almennum viðskiptum, og lánstími fjárfestingarlána styttur. Verklegar framkvæmdir fá tiltölulega minna af ríkistekjum en nokkru sinni fyrr, þótt þær séu hærri en nokkru sinni áður, og munu því dragast saman, á sama tíma og hinum gífurlegu nýju álögum er dembt yfir þjóðina. Vottar ekki fyrir nokkrum ráðstöfunum til sparnaðar, en efnt til stórfelldrar útþenslu í ríkisstarfrækslunni: Nýtt efnahagsmálaráðuneyti stofnað með starfsliði, boðuð ný stofnun með miklu starfsliði til að hafa eftirlit með öllum hinum, og nýjum hersveitum starfsfólks verður að bjóða út á næstunni til að annast flóknari og meiri skattheimtu og uppbótagreiðslur með ýmsu móti en nokkru sinni fyrr. Hverri silkihúfunni er hlaðið á aðra ofan til eftirlits með hinum „frjálsu" viðskiptum, og þannig mætti lengi telja. Ofan á þetta hafa menn svo fengið fyrirheit fjmrh. í gærkvöld um framhald í haust: að festa þá álögurnar í frambúðarlöggjöf. En til þess að draga úr skattsvikum og gera skattakerfið einfaldara fann ráðherrann upp það snjallræði að innleiða söluskattinn. Framkvæmdalántökur og ríkisábyrgðir til stuðnings uppbyggingar víðs vegar um land eru fordæmdar, en heimilda er aflað til þess að taka gífurleg eyðslulán erlendis. Samvinnusamtök almennings í landinu ofsótt til að reyna að fyrirbyggja, að þangað hafi menn skjóls að leita undan þvingunar- og samdráttarstefnu ríkisstj. Á það að verða einna áhrifaríkast að taka með valdi inn í bankakerfi landsins helming þess fjár, sem almenningur vill leggja í félögin sem rekstrarfé handa þeim í innlánsdeildir.

Við þetta á svo að bæta útsvarslöggjöf, þar sem lögfesta á veltuútsvarsfarganið, sem núv. hæstv. fjmrh. hefur staðið manna mest fyrir að innleiða og legið hefur eins og mara á allri framleiðslu og öllu atvinnulífi í landinu og skapað öryggisleysi og hróplegt misrétti. Úrræði þessa hæstv. ráðh. í tekjumálum sveitar- og bæjarfélaga er að flytja þennan ódrátt með sér upp í stjórnarráðið. Og kerfi þetta á að útfæra meira en nokkru sinni fyrr, og mun því fylgja enn nýr skattur á þúsundir heimila viðs vegar um land. Með nýju útsvarslöggjöfinni á einnig að tryggja, að útsvarslækkun sú, sem verða kann vegna söluskatts til sveitar- og bæjarfélaga, komi nær eingöngu þeim til góða, sem hæstar hafa tekjurnar. Mótmælunum rignir yfir Alþ. út af þessum óskapnaði, og meðal þeirra, sem mótmæla, er sjálft fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er ekki furða, þótt hæstv. fjmrh. hafi beyg af þessu, enda leyndi það sér ekki í gærkvöld. Gekk þetta svo langt, að ráðh. var að koma því inn hjá mönnum, að tveir framsóknarþingmenn væru mjög við þetta mál riðnir, enda þótt þeir hafi hvergi nærri komið — nema einu atriði málsins ásamt fleiri oddvitum. Var þetta ekki drengilegt af hæstv. ráðh. og ekki hægt að afsaka slíkt, jafnvel þótt hann sé hræddur við málið.

Útsvarsmálið er einnig í samræmi við þá stefnu ríkisstj., að hvergi vottar fyrir minnstu tilraun í öllu þessu álagaflóði til þess, að þeir, sem grætt hafa á verðbólgunni og mest hafa gjaldþolið, greiði nokkurn skapaðan hlut umfram hina. Þvert á móti eru álögur á þá stórlækkaðar.

Álögur og verðhækkanir, sem af ráðstöfunum ríkisstj. leiðir, munu nema a. m. k. 1100 millj. kr. að frádregnum fjölskyldubótum og öðrum uppbótum, sem koma í móti. Gegn þessu er ekki unnt að mæla með neinum rökum. Þessar gífurlegu byrðar er almenningi ætlað að taka á sig, því að ríkisstj. gerir ráð fyrir, að kaupgjald og nettótekjur framleiðenda eigi að standa óbreytt að krónutölu og bannar með lögum nokkrar leiðréttingar miðað við dýrtíð. Er mönnum ætlað að taka þetta á sig ýmist í minni atvinnu vegna minnkaðra framkvæmda eða beinlínis með raunverulegri lækkun á tekjunum sjálfum vegna hækkandi vöruverðs og vaxandi dýrtíðar.

Ríkisstj. talaði í vetur um 14% hækkun á heimilisútgjöldum vísitölubúsins, sem kallað er, en þá var ekki reiknað með neinum aðflutningssöluskatti og ekki heldur tekin með áhrif af 3% almennum söluskatti innanlands og ekkert tillit tekið til hinna stórfelldu áhrifa, sem verða af vaxtahækkuninni. Það er því augljóst mál, að dýrtíðarflóðið verður enn stórfelldara en gert var ráð fyrir.

Auðvitað eru svona „panik"-ráðstafanir, því að það er ekki hægt að kalla þetta annað, alveg óframkvæmanlegar og hljóta að leiða til stórvaxandi verðbólgu og jafnvægisleysis. Hér er gengið svo fávíslega langt, auk þess sem rangt er stefnt.

Í öllum áttum blasa við merki þess, að þetta er að liðast í sundur, enda stendur ekki steinn yfir steini af því, sem ríkisstj. hefur gefið út um þessi mál. Bætt var við á eftir innflutningssöluskatti frá þeirri áætlun, sem ríkisstj. upphaflega birti, og munar þar hvorki meira né minna en 180 millj. kr. á ári. Lýst var yfir, að sjávarútvegurinn gæti búið við jafngóð kjör og áður og greitt 5% í gamlan halla útflutningssjóðs, en allt hefur það reynzt rangt.

Ríkisstj. hefur fallið frá helmingi af útflutningsgjaldinu, en samt fær útgerðin mun lægra verð en heitið hafði verið. Felld var í fyrradag till. frá mér og fleiri þm. að bæta úr þessu nokkuð með því að fella niður nýja útflutningsgjaldið að fullu og hækka verð á sjávarafurðum, sem því svarar, bæði fiski og síld.

Aldrei hefur verið farið svo aftan að þjóðinni sem núv. ríkisstj. hefur gert með öllu þessu. Og þetta hafa þeir flokkar leyft sér að framkvæma, sem háðu alþingiskosningarnar undir kjörorðunum: „Stöðvun dýrtíðar án nýrra skatta“ og „leiðin til bættra lífskjara er að styðja Sjálfstfl.“ Á þessi kjörorð vilja þeir nú ekki minnast, nema Alþfl.-maðurinn *Jón Þorsteinsson, sem afgreiddi málið hér áðan* með þeirri ályktun, að verðlag hefði í raun og veru ekkert hækkað.

Í staðinn fyrir að standa við þessar margendurteknu yfirlýsingar úr kosningabaráttunni hafa þessir flokkar snúið sér að því að magna dýrtíðina í landinu með öllum hugsanlegum ráðum til að koma fram stórfelldri kjararýrnun almennings og stöðvun framkvæmda. Engum dylst, að allar þessar aðfarir eru beinlínis miðaðar við þetta, enda ekki hægt að leyna því, þar sem lögð hefur verið fram innflutningsáætlun fyrir þetta ár, sem sýnir, að *ætlun ríkisstj. er að koma á stórkostlegum* samdrætti í framkvæmdum og þrengja svo að mönnum, að innflutningur á neyzluvörum fari mikið niður fyrir það, sem var 1958, enda þótt innflutningur fari vaxandi ár frá ári með fjölgun þjóðarinnar, ef allt er með felldu.

Það sýnir svo yfirdrepsskapinn, sem fylgir þessum aðförum, að ráðh. eru svo samhliða þessu að reyna að klóra yfir þetta með því að slá upp dæmum af því, að raunverulega verði þessar ráðstafanir ríkisstj. ekki til að þrengja kosti heimilanna að neinu ráði, tala jafnvel um 3—4% í því sambandi. En þó nemur sú fjárhæð, sem á að flytja á milli í þjóðfélaginu, um 1100 millj. eða 20% af öllum þjóðartekjunum. Allir þessir útreikningar ráðherranna eru hreinar sjónhverfingar, fram settar af ásettu ráði, eins og sýnt hefur verið fram á og auðsætt er af innflutningsáætlun og öðrum staðreyndum, sem fyrir liggja frá ríkisstj. sjálfri.

Hvert er svo verið að fara með öllu þessu?

Ekki þurfti að gera þetta til að stöðva eyðsluskuldasöfnun við útlönd, það er alveg víst. Það hefur verið sýnt fram á, að íslenzka þjóðin er betur sett nú en nokkru sinni fyrr að *standa undir lánum sínum út á við.* Í því sambandi bjargar það engu fyrir stjórnina, þótt forsrh. taki á sig þau ósannindi, að þjóðin hafi á 5 árum eytt 1050 millj., sem jafnað hafi verið með óhagstæðum eyðslulánum. Á árunum 1956—58 t. d. telur stjórnin greiðsluhallann við útlönd 627 millj., en þar er um að ræða framkvæmdalántökur, svo sem til Sogsins, sementsverksmiðjunnar, skipakaupa og fleiri slíkra framkvæmda og niðurgreiðslur eldri lána.

Afturhaldssjónarmið þessara manna kemur kannske bezt fram í því, þegar einn af talsmönnum stjórnarinnar, Jón Þorsteinsson, kallar afborganirnar af sementsverksmiðjunni syndagjöld. Hann kallaði afborganirnar af sementsverksmiðjunni syndagjöld. E. t. v. sýnir ekkert betur afturhaldshugsunarhátt þessara manna en einmitt slíkur málflutningur.

Sögurnar um stórfelldan greiðsluhalla á þjóðarbúskapnum út á við eru uppspuni frá rótum, eins og sýnt hefur verið fram á í umr. í allan vetur. Jafnósatt er hitt, að Ísland hefði hvergi getað fengið lán, nema íhaldsstefnan væri tekin upp. Vinstri stjórnin hafði, áður en hún fór frá, lagt grundvöll að 6 millj. dollara framfaraláni í Bandaríkjunum. En óhróður ríkisstj. um þjóðarbúskap Íslendinga, framfarasókn þjóðarinnar og útvegun fjármagns til þeirra framfara undanfarið sýnir, í hvaða öngþveiti menn lenda, þegar þeir vilja leyna því, hvað þeir eru að fara.

Ekki er þetta gert til þess að auka frelsið, því að innleiddar eru nú meiri þvingunarráðstafanir í sambandi við meðferð peninga og lánamála en nokkru sinni hafa áður þekkzt. Eða á að kalla það frelsi að vefja menn fjötrum dýrtíðar, óheyrilegrar skattheimtu, vaxtaokurs og hvers konar þvingunarráðstafana, svo *að menn geti sig hvergi hrært?*

Ekki er þetta gert til að komast út úr uppbótakerfinu, því að styrkjakerfið verður aukið í mörgum myndum, eins og sýnt hefur verið rækilega fram á, og nú er svo komið, að einn af hæstv. ráðh. var að tala um það hér í kvöld, að með þessu væri verið að draga úr uppbótakerfinu.

Ekki þurfti þessar aðfarir vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar. Þessi valdasamsteypa tók við miklum greiðsluafgangi á ríkisbúskapnum, glæsilegri og betri framleiðslutækjum en þjóðin hafði nokkru sinni átt áður *og ekki meiri skakka í efnahagskerfinu innanlands* en svo, að sérfræðingar Sjálfstfl. töldu hann nema kauphækkun þeirri, sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir til að fella vinstri stjórnina.

Ekki þurfti þessar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, — ekki þessar ráðstafanir. Það hefur verið margupplýst og játað, að tiltölulega lítið vantaði til, að jöfnuður væri á útflutningssjóði og ríkissjóði miðað við þær gífurlegu fjárhæðir, sem á þjóðina eru nú lagðar með öllum þessum aðförum, og hafði þó sigið á ógæfuhlið hjá Alþýðuflokksstjórninni árið 1959.

*Það hefði verið hægt að koma á fullu jafn*vægi í þjóðarbúskapnum með tiltölulega smávægilegum ráðstöfunum samanborið við þær, sem nú hefur verið gripið til.

Framsfl. hefur gert glögga grein fyrir sinni leið, engu síður þótt hann sé í stjórnarandstöðu. Flokkurinn vildi uppbyggingarstefnuna áfram, ekki samdráttarstefnuna, ekki búa til kreppu: Jafna skakkann með skattlagningu á eyðsluna fyrst og fremst. Draga í áföngum úr uppbótakerfinu. Draga úr fjárfestingu eftir vali,

ef þurfti, en ekki með því að gera allar framkvæmdir almenningi ókleifar.

En hvers vegna hefur ríkisstj. beitt sér fyrir öllum þessum gífurlegu álögum og þvingunarráðstöfunum, þegar hægt var að leysa málin stóráta kalaust?

Þessar ráðstafanir eru beint miðaðar við að gerbreyta þeim grundvelli, sem þjóðarbúskapur Íslendinga hefur verið reistur á nú áratugum saman, eins og hæstv. fjmrh. lýsti raunar yfir með miklu yfirlæti hér fyrr í vetur. Hér er ekki um neitt pex að ræða um gengislækkun eða ekki gengislækkun. Hér er verið að ræða um grundvallaratriði þjóðmálastefnanna.

Á undanförnum áratugum hefur þjóðfélag okkar verið byggt upp á þeim grundvelli að gera sem allra flestum fært að verða sjálfstæðir framleiðendur, efnalega sjálfstæðir og eignast eigin heimili. Að þessu hefur verið unnið fyrst og fremst fyrir forgöngu Framsfl. með margvíslegum stuðningi ríkisvaldsins við almenning til að standast stofnkostnað við að setja upp atvinnurekstur í sveit og við sjó og umfangsmiklum stuðningi við fólk til þess að koma sér upp eigin íbúðum.

Þessi stefna, sem hefur verið ríkjandi undanfarna áratugi, hefur haft þau áhrif, að hér á landi munu vera tiltölulega fleiri sæmilega settir og sjálfstæðir efnalega en í flestum öðrum löndum. Það er minna um það hér en nokkurs staðar í nágrannalöndunum, að örfáir stórauðugir einstaklingar og félög auðmanna eigi framleiðslutækin og íbúðirnar. Jafnhliða þessu hafa almannasamtök eins og samvinnufélögin þróazt og stutt einstaklinga til aukinnar velmegunar og efnalegs sjálfstæðis.

Meginatriði hinnar nýju stjórnarstefnu er að snúa þessari þróun algerlega við, draga úr öllum stuðningi hins opinbera við uppbyggingu almennings og þrengja kosti þeirra félaga, sem fólkið hefur stuðzt við í baráttunni fyrir efnalegu sjálfstæði og mannsæmandi lífi. Það er byrjað á því að ofsækja samvinnufélögin, en röðin á auðvitað líka að koma að verkalýðsfélögunum og stéttafélögum framleiðendanna.

Hugsunin er að færa allt 30 ár aftur í tímann, eins og það var, meðan íhaldið hafði meiri hlutann og gat beitt honum. En síðan 1927 hefur íhaldið aldrei haft meiri hluta í landinu fyrr en nú, að það hefur fengið rótslitinn smáflokk, sem alveg virðist búinn að glata stefnu sinni, til fylgis við sig.

Nýja stefnan er fólgin í því að byggja allt á sjónarmiði fjármagnsins einu saman, drepa niður hina pólitísku fjárfestingu, sem þeir kalla. En með pólitískri fjárfestingu er átt við allar þær framkvæmdir, sem ríkisvaldið styður áleiðis. Það er t. d. pólitísk fjárfesting, að stutt sé að bátakaupum og byggingum í landbúnaðinum með lágum vöxtum, sömuleiðis að gera ráðstafanir til að halda niðri vöxtum og útvega fé með tilstuðlan ríkisvaldsins til íbúðabygginga og veita ríkisfé til atvinnuaukningarframkvæmda.

Efnahagsleg fjárfesting á að setjast í öndvegið, en það er sú, sem hinir auðugu telja borga sig bezt fyrir þá að framkvæma eða vilja leggja í. Það er sú fjárfesting, sem ein á að eiga rétt á sér í því þjóðfélagi, sem nú er verið að leggja grunninn að. Almenningur á ekki að vera að bisa við að eignast báta, vélar eða íbúðir með stuðningi þjóðfélagsins að dómi þeirra, sem nú hefur verið hleypt til valda. Með róttækum ráðstöfunum á að stöðva uppbyggingu almennings. Það er það, sem verið er að gera núna: að stöðva. Síðan á hin efnahagslega fjárfesting þeirra ríku að taka við. Meginhugsunin er, að þá komi félagsskapur þeirra í mörgum myndum og eignist atvinnutækin og komi upp íbúðabyggingum, þar sem þeir t. d. geti fengið íbúðir leigðar nógu smáar, sem áður létu sig dreyma um að koma upp sínum eigin íbúðum.

Hér er um tvær gerólíkar stefnur að ræða. Annars vegar er sú stefna, sem Framsfl. hefur fylgt frá öndverðu. Hins vegar er sú stefna, sem Sjálfstfl. hefur nú látið koma fram ógrímuklædda og hann hefur í raun og veru alltaf fylgt, þó að hún hafi ekki komið berlega fram, af því að það hefur ekki þótt henta, þar sem hún gat ekki fengið framgang hvort sem var.

En á því, sem nú er að gerast, sjá menn, hvaða þýðingu það hefur haft á undanförnum áratugum fyrir almenning í þessu landi, að einmitt á því tímabili hefur aldrei verið til lengdar hægt að komast fram hjá Framsfl. Enda hafa sjálfstæðismenn undanfarið lýst yfir því, að það tímabil, 30 ára tímabil eða svo, sem að þeirra dómi átti að ljúka með kjördæmabreytingunni, muni verða kennt við Framsfl. Þar er um að ræða mesta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar, og er Framsfl. stoltur af því að láta kenna það við sig. Þessu á nú að kollvarpa og koma hér á aftur líkri skipan og var áður fyrr, þegar íhaldið setti sinn svip á þjóðarbúskapinn.

Mörgum mun nú finnast og ekki ófyrirsynju, að stutt sé síðan hér lék margt í lyndi. Þjóðin var í sókn. Flestir höfðu sínar framfaraáætlanir og þá ekki sízt unga fólkið, ýmist þær, sem átti að ráðast í, eða hinar, sem menn voru önnum kafnir við að koma í framkvæmd. Bátakaup, ræktun og vélakaup, íbúðabyggingar, allt þetta og margt fleira var á döfinni, og þetta var framkvæmanlegt þá.

En svo kom reiðarslagið. Sjálfstfl. og fylgiflokki hans, sem orðinn er, var hleypt í meiri hluta. Og hvernig er svo komið nú allt í einu og svo snöggt, að menn eru rétt að átta sig á því, hvað aðhafzt hefur verið, jafnóðum og menn neyðast til að leggja framfaraáætlanir sínar til hliðar? Breytingin er svo snögg og svo stórfelld, að helzt minnir á, þegar öskufall verður á gróandi jörð. Það hefur verið læðzt að mönnum með þetta. Það hefði verið talinn ótíndur rógur, ef menn hefðu lýst því í fyrra fyrir kosningar, sem nú hefur verið framkvæmt. Allir landsmenn vita, að þessi fullyrðing mín er réttmæt.

Það er með öllu óverjandi og furðulegt, að nokkrum skuli detta í hug að nota meirihlutavald á Alþ., sem fengið er á allt öðrum forsendum, til að framkvæma þá stefnu, sem núv. ríkisstj. beitir sér fyrir. Þúsundir manna um allt land hafa greitt þessum flokkum atkv. til að gera allt annað en það, sem þeir eru nú að aðhafast.

En hvað sem öllu öðru líður, hafa þó línurnar skýrzt. Núverandi stjórnarflokkar hafa tekið upp harðsnúna baráttu gegn þeirri uppbyggingarstefnu, sem framfylgt hefur verið undanfarna áratugi, og vilja nú efla peningavaldið í landinu í öllum greinum, og inngangurinn að því er að búa til kreppu. Gegn þessu mun Framsfl. heyja harða baráttu, og hún mun verða sigursæl. Ekki er víst, hve langan tíma hún tekur né hve mikið tjón hæstv. ríkisstj. verður búin að vinna, þegar hún verður að fara frá. En úrslitin verða ekki nema á eina lund. Þúsundir og aftur þúsundir manna um landið allt munu þar leggja hönd á plóginn. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Stjórnarandstaðan, Framsfl. og Alþb., en á milli þeirra gengur nú ekki hnífurinn lengur, hefur nú í tvö kvöld haldið uppi ádeilum miklum á ríkisstj. fyrir störf hennar þetta missiri, sem hún hefur setið. Ef dæma ætti ríkisstj. eftir þessum orðræðum, væri hún vissulega ekki upp á marga fiska. Viðleitni hennar til að leysa aðkallandi vandamál hefði nánast sagt verkað öfugt við það, sem til var ætlazt, og ástandið í landinu á öllum sviðum svo bágborið, að það hefði aldrei verra verið. Það er áreiðanlega langt síðan jafniðulaus moldviðrisstórhríð hefur gengið yfir útvarpshlustendur og nú hefur gert í þessum umr. í gærkvöld, ef það þá hefur nokkurn tíma komið fyrir áður, og ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Austf. (EystJ), var mjög í sama tón. Mál voru af stjórnarandstöðunni afflutt svo rækilega, einstök atriði slitin út úr samhengi, hálfur sannleikur sagður og allt yfirdrifið, sem málflytjandinn taldi sér koma vel, að ég minnist varla að hafa verið með í slíku áður. Svo var a. m. k. í gærkvöld og einnig nú hjá hv. síðasta ræðumanni, hávaðinn og æsingurinn svo mikill, að maður gæti haldið, að heimurinn væri að forganga.

Vegna þess að meginefni þau, sem um er rætt, hafa verið flutt og skýrð rækilega svo og nauðsyn þess, að ríkisstj. hefur ráðizt í þær aðgerðir, sem hún hefur gert, skal ég ekki fara út í þá sálma mikið, heldur minnast á nokkur atriði, sem komið hafa fram í umr. og ég tel þurfa aths. við.

Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, fór fyrir í þessari orrahríð, eins og vera bar. Hans þáttur í pólitískri framvindu síðustu ára er slíkur, að það var ekki óviðeigandi, að hann gerði þetta. Hann stjórnaði för íslenzku þjóðarinnar fram á hengiflugsbrúnina 1958, hljóp síðan frá henni og úr stjórninni, gafst upp og skildi þjóðina eftir í umkomuleysi. Því neitar enginn sanngjarn maður, að efnahagsmál þjóðarinnar voru komin í mikið óefni og þjóðinni var mikill vandi á höndum um það leyti, sem vinstri stjórnin svokallaða gafst upp í árslok 1958. Þá blasti það við, að vísitala framfærslukostnaðar mundi á einu ári hækka um 50—60 stig til viðbótar við þau 34 stig, sem hún hafði hækkað um á árinu 1958, og allt efnahagslíf í landinu komast úr skorðum, ef ekki væri að gert.

Alþfl. leitaði þá eftir því við Framsfl., að tilraun yrði gerð á Alþingi til að finna lausn á þessum vanda. En þessum tilmælum Alþfl. var ekki sinnt, og Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir stjórnina án þess að gera nokkra tilraun til að leysa vandann. Það fer ekki hjá því, að sú hugsun hvarfli að manni, að hann og flokkur hans hafi þá kosið að koma sér hjá því að ráðast að þeim erfiðleikum, sem þessu voru samfara. Það var miklu auðveldara að standa fyrir utan og horfa á, gagnrýna allar aðgerðir og gera þær tortryggilegar í augum fólksins, þar sem vitað var, að það var ekki hægt að lækna meinið sársaukalaust.

Nú kemur Hermann Jónasson, hv. 2. þm. Vestf., og telur sig þess umkominn að deila á Alþfl. fyrir það, að hann tók að sér það, sem Hermann Jónasson gafst upp við að gera sjálfur. Hann sagði, að Alþfl. hefði svikið öll sín kosningaloforð. Hann hefði lofað að beita sér fyrir stöðvun dýrtíðarinnar, en nú stæði hann að hinni mestu vöruverðshækkun og skerðingu lífskjara, sem átt hefði sér stað í áratugi. Og hvað er hæft í þessu? Alþfl. tók við stjórn sem minnihlutaflokkur, þegar Hermann Jónasson gafst upp og hljóp frá þjóð sinni á hengiflugsbrúninni á örlagastundu. Alþfl. lýsti því þá þegar yfir, að stefna stjórnar hans væri fyrst og fremst að halda verðlagi og kaupgjaldi í horfinu, þangað til mynduð hefði verið meirihlutastjórn með þingræðislegan meiri hluta að baki, sem gæti ráðizt að vandanum sjálfum. Því var margyfirlýst af Alþfl. fyrir kosningar, að hann teldi vanda framtíðarinnar óleystan, þó að tækist að halda í horfinu með verðlag og kaupgjald þangað til, og það tókst, því að verðlag hækkaði ekki um eitt einasta stig, frá því að gengið var frá lögunum um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds í ársbyrjun 1959 og þangað til efnahagslögin nú voru afgreidd. En hvað það þýddi að halda verðlagi niðri þennan tíma, sést bezt á því, að það hefur verið reiknað út og sýnt fram á það með fullum rökum, að ef ekki hefði á þessu tímabili verið spyrnt við fótum, hefði gengisfellingin nú þurft að vera helmingi meiri í krónum talið, miðað við dollar, heldur en hún varð eða 44 kr. í staðinn fyrir 22, upp í 60 kr. Það er því með öllu rangt og útúrsnúningur af verstu tegund, þegar Hermann Jónasson sagði, að Alþfl. hefði brugðizt þeim loforðum, sem hann gaf fyrir kosningarnar.

Sami hv. þm. minntist á útflutningssjóð og sagði, að því hefði verið haldið fram, þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar, og fært fram sem rök fyrir þeim, að sjóðinn vantaði

hundruð milljóna króna, en nú hefði komið í ljós, að sú upphæð væri miklu lægri, svo að ekki hefði þurft hans vegna að grípa til eins róttækra ráðstafana og gert var. Hinu sama var hv. síðasti ræðumaður einnig að tæpa á. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að þegar lögin um efnahagsmál voru sett, var talið, að útflutningssjóð vantaði 270 millj. kr. Það hefur nú komið í ljós við nánari athugun, að þessi upphæð var ekki minni, heldur meiri, eða 293 millj., þegar með er talin uppbót sú til togaranna, sem greidd var fyrir árið 1959 og var að vísu ekki til komin, þegar efnahagsfrv. var samið, þannig að þessi fullyrðing hv. þm. fær ekki heldur staðizt.

Því má svo bæta við, að hefði gengisbreytingin ekki verið gerð, hefði þurft hundruð milljóna kr. til að bæta upp birgðir þær, sem til voru í landinu, þegar gengisbreytingin var gerð. „Neyðarástandið var hvergi til," sagði hv. þm. „Halli útflutningssjóðs var skröksaga, skuldirnar við útlönd yfirskinsástæða," bætti hv. þm. við. Þetta er að berja höfðinu við steininn og neita staðreyndum, sem allar rökræður eru þýðingarlausar um. En á það má benda, að þetta er þó ekki meiri skröksaga en það, að hún nægði til þess, að hv. þm. sagði af sér fyrir sjálfan sig og stjórn sína í árslok 1958.

Hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, sagði, að íbúðabyggingar ætti að skera niður. Heldur er nú þetta trúlegt, þegar öll fjárfesting í landinu hefur verið gefin frjáls og gerðar hafa verið ráðstafanir til að auka lánamöguleika húsnæðismálastjórnar um helming, þó að hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, hefði sig upp í það að segja kalt og rólega, að engin hækkun lána hefði átt sér stað.

En hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, var sá eini af ræðumönnunum í gærkvöld, sem lagðist svo lágt að reyna að gera lítið úr hinum stórfelldu endurbótum á almannatryggingalögunum, sem gerðar hafa verið nú. Hann sagði, að fjölskyldubætur á fyrsta barn væru ekkert annað en sönnun þess, að svo væri nú komið okkar efnahags- og launamálum, að fjölskylda með eitt barn gæti ekki lifað styrkjaeða aðstoðarlaust. Honum vildi ég benda á, að þar sem tryggingamálum er komið hvað lengst í veröldinni og í sem fullkomnast horf, eins og t. d. í Svíþjóð, þar sem launakjör almennings líka eru talin hvað bezt í heiminum, þar hefur það ekki þótt bera vott um lélega efnahagsafkomu eða lág laun að greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni, heldur sjálfsögð félagsleg aðgerð til þess að taka þátt í uppeldiskostnaði barnsins eða barnanna. Sami hv. þm. vildi líka læða því inn hjá hlustendum, að þeir, sem ættu mörg börn, yrðu harðar úti en hinir, sem ættu eitt eða tvö. Þetta er hið argasta öfugmæli. Þeir fá sömu hækkun og aðrir á fyrsta og annað barn og nokkra hækkun líka á hin eða jafnar fjölskyldubætur á öll börnin.

Karl Guðjónsson, hv. 6. þm. Sunnl., sem annars var einna hógværastur ræðumanna stjórnarandstöðunnar í gærkvöld, æsti sig þó upp í það að reyna að telja hlustendum trú um, að útgjaldaaukning meðalfjölskyldu vegna efnahagsaðgerðanna mundi verða um 30 þús. kr. á ári. Sjá allir, hversu fráleitt þetta er, þegar hækkunin nemur aðeins 4—5 vísitölustigum. En hann sagði líka annað, sem er eftirtektarvert. Hann sagði, að Sjálfstfl. hefði í samstarfi sínu við Alþfl. brugðið öllum sínum venjum að sjá hag sinna manna í útgerðarstétt borgið, þannig að þeir væru nú lentir í síhækkandi skuldaflækjum. Sýnir þetta, að hann telur gengislækkunina ekki hafa verið nógu mikla. Og það sanna er, að þetta er að vissu leyti rétt. Það var ekki farið lengra í lækkun gengisins en minnst var talið hugsanlegt að komast af með.

Umræðurnar í kvöld hafa mjög fallið í sama farveg og í gærkvöld og þurfa því ekki sérstakra aths. við, en eitt má ég þó til með að nefna.

Hv. 4. þm. Austf., Ásmundur Sigurðsson, sagði eftirfarandi, — ég held, að ég hafi náð því orðrétt: „Hjá Rússum og þeirra fylgifiskum á Genfarráðstefnunni var allt okkar traust." Hvað þýðir þetta? Þessi fylking hafði engan möguleika til að ná tilskildum meiri hluta á ráðstefnunni fyrir sínum tillögum. Að hnýta sér aftan í hana þýddi því, að engar till. okkar og hennar hefðu nokkra möguleika til að komast fram. En samkvæmt skoðun hv. 4. þm. Austf. bar heldur að fylgja þessum hópi en að freista samstarfs við þann hópinn, sem hafði möguleika til að koma fram sínum till. Og afstaða Lúðvíks Jósefssonar, sem nefnd var í þessu sambandi, var sú, að hann krafðist þess, að ef till. íslenzku n. yrði samþ. um tafarlaus og skilyrðislaus og óskert réttindi til 12 mílna fiskveiðilandhelgi fyrir Íslendinga, þá skyldum við samt vera á móti aðaltillögunni, til þess eins að gera ekki ágreining við Rússnesku blokkina. Rússnesku hagsmunirnir skyldu ganga fyrir hagsmunum Íslands.

Hv. síðasti ræðumaður, Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., var í ræðu sinni hér áðan að reyna að fetta fingur út í það, sem hv. þm. Birgir Finnsson sagði hér í gær um þetta mál. En hann gat með því móti sannað það eitt, að Hermann Jónasson fylgdi á ráðstefnunni nákvæmlega sömu línunni og Lúðvík Jósefsson og var þar aftan í honum.

Því hefur verið haldið fram alveg feimnislaust, að aðgerðirnar til stöðvunar á verðlagi og kaupgjaldi í ársbyrjun 1959 hefðu þýtt 13% skerðingu á kaupi launamanna, þó að nú hafi komið í ljós í skýrslu, sem sjálfur Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., hefur lagt fram hér á Alþingi, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hafi aldrei meiri verið s. l. tíu ár en hann var 1959. Nákvæmlega sama sagan er að endurtaka sig núna. Afleiðingar efnahagsaðgerðanna eru rangtúlkaðar og affluttar, enda þótt ekkert hafi komið fram um það, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar, þegar tekið er tillit til þeirra hliðarráðstafana, sem gerðar hafa verið um

leið, bæði á sviði tryggingalöggjafar og með auknum niðurgreiðslum, fari nokkurn skapaðan hlut fram úr þeim 4—5 vísitölustigum, sem gert var ráð fyrir í upphafi, — og hvað er það, samanborið við hin ósköpin, sem hefðu komið, ef ekkert hefði verið að gert, og þegar líkur eru líka til, að þetta þurfi ekki að standa nema stutta stund?

Hér ber allt að sama brunni. Tilhneigingin til að gera pólitíska andstæðing tortryggilegan í augum fólksins ræður athöfnum stjórnarandstöðunnar, en ekki viðleitnin til að leysa aðkallandi vanda, enda hefur ekki bólað á tillögum í þá átt frá þeirri hlið, því að allt tal þeirra um stöðvunarstefnu og dreifbýlisstefnu og framkvæmdastefnu er svo óljóst, að það skilur enginn maður og ekki einu sinni þeir sjálfir. Ekkert nema neikvæð gagnrýni hefur komið frá þessu fólki og ekkert, sem felur í sér neina pósitíva lausn.

Alþfl. hefur verið legið stundum á hálsi fyrir það að hafa samstarf við Sjálfstfl. um þessar aðgerðir, þar sem stefnumið þessara flokka séu svo ólík, að litlar líkur séu til, að nokkurt raunverulegt samstarf geti með þeim tekizt. Þessu er því til að svara fyrst, að hér hafa nú um langan tíma verið samstjórnir af ýmsu tagi, þar sem allir flokkar hafa unnið með öllum, og sjálfsagt er ekki mikill munur á því samstarfi fyrr og nú. En hitt sker þó úr, að báðir núverandi stjórnarandstöðuflokkar hlupu úr samstarfi við Alþfl. haustið 1958, án þess að nokkurt samkomulag gæti tekizt um lausn þeirra aðkallandi verkefna, sem fyrir lágu þá og ekki mátti dragast að snúa sér að því að leysa. Samstarfið við Sjálfstfl. um lausn þessara verkefna hefur verið gott og snurðulaust, enn sem komið er a. m. k., enda á þessum málum tekið af fullu raunsæi, en það voru hinir ófáanlegir til að gera. Þess má líka geta, að fullt samkomulag varð um endurbætur á tryggingalögunum, sem eru stærri og veigameiri en nokkrar aðrar breyt., sem á þeim lögum hafa nokkurn tíma verið gerðar. Það má líka nefna breyt. á tekjuskattslögunum í þá átt að undanþiggja venjulega launþega gersamlega tekjuskatti og lækka til muna skattinn á millistéttarfólki og öðrum launþegum, sem orðið hafa áður hart úti við álagningu þessa skatts og hann komið ranglátlega niður á vegna rangra framtala ýmissa þeirra, sem því hafa getað komið við. Á það eftir að sýna sig, þegar þessi skattur verður nú lagður á í ár í fyrsta sinn eftir hinum nýju reglum, hversu miklu þetta munar margan manninn.

Yfirleitt má segja, að þetta þing, sem nú er að ljúka störfum hafi verið afhafnasamara og afkastameira en flest önnur. Það hefur með ábyrgðartilfinningu og festu snúið sér að lausn aðkallandi mála og leyst þau.

Hinu verður svo þjóðin sjálf að skera úr, hvort hún vill una þessum úrlausnum eða ekki. En fyrir mitt leyti er ég ekki í vafa um, að þær úrlausnir mála, sem fengizt hafa nú, eru þær líklegustu til að tryggja í framtíðinni góða efnahagsafkomu íslenzku þjóðarinnar og þær af hugsanlegum lausnum eða möguleikum, sem fyrir hendi voru, sem þó koma minnst við hinn almenna þjóðfélagsþegn. Veltur því óendanlega mikið á, að þessum aðgerðum verði eirt og að tækifæri gefist til þess, að þær fái að sýna sig í raun og heild.

Ég spyr að lokum: Er líklegt, að manninum, sem leiddi íslenzka þjóð fram á hengiflugsbrúnina 1958 og hljóp þar frá henni, hefði tekizt betur? Og ég spyr aftur: Er líklegt, að Alþfl. hefði tekizt að ná betri lausn í samstarfi við hann, sem tvisvar hefur rofið stjórnarsamstarf við Alþfl. með setningu gerðardómslaga til lausnar aðkallandi vanda í efnahagsmálum? Ég segi nei og aftur nei. Sá flokkur og sá maður hefur jafnan reynzt stefnulaus og tækifærissinnaður í flestum málum, sem snerta íslenzka alþýðu. — Góða nótt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þeir mættu vera meira en lítið vondir menn, hæstv. ráðh. og við alþm., sem styðjum þá, ef þó ekki væri nema lítill hluti af þeim ávirðingum og ódrengskap, sem stjórnarandstæðingar hafa tileinkað okkur í þessum útvarpsumræðum, væri sannur og réttur, og værum við ekki þessi varmenni, þá værum við a. m. k. svo heimskir, þeir blessaðir bjánar, að sá kosturinn væri ekki heldur góður. Það eina, sem við höfum ekki verið ásakaðir fyrir, er úrræðaleysi. Þvert á móti höfum við verið ásakaðir fyrir að láta okkur svo að segja ekki yfirsjást nokkurt ráð eða úrræði, sem tiltækilegt væri til þess, eins og þeir hafa orðað það, að skipuleggja fátæktina í landinu, að gera þá fátæku fátækari og ríku ríkari, að grafa undan framleiðslustarfseminni, uppbygginguni í þjóðfélaginu, að skera á afltaugar hins almenna framtaks, að stöðva uppbyggingu almennings, að gera okkur leik að því að eyðileggja sölur á fiskframleiðslu okkar erlendis, af því að við viljum ekki verzla við svokölluð kommúnistaríki. Og svona mætti lengi telja.

Þessi framtakssemi okkar er svo til frekari áherzlu talin sprottin af einhverju ólýsanlegu hatri eða ofsóknaræði og þá aðallega gegn hverjum? Þið heyrðuð, hvað Eysteinn Jónsson sagði áðan: Jú, samvinnumönnum, samvinnufólkinu í landinu, eins og framsóknarmennirnir orða það svo sakleysislega. Formaður þingflokks þeirra framsóknarmanna, Eysteinn Jónsson, komst svo smekklega að orði hér fyrir nokkrum dögum í þinginu um þetta, að hann sagði, að við vildum stinga úr okkur sjálfum augað, ef við í leiðinni gætum klórað augað úr svo sem einum samvinnumanni, eða eitthvað því um líkt.

Kommúnistar allra landa fyrr og síðar hafa kunnað þessa iðju, að taka hatrið og öfundina, lægstu hvatirnar, í þjónustu sína í pólitískum áróðri. Kommúnisminn hlaut þessa

verðleika í vöggugjöf. En því hafa menn vissulega tekið eftir í þessum umr., að kommúnistarnir eru ekki að þessu sinni forríðarar í þessari iðju. Framsóknarmennirnir eru komnir langt á undan þeim, svo að leiti ber á milli. Og hafa menn tekið eftir því, hve ræður framsóknarþingmannanna hafa verið miklar endursagnir hér hver af annarri? Í gærkvöld t. d. voru ræður Hermanns Jónassonar og Jóns Skaftasonar aðeins svolitið misjafnlega langar. Halldór E. Sigurðsson skaut inn svolitlum aukaþætti um fjármálin, annars var ræðan alveg sú sama. Þetta eru illa haldnir menn, en þeir eiga bata fram undan. Þeir munu halda augum sínum heilum, þótt þeim missýnist í bili.

Það var misskilningur hjá Eysteini Jónssyni áðan, að 30 ára tímabilið frá 1930 til 1960 mundi verða kennt við Framsfl. vegna framfaranna á þessu tímabili. Það er mesti misskilningur. En það verður kennt við Framsfl. vegna þess ranglætis í kjördæmaskipuninni og kosningalöggjöfinni, sem ríkti á þessu tímabili og gaf Framsfl. ólýðræðislega valdaaðstöðu, miklu meiri völd á öllum þessum tíma en honum nokkru sinni bar, og þess vegna gleðjast menn yfir því, að þessu tímabili er að þessu leyti lokið.

Ég þarf ekki að svara fyrir dómsmrh. í landhelgismálinu, en það þótti mér eftirtektarvert hjá Ásmundi Sigurðssyni hér áðan, þegar hann vék að því, að Íslendingar hefðu haldið skoðun sinni í Genf og ekki tekið aftur till. Íslands, þótt ekki næðist samkomulag við stórveldin. Með þessu taldi hann, að Íslendingarnir hefðu skapað sér takmarkaðan ávinning í augum hinna reyndu stjórnmálamanna heimsins. Þarna er kommúnistunum rétt lýst. Þeir eru svo þaulvanir að dansa á línunni, að það hvarflar ekki að þeim að halda sinni eigin skoðun. En langflestir Íslendingar kunna miklu betur við síðari kostinn.

Þeir vinirnir Hermann og Hannibal gerðu mér þann heiður að vitna til ummæla minna í þingræðu þann 5. maí, og reyndar hafa fleiri gert það og blöð stjórnarandstæðinga gert sér nokkuð tíðrætt um það. Hermann Jónasson orðaði þetta þann veg í gærkvöld, að við sjálfstæðismenn værum nú svo ánægðir með Alþfl., að ég hefði sagt í nefndri ræðu, að ég vildi heldur meiri hl. á Alþingi með Alþfl. en hreinan meiri hl. sjálfstæðismanna. Ég veit, að Hermann hefur skilið betur en hann skýrir frá, en mér þykir vænt um að mega árétta það, sem ég sagði, með því að lesa upp örstuttan kafla úr þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta, en ég sagði þá eftirfarandi:

„Mig langar í þessu sambandi að víkja nokkuð að breyttum viðhorfum, sem orðið hafa og ég tel mjög veigamikil fyrir stjórnmálaþróunina hér á landi. Það, sem ég á við, er þetta: Jafnvel þótt Sjálfstfl. hefði hlotið hreinan meiri hl. í kosningunum 1956, mundi hann hafa verið í veikari aðstöðu til að framkvæma þá stefnu, sem nú er unnið að. Þetta er auðskiljanlegt. Þá hafði lengi verið talað um svokallað vinstra samstarf, og í hugskoti margra var það e. t. v. það, sem gat leyst vandann. Nú höfum við reynsluna af vinstra samstarfinu, reynslutíma vinstri stjórnarinnar frá 1956, þar til hún gafst upp í árslok 1958. Nú þekkir þjóðin máttleysi og úrræðaleysi þessa svokallaða vinstra samstarfs. Það er þar með úr sögunni. Á hinn bóginn gat Sjálfstfl. ekki 1956, eftir að Alþfl. þá hafði myndað hið svokallaða Hræðslubandalag með Framsfl., vænzt samstöðu annarra flokka um framkvæmd þeirra meginmála, sem hann hefði viljað stefna að eftir kosningarnar. Síðan hafa viðhorf manna breytzt, vafalaust fyrir áhrif úr hinum vestræna stjórnmálaheimi og vegna okkar eigin reynslu. Atvikin hafa hagað því svo, að nú eru tveir stjórnmálaflokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., sammála um stjórnarstefnu og stjórnarframkvæmd, sem þeir ekki hefðu orðið sammála um fyrir 3—4 árum, og þessi stjórnarstefna er nú studd svo að segja af öllum sérfræðingum og hagfræðingum í hinum vestræna lýðræðisheimi. Þetta er mikill munur frá því, sem var fyrir 10—12 árum, þegar flestir hagfræðingar og efnahagssérfræðingar voru meira og minna sósialistískir, boðendur áætlunarbúskapar og þjóðnýtingar, en eru nú meira og minna horfnir af þessari leið og að gagnstæðri stefnu. Þetta eru mikilvæg undirstöðuatriði, er lúta að því, að framkvæmd stjórnarstefnunnar nú sé sterkari en áður og líklegri til að lánast.“

Hér lýkur þessari tilvitnun. Hér þarf engra skýringa við. Þetta er svo einfalt mál.

Ég man t. d. vel eftir andstöðu Alþfl.-manna gegn gengisbreytingunni 1950. Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði í ræðu sinni í gærkvöld, að sú gengisbreyting hefði átt að eiga sér stað fjórum árum fyrr. Ég tel þetta mikilvæga yfirlýsingu, þó að hún sé gefin að tíu árum liðnum, — og kannske einmitt vegna þess, því að á þeim áratug hefur skapazt yfirsýn yfir liðna tímann og að því leyti öruggara, að rétt séu metnar umdeildar aðgerðir, en meðan menn stóðu í hita dagsins. En ég sakna framsóknarmannanna úr samfylgdinni með okkur nú eins og 1950, þegar þeir slógust í förina til viðreisnar í efnahagsmálum með gengisbreytingunni þá, til þeirrar viðreisnar, sem tryggði stöðugt verðlag í landinu, þannig að vísitala framfærslukostnaðar hélzt óbreytt frá árslokum 1952 og þar til eftir áhrif verkfallsins mikla vorið 1955, þegar kommúnistum tókst með liðveizlu Hannibals — og sumir segja ekki að óvild Hermanns Jónassonar — að hleypa verðbólguskriðunni af stað að nýju, — til þeirrar viðreisnar, sem tryggði vaxandi trú almennings á gildi krónunnar, svo að sparifjáreign landsmanna tvöfaldaðist á fjórum árum, og var þar með lagður fjárhagslegur grundvöllur m. a. að framkvæmd tíu ára áætlunarinnar um rafvæðingu landsins og stofnun hins almenna veðlánakerfis til hinna miklu og mikilvægu íbúðabygginga landsmanna, — í fæstum orðum sagt

til þeirrar viðreisnar, sem nú eftir á er lýst sem einu mesta blóma- og framfaraskeiði þjóðarinnar.

Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, var fyrir nokkrum dögum hér í þinginu að lýsa með ferlegum hætti þeirri eyðileggingu, sem við blasti af völdum núverandi stjórnarstefnu, einkum og sér í lagi ef við öðluðumst meira verzlunarfrelsi. Þetta var ein af mörgum löngum ræðum á þessu þingi um sama efni. Fyrir utan þingsalinn hitti ég gamlan kunningja, að vísu einlægan kommúnista: Já, það versta er, sagði hann mæðulega, að þetta á allt saman eftir að rætast, sem Einar segir, allt eftir að koma fram.

Fyrir tíu árum höfðu sjálfstæðismenn forustu um að kippa í liðinn efnahagskerfi þjóðarinnar, sem þá var gengið úr skorðum, með því að viðurkenna eins og nú gengisfall krónunnar, sem orðið var, og skrá rétt gengi. Þá var líka tekið vasklega til orða af andstæðingum. Hrakspárnar létu ekki á sér standa. Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, segir m. a. um þetta í nál. um gengisskráningarfrv. 1950: „Árás á lífskjör alþýðu er augsýnilega aðaltilgangur frv. — Það stöðvar vélþróun landbúnaðarins, bindur enda á þá atvinnubyltingu, sem hófst 1945 (það er nýsköpunin eftir stríðið). — Stærsta spor, sem enn hefur verið stigið á landinu til þess að auka dýrtíðina og gera hana óbærilega fyrir alþýðu.“ Og í lokin þetta: „Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að kalla fátæktina aftur yfir Ísland, eins sára og hún áður var, og verið er að gera amerískum auðdrottnum handhægt að nota þá fátækt til að auðga sig, en ræna Ísland gæðum þess og oss Íslendinga arði vinnunnar og yfirráðum lands vors.“

Svona voru nú spádómarnir við gengisfellinguna 1950. En hvað hefur rætzt af þessu? Það þekkir allur almenningur.

Sömu hrakspárnar heyrði maður í kvöld hjá Páli Þorsteinssyni. Hann var að telja upp verðbreytingar á landbúnaðarvörum. Það kom fram hjá öðrum, að heldur meiri mundu verðbreytingarnar hafa verið við gengisfellingu vinstri stjórnarinnar, sem var í sumum tilfellum meiri en nú. Hún er talin vera þá um 30%, en núna 20—34%, og 1950 var hún 42.6%, en samt sem áður er eftir þann tíma sú mesta vélvæðing, sem nokkurn tíma hefur þekkzt í íslenzkum landbúnaði. Það er líka svo komið nú, að þessir sömu menn keppast við það að halda því fram, að stjórnarstefnan að þessu sinni sé verst vegna þess, að hún kippi stoðum undan einu mesta framfaraskeiði þjóðarinnar, sem orðið hafi einmitt á þeim árum, sem þeir áður sögðu að hin sára fátækt mundi halda innreið sína á, þ. e. a. s. síðastliðnum áratug, á vordögum þjóðlífsins og gróandans, eins og Karl Kristjánsson komst svo skáldlega að orði hér áðan. En það var einmitt á þessum vordögum þjóðlífsins og gróandans í þjóðlífinu, sem Karl var að tala um, sem Hermann Jónasson sagði, í kosningunum 1956, að Sjálfstfl. hefði haft alla tíð lykilaðstöðuna í þjóðfélaginu.

Framsóknarmenn telja höfuðsynd hjá Seðlabankanum að binda helming innlánsaukningar, sem verða kann í bönkum og sparisjóðum. Þetta kalla þeir að loka fé inni í Reykjavík, svipta atvinnuvegi úti á landi afnotum þess. Þessi öryggisráðstöfun er til þess ætluð fyrst og fremst að styrkja aðstöðu Seðlabankans til þess að sinna því hlutverki að tryggja framleiðslustarfseminni um allt land nægjanlegt rekstrarfé, bæði í afurðalánum til útvegs og landbúnaðar og í öðru formi með lánum til þeirra peningastofnana annarra, sem sjá eiga atvinnuvegunum fyrir rekstrarfé, og hefur Seðlabankinn þegar lánað allverulegt fé í þessu skyni til þess að gera upp erfiða vertíð nú t. d. í Vestmannaeyjum og á öðrum stöðum, þar sem nokkuð hefur hallað undan.

Maðurinn, sem skildi við þjóðarskútuna í árslok 1958, sagði í gærkvöld, að allar ráðstafanir núv. ríkisstj. miðuðust við að rýra kjör almennings og rífa niður umbætur síðustu ára. Nú gerist Hermann Jónasson gleyminn. Vinstri stjórnin gafst upp 5. des. 1958. Síðan hefur það verið erfiðasta viðfangsefnið að forða frá því hruni, sem við blasti. Hermann Jónasson tilkynnti lausnarbeiðni sína hér í þingsölunum með hinni eftirminnilegu yfirlýsingu, sem margir hafa vitnað í: „Ný verðbólgualda er skollin yfir.“ Og við þetta hafði hann aðeins einu að bæta, eins og hann sagði sjálfur: „að í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólgu.“ Þessi háskalega verðbólguþróun var að dómi Hermanns vinstri stjórninni algerlega óviðráðanleg.

Karl Kristjánsson sagði hér áðan, að vinstri stjórnin hefði verið góð, já, fjarska góð, en komst einhvern veginn þannig að orði, að almenningur hefði ekki skilið sinn vitjunartíma. Þegar engin úrræði eru í vinstri stjórninni sjálfri, ekki samstaða um nokkur úrræði, þá er það vegna þess, að almenningur skilur ekki sinn vitjunartíma, ef nokkur meining er í þessu hjá þessum hv. þm.

Þó að þannig hafi verið lýst yfir af Hermanni Jónassyni, að hann hafi litið á, að verðbólguþróunin væri vinstri stj. algerlega óviðráðanleg, þá er nú komið allt annað hljóð í strokkinn. Það verður lítt skiljanlegt, þegar hlustað er á ræður framsóknarmanna nú, af hverju þeir héldu ekki áfram að stjórna landinu. Eysteinn Jónsson sagði hér áðan: Það þurfti ekki að gera nema bara smávægilegar ráðstafanir. — Því voru ekki þessar smávægilegu ráðstafanir gerðar? Skuldafenið, sem þeir steyptu þjóðinni út í vegna úrræðaleysis í efnahagsmálum og stöðugs greiðsluhalla við útlönd, er nú á máli þeirra eins konar smáræði, sem ekki sé orð á gerandi.

Um lántökur vinstri stj. mætti margt segja og alvarlegt. Ég nefni aðeins þetta nú: Þegar ráðunautur vinstri stj. og alþýðusamtakanna,

Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, gefur stj. og Alþýðusambandsþinginu haustið 1958 skýrslur um ástandið, segir hann m. a. um lántökurnar: „Sé horft fram á við, þá er augljóst mál, að þetta lántökuskeið er senn runnið á enda," — áðan heyrðum við, að Eysteinn var að halda því fram, að hann hefði vel getað fengið miklu meiri lán, — „og við blasir tímabil, þar sem þjóðin í stað þess að hafa til ráðstöfunar allt verðmæti sinnar eigin framleiðslu og að auki 5—10% af erlendu fé aðeins hefur til umráða eigin framleiðslu að frádregnum vöxtum og afborgunum hinna erlendu lána. Í stað þess að hafa til ráðstöfunar þjóðarframleiðsluna alla, hver sem hún nú verður, og að auki 5—10% verðum við að leggja til hliðar vegna greiðslna á vöxtum og afborgunum erlendra lána 3—4% ársframleiðslunnar," segir í skýrslu Torfa. M. ö. o.: viðskilnaður vinstri stj. boðaði að þessu eina leyti, að dómi hennar eigin sérfræðings og Alþýðusambandsins, 8—14% kjaraskerðingu allrar þjóðarinnar. Ofan á þetta má svo bæta hreinskilinni viðurkenningu eins af ráðh. vinstri stj. í þessum umr., sem við heyrðum í gærkvöld, að Íslendingar hefðu verið á góðum vegi með að verða bónbjargamenn og styrkþegar og ekki getað litið framan í vini sína og viðskiptamenn sem frjálsir menn, sem þjóð, sem vildi aðeins góð og heilbrigð viðskipti við allar þjóðir.

Þegar þetta er haft í huga, er ekki að undra, þó að málpípa kommúnista hér í kvöld, Alfreð Gíslason, sem aldrei vill þó kalla sig kommúnista, væri að tala um, að sumum fyndust utanríkismálin eins konar feimnismál. Hann og hans líkar studdu ríkisstj., sem tók dollaralánin úr sérstökum sjóði, sem Bandaríkjaforseti getur ráðstafað af öryggisástæðum sinnar eigin þjóðar. En meðan vinstri stj. dró fram lífið á slíkum dollaralánum, steinþagði Alfreð og félagar hans og minntust ekki á þál. frá 28. marz 1956 að vísa varnarliðinu þegar úr landi. Nú eru þeir aftur farnir að kvaka og hafa flutt hér till. um, að við eigum að segja okkur úr NATO. En hver tekur lengur mark á svona tísti?

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er nú komið að þinglausnum. E. t. v. finnst sumum þingtíminn langur. Starfstími þessa þings er þó nær allur eftir áramótin. Það er almennt viðurkennt, að þetta þing sé eitt hið starfsamasta um langan aldur. Auðvitað sýnist hverjum sitt um störfin. Hinu verður ekki neitað, að með þessu þingi eru orðin þáttaskil í íslenzkum stjórnmálum. Gerðar hafa verið víðtækar, heilsteyptar ráðstafanir í efnahagsmálunum. Það hefur verið horft framan í vandann, og þjóðin hefur engu verið leynd, en því treyst, að hún vildi þola í bili að leggja nokkuð á sig til þess að treysta eigið öryggi í framtíðinni, fjárhagslegt og pólitískt.

Samfara stórauknum almannatryggingum höfum við kastað af okkur gömlum álagahaft hafta og skriffinnsku, gefið fjárfestinguna frjálsa og innflutning okkar að langmestu leyti frjálsan innan þeirra marka, sem markaðsmöguleikar okkar segja til um. Hið nýja viðskiptafrelsi tekur gildi 1. júní, en 30 ára gömul slitin flík skipulagsbundins haftakerfis lögð til hliðar. Á þessum tímamótum tekur nýr Verzlunarbanki Íslands h/f til starfa á grundvelli Verzlunarsparisjóðsins skv. lögum, sem þetta Alþ. hefur afgreitt. Í bankamálum eru boðaðar nýjar leiðir og meiri aðgerðir, og taka nú viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, við störfum innflutningsskrifstofunnar, sem lögð er niður.

Margt bíður enn ógert. Minnzt hefur verið á útflutningsverzlun okkar. Ég tel eitt mikilvægasta verkefnið að renna fleiri stoðum undir þá atvinnugrein í anda frjálsræðis og framtaks.

Til viðbótar þeirri löggjöf, sem þetta þing hefur sett í skatta- og útsvarsmálum, heldur heildarendurskoðun þeirra mála áfram og bíður næsta þings. Tryggt hefur verið um helming meira lánsfé til íbúðalána í ár á vegum húsnæðismálastjórnar en í fyrra, en gagnger endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar er nauðsynleg. Framleiðslustarfsemin hefur verið rekin af kappi, og atvinna er örugg. Á næstu mánuðum mun reyna á löggjöf þessa mikilvirka þings og margs konar nýja skipan. Það hefur verið einlægur ásetningur okkar, sem að þessu stöndum, ekki að auka fátæktina, því þarf enginn að trúa, heldur að skapa skilyrði traustara og betra þjóðfélags. — Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 5. þm. Reykv., sem hér var að ljúka máli sínu núna áðan, talaði um, að mínar hrakspár 1950 hefðu ekki rætzt. Þær rættust allar. Það voru 2000 verkamenn atvinnulausir í Reykjavík 1951, það svarf að börnum verkalýðsins, launakjörin lækkuðu um 20% frá því 1947 til 1954, og á árunum eftir 1950 var hætt að kaupa togara. Ég held, að stjórnarherrarnir ættu að reyna að læra eitthvað af því, sem við vöruðum þá við þá. Þeir virðast því miður ekkert hafa lært og öllu því litla gleymt, sem þeir hafa einhvern tíma kunnað.

Hæstv. félmrh., Emil Jónsson, og fleiri stjórnarflokkamenn hafa hér verið að ráðast með svívirðilegum aðdróttunum að Alþb. og afstöðu þess á Genfarráðstefnunni, þar sem Lúðvík Jósefsson barðist fyrir hagsmunum Íslands, en ráðh. hengdu sig aftan í Atlantshafsbandalagið eins lengi og þeir þorðu. Það er bezt að svara þessum stjórnarherrum með því að segja sannleikann umbúðalaust: Sjálfstfl. og Alþfl. meta það meira í landhelgismálinu að þjóna Atlantshafsbandalaginu en Íslandi. Þess vegna hafa þeir setið á svikráðum við 12 mílna landhelgina, allt frá því að þeir gerðu samsæri um að hindra útgáfu reglugerðarinnar um hana í maí 1958 með því að fella vinstri stj. þá, en runnu raunar á rassinn með það, af því að Alþfl. sveikst um að svíkja vinstri stj. í það skiptið, en sveik Sjálfstfl. Og ef þið,

fólkið í landinu, haldið ekki vöku ykkar í landhelgismálinu, þá munu þeir enn eiga eftir að bregðast í því.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, fór að minnast á Suður-Kóreu hér áðan. Hann hefði átt að láta það vera. Einmitt þeir menn, sem nú bera ábyrgð á ríkisstj. Íslands, voru valdir að því að láta Bandaríkin hernema Ísland 1951 undir yfirskini Kóreustríðsins. Þeir virtust þá reiðubúnir til að vera með í því að steypa heiminum í nýtt heimsstríð til þess að hjálpa Syngman Rhee, lýðræðishetjunni þeirra í Suður-Kóreu, við að ráðast á Norður-Kóreu. Og hvar er þessi Syngman Rhee þeirra í dag? Rekinn burt með smán sem harðstjóri og böðull af alþjóð landsins fyrir að hafa í 10 ár ástundað kosningasvik, ofbeldi og einræði, en er nú á leiðinni til Bandaríkjanna til þess að lifa á leynireikningum leppanna þar. Þetta eru lýðræðishetjurnar, sem stjórnarsinnar segja að við eigum að vera í sálufélagi með. Það er ekki að undra, þó að utanríkismálin séu feimnismál fyrir þessa herra, sem kjósa sér svona sálufélaga. En íslenzka þjóðin mun afþakka það að vera í slíku kompaníi.

Jón Þorsteinsson, hv. Alþýðuflokksþm., talaði hér áðan um, að það ætti að hækka kaupið, þegar þjóðarframleiðslan vex. Þjóðarframleiðslan hefur stórvaxið á undanförnum 12 árum, en verkamenn hafa enga raunverulega hækkun fengið í kaupgjaldi öll þessi ár, og stjórnarflokkarnir hafa aldrei boðið upp á neina kauphækkun, hvernig sem framleiðslan hefur vaxið. Það er því einber hræsni, þegar stjórnarliðar eru að verja ránið á vísitöluréttindum verkalýðsins með því að tala um, að greiða ætti eftir vísitölu þjóðarframleiðslunnar.

Emil Jónsson, hæstv. félmrh., minntist hér áðan á skýrslu um launaútreikning, sem ég hef birt hér á Alþ. Hún sýnir, að frá því í janúar 1959 þar til Alþfl.-stjórnin hafði komið sínu launaráni fram lækka launin í landinu um 10%. Það var Alþýðuflokksstj., sem hóf þá geigvænlegu launalækkunarherferð, sem Sjálfstfl. nú heldur áfram með og ekki mun hætta, fyrr en alþýðan sjálf bindur enda á hana, en það gerir hún von bráðar.

Góðir Íslendingar. Afturhaldsstj. auðvaldsins í Reykjavík hefur nú í 3 mánuði fengið að framkvæma niðurrifsstefnu sína gegn alþýðu Íslands í krafti þess valds, sem Sjálfstfl. og Alþfl. sviku sér út í síðustu kosningum með loforðum sínum um að bæta lífskjörin. Þessi afturhaldsstj. er að rífa grundvöllinn undan afkomu alþýðuheimilanna á Íslandi. Hún hefur þegar með kúgunarlögum sínum lækkað kaupið um 8% fyrir þorra launþega, eða um yfir 16 vísitölustig eftir gömlu vísitölunni. Og kaupið á eftir að lækka mikið enn, ef þeir fá að halda áfram, líklega allt niður í 16%, eða um yfir 30 vísitölustig eftir gömlu vísitölunni. Og með hverju reyndu ráðh. hér í útvarpinu að verja þessar svívirðilegu árásir á lífskjör almennings? Með þeirri gatslitnu, eilífu afturhaldsstaðhæfingu, að íslenzk alþýða hefði lifað yfir efni fram, atvinnureksturinn bæri sig ekki og auðvaldið græddi ekkert.

Hver er sannleikurinn í þessum málum? Alþýðan á Íslandi hefur ekki lifað yfir efni fram. Hún hefur þvert á móti þrælað baki brotnu langt fram yfir vit og sanngirni við að skapa þann auð, sem gert hefur Ísland ríkt, — þann auð, sem yfirstéttin nú ætlar að sölsa undir sig eina. Þeir segja, afturhaldsráðh., að kaup verkamanna sé of hátt, atvinnureksturinn beri það ekki. Við lögðum fram hér á Alþ. nýlega reikninga áburðarverksmiðjunnar, 300 millj. kr. fyrirtækisins, sem afturhaldið er að reyna að stela úr eigu þjóðarinnar. Framleiðsla hennar er 48 millj. kr. virði yfir árið. Vinnulaun eru tæpar 5 millj. kr., en vextirnir, sem bankavaldið fær, eru líka á fimmtu millj. kr. Og gróðinn að frádregnum löglegum afskriftum er 11 millj. kr. Hvað sögðu afturhaldsráðh., þegar þeir sáu þessa reikninga? Þeir þögðu eins og þjófar staðnir að verki.

Þeir sögðu, ráðh., hér í útvarpinu, að afköstin verði að vaxa hjá alþýðunni, ef hún eigi að fá hærra kaup. Íslenzkur sjómaður afkastar að meðaltali tíföldu fiskmagni á við norskan sjómann. En norskir sjómenn fá tvöfalt til fimmfalt meira verð fyrir fiskinn til sín. Við lögðum fram till. hér á Alþ. um að skipa þinglega rannsóknarnefnd í þetta mál, en stjórnarliðið felldi þá till. Það má ekki skyggnast bak við tjöldin í aðfarir auðhringa vorra erlendis. Sporin frá leynireikningunum hræða.

Og hvað um gróða auðmannanna? Hér í Reykjavík eiga 29 menn 250 millj. kr. í skuldlausum eignum eftir gamla genginu. Auðvaldið á Íslandi græðir nóg. Það græðir meira en nóg. Það getur meira að segja ekki hamið allan gróðann sinn hér heima, það verður að koma honum fyrir í leynireikningum erlendis, í Ameríku og Sviss og annars staðar þar, sem ekki er búið að finna þá enn þá.

En mikið vill meira. Hít auðvaldsins verður aldrei full. Þess vegna heimtar það nú launalækkun og meiri gróða. Og hér í útvarpinu hafa fulltrúar ríkisstj. hælt sér af því, að þeim hafi tekizt í 15 ár að stela öllum kauphækkunum af launþegum með skipulagðri verðbólgu. Alþýða Íslands veit, að verðbólgan er sú svikamylla, sem auðvaldið notar til slíks þjófnaðar, meðan það hefur ríkisvaldið. Og nú heldur ríkisstj., að hún hræði alþýðuna frá kauphækkunum með því að hóta henni með verðbólgudraugnum. Það sýnir bezt, hve lítt hún þekkir íslenzka alþýðu. Íslenzk alþýða mun ekki aðeins hækka kaupgjald sitt, hún mun líka kveða verðbólgudrauginn niður. Íslenzkt auðvald getur borgað hærra kaup með því að minnka gróða sinn og skipuleggja atvinnureksturinn betur. En ef auðvaldið ætlar að nota ríkisvaldið einu sinni enn til þess að setja svikamyllu verðbólgunnar af stað, þá verður það að vera næsta skref alþýðunnar að taka ríkisvaldið af auðvaldi landsins, láta það ekki leika framar þann ljóta verðbólguleik, sem það hefur iðkað í 18 ár.

En auðvaldið er ekki aðeins að lækka laun-

in hjá almenningi. Það er líka að rífa atvinnugrundvöllinn undan þjóðarbúinu, eyðileggja afkomuöryggi alþýðuheimilanna. Með okurvöxtum, lánabanni og viðreisnarverðinu á nýjum bátum og togurum er verið að stöðva öll ný kaup atvinnutækja, allar framfarir. Þetta er þeirra uppbygging. Innan árs verður komið almennt atvinnuleysi um land allt, ef afturhaldið hefur ekki hrökklazt frá völdum áður. Með glæpsamlegri viðskiptapólitík er verið að eyðileggja öruggustu markaði okkar til að þóknast vestrænu auðvaldi og leiða Ísland inn í kreppukerfi verðhrunsins. Og þegar svo verðhrun auðvaldskreppunnar dynur yfir, fórnar hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, höndum, eins og í gær í útvarpinu, og segir: Er þetta okkur að kenna? — Það er eins og maður færi með barn, sem honum hefði verið trúað fyrir, inn í brennandi hús og fórnaði svo höndum, ef barnið brenndi sig, og hrópaði: Ekki er eldurinn mér að kenna.

Bardagaaðferð ríkisstj. við alþýðuna og óskirnar, sem allir hennar fulltrúar bera fram hér í útvarpinu nú, minnir mann á gamla bragðið stráksins á glímunni: Bíddu, meðan ég bregð þér. — Allt stjórnarliðið hefur verið að biðja alþýðuna í kvöld og í gærkvöld um að bíða, meðan auðvaldið bregði henni. Þeir skara þar sérstaklega fram úr öllum öðrum í prúðmannlegum lygum og blekkingum, hæstv. fjmrh. og viðskmrh., Gunnar Thoroddsen og Gylfi Þ. Gíslason, og eru svo í viðbót að æfa sig á þeim landsföðurlega tón, sem þeir halda að sé heppilegastur til að blíðka landslýðinn og fá alþýðuna til að bíða, meðan auðvaldið er að smeygja á hana fjötri fátæktarinnar. En síðan á svo, ef það tækist, svipa atvinnuleysisins og skipulagðar pólitískar ofsóknir að duga til að viðhalda alræði auðsins.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, var að vanda hreinskilnastur. Hann sagðist vilja fá aftur hina góðu, gömlu daga frelsisins. Já, við þekkjum þá góðu, gömlu daga, þegar auðurinn var frjáls og fólkið fátækt, — þá góðu, gömlu daga, þegar sveitaflutningarnir voru stefnumál íhaldsins, þegar miskunnarleysi peningavaldsins sat við stjórnvölinn, þegar atvinnuleysið svarf svo að, að sá á börnunum, þegar verkamenn urðu að slá niður alla lögregluna í Reykjavík til þess að hindra íhaldið í því að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni, þegar verkamenn áttu að lifa af einu lélegu vikukaupi allan mánuðinn.

Nei, ég segi hæstv. forsrh. það fyrir munn alls íslenzks verkalýðs: Við viljum ekki góðu, gömlu dagana hans aftur. Íslenzk alþýða mun aldrei þola þá, hvað sem það kostar. Það kemur ekki til mála að gefa þessari stj. og niðurrifsstefnu hennar nein grið. Það er ekki eftir neinu að bíða nema því, að alþýðan hafi fylkt liði sínu til þess að brjóta árásir auðvaldsins örugglega á bak aftur. Tíminn er dýrmætur. Þessi stj. og stefna hennar er Íslandi dýrkeypt. Hver mánuður sem líður þýðir missi markaða, hver vika þýðir versnandi lífskjör. Það hefst ekkert fram nema með harðvítugri baráttu einhuga alþýðu. „Það er ekki sjálfsagt, að menn búi við góð lífskjör á Íslandi," sagði Gylfi Þ. Gíslason hér í gærkvöld. Nei, vissulega, hæstv. ráðh., vissu fleiri og þögðu þó. Hvað hefur knúið fram hin góðu lífskjör og hinar miklu framfarir Íslands á síðustu 20 árum, sem allir státa nú af? Það er alþýðan, látlaus barátta hennar, þrotlaus vinna hennar myrkranna á milli og stórhugur hennar, sem í tvígang í 20 ár hefur knúið fram nýsköpun íslenzks atvinnulífs.

Og hver hefur reynt að hafa af alþýðunni ávöxtinn af vinnu hennar og nýsköpun? Það hefur auðvaldið gert í krafti ríkisvaldsins. Á alþýðan því máske eitthvað upp að unna? Hefur það nokkurn tíma boðið henni kauphækkun að fyrra bragði? Nei. Allt, sem við unnum, hefur alþýðan orðið að sækja með harðri hendi og fórnfúsri baráttu í helgreipar þess afturhalds, sem alltaf rænir hana rétti sínum, ef það bara þorir. Og svo verður enn.

Auðvaldið sagði alþýðu Íslands stríð á hendur með gengislækkunar- og þrælalögunum 19. febr. Alþýða Íslands hefur nú svarað stríðsyfirlýsingu auðvaldsins á ráðstefnu Alþýðusambandsins 31. maí. Einróma hefur íslenzk verkalýðsstétt, hver og einn einasti fulltrúi hennar, ákveðið að láta til skarar skríða um kauphækkanir. Dauðadómurinn yfir kreppukerfi afturhaldsins er felldur, og í þeim 30 þús. verkamönnum og verkakonum, sem skipa Alþýðusamband Íslands, býr sá kraftur, er getur framkvæmt þann dauðadóm. Og með þeim standa í anda allir þeir launþegar, sem enn eru sviptir verkfallsréttinum. Íslenzkir launþegar eru 3/4 hlutar þjóðarinnar. Það hefur enginn gerðardómsfjötur auðvaldsins, hvorki 1942 né síðar, staðizt það afl. Og kreppukerfi Gunnars og Gylfa mun ekki heldur standast því snúning.

En það er ekki aðeins alþýðan, sem hefur kveðið upp dauðadóminn yfir þessu kreppukerfi. Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur gert það líka, svo ótvírætt sem verða má. Það hefur lýst því yfir, að það verði ekki oftar gert út á Íslandi með þessu efnahagskerfi, sem átti að tryggja þetta frjálsa atvinnulíf á Íslandi til frambúðar. Því var haldið uppi í vetur með blekkingum, með loforðum, sem svikin voru. Og eftir á lýsa fulltrúar Landssambandsins því yfir, að þeir eygi og sjái enga möguleika til þess að halda áfram með því efnahagskerfi, sem hér hefur nú verið boðað af stjórnarliðinu í allt kvöld sem það eina sem hafi átt að bjarga Íslandi út úr öllum vandræðum.

Það er því nú svo komið, að vinnandi stéttirnar vilja ekki una þessu þrældómskerfi lengur og aðalatvinnurekendastéttin, útvegsmennirnir, lýsir því yfir, að hún geti ekki framar gert út undir þessu kreppukerfi, hún hafi verið blekkt til þess í vetur, en hún láti ekki blekkja sig til þess á ný.

Svona gersamlega gjaldþrota er þessi stefna ríkisstj., þessi aumi uppvakningur frá liðnum eymdartímum. En blindingarnir í ríkisstj. ætla

sér auðsjáanlega ekkert að sjá, ekkert að læra, sitja lengur en sætt er og flýja þá kannske eins og Syngman Rhee til Bandaríkjanna í leynireikningana þar, þegar þeir hafa hrökklazt frá.

Verkamenn, bændur, sjómenn, útvegsmenn, menntamenn og millistéttir, takið höndum saman um allar byggðir þessa lands, skerið upp herör til sjávar og sveita, mölvið þetta kreppukerfi, slítið af ykkur þá fjötra fátæktarinnar, sem verið er að hneppa ykkur í og verða sárari með hverjum deginum. Bíðið ekki þangað til þeim hefur tekizt að koma líka atvinnuleysinu á. Steypið afturhaldinu, áður en það hefur leitt atvinnuleysið og neyðina yfir þjóðina og eyðilagt öruggustu markaði hennar, grafið grunninn undan efnahagslegu sjálfstæði Íslands. Munið, að Ísland er nógu ríkt til þess, að öllum börnum þess geti liðið vel, og gæti verið margfalt ríkara, ef því væri stjórnað af viti og réttlæti. Og munið þið, að þegar alþýðan hefur tekið um stjórnvöl þessa lands, þá hefur birt yfir öllu, þá hafa allir öðlazt nýja trú á möguleika okkar þjóðar, þá hafa menn séð þau úrræði, sem þeir neituðu áður, þá hafa menn neyðzt til þess að viðurkenna, að það, sem haldið var fram að væru skýjaborgir hjá okkur kommúnistum, eins og þeir kalla það, það hafi verið einu raunverulegu úrræðin, sem íslenzka þjóðin hafi átt. Munið þið, að enn eigum við þess kost að gera skýjaborgir að veruleika fyrir okkar íslenzku þjóð. Fram til sóknar og sigurs, íslenzk alþýðustétt. — Góða nótt.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 4. fundi í Nd., 27. nóv., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í haust, ég man ekki hvaða dag, voru gefin út brbl. um breyt. á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., þ. e. a. s. brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða. Nú stendur í stjórnarskrá landsins, að brbl. skuli leggja fyrir næsta Alþingi, og venjan hefur verið sú, ég hygg alveg ófrávíkjanleg, að brbl. hafa verið lögð fyrir Alþingi, strax og það hefur komið saman, alveg á fyrstu fundunum. Ég hef verið að búast við því hvern dag þessa viku, að þessi brbl. yrðu lögð fyrir, eins og venja hefur verið um slíka löggjöf. En það hefur ekki verið gert enn þá, og vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. landbrh., hvort þess sé ekki að vænta, að þessi brbl. verði lögð nú strax fyrir hv. Alþingi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að það væri endilega venja eða skylt að leggja brbl. fyrir þingið fyrstu daga þess, en samkv. lögum mun skylt vera að gera það. Ég vil upplýsa hv. þm., sem hefur sérstakan áhuga á þessu frv., að það mun verða farið að lögum hvað málið snertir.

Eysteinn Jónsson: Ég spurði hæstv. landbrh. um það, hvort þess væri ekki að vænta, að brbl. um landbúnaðarverðlagið yrðu lögð fram nú strax eða alveg næstu daga. Þessu hefur hæstv. landbrh. ekki svarað eða öllu heldur svarað þessu út í hött. Það stendur í stjórnarskránni, að það skuli leggja brbl. fyrir næsta Alþingi. Það er að vísu rétt, að það stendur ekkert um, að það skuli gert endilega fyrstu daga þingsins, þannig að það mundi sjálfsagt ekki vera hægt að kalla það beint stjórnarskrárbrot, þó að það drægist eitthvað. En það hefur verið venja yfirleitt, ég þori þó ekki að segja alveg undantekningarlaust, en venja yfirleitt, að brbl. væru lögð fram, undireins og Alþingi kemur saman, enda er það vitanlega það, sem ætlazt er til. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar á að vera til þess að tryggja, að það séu engin lög í gildi, eftir að Alþingi hefur komið saman, önnur en þau, sem það hefur samþykkt. Ef löggjöf eins og þessi er ekki lögð fyrir hv. Alþ. til þess að taka afstöðu til hennar, er ekki hægt að kalla það annað en undanbrögð til þess að fara í kringum þetta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Nú vil ég ekki enn ætla hæstv. ráðh. þetta, þó að full ástæða væri kannske til þess, miðað við það svar, sem hann gaf. En ég vil setja strik undir, að það er alveg sérstaklega þýðingarmikið, að það dragist ekkert, að einmitt þessi löggjöf verði lögð fyrir hv. Alþ. til úrskurðar. Þetta er ágreiningsmál, og það er meira að segja full ástæða til að líta svo á, að það sé ekki til meiri hluti á þessu hv. Alþ. fyrir þessari löggjöf, eins og hún er. Það er því alveg sérstök ástæða til þess að hraða því, að þessi löggjöf komi til meðferðar, þannig að þingviljinn komi í ljós. Og ég tala nú ekki um, að það hlýtur að auka nauðsyn þess, að brbl. séu lögð fram nú strax, að fram eru komnar bollaleggingar um það frá hæstv. ríkisstj. að fresta fundum þingsins, senda þingið heim og það jafnvel á alveg næstu dögum, eða a. m. k. sé ég það nú rétt í þessu, að útbýtt er hér á hv. Alþ. þáltill. um, að stjórnin fái heimild til þess að fresta þinginu nú eftir þrjá daga, ef henni sýnist.

Ég trúi því að vísu ekki, að það sé ætlunin að fresta þinginu, fyrr en margt hefur verið unnið hér að því, sem fyrir liggur óunnið, m. a. við 1. umr. fjárlaga gefnar ýmsar upplýsingar um efnahagsmál o. fl. og tekin fyrir til afgreiðslu ýmis mál, sem fyrir liggja, þar sem nægilegur tími er til þess að gera það, því að enn er æðilangur tími til þess, að eðlilegt jólafrí verði gefið í þinginu. Ég vil ekki gera neinar áætlanir um, að það sé meiningin að fresta þingi, áður en slíkt fari fram. En einmitt það, að þessi hugmynd er uppi, jafn-

vel um, að hægt sé að fresta þingi fljótlega, gerir það enn þá nauðsynlegra, að einmitt þessi brbl. séu lögð fram og fái afgreiðslu, því að það er alveg nauðsynlegt, að þessi lög fái afgreiðslu einmitt nú sem allra fyrst.

Ég vil því skora á hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. að leggja brbl. fyrir nú strax og haga öllu þinghaldi þannig, að eðlileg afgreiðsla þeirra geti átt sér stað og þingviljinn komi fullkomlega fram. Og ég vil engum manni ætla að óreyndu, að það sé meiningin að hafa áhrif í þá átt, að slíkt geti ekki átt sér stað. Engum manni geri ég þær getsakir. Þó að hæstv. ráðh. væri ekki ákveðinn í tali, vil ég vona, að úr því rætist með hann í þessu sambandi, og skora eindregið á hann og ríkisstj. að leggja brbl. fyrir, þannig að hægt sé að fara að vinna að málinu.

Á 4. fundi í Ed., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er viðkomandi frestun Alþingis. Það liggur fyrir till. um að fresta Alþ., jafnvel frá næsta mánudegi, og við framsóknarmenn teljum þetta óeðlileg vinnubrögð, vægast sagt. Mér er kunnugt, að formaður þingflokks Framsfl. hefur átt viðræður við hæstv. forsrh. um þetta mál, og það var gert ráð fyrir því, að forsrh. léti hann vita um niðurstöðuna, sem kynni að verða í ríkisstj., eftir fund í morgun, um það, hvernig þessu yrði háttað. Það hefur engin tilkynning borizt um þetta, og ég vildi gjarnan fá að heyra um það, hver er fyrirætlunin í þessu efni, áður en umræður hefjast um málið.

Þetta ber ekki að skilja svo, að ég sé ekki þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé, að þinginu sé frestað á þeim tíma, sem talizt getur eðlilegur, og að stjórnin taki sér þann vinnufrið, sem hún telur sig þurfa til þess að ráða fram úr málum, sem kunna að vera vandasöm. Ekki ber heldur að skilja það svo, að við viljum tefja fyrir þingstörfum. En við teljum þetta óeðlileg vinnubrögð af ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja á þessu stigi, fyrr en fæst svar um það, hver hefur orðið niðurstaðan af þessum viðræðum, sem áttu sér stað.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Till. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis liggur ekki fyrir hér. Hún er flutt í Sþ. og verður rædd þar eftir helgina.

Varðandi þau fimm mál, sem hér eru á dagskrá, má segja, að þau séu ekki í órjúfanlegu sambandi við þingfrestunina. Þau eru öll saman nauðsynleg, hvort sem þingi verður frestað eða ekki. Fjögur þeirra eru um þá árlegu framlengingu á vissum tekjustofnum og það fimmta um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. Hvort sem þingi verður frestað eða ekki, er öllum ljóst, að ráðstafanir, sem nauðsyn krefur að gera í efnahagsmálum, og fjárlög verða alls ekki afgreidd fyrir áramót. Þess vegna eru þau frv., sem hér liggja fyrir, nauðsynleg, — nauðsynlegt, að þau komi fram, hvað sem þingfrestuninni líður.

Um það, hvað þeim hefur farið á milli í dag, hæstv. forsrh. og formanni þingflokks framsóknarmanna, er mér ekki kunnugt, og ég sé ekki ástæðu til þess hér í þessari hv. d. í sambandi við þá dagskrá, sem hér liggur fyrir, að taka það mál til umræðu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta er auðvitað ekkert annað en að svara út úr. Það liggur áreiðanlega ljóst fyrir, að till. um þingfrestun liggur ekki fyrir þessari hv. d., og það þarf ekki að segja henni það. Ég skýrði frá þessum umr., sem hefðu átt sér stað í gær milli formanns þingflokks Framsfl. og hæstv. forsrh. um fyrirkomulag þingfrestunarinnar. Það vitanlega liggur ljóst fyrir, að þingi verður frestað einhvern tíma fyrir jól. Það þarf ekki að segja neinum það. En það er spurningin, hvenær það verður gert, og það er undir því komið, hvort það geta talizt eðlileg vinnubrögð. Þessu neitar hæstv. fjmrh. að svara, þó að forsrh. lýsti því yfir við formann þingflokks Framsfl. í gær, að hann ætlaði að halda fund um málið fyrir hádegi og mundi þá veita svör við því, hvernig þingfrestuninni yrði háttað, þ. e. a. s. hvenær hún yrði framkvæmd og hvernig.

Það er vitanlega rétt, og það þurfti ekki að taka neitt fram um það heldur, að samþykkt þessara mála, sem hér liggja fyrir, er nauðsynleg fyrir áramót. Það er engum ljósara en hv. þingmönnum. En það er ekki venja að leggja þau mál fyrir, fyrr en líður nokkuð á þingstörf fyrir hátíðar, og hefur verið venjan að láta önnur mál, sem þm. bera fram, sitja fyrir. Það eru þess vegna alveg óeðlileg vinnubrögð, ef það er ætlunin að knýja fram þessi mál nú, án þess að önnur mál, sem þingmenn óska eftir að komi hér fyrir, komist hér til umr. Þess vegna er þetta ekkert svar annað en út úr, og ég óska eftir, áður en umr. hefjast, að fá að vita um það, hver hefur orðið niðurstaðan af þessum viðræðum. Það á að vera auðvelt fyrir hæstv. fjmrh. að svara því, þar sem hann hlýtur að hafa verið á þeim fundi, þar sem þessi mál voru rædd í morgun, því að ég efast ekkert um það, að hæstv. forsrh. hefur sagt það satt við formann þingflokks Framsfl., að þessi mál yrðu rædd á stjórnarfundi núna í morgun. Ég óska eftir svari.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan, sé ég ekki ástæðu eða rök fyrir þessari fsp. hv. þm., því að milli þingfrestunarinnar og þessara frumvarpa er ekki slíkt samband. Þingfrestunin kemur til umr. eftir helgina. En til þess að hv. þm. fái nokkur svör við sinni fsp., vil ég skýra honum frá því, að mér er ekki kunnugt um, að

nein breyt. hafi orðið á þeirri afstöðu ríkisstj. að óska eftir því, að Alþ. verði frestað í næstu viku.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. telur, að það sé ekkert samband á milli þingfrestunar og þeirra frumvarpa, sem hér liggja fyrir til umr. Ég get ekki alveg fallizt á þessa röksemd. Fyrir þessari hv. d. liggja nú fjögur tekjuöflunarfrv., og það eru frv., sem fjalla ekki um neitt smáræði, það eru frv., sem fjalla um milljónatekjur í ríkissjóð. Ég verð að telja það óeðlileg vinnubrögð, og ég verð að álíta, að það séu mjög óvenjuleg vinnubrögð, sem ekki hafi tíðkazt hér áður, að það sé farið að samþykkja slík tekjuöflunarfrv. sem þessi áður en farin er a. m. k. fram 1. umr. um fjárlagafrv. og gerð hefur verið grein fyrir afkomu ríkissjóðs. Ég verð að telja það mjög óviðkunnanlegt, að farið sé fram á það við alþm. að taka afstöðu til slíkra mála sem þessara, án þess að sú grg. liggi fyrir af hálfu ríkisstj. En það er alveg bersýnilegt, að ef á að fresta þingi nú næsta mánudag, þá er gert ráð fyrir því, að það fari alls ekki fram 1. umr. fjárlaga, áður en þingfrestun á sér stað. Ég get þess vegna alls ekki litið svo á, eins og hæstv. fjmrh., að það sé ekkert samband á milli þessa. Ég verð þvert á móti að líta svo á, að það sé ákaflega eðlilegt, að við viljum fá að vita það, þeir þingmenn, sem hér sitjum, áður en við tökum þátt í því að afgreiða þessi mál, hvort meiningin er að fresta þingi, áður en fram fer 1. umr. um fjárlög.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég mun nú ekki hafa látið orð falla á þá leið, að það væri ekkert samband á milli þingfrestunar og þessara frv. Ég lét orð falla á þá leið, að það væri ekki slíkt samband þar á milli, að nauðsynlegt væri að tengja þau saman, vegna þess að ég benti á, að öll þessi frumvörp fimm þarf að samþykkja, hvort sem verður af þingfrestun eða ekki. Jafnvel þótt þingið héldi áfram störfum alveg fram til jóla, er útilokað, að efnahagsráðstafanir og fjárlög verði afgr. fyrir nýár, og þess vegna eru öll þessi frumvörp nauðsynleg, hvort sem af þingfrestun verður eða ekki. Þessu hefur ekki verið haggað.

Hv. þm. bar nú fram nýja fsp., og hún er sú, hvort þingi mundi verða frestað, áður en 1. umr. fjárlaga fari fram, og ég get alveg svarað því hiklaust, að það hefur verið gert ráð fyrir því, að 1. umr. fjárlaga færi ekki fram fyrir þingfrestun.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal taka undir þær fyrirspurnir, sem hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) hefur borið fram til hv. ríkisstj. um það, hvort það sé nú afráðið, að sú till., sem í gær var útbýtt í þinginu um frestun á fundum Alþ., eigi að verða samþ. Í henni er gert ráð fyrir, að þinginu verði frestað frá 30. nóv., frá mánudegi, næsta starfsdegi þingsins, og ég verð að taka undir það, að mér finnst það skipta allmiklu máli um afgreiðslu þeirra mála, sem nú liggja fyrir hv. deild á þessum fundi hennar, hvort það er afráðið að fresta þinginu þegar á mánudag. Ég álít það mjög óvenjuleg og óviðurkvæmileg vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. að fresta þessu nýkosna þingi svo fljótt, og ég hygg, að þess séu fá dæmi, að ríkisstj. grípi til þess ráðs að senda nýkosið þing heim svo fljótt, eftir að það kemur saman. Fyrir því hafa ekki enn verið færð nein rök, að til þess sé nokkur nauðsyn.

Ég heyrði svar hæstv. fjmrh., og eftir það get ég ekki búizt við öðru en að það sé afráðið af hálfu hæstv. ríkisstj. að láta samþ. þá tillögu um þingfrestun, sem útbýtt hefur verið, eins og hún hljóðar, og senda þingið heim þegar á mánudag. Ég get upplýst það, að seint í gær óskaði hæstv. forsrh. eftir samtali við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar og lét þau orð falla þá, að fyrir hádegi í dag mundi þingfl. stjórnarandstöðunnar berast svör um það, hvort hæstv. ríkisstj. vildi fyrir sitt leyti samþ. hina fram komnu ályktun um frestun þingsins, eins og hún liggur fyrir. En svo var mér tjáð nú um hádegið, að þetta loforð hæstv. forsrh. hafi brugðizt og engin svör komið af hans hálfu um þetta efni. Ég verð því, eftir að ég heyri svör hæstv. fjmrh. um þetta, að líta svo á, að það sé afráðið að fresta þinginu þegar á mánudag. (**Fjmrh.:** Í næstu viku.) Ja, í næstu viku. Í næstu viku eru 7 dagar, eins og öðrum vikum. Ber að skilja svo þetta goðsvar hæstv. fjmrh., að það sé, eins og fyrir liggur í þskj., sem ég hef hér fyrir framan mig, mánudaginn 30. nóv. eða t. d. á laugardaginn í næstu viku? Það skiptir nokkru máli. En eins og málið liggur fyrir og eftir þau svör, sem hafa fengizt hér, eða öllu heldur neitun um svör, þá verð ég að líta svo á, að það sé afráðið, að þessi þáltill. verði samþ., eins og hún liggur fyrir, og þingið sent heim á mánudag, nema hæstv. fjmrh. neiti því nú, að það verði. En ef svo verður, þá hefur það áhrif á afstöðu míns flokks til þeirra mála, sem liggja fyrir hv. deild á dagskrá í dag.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Af því að ég á sæti í þeirri nefnd, fjhn. þessarar hv. deildar, sem fjallað hefur um þau frv., sem hér eru á dagskrá, þykir mér rétt að taka það fram, að afstaða mín og annars manns í nefndinni, hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), markaðist mjög af því, að ekki var hægt að fá upplýsingar um það við umræðu í nefndinni, þó að hæstv. fjmrh. væri þar mættur, hvort stofnað yrði til þingfrestunar núna næstu daga eða ekki, og till. þær, sem við flytjum eða flytjum ekki, eru miðaðar við það, hvort þessar upplýsingar kynnu að fást nú eða ekki. Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er ekkert órofasamband á milli þessara frv. og þingfrestunar, þegar litið er á það, að sennilegt er, að þá löggjöf, sem frv. fela í sér, þurfi að

setja fyrir áramót. En þegar litið er á það, að ekki er hægt að rjúfa þing fyrr en búið er að setja þessa löggjöf, þá sést, að sambandið er mikið, og þannig er það frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að það sé gjörræði að rjúfa hið nýkjörna þing, eins og nú er fyrirhugað, strax eftir að það hefur komið saman, og senda þingmennina heim. Ég vil þess vegna óska þess alveg eindregið, að hér komi fram skýrt og ákveðið, hvort ætlunin er að rjúfa þingið eftir næstu helgi eða í næstu viku, sem ég tel að sé sama sem að rjúfa það á fyrstu dögum þess, eða ekki fyrr en hæfilegt má telja, að þingfrestun hefjist. Ég geri þessa kröfu vegna þess, að þær tillögur, sem við nefndarmennirnir, sem ég nefndi áðan, höfum hugsað okkur að flytja, flytjum við ekki, ef gert er ráð fyrir því, að þingfrestun hefjist ekki fyrr en eftir hæfilegan tíma.

En ég er þeirrar skoðunar og vil undirstrika það, að það sé mjög eðlilegt, að þinghlé verði alllangt að þessu sinni og ríkisstj. fái ráðrúm í því hléi til þess að hugsa sín mál. Ég efast ekki um það, að henni veitir ekki af því, þó að hún hins vegar hafi haft allgóðan tíma að undanförnu, þar sem telja má, að sú stjórn, sem nú situr, hafi farið með stjórnarstarfið allt þetta ár og hefði mátt vera betur undirbúin en hún virðist nú til þess að hefja sitt nýársstarf. En undir öllum kringumstæðum tel ég rétt, að þinghlé gefi henni gott tóm. Hins vegar tel ég mestu fjarstæðu og mesta gjörræði að stofna til þinghlés á fyrstu dögum þingsins, og mér þykir það undarlegt geðleysi hjá nýkjörnum þingmönnum stjórnarflokkanna, ef þeir láta reka sig heim um hæl strax.

Það var hér á sumarþinginu talað mikið af hálfu þeirra flokka, sem nú fara með ríkisstjórn, um lýðræði og jafnan rétt einstaklingsins, nauðsyn þess og skyldu þess, að einstaklingarnir í þjóðfélaginu hefðu jafnan rétt til þjóðmála. En ég fullyrði, að það eru einhver önnur sjónarmið, sem eru nú komin til sögunnar, ef þessir flokkar taka sér vald til þess, í krafti þess, að þeir hafa 6 atkv. fram yfir stjórnarandstöðuna, að rjúfa þingið og máske — ég segi: máske — til þess að fá aðstöðu til þess að stjórna með brbl. í þinghléinu og skerða þannig þingræðið.

Ég endurtek ósk mína um ákveðin svör við því, hvort þingi verður frestað í næstu viku eða hvort það verður dregið t. d. fram í miðjan mánuðinn, en það tel ég allt annað mál, og ég tel mig eiga rétt á að fá svör í þessu efni, vegna þess að mér ber að taka afstöðu til málsins sem nm. við næstu umræðu í þessari hv. deild.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) vill fá svör við því, hvort þingi verði frestað í næstu viku eða t. d. eftir hálfan mánuð. Það hefur því miður farið fram hjá þessum hv. þm., sem ég sagði hér áðan, að það er óbreytt sú afstaða ríkisstj., að þingi verði frestað í næstu viku.

Út af orðum hv. 5. þm. Reykn. (FRV) um það, að tillagan á þskj. 22 frá forsrh. feli það í sér, að þingi verði frestað á mánudaginn kemur, þá eru þau ummæli á misskilningi byggð, því að í till. segir, að fundum þingsins verði frestað frá 30. nóv. 1959 eða síðar, ef henta þykir. Ég geri ráð fyrir því, eins og málin standa nú, að þingi yrði ekki frestað á mánudaginn, en eins og ég hef margtekið fram: í næstu viku. Það er ætlan ríkisstj. og þeirra þm., sem að henni standa.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég hlýt að taka undir mál þeirra hv. þdm., sem hér á undan mér hafa mótmælt þeim vinnubrögðum í deildinni, sem virðist fyrirhugað að hafa. Hér eru á dagskrá 5 mál, sem öll snerta fjárhag. Þessi mál eru sett á dagskrá í dag, og til þess að þau verði tekin fyrir, þarf afbrigði. Þetta er óvenjulegt, að ég hygg, sérstaklega í þingbyrjun. Alþm. hafa verið kallaðir til þingsetu fyrir örstuttu. Margir þeirra hafa tekið sig upp, jafnvel með fjölskyldur sínar, langt að og setzt að hérna og gert ráð fyrir, að þeir ættu hér að starfa fyrst um sinn. Allt í einu kemur boðskapur um það, að nú skuli þingið sent heim, þm. gefið frí frá störfum og þeir fara heim. Mér er ekki ljóst, að þörf sé á slíku. Mér er miklu frekar ljóst, að þörf sé á, að þingið sitji og starfi nú með eðlilegum hætti og á eðlilegum tíma, þar til jólafrí hefst.

Það er vitað mál, að fyrir þinginu liggja mörg og mikilsverð mál, sem þarf að leysa, og þar á meðal efnahagsmálin, og það er ekki aðeins hlutverk hæstv. ríkisstj. að leysa úr þeim málum, það er líka hlutverk hins háa Alþingis. Einhvern tíma var vinstri stjórnin ásökuð fyrir það, að hún vildi hafa samvinnu við samtök hinna vinnandi stétta, og að því fundið, að hún vildi flytja málin út fyrir endimörk Alþingis og láta gera út um málin þar. Mér virðist, að þeir, sem þetta gagnrýndu, viðhafi nú eða ætli sér að viðhafa svipað. Þeir ætla að láta einhverja aðila, sem þeir kalla sérfræðinga, gera út um efnahagsmálin og síðan demba þeim hér inn á Alþingi síðar í vetur og láta afgreiða þau, ef til vill með svipuðum hraða og þessi mál eiga nú að afgreiðast. Ég vil alveg ákveðið fyrir mitt leyti mótmæla slíkum vinnubrögðum. Það er ekki fyrst og fremst hlutverk sérfræðinga af neinu tagi að ráða fram úr efnahagsmálunum eða efnahagsvandanum hér á landi. Það er fyrst og fremst hlutverk Alþingis, það er hlutverk fulltrúa þjóðarinnar að gera það, og þeir eiga að hafa tíma til þess, og það á að ætla þeim tíma til þess og síst ástæða til að gefa hv. alþm. frí frá störfum nú, þegar þing er nýkomið saman.

5. málið á dagskrá er bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að slík heimild verði veitt, áður en þingið fer heim í jólafrí. En það er ekki sjálfsagt, að hv. alþm. séu því viðbúnir að greiða atkv. um það nú þegar. Ég veit ekki nema mál eins og brbl.

fyrrv. ríkisstj. komi til með að hafa þar nokkur áhrif á óskir og vilja hv. alþm. Eins og kunnugt er, ganga þau lög úr gildi nú eftir hálfan mánuð, og þá hlýtur að liggja fyrir að taka ákvörðun um þann vanda, sem þar er við að eiga. En ég hygg, að það komi mjög fjárhag ríkisins við, hvernig á því máli verður tekið. Þetta er aðeins eitt dæmi, sem ég nefni, og skal ekki fara nánar út í það nú. En þessi vinnubrögð, sem virðist eiga að viðhafa hér í hv. d. nú í byrjun þings, að hespa af mikilsverðum málum á örstuttum tíma og með afbrigðum á afbrigði ofan, tel ég vítaverð og hlýt eins og aðrir hv. þdm., sem hafa talað á undan mér, að mótmæla slíku.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja brbl. um landbúnaðarverðið fyrir þingið eða hvort hún ætlar ekki að gera það. Mér sýnist ýmislegt benda til þess, að hún ætli sér alls ekki að gera það, því að ef það verður af þingfrestun, eins og ríkisstj. gerir ráð fyrir, n. k. mánudag, og ég skil hæstv. ráðh. svo, að það verði ekki hvikað frá því, þá er mér ekki ljóst, hvernig hæstv. ríkisstj. fer að því að fullnægja ákvæði stjórnarskrárinnar um það, að brbl. skuli lögð fyrir næsta Alþ. Ég veit ekki betur en þessi lög falli úr gildi 15. des., og ef Alþ. verður frestað n. k. mánudag og kemur ekki saman fyrr en 28. jan., þá eru þessi lög sæmilega dáin. Hvernig fer þá hæstv. ríkisstj. að leggja þau fyrir næsta Alþ.? Það er þó ótvírætt í stjórnarskránni, að svo á að gera. Þetta atriði eitt út af fyrir sig sýnist mér vera nægilegt tilefni til þess að mótmæla þessari ráðstöfun hæstv. ríkisstj. að reka þm. heim og fresta þingi. Og mér sýnist meira að segja, að það geti komið upp alveg ný vinnubrögð út frá þessu, ef þetta verður gert. Núverandi stjórnarflokkar gáfu út þessi brbl., mig minnir í sept., þ. e. a. s. þáverandi ríkisstj., sem studd var af núverandi stjórnarflokkum. Þau gilda til 15. des. Ef hæstv. ríkisstj. frestar nú þinginu 30. nóv., falla lögin úr gildi jafnt fyrir það 15. des., og lögin hafa ekki verið lögð fyrir þingið. Er þá ekki möguleiki fyrir slíka ríkisstj. að gefa út ný brbl. 16. des., samhljóða þessum, sem féllu úr gildi 15. des., og láta þau gilda til 30. apríl, svo að ég taki dæmi, leggja þau lög ekki heldur fyrir þing frekar en þessi, slíta svo Alþ. 29. apríl og gefa svo út ný brbl. 1. maí? Er þessi fræðilegi möguleiki ekki til, ef þessi vinnubrögð eiga að haldast? Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og ég tel mikils virði, að hæstv. ríkisstj. svari þm. eitthvað um það. Ég skal taka fram, að ég er ekki að bera það á hæstv. ríkisstj., að hún ætli að gera þetta. En ég spyr: Er ekki þetta möguleiki, ef þessi vinnubrögð eiga að haldast, að brbl. verði ekki lögð fyrir Alþ. í þingbyrjun. Ég heyri sagt, að hæstv. landbrh. hafi svarað því í hv. Nd., að það stæði ekki í stjórnarskránni, að það eigi að leggja slík lög fyrir þing í byrjun þings. En ef hann kynni að líta svo á, að það mætti alveg eins gera það í endi þings, er þá ekki hægt að fara svona að, að stjórna að þessu leyti með brbl., þó að þing sitji?

Ég vil taka undir þau mótmæli, sem hér hafa verið borin fram um þau vinnubrögð að reka þingið heim eftir nokkra daga, áður en það er farið að gera neitt verulegt, og koma þannig í veg fyrir, að þm. geti m. a. flutt mál, sem þurfa jafnvel að komast áleiðis fyrir áramót. Hitt er ég ekki að vefengja neitt, að hæstv. ríkisstj. þurfi hlé eða frið til þess að móta sínar væntanlegu efnahagsmálatillögur. Ég get vel skilið, eða a. m. k. trúi ég því fyllilega, að hæstv. ríkisstj. viti enn þá ekkert, hvað hún á að gera í efnahagsmálunum. Það er að vísu hart að vera búin að stjórna í heilt ár hér um bil og vita þetta ekki. Það hafa komið fram opinberlega upplýsingar um það, að þegar ríkisstj. var mynduð í des. 1958, hafi Sjálfstfl. lagt fyrir Alþfl. till. sínar í efnahagsmálunum og séu þau þær till., sem stjórnað hafi verið eftir yfirstandandi ár. Hafi Sjálfstfl. getað gert þetta, sem ég vefengi ekki að hann hafi gert þá, er mjög ólíklegt, að hann geti ekki haft eitthvað tilbúið í þessum málum nú. Látum það vera svo. En það réttlætir ekki hitt, að reka þingið heim eftir örfáa daga.

En að lokum vil ég undirstrika þessa fsp. til hæstv. ráðh., sem nú eru hér tveir viðstaddir: Á að leggja brbl. fyrir þetta þing eða á ekki að gera það? Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að fullnægja ákvæði stjórnarskrárinnar um að leggja brbl. fyrir þing, ef þau verða fallin úr gildi, þegar þing kemur saman eftir þetta hlé, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að hafa?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. svipuð þessari var lögð fyrir mig í hv. Nd. í gær, og svaraði ég henni þá. Það sama mál vorum við að ræða í Nd. í dag, og hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, spyr á svipaðan hátt. Hann spyr m. ö. o. um það: Ætlar núv. ríkisstj. að fara að lögum? Mér finnst nú, að svona spurningar séu nokkuð út í hött, og mætti segja, að ef fyrirspyrjandinn væri ekki í sérstaklega órólegu skapi vegna þeirrar þingfrestunar, sem nú er fyrir dyrum, væri þetta móðgandi spurning. Núv. ríkisstj. mun að þessu leyti fara að lögum, eins og í öllum öðrum málum, og ég held, að þetta svar ætti alveg að nægja.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) var að rifja upp yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. hafði gert í haust í sambandi við brbl. Ég minnti hann á það áðan, og ég vil einnig minna þennan hv. þm. á, að það er óþarfi að minna okkur sjálfstæðismenn á það, hvað við höfum sagt um þessi mál, — alger óþarfi. Og ég hygg, að bændur geri sér ljóst, að þeim er það nægileg trygging, hvað sjálfstæðismenn hafa um þessi mál sagt, og ég verð að segja það hér, eins og ég sagði í hv. Nd. áðan, að mér er það mikið ánægjuefni, hversu hv. framsóknarmenn eru nú orðnir áhugasamir um hagsmuni bænda-

stéttarinnar, vegna þess að það liggur fyrir, staðreyndirnar tala, að á meðan framsóknarmenn höfðu völd og réðu þessum málum í vinstri stjórninni, þá gleymdu þeir að tryggja hagsmuni bænda. Það var þá, sem tekin var upp algerlega ný regla, að mismuna þjóðfélagsstéttum. Það var þá, sem lagður var skattur á allar rekstrarvörur atvinnuveganna, en bændunum einum gert ómögulegt að fá þessa skatta bætta. Núv. ríkisstj. mun hafa það hugfast að gera ekki upp á milli þjóðfélagsstéttanna, heldur gera sér ljósa grein fyrir þörf hverrar stéttar.

Ég hygg, að hv. fyrirspyrjanda ætti að vera nóg sú yfirlýsing, að það mun verða farið að lögum í sambandi við brbl. eins og önnur mál.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem það er nú látið að því vikja, að Alþ. muni frestað innan fárra daga, vil ég ekki láta hjá líða að spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga út frá áður gefnum fyrirheitum Sjálfstfl.

Sem kunnugt er, voru á s. l. hausti gefin út brbl. um landbúnaðarafurðaverð. Það var 18. sept. Daginn eftir kemur svo hljóðandi yfirlýsing í Mbl. frá Sjálfstfl., með leyfi forseta:

„Hlutur bænda verði ekki skertur. — Yfirlýsing þingflokks miðstjórnar Sjálfstfl. í gær.

Vegna þeirrar deilu, sem upp er komin um verðlagningu landbúnaðarafurða, gerði miðstjórn og þingflokkur Sjálfstfl. eftirfarandi samþykkt á fundi sínum:

Sjálfstfl. telur stöðvun verðbólgu og jafnvægi í efnahagsmálum vera höfuðnauðsyn. Í þessum efnum hefur þegar mikið áunnizt frá því, sem var í des. s. l. Öllum er þó ljóst, að ráðstafanir þær, sem enn hafa verið gerðar, eru einungis til bráðabirgða og skapa þarf öruggari grundvöll til að tryggja framfarir og atvinnu handa öllum landsmönnum. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að taka allt efnahagskerfið til endurskoðunar, þegar nýtt Alþ., skipað í samræmi við vilja þjóðarinnar, tekur til starfa að afloknum kosningum.

Gildandi verðlagsgrundvöllur. — Vegna ósamkomulags hefur að þessu sinni ekki reynzt kleift að ákvarða verð landbúnaðarafurða lögum samkv. Ekki skal um það dæmt, hverju það er að kenna, en á það bent, að æskilegast hefði verið, að úr því hefði fengizt bætt. Það hefur ekki tekizt og þangað til annað reynist réttara ekki við annað að miða en þann verðlagsgrundvöll, sem verið hefur í gildi. Samkv. þeim grundvelli hefði verðlag landbúnaðarafurða nú átt að hækka um 3.18%. Sú hækkun er hliðstæð því eins og er kaup launþega hækkaði vegna hækkunar vísitölu fyrir verðlagshækkanir og þess vegna annars eðlis en beinar grunnkaupshækkanir.

Bændum bætt tjónið. — Hækkun landbúnaðarafurða nú mundi aftur á móti skapa hættu á nýrri verðhækkunarskriðu. Í samræmi við aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið eftir setningu stöðvunarlaganna í vetur, hefði verið sanngjarnast að greiða þessar verðhækkanir niður, þangað til Alþ. hefur gefizt kostur til að taka ákvarðanir um efnahagsmálin í heild. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki fallizt á þá lausn, heldur ákveðið að banna verðhækkanir með lögum. Af framangreindum ástæðum lýsir Sjálfstfl. yfir því, að hann mun á Alþ. leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir af þessum sökum verða fyrir."

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Er byrjað að bæta bændum þetta tjón, sem Sjálfstfl. hét þeim að gert yrði þegar eftir að þeir kæmust til valda að kosningunum afstöðnum? Ég efast ekki um, að meðal bænda hafi flokkurinn fengið nokkur atkvæði út á þetta. Og það er fyllilega ástæða fyrir okkur, sem verðum sendir heim af þinginu innan fárra daga, að vita, hvort Sjálfstfl. ætli að standa við gefin fyrirheit í þessum efnum. Og ef svo er, að það er ekki þegar hafizt handa um að bæta þetta tjón, þá vil ég skora á hæstv. fjmrh. að gangast fyrir því, að þessi gefnu fyrirheit verði efnd. Það má kannske segja sem svo, að þetta tjón sé ekki óskaplegt. En það er óskaplegt hvort tveggja í senn af hæstv. ríkisstj. sem og fyrrv. ríkisstj. að níðast á samningsrétti bændastéttarinnar með bráðabirgðalögunum og svo af þessari stjórn, þar sem meiri hluti hennar hefur lofað því að bæta bændum tjónið. Þess vegna vil ég skora á hæstv. fjmrh. að gefa skýrar upplýsingar í þessum efnum nú þegar, og ef ekki er hafizt handa um að bæta þetta tjón, þá beita sér fyrir, að það verði gert.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það sætir nokkurri furðu að fara að gera hér utan dagskrár sérstakar fyrirspurnir út af verði landbúnaðarafurða og greiðslum til bænda. Það mál er ekki hér á dagskrá. Ef hv. þm. óskar að fá upplýsingar um slíkt mál, áður en þingi er frestað, er honum í lófa lagið að spyrjast fyrir um það í Sþ., þegar frestunartill. kemur til umr. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan.

Forseti (SÓÓ): Þessar umræður, sem hafa allar farið fram utan dagskrár, bráðum í klukkutíma, hafa farið nokkuð vítt út og ýmis mál blandazt inn í það, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi að mundi verða rætt um utan dagskrár. Nú eru þrír hv. þm. á mælendaskrá, og ég vil mælast til þess við þá, að þeir stytti mál sitt, eftir því sem hægt er, og haldi sig við það efni, sem byrjað var að ræða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða löngum tíma og skal verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að tala ekki langt mál að þessu sinni, nema tilefni gefist til þess.

Hæstv. landbrh. svaraði áðan því, hvort ætti að leggja brbl. fyrir Alþ., og sagði, að það væri móðgandi spurning að spyrja um þetta, því að auðvitað færi hæstv. ríkisstj.

að lögum. Það var einmitt það, sem ég var að spyrja um: Hvernig í dauðanum á þessi hæstv. ríkisstj. að fara að lögum, ef hún leggur l. ekki fyrir þingið? Lögin falla úr gildi 15. des., en ríkisstj. ætlar að fresta Alþ. 30. nóv. Hvernig ætlar hún að fara að því að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar? Um þetta spurði ég. Ég skil ekki, hvernig þetta er hægt. Þess vegna hélt ég, að Alþ. þyrfti að sitja, svo að hægt væri að leggja málið fyrir þing og afgreiða það, áður en l. falla af sjálfu sér úr gildi.

Hæstv. landbrh. er nú ekki viðstaddur, en ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti svarað fyrir hann um þetta efni, því að hann mun vera öllu fróðari í því, hvernig svona hlutir geta gengið fyrir sig á lögfræðilega réttan hátt. Ég er ekki lögfræðingur og þess vegna engin móðgun, þótt ég spyrji að þessu. Ég skil ekki, hvernig hægt er að framkvæma þetta, eins og stjórnin hugsar sér.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ég væri ekki í nógu góðu skapi. Mér skilst, að hæstv. ríkisstj. þurfi að fresta þingi m. a. vegna þess, að hún er sjálf í hálfbágbornu skapi og það ekki að ástæðulausu, eftir að þessir flokkar eru búnir að stjórna í hér um bil heilt ár og eru enn að leita að úrræðum í efnahagsmálunum. Ja, guð má vita, hvort þeir verða búnir að finna nokkur úrræði 28. jan., það efast ég um. Nei, ég held, að ég hafi ekki móðgað hæstv. ríkisstj. á neinn hátt, þó að ég spyrji hana að því: Hvernig er hægt að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar með því að leggja ekki brbl. fyrir þing, áður en þau falla úr gildi? Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. muni geta upplýst mig eitthvað um þetta eða gefið einhver svör við þessu, því að þetta er krossgáta fyrir mér.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. lýsti því yfir hér, að við gætum verið rólegir, því að hæstv. ríkisstj. mundi fara að lögum. Ég skal ekki gera henni neinar getsakir um það efni. En það hefur tíðkazt, þegar þingi er frestað með ályktun, að gefa út brbl. milli þinga, og ákvæði stjórnarskrárinnar hafa verið skilin svo, að slíkt sé heimilt. En þegar svo hefur verið litið á, að brbl. megi gefa út, hafi þingi verið frestað með ályktun, þá liggur nokkuð nærri að álíta, að það sé ekki heldur óeðlileg lögskýring, að brbl. beri að leggja fyrir Alþ., áður en því er frestað með ályktun. Það er a. m. k. nokkuð nærri lagi, held ég, þó að það megi sjálfsagt að einhverju leyti um það deila. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að þingmenn vilji fá að vita um það, hvern hátt hæstv. ríkisstj. ætlar að hafa á þessu máli, þegar brbl. falla úr gildi 15. n. m. Það er ekkert óeðlilegt. Það mundu, hygg ég, í flestum þingum vera talin eðlileg vinnubrögð, að hv. þm. væri, áður en þeir eru sendir heim, gerð grein fyrir því, hvernig með þetta skuli fara. En þegar þeir koma heim frá sínum þingstörfum, geta þeir ekki frekar en aðrir almennir borgarar gefið neina skýringu á því sínum kjósendum, hvernig farið verður með þetta mál. En sleppum þessu atriði.

Það var aðallega eitt atriði, sem ég ætlaði að minnast á úr ræðu hæstv. landbrh. Hann sagði, að við framsóknarmenn hefðum mikinn áhuga á því að rétta hag bænda núna, þegar við værum í stjórnarandstöðu, og sló fram þeirri fullyrðingu, sem hann hefur slegið fram áður, sem er alveg röng og sannarlega alröng og ósönn og ég vil ekki láta hjá líða að leiðrétta og mótmæla. Hann segir, að það liggi nú fyrir, að Framsfl. hafi gleymt að tryggja hagsmuni bænda. Þegar hann hafi lagt á, eins og hann sagði, nýja skatta, þá hafi hann ætlað fyrir því, að sá skattur kæmi ekki niður á öðrum stéttum en bændum. Ég veit vel, við hvað hann á með þessum sköttum, því að hann hefur svo oft sagt þessi ósannindi, og það er 55% yfirfærslugjaldið, sem hann á við. Þessu hefur hann haldið þráfaldlega fram, án þess að hafi verið hægt að leiðrétta það eins oft og hann hefur staðhæft það. En sannleikurinn í þessu máli er sá, að þegar 55% yfirfærslugjaldið var lagt á, sem hækkaði að sjálfsögðu ýmsar vörur, sem bændur notuðu við framleiðslu, t. d. vélar o. fl., þá var ætlað fyrir þessum skatti í verðlaginu og leitað til framleiðsluráðs landbúnaðarins til að láta það fara yfir alla reikninga í þessu efni, til þess að það gæti sannfært sig um það, að það væri í landbúnaðarverðinu ætlað fyrir þessu 55% yfirfærslugjaldi. Sumarið 1958 var þetta mál, sem hæstv. ráðh. er nú að tala um, tekið til umr. á landsfundi bænda, og þar stóð upp sjálfstæðismaður, sem kom með þessar staðhæfingar, sem hæstv. landbrh. er hér með enn, og fullyrti þetta, sem landbrh. enn þá fullyrðir þvert ofan í staðreyndir. Og þá stóð þar upp bóndi, sem heitir Einar Ólafsson í Lækjarhvammi, og sagði: „Ég hef farið yfir alla þessa reikninga sjálfur, og ég er eins reikningsglöggur maður, hygg ég, eins og sá maður, sem hér var að halda fram ásökun um þetta," — og það hugsa ég, að hann sé, — „og ég staðhæfi það, að ekkert af þessu er á nokkrum rökum byggt. Það er ætlað fyrir þessu öllu saman í verðlaginu, og ég hef sannfært mig um það sjálfur, og þið skuluð láta umr. falla niður um þetta efni, því að þær eru alveg ástæðulausar." — Og það sagði enginn neitt, eftir að hann hafði haldið þessa ræðu, þar sem hann hafði sýnt fram á þetta með tölum. Nú gengur þessi draugur hér enn aftur, og ég vil ekki láta hjá líða að mótmæla þessum ósannindum, og það er leiðinlegt, að þetta skuli koma fyrir ráðh., að hann heldur fram þessum ósannindum hvað eftir annað.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að mér væri í lófa lagið að leggja fram fsp. í sameinuðu Alþingi um þau mál, sem ég var að gera fyrirspurnir um áðan. Það er alveg satt, að ef hæstv. ríkisstj. gætti þess og kynni að meta þingræði, þá væri slíkt hægt. En undir þeim kringumstæðum, þar sem að

völdum situr ríkisstj., sem vanmetur þingræði í landinu, þá er slíkt ekki hægt, og þess vegna óska ég eftir því, að hæstv. ráðh. svari þessum fsp. nú. Hann ætti sjálfur að vita, hvað gildir í þessum efnum, þar sem hann hefur verið prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands í mörg ár. Ég óska eftir því, að hann svari þessu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm., sem síðast talaði, var bent á það áðan af mér, að hann gæti borið þessa fsp. fram í sambandi við umr. í Sþ. nú eftir helgina um frestunartillöguna. Hann óskar eftir svörum við fsp. sinni hér, en hann veit það ósköp vel eins og aðrir hv. þdm., að það er búið að svara þessu. Það er búið að lýsa því yfir af hæstv. landbrh., að að sjálfsögðu mun Sjálfstfl. standa við þau fyrirheit og loforð, sem hann hefur gefið í þessu efni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er ekki svo óeðlilegt, að það fari fram nokkrar umr. hér vegna þessarar þingfrestunar, sem fyrirhuguð er, og þingmenn vilji vita, áður en þeir taka afstöðu til þessara mála, sem hér liggja fyrir, hvað fyrirhugað sé um þingstörfin framvegis. Þess vegna verð ég að álíta það afsakanlegt, þó að nokkuð teygist úr þessum umr.

Ég hafði beint þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort þingi yrði frestað, áður en 1. umr. fjárlaga færi fram. Ég hafði talið það nokkuð eðlilegt í sambandi við þá venju, sem ég held að muni gilda í þessum efnum, að það færi fram 1. umr. um fjárlög og að þingmönnum væri gerð grein fyrir því, hvernig afkoman hefði verið að undanförnu, sem og því, hver stefnan ætti að vera framvegis í fjármálum, áður en farið væri fram á það við þá að taka afstöðu til stórkostlegra tekjuöflunarfrv. Ég hefði haldið, að það væri í samræmi við þingræði og venjur. Hæstv. fjmrh hefur nú svarað þessari fsp. mjög skýrt og skorinort, þó að það verði ekki sagt um sumar aðrar fsp., sem til hans hefur verið beint, — hann hefur svarað því alveg eindregið, að það væri ekki ætlunin að láta fara fram 1. umr. fjárlaga, áður en þingi væri frestað. Ég verð að lýsa yfir undrun minni á þessum vinnubrögðum. Ég hefði haldið, að það væru hagkvæm vinnubrögð, jafnvel þó að þingi væri nú frestað, að láta áður fara fram umr. um fjárlög og að fjárlagafrv. væri þá vísað til fjvn., sem svo gæti, eins og fordæmi eru fyrir, unnið að fjárlagafrv., meðan þingfrestun stendur.

Það er svo, eins og hæstv. fjmrh. veit eins vel og ég, að fjárstjórnarvaldið í þessu ríki er og á að vera í höndum Alþ., en ekki ríkisstj. Þess vegna get ég ekki að öllu leyti tekið undir þau ummæli, sem hér hafa fallið, að það væru eðlilegir starfshættir, að þingi væri frestað um skeið og það látið fara heim, á meðan ríkisstj. fjallaði um efnahagsmálin, sem til úrlausnar eru. Ég held, að ef sá háttur verður upp tekinn og mjög tíðkaður, þá verði hallað á Alþ. og breytt því hlutverki, sem því hefur frá öndverðu verið ætlað. En það er vissulega Alþ., sem á að móta stefnuna í þessum efnum fyrst og fremst. Og ég verð að segja það, að ég álít, að alþm. beri í raun og veru bæði réttur og skylda til þess að fylgjast með í þessum málum.

Ég vil endurtaka það, að ég álít, að það hefðu verið ólíkt skynsamlegri vinnubrögð, jafnvel þótt til þingfrestunar eigi að grípa, að það hefði verið gerð grein fyrir fjármálum ríkisins, eins og venja er í fjárlagaræðu, og fjárlagafrv. vísað til n. og fjvn. ynni síðan að fjárlagafrv., meðan þinghléið stæði. En ég vil ítreka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég get ekki betur séð en það sé einmitt samband á milli þessara stórfelldu tekjuöflunarfrv., sem hér liggja fyrir, og fjárlagaafgreiðslu. Ég álít, að það sé alveg óeðlilegt, að þingmenn séu að samþykkja svo stórfelldar tekjuöflunarleiðir sem hér er um að ræða, áður en þeir vita nokkuð nánar um það, hvaða stefnu á að fylgja í fjármálum ríkisins. Og ég álít það því óeðlilegra nú sem ný ríkisstj., a. m. k. að formi til, hefur tekið við völdum og hún hefur boðað nýjar aðgerðir í efnahagsmálum. Ég álít, að það sé eðlilegt, að þingmenn fái að sjá eitthvað framan í það, hverjar þær aðgerðir eru, áður en þeir fara að samþykkja slíkar tekjuöflunarleiðir, sem hér liggja fyrir, heimildir til ríkisstj., sem eru bundnar við næsta ár.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. En það hafa nú fleiri mál blandazt inn í þessar umr., m. a. brbl. um bindingu afurðaverðs, og hæstv. landbrh. hefur gefið hér nokkurt goðsvar við þeirri fsp., sem til hans var beint. Hann sagði, hæstv. landbrh., að mér skildist, að þessi fsp. væri algerlega óþörf, af því að bændum væri það nægileg trygging, hvað sjálfstæðismenn hefðu sagt um þessi mál. Hann sagði þetta orðrétt. En hvað hafa nú sjálfstæðismenn sagt um þessi mál áður? Jú, þeir sögðu það, eins og hv. 1. þm. Vesturl. gat hér um áðan, að bændur ættu að fá fébætur vegna þessara kaupbindingalaga. En það var einn þáttur þess máls, en það voru nokkru fleiri þættir í því, og seinna lýsti Sjálfstfl. því yfir, að hann mundi greiða atkv. gegn þessum brbl. Nú mætti ætla, að þessi flokkur, þegar hann hefur fengið völdin og landbrh., mundi kosta kapps um að leggja þetta frv. sem fyrst fyrir, svo að þingmönnum Sjálfstfl. gæfist kostur á því að standa við þessi fyrirheit sín og greiða atkv. hreinlega gegn þessum lögum. En það er nú þegar liðið nokkuð frá þingsetningu, sem sagt 8 dagar, og það hefur ekki verið lagt fram, þetta frv., enda þótt ég hyggi, að það sé yfirleitt venja að leggja brbl. fram í upphafi þings, og það er sýnilegt, að það á að fresta þingi eða virðist vera meiningin að fresta þingi án þess að leggja þetta frv. fram. Og þá fer það sjálfsagt svo, að þessi brbl. falla úr gildi 15. des. Það á að vísu að leggja þau fyrir þingið. Þau verða lögð fyrir þingið einhvern tíma, til þess

að lofa þinginu að sjá lögin, en það verður ekki farið að samþykkja þau lög, það verður ekki farið að greiða atkv. um það lagafrv., eftir að þau eru fallin úr gildi.

Nú vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. að gefnu tilefni út frá þessari yfirlýsingu hæstv. landbrh., að bændum væri það næg trygging, hvað sjálfstæðismenn hefðu sagt um þessi mál, hvernig Sjálfstfl. hugsar sér að geta komið því við að greiða atkv. gegn þessum brbl. og standa með þeim hætti við þá yfirlýsingu, sem hann gaf á sínum tíma. Ég er ákaflega hræddur um, að það fari nú fyrir mörgum bóndanum svo, að honum þyki þessar yfirlýsingar sjálfstæðismanna, eins og reyndar miklu fleiri, nokkuð léttar í vasa.

Á 5. fundi í Nd., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þann 18. sept. s. l. voru gefin út brbl. um verð landbúnaðarvara. Var þar svo fyrir mælt, að heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959, skv. auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins, skuli gilda óbreytt á tímabilinu 1. sept. til 15. des. 1959. Í lögunum var einnig ákvæði um, hvenær sumarverð á vissum vörum skyldi niður falla.

Með bréfi til forsrh., er ritað var sama dag inn sem lög þessi voru út gefin, mótmælti stjórn Stéttarsambands bænda lagasetningunni mjög ákveðið, vegna þess að með því væri freklega gengið á rétt bændastéttarinnar. Daginn eftir að brbl. voru gefin út, þ. e. a. s. 19. sept., birtist í Morgunblaðinu yfirlýsing þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl. um þetta mál. Í yfirlýsingunni segir m. a., að vegna ósamkomulags hafi ekki að þessu sinni reynzt kleift að ákveða verð landbúnaðarafurða lögum samkvæmt og að æskilegast hefði verið, að úr því hefði fengizt bætt. Síðan segir svo í yfirlýsingunni, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur ekki tekizt," — þ. e. a. s. að fá úr þessu bætt, — „og er því, þangað til annað reynist réttara, ekki við annað að miða en þann verðlagsgrundvöll, sem verið hefur í gildi." Þetta sýnist vera eðlileg ályktun og í samræmi við 6. gr. laganna um framleiðsluráð. Í þeirri gr. laganna segir, að verðlagsgrundvöllur, sem ákveðinn er skv. lögum, skuli gilda, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn. Síðan segir í yfirlýsingu þeirra sjálfstæðismanna: „Samkvæmt þeim grundvelli hefði verðlag landbúnaðarafurða nú átt að hækka um 3.18%. Sú hækkun er hliðstæð því eins og ef kaup launþega hækkaði vegna hækkunar vísitölu fyrir verðlagshækkanir og þess vegna annars eðlis en beinar grunnkaupshækkanir. Í framhaldi af þessu segir svo í yfirlýsingu Sjálfstfl. m. a., að það hefði verið sanngjarnast að greiða þessar verðhækkanir niður, þangað til Alþingi hefur gefizt kostur á að taka ákvarðanir um efnahagsmálin í heild, en ríkisstj. hafi ekki fallizt á þetta, heldur ákveðið að banna verðhækkanirnar með lögum. Og síðasta málsgr. í yfirlýsingu þeirra sjálfstæðismanna hljóðar svo: „Af framangreindum ástæðum lýsir Sjálfstfl. yfir því, að hann mun á Alþingi leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir af þessum sökum verða fyrir."

Tveimur dögum eftir að brbl. voru gefin út, eða þann 20. sept., var birt ályktun miðstjórnar Framsfl. um málið. Lýsti miðstjórnin því þar yfir, að hún teldi brbl. gerræði og að flokkurinn mundi gera það, sem í hans valdi stæði, til þess að þau yrðu ekki samþykkt á Alþingi. Eftir að Framsfl. hafði markað afstöðu sína til laganna með þessum hætti, kom fram ný yfirlýsing frá Sjálfstfl. þann 22. sept. og var eins og hin fyrri birt í Mbl. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni í yfirlýsingu miðstjórnar Framsfl., sem lesin var í útvarpinu í fyrrakvöld, ítrekar miðstjórn Sjálfstfl. það, sem fram kom í samþykkt hennar og þingflokks Sjálfstfl. hinn 18. þ. m., að Sjálfstfl. lýsti sig þegar í stað andvígan setningu bráðabirgðalaganna um ákvörðun verðlags landbúnaðarafurða og mun þess vegna ekki styðja þau á Alþingi, heldur leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum."

Þegar Sjálfstfl. hafði birt þessa síðari yfirlýsingu sína, ritaði formaður Framsfl. forsrh. og krafðist þess, að Alþingi væri kallað saman til að fjalla um verðlagsmál landbúnaðarins. Kvað hann af þessari síðari yfirlýsingu sjálfstæðismanna augljóst, að brbl. nytu eigi þingfylgis, en þá lausn yrði að finna á þessu máli, er þingfylgis nyti. Formaður Alþb. mun einnig hafa ritað forsrh. og krafizt þess, að Alþingi væri kvatt saman. Forsrh. svaraði þessum kröfum með bréfi 25. sept. og hafnaði þar kröfunni um að kalla saman Alþingi þá þegar. Og í tilefni af svarbréfi hæstv. forsrh. birtist klausa í ramma á forsíðu Mbl. 29. sept. Hún ber *yfirskriftina:* „*Viðurkenning Emils.*" Þar segir, að ummæli forsrh. í bréfinu staðfesti það, að setning þessara brbl. sé þýðingarlaus og komi ekki til með að hafa nein áhrif, svo framarlega sem Framsfl. bregðist ekki í málinu. „Bráðabirgðalögin munu þá ekki hljóta samþykki *hins nýkjörna* þings, vegna þess að Sjálfstfl. mun beita sér fyrir því á þingi, að hlutur bænda verði réttur og þeim bætt það tjón, er lögin hafa þá bakað þeim."

Í yfirlýsingu Sjálfstfl. 22. sept. og í rammaklausunni í Mbl. 29. sept., sem ég hef hér vitnað til, kemur fram, að Sjálfstfl. muni ekki styðja brbl. á Alþingi.

Nú er fyrir skömmu komin ný ríkisstjórn, þar sem formaður Sjálfstfl. er forsrh. og annar maður úr þingflokki sjálfstæðismanna landbrh. Af yfirlýsingunum, sem ég hef vitnað til, hefði mátt ætla, að hinn nýi landbrh. léti það verða sitt fyrsta verk að leggja brbl. fyrir Alþingi, til þess að honum sjálfum og flokksbræðrum hans á þingi gæfist sem fyrst kostur

á að greiða atkv. gegn þeim þegar í upphafi þings. En þetta hefur enn ekki orðið.

Það var þó einkum út af öðru atriði viðkomandi þessu máli, sem ég kvaddi mér hér hljóðs að þessu sinni. Í sambandi við þær endurteknu yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. gaf út í september, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh., hvað hann sé búinn að gera eða ætli að gera viðkomandi greiðslu á þeim uppbótum, sem flokkur hans lofaði að leggja til að bændum yrðu greiddar. Er ráðh. t. d. búinn að tilkynna framleiðsluráði landbúnaðarins, að bændur muni fá þessa umræddu 3.18% uppbót á verð þeirra afurða, sem þeir hafa selt, síðan brbl. komu til framkvæmda? Þegar slík yfirlýsing frá ríkisstj. lægi fyrir, væri hægt að deila uppbótunum niður á búvörutegundirnar, gera reikninga yfir þær og ganga eftir borguninni.

Svo er annað viðkomandi þessu máli: Telur hæstv. ráðh. sig þurfa sérstaka heimild frá Alþingi til að greiða þessar bætur, eða telur hann lagaheimild fyrir hendi? Í yfirlýsingum Sjálfstfl., sem ég hef áður vitnað til, virðist koma fram sú skoðun, að þörf sé sérstakrar þingsamþykktar um þetta. Í fyrstu yfirlýsingu flokksins, sem samþykkt var í flokknum 18. sept. og birt í Morgunblaðinu daginn eftir, segir, að Sjálfstfl. lýsi því yfir, að „hann mun á Alþingi leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir af þessum sökum verða fyrir.“ Í yfirlýsingu nr. 2 frá sama flokki, sem birt var í Morgunblaðinu 22. sept., segir, að flokkurinn muni ekki styðja brbl. á Alþingi, heldur leggja til, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum. Og í rammaklausunni í Morgunblaðinu 29. sept. segir enn fremur, að Sjálfstfl. muni beita sér fyrir því á þingi, að hlutur bænda verði réttur og þeim bætt það tjón, er lögin hafa þá bakað þeim.

Sé þetta skoðun hæstv. ráðh. eða ríkisstj., að sérstaka heimild þurfi frá Alþingi til þess að borga uppbæturnar, vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Ætlar hann ekki að leita eftir slíkri heimild á Alþingi nú þegar? Það mál þyrfti að fást afgreitt, áður en þingi verður frestað, ef til þess kemur. En í gær var útbýtt hér á hæstv. Alþingi till. frá hæstv. forsrh. um þingfrestun. Er þar lagt til, að þingi verði frestað mjög bráðlega og allt fram til síðustu daga janúarmánaðar, en það væri hin mesta óhæfa að láta bændur bíða eftir bótagreiðslum allan þann tíma. Það er einmitt vegna þingfrestunartill., sem ég leyfi mér að bera þessar fyrirspurnir til hæstv. landbrh. fram munnlega og utan dagskrár, því að biðin eftir svari við skriflegri fsp. mundi verða of löng. Og ég vænti svars frá hæstv. ráðh. um þetta, hvaða ráðstafanir hann er þegar búinn að gera, ef einhverjar eru, eða hvaða ráðstafanir hann ætlar að gera og þá hvenær viðkomandi greiðslu á þessum bótum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er sannarlega ánægjuefni fyrir mig að heyra nú, að framsóknarmenn hafa sérstaklega mikinn áhuga fyrir því að rétta hlut bændastéttarinnar. Þess gerist líka þörf eftir meðferðina á henni í vinstri stjórninni, þegar framsóknarmenn réðu mestu um mál hennar. Ég hugsa gott til þess að njóta stuðnings þeirra til þess að lagfæra það, sem gleymdist að lagfæra og fór úr skorðum, á meðan framsóknarmenn höfðu öll völd í málefnum landbúnaðarins.

Í gær var gerð fsp. hér út af brbl. og aftur í dag. Hv. framsóknarmenn virðast ekki gera sér ljóst, hvernig þingsköpin eru, að þegar um fsp. er að ræða, þá ber að leggja þær formlega fram til þess þá að fá við þeim fullnægjandi svör, en ekki á þann hátt, sem nú hefur verið gert, utan dagskrár. Ég get hins vegar gert hv. 1. þm. Norðurl. v. það til þægðar og öðrum hv. þm., sem óska eftir svari við fyrirspurnum hans, að minna hv. þm. á, að við sjálfstæðismenn erum vel þess minnugir, hvernig yfirlýsingar okkar voru í haust í sambandi við brbl. Það var þess vegna alveg óþarfi fyrir hv. þm. að vera að lesa þær hér upp. Ég get einnig upplýst hv. þm. um, að ég hef átt tal við framleiðsluráð landbúnaðarins um þessi mál og mun halda þeim samtölum áfram. Ég vil hins vegar segja, að fyrirspurn á að bera fram á eðlilegan, réttan hátt. Úr því að svo er ekki, verður tækifæri í sambandi við þá þingfrestunartill., sem hér hefur verið lögð fram. Ég tel því ekki þörf á því við þetta tækifæri eða í dag að svara fyrirspurnum hv. þm. nánar en þetta og tel, að hann geti látið sér þetta nægja.

Ég veit, að bændur landsins treysta því og reikna með því, að þeirra hlutur verði bættur undir forustu núv. ríkisstj. og að þær skerðingar, sem þeir urðu fyrir undir forustu Framsfl., verði þeim bættar, ekki kannske allt í einu, en með breyttum stjórnarháttum verði því ekki gleymt að sjá hagsmunum allra stétta í landinu sem bezt borgið. Bændur eru þess minnugir, að hv. framsóknarmenn innleiddu alveg nýja reglu í sambandi við landbúnaðarmálin vorið 1958, þegar 55% gjaldið var lagt á rekstrarvörur atvinnuveganna, að hv. framsóknarmenn gleymdu því þá að tryggja, að bændur fengju peninga til þess að standa undir þessum sköttum, eins og var að mestu leyti tryggt varðandi aðra atvinnuvegi.

Nú er auðheyrt, að það eru alger sinnaskipti orðin hjá hv. framsóknarmönnum hvað þetta snertir og að nú hafa þeir áhuga á því að lagfæra misfellurnar, lagfæra hag bænda, og það er ekki nema ánægjulegt og gott, því að sannarlega er þörf á því, að allir stjórnmálamenn geri sér ljóst, að það þarf að hafa auga með öllum stéttum þjóðfélagsins, þegar byrðar eru lagðar á landsmenn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að þessi fundur skuli hafa verið kallaður saman, á þessum tíma og með þessum hætti. Það hefur aldrei komið fyrir, svo að ég muni eftir, þau 22 ár, sem ég

hef setið á þingi, að í fyrstu viku þings hafi verið kallaður saman þingfundur á laugardegi, og venjulega hefur það verið svo framan af þingi, að það hafa aldrei verið haldnir fundir á laugardögum. Á síðustu þrem árum hefur það verið svo, að þegar ég, sem þá var forseti þessarar deildar, boðaði til funda á laugardögum, þó að áliðið væri Alþingis, þá kom venjulega fram mjög hógvær ósk frá stjórnarandstöðunni um, að mönnum væri helzt hlíft við fundum á laugardögum. Er þó hér boðað til fundar, þar sem tekið er fyrir mál, sem þarf afbrigða við. Á öllum síðustu árum hefur það verið svo, að það hefur verið alveg sérstök ósk stjórnarandstöðunnar í þessari hv. d., að mál væru helzt ekki afgreidd með afbrigðum, nema mjög mikið lægi við. Ég vil þess vegna benda á, að nú hefur verið sett á dagskrá eitt mál í þessari hv. d., fyrsta dagskrármálið, og fimm mál í Ed., öll með afbrigðum, í fyrstu viku þingsins. Þetta hefur aldrei gerzt, svo að ég muni eftir. Og ég er hræddur um, að hefði Sjálfstfl. verið í stjórnarandstöðu núna, þá hefði hann mótmælt, jafnvel mjög kröftuglega.

Ég vil þess vegna eindregið óska þess og skjóta því til hæstv. forseta, að þessum hætti, sem mér er alveg ljóst að ekki er runninn undan rifjum hæstv. forseta, heldur hæstv. ríkisstj., verði ekki áfram haldið, en hér verði látið staðar numið. Ég þykist vita, af hvaða orsökum allir þingsiðir og allar þingvenjur séu brotnar í sambandi við þetta. Ég þykist vita, að það standi í sambandi við, að það hafi allt í einu orðið ætlun hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. einhverra úr henni, — og þykir mér verst, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér viðstaddur til að svara fyrir um það, — að fara að senda þing heim nú, enda fram komnar till. í Sþ., sem benda í þá átt. Ég verð að segja, að slíkar hugmyndir eru svo fjarri öllu lagi, að maður undrast, að þess háttar till. skuli bornar hér fram. Það hefur aldrei komið fyrir, sízt af öllu með nýkjörið þing, en ekki heldur með þing, þó að nokkuð sé liðið frá kosningum, að það hafi verið sent heim í fyrstu eða annarri viku, eftir að það kemur saman, og nær vitanlega ekki nokkurri átt. Til þess eru þm. kjörnir, að þeir komi fram með þau mál, sem þeirra kjósendur hafa áhuga á, beri lagafrv. og þáltill. fram á Alþingi, aðrir þm. fái tækifæri til þess að hlýða á slíkt, tækifæri til þess að athuga þau mál, og svo alveg sérstaklega, að þm., hvort sem þeir tilheyra stjórnarandstöðu eða stjórnarflokkum, geti borið fram þingmál og flutt ræður, sem verða mættu ríkisstjórn til leiðbeiningar. Og mér leikur grunur á, að þess sé alveg sérstaklega þörf núna, því að eftir öllu því, sem við blasir, virðist hæstv. ríkisstj. vera svo gersamlega úrræðalaus, að hún hafi ekki hugmynd um, hvað hún eiginlega eigi til bragðs að taka, þannig að slíkri ríkisstj. mundi sannarlega ekki veita af að sitja dálítið hér á Alþingi og hlýða á ræður þm. og athuga þeirra mál og þau frv., sem þeir hafa að flytja, og þau ráð, sem þeir hafa að gefa.

Ég held alveg sérstaklega, þegar ein ríkisstjórn veit ekki, hvað hún á til bragðs að taka, þá ætti hún frekar að láta Alþingi sitja hér og óska meira að segja alveg sérstaklega eftir því, að alþm. komi fram með sínar till. um málin og taki þátt í umræðum um þau. Ég held þess vegna, að það nái ekki nokkurri átt, það sem hér er að stefnt, að ætla sér að fara að brjóta svo gersamlega í bág við alla þingsiði og allar þingvenjur að fara að senda Alþingi heim þegar í fyrstu eða annarri viku þess og það nýkjörið þing, ekki sízt þegar svo stendur á, að einmitt þetta þing, sem nú er kjörið, er, svo að ég vitni alveg sérstaklega í hæstv. forsrh., kjörið samkvæmt nýrri stjórnarskrá og nýjum kosningalögum og er, eins og hann hefur sérstaklega sagt, fyrsta þing um nokkurt skeið, sem er rétt spegilmynd af þjóðarviljanum. Manni finnst undarlegt, að þegar þing loks er kjörið eftir alllangt skeið og allharða baráttu á mjög lýðræðislegan hátt og er rétt mynd af þjóðarviljanum, skuli viðbrögð hæstv. forsrh. vera þau að fara að leggja til, að slíkt þing sé sent heim undireins. Hvað er hér um að vera? Á að byrja með því, þegar þingið er orðið virkilega rétt mynd af þjóðarviljanum, að vilja ekki hlusta á þann þjóðarvilja? Er meiningin, að þau mál, sem fyrir liggur að ráða fram úr hjá þjóðinni, eigi ekki að ráðast með ráðum Alþingis, að það séu einhverjir aðrir menn í þessu landi heldur en alþingismenn, sem séu færari um að gefa ríkisstj. ráðleggingar? Er meiningin að fara að leita til einhverra svokallaðra sérfræðinga utan veggja þessa húss til þess máske að fara að láta þá leggja ráð á um, hvað skuli gera? Er kannske meining, ef það ætti að fara að fresta þannig Alþingi, að það ætti að skella á með brbl., eins og ríkisstj. hefur oft talið sér heimilt að gera, ef þingi er frestað með þáltill., — er meiningin, að það eigi máske að skella á með brbl. jafnvel gengislækkun eða einhverju slíku? Mönnum hlýtur að koma allt mögulegt til hugar, þegar svona óvenjulegir hættir eru upp teknir eins og þessi laugardagsfundur. Hver er meiningin? Ég er hræddur um, að það sé bezt að stemma á að ósi, að það sé bezt, að hæstv. ríkisstj. geri sér nú þegar ljóst, að svona vinnubrögð, ef vinnu skyldi kalla, á ekki að taka upp gagnvart Alþingi Íslendinga.

Það verður kannske spurt, hvers vegna hæstv. ríkisstj. taki upp á svona löguðu. Það mætti máske ætla, ef marka skyldi það, sem sagt er í einu blaði bæjarins, að hæstv. forsrh. hafi sagt utan þingveggjanna í einu félagi hér í bænum, að aðkoman hafi verið miklu verri en hann hafi búizt við, það liti út fyrir, að það þurfi 250 millj. kr. í nýjum álögum, ef sú leið yrði farin, en hann hafi í sínu grandaleysi líklega haldið áður, að það væri allt í þessu fína lagi, eins og fyrrv. ríkisstj. hafði sífellt sagt.

Það mætti nú máske ætlast til þess, ef einhver slík slæm uppákoma hjá hæstv. forsrh. væri tilefni til þess, að það ætti að fara að beita svo óvenjulegum aðferðum eins og þessum laugardagsfundi og jafnvel þingfrestun nú, að hæstv. forsrh. áliti ástæðu til þess að skýra Alþingi frá því, hvað hann hefði séð í þessum plöggum, sem hann var að vitna til á Varðarfundi. Ég er ákaflega hræddur um, að það mundi einhvern tíma hafa verið talað um óvirðingu fyrir Alþingi, ef einn hæstv. forsrh. hefði leyft sér að flytja ræðu um ástandið í þjóðfélaginu og fara að kynna einhverju félagi úti í bæ, hvernig það ástand væri, en léti ekki svo lítið að fara að tilkynna Alþingi, hvernig þetta ástand væri.

Mönnum hefur máske dottið í hug, að þetta hefði hrotið út úr hæstv. forsrh. á Varðarfundi og hann hefði ætlað að segja Alþingi frá því rétt á eftir. En hvað bregður við? Jú, það virðist vera meiningin nú, að það eigi bara að senda Alþingi heim og hæstv. forsrh. ætli ekki að segja því neitt, kannske halda þeim mun fleiri fyrirlestra yfir Varðarfélaginu. Ég er hræddur um, að hann sé farinn að rugla saman Alþingi og Varðarfélaginu, og það er betra, að menn átti sig undireins, ef menn eru farnir að gera slík mistök.

Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj., sem ég er hræddur um að hafi átt upptökin að því, að hæstv. forseti boðaði til þessa fundar, verði strax að gera sér ljóst, að þm. munu ekki una svona vinnubrögðum. Það er einmitt ástæða til þess, ef hæstv. forsrh. hefur fundizt aðkoman eitthvað köld í stjórnarráðinu, að hann segði þá Alþingi alveg hreinskilnislega frá þessari slæmu uppákomu og bæri nú ráð sín saman við þingmenn, fyrst hann hefur alveg óvart myndað ríkisstj. án þess að hafa hugmynd um, hvernig ástandið í þjóðfélaginu væri, eða jafnvel trúað þeim ráðh., sem sátu áður í ríkisstj., hafandi þó sjálfur stutt þá og haft þess vegna tækifæri til þess að skyggnast eitthvað ofur lítið í þeirra plögg allt þetta ár.

Ég held þess vegna, ef eitthvað slíkt er á ferðinni, að það hefur komið hæstv. forsrh. að óvörum, hvernig ástandið væri í þjóðfélaginu eftir eins árs stjórn Alþfl. með hans stuðningi, þá bæri honum að koma til Alþingis og segja Alþingi frá þessari furðu sinni. Ef til vill væri hægt að gefa honum einhver góð ráð, það hefur oft verið gert áður. Enn fremur var vitanlegt, að það hafa verið lögð fram fjárlög fyrir þetta þing, svo sem stjórnarskráin mælir fyrir um, og það er venja, sem aldrei hefur verið brotin, svo að ég muni eftir, að fjmrh. hefur haldið ræðu, sem útvarpað hefur verið, við 1. umr. fjárl. Venjulega hefur þetta verið ein af fyrstu umr. á Alþingi, og vitað hef ég um fjmrh. í fjármálaráðherrastóli, sem hafa helzt ekki mátt bíða einn eða tvo eða í hæsta lagi þrjá daga eftir að fá að flytja slíka ræðu til þess að geta sagt þingheimi og alþjóð, hvernig ástandið væri í þjóðfélaginu. Ef það hefur verið svona köld aðkoma í stjórnarráðinu og fjármálin öll í vitleysu eftir eins árs fjármálastjórn Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl., þá held ég, að væri því meiri ástæða, þegar nýr fjmrh. er kominn, til þess að sá fjmrh., ef hann hefur líka orðið furðu lostinn eins og forsrh., segði Alþingi og alþjóð frá, hvers konar ástand væri í fjmrn. M. ö. o.: það ber allt að sama brunni. Einmitt ef hæstv. ríkisstj. kynni að hafa athugað sín mál allt of illa, áður en hún myndaði stjórn, ef hún hefði ekki verið búin að koma sér niður á, hvers konar pólitík hún ætlaði að reka, þá er því meiri ástæða til, að hún ráðgist við Alþingi.

Það kann að bera fleira til og hefur borið hér á góma nú, að það sé uppi tilhneiging hjá hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að losna við Alþingi. Það var svo í sumar, að það voru gefin út brbl., sem hér hefur nokkuð verið minnzt á. Þegar þau brbl. voru gefin út, skrifaði ég sem formaður þingflokks Alþb. þáverandi hæstv. forsrh., núverandi hæstv. sjútvmrh., þann 22. sept., og óskaði þess f. h. þingflokks Alþb., að Alþingi yrði kvatt saman til aukafundar til þess að fjalla um þau brbl. Mér barst nokkru síðar svar frá þáv. hæstv. forsrh., sem nú er sjútvmrh. í ríkisstj. Það væri mjög æskilegt, að hann væri hér viðstaddur, þegar minnzt er á þetta, ef hæstv. sjútvmrh. væri í húsinu. (**Sjútvmrh.:** Hann heyrir þetta allt saman.) Hann heyrir það, það var gott. Hæstv. þáv. forsrh. sagði í bréfi sínu, að hann áliti ekki þörf á að kveðja Alþingi saman til aukafundar til að taka ákvörðun um verðlagsmál landbúnaðarins og brbl., sem út höfðu verið gefin 18. sept., og að lokum benti hann á í sínu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á það má og benda að lokum, að verði sú skoðun ofan á á hinu nýkjörna þingi, að landbúnaðarvörur beri að hækka í verði og að greiða þá hækkun niður af opinberu fé, þá getur sú ákvörðun komið til framkvæmda allt að því eins fljótlega með ákvörðun hins nýkjörna þings og þings, sem nú yrði kvatt saman.“

Þannig hljóðuðu orð hæstv. forsrh., núv. hæstv. sjútvmrh. Í þessari yfirlýsingu felst það beinlínis, að hið nýkjörna Alþingi geti sem sé undireins tekið þessi mál fyrir. Brbl. var ætlað að vinna sitt gagn eða ógagn eða standa í gildi til 15. des., og í þessum orðum í þessu bréfi hæstv. þáv. forsrh. liggur þess vegna beinlínis loforð um það, að hið nýkjörna Alþingi skuli innan þessa tíma geta tekið sína ákvörðun um þetta mál, þannig að þetta bréf er raunverulega eins konar fyrirheit og yfirlýsing hæstv. forsrh., sem situr í núverandi ríkisstj., sem nýtur stuðnings sömu flokka og studdu hann, — þessi yfirlýsing hans er beinlínis loforð til þess þings, sem átti að fara að kjósa, um, að það mundi fram til 15. des. fá aðstöðu til þess að fjalla um þessi brbl.

Ég átti f. h. þingflokks Alþb. samkvæmt ósk hæstv. núverandi forsrh. tal við hann í

gær, þar sem hann einmitt ræddi við formann þingflokks Framsóknar og mig um þessi þingfrestunarmál, og m. a. spurði hann þá að því, hvað ég áliti fyrir mitt leyti eðlilegan tíma, ef menn vildu fresta þingi, eins og stundum hefur verið gert, rétt fyrir jólin. Ég sagði honum, að ég áliti t. d., að það væri alveg hægt að sætta sig við, að það væri tími eins og 13.—20. desember. Það hefur nokkrum sinnum komið fyrir, að ríkisstj. hefur gjarnan viljað taka alllangan tíma til þess að athuga sín mál um áramótin, og þess vegna hafa oft verið að mestu leyti felldir niður þingfundir í janúarmánuði. Það er ekkert óeðlilegt. En hitt hefur aldrei komið fyrir, að það væri tekið upp á því, svo að ég muni eftir, að fresta þingfundum svo snemma eins og nú virðist vera ætlunin.

Þegar þess vegna einmitt hefur hér utan dagskrár verið rætt um brbl. um landbúnaðarvöruverðið og hæstv. núv. landbrh. tekið þátt í þeim umr., þá er vert um leið að minna hann á yfirlýsingu hans samráðh., hæstv. sjútvmrh., sem hann gaf sem verandi forsrh. og er náttúrlega bindandi fyrir núv. hæstv. landbrh. Það liggur fyrir yfirlýsing um, að hið nýkjörna þing muni fá tækifæri til þess að ræða þessi mál og það einmitt fyrir 15. des. og geta tekið sínar ákvarðanir um þau. Nú virðist það vera svo, að meira að segja ef hæstv. forsrh. núv. hefði haft allt sitt fram að fresta þingi frá 30. nóv., þá er mér næstum spurn: Var alls ekki meiningin að leggja þessi brbl. fyrir þetta þing, áður en því yrði frestað? Var meiningin að sleppa því alveg? Þá fyrst væri farið að brjóta þau óbeinu loforð, sem hæstv. fyrrv. forsrh., núv. sjútvmrh., gaf í sínu bréfi, sem ég vitnaði í áðan. Ég held þess vegna, að það væri að öllu leyti bezt fyrir hæstv. ríkisstj., bæði til þess að hún brjóti ekki allar þingvenjur og þingsiði og til þess að hún fái tækifæri til þess að ráðgast við Alþingi um þau vandamál, sem henni virðast, þótt ólíklegt sé, hafa borið svona óvænt að höndum, og eins til hins, að brbl. um landbúnaðarvöruverðið fái sína eðlilegu meðferð hér í þinginu, og til þess að þau loforð, sem fyrrv. hæstv. forsrh. gaf, verði efnd, — þá held ég, að það sé bezt, að þingfundi eins og þessum væri hætt nú, og vil ég alvarlega skjóta því til hæstv. forseta, að þessum óvenjulega hætti, sem hér hefur verið tekinn, að boða fund á laugardegi og það með mál á dagskrá, sem afbrigða þarf við, í fyrstu viku þingsins, að þessu sé hætt og hæstv. ríkisstj. geri sér ljóst, að svona eigi menn ekki að haga sér.

Það eru því tilmæli mín, að hæstv. forseti ráðgist við hæstv. ríkisstj. um það, hvort vænlegast sé ekki að taka slíkan hátt upp, án þess að ég vilji þar með, fyrst á annað borð fundur er byrjaður, á neinn hátt koma í veg fyrir, að hæstv. sjútvmrh. og aðrir þeir, sem hér hefur verið vitnað til, gefi okkur sínar skýringar á þeirra hugmyndum í sambandi við þessi mál.

Forseti (BGr): Vegna mótmæla hv. þm. gegn fundarhaldi á laugardegi vil ég taka fram, að þessi fundur er boðaður samkvæmt ósk ríkisstj., og verður að líta svo á, að á bak við slíka ósk standi vilji þess meiri hluta þm., sem stjórnina styður. Fundurinn var boðaður síðdegis í gær, og hefur engin ósk borizt til forseta frá neinum deildarmanna um það, að hann yrði ekki haldinn. Fundinum verður því fram haldið, og tekur til máls hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., að hæstv. forsrh. er forfallaður sökum lasleika, og hafði hann beðið mig um að koma því áleiðis hér, ef tilefni gæfist til, og mér þykir rétt, að þm. viti það.

Hitt er svo vitað, að varðandi það mál, sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að umræðuefni, þingfrestunina, þá verður það mál auðvitað tekið fyrir á þinglegan hátt og ekki afgreitt öðruvísi en Alþingi veiti samþykki sitt til þess. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess, að utan dagskrár verði í dag teknar upp miklar umræður, allra sízt þar sem ég heyri á hv. 3. þm. Reykv., að honum er mjög illa við laugardagsfundi, þó að við heyrum nú að vísu, að a. m. k. hann getur talað jafnt á laugardegi sem aðra daga.

Það er auðvitað alger misskilningur, að það sé nokkur lítilsvirðing við þingið, þó að Alþingi kveði sjálft á um, að fundum þessi skuli frestað, og því fer mjög fjarri, að það sé ósamræmi í slíkri afstöðu hjá okkur sjálfstæðismönnum. Ég minnist þess einmitt frá þeim tíma, þegar við vorum í andstöðu við hina hæstv. vinstri stjórn svokölluðu, að þá bentum við á það oftar en einu sinni hér á Alþingi, að réttara væri að fresta fundum þingsins heldur en láta það sitja og bíða eftir þeim till. hæstv. þáverandi ríkisstjórnar, sem allt starf þingsins hlyti að miðast við. Við töldum, að það væri hyggilegra fyrir ríkisstj. og fyrir Alþingi og fyrir einstaka alþm., ef menn fengju að vera alveg lausir við þingstörf, á meðan stjórnin væri að undirbúa nauðsynlegar till. Ég minnist þess sérstaklega, að ég átti orðaskipti um þetta við þáverandi hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, snemma árs 1958. Hæstv. forsrh. taldi þá, að ekki væri nema nokkurra vikna bið fram undan eftir till. Menn muna, að þær komu ekki fram fyrr en í maílok. Og ég held, að það hefði verið vænlegra fyrir hæstv. þáverandi ríkisstj. og betra fyrir virðingu þingsins, að þing hefði þá tekið sér hlé frá störfum, heldur en að sitja með þeim hætti, sem gert var.

Nú stendur þannig á, að ný ríkisstj. settist að völdum sama dag og hv. Alþingi kom saman. Það gefur auga leið, að hv. Alþingi á kröfu til þess, áður en það tekur upp sín reglulegu og ákveðnu störf, að ríkisstj. leggi fram till. um lausn höfuðvandamála, sem öll önnur með-

ferð mála hlýtur að vera náð og undir komin. Ríkisstj. hefur ekki á þeim fáu dögum, sem hún hefur setið, getað undirbúið þessar till. og telur eftir mjög gaumgæfilega athugun, að hún sé ekki örugg, þó að samkomulag náist innan hennar, sem við vonum, um að geta haft till. til fyrr en seint í janúar. Við það er till. um þingfrestun miðuð. Ef till. verða til fyrr, verður Alþingi tafarlaust kallað saman.

Þetta er það, sem um er að ræða í þingfrestunartill., þ. e. að veita stjórninni starfsfrið til þess að vinna sín skyldustörf og þyrma Alþingi frá þvílíkri óvirðingu sem það varð við að una með setu sinni undir vinstri stjórninni hæstv. — sálugu. Að öðru leyti verður um þetta mál rætt, þegar till. um þingfrestun kemur fram.

Nú verður tekin ákvörðun um það hér á eftir, hvort menn vilja veita afbrigði frá þingsköpum til þess að afgreiða mál, sem enginn ágreiningur er um og ég hygg að aldrei hafi verið ágreiningur um að afgreidd væru með afbrigðum og umræðulaust, — ekki þótt á neinn hátt varhugavert.

Varðandi laugardagsfundi, þá minnist ég þess, að ég átti á sínum tíma í höggi við hæstv. þáverandi forseta Nd. og hæstv. forsrh. og mæltist til þess, að slík mál eins og bankalöggjöfin, sem sett var, eftir að þingið hafði setið aðgerðalaust heilan vetur, væru ekki tekin til efnismeðferðar hér í d. á laugardegi, af því að ég og ýmsir fleiri, sem þar vildu taka til máls, vorum búnir að binda okkur áður og auglýsa vist okkar á fundum um landið. Sú beiðni var þá höfð að engu, þrátt fyrir það, þótt hún hefði við full rök að styðjast. Slíkt er sannarlega ekki til fyrirmyndar, enda ekkert þess háttar á ferðum hér, heldur einungis það eitt að koma fram ágreiningslausu máli til þess að hraða því, að þingfrestun geti átt sér stað, ef meiri hluti þm. vill, eftir löglega meðferð þess máls. Og því fyrr sem þingfrestunin verður, því fyrr gefst ríkisstj. starfsfriður og því fyrr eru horfur á því, að þingið geti komið saman aftur til þess að vinna að málum á þeim grundvelli, sem það á rétt til, að ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma, leggi.

Varðandi deiluna um brbl. hefur ríkisstj. þegar lýst yfir í sinni stjórnaryfirlýsingu, hvernig hún hyggst fara með það mál. Sú yfirlýsing liggur fyrir og hún er samin með glöggri vitneskju um allar þær yfirlýsingar, sem við sjálfstæðismenn og aðrir höfum gefið í því máli. Hitt má segja, að sjaldan er góð vísa of oft kveðin, og það er gott, að hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) er farinn að leggja fyrir sig að lesa Morgunblaðið. Ég óska honum til hamingju með það og fagna því, að svo lengi lærir sem lifir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru tvær ástæður til þess, að ég kveð mér hljóðs í sambandi við þessar umræður utan dagskrár. Önnur ástæðan er sú, að ég vildi gjarnan svara nokkrum ásökunum, sem hæstv. landbrh. taldi ástæðu til að bera fram á hendur Framsfl. í sambandi við meðferð landbúnaðarmála, og gerði hæstv. ráðh. það af tilefni fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Þetta er önnur ástæðan. Hin ástæðan er að láta í ljós álit mitt á þeirri málsmeðferð, sem nú er efnt til hér á hv. Alþingi með því fundahaldi, sem til hefur verið stofnað í dag, og þeim yfirlýsingum, sem hafa nú komið fram frá hæstv. ríkisstj.

Hæstv. landbrh. sagði, að það væri ánægjulegt að heyra, að framsóknarmenn hefðu nú orðið áhuga fyrir málefnum landbúnaðarins, það væri athyglisverð nýjung, að því er manni skildist, og sá ástæðu til þess að taka upp umræður um það atriði utan dagskrár á Alþingi. Ég hafði satt að segja haldið, að þessi hæstv. ráðh. hefði fengið alveg nóg á undanförnum árum af áhuga framsóknarmanna á landbúnaðarmálum og honum væri hann minnisstæðari en svo, að hann þyrfti að vera með þessi látalæti hér á hæstv. Alþingi. Og ég býst við, að það verði líka þannig á næstunni, að sá áhugi muni verða honum athyglisverður.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að núverandi stjórn og þeir, sem stæðu að henni, mundu gæta þess gaumgæfilega að búa réttlátlega að stéttunum í landinu, t. d. að bændastétt landsins byggi við sams konar hlut og aðrir, og mundi þar verða öðruvísi haldið á málum að þessu leyti en hefði verið hjá vinstri stjórninni, því að þar hefði undir forustu framsóknarmanna verið hallað á bændur. Þetta gefur mér tilefni til þess að svara með örfáum orðum.

Þessi hæstv. ráðh. virtist hafa í huga nokkuð efnahagslöggjöfina, sem sett var 1958, því að í framhaldi af þessu fór hann að tala um 55% almenna yfirfærslugjaldið, sem þá var lögboðið, og virtist hafa þá í huga, að með því gjaldi hefði verið hallað á bændastéttina í landinu. Það vill nú svo til, að um þessa efnahagsmálalöggjöf er til vitnisburður, sem hefur miklu meiri þýðingu og er miklu ábyggilegri en fleipur hæstv. landbrh. og hans manna um þessi efni, og það er vitnisburður frá stjórn Stéttarsambands bænda. Sú stjórn íhugaði þessa löggjöf og áhrif hennar á stéttirnar, og hún gaf út þann úrskurð, að þessi löggjöf eða ákvæði hennar ætluðu bændastéttinni jafnrétti á við aðrar stéttir í landinu. Það var m. a. dómur þessara trúnaðarmanna stéttarinnar um almenna yfirfærslugjaldið, og það var vitanlega af þeirri einföldu ástæðu, að það yfirfærslugjald var ekkert sérstaklega ætlað á rekstrarvörur landbúnaðar, heldur var það gjald, sem lagt var á allar rekstrarvörur allra atvinnuvega í landinu. Og enn fremur var það vegna þess, — og það vil ég taka fram, ef hæstv. landbrh. hefur ekki skilið það áður, að það var beinlínis gert ráð fyrir því, að verðlag á framleiðsluvörum bænda eins og á

sjávarvörum hækkaði til þess að vega á móti hækkuninni á gjaldinu á rekstrarvörunum.

Það er því alveg staðlaust, sem hæstv. ráðh. segir, að það hafi gleymzt í þessari löggjöf að gæta tekjuhliðarinnar í þessu máli. Auðvitað reyndi hæstv. landbrh. og hans menn að gera efnahagsmálalöggjöfina tortryggilega í augum bænda. Það skorti ekkert á tilraunir og viðleitni í þá átt. Þeir geystust um landið þvert og endilangt til þess að halda því fram við bændur og annað sveitafólk, að með þessu gjaldi hefði verið sérstaklega ráðizt á það og afkomu þess. Vitanlega var aldrei nein heil brú í þessum áróðri hæstv. ráðh., eins og ég hef raunar þegar sýnt fram á, og ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum. En ég get minnt á hitt í sambandi við þetta, að það er nú nokkuð langt síðan, — það er meira en ár og heilt Alþingi liðið síðan framsóknarmenn hættu að móta stefnuna í landbúnaðarmálunum og aðrir tóku við. Og hverjir tóku við? Það voru þeir, sjálfstæðismennirnir, sem tóku við og settu upp stjórn af sinni hendi, skipaða Alþýðuflokksmönnum, sem þeir réðu algerlega yfir, eins og þeir vildu, og höfðu líf hennar í hendi sér og löggjöfina algerlega. Ef sjálfstæðismenn meintu nokkurn skapaðan hlut með þessari gagnrýni sinni á 55% gjaldinu, áttu þeir vitanlega að láta það verða sitt fyrsta verk að afnema þetta gjald, að lagfæra þetta misrétti, sem þeir sögðu að hefði verið lögboðið í garð bændastéttarinnar og hæstv. landbrh. sá alveg sérstaka ástæðu til þess að fara að ræða hér í dag, á laugardegi, utan dagskrár í hv. Alþingi, — og náttúrlega er engin ástæða til að skorast undan að ræða, fyrst hæstv. ráðh. sér ástæðu til þess.

En því fer svo alls fjarri, að Sjálfstfl. hafi beitt sér fyrir því að afnema þetta gjald eða yfir höfuð gera ráðstafanir til þess að rétta hlut landbúnaðarins, eins og allir vita, að það, sem gerzt hefur í þessum efnum, síðan áhrifa Framsfl. gætti ekki lengur til úrslita, er það, að það hefur jafnt og þétt verið hallað á bændastéttina, tekinn upp sá háttur á ný, sem tíðkaðist líka næst áður, þegar Sjálfstfl. fór með landbúnaðarmálin, að halla á bændastétt landsins í löggjöfinni. Það er þessi stefna, sem hefur verið tekin upp, eftir að áhrifa Framsfl. hætti að gæta til úrslita í landbúnaðarmálunum, en sjálfstæðismennirnir tóku við þeim málum.

Það væri full ástæða til þess út af þessum ásökunum hæstv. landbrh. að rekja þetta mál ýtarlega og sýna fram á, í hverju þetta hefur verið fólgið, í hverju hefur verið fólgin þessi stefna Sjálfstfl. í landbúnaðarmálunum, sem raunar er þó engin ný bóla. En ég skal fara mjög fljótt yfir sögu í því efni.

Ég vil þó minnast á, að þegar efnahagslöggjöfin var sett hér á s. l. vetri, — og það var efnahagslöggjöf, sem var undirbúin jöfnum höndum í herbúðum sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna, — þá var bændum í fleiri en einu tilliti ætlaður skarðari hlutur en öðrum stéttum. Þá hefði verið eðlilegt, að inn í löggjöfina hefði verið sett ákvæði um að færa verðlag landbúnaðarafurða í rétt hlutfall við kaupgjald, eins og það var þá, sérstaklega með tilliti til þess, að þessari löggjöf var ætlað að brjóta blað í þessum málum og tekinn var upp alveg nýr grundvöllur t. d. um útreikning vísitölu og byrjað á tölunni 100, þá hefði átt að vera hægt að ætlast til þess, að þeir, sem stóðu að þessu, hefðu viljað láta alla byrja jafnt. En því var ekki að heilsa, heldur var það fellt hér á hæstv. Alþingi með atkv. stjórnarflokkanna að taka þessa verðlagsleiðréttingu til greina.

Þá var enn fremur í þessari efnahagsmálalöggjöf í fyrsta skipti tekinn upp sá háttur, að það skyldi hækka verðlag sjávarafurða, ef vísitala hækkaði, að vísu ekki alveg jafnóðum, en eftir vissum reglum. Og þá var vitanlega stungið upp á því af Stéttarsambandi bænda og framsóknarmönnum, að sama regla gilti einnig fyrir landbúnaðarafurðir, eins og þá hafði verið tekin upp fyrir sjávarafurðir. En till. um þetta efni, sem kom fram frá Stéttarsambandi bænda og var flutt hér í hæstv. Alþingi, var felld af hæstv. núverandi landbrh. og hans mönnum, mönnunum, sem eru að tala um, að það sé hægt að treysta þeim til þess að líta eftir málefnum landbúnaðarins og gæta jafnréttis í þessu sambandi. Til þess að gera langa sögu stutta er nauðsynlegt að draga þetta saman og minna á og bera saman, hvernig vitnisburður Stéttarsambandsins var annars vegar um þessa löggjöf, sem hæstv. núv. landbrh. sá vafalaust um landbúnaðarþáttinn í, og hins vegar þá löggjöf, sem vinstri stjórnin hafði sett í þessum efnum, þar sem Framsóknarflokksmenn fjölluðu sérstaklega um eða höfðu forustu um landbúnaðarþáttinn.

Ég er búinn að minnast á það, hvað sagt var af hálfu Stéttarsambandsins um efnahagslöggjöfina frá 1958, að þar væri jafnréttis gætt í garð bændastéttarinnar. En löggjöfin, sem núv. hæstv. landbrh. bar ábyrgð á landbúnaðarþættinum í fyrst og fremst, fékk annan vitnisburð af hendi stjórnar trúnaðarmanna landbúnaðarins. Þeir lýstu því yfir, að í þeirri löggjöf væri í mörgum atriðum hallað sérstaklega á bændastéttina, og mótmæltu því harðlega, án þess að það væri þó að nokkru haft af núv. hæstv. landbrh. og hans mönnum. Vill nú ekki hæstv. landbrh. gera það fyrir mig að hugleiða þessi efni, áður en hann fer næst að vekja máls á því, að aðrir hafi átt hlut að því að halla á landbúnaðinn? Og þó er þetta vitaskuld ekki nema lítið brot af þeirri sögu, sem gerzt hefur í þessum efnum, bara á þessu eina ári, sem liðið er, síðan andi hæstv. núv. landbrh. fékk að sveima yfir þessum vötnum. Og er þá skemmst að minnast þeirra atburða, sem gerðust á s. l. hausti og nú að eðlilegum hætti hafa blandazt inn í þessar umræður, þ. e. í sambandi við brbl. um verðlagningu landbúnaðarafurða.

Þegar það var gagnrýnt í fyrravetur, að verðlag landbúnaðarafurða væri ekki fært til samræmis við annað verðlag, sögðu sjálfstæðismenn og ég held raunar einnig Alþýðuflokksmenn hér á Alþingi, að þetta væri ekki stórt mál. Hér væri aðeins um mjög stuttan frest að ræða, bændur mundu samkvæmt gildandi löggjöf fá þessa umræddu leiðréttingu á verðlaginu næsta haust, eins og þeir ættu að fá að óbreyttum lögum. Þeir gætu þess vegna verið alveg rólegir. Það sæju þeir menn um þessi mál, eins og horfði, að þeir þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af þeim.

En hvað hefur komið í ljós? Hvað er komið á daginn? Hvað gerðist s. l. haust, þegar eftir gildandi löggjöf þessi leiðréttíng átti að eiga sér stað? Það, sem gerðist, var það, að ríkisstj., sem hafði lofað þessu, og Sjálfstfl., sem einnig hafði lofað því og réð þeirri ríkisstj. og hafði líf hennar í hendi sér, — þessi öfl notfærðu sér ágreining, sem kom upp milli neytenda og framleiðenda varðandi það, hvernig ákvarða skyldi einstaka liði í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, og annað fleira, — þeir notfærðu sér þennan ágreining til þess að setja alveg nýja löggjöf, — ekki nýja löggjöf til stuðnings þeirri eldri, sem gerði t. d. mögulegt, að hagstofustjóri skæri úr þessum ágreiningi, eins og eðlilegt var samkvæmt þeirri löggjöf, sem fyrir var, — þeir settu ekki löggjöf um þetta til þess að tryggja þannig, að bændur fengju sitt. Nei, þeir settu bráðabirgðalöggjöf um, að verðlag landbúnaðarafurða mætti ekki hækka til 15. des., — það var það, sem þeir gerðu, — það skyldi standa óbreytt, enda þótt fyrir lægi, að til samræmis við aðrar stéttir væri réttmætt og skylt að breyta verðlaginu. Alþýðuflokksstjórnin, sem sat fyrst og fremst með stuðningi Sjálfstfl., gaf löggjöfina út. Sjálfstfl., hæstv. núv. landbrh., Ingólfur Jónsson, og hans menn, þeir gátu mjög vel komið í veg fyrir, að þessi löggjöf yrði gefin út. Það var ekkert flókið mál, þeir þurftu ekkert annað en að segja við ríkisstj.: Stuðningi okkar við stjórnina er lokið, ef hún notfærir sér okkar stuðning til þess að gefa út löggjöf af þessu tagi. — Þá kom aldrei til greina, að nein slík löggjöf yrði gefin út. En Sjálfstfl. vildi, að löggjöfin yrði gefin út. Hann vildi ekki nota þann rétt, sem hann hafði til þess að stöðva hana, og löggjöfin kom út, ekki aðeins á ábyrgð Alþýðuflokksstjórnarinnar, heldur engu síður á ábyrgð þeirra, sem höfðu sett stjórnina upp, sem báru ábyrgð á henni stjórnarfars- og stjórnskipulega og eftir því sem hæstv. forsrh. lýsti yfir höfðu endurnýjað stuðningsyfirlýsingu sína við stjórnina einmitt í sambandi við þetta mál. Í yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. lét Alþýðublaðið flytja, segir hann, að stjórnin hafi sagt Sjálfstfl., að stjórnin gæti ekki gefið út löggjöfina, nema Sjálfstfl. héldi áfram stuðningnum. Og þá stóð ekki á svarinu. Sjálfstfl. hélt áfram stuðningnum og löggjöfin kom út, eins og hæstv. fyrrv. forsrh. orðaði það. Er hægt að segja það skýrara en með þessu móti, að Sjálfstfl. hafði þetta mál í hendi sér og réð því raunverulega, að þetta var gert, og þ. á m. hæstv. núv. landbrh.?

Hitt er svo dálítið annað mál, en þáttur af því sama, að þegar Sjálfstfl. hafði átt þennan hlut að málinu, varð hann hræddur, af því að það átti að fara að kjósa, og farið var að gefa út yfirlýsingar um það, að bændur skyldu fá í staðinn fyrir löggjöfina uppbætur einhverjar. Og nokkru síðar urðu þeir enn hræddari, og þá gáfu þeir út yfirlýsingu um það til viðbótar, að þeir væru á móti brbl. og mundu fella þau, þegar Alþingi kæmi saman. Á hinn bóginn var og er allt óljóst um það, hvað koma skal í staðinn. En ef þeir standa við að fella bráðabirgðalöggjöfina, gilda vitanlega afurðasölulögin, eins og þau voru, og við vitum, hvað í þeim er.

Þetta er ljót saga, en sönn, um gang þessara mála í höfuðdráttum, — aðeins örfáum stórum dráttum, aðeins stiklað á nokkrum höfuðatriðum, eins lítið og unnt er, í tilefni af því, sem hæstv. landbrh. sagði. En ef það ætti að rekja þessa sögu ýtarlega, yrði það lengra mál, sem ég sé ekki að hægt sé að koma að nú að þessu sinni.

Þá er komið að þeim þætti í þessu máli, sem langmestu skiptir nú þessa dagana, og það eru brbl., sem sett voru um verðlagsmál landbúnaðarins, og hvernig á þeim verður haldið. Ég gerði fyrirspurn um það hér í gær til hæstv. landbrh., hvort þeim yrði ekki útbýtt nú þegar hér í þinginu og þau tekin fyrir. Ég hafði að vísu ákveðið að gera þessa fsp., áður en ég vissi um þessar hugmyndir um að fresta Alþingi. En það er enn þá meiri ástæða til að ganga eftir skýrum svörum við þessari fsp. vegna þeirrar tillögu, sem nú er komin fram um að fresta Alþingi.

Sú tillaga, sem komin er fram frá hæstv. ríkisstj. um að fresta Alþingi og ég vil ekki trúa enn að sé ætlun hennar að berja fram í gegnum þingið, — ég vil ekki trúa því enn, — fjallar um, að fundum þingsins geti orðið frestað eftir 30. nóv., sem sé ef þetta væri barið fram, ef það væri möguleiki til þess, gæti fundum Alþ. orðið frestað eftir 30. nóv. Og þetta gefur manni tilefni til þess að spyrja: Hefur það kannske hvarflað að hæstv. ríkisstj. að senda þingið heim án þess að leggja fyrir brbl. um verðlag landbúnaðarafurða eða án þess að hæstv. Alþingi gefist kostur á því að greiða atkvæði um þessa löggjöf? Hefur það hvarflað að hæstv. ríkisstj. að halda þannig á málinu? Og ég vil leyfa mér að spyrja, — já, hæstv. forsrh. er ekki við, það liggur svo mikið á að halda hér áfram þingfundum, að það er ekki einu sinni látið valda því að fella niður laugardagsfund, þó að hæstv. forsrh. sé ekki við, — en ég vil leyfa mér að spyrja þá þann, sem svarar í hans stað fyrir ríkisstj.: Kemur það til mála, að hæstv. ríkisstj. fresti þinginu, án þess að brbl. um landbúnaðarverðlagið verði lögð fyrir þingið og atkvgr. hafi farið fram um það mál í þinginu? Kemur það til nokkurra mála, að slíkt komi fyrir? Ég vil ekki álíta að óreyndu, að slíkt geti skeð,

því að ef þannig væri á málum haldið, þá er það svo freklegt brot á öllu þingræði og raunar brot á sjálfri stjórnarskránni, að ég læt mér ekki til hugar koma að óreyndu, að nokkrum manni detti það í hug. En þá vil ég líka benda hæstv. ríkisstj. á, *ef hún vill fría sig* ámæli um slíkt, að draga það ekki að útbýta nú þegar bráðabirgðalögunum um landbúnaðarverðlagið, láta ganga í þetta nú þegar, og afstaða verði tekin til þeirra til þess að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning um þetta eða alla hugsanlega tortryggni í þessu sambandi. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. og hv. stuðningsmenn hennar hljóta að gera sér grein fyrir því, hvar komið er með Alþingi og störf þess, ef það t. d. ætti að koma til mála, að þingið yrði sent heim, brbl. gengju svo úr gildi 15. des., eins og þau gera, féllu þá niður, og að stjórnin setti þá önnur brbl. um þessi efni, eftir að vera nýbúin að senda Alþingi heim og hafa aldrei lagt fyrir það hina löggjöfina. Hvar er þá komið alþingishaldi á Íslandi og þingræði í landinu, ef slíkt gæti komið til greina? Ég vil alls ekki álíta, að þetta komi til greina. En þá á ekki heldur að vera að skapa neina óþarfa tortryggni með því að vera að leggja fram tillögur um frestun á fundum Alþingis, sem gætu orðið túlkaðar á þá lund, að þetta stæði til, eða gæfu nokkurt *svigrúm til, að þetta yrði gert. Þess vegna* vil ég enn á ný alvarlega beina því til hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. í heild að íhuga einmitt þessa hlið á málinu og láta það ekki dragast neitt að leggja fram þessa löggjöf, þannig að málefnið geti fengið þingræðislega meðferð.

Ég blátt áfram bið menn að *stofna* ekki til þess óvinafagnaðar, sem af því hlyti að hljótast, ef ekki væri farið eftir réttum þingræðisvenjum í þessu efni. Ég bið ekki um neitt í því efni vegna Framsfl. eða vegna bændastéttarinnar eða neinna þeirra, sem eiga afkomu beint undir löggjöfinni, það er allt annað mál. Ég bið bara um, að þetta verði athugað, vegna þess að þetta mundi færa allt okkar þinghald og alla okkar málsmeðferð niður á lægra plan en það hefur nokkru sinni áður verið, og við því megum við alls ekki. Við því má þingræði á Íslandi alls ekki.

Hvað sem hægt er að segja um þingfrestun og ekki þingfrestun og hvenær þing skuli sitja, þá er í sambandi við þetta mál um svo þýðingarmikið atriði að ræða, sem snertir innstu taugar í okkar stjórnarfari, að það verður að hafa góða gát á því, að hér verði ekki nein mistök á.

Ég trúi því heldur alls ekki, að það komi til nokkurra mála, að þeir menn, sem eru kosnir á þing, eftir að hafa lýst yfir því, að þeir séu á móti þessum brbl., láti það koma fyrir, að þingið verði sent heim, án þess að þessu máli verði gerð full skil. Ég trúi því ekki, fyrr en ég sé það, og ég vil ekki álíta, að slíkt geti komið fyrir, einmitt af því, að þessi efni horfa við á þennan hátt. Við höfum nóg annað að deila um og starfa að í okkar málfærslu fram og til baka, þó að þessu verði ekki bætt inn í, þannig löguðu máli varðandi sjálfan meginkjarna þingræðisins.

Það er talað um, að það þurfi að fresta þinginu, til þess að stjórnin fái starfsfrið. Ég kem að *þeim málum síðar*, en það mundi náttúrlega engum dyljast, að ef hér á að fara að senda þingið heim, til þess að stjórnin geti, þegar það er nýfarið, notað löggjafarvaldið til þess að setja brbl. yfirleitt, þá er þessi þingfrestun ekki gerð í neinum góðum tilgangi, þá er þetta mál búið að fá allt annað innihald en því hefur verið gefið með þeim fáu orðum að vísu, sem sögð hafa verið til rökstuðnings þessari hugmynd að fresta þinginu fljótlega.

Þetta ætla ég, að engum dyljist, og þetta vil ég sem sagt mjög alvarlega biðja menn að skoða, og í þessu sambandi vil ég segja það strax, að ef það er raunverulega aðalvandamálið, að stjórnin hafi einhvern frið á sér fram að jólunum, en muni alls ekki hafa slíkt, ef þinghald heldur hér áfram, þá er ekki nokkur minnsti vandi að ná samkomulagi um að haga þingstörfunum þannig, að ríkisstj. hafi eðlilegan tíma til þess að vinna. Það er allt annað, sem kemur til íhugunar, þegar athuguð er nauðsyn þess að hafa þinghald eða ekki þinghald, og að því kem ég ofur lítið á eftir.

Í sambandi við þessar umræður, sem átt hafa sér stað hér um landbúnaðarmálin og brbl., vil ég enn endurtaka áskorun mína um það, að brbl. verði tafarlaust lögð fram og gerð þannig áætlun um þinghaldið og um hugsanlega frestun, að hægt sé að eyða allri tortryggni í því sambandi. Mundi þá áreiðanlega margt ganga greiðara en ella, ef þannig væri á málum haldið. Og ég held, að það væru miklu hyggilegri vinnubrögð, til þess að menn gætu haft sæmilegan starfsfrið, að koma sér saman um ýmislegt varðandi þinghaldið, heldur en sú áætlun, sem bólar á nú af hendi hæstv. ríkisstj. í þeirri þáltill., sem lögð hefur verið fram, en *ég satt að segja geri mér enn* verulegar vonir um að hljóti að verða breytt í einhverjum verulegum atriðum. Hvers vegna þá ekki að reyna að ná samkomulagi um það, að þinghaldinu verði hagað þannig, að nægilegur tími gefist til þess að afgr. brbl. og fram komi þingviljinn um þau, sem alls ekki þarf að taka langan tíma, *og enn fremur*, að ýmislegt annað fari fram, sem óhjákvæmilegt er að gert verði, áður en Alþingi verður frestað, ef þingið á að halda virðingu sinni.

Það er hægt að gera sér grein fyrir því í bróðerni, ef menn vilja, hvað það er, sem þarf að gera á Alþingi, áður en því er frestað, *til þess að Alþingi haldi virðingu sinni. Og* það væri hægt að ræða því niður, hvernig því yrði fyrir komið, þannig að allir gætu haft sómasamlegan tíma til þeirra starfa, sem þeir þurfa að inna af hendi. Og það er þessi málsmeðferð, sem ég fyrir mitt leyti mundi telja miklu hyggilegri heldur en nokkuð annað og ætti alveg hiklaust að taka upp *og ég* vil alls ekki álíta að sé neitt útilokað að komi

til greina. Þó að þessi hugmynd hafi komið fram um, að þingið geti staðið aðeins örstutt, þá ætti að vera hægt í framkvæmdinni að finna leið, sem allir gætu sætt sig við og gæfi nægilegt svigrúm.

Ég vil þá að lokum minnast ofur lítið á þetta fundarhald hér í dag, og ég vil mjög eindregið beina því til hæstv. forseta, að hann felli niður þetta fundarhald hér í dag og að það verði þess í stað snúið sér að því, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstaðan tali saman og reyni að koma sér niður á skynsamlegar reglur um það, hvað þingið muni þurfa að sitja lengi fyrir jól og hvað hæfilegt sé að þingfrestunin verði löng, í staðinn fyrir að efna nú hér í dag til þeirra kappræðna eða átaka, sem hljóta að verða um þessi efni, jafnvel í vaxandi mæli, ef ætlunin er að hafa þann hátt á að knýja fram með afbrigðum og furðulegum hætti ýmis þingmál nú þegar í byrjun þings, sem getur ekki verið miðað við neitt annað en það að skapa grundvöll fyrir ríkisstj. til þess að senda þingið heim, hvaða dag sem henni sýnist. Það sjáum við öll í hendi okkar, að það er engin hætta á því, að skemmtanaskattsmálið dagi uppi í þinginu fyrir jólin eða þau mál önnur, sem nú er lögð áherzla á að gangi fljótt fram. Það er þess vegna ekki verið að halda fund á laugardegi til þess að bjarga skemmtanaskattinum frá neinum voða, heldur hlýtur þetta fundarhald í dag eingöngu að vera miðað við það að skapa grundvöll til þess, að það sé hægt að senda þingið heim hvenær sem er eða hvenær sem ríkisstj. sýnist, bara þegar stjórnin væri búin að fá fram til viðbótar þáltill. um þingfrestunina. Og ég segi það alveg hiklaust, að mér dettur ekki í hug að greiða atkvæði með afbrigðum, þegar svona stendur á. Ég man ekki til þess, að ég hafi oft, síðan ég kom hér á þing fyrir nokkuð mörgum árum, greitt atkv. á móti afbrigðum. Ef þessu fundarhaldi yrði haldið áfram, mundi ég greiða hiklaust atkv. á móti afbrigðum til þess að mótmæla því, að þessi háttur sé á hafður, og þá er ég fyrst og fremst að greiða atkv. á móti því, að það séu sköpuð skilyrði til þess, að hægt sé að senda þingið heim, hvaða dag sem hæstv. ríkisstj. sýnist, án þess að Alþingi hafi uppfyllt sínar frumskyldur. Ef sá háttur t. d. kynni að verða á hafður, að ekki yrðu lögð fram brbl., en þingið samt sent heim, þá er hæstv. ríkisstj. og meiri hl., sem að henni stendur, með því að koma í veg fyrir, að Alþingi geti uppfyllt frumskyldur sínar. Auk þess er vitanlega margt fleira, sem með réttu móti þarf að taka til meðferðar, áður en hægt sé að telja eðlilegt að fresta fundum Alþingis vegna jólanna.

Ég mun ekki ræða núna, nema þá tilefni gefist til, meira um þessa fyrirhuguðu starfsaðferð, m. a. í trausti þess, að það sé opið að endurskoða þetta. Og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að taka það til alvarlegrar athugunar, sem ég hef sagt um þessi efni og ekki er sagt af neinni löngun til þess að tefja nokkuð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi aðstöðu til þess að starfa. Það er hægt að koma því mjög vel fyrir, það getur mjög vel farið saman, að þeir hafi alla aðstöðu til þess að starfa og hér eigi sér stað þinghald með eðlilegum hætti jafnhliða. Ég er sannfærður um, að það er hægt að koma þessu fyrir, og fyrir mér vakir síður en svo að baka hæstv. ríkisstj. óþægindi, heldur er þetta beinlínis sagt til þess að koma í veg fyrir, að það þurfi að verða stórfelldur ágreiningur um þessi efni. Ég tel, að það væri ákaflega slæmt fyrir Alþingi, ef farið verður að taka upp þann hátt um þinghaldið, sem bólar nú á í þessu sambandi.

Ég vil því enn endurtaka óskir mínar til hæstv. forseta um, að hann hætti við þennan fund í dag eða hafi hann ekki lengri en það, að þessum umræðum utan dagskrár gæti orðið lokið, t. d. núna fram að kaffihléinu, en þess í stað væri snúið sér að því að reyna að koma upp áætlun um þingstörfin, sem allir gætu vel sætt sig við.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við það, hvernig þingmálum er nú framfylgt, þykir mér ástæða til þess að minnast hér úr ræðustóli þessarar hv. þd. á það hugtak, sem nefnt hefur verið virðing Alþingis og ekki virðist af veita að rifjað sé upp fyrir hv. þm. að hlýtur að sjálfsögðu að eiga að hafast í heiðri.

Ég vil þá fyrst minnast á það, að bæði ég og sjálfsagt langtum fleiri hv. alþm. lásum það í blöðum hæstv. ríkisstj. í gær, að ákveðið væri að fresta fundum Alþingis. Ég vil máli mínu til sönnunar vitna til þess, sem í stjórnarblöðunum stendur. Að vísu er sá ágalli á, að ég get ekki vitnað í blað hv. Alþfl., blað það, sem hæstv. starfandi forseti þessarar deildar nú er einn af ritstjórum fyrir, en þar var sagt frá því sem ákveðnum hlut, að Alþingi yrði frestað nú alveg á næstunni, vegna þess að einhvern veginn hefur ekki tekizt samkomulag með því blaði og þessari stofnun um, að blaðið gæti verið til hér í stofnuninni, svo að þegar ég bað hér um það að láni til ívitnunar máli mínu til sönnunar, reyndist það ekki vera til í stofnuninni. Ég álít, að það væri m. a. verkefni fyrir forseta Alþingis, bæði í deildum og sameinuðu þingi, að sjá til þess, að slíkt komi ekki fyrir í framtíðinni og að þm. eigi þess jafnan kost að eiga hér í þessari virðulegu stofnun aðgang að þeim blöðum, sem gefin eru út a. m. k. af þeim stjórnmálaflokkum, sem sæti eiga á Alþingi. En það gerir í rauninni ekki ákaflega mikið til, þótt ég verði að láta hjá líða af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, að færa fram beinar tilvitnanir í blað Alþfl., því að efnislega er þetta mjög á sömu lund í blöðum hins stjórnarflokksins, blöðum Sjálfstfl., og get ég t. d., með leyfi hæstv. forseta, vitnað hér til dagblaðsins Vísis, sem eins og öllum er kunnugt er annað höfuðmálgagn Sjálfstfl., en þar segir

í gær undir mjög áberandi fyrirsögn á forsíðu: „Alþingi frestað.“ Síðan stendur þar orðrétt:

„Ákveðið mun hafa verið að fresta Alþingi fram yfir áramót. Frestun þessi mun vera gerð vegna þess, að undirbúningur undir till. til úrbóta í efnahagsmálum þjóðarinnar mun taka nokkurn tíma, en sérfræðingar vinna nú að því að rannsaka ástandið og finna leiðir til úrbóta. Á meðan á þessum umr. stendur og undirbúningi undir framkvæmdir til úrbóta, sýnist ástæðulaust, að Alþingi bíði aðgerðalaust fram yfir áramót, en það munar ríkið 800—900 þús. kr. í útgjöldum. Heimild hefur verið veitt fyrir ríkisstj. til að inna af hendi bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði fyrsta mánuð næsta árs, en það er venja, ef afgreiðslu fjárlaga lýkur ekki fyrir áramót. Líklegt er, að till. um þingfrestun verði lögð fram á Alþ. í dag.“

Þetta var grein sú, sem dagblað þess stjórnarflokks, sem fer með forustu stjórnarinnar, lét frá sér fara í gær. Þegar blaðið kom út, hafði enn ekki verið útbýtt á Alþ. neinni till. um þingfrestun. Þar hafði að vísu verið lagt fram frv. um heimild fyrir ríkisstj. til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði, en því fer alls fjarri, að nokkur slík heimild hafi verið ríkisstj. veitt. Ég vil í fyrsta lagi af þessu tilefni skora á forseta Alþ. að gefa út frá Alþ. og í samráði við skrifstofu Alþ. leiðréttingar, þegar blöð, sem allur almenningur í landinu hefur ástæðu til að ætla að viti glöggt um það, hvernig mál standa á Alþ., fara með slíkt fleipur og slíkar staðleysur sem hér hefur átt sér stað, — þá gefi forsetar Alþ. út tilkynningu um, að hér sé hallað réttu máli, og skýri hins vegar frá staðreyndum, eins og þær liggja fyrir. Það virðist næstum ekki vera annar möguleiki eftir til leiðréttingar slíku, þegar blöð hæstv. ríkisstj. ganga svo freklega á snið við allan sannleika sem hér hefur verið til vitnað.

En því miður er ekki upp talin öll sú óvirðing, sem Alþ. hefur verið sýnd hina síðustu daga, með því að vitna til þess, hvernig blöð hæstv. ríkisstj. hafa hagað sér með því að flytja almenningi í landinu alrangar fregnir frá Alþingi. Hér er t. d. á dagskrá þessarar hv. d. í dag skemmtanaskattsviðauki, sem fyrirhugað mun vera að afgreiða hér með afbrigðum á degi, sem er alls ekki venjulegur fundadagur Alþingis. Það virðist vera, að það sé einnig stefnt í voða virðingu Alþ. með því að gera sér leik að því að ganga á snið við þingsköp. Ég vil ekki mótmæla því, að stundum beri nokkra nauðsyn til þess að víkja frá þingsköpum með afbrigðum, en á hinn bóginn tel ég jafnfráleitt að gera það að reglu, að hvenær sem einhverra manna duttlungar, þeirra sem með völd fara og að ríkisstj. standa, krefjast þess, að nú sé vaðið yfir þær reglur, sem Alþ. hefur með eðlilegum hætti sett sér. Þá á ekki að gera það. Það á einungis að gera, þegar nauðsyn ber til. En hér hafa engar sönnur verið færðar á og ekki einu sinni líkur fyrir, að hér sé um neina nauðsyn að ræða. En svo mikið sem hv. stjórnarliði virðist liggja á því að koma fram máli, eins og ég hér hef tilnefnt, þá virðist þeim mun minna liggja á þeirra sömu manna samvizku um það að uppfylla þingsköp, uppfylla stjórnarskrá og þingvenjur með því að leggja fyrir Alþ. þau brbl., sem út hafa verið gefin og ber að leggja fyrir Alþ. eðli málsins samkv. eins fljótt og verða má, eftir að þing hefur komið saman.

Ekki er það síður vítavert að láta hjá líða að leggja þau brbl., sem hér um ræðir og hér hefur verið rætt um í dag, lögin um verðlag á landbúnaðarvörum, fyrir fljótlega, þar sem sú staðreynd liggur fyrir staðfest af þingflokkum, að bæði á þeim tíma, sem lögin voru gefin út, og væntanlega enn þá er enginn þingmeirihluti til fyrir þeim og lögin því í eðli sínu allt annars eðlis en lagasetning yfirleitt. Brbl., sem gefin eru út á sama tíma sem vitað er, að enginn þingmeirihluti er til fyrir þeim, eru í rauninni ekki lagalegs eðlis, heldur miklu fremur í ætt við einræðistilskipanir. Þess vegna er það ótvíræð skylda þeirra, sem með þessi mál fara nú í ríkisstj., að láta ekki hjá líða, að þessum l. verði brugðið undir gagnrýni Alþ., þau verði þar lögð fyrir og fái þar sína meðferð, hver sem hún svo kann að verða. En eins og ég hef áður tekið fram, er ekki það að efa, að samkv. yfirlýsingum gefnum út af einstökum þm. og heilum þingflokkum er ekki til meiri hluti á Alþ. fyrir þessum lögum.

En því miður eru þó ekki enn upp taldar allar þær ávirðingar, sem hæstv. ríkisstj. og hennar lið sýnir Alþ. þessa dagana. Það er lögbundið ákvæði, að fyrir Alþ. skuli leggja fjárlagafrv. í þingbyrjun. Þetta hefur að vísu verið gert, en af því hlýtur að leiða, að það er ekki með þessu lagaákvæði til þess ætlazt eingöngu, að það sé lagt tiltekið blað á borðið hjá háttvirtum þingmönnum, heldur að fram fari umr. um fjárhag og fjárreiður íslenzka þjóðarbúsins í sambandi við framlagningu þessa frv., sem er áætlun um það, hvernig reka skuli ríkisbúskapinn á komandi ári. Hér sjást engin merki þess, að á næstunni sé fyrir dyrum nein aðgerð á þessu plaggi, ekki einu sinni framsöguræða með því. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að sú ríkisstj., sem ekki treystist til þess að birta Alþ. framsöguræðu með sínu fjárlagafrv., er sannarlega ekki á þeim vegi, sem þingræði hlýtur að krefjast af hverri ríkisstj. Ég veit, að hv. Sjálfstfl., sem fer með það rn., sem leggur fram fjárlagafrv., hefur uppi þær afsakanir, að hann sé svo ókunnugur öllum málum, öllum fjárreiðum íslenzka ríkisbúsins, öllum fjárreiðum ríkissjóðs, fjárreiðum útflutningssjóðs o. s. frv., að hann sé hreint í vandræðum með að marka sína stefnu í þessu. Í sambandi við þær yfirlýsingar hv. Sjálfstfl. vil ég aðeins rifja upp, hvað á undan er gengið, og spyrja hann að því, hvaðan úr ósköpunum honum komi réttur til þess að halda fram slíkri fáfræði hjá sjálfum sér um fjárhagsmál íslenzku þjóðarinnar, sem hann nú gerir og virðist telja sér til afbötunar. Ef rétt væri öll sú fávísi, sem

hann telur sér nú, þá væri þetta sannarlega flokkur, sem ætti að hætta í íslenzkum stjórnmálum. En því mun nú ekki svo farið, að hann sé eins fávís og hann sjálfur vill vera láta. Ég vil minna á það, að fyrir u. þ. b. einu ári eða tæplega einu ári, þegar forseti Íslands kvaddi til formann Sjálfstfl. og fól honum að gera tilraun til stjórnarmyndunar, þá tók formaður Sjálfstfl., hæstv. núv. forsrh., þetta að sér, og eftir því sem á þeim sjálfstæðismönnum var þá að skilja, voru bornir í herbúðir Sjálfstfl. stórir bunkar af hvers konar fjármálaskjölum úr stjórnarráði Íslands og fengnir í hendur öllum þeim sérfræðingum, sem Sjálfstfl. taldi sig bezta hafa á að skipa, til þess að kanna fjárreiður ríkisins. Dag eftir dag dróst það hjá hv. formanni Sjálfstfl., hæstv. núv. forsrh., að svara forseta Íslands einu eða neinu um það, hvort hann tæki að sér stjórnarmyndun, því að sérfræðingar Sjálfstfl. væru að athuga fjármál þjóðarinnar. Ég kann nú ekki lengur tölu á þeim dögum, sem þjóðinni var þannig haldið án stjórnar út á það eitt, að Sjálfstfl. var einmitt að kanna þau mál, sem hann núna telur sér helzt til ágætis að vera fávís um. Síðan liðu fram tímar, og þótt það sé önnur saga, þá er kannske ekki úr vegi að rifja hana hér upp, fyrst þessi mál eru á annað borð komin hér til umr., að sá virðulegi flokkur, sem nú fer með stjórnarforustu, hafði allt til þess tíma haldið því fram, að hann einn væri til forustu fallinn í íslenzku þjóðlífi, þar sem hann væri stærstur allra flokka og sterkastur og samstilltastur og ég veit ekki hvað og hvað hann tíndi upp af skrautfjöðrum sér til handa. En þegar sérfræðingar hans voru búnir að blaða í efnahagsplöggum íslenzka ríkisins dögum, ef ekki vikum saman, þá reyndist þessi hv. flokkur ekki vera sterkari eða samstæðari en svo, að hann gafst upp við það að gera nokkurn skapaðan hlut, hann vísaði málinu frá sér, hann reyndist engan styrkleika hafa og þaðan af síður samstöðu og hann vísaði málinu frá sér.

En einhvern veginn virðast samt þær niðurstöður, sem sérfræðingar hans komust að við rannsóknina miklu, ekki hafa bent til þess, að fjárreiður íslenzka ríkisins væru sérlega slæmar, því að litlu síðar tók hv. Sjálfstfl. einmitt að sér að hafa forustu í lagasetningu um fjárreiður íslenzka ríkisins á árinu 1959. Það var einmitt hv. Sjálfstfl., sem hafði um það algera forustu, hvernig mótuð skyldu fjárlög ársins 1959. Það var hans fulltrúi, sem hafði þar framsögu fyrir öllum þeim ákvörðunum, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Alþfl., í orði kveðnu beitti sér fyrir, en með algerri samstöðu við Sjálfstfl. og undir forustu Sjálfstfl. að því er varðaði alla lagasetninguna varðandi fjárreiður íslenzka ríkisins. Ég vil því minna á, að sá hv. stjórnarflokkur, sem nú telur sig allra fávísastan um íslenzk efnahagsmál, hefur sjálfur mótað fjárlögin, sem stjórnað hefur verið eftir á þessu ári. Hann hefur sömuleiðis sjálfur mótað þá lagasetningu, sem ákveður tekjur og útgjöld útflutningssjóðs, eins og þau nú eru. Ég held, að í þessu ljósi verði það harla erfitt fyrir hv. Sjálfstfl. að ætla að gera hvort tveggja í senn að halda því fram, að hann geti ekkert nú í fjármálum, af því að hann sé svo ókunnugur og af því að hann viti svo lítið um þau, og jafnframt verður hann þó að viðurkenna þá staðreynd, að hann hefur sjálfur sett þau lög um fjárreiður íslenzka ríkisins, sem nú hefur verið stjórnað eftir um skeið. Og fjárreiður ríkisins voru ekki verri en það, að báðir hv. núv. stjórnarflokkar héldu því fram í síðustu kosningabaráttu nú í októbermánuði, að þeim hefði tekizt með viturlegri fjármálastjórn að stöðva alla dýrtíð í landinu og koma efnahagslífi Íslendinga í fastari skorður en það hefði um langt skeið verið. Fjölmargir atvinnurekendur hafa líka vitnað um það í blöðum hæstv. ríkisstj., að aldrei hafi afkoma verið eins góð í þeirra atvinnurekstri og nú, enda er það mála sannast, að fyrir þá aðila gerðu hv. núv. stjórnarflokkar töluvert á s. l. vetri, þar sem þeir ákváðu, að nokkur hluti af umsömdum launum verkafólks og sjómanna skyldi renna beint í vasa atvinnurekenda, þ. e. a. s. að ekki skyldu lengur haldnir samningar um kaup og kjör, heldur skyldi kaup til verkafólks og sjómanna og afurðaverð á búvörum til bænda lækka nokkuð til ábótunar fyrir gagnaðila.

Það er ekki heldur langt síðan hæstv. forsrh. flutti Alþingi héðan úr þessum ræðustóli sérstakan nýjan stjórnarsamning. Þar var að vísu tvístigið mjög um það, hvaða efnahagsráðstafanir og löggjöf í því sambandi væri væntanleg. En einhvern veginn hefur þeim, sem þann samning gerðu, fundizt, að ekki mundi þar verða neinn fagnaðarboðskapur fluttur íslenzkri þjóð, því að sem aukanúmer í stjórnarsamningnum var það tekið fram, að til þess að keyra ekki um þverbak — eða hvernig sem það nú var orðað — hjá þeim, sem verst væru settir í þjóðfélaginu, þá ætti t. d. að hækka fjölskyldubætur og ellilaun o. s. frv. Og ekki virtust fjárreiður ríkisins þá vera verri en svo, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. forsrh. fyrir hennar hönd taldi sig hafa efni á því að boða það þingheimi og þjóð, að það ætti að afnema tekjuskatt. Tekjuskatturinn mun þó gefa ríkissjóði nú um hálft annað hundrað millj. kr. eða um það bil. Maður getur nú rétt ímyndað sér, hvernig sá sáttmáli muni í eðli sínu vera, sem telur ástæður til þess, áður en hann er sagður upp fyrir alþjóð, að þá verði að tilkynna, að honum fylgi nokkurt sælgæti. Má ekki bjóða yður sultutau? sögðu embættismenn Danakonungs við þá Íslendinga, sem þá voru í forsvari fyrir land og þjóð og vantaði veiðarfæri og annað, sem íslenzka þjóðin hafði til síns lífsuppeldis, en ekki var fáanlegt. Það virðist vera, að stjórnarsáttmálinn, sem hér var nýlega sagður upp, sé sama eðlis, hann bjóði upp á lús af sultutaui, en mál þjóðarinnar

séu hins vegar jafnóleyst og þau áður voru.

Vegna þess, hvernig stjórnarsáttmálinn var, þ. e. a. s. vegna þess að hann var um ekki neitt það, sem alþjóð mátti fá að heyra, hefur hann nú fengið hjá alþjóð nafn eftir því, sem alþjóð þá fékk að vita um efni hans eftir öðrum leiðum en þeirri einni, sem sögð var upp hér í ræðustól. Hann gengur nú almennt undir nafninu „sjöstólasáttmáli", og það er í rauninni það eina, sem þjóðin hefur fengið að vita um þann sáttmála, að hann er sáttmáli um sjö stóla.

Ég get vel skilið það, að mennirnir, sem gerðu „sjöstólasáttmálann," vilji fá að sitja í sínum sjö stólum án þess að verða spurðir út úr fræðum þeim, sem þeir nú hlaupa bak við tjald fávísinnar til þess að reyna að komast hjá að gefa þau svör, sem um eðli málsins er skylt að gefa. Ég get vel skilið það, að þeir, sem mynduðu ríkisstj. og gleymdu að semja um þjóðmálin, en sömdu bara um stólana sína, hafi ekkert við þing að gera. Ég get líka skilið það, að þegar saman hafa hlaupið í ríkisstj. tveir stjórnmálaflokkar, sem t. d. í því máli, sem hér hefur stundum verið til umr., brbl. um verðlag á búvöru, hafa skoðanir, sem eru að því er ætla má eftir yfirlýsingu þeirra algerlega gagnstæðar, vilji gjarnan losna við að ræða þau mál frammi fyrir þingi og þjóð. En ég vil minna þá hæstv. ríkisstj. á það, að hún er að sjálfsögðu skuldbundin til þess að halda þær reglur og halda þau lög, sem íslenzka þjóðin hefur. Hún er skyldug til þess að halda íslenzka stjórnarskrá. Hún er skyldug til þess að leggja þessi brbl. fyrir Alþingi. Það er stjórnarskrárákvæði, og það munu allir hæstv. ráðh. eins og aðrir þingmenn hafa skrifað undir á sínum tíma, að þeir skuldbyndu sig og legðu við drengskap sinn um að halda stjórnarskrána. Og ég vil enn minna þá á það, að jafnvel þó að það sé ekki alveg átakalaust hjá þeim og ekki alveg þrautalaust að halda stjórnarskrána, þá ber þeim samt að gera það. Það þing, sem nú situr, er reglulegt Alþingi ársins 1959. Það eru þess vegna ekkert annað en undanbrögð og í eðli sínu hreinlega brot á stjórnarskrárákvæðum að leggja ekki brbl., sem út eru gefin á haustinu 1959, fyrir reglulegt Alþingi 1959. Það má vel hugsast, að þeir, sem eru miklir lagakrókamenn, geti fundið sér til einhverjar afsakanir frá því að gera þetta, t. d. með því að það sé líka reglulegt Alþingi 1959, sem saman á að koma samkvæmt þingfrestunartill. ríkisstj. hinn 28. jan. n. k. En það verður hvorki ég né alþjóð í þessu landi sannfærð um það, að andi stjórnarskrárinnar sé haldinn með því að leggja ekki þessi brbl. fyrir nú á þessu þingi og nú hið fyrsta.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú um þessi mál sagt, vil ég enn ítreka þá áskorun mína til forseta Alþingis að gefa út leiðréttingar á því beint frá Alþingi, sem rangt er sagt frá störfum Alþingis í blöðum hæstv. ríkisstj. nú undanfarna daga. Og ég vil sérstaklega skora á hæstv. forseta þessarar d., sem ég veit að hlýtur að hafa alveg sérstaka aðstöðu til þess, að leiðrétta það, sem rangt er sagt í hans flokksblaði um störf Alþingis, þannig að alþjóð fái raunverulega að vita um staðreyndir. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ríkisstj., ef hún skyldi nú vera samþykk þeim skrifum, sem blöð hennar hafa látið frá sér fara að undanförnu, — ég vil spyrja hana um það í sambandi við ívitnaða grein í dagblaðinu Vísi, sem ég hef hér lesið, þar sem stendur: „Ákveðið mun hafa verið að fresta Alþingi fram yfir áramót," — ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvar hefur þetta verið ákveðið? Ef forsetar Alþingis geta ekki fallizt á að leiðrétta svona hluti, þá vil ég skora á hæstv. ríkisstj. að svara þessu: Hvar hefur þessi frestun verið ákveðin? Hún hefur ekki verið ákveðin hér á Alþingi. Ég vil enn fremur minna á það, að sá stjórnmálaflokkur, sem nú fer með forustu ríkisstj., Sjálfstfl., hefur hér margsinnis haft uppi mikinn bægslagang og ásakanir á vinstri stjórnina svonefndu fyrir það, að í hennar stjórnarsáttmála var ákvæði um það, að varðandi lagasetningu, sem snerti sérstaklega almenn lífskjör í landinu, skyldi viðhaft samráð við verkalýðshreyfingu landsins. Þetta hafa fjölmargir af þm. Sjálfstfl. vítt hér á þingi og farið um þetta þeim orðum, að þeir hafa látið í ljós megna óánægju sína yfir því, að vald skyldi dregið úr höndum Alþingis og út fyrir veggi þingsalanna. Þeir hafa bent á það, að einmitt í þingsölum, einmitt á Alþingi ætti að ráða ráðum þjóðarinnar, þar ætti að setja löggjöf og annars staðar ekki. Ég skal taka það fram, að að vissu leyti er ég þessu sammála, þótt ég telji hins vegar, að það sé misskilningur hjá hv. Sjálfstæðisflokksmönnum, að samráð við verkalýð landsins um lagasetningu sé að draga vald út úr þingsölunum. Þar er ég ekki sammála. Hitt veit ég, að ef það hefur verið samþ. á einhverjum klíkufundi, t. d. á Varðarfundinum, þar sem hæstv. forsrh. virðist hafa gefið þá efnahagsmálaskýrslu, sem hann þorir ekki að gefa hér eða vill ekki af einhverjum ástæðum gefa hér, þá er það að draga vald úr höndum Alþingis, og þá eru það vinnubrögð, sem Alþingi á ekki að þola.

Herra forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum utan dagskrár um þau mál, sem ég tel þessa dagana vera sérstaklega til þess líkleg að draga virðingu Alþingis ofan í svaðið. Ég vil ljúka máli mínu með því að skora alvarlega á forseta Alþingis og á hæstv. ríkisstj. að láta ekki slíkt viðgangast. En þó vil ég frekast af öllu beina máli mínu til allra alþm. um það, að hér er fyrst og fremst skylda þeirra að standa þannig á verðinum, að jafnvel mistök ríkisstj. geti ekki orðið til þess að rýra álit þeirrar stofnunar, sem þm. eru fulltrúar á, kosnir af þjóðinni. Til þess hafa allir alþm. óumdeilanlega skyldu, bæði siðferðilega skyldu og sömuleiðis skyldur við þá kjósendur, sem hafa sent þá í þessa stofnun.

Forseti (BGr): Þessar umr. utan dagskrár hafa á sér nokkurn blæ af almennum stjórnmálaumræðum, og vil ég beina þeim tilmælum til hv. alþm., að þeir reyni eftir föngum að stytta mál sitt og takmarka umr. við það, sem kalla má eðlilegt að talað sé um utan dagskrár.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan fáein orð. Hann sagðist vera ánægður yfir því, að það hefði komið fram, að ég læsi Morgunblaðið, vegna þess að ég vitnaði í það, sem í því hafði staðið. Það er rétt, ég lít stundum í Morgunblaðið. En það er slæmt, ef menn reka sig á, að ekkert sé að marka hátíðlegar yfirlýsingar frá Sjálfstfl., sem birtar eru í því blaði. Þá getur vel svo farið, að ég og fleiri trénist upp á því að lesa það blað.

Hæstv. landbrh. flutti hér ræðu í tilefni af þeim fsp., sem ég hafði borið fram, en ég verð að segja, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum, því að ég fékk þar engin svör við því, sem ég hafði spurt um. Hæstv. ráðh. sagði, að það liti út fyrir, að ég væri mjög ókunnugur þingsköpunum og vissi ekki, hvernig ætti að haga fyrirspurnaflutningi hér á Alþingi. Ég einmitt skýrði frá því í ræðu minni hér í dag, hvers vegna ég hefði borið hér fram munnlegar fyrirspurnir til hæstv. ráðh., en ekki skriflegar. Hann heyrði þetta, svo að þessi aths. hans var alveg óþörf. Við vitum vel, að það tekur alllangan tíma að fá svör við fsp., sem bornar eru fram með venjulegum hætti, þ. e. a. s. lagðar fram skriflega á þskj. Ef ég hefði nú flutt þessar fsp. mínar til hæstv. ráðh. skriflega, þá má ætla, að þeim hefði verið útbýtt á fundi í sameinuðu Alþingi næsta miðvikudag, þ. e. a. s. ef stjórnin hefði þá ekki verið búin að fresta þinginu. Síðan hefði skömmu síðar verið haldinn fundur í sameinuðu þingi til þess að ákveða, hvort leyfa skyldi þessar fsp. mínar, og ef það hefði nú verið gert, sem ég geri ráð fyrir, þá hefði liðið ein vika þangað til þess hefði mátt vænta, að hæstv. ráðh. gæfi svar við fsp. Þó væri engin vissa fyrir því, að svar hefði fengizt þá, vegna þess að það hefur oft komið fyrir, að viðkomandi ráðherrar hafa ekki verið tilbúnir með svör sín á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir. Það var einmitt vegna þeirrar till., sem ríkisstj. hefur borið fram um þingfrestun, eins og ég áður gerði grein fyrir, sem ég leyfði mér að flytja þessar fsp. munnlega. Ef ríkisstj. kemur fram vilja sínum um þingfrestun innan fárra daga, mundi ekki fást svar við skriflegri fsp., sem nú væri flutt, áður en þinginu yrði frestað. En ég vil halda því fram, að upplýsingar um fyrirætlanir hæstv. stjórnar í verðlagsmálum landbúnaðarins þurfi að fást, áður en þingi verður frestað, ef til þess kemur.

Það lítur út fyrir af því, hvernig hæstv. landbrh. brást við, að það sé að fara í geitarhús að leita ullar að leita upplýsinga hjá honum um mál, sem undir hann heyra og honum ber skylda til að veita þm. vitneskju um. Hann segist hafa talað við framleiðsluráð landbúnaðarins og þm. geti leitað þar frétta af þeim samtölum. Ja, hvernig lízt mönnum á? Er þetta viðeigandi framkoma af manni í þessari stöðu? Ég held ekki. Þingmenn eiga rétt á því að fá upplýsingar frá ráðherrum um þýðingarmikil mál, sem þeir hafa með að gera, en eiga ekki að þurfa að leita til annarra, sem ráðh. hefur e. t. v. talað eitthvað við utan þings um þessi efni. Ég held, að það sé full ástæða til að endurtaka þessar fsp. til hæstv. ráðh. til að rifja þær enn betur upp fyrir honum.

Ég spurði um það, hvort hæstv. ráðh. væri eitthvað búinn að gera viðkomandi greiðslu á þeim uppbótum, sem flokkur hans lofaði að leggja til að bændum yrðu greiddar. Ég spurði um það, hvort ráðh. væri t. d. búinn að tilkynna framleiðsluráði landbúnaðarins, að bændur mundu fá þessa 3.18% uppbót á verð þeirra afurða, sem þeir hafa selt, síðan brbl. komu til framkvæmda. En þegar slík yfirlýsing frá ríkisstj. lægi fyrir, væri hægt að deila uppbótunum niður á búvörutegundirnar, gera reikninga yfir uppbæturnar og ganga eftir borguninni hjá yfirvöldunum. Ég spurði enn fremur um það, hvort hæstv. ráðh. teldi sig þurfa sérstaka heimild frá Alþingi til að greiða þessar umræddu bætur eða hvort hann liti svo á, að heimild til þess væri í einhverjum lögum, sem nú eru til, og ég vitnaði í yfirlýsingar Sjálfstfl., þar sem sú skoðun virðist koma fram, að þörf sé fyrir sérstaka þingsamþykkt um þetta. Ég spurði, hvort þetta væri einnig skoðun hæstv. ráðh. eða ríkisstj. núverandi, að sérstaka heimild þurfi frá Alþingi til að borga uppbæturnar, og ég spurði hæstv. ráðh., ef sú væri skoðun hans, hvort hann ætlaði ekki að leita eftir slíkri heimild á Alþingi nú þegar, því að ég benti á, að hún þyrfti að fást afgreidd, áður en þingi verður frestað, ef til þess kemur. Hitt væri hin mesta óhæfa og óverjandi með öllu, að láta bændur bíða eftir þessum lofuðu uppbótum langt fram á næsta ár. Í fáum orðum sagt: Ég óskaði svars frá hæstv. ráðh. um það, hvaða ráðstafanir hann er þegar búinn að gera, ef einhverjar eru, eða hvaða ráðstafanir hann ætlar að gera og þá hvenær viðkomandi greiðslu á þessum bótum.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að þegar þing var sett, hefði forsrh. gefið upplýsingar um stefnu stjórnarinnar, m. a. varðandi þetta mál, og þar gæti ég fengið svör við fyrirspurnunum, skildist mér. Og hæstv. landbrh. sagði, að ég gæti látið mér nægja það, sem hann sagði um málið, þó að það væru engin svör við fsp., heldur að mestu skætingur um Framsfl. En hvað er það þá, sem hæstv. forsrh. hafði fram að flytja um þetta efni fyrir um það bil viku, þegar þing var sett, þegar hann var að gera grein fyrir myndun ríkisstj., verkaskiptingu og fleira í því sambandi? Um þetta mál sagði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi verðlag landbúnaðarafurða mun reynt að fá aðila til að semja sín á milli um

málið, ella verður skipuð nefnd sérfræðinga og óhlutdrægra manna, er ráði fram úr því.“

Ég býst við, að það fari svo fyrir fleirum en mér, að þeim þyki erfitt að fá nokkrar upplýsingar út úr þessari málsgrein um það, hvað stjórnin ætlast fyrir í því máli, sem ég hef verið hér að spyrja um. Þarna er ekkert svar við því, hvort stjórnin ætli að greiða eða beita sér fyrir, að greiddar verði þessar bætur, sem Sjálfstfl. lofaði bændum fyrir kosningar í haust, — ekkert um það, hvenær þeir ætli að leggja brbl. fyrir þingið og hvort Sjálfstfl. ætli að standa við það, sem hann sagði fyrir kosningar í sínum hátíðlegu yfirlýsingum, að flokkurinn vildi færa bændum aftur þann rétt, sem þeir eiga, og fella úr gildi brbl. Það eru engin svör við þessum fsp. mínum, en þingmenn eiga heimtingu á því að fá svör við þessum fsp.

Ég hefði vel getað skilið það, ef hæstv. ráðh. hefði óskað eftir fresti til næsta fundar í þd. til að svara fsp. Það hefði ekkert verið við því að segja, þótt hann hefði óskað eftir sliku, og hefði verið auðvelt að fallast á það. En undanbrögðin, sem hér eru höfð í frammi, eru til þess fallin að vekja grunsemdir um, að hér sé ekki allt með felldu, og það er vissulega þörf á því að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. yfirlýsingarnar, sem hans flokkur gaf í þessu máli fyrir kosningarnar í haust, eins og ég gerði í minni fyrri ræðu.

Ég vil því ítreka kröfu mína um það að fá svör við fsp. mínum, áður en till. um þingfrestun verður tekin til umr. hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. talaði hér áðan nokkur orð. Hann tilkynnti hv. d., að hæstv. forsrh. væri veikur. Það er mjög leitt að heyra. Ég heyrði þess ekki getið hjá hæstv. forseta, að hann hefði boðað nokkur veikindaforföll. Þess vegna gekk ég fyrir mitt leyti út frá því, að hann mundi kannske vera hér í þinginu og e. t. v. í herbergi hér við hliðina, þar sem honum finnst stundum gott að hlusta á það, sem þingmenn segja. Honum hefur láðst að tilkynna veikindaforföll, sem hverjum þingmanni ber að gera, honum líka sem 1. þm. Reykn. Það er mjög leitt, að hann skuli ekki hafa verið við, einmitt af því að ég mælti nokkur orð til hans áðan, og það var engan veginn mín tilætlan, að þau skyldu endilega mælt að honum fjarverandi. Ég mun vafalaust verða að endurtaka þau, þegar hann verður hér við, þannig að honum gefist kostur á að segja sitt álit á þeirri gagnrýni, sem í því fólst, sem kom þar fram hjá mér. Ég vonast eftir, að honum batni fljótlega og við fáum þá ánægju að sjá hann hér aftur bráðlega og okkur gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál, sem ég sérstaklega drap á og ættu framar öðrum hæstv. ráðh. erindi til hans.

Hæstv. dómsmrh. sagði síðan, að sá væri tilgangur ríkisstj. með þeirri fyrirætlun að fresta Alþ. nú svo snemma, eins og borizt hefur nokkuð til umr. utan dagskrár, að hæstv. ríkisstj. gæti ekki horft upp á annað eins og það, að Alþ. yrði sér til vanvirðu með því að sitja hér aðgerðalaust. Það er rétt og nauðsynlegt að leiðrétta þennan misskilning hjá hæstv. dómsmrh. Það er ekki nokkur minnsta hætta á því, að Alþ. komi til með að sitja hér aðgerðalaust. Þvert á móti bíða þess mjög mikilvæg verkefni, ekki aðeins þau, sem hæstv. ríkisstj. ber skylda til að leggja fyrir Alþ., heldur líka allmikið af málum, sem hv. þm., ekki aðeins úr stjórnarandstöðunni, heldur líka úr stjórnarflokkunum, hafa mikinn áhuga á að flytja. Ég efast ekki um, að ekki hvað sízt allur sá mikli fjöldi af nýkjörnum þm. úr stjórnarliðinu, sem nú koma í fyrsta skipti inn á Alþ. og hafa haldið miklar ræður og haft í frammi mikil loforð til kjósenda við nýafstaðnar kosningar, þeir bíða þess fullir áhuga að flytja hér frumvörp um, hvernig eigi að leysa úr ýmsum vandamálum landsins og berjast fyrir landsins gagni og nauðsynjum, þannig að það er engum efa bundið, að hér verði um næg mál að ræða, sem hæstv. ríkisstj. getur haft til athugunar, þegar hún fer að hugsa sinn gang.

Það var alger misskilningur, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að það væri aðeins verkefni Alþingis að bíða eftir því, að einhverri hæstv. ríkisstjórn þóknaðist að koma fram með einhver lagafrv. viðvíkjandi einhverjum efnahagsmálum. Það er ekki nema einn lítill þáttur í starfi Alþ. að fjalla um efnahagsmál. Það er ein einasta af öllum þeim n., sem settar eru hér í þinginu, sem hefur sérstaklega með þau mál að gera. Hér liggja fyrir öll möguleg önnur vandamál til úrlausnar á öllum mögulegum sviðum þjóðlífsins, allt frá félagsmálum til menntamála, allt frá landbúnaðarmálum til sjávarútvegsmála, og öll möguleg önnur mál og málasvið, sem þm. hafa áhuga á að flytja frv. um og þarf að ræða á Alþingi. Alþingi er engan veginn bara til þess að bíða eftir einhverjum úrlausnum, sem máske væru ekki svo sérstaklega góðar einu sinni, sem ein hæstv. ríkisstj. kynni að koma með viðvíkjandi einhverjum efnahagsmálum. Það er alger misskilningur á hlutverki og verkefni Alþingis, ef hæstv. ríkisstj. lítur svo á, að Alþ. eigi að vera eins og einhvers konar brúða til þess að afgreiða bara einhver efnahagsmál, þegar einhverri ríkisstj. fyndist það nauðsynlegt. Þvert á móti, Alþingi á að vera stofnun, sem á að ræða um öll þau mál, sem snerta þjóðlífið, og reyna að vinna þar að því á öllum sviðum mannlegs lífs að bæta um fyrir okkar þjóð. Ég held þess vegna, að það vofi engan veginn sú hætta yfir, að Alþ. sitji aðgerðalaust þennan tíma. Það kann stundum að hafa verið svo, þegar ríkisstj. hafa verið máske seinar á sér og Alþ. hefur komið saman 10. okt. og ríkisstj. ekki búnar að koma sér niður á málin, þegar kom fram í desember, að þá hafi einstaka sinnum orðið

þannig, að lítið hafi verið á dagskrá stundum. En þegar Alþ. kemur saman 20. nóv., seinna en nokkurn tíma annars hefur eiginlega tíðkazt, þá eru sannarlega meira en næg verkefni, þegar Alþingi á á einum einasta mánuði fyrir jól að ræða þau mál, sem þm. hafa áhuga á að bera fram. Ég veit, að það gildir ekki aðeins um stjórnarandstöðuna og öll þau mál, sem hún flytur. Ég efast ekki um, að hv. þm. stjórnarflokkanna brenna í skinninu að koma með sín hugðarmál hér á Alþ. Svo er vitanlegt, að þar að auki eru mál, eins og hér hefur verið minnzt á nú utan dagskrár, sem sjálf hæstv. ríkisstj. á samkv. stjskr. að leggja fyrir Alþ., mál eins og brbl., sem hér hefur verið talað um, brbl. viðvíkjandi verðlagningu landbúnaðarafurða. Og það væri satt að segja undarlegt, ef ekki mætti fara að ræða þau mál hér og ekki væru gerðar ráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess nú þegar að sjá um, að þau brbl. *væru lögð fyrir Alþ. Ég vil* meira að segja leyfa mér að spyrja: Var ekki búið að gera ráðstafanir til þess að leggja slíkt lagafrv. fyrir Alþ.? Skyldi það ekki hafa verið komið upp í prentsmiðju? Því hefur kannske verið kippt til baka á síðustu stundu. Af hverju? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Ég býst við, að starfsmenn stjórnarráðsins hafi afgreitt öll þessi mál, eins og þeirra er vani og alltaf hefur verið þingsiður, en e. t. v. hafi einhver hæstv. ráðh. áttað sig á því, að það væri eitthvað óþægilegt. En það dugir náttúrlega ekki að taka tillit til slíkra persónulegra óþæginda af ráðherrum, að þeim kæmi e. t. v. eitthvað illa, að málið væri rætt á þeim tíma, sem beri að ræða það í Alþ. Ráðherra má ekki setja slíkt fyrir sig. Hans skylda er að sjá um að leggja málið fyrir Alþ. og það sérstaklega fyrir þann tíma, er málið missir sitt raunverulega gildi, þ. e. gefa Alþ. tækifæri til að ræða slík mál, á meðan brbl. hafa raunverulegt gildi.

En fyrir utan öll þessi atriði er eitt mál, sem ég vil alveg sérstaklega vekja athygli hæstv. ríkisstj. á, sem ég álít bókstaflega að sé stórhættulegt, sé beinlínis glæfralegt, að ekki sé tekið fyrir nú þegar á Alþ. og ríkisstj. gefi yfirlýsingu um, og það er sökum þess, að hæstv. forsrh., — mér þykir leitt, að hann skuli ekki vera við, — hefur talað þau orð á fyrrnefndum Varðarfundi, að það mundi vanta um 250 millj. kr. í kassann næsta ár. Þá hefur og að öllum líkindum, er ég hræddur um, út frá skrifstofum þeirra sérfræðinga, sem ríkisstj. hefur í sinni þjónustu, borizt út sú hviksaga hér í bænum, að það sé í vændum, að ríkisstj. leggi til að lækka gengið á íslenzkri krónu. Og ég vil taka það fram, að ég álít brýna nauðsyn, að ríkisstj. og Alþ. taki nú þegar þetta mál fyrir og það séu gefnar yfirlýsingar um, að slíkt sé ekki fyrirhugað.

Ég veit, að öllum hv. þm. er það ljóst, að í hvaða nágrannalandi okkar, þar sem einhver slík hviksaga kæmi á gang, að gengislækkun væri fyrirhuguð, þá mundi hver einasti fjmrh. eða ráðherra bankamála eða einhver af helztu mönnum ríkisstj. lýsa því yfir, jafnvel hvort sem slíkt væri satt eða ekki, að slíkt væri fyrirhugað, — hann mundi lýsa því yfir, að það hefði ekki við nein rök að styðjast. Ef það færi að kvisast út í Englandi, að það væri meiningin að fella pundið, þá veit hver einasti ykkar, hvað einn enskur fjármálaráðherra mundi segja. Hann mundi samstundis gefa yfirlýsingu um það, að slíkt væri alls ekki fyrirhugað, og það jafnvel kannske þótt það kæmi seinna meir á daginn, að eftir nokkra mánuði gerðu þeir e. t. v. eitthvað slíkt, bara vegna þess, að kæmust slíkar hviksögur á gang, mundi vera álitið, að svona hlutir hefðu sloppið út fyrir óvarkárni einhverra embættismanna. Og það dygði ekki að baka þjóðlífinu svo og svo mikil vandræði út af því, að einhverjir embættismenn, einhverjir sérfræðingar hefðu verið óvarkárir og ekki haft gát á tungu sinni.

Hins vegar hefur það því miður borið við hér á Íslandi allt of oft, að það hefur verið sýnd gífurleg óvarkárni í svona málum. Ég býst við, að Englendingum mundi þykja það undarlegt, ef forstjóri Englandsbanka færi að tala um það allt í einu, að það væri nú alveg þrýn þörf á því að fella pundið. Og ég er hræddur um, að ríkisstjórnin gripi í taumana, ef slíkt væri gert, ef slíkur maður færi að tala þannig. Hér aftur á móti hefur það gerzt hvað eftir annað, að meira að segja bankastjórar í Seðlabankanum hafa látið sér eitthvað slíkt um munn fara og ríkisstj. ekki gætt þess að gera aths. við, að slíkar skoðanir kæmu upp hjá mönnum. Það er eitt af því skaðlegasta, sem hægt er að gera gagnvart einni þjóð, að láta slíkar slúðursögur um gengi hennar krónu komast á gang, án þess að þeim sé mótmælt.

Þegar þess vegna einn hæstv. forsrh. segir, að það vanti 250 millj. kr., og segir það úti í bæ og gefur Alþ. enga skýrslu og bætir því svo við, að það sé líklegast flest annað betra en að fara að leggja þetta í álögum á þjóðina, m. ö. o. gefur í skyn, að ríkisstj. hafi jafnvel dottið í hug að fara að fella gengi krónunnar, þá er hætta á ferðum, þá er verið að leika glæfraleik, svo framarlega sem ekki er tekið í taumana. Þegar það svo jafnvel fer að spyrjast út frá einum helzta sérfræðingi ríkisstj. í þessum málum, að það sé t. d. meiningin að setja dollarann upp í 38 kr., hvað haldið þið, að menn fari þá að hugsa í landinu og annars staðar? Og enginn segir neitt. Ríkisstj. segir ekki neitt og ætlar svo kannske bara að senda Alþ. heim án þess að gefa yfirlýsingu um og þverneita, að svona slúðursögur hafi við nokkuð að styðjast.

Ég er hræddur um, að þegar menn athuga, hvað er að gerast í þessum efnum, sjái menn, hvílíkt óráð það væri að ætla nú að fara að gefa undir fótinn öllum svona slúðursögum með því að senda Alþ. heim, og jafnvel að ríkisstj. láti í það skína, að hún ætli að fara að gera ýmsa hluti með brbl. Ég vil vekja athygli manna á því, að þegar svona slúður-

sögur komast á gang, ef stjórnarvöld landsins passa ekki upp á að leiðrétta þetta í tíma og afneita þeim, þá hefur þetta glæfralegar afleiðingar. Það hefur m. a. þær afleiðingar, að það er farið að taka út sparifé, þjóðin missir traust á sínum gjaldeyri og fólk missir traust á þeim peningum, sem það á í bönkunum. Ég vil vekja athygli á því, að þegar þannig stendur á í þjóðfélaginu, þá á ríkisstj. skýrt og skorinort að taka af öll tvímæli og lýsa því yfir, að henni hafi aldrei komið til hugar nein gengislækkun og fólk geti verið alveg rólegt með sitt sparifé í bönkunum. Ef ríkisstj. gerir ekki slíkt, er hún bókstaflega að ýta undir svona slúðursögur, sem grafa undan öryggi þjóðfélagsins. Og ef ríkisstj. dytti svo í hug, þegar verið væri að ræða svona hluti hjá almenningi, að fara að senda þing heim, hvað er hún þá að gera? Hún er að ýta undir trú manna, ef hún kynni að skapast, að það ætti að grípa til svona vitleysisráða. Ég skal ekki þar með segja, að það kunni ekki að vera til misvitrir sérfræðingar, sem dytti í hug að gefa ríkisstj. svona vitlaus ráð, ég skal ekki neita því, að það kunni að vera til. En ég er enn þá ekki farinn að sjá framan í þá ríkisstj. á Íslandi, sem er svo vitlaus að fara að slíkum ráðum. Og ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á það, að ef það kynnu að vera einhverjar vomur á hæstv. ríkisstj., ef henni hefðu verið gefin svona slæm ráð, um, hvort hún ætti e. t. v. að fara að þeim, þá væri henni bezt að ræða slíkt nokkuð ýtarlega við Alþ. áður.

Það er engum efa bundið, að það er hægt að gefa ríkisstj. góð ráð í þessum efnum, og til þess eru þingmenn kjörnir. Það hefur aldrei verið kosinn á þing neinn sérfræðingur til þess að gefa ráð í þessum málum. Ég býst við, að þeir fengju satt að segja lítið fylgi, ef þeir færu að sýna sig, þeir sem hingað til hafa aðallega verið að tala fyrir gengislækkuninni.

Ég held þess vegna fyrir utan allt annað, að með tilliti til þeirra slúðursagna, sem munu upprunnar frá vissum sérfræðingum ríkisstj., beri henni nú þegar að athuga sinn gang til þess að koma í veg fyrir slæmar afleiðingar í þjóðfélaginu og hætta þeim glæfraleik að ætla að fara að senda Alþingi heim.

Hæstv. dómsmrh. kom hins vegar í sinni ræðu að einu atriði, sem getur náttúrlega vel verið að sé undirrót að þessu undarlega tiltæki, að ríkisstj. leggur til að ætla að fara að senda Alþ. heim viku eftir að það kemur saman. Hann sagði, að hæstv. ríkisstj. þyrfti nú að fá tíma til að hugsa og koma sér saman. Já, það var náttúrlega ósköp leitt, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki hafa hugsað, áður en hún settist í stólana. Það er góður siður að gera það. Það er rétt fyrir menn, áður en þeir takast á hendur að ráða fram úr ákveðnum vandamálum, að vita, hvernig þeir ætla að fara að því, og ef hæstv. ríkisstj. er ekki búin að hugsa um þetta, þá held ég væri miklu nær fyrir hana að segja nú af sér og segja, að henni hafi því miður láðst, áður en hún settist í stólana, að hugsa um vandamálin, sem hún ætti að leysa, þegar hún væri setzt í þá, og láta Alþ. um það að ákveða, hvort ríkisstj. heldur áfram. Það er satt að segja viðkunnanlegra fyrir Alþingi, ekki sízt nýkjörið, að fá að vita það, þegar ein ríkisstj. sezt á laggirnar, hvaða aðferð hún ætlar að hafa til að leysa höfuðvandamálin. Og þegar menn nú þar að auki eru nýkomnir út úr kosningum, eru búnir að leggja öll vandamálin niður fyrir sér, eru búnir að marka sína stefnu skýrt og skorinort í kosningunum, hvað er þá til fyrirstöðu annað en leggja þessa stefnu fyrir þingið? Eða eru kosningaloforð og kosningastefnan eitt og stjórnarstefnan allt annað — og það þótt svona stutt sé liðið á milli? Það hefur þekkzt náttúrlega áður, að menn hafi afsakað sig á ýmsan hátt, þegar liðin hafa verið tvö ár frá kosningum, og menn hafi sagt, að ástandið sé nú orðið breytt frá því, sem var í kosningunum, og þess vegna sé eðlilegt, að menn þurfi að athuga sinn gang betur. En þegar menn eru eins og þessir tveir flokkar, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, búnir að vera samábyrgir um ríkisstj. í heilt ár, búnir að koma sér saman um á hvern hátt eigi að leysa málin, jafnvel standa að tillögum um það fyrir kosningar, eins og kaupránslögunum, þá ætti sannarlega ekki að standa á slíkum stjórnarflokkum að vera búnir að hugsa sín mál og ekki þurfa að byrja með því að brjóta allar þingvenjur og ætla sér beinlínis að brjóta allt þingræði á bak aftur, aðeins til þess að ríkisstj. fái tækifæri til þess að hugsa. Og ég hef nú satt að segja ekki trú á, að hæstv. ráðherrar hafi ekki verið búnir að hugsa þessi mál áður. Ég er hræddur um, eftir því sem ég þekki þá, að þeir muni hugsa svo mikið um landsins gagn og nauðsynjar, að þeir séu alveg búnir að leggja þetta allt saman niður fyrir sér.

En ég er hræddur um, að það sé annað, sem skauzt upp úr hæstv. dómsmrh. Hann sagði: Ef ríkisstj. kemur sér saman. — Það er líklega það. Ríkisstj. er líklega ekki búin að koma sér saman. Það gæti m. ö. o. verið, að það væri eftir að semja í ríkisstj. um stjórnarstefnuna í þessum málum og að það, sem hæstv. ríkisstj. væri raunverulega að fara fram á með því að ætla að brjóta allar venjur þingræðis á bak aftur og breyta út af því, sem viðgengizt hefur í Alþingi Íslendinga um áratugi, það væri vegna þess, að ríkisstj. kæmi sér ekki sjálf saman. M. ö. o.: ef þingmenn sætu hér áfram núna, við skulum segja til miðs desember, og kæmu hér fram með öll sín frv., allt, sem þeir hafa áhuga á að gera fyrir almenning í landinu og fyrir sína kjósendur, sem svo nýverið eru búnir að kjósa þá, þá virðist vera sá ótti uppi hjá ríkisstj., að þá færu e. t. v. að riðlast fylkingarnar í stjórnarflokkunum, m. ö. o. að sumir þeir, sem fylgja

núv. hæstv. ríkisstj. af hennar þingmönnum, séu svo veikir á svellinu, að þeir mundu, ef þeir stæðu undir þeim þrýstingi, sem það er, að Alþingi heldur fundi daglega, að það fara fram útvarpsumræður t. d., enn fremur að allmikið af háttv. kjósendum, eins og það hét fyrir skömmu, koma kannske á pallana og fara að hlusta á þingmenn, þá virðast hæstv. ráðherrar hræddir um, að það færi að verða einhver bilbugur á þingmönnum stjórnarflokkanna. Ráðið sé þess vegna að múlbinda Alþingi, senda þm. heim, svo að þeir geti ekki talað, sjá um, að það séu engir fundir í Alþ., sjá um, að það berist ekki utan af landi neinar samþykktir frá kjósendunum, sem nýlega var verið að skírskota til, þannig að hv. þm. stjórnarflokkanna fái að vera í friði fyrir sínum kjósendum, þeir væru losaðir við þann þrýsting, sem almenningsálitið er, þeim væri haldið utan þingsalanna, en kannske því fastar í þingflokksherbergjunum og þar gengið á milli, þangað til búið væri að temja þá, sem væru máske dálitið óþekkir til að byrja með. Er það þetta, sem er orsökin til þess, að hæstv. ríkisstj. vill fara að senda Alþ. heim? Hæstv. ríkisstj. er ekki viss um, að hún komi sér saman, ef þingið er að störfum, ef þingmenn stjórnarflokkanna verða fyrir þeim áhrifum, sem almennt eru allsterk hjá mönnum, meðan þing situr.

Er það þessi þrýstingur, sem hæstv. ríkisstj. vill losna við? Það hefur komið fyrir áður, að slíkar aðferðir hafa verið viðhafðar, að það hefur ekki verið kvatt saman þing eða haldið áfram þingi, þegar átt hefur að gera það samkv. stjskr., og þá hefur það venjulega verið vegna þess, að þá hafa verið einhver óþurftarmál, sem þurfti endilega að koma í gegn.

Ég verð nú að segja það, að ég varð dálítið hissa, þegar hæstv. dómsmrh. utan dagskrár á Alþ. sér ástæðu til þess að gefa yfirlýsingu, að það sé hætta á, að ríkisstj. komi sér ekki saman, svo framarlega sem Alþ. verði ekki sent heim. Þetta er yfirlýsing, sem er vissulega til þess fallin, að hv. alþm. brjóti heilann um hana. Ég verð að segja það, mér datt alls ekki í hug, að ríkisstj. væri svona tæp. Það er bara vika síðan hún var mynduð, bara ein einasta vika, og að hún væri komin að falli strax, mér datt það ekki í hug, fyrr en ég heyrði það hjá hæstv. dómsmrh., að hann sá ástæðu til þess að fara að gefa yfirlýsingu um þetta hér utan dagskrár á Alþingi, sem eðlilega verður ástæða til þess, að þingmenn fara að spyrja sig um allmargt og vilja grennslast eftir, hvort svo sé um þessa sterku og ágætu ríkisstj., sem nú hefur verið sett á laggirnar með þessa líka fögru yfirlýsingu og fleiri ráðherra en nokkurn tíma áður hefur tíðkazt, til þess að hægt sé að leysa vandamálin fljótt og vel. Það er ekki undarlegt eftir slíka yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. sér ástæðu til að fara að gefa hér utan dagskrár, að þingmenn fari að hugsa sinn gang og spyrja sig: Eigum við það virkilega á hættu, að stjórnin springi nú á næstunni? — Ég held, að það sé þá bezt, að Alþ. sé við. Ég held, að það væri ekki rétt fallega að farið, ef Alþ. væri bara látið fara heim núna og ríkisstj. svo að segja alveg að springa. Ég vonast þess vegna til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái, að þegar hún fer að skýra okkur frá svona viðkvæmum fjölskylduvandamálum stjórnarflokkanna, að það sé engan veginn víst, að stjórnarflokkarnir komi sér saman, þá vex eðlilega áhuginn hjá þingmönnum fyrir því að vera til taks, svo framarlega sem stjórnin skyldi nú allt í einu detta í sundur, því að ekki er gott, að landið sé lengi stjórnlaust.

Ég held þess vegna, að eftir þær upplýsingar, sem hæstv. dómsmrh. hefur gefið nú utan dagskrár á Alþ., sé alveg sérstök ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. endurskoði þessa till. sína um að fara að láta þingið fara heim svona óvenjulega snemma.

Það er engum efa bundið, að það er brýn nauðsyn á því, að bæði hæstv. ríkisstj. sé að verki hér á Alþ. með yfirlýsingum, sem komi í veg fyrir öngþveiti í okkar efnahagsmálum, og að Alþ. sé að verki til þess að tjá henni sín úrræði og sínar till. í ýmsum þjóðmálum og kannske ekki sízt efnahagsmálunum, og enn fremur, ef hæstv. ríkisstj. er orðin svona lasburða strax, að Alþ. sé viðlátið, ef það skyldi sýna sig, að stjórnarkreppa væri á næstu grösum.

Það hefur borið á góma í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram utan dagskrár, hvort það mundi ætlun hæstv. ríkisstj., ef hún fengi nokkurt þinghlé nú fyrr eða síðar, að gefa út brbl. Það er að vísu til sú túlkun á svona þingfrestunum með þál., að leyfilegt sé að gefa út brbl. Þó mun það hafa komið fyrir, að ríkisstjórnir hafa gefið yfirlýsingar, þegar þær hafa fengið slíka frestun samþykkta, að ekki yrðu gefin út á meðan brbl. Og það er engum efa bundið, að með tilliti til þeirra óvenjulegu hátta, sem lagt er til að hafa, og þeirra yfirlýsinga, sem hæstv. ráðherrar gefa nú utan dagskrár, og þeirra slúðursagna, sem ganga í höfuðstaðnum, þá er alveg sérstök ástæða til þess, að hæstv. ráðherrar gæfu yfirlýsingar um, að það væri ekki þeirra meining að fara að gefa út brbl. í þessu þinghléi.

Ég vil vekja athygli á því, að ef svona óvenjulegir hættir væru viðhafðir, að fara að fresta þingi svona snemma, og það eftir að svona hættulegar slúðursögur fara að ganga og það eftir að það fer að kvisast, að ríkisstj. sé jafnvel sjálfri sér sundurþykk, þá er ákaflega eðlilegt, að það kæmi upp sá ótti hjá mönnum, að það yrði jafnvel farið að reyna að leysa viss fjölskylduvandamál ríkisstj. með einhverjum bráðabirgðalögum. Hvort það verður landbúnaðarvöruverðið, jafnvel gengislækkun eða eitthvað annað slíkt, þá fyrst sæju menn, hvert komið væri málefnum þjóðarinnar, ef þannig væri komið. Ég held þess vegna, að það sé alveg brýn nauðsyn út frá þeim

yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. hafa gefið hér utan dagskrár, að það séu tekin af öll tvímæli um það, að hæstv. ríkisstj. hyggi ekki á neitt slíkt.

Svo vil ég minna á það, að ég bar hér fram fsp. utan dagskrár áðan til núverandi hæstv. sjútvmrh. út frá bréfi, sem hann skrifaði tveim þingflokkum í haust, þar sem hann lýsti því yfir, að það yrði einmitt hægt að ræða hér á Alþingi svo að segja eins fljótlega brbl. um landbúnaðarvöruverðið eins og þótt aukaþing hefði verið kallað saman í september. Og ég bað einmitt hæstv. núverandi sjútvmrh. um að gefa hér sína yfirlýsingu um það, að þm. mættu treysta því, að þetta tækifæri fengju þeir. Og ég vil vekja athygli á, hvaða hætta er ella á ferðum, — sú hætta, að ein ríkisstj. getur farið að hafa þær aðferðir, þau vinnubrögð að gefa út brbl., meðan þing situr ekki, þegar þing svo er komið saman að láta fresta þingi, þegar kæmi að því, að slík brbl. ættu að fara að ræðast og taka ákvörðun um þau, og gefa máske út einhver brbl. í slíku þinghléi til þess að reyna að losa sig út úr einhverri klípu. Nú er það vitanlegt, að einmitt um þessi mál, brbl., voru Alþfl., sem var stjórnarflokkurinn, sá sem fór með ríkisstj. í sumar, og Sjálfstfl. á öndverðum meið. Er það máske svo, að þessir tveir flokkar séu enn þá á öndverðum meið í þessu máli og þegar ríkisstj. var mynduð á dögunum eða réttara sagt fyrir rúmri viku hafi engin stefna verið mörkuð í þessu, það hafi sem sé bara verið samið upp á stólana, en alls ekki málefnin? Er það kannske þetta, sem hæstv. dómsmrh. átti við áðan í yfirlýsingu, sem hann gaf um, að það mundi náttúrlega einhvern tíma koma að því, að eitthvað yrði lagt fyrir Alþingi, þó að því yrði frestað nú, ef stjórnin kæmi sér saman? Var það kannske þetta, sem hæstv. dómsmrh. átti við, að meira að segja þetta mál, sem var ágreiningsmál í sumar hjá þessum tveimur stjórnarflokkum, það hafi alls ekki verið orðið sameiginlegt mál hjá þeim, þegar þeir mynduðu ríkisstj., þeir hafi alls ekki verið búnir að semja um þetta, þeir hafi bara verið búnir að semja um stólana, en ekki um stefnuna. Sé svo, að þetta sé einmitt eitt af þeim málum, sem hæstv. dómsmrh. taldi að væri ekki alveg öldungis víst að hæstv. ríkisstj. kæmi sér saman um, þá fer náttúrlega að verða skiljanlegt það ofurkapp, sem hæstv. ríkisstj. leggur á að fresta nú Alþingi og fara máske að leysa þetta aftur með nýjum brbl. Og á þá máske starf Alþingis að verða þannig, að því yrði kannske frestað nú og svo komi það saman í janúarlok, þá sé búið að berja menn til hlýðni í stjórnarflokkunum, þá sem séu svo óþekkir núna, að hæstv. dómsmrh. sé hræddur um, að stjórnin kunni að springa á því, og þeir verði orðnir góðu börnin, þegar Alþ. kæmi saman aftur, og þá yrðu höfð heldur hröð handtök á, eins og virtist hafa átt að hafa núna, koma málunum í snarheitum í gegnum þingið og máske fresta svo aftur í eina tvo mánuði, þangað til fjárlögin væru máske til og eitthvað búið að athuga þau? Eiga það kannske að fara að verða vinnubrögðin á Alþingi Íslendinga? Ég er hræddur um, að það verði strax í upphafi að láta vita það, að svona vinnubrögð koma ekki til með að ganga.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hæstv. ráðh. gefi okkur nú þá yfirlýsingu, að þeir sjái það með tilliti til þeirra starfa, sem þm. hér eru kosnir til að inna af hendi, með tilliti til þess hættulega ástands, sem mundi skapast í þjóðfélaginu, ekki síst í efnahagsmálunum, ef þingi væri frestað nú, ekki síst eftir allar þær slúðursögur, sem sérfræðingar ríkisstj. láta berast út frá sér, þá sé ástæða til þess, að þeir falli algerlega frá því að fara að halda áfram þeim tilraunum sínum, sem hafðar hafa verið í frammi til þess að senda Alþingi heim, gefi hér yfirlýsingar um það, að ríkisstj. hyggi ekki á neina gengislækkun, að almenningur megi treysta því, að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að tryggja gjaldeyri landsmanna og vinni að því að efla traust manna á bönkunum. Ég held, að það sé alveg brýn nauðsyn, að hæstv. ríkisstj. gefi slíkar yfirlýsingar nú, ella væri hún að gefa undir fótinn þeim glæfralegu og hættulegu slúðursögum, sem farnar eru að ganga í höfuðstaðnum og þegar eru farnar að hafa hættuleg áhrif.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. forseti sagði hér áðan, að vara ræðumenn við að fara hér inn á almennar umræður, þá vil ég geta um það í upphafi máls míns, að þegar hæstv. landbrh. svaraði hér fsp., sem var beint til hans af hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), þá fór hann, hæstv. ráðh., út í almenn mál án þess að svara þessari fsp. Ég held, að ég muni því álíta, að mér verði það til verndar að vitna til þess, að það, sem „höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það".

Í sambandi við það, sem þessi hæstv. ráðh. sagði hér áðan, þá er það sem fyrr, að honum er ekki ljóst enn þá, hve mikils virði vinstri stjórnin var landbúnaðinum á Íslandi. Honum virðist ekki vera ljóst, að á tímabili vinstri stjórnarinnar voru meiri framfarir í landbúnaði en nokkru sinni fyrr. Það var betur gengið frá verðlagsmálum landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Það var betur séð um lánsútveganir landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Þetta vona ég, að hæstv. landbrh. fari að gera sér ljóst, og er illa farið, ef maður, sem skipar slíkt embætti sem embætti landbrh. er, gerir sér ekki grein fyrir þessu. Er ég hræddur um, að ef hann álítur, að þetta hafi ekki átt sér stað í landbúnaðinum einmitt á þessu tímabili, þá muni það verða til þess, að verk hans í þágu landbúnaðarins verði ekki svo góð sem skyldi, því að hann hlýtur að misskilja fleira en þetta. En ég vona, að hæstv. ráðh. átti sig á þessu.

Hæstv. ráðh. taldi, að það væri óeðlileg þessi óþolinmæði okkar framsóknarmanna yfir

því, að ekki skyldu nú verða efndir á loforðum þeirra sjálfstæðismanna um að bæta bændastéttinni upp það, sem á vantaði í sambandi við verðlagsmálin í haust. Hann skildi ekki í þessu og hélt, að menn mundu þó yfirleitt treysta Sjálfstfl. En má ég minna þennan hæstv. ráðh. á það, að þegar fram fóru hér umræðurnar á þingi s. l. vetur um niðurfærslulögin, þá var því líka lýst yfir af hendi þeirra sjálfstæðismanna, að bændur fengju fullar uppbætur einmitt eins og lög stæðu til, að það væri 1. sept. í haust, þeir sjálfstæðismenn mundu og sjá um það? En hvað hefur skeð? Það, sem gerðist 1. sept., var ekki það, að við þessa yfirlýsingu væri staðið, heldur hitt, að það voru gefin út brbl. til þess að skerða hlut bænda meira en áður var orðið. Það er ekki að undra, þó að hæstv. ráðh. sé hissa á því, að menn séu óþolinmóðir yfir drættinum, sem í þessu máli er. En þá eru bara gefnar út nýjar yfirlýsingar. Þær yfirlýsingar voru á þá leið, að þeir sjálfstæðismenn mundu að sjálfsögðu sjá um, að úr þessu yrði bætt, þegar Alþingi kæmi saman.

Nú var það vitanlegt, og því var margyfirlýst á öllum þeim framboðsfundum, sem ég tók þátt í, að þeir sjálfstæðismenn hefðu getað ráðið þessu máli á s. l. hausti, ef þeir hefðu sjálfir óskað. Þeir hefðu hins vegar skipt sér á víxl með og móti málinu, eftir því sem hentaði þeim. Þeir hefðu ekki kosið þá að leysa málið í þágu bændastéttarinnar, eins og þeir hefðu áður yfir lýst, og þess vegna bæru þeir ábyrgð á því, eins og Alþfl. En þeir gáfu bara út nýjar yfirlýsingar. Og hverjar voru þær yfirlýsingar? Það voru þær, að málið skyldi verða leyst, þegar Alþingi kæmi saman. Það var aðeins eitt óljóst í þessu, og það var það, að Framsfl. gæti brugðizt, — ef framsóknarmenn standa við sitt, þá er hér ekkert í hættu. Nú er yfir lýst og skal vera yfir lýst af mér, að ég skal standa við það, sem ég hef sagt í þeim málum. Þeir framsóknarmenn aðrir, sem hér hafa talað, hafa gert slíkt hið sama. Því á ekki að leysa þetta mál nú þegar? Eftir hverju er að bíða? Á að bíða eftir því, að lögin falli úr gildi vegna þess tímatakmarks, sem þeim er sett? Og ef það er meining hæstv. ríkisstj. að senda Alþingi heim núna, án þess að þetta mál verði leyst, þá er það líka meining hennar að láta þessi lög ganga úr gildi vegna tímatakmarksins. Og þá leyfist mér að spyrja: Hvað tekur þá við á tímabilinu 15. des. til 28. jan.? Hvað á þá að gerast, ef ekki á að afgreiða þetta mál, áður en Alþingi verður frestað?

Það hafa ýmsir menn látið sér koma til hugar, að ástæðan til þess, að nú eigi að fara að fresta þingi svo fljótlega og alveg að nauðsynjalausu og náttúrlega fjarlægt öllum þingræðisvenjum, sem ég mun síðar víkja að, sé einmitt sú, að það eigi að reyna að losna við að leysa þennan hnút. Mér þætti gaman að heyra, og ég óska eftir því, að hæstv. ráðh. segi sína skoðun um það, hvort þarna er samhengi á milli og hvort það er ekki hans meining, að frá þessu máli verði gengið, áður en þingi verður frestað. Það er alveg óhugsandi og fjarri öllu lagi, ef Alþingi á að fara heim að þessu sinni, án þess að þetta mál verði leyst. Og ég verð að segja, að það er ekki að ástæðulausu, þó að bændastéttin í landinu og aðrir landsmenn fari að virða yfirlýsingar Sjálfstfl. lítils, ef þannig á að fara að.

Annars var það, sem hefur fram komið hér í þessum umræðum og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að það væri nauðsyn á því, að hæstv. ríkisstj. fengi vinnufrið til þess að koma sér saman um stefnuna og hvað gera skyldi, og sá vinnufriður fengist ekki, nema Alþingi væri sent heim. Ég man ekki betur en ég hafi heyrt talað um það nú að undanförnu, bæði fyrir og eftir kosningar, að stefnuskrá þeirra Alþfl.- og Sjálfstfl.-manna væri svo lík, að það væri auðvelt fyrir þá að koma sér saman um málefni, þess vegna ættu þeir tveir flokkar að vinna saman, því að þeir hefðu sameiginlega eða svo til sameiginlega stefnuskrá og ættu auðvelt með að leysa þau verkefni, sem fyrir hendi væru. Ég held líka, að því hafi verið margyfirlýst nú, einmitt meðan stjórnin var í burðarliðnum, að það væri ætlazt til þess af kjósendunum í landinu, að þessir tveir flokkar ynnu saman, og öll rök hnígju að því. Það er því óeðlilegt, ef þessir tveir flokkar með svo líka stefnuskrá, flokkar, sem eiga svo margt sameiginlegt, sem er beint áframhald af eðlilegri þróun, svo að þeirra orð séu notuð, eiga svo í erfiðleikum með að koma sér saman um málefni.

Þá hefði ég haldið líka, að vandinn, sem við væri að taka nú, væri ekki svo mikill, að það þyrfti að tefja stjórnina svo mjög. Ég minnist þess, að þegar Sjálfstfl. hafði í des. 1958 haft efnahagsmálin til meðferðar og látið sína sérfræðinga um þau fjalla, þá lýsti hann því yfir í Morgunblaðinu 19. des., hvað gera skyldi. Þeir höfðu þá minni tíma en hann tók frá því á kosningum og fram til þingsetningar til þess að athuga þau mál. En þrátt fyrir það höfðu þeir gert sér grein fyrir því, hvað hægt væri að gera og hvað þyrfti að gera, til þess að málefni þjóðarinnar væru í góðu lagi. En það, sem þurfti að gera þá að þeirra dómi, var að lækka kaupgjaldið í landinu um 6%. Ef það væri gert, þá væru aðrar ráðstafanir óþarfar. Þetta var dómur sjálfstæðismanna í yfirlýsingunni frá 19. des. s. l. Þeir fengu hins vegar ekki samstöðu um að hafa forustu um myndun ríkisstj., en stóðu síðar að því að mynda ríkisstjórn. Það, sem hefur verið gert síðan, er svo m. a., að kaupgjaldið í landinu var lækkað með niðurfærslulögunum hér um bil um þessa upphæð.

Því hefur verið haldið fram af þeim, sem með stjórn landsins hafa farið á þessu tímabili, að þetta tímabil frá því í desember í fyrra hafi ekki orðið til þess að skapa ný vandkvæði í efnahagsmálum landsins, nema síður sé.

Eins og fram hefur verið tekið hér, höfðu sjálfstæðismenn forustuna um fjárlagaaf-

greiðslu í fjvn. á s. l. þingi og hér á hv. Alþingi á síðasta reglulegu Alþingi. Það þarf því enginn að láta sér detta það í hug, að þeir stjórnarflokkar, sem að núverandi ríkisstjórn standa, séu ókunnugir málum. Það eru ekki frambærileg rök, þegar því er haldið fram, að þess vegna þurfi þessi hæstv. ríkisstj. meiri frið en aðrar ríkisstj. til þess að leysa sín verkefni.

Ég vil líka minna á það, að því var haldið fram í kosningabaráttunni, að dýrtíðin í landinu væri stöðvuð og sú ríkisstj., sem við tæki af ríkisstj. Alþfl., mundi verða þakklát þeirri stjórn, Alþfl.-stjórninni, fyrir að hafa stöðvað dýrtíðina og skilað hreinu borði. Ég get því ekki skilið þær yfirlýsingar, sem hæstv. núverandi forsrh. gaf um 250 millj. á Varðarfundinum, við hvaða rök þær eigi að styðjast. Og ég fæ ekki heldur séð, að þau verkefni, sem nú er að fást við, séu þessari ríkisstj. erfiðari en öðrum ríkisstj., ekki sízt þegar á það má benda með rökum, að þessir tveir stjórnarflokkar hafa starfað að ríkisstjórninni í eitt ár og að þetta ár hefur að þeirra dómi verið notað til þess að leysa verkefnin það vel, að borðin eru nú hrein, þegar að þeim er komið. Ekki sízt er þetta fráleitt, þegar hugsað er til þeirrar yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. gaf 19. des. eftir viðskilnað vinstri stjórnarinnar, sem hann hefur þó ekki lofað um of. Það mun þó hafa komið á daginn, að þær fyrningar, sem vinstri stjórnin skildi eftir handa þeim, sem við tóku, reyndust meiri og betri en gert var ráð fyrir. Það skýtur því mjög skökku við, ef þetta á að vera ástæðan til þess, að nú þurfi að fresta þingi, áður en nokkur þau störf eru leyst af hendi, sem eðlilegt er að leysa af hendi í þingbyrjun.

Þá má líka á það benda, að það kom fram í blöðum stjórnarflokkanna, meðan þeir voru að semja, að það væri fjarri öllu lagi, að það væri verið að semja um ráðherrastóla eða verkaskiptingu ráðherranna, það væri verið að semja um stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og þau verkefni, sem hún ætlaði að taka sér fyrir hendur. Hins vegar er því nú haldið fram, að það allt sé ógert. Hér eru því nokkur atriði, sem koma okkur ókunnuglega fyrir, og sýnist mér, að það hafi ekki verið að ástæðulausu, þó að ég og aðrir frambjóðendur Framsfl. teldu, að minna væri að gert í stöðvun dýrtíðarinnar en ríkisstjórnarliðið vildi vera láta.

En í sambandi við það, sem raunverulega er verið að ræða hér, og það, sem boðað er, að þm. skuli fara heim án þess að hafa leyst hér nokkur verkefni, þá er því að vísu haldið fram, að þetta sé gert í sparnaðarskyni. Það fer vel á því, að þeir aðilar, sem stóðu fyrir því að fjölga hér verulega í þingsölunum, skuli nú telja það sitt höfuðverkefni að gera þinghaldið ódýrara. Það fer líka vel á því, að þeir aðilar, sem fjölga í ráðherrastólunum, skuli beita slíkum rökum. En það gæti líka komið til, þegar þannig væri á haldið, að það væri farið að meta þinghaldið í krónutölum fyrir þjóðina, að þá væru sterkustu rökin, að ódýrast væri fyrir þjóðina, að þing væri ekki haldið. Ég hygg líka, að þegar nánar sé að gáð, muni það reynast orð að sönnu, að þessi sparnaðartillaga sé ekki raunhæfari en margar aðrar sparnaðartillögur, sem fram hafa komið úr þessari átt. En það er annað, sem ég ætla að vekja athygli á í sambandi við þessa þingfrestun. Það er engin ástæða til þess, að þingi sé frestað nú, vegna þess að það eru til byrjunarverkefni fyrir þetta Alþingi eins og önnur. Og það hefur ekki á þeim tíma, sem ég hef kynnzt Alþingi, bæði sem þm. og áður fyrr, verið svo mikið um langa fundarsetu á fyrstu dögum þingsins, að það sé ástæða til þess að fresta þingi. En það er eðlilegt, að fjárlagafrv. fái t. d. þá afgreiðslu að komast til nefndar. Fjvn. þarf að vinna verkefni í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, sem eru ekki bundin við það að móta stefnuna um afgreiðsluna. Það eru ýmis undirbúningsverkefni, svo sem að ræða við forstjóra hinna ýmsu stofnana og annað því um líkt. Þessi verkefni má vinna nú alveg eins og síðar. Og þau verður að vinna síðar, ef þau eru ekki unnin nú. Þess vegna eru það ekki frambærileg rök fyrir því að senda Alþingi heim nú.

En það hafa gerzt á þessu ári nokkur atvik, sem eru eins og í samhengi og af sömu rót runnin og till. um að senda Alþingi nú heim. Það gerðist í tíð vinstri stjórnarinnar, að það var lagður skattur á stóreignir í sambandi við lausn á efnahagsmálum. Þeir aðilar, sem áttu að greiða þann skatt, undu því illa. Þetta mál fékk eðlilega afgreiðslu hér á Alþingi og var samþykkt sem lög, eins og venja er til. Það var leitað til hæstaréttar um það, hvort þessi skattur væri samkvæmt stjórnarskrá landsins eða eigi. Hæstiréttur staðfesti, að svo væri. En hvað gerðist? Þeir aðilar, sem áttu að greiða þennan skatt, létu sér þetta ekki nægja. Þeir fóru að leita til erlendra dómstóla til þess að fá þar hefnd, að fá íslenzkum lögum og dómum hnekkt. Hvað er hér á ferðinni? Það, sem hér er á ferðinni, er ekkert annað en það, að hagsmunahópar eru að verða til í okkar landi, sem telja ekki eðlilegt að hlíta lögum, sem Alþingi Íslendinga setur, og hlíta æðsta dómstóli þjóðarinnar. Þegar þannig er að farið, dreg ég í efa, að okkar íslenzka þjóð og okkar litla og veika þjóðfélag þoli marga slíka hagsmunahópa.

Það eru fleiri dæmi, sem eru þessu lík. Hvað gerðist í sambandi við brbl., sem sett voru um landbúnaðarverðið? Það var það, að það urðu átök á milli aðilanna, sem áttu að starfa að framkvæmd þessara laga. Annar aðilinn átti vel innangengt hjá ríkisstjórninni. Þessir aðilar leituðu til dómstólanna í landinu um það, hvort rétt hefði verið að farið eða ekki. Og dómstólarnir kváðu upp um það, hvor aðilinn hefði rétt fyrir sér. En þá gerðist það, að annar aðilinn gekk frá samningaborðinu og neitaði að starfa lengur. Það var sá aðili, sem ríkisstjórninni var velviljaður. Ég segi: Var

það eðlilegt af ríkisstjórn landsins að taka upp hanzkann með öðrum aðilanum og er það æskilegt fyrirkomulag í málefnum þjóðarinnar, ef annar aðilinn gengur frá dómi, þá skuli hinn, er fer að lögum, verða að sæta verri kostinum? En hvað gerði hæstv. ríkisstj. þáverandi? Hún notaði þetta mál sér til framdráttar á þann hátt að gefa út brbl. og reyndi að nota málið sér til framdráttar, án þess að eðlilegum landslögum væri hér hlítt. Ef þannig fer, að ef einhver aðili vill ekki hlíta landslögum, þá fái hann aukinn rétt, þá held ég, að réttarfar í þessu landi fari að verða mjög hæpið.

Og hvað gerist svo nú hjá hv. Alþingi? Á yfirstandandi ári var breytt stjórnarskrá landsins, til þess, að dómi þeirra, er fyrir því máli stóðu, að vilji þjóðarinnar kæmi greinilega fram, það væri vilji þjóðarinnar, sem væri sú rödd, sem heyrðist á Alþingi. En hvað er nú hugsað? Það er hugsað, að 33 menn af 60 þm. komi sér saman um að senda sjálfa sig og hina 27 heim. Að vísu mun meiri hl., stjórnarliðið, halda áfram að vinna að sínum málum á annan hátt en stjórnarandstæðingar geta unnið að þeim, vegna þess að þeir hafa ríkisstjórnarapparatið í sínum höndum. Það, sem hér á að gerast, er að gefa meiri hlutanum á Alþingi einum tækifæri til þess að fást við málefni þjóðarinnar, einmitt á þeim tíma, þegar til mestra átaka kemur í þeim.

Um undanfarin ár hefur það verið svo, að um hver áramót hefur orðið að gera hér sérstakar ráðstafanir í sambandi við útvegsmenn í landinu. Það sama kemur og til nú. En þessi mál á að leysa, meðan alþm. sitja heima. Það er hugmyndin, að þeir skuli vera fjarverandi og að Alþingi sé ekki kvatt til, meðan þessi mál séu ráðin.

Það hefur komið fram í þessum umr. og verið um það spurt, hvort hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að nota þingfrestunina til þess að gefa út brbl. á því tímabili og leysa málið á þann hátt. Það liggur ekkert fyrir um það frá hæstv. ríkisstj., að hún hugsi sér ekki að hafa þann hátt á.

Ef þannig er að farið, að ríkisstj. og þingmeirihluti sendir Alþingi heim til þess að geta á sama tíma stjórnað með brbl., þá er verið að gera lítið úr þingræðinu í landinu, og þá held ég, að þeir menn, sem þóttust vera að berjast fyrir því á þessu ári að gera Alþingi Íslendinga sem mest í samræmi við þjóðarviljann, hafi misskilið það og annað.

Nei, hér eru engir smáhlutir á ferðinni. Það er óskhyggja þeirra, sem ráða í þessu landi nú og hafa til þess bolmagn að losa sig við stjórnarandstöðuna, að gefa henni ekki kost á því að fylgjast með málefnum þjóðarinnar eins og stjórnarliðinu og losa sig við þá eðlilegu gagnrýni, sem henni er skylt að halda uppi. Það er einmitt þessi vinnufriður, sem hæstv. dómsmrh. var að tala hér um áðan. En ég hygg, að hann hefði ekki kosið þann vinnufrið, meðan hæstv. vinstri ríkisstj. sat hér að völdum, og hann var þá manna fúsastur til þess að gera ýmsar athugasemdir, ef á einhvern hátt var út af brugðið. Og mér er nú sem ég sjái hann þá, ef það hefði verið boðað til þingfundar á laugardegi í fyrstu viku þingsins. Ég skal segja ykkur, að það hefði þá verið komið hér fljótt upp í ræðustólinn í þann tíð.

Nei, hér eru engir smáhlutir á ferðinni, og ég held, að hæstv. ríkisstj. eigi að nota annað sér til framdráttar heldur en að reyna að slá um sig með því, að hún sé að spara þjóðinni eitthvert stórfé með þessari þingfrestun. Ríkisstj., sem þannig lítur á störf Alþingis, að það sé sparnaður fyrir þjóðina, að Alþingi starfi ekki, er á rangri leið.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess, að hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. mættu heyra mál mitt eða vera hér viðstaddir í deildinni. Ég ætlaði að beina máli sínu til þeirra örlitið. (**Forseti:** Ég vil benda ræðumanni á, að það er búið að koma boðum til beggja ráðh., og ég vil mælast til þess, að hann haldi máli sínu áfram.) Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann hafi þolinmæði við mig, þó að ég bíði, þangað til ráðh. koma, þar sem mér er kunnugt um, að þeir eru í húsinu — (**Forseti:** Það er búið að koma boðum til þeirra beggja.) eða geri þá fundarhlé, þangað til ráðherrar geta haft tíma til að vera á fundinum. (**Forseti:** Við skulum þá reyna örlítið á þolinmæðina og sjá, hvort þeir koma ekki.) — — —

Já, eins og ég sagði, ætlaði ég að beina fáeinum orðum til hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. Ég sé, að hæstv. ráðh. eru nú báðir komnir, og skal þá koma að þessu, sem ég vildi segja.

Það er fyrst varðandi hæstv. landbrh. Ég endurtók hér í dag með nokkrum orðum fyrri áskoranir mínar um það, að hæstv. landbrh. gerði ráðstafanir til þess, að brbl. um afurðaverð landbúnaðarins yrðu lögð fyrir nú strax, og þá með alveg sérstöku tilliti til, að þessar fyrirætlanir um þingfrestun eru komnar fram. Til viðbótar þeim rökum, sem ég færði fyrir því í gær, — ætla ég, að það hafi verið, — að nauðsynlegt væri að gera þetta, þá færði ég þau rök fram nú til viðbótar og reyndi að gera það eins greinilega og ég gat, að það færi að vekja meiri en litla tortryggni, ef hæstv. ríkisstj. dræegi það nokkuð, að þessi bráðabirgðalöggjöf yrði lögð fyrir, og einmitt, að slík tortryggni fengi byr undir báða vængi við þessar fyrirætlanir, sem látnar hafa verið í ljós um þingfrestunina sjálfa. Mönnum gæti jafnvel dottið í hug, að hæstv. ríkisstj. hefði komið til hugar annað eins og það að leggja brbl. alls ekki fyrir þingið, en senda það þess í stað heim. Og þar sem áríðandi væri að taka af skarið um þetta strax og kveða niður þennan orðróm, þá væri ekki seinna vænna að leggja einmitt þessi brbl. fram.

En hæstv. landbrh. hefur ekki svarað neinu þessari ítrekuðu fyrirspurn af minni hendi,

og vil ég mjög eindregið mælast til þess, að hæstv. ráðh. taki nú af allan vafa í þessu máli. Það mundi verða til góðs fyrir vinnubrögð þingsins og spara mikil óþægindi og fyrirhöfn, ef hæstv. ráðh. vildi taka af allan vafa um þetta efni nú strax og lýsa því yfir, að brbl. verði lögð fram nú. E. t. v. er það ekki hægt á þessum fundi, það skilur maður, því að hann getur varla staðið mjög lengi úr þessu, ef að líkum lætur, en t. d. á mánudaginn, og léti hann þá fylgja, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að haga þannig þinghaldinu, hvað sem liði nauðsyn hennar til þess að fá vinnufrið, að frumskilyrði þingræðisins væru uppfyllt að þessu leyti og á þinginu færi fram atkvæðagreiðsla og afgreiðsla á þessu máli, áður en það kæmi til greina, að það væri sent heim. — Ég vil enn þá einu sinni alveg sérstaklega, bæði í þágu Alþingis og þágu þess vinnufriðar, sem hæstv. ríkisstj. og aðrir vilja fá, beina því sterklega til hæstv. ráðh., að hann gefi alveg fortakslausa yfirlýsingu um þetta.

Þá vil ég koma að því, sem ég átti sérstaklega að erinda við hæstv. dómsmrh., eiginlega í forföllum hæstv. forsrh., sem sagt er að sé lasinn í dag og geti ekki verið við þessar umr. En það er, eins og hér hefur komið fram, mjög leitt, að hann skuli ekki geta verið við þessar umr. um þingstörfin, og hefði satt að segja vel verið hægt að bíða með að efna til þeirra, unz hann gat verið viðstaddur, því að vonandi verður hann ekki lengi lasinn. Hefði það þá e. t. v. getað orðið strax á mánudaginn, og er ekki hægt að sjá, að neinn skaði hefði orðið af, þó að dregið hefði verið að efna til þeirra umr., sem hér hafa orðið í dag, til mánudags, með það fyrir augum, að hæstv. forsrh. hefði þá getað verið sjálfur hér viðstaddur og rætt um þessi efni. Það hefði sannarlega verið viðkunnanlegra. En það, sem ég vildi segja við hæstv. dómsmrh. af þessu tilefni, var að rifja það upp, að í gær óskaði hæstv. forsrh. eftir viðtali við formenn tveggja stjórnarandstöðuflokkanna, og erindi hans var, sagði hann, að grennslast eftir því, hvort það væri rétt, sem hann hefði heyrt, að það væri megn óánægja hjá stjórnarandstæðingum út af þeirri þáltill., sem þá hafði nýlega verið útbýtt um frestun Alþingis. Honum var þá sagt af hendi þessara formanna, sem á fundinum mættu, — og það var enginn munur á afstöðu þeirra í því efni, — að það væri litið á það sem freklegt brot á öllum þingræðisvenjum og þingræðinu sjálfu, ef það kæmi til greina, að Alþingi yrði sent heim, fyrr en búið væri að ljúka ýmsum nauðsynlegum störfum, sem minnzt var á sum í þessu samtali. Var minnzt í því sambandi sérstaklega á brbl., á 1. umr. fjárl. og skýrslu um fjármálin í því sambandi, á svör við ýmsum fsp., sem fram hafa verið lagðar og nauðsynlegt er að fá svarað til þess að geta myndað sér skoðun um ýmsa þætti í þjóðarbúskapnum og varðandi einstök mál. Og á fleira var drepið, sem allt var þannig vaxið, að það var mjög auðvelt að sinna því og fá samt fullan vinnufrið fyrir hæstv. ríkisstj. og alveg eðlilegt jólahlé fyrir þingheim.

Hæstv. forsrh. hlustaði á þennan málflutning og kvaðst mundu íhuga það eða athuga með hæstv. ríkisstj., hvort þessi röksemdafærsla yrði tekin til greina og breytt yrði einhvað út frá því, sem menn höfðu hugsað sér og kom fram í þáltill. Og mér skildist, að hæstv. ráðh. ætlaði að hafa samband við okkur formenn þingflokkanna í andstöðuliðinu fyrir hádegi í dag, áður en þingfundur hæfist, og þá væri það gert upp, hvort þessu gæti ekki orðið breytt. En við okkur var ekkert samband haft um þetta meira, en það stafar kannske af lasleika hæstv. forsrh. Ég vil minna á, að í framhaldi af þessu, sem þarna hafði farið fram, þessum umr., hagaði ég máli mínu þannig hér í dag utan dagskrár um þetta efni, að ég fór í raun og veru fram á, að þetta yrði athugað áfram, þráðurinn yrði tekinn upp um þetta efni, þar sem hann féll niður í gær, annars vegar af hendi stjórnarinnar og hins vegar stjórnarandstöðunnar, hvort það væri ekki mögulegt að fá sparað mönnum deilur um þinghaldið og fyrirkomulag þess og hvort það væri ekki hægt að fá samkomulag um heppilegri vinnubrögð, sem allir aðilar gætu sætt sig við og væru þá byggð á því, að þær skýrslur kæmu fram hér, sem hægt er að gefa á hv. Alþingi og mestu varða, 1. umr. fjárl. færi fram, brbl. yrðu lögð fyrir og fengju þinglega meðferð, svarað fyrirspurnum og afstaða tekin til þeirra mála, sem menn kæmu sér saman um að þyrfti að afgreiða fyrir þinghléið, og að stjórnarandstaðan gerði þá fyrir sitt leyti samkomulag um að gefa stjórninni eins mikinn vinnufrið og unnt væri til þess að vinna utan þingsalanna, því að okkur í stjórnarandstöðunni er vel ljóst, að það þarf ýmislegt að vinna utan þingsalanna.

Ég sný ekki aftur með það, að ég teldi það langsamlega manndómslegast að snúa sér að því að reyna að koma upp svona vinnuáætlun, og það var það, sem við töluðum um í gær við hæstv. forsrh. Ég hef ekki enn þá fengið neitt svar við þessari uppástungu, sem ég gerði hér í ræðu minni í dag um það að viðhafa þessa málsmeðferð. Ég hef ekki fengið neitt svar við þeirri uppástungu t. d. af hendi hæstv. dómsmrh., sem mætir hér í dag í stað hæstv. forsrh., og það var þetta, sem ég sérstaklega vildi beina til hans, þessi uppástunga eða hvað menn vilja kalla það, að svona verði haldið á málinu.

Það var einnig annað, sem ég vildi gjarnan vekja athygli á og hæstv. dómsmrh. hefur ekki komið neitt inn á, en ég vék líka til hans í dag og snertir þetta mál ákaflega mikið allt saman, og það var, hvort hæstv. ráðh. vildi ekki gefa hér yfirlýsingu um, að brbl. um afurðaverðið yrðu lögð fram og afgreidd sem einn liður í þessu samkomulagi um vinnuaðferðir, sem ég var að stinga upp á, og hvort hann vildi ekki líka lýsa því yfir til þess að

eyða allri tortryggni, að það kæmi ekki til mála, að ríkisstj. gæfi út brbl. í því þinghléi, sem hún vill efna til.

Það hlýtur að vera eins með hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh., að honum hlýtur að vera það ljóst, að ef ekki koma fram skýrar yfirlýsingar um þetta, þá gætu menn álitið, að ætlunin væri sú að losa sig við þingið til þess að gefa út brbl. um deiluefni í þinginu og jafnvel koma því þannig fyrir, að ríkisstj. gæti ekki aðeins með því þvingað andstæðinga sína, heldur jafnvel þvingað stuðningsmenn sína, með því að senda þá heim og láta þá síðan standa frammi fyrir gerðum hlut, þegar þeir kæmu til baka, í trausti þess, að henni tækist þá að beygja þessa menn til þess að samþykkja það, sem búið væri að gera, vegna þess að það mætti ekki gera ríkisstj. það að breyta út frá því, sem hún hefði ákveðið, hennar virðing þyldi það ekki og menn yrðu að taka tillit til þess.

En þetta er einmitt ein af þeim hættum, sem yfir vofa, ef léttúð er sýnd og þinghaldi ekki hagað með eðlilegu móti. Þinghald á ekki að vera bara til þess, að stjórnarandstæðingar geti skammað stjórnina og flutt till. eða uppástungur. Það er ekki eini tilgangurinn með þinghaldi. Þinghald á líka að vera til þess að tryggja, að ríkisstj., hver sem hún er, ráðgist einnig við þá, sem hana styðja, og slíkt er óhugsandi að tryggja nema einmitt með fundarhöldum í þinginu og nærveru þingmanna.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast ofur lítið á þann mun á skilningi á þinghaldi, sem kemur oft fram í umr. um þinghald og vinnubrögð á Alþingi og kom fram nokkuð hjá hæstv. dómsmrh. einmitt hér í dag. Við höfum oft heyrt því haldið fram, stundum jafnvel af þingmönnum og mjög oft af öðru fólki, að þingið sitji aðgerðalaust. Hvað sé þingið að hanga, það er bezt fyrir þingið að fara heim, segja menn stundum. Það eru kannske stuttir þingfundir og ekki miklar samþykktir gerðar í málum, jafnvel vikum saman á Alþingi. Ég man t. d. eftir því, að þegar fyrrv. ríkisstj. starfaði, var þannig ástatt stundum, að það gerðist ekki mjög mikið á þingfundunum sjálfum vikum saman, og þannig hefur þetta ævinlega verið. Og þá var það, að hv. stjórnarandstæðingar, sem þá voru, sjálfstæðismenn, gagnrýndu þetta ákaflega sterklega og sögðu, að þetta þinghald væri til skammar og stjórnin hefði átt að hafa öll málefni sín undirbúin til þess að leggja þau fyrir þingið. En ég benti á það þá, og ég bendi á það enn, einmitt í sambandi við þennan skilning á þinghaldi, að hér er að mínu viti um misskilning og rangtúlkun að ræða. Til hvers situr þingið, þótt stundum gerist lítið á þingfundunum? Það situr til þess, að þingmenn geti unnið með ríkisstj. eða í hópum að því að skapa sér skoðanir um helztu vandamálin og móta þær úrlausnir, sem síðar koma fram í frv. og á annan hátt á þingfundum. Það er þetta, sem er að gerast á Alþingi, þegar svona stendur á. Þingið hangir ekki aðgerðalaust, þótt svona líti út á yfirborðinu. Og þetta vita engir betur en hv. þingmenn.

Það er einmitt þessi misskilningur í garð þingsins, sem gætir talsvert meðal almennings, að þegar svona stendur á, sé það vottur um það, hversu þingið sé aðgerðalaus og jafnvel lítilfjörleg stofnun. En við vitum, að þetta er ekki rétt, og við vitum, að einmitt þegar svona stendur á gerist oft það á Alþingi, sem mestu máli skiptir. Það gerist á Alþingi sjálfu. Það gerist með því, að í flokkunum og utan flokkanna eru þingmenn að rannsaka málin og komast að niðurstöðum, oft ásamt ríkisstjórninni, hvað skuli gera. Og ég segi: Það situr sízt á hv. alþm. og hæstv. ráðh. að vera að reyna að útbreiða þann hættulega misskilning, sem einmitt er talsvert almennur í landinu um störf þingsins og þýðingu þess, þegar svona stendur á. Það situr sízt á þeim að gera slíkt, að útbreiða það, sem þeir vita að er rangt, að þegar svona stendur á sé Alþingi áhrifalaust og aðgerðalaust. Þingmenn vita, að þessu er ekki þannig háttað.

En það virðist vera skilningur þeirra manna, sem þetta leggja fyrir sig, eins og t. d. hæstv. dómsmrh., að svona eigi ekki að hafa þinghald, heldur eigi þinghald að vera þannig, að þingmenn eigi að vera heima hjá sér, á meðan einhverjir aðrir eru að ákveða, hvað skuli gera í aðalmálunum, t. d. ríkisstjórnin með einhverjum ráðunautum hingað og þangað aðfengnum. Það séu þessir menn, sem raunverulega eigi að ákveða það, hvað skuli gert, og þeir skuli og eigi ekki að kalla í alþm. eða Alþ. fyrr en þeir hafi ákveðið, hvað skuli gert, hvað skuli samþ. Síðan á að leggja þykkju sína við, ef alþm., sem þá eru kvaddir að, bláókunnugir og án þess að hafa verið með í þróun málanna, kunni að finna að því, sem gera á. Þá á að dynja á þeim: Ætlar þú að fara að beita þér á móti stjfrv.? Ætlar þú að fara að eyðileggja það, sem ríkisstjórnin þín hefur gert, með því að vinna að því með andstæðingunum að breyta till. stj.? Nei, þú verður að sýna þegnskap þinn við ríkisstj., sem þú styður, og flokkinn þinn og samþykkja þetta óbreytt eins og það liggur fyrir.

Það er þessi aðstaða, sem verið er að koma þm. í með því að halda því að þeim, að þeir eigi að vera heima hjá sér, á meðan undirbúin eru aðalmálin. Þeir séu þar bezt geymdir. En þá fyrst eigi þeir að koma til þess að rétta upp puttana, þegar þeir, sem hafa verið settir í ríkisstjórn, eru búnir að ákveða með sínum mönnum, einhverjum allt öðrum mönnum, hvað skuli gert.

Og þessir menn eru að hefja hér upp í þinginu, ekki aðeins nú, heldur æ ofan í æ, saknaðaróð um, hvernig þetta hafi einhvern tíma verið, — þá hafi nú aldeilis verið höfð hröð handtökin, það hafi allt verið tilbúið, þegar þm. komu. Og þessir menn fárast yfir því, að það skuli nú á síðari árum hafa verið þannig, að mörg stærstu málin hafa, sumpart vegna

þess, hve þau hafa verið erfið, orðið að undirbúast beinlínis í samráði við þm. á Alþingi og þingflokkana, þannig að þingfl. hafa orðið að fylgjast með þessum málum á undirbúningsstigum þeirra. Þetta finnst þeim, sem þennan hugsunarhátt hafa, alveg ótækt, og þeir kalla það Alþingi aðgerðalaust og einskis nýtt, sem vinnur að því að fá heildarmynd af því, hvernig raunverulega er ástatt í landinu, og á þátt í því að byggja upp till. um úrræði. Það er þetta, sem hæstv. dómsmrh. kallar að láta þingið sitja og bíða. Það er að sitja og bíða, að vinna þessi verk á Alþingi. Það er ekki talið viðeigandi.

En menn eiga að sitja annars staðar og bíða. Þingmenn eiga að sitja heima hjá sér og bíða eftir því, að aðrir ráði fram úr þessu. Það er hugsjónin.

Að lokum vil ég segja: Ég skora á forseta Alþ. að ganga hér í milli og reyna að koma því til leiðar, að það verði hyggilegri og heppilegri háttur hafður á þinghaldinu en orðið gæti, ef engar breyt. verða á stefnu stj. í þessu máli frá því, sem nú horfir. Ég skora á forseta Alþ. að gera þetta vegna Alþ. sem stofnunar. Ég álít, að forsetar Alþ. hafi í þessu efni miklar skyldur. Það má vel vera, að ríkisstj. hafi tilhneigingu til þess að líta þannig á, að það sé meiri friður að hafa Alþ. ekki sitjandi. Það er kannske ekki nema mannlegt, að þetta hvarfli að ráðherrum af og til og sú tilhneiging skekki jafnvel eitthvað í þeirra augum rétta mynd af þessu öllu saman. En þeir, sem eiga alveg sérstaklega að gæta sjónarmiðs Alþ. í þessu efni, eru forsetar þingsins. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta þessarar d., því að hæstv. forseti Sþ. á ekki sæti í þessari d.: Hefur verið ráðgazt við forsetana um þann sérstæða hátt á þingfrestun og vinnubrögðum í þinginu, sem komið hefur til mála, — ég segi ekki meira en: sem komið hefur til mála, samkvæmt þeim plöggum og ummælum, sem fram eru komin? Hefur verið ráðgazt við þá um þetta, og hver var þeirra afstaða í þessu, ef ráðgazt var við þá? En ef það hefur ekki verið ráðgazt við þá um þessi efni, þá ætla ég ekki nú að fella dóm um, hvað í því felst, heldur fara fram á það, eins og ég sagði áðan, alveg eindregið, að hæstv. forsetar þingsins gangi hér í milli og reyni að fá samkomulag um vinnuáætlun, sem er í betra samræmi við venjur þær, sem skapazt hafa á hv. Alþ., og þingræðisreglur en þær áætlanir, sem a. m. k. hafa hvarflað að sumum mönnum. Og einn liður í því að reyna að koma þessu á heppilegri braut væri sá, að hæstv. forseti þessarar d. yrði við óskum, sem komið hafa fram um að halda þessum fundi hér í hv. d. a. m. k. ekki miklu lengur áfram, fresta því að taka fyrir þau mál, sem eru á dagskránni, og í þess stað væri snúið sér að því að reyna að fá heppilegri vinnuáætlun. Það er þetta, sem ég eindregið skora á hæstv. forseta d. að eiga þátt í, enda er nú náttúrlega hvort sem er senn liðinn sá fundartími, sem kemur til mála á slíkum degi, og félli þetta þá allt saman. Og í ljós kæmi þá eftir helgina, hvort ekki hefur náðst um þetta haganlegt samkomulag.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. síðasta ræðumanns um framlagningu brbl., þá hefur það þegar verið tekið fram af hæstv. landbrh. og liggur í hlutarins eðli, að um framlagningu þeirra og meðferð á þinginu verður í einu og öllu fylgt ákvæðum stjskr. og réttum þingræðisreglum. Hæstv. fyrrverandi ráðh. og síðasti ræðumaður getur sparað sér allar áhyggjur af því, að á móti þessu verði brotið. Það kemur ekki til greina og hefur engum til hugar komið. Hitt ætti hann, jafnþingvanur maður, að vita manna bezt, að oft hefur dregizt, ekki aðeins dögum saman, heldur vikum og jafnvel mánuðum saman að leggja brbl. fyrir Alþ. En í þessu efni er áreiðanlegt, að núverandi ríkisstj. mun eins og í öðru fylgja ákvæðum stjskr. og þingræðis.

Varðandi umkvörtun hv. ræðumanns út af þessum umræðum og að þær hafi gjarnan mátt bíða til mánudags og að hann vildi nú fara að fá þeim lokið bráðlega, þá held ég, að ýmsir fleiri gætu tekið undir það, að þessar umræður séu með þeim þarfminnstu, sem hér hafi verið, en til þeirra er efnt af hv. þm. og sessunaut hans. Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hóf þessar umr. með allrækilegri ræðu í dag, síðan tók hv. 3. þm. Reykv. (EOl) nokkuð rækilega til máls og loks hv. síðasti ræðumaður. Allt, sem þeir hafa sagt, er að efni til þess eðlis, að sjálfsagt hefði verið að láta það bíða, þangað til till. um frestun þingsins kom fram. Í stað þess að hafa þann þinglega hátt á hefur það nú borið við, sem ég man ekki eftir að hafi komið fyrir fyrr á minni þingtíð, og skal ég þó sízt amast við því, að hæstv. forseti fari þannig að, að heill fundardagur, þ. e. ekki aðeins venjulegur fundartími, heldur einnig síðari hluti dags, hefur farið í umr. utan dagskrár um mál, sem liggur fyrir að verður tekið fyrir með þinglegum hætti einhvern allra næstu daga, sjálfsagt á mánudag, ef lasleiki hæstv. forsrh. hamlar því ekki. Þess vegna verður að segja eins og er, að þessar umræður eru stórfurðulegar, eins og til þeirra er efnt. Ef um væri að ræða andstöðu við að veita afbrigði frá þingsköpum á því litla frv., sem hér er á dagskránni og mér þykir nú ljóst að héðan af muni trauðla koma til umræðu á fundinum, svo áliðið sem er orðið, þá hefði auðvitað verið eðlilegt að gera aths., þegar að uppburði þess máls kom og afbrigða var leitað. Það var ekki einu sinni beðið eftir því að hafa þann hátt á, sem hefði þó haft eitthvert fordæmi í þingsköpum, heldur var hv. stjórnarandstæðingum svo mikið niðri fyrir, að þeir hafa tekið þennan dag til þess að ausa úr skálum reiði sinnar á þann veg, sem við höfum nú orðið ásjáandi og áheyrandi að.

En varðandi þetta litla frv., sem nú er á dagskránni fyrir utan hið litla mál hv. 3. þm.

Reykv., þá held ég, að það séu fá dæmi, að það mál hafi verið afgr. án afbrigða frá þingsköpum. Allir þm., sem verið hafa hér áður, kannast við, að það hefur verið venja ár eftir ár að láta þessi frv. um gjaldaframlengingu koma til umr. og þau afgr. oft á einum og sama degi í báðum d. þingsins, og hversu mikill ágreiningur sem verið hefur um hin stærri mál, hefur aldrei orðið ágreiningur um að veita afbrigði fyrir slíku. En það er ljóst, að nýir siðir koma með nýjum herrum. Hér á að taka upp málþóf og tafir á þingstörfum með allt öðrum hætti en venja hefur verið fram að þessu.

Það er talað um, að það eigi að fara að taka ráðin af þm. Það er vitanlega ekki hægt að fresta þingi í þann tíma, sem hér er till. um, nema því aðeins að meiri hluti þm. samþ. Og ég get fullvissað hv. 1. þm. Austf. (EystJ) um það, að áhyggjur hans út af því, að gengið muni verða á svig við óskir stuðningsmanna stjórnarliðsins um meðferð mála, eru gersamlega ástæðulausar, enda veit ég ekki neinn þm., sem væri ólíklegri til að gerast málsvari núverandi stjórnarstuðningsmanna, jafnt í þessum efnum sem öðrum, heldur en einmitt hv. 1. þm. Austf. Ég efast að vísu ekki um, að hans ráðríki endist til þess að vilja ráða þeirra málum eins og annarra, því að hér í landi má sig víst enginn hreyfa, nema þessi hv. herra telji, að sitt samþykki þurfi til að koma. En þó að víst sé, að ekki skorti hann viljann til forsjár fyrir þessum mönnum, þá er jafnvíst, að þeir munu fæstir leita til hans um umsjá sinna mála. Það er í raun og veru ekki heldur furða, þó að margt hafi farið hér úr lagi um stjórn mála undanfarin ár, þegar menn heyra þann hugsunarhátt koma fram í orðum, sem lýsti sér hjá hv. 1. þm. Austf. í ræðu hans nú áðan um samband stjórnar og þings. Hvarvetna þar, sem þingræðisstjórn *hefur náð verulegum þroska, og þá ekki síður* t. d. í landi eins og Bandaríkjunum, sem hv. flokksbróðir ræðumanns, hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), hefur mjög vitnað til sem fordæmis fyrir Íslendinga, — í öllum þessum löndum er það alveg fastmótað, að stj. verður ætíð að leggja mál sín fyrir þingið og síðan standa eða falla með sínum málum og að þinghlé, hvort sem er á milli þess að fundum er frestað eða beinlínis er slitið þingi, eru fyrst og fremst notuð til þess, að stjórnin hafi til lagabálka, sem Alþ. eða þing, hverju nafni sem það nefnist í hverju þjóðfélagi, taki síðan til meðferðar. Áður fyrr var það alveg föst venja, að þegar þing kom saman, var lagður fyrir það fjöldi stjfrv. Stjórnin hafði þá haft tíma til þess að athuga mál og undirbúa þau fyrir þingið. Síðan tók Alþ. afstöðu til þeirra mála. Í því fólst engan veginn, að stj. hefði nokkurt einræðisvald yfir þm. Stjórnir voru ekki fastari í sessi áður fyrr en nú, það er flokkaskipun og aðstaða, sem ræður því hverju sinni, en störf þingsins gengu miklu greiðlegar og voru eðlilegri, og það er einn af göllum okkar skipulags nú, mjög alvarlegur galli, að undirbúningur mála af hálfu ríkisstj. og sérfræðinga hefur hina síðari áratugi mjög gengið úr skorðum og er alls ekki með þeim hætti, sem frambærilegur er. Þetta er í nánu sambandi við þá hnignun stjórnarráðsins, sem e. t. v. enginn núlifandi Íslendingur á frekari sök á en hv. 1. þm. Austf. með sinni löngu stjórnarsetu og sínum spillandi áhrifum á heilbrigða stjórnarhætti.

Nú er auk þess þannig ástatt, að komin er ný ríkisstj., sem tók við völdum fyrir rúmri viku. Það gefur auga leið og þarf ekki að fjölyrða um það, að sú stjórn hefur ekki haft færi á því að undirbúa mál með þeim hætti, að Alþ. geti tekið afstöðu til þeirra höfuðmála, sem því ber skylda til að fjalla um, m. a. fjárlög. Þau eru samin af öðrum fjmrh. en núverandi hæstv. fjmrh. Brbl., sem mjög hefur hér borið í tal, eru samin og gefin út af allt öðrum landbrh. en nú situr. Það verða, eins og við sjáum, mörg mál lögð fyrir þetta þing af stj. hálfu, vegna þess að fyrrverandi stj. vissi, að hún var aðeins til bráðabirgða, starfaði einungis í þeirri vitund, og núverandi stj. hefur ekki átt nokkurn kost á því að undirbúa mál. Þess vegna er það sjálfsögð skynsemi varðandi vinnubrögð, alveg óháð öllum pólitískum ágreiningi, að þessari nýju ríkisstj. gefist færi á því að undirbúa mál og leggja þau fyrir þingið með sama hætti og stjórnir venjulega eiga kost á, áður en þing kemur saman. Það er að vísu rétt, að þetta hefur oft verið vanrækt af stj. og sú vanræksla hefur farið vaxandi.

Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Austf., segir, að þetta sé vegna þess, að ríkisstj. þurfi að vera í samráði við sína flokksmenn varðandi málsmeðferð. Allir vita, að einhverjir verða að bera fram till., að flokkaskipun og starf er þannig hér á landi, að það eru engin vandkvæði fyrir forustumenn að hafa samráð við *sína flokksmenn, jafnvel þó að* þingið allt sitji ekki saman, og að það getur ekki komið í hlut annarra en ríkisstj. að vinna ríkisstjórnarinnar sjálfrar verk. Til þess er hún. Hún er til þess að semja till., hafa forustu, bera fram sínar till. á Alþ., síðan standa og falla með þeim. Það kann að vera svo í flokki hv. 1. þm. Austf., að ef stj. sé búin að bera fram till., þá sé metnaður svo mikill og ofríki flokksforráðamanna, að engum líðist að hreyfa þar hönd né fót öðruvísi en fyrir þá er lagt, *en þannig er það a. m. k. ekki í þeim flokki,* sem ég tilheyri.

En svo vitum við, sem á þingi höfum setið og horft upp á þá eymdarsjón, sem var að sjá Alþ. á tímum vinstri stj., að þó að þm. væri haldið hér mánuð eftir mánuð, þá fengu þeir ekki að fylgjast með í neinu, sem máli skipti, um sjálfa málsmeðferðina. Aðferðin var sú, að ríkisstj. sat og brallaði með sínum trúnaðarmönnum. Þegar hún var búin að koma sér saman, voru lögð fyrirmæli fyrir flokksmennina um að gera eins og hinir háu herrar höfðu komið sér saman um. Menn muna ósköp vel, hvernig afgreiðslu fjárlaga var háttað í

árslok 1957. Menn muna ósköp vel, að fjvn. fékk ekki að sinna sínum störfum. Henni var haldið verklausri, jafnvel felldir niður fundir um sinn. Það var ekki fyrr en komið var fram í desember, að allt í einu voru lagðar fram skrár fyrir hv. þáverandi form. fjvn., og þá voru drifnir á fundir og hin þægu stjórnarpeð gerðu í einu og öllu það, sem hæstv. þáverandi fjmrh. lagði fyrir þau, eftir að þáverandi ríkisstj. hafði bak við þau tjöld, sem aldrei voru dregin frá, komið sér saman um sín skuggalegu verk. Þessi leikaraskapur um, að þm. hafi verið haldið hér til þess að hafa samráð við þá, — hv. 1. þm. Austf. getur haldið þessu fram alls staðar annars staðar en á Alþ., alls staðar annars staðar en gagnvart mönnunum, sem hann sjálfur hefur kúgað árum saman, og gagnvart öllum öðrum en þeim, sem séð hafa með eigin augum þá sorgarsögu um lítilsvirðingu Alþ., sem þessi hv. þm. öðrum fremur hefur beitt sér fyrir.

Sem betur fer, þarf ekki að kvíða því, að núverandi ríkisstj. muni beita slíkum aðferðum. Hún mun í öllu viðhafa réttar þingræðisreglur og gæta þess að taka í einu og öllu hæfilegt og sanngjarnt tillit til stjórnarandstöðunnar. Það tilheyrir réttum þingræðisháttum, að ekki sé níðzt á minni hlutanum, og því fer fjarri, að núverandi ríkisstj. hafi hug á því. Fram á hitt verður hún að fara við Alþ., að henni gefist færi á að undirbúa hinar þýðingarmestu ákvarðanir, sem allar aðrar ákvarðanir, er verulegu máli skipta varðandi efnahag og fjárhag þjóðarinnar nú, eru undir komnar. Jafnskjótt og þessar ákvarðanir stj. um hennar till. verða reiðubúnar, verða þær till. lagðar fyrir Alþ. á lögformlegan hátt og málið fær þinglega meðferð. Annað kemur ekki til greina. Hvort Alþ. svo verður frestað deginum fyrr eða síðar, skiptir sáralitlu máli. Menn höfðu vænzt þess, að ekki yrði fyrirstaða um að afgr. þau mál, sem stjórnarandstaða hefur ætíð afgr. með afbrigðum frá þingsköpum. Það var ætíð gert og aldrei fundið að því, þó að um margt væri deilt, meðan hv. 1. þm. Austf. var fjmrh., að afgr. öll þau mál, sem nú liggja hér fyrir í lagaframvarpsformi, með afbrigðum og láta það ekki standa fyrir. Ef stjórnarandstaðan óskar eftir að ræða þau mál og nota sitt málfrelsi til þess, á hún sinn rétt til þess innan ramma þingskapa, og verður auðvitað um það, eins og annað, farið að réttum lögum. En ef menn vilja taka upp skipulega stjórnarhætti, hverfa frá niðurlægingartímabilinu, sem hér var á Alþ., meðan hv. 1. þm. Austf. var hæstráðandi, og komast til betri stjórnarhátta, þá er eitt sporið á þeirri leið, að stjórninni gefist færi á því að undirbúa sínar till. sem allra fyrst, vegna þess að vandinn er mikill og aðkallandi, sem fyrir liggur, og þær till. verði síðan, svo skjótt sem fyrst eru föng á, lagðar fyrir hv. Alþingi.

Á 4. fundi í Sþ., 30. nóv., utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem allt er í óvissu um þinghaldið nú að þessu sinni, hvenær þinghlé verður gert, treysti ég því, að hæstv. landbrh. svari fyrirspurn, sem ég ætla að gera til hans, þó að hún sé ekki borin fram á formlegan hátt.

Eins og kunnugt er, hefur Búnaðarbankinn eða þeir sjóðir hans, sem lána til stofnlána, þ. e. ræktunarsjóður og byggingarsjóður, aðallega lánað að haustinu frá miðjum nóv. til miðs des. Það er ljóst, að þessir sjóðir geta ekki innt af hendi eðlilega lánastarfsemi, ef afgreiðsla lána á sér stað eftir þann tíma eða getur a. m. k. ekki hafizt upp úr þessum mánaðamótum, sem nú standa yfir, þar sem ársuppgjör bankanna fer fram strax um áramótin, og er því útlánastarfsemi ekki framkvæmanleg, ef hún hefst ekki a. m. k. strax í byrjun des.

Á s. l. vori, þegar láni því, sem vinstri stjórnin hafði undirbúið að tekið yrði í Bandaríkjunum, var skipt, var ákveðið, að ræktunarsjóður fengi af því láni 25 millj. kr. Þrátt fyrir þetta liggur nú ekkert fyrir um það, svo að mér sé kunnugt um, að bankinn geti hafið lánastarfsemi. A. m. k. var svo fyrir helgina, að ekki var það mögulegt, vegna þess að ekkert fé var fyrir hendi. Af þeirri ástæðu vil ég nú leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. og treysti honum til þess að svara þessu, eins og ég tók fram áðan, þó að fsp. sé borin fram á þennan hátt:

1) Fær ekki ræktunarsjóður nú þegar þær 25 millj. kr. af bandarísku láninu, sem honum voru ákveðnar skv. 22. gr. yfirstandandi fjárlaga?

2) Fær ekki ræktunarsjóður þær tekjur, sem honum eru ætlaðar úr mótvirðissjóði, einnig nú þegar?

3) Verður byggingarsjóði Búnaðarbankans ekki séð fyrir fé, svo að hann geti afgreitt þær lánsbeiðnir, sem fyrir liggja hjá bankanum, sem munu nú vera ca. 10 millj. kr., og afgreiðslan geti farið fram fyrir áramót?

Ég treysti hæstv. landbrh. til þess að gefa þessar upplýsingar nú þegar, enda þótt fsp. sé borin fram á þennan hátt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið venjan undanfarin ár, að Búnaðarbankinn hafi veitt lán úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði í byrjun des., frá 1.—15. des. Að þessu sinni mun bankinn vera að vinna að því, að lánastarfsemin geti farið fram á sama hátt og áður.

Í sambandi við fsp. hv. 3. þm. Vesturl. vil ég segja þetta, að Bandaríkjaláninu hefur seinkað, að enn hafa ekki verið teknar nema 3 millj. dollara í stað 6. Búnaðarbankinn hefur þess vegna ekki enn fengið 25 millj. kr. En ég get upplýst það, að 12½ millj. kr. verður bankinn búinn að fá ekki seinna en 10. des. Hann fær, að ég ætla, 1. des. 6½ millj. kr. og fyrir 10. des. 6 millj. kr. Ég get upplýst, að af mótvirðisfé, sem ræktunarsjóði er ætlað, hefur hann fengið á þessu ári 22 millj. kr., að

ræktunarsjóðurinn á enn inni hjá Framkvæmdabankanum af þessu fé 5—7 millj. kr., og standa vonir til, að þetta fé verði greitt fyrir áramót, að bankinn hefur talsverðar vaxtatekjur af útistandandi ræktunarsjóðslánum, að Búnaðarbankinn fær til viðbótar þessu 12½ millj., þegar seinni hluti Bandaríkjalánsins hefur verið tekinn, og geri ég mér vonir um, að það þurfi ekki að dragast mjög lengi, með því að það mun verða reynt að fá Seðlabankann til þess að hlaupa undir bagga í bili.

Ég geri mér þess vegna vonir um, að ræktunarsjóður geti hafið lánastarfsemi sína í næsta mánuði á sama hátt og áður. Það hafði verið gert ráð fyrir því, að bankastjóri Búnaðarbankans gæfi mér skýrslu um lánsþörf ræktunarsjóðs að þessu sinni og kæmi til mín í morgun, en vegna þess að ég var á stjórnarfundi, gat ekki af því orðið.

Í sambandi við byggingarsjóð Búnaðarbankans er rétt að upplýsa það, enda þótt hv. 3. þm. Vesturl. hljóti að vera það ljóst, að byggingarsjóður Búnaðarbankans hefur búið við slæman hag að undanförnu. Og svo er einnig nú. Sérstaklega hefur aðstaða þessara sjóða, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, versnað við það að þurfa að taka á sig yfirfærslugjaldið, 55% af erlendum lánum, sem bankinn hefur tekið. Það fara þess vegna talsverðar tekjur af þessum sjóðum árlega í það fram yfir það, sem gert var ráð fyrir, þegar þessi erlendu lán voru tekin. Ég vil einnig upplýsa, að það mun verða gert, sem unnt er, til þess að sjá svo um, að byggingarsjóðurinn geti innt hlutverk sitt af hendi nú ekki síður en áður.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjanda nægi þessi svör, um leið og ég segi, að það mun verða gert það, sem unnt er, til þess að þessir sjóðir geti hafið lánastarfsemi sína í byrjun næsta mánaðar.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Það er vegna þeirra fyrirætlana ríkisstj. að fresta fundum Alþ. á næstunni, sem ég vil bera þá fsp. fram til hæstv. forseta, hvernig hann hefur hugsað sér fundarhöld í Sþ. fyrir þingfrestunina. Ég ber þessa fsp. fram vegna þess, að ég hef lagt fram ásamt nokkrum þm. öðrum till. um fjáröflun til byggingarsjóða, till., sem er þannig vaxin, að a. m. k. nokkur hluti hennar er miðaður við það, að till. fái afgreiðslu fyrir áramót. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann telji ekki möguleika á því, þrátt fyrir þá þingfrestun, sem ráðgerð er, að hægt sé að taka þessa till. fyrir hér í Sþ. og stuðla að því, að hún fái þinglega afgreiðslu, áður en þinginu verður frestað. Ég held, að það sé óhætt að segja, að þessi tillaga sé þannig vaxin, að hún ætti ekki, þó að hún væri tekin fyrir hér í þinginu, að verða til þess að valda töfum á störfum þingsins. Efni hennar er þannig, að allir þm. eiga að geta verið sammála um hana. Hún fer í stuttu máli fram á það, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að afla fjár handa umræddum sjóðum, byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði Búnðarbankans, til þess að bæta úr brýnustu þörfum þeirra, sem eiga lánbeiðnir hjá þessum sjóðum. Ég held, að þm. sé yfirleitt svo kunnugt um þær þarfir, sem hér er um að ræða, að óþarft sé að rökstyðja þær sérstaklega, og þeir hljóti að hafa fullan áhuga á því að bæta úr þeim eins fljótt og auðið er. Þess vegna ætti það ekki að verða til þess að valda neinum töfum á störfum þingsins, þó að þessi till. væri tekin til þinglegrar afgreiðslu fyrir þingfrestun. Af þeim ástæðum vil ég bera fram þá spurningu til hæstv. forseta og endurnýja hana, hvort hann telji ekki mögulegt, að hægt verði hér í Sþ. að afgreiða umræddа till. um fjáröflun til byggingarsjóða, áður en þinginu verður frestað.

Forseti (FS): Ég get því miður ekki svarað fsp. hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) með öðrum hætti en þeim, að afgreiðsla þessa máls, sem hann spyrst fyrir um, veltur á því í fyrsta lagi, hvort þinginu verður frestað, í öðru lagi, hvenær því verður frestað. Um hvorugt þetta er vitað í dag.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér, og það gleður mig stórum, ef þannig verður á málum haldið, sem hann gaf í skyn, að það þyrftu ekki að verða neinar tafir á útlánastarfsemi ræktunarsjóðs eftir þeim leiðum, sem hann upplýsti, og ég treysti því, að hæstv. ráðh. verði ekki eftirbátur fyrirrennara sinna um fyrirgreiðslu í sambandi við lausn þessa máls.

Út af því, sem hann sagði um byggingarsjóðinn, þá var það ekki ætlun mín að fara hér út í deilur, hvorki um yfirfærslugjald né annað. Hitt er vitanlegt, að byggingarsjóður Búnaðarbankans hefur til þessa getað leyst starfsemi sína af hendi þannig, að þeir, sem hafa sótt þar um lán, munu í flestum eða öllum tilfellum hafa fengið þau. Og ég treysti því einnig, að það verði svo í framtíðinni eins og verið hefur hingað til. Ef hæstv. ráðh. tekst svo vel til í sambandi við afgreiðslu efnahagsmála síðar, að það komi ekki við almenning í þessu landi, ber að fagna því, þegar það sést, en fyrr ætla ég ekki að ræða um það mál.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Mér virtust svör hæstv. forseta vera á þá leið, að það sé hæpið, hvort umrædd till. um fjáröflun til byggingarsjóða verði tekin til meðferðar eða afgreiðslu, áður en þingi verði frestað. Af þeim sökum vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. félmrh., hvort ríkisstj. hafi í undirbúningi einhverjar sérstakar ráðstafanir um fjáröflun til byggingarsjóðs ríkisins og hvort vænta megi einhverra framkvæmda á því sviði nú hið allra fyrsta og þá helzt fyrir áramót, — hvort í ráði sé t. d. að afla fjár handa byggingarsjóðnum, þannig að verulegt fjármagn geti komið til úthlutunar fyrir næstu áramót, og

hvort ríkisstj. hafi í undirbúningi einhverjar frekari aðgerðir í því sambandi.

Ég tel æskilegt, ef svo fer, eins og nú virðist horfa, að sú tillaga, sem ég minntist á áðan, komi ekki til afgreiðslu hér fyrir þingfrestunina, að þingið fái þá upplýsingar frá ríkisstj. um þessi efni, og þess vegna vænti ég þess, að félmrh. verði við því að svara þeim fsp., sem ég hef nú beint til hans.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) get ég aðeins upplýst það, að ríkisstj. hefur haft þessi mál til meðferðar og mun freista að reyna að ráða fram úr þeim á þann veg, sem húsbyggjendum mætti að gagni koma. En á þessu stigi get ég ekki fullyrt neitt um það, hvenær þær umþenkingar munu bera árangur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Á þskj. 1 hef ég borið fram till. til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins. Ég hafði því einmitt haft hug á því að beina sams konar fsp. til hæstv. forseta og hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) bar hér fram áðan til hæstv. forseta og hefur nú fengið svör, sem geta þá að vissu leyti gilt viðvíkjandi því málefni að því er mig snertir einnig, að nú er sagt, að það sé allt í óvissu um, hvort þinginu verði frestað, og í annan stað, hvenær því þá kynni að verða frestað. Þar með var allt í óvissu um það, hvort þessi þál., sem hér er um að ræða, fái afgreiðslu fyrir jól eða ekki.

Ég sá það fyrst í blöðum stjórnarflokkanna, Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, áður en ég hafði haft af því nokkurn áveening hér á Alþ. og ég hygg áður en nokkrir alþm. fengu nokkuð um það að vita, að það væri ákveðið af ríkisstj., að þinginu yrði frestað annaðhvort á laugardag eða mánudag, þ. e. a. s. nú fyrir helgina, ellegar þá í síðasta lagi nú í dag. En nú er sem sé upplýst af hæstv. forseta sameinaðs þings, að það sé í óvissu, hvort þinginu verði frestað.

Ég vildi nú beina þeim fsp. til hæstv. ríkisstj., ef svo skyldi fara, að þinginu yrði frestað fyrr en á eðlilegum tíma, þegar jólafrí væri tekið, hvort hæstv. ríkisstj., sem húsnæðismálin heyra undir, ef þáltill. mín, 1. mál þessa þings, fær ekki afgreiðslu fyrir jól, muni þá sjá sér fært að hlutast til um, að veðdeild Landsbankans gefi nú þegar út vísitölutryggð bankavaxtabréf, B-flokks bréf, fyrir a. m. k. 20 millj. kr. eða einhverja þá upphæð, sem verulega þýðingu hefði fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, nú helzt fyrir þessi áramót. Og í annan stað, hvort hún mundi eiga hlut að því, að Seðlabankinn tryggði sölu á B-flokks bankavaxtabréfum, t. d. fyrir tvöfalda upphæð þá, sem ég nefndi áðan. Í þriðja lagi, hvort hún mundi ekki sjá sér fært að beita sér fyrir því, að það mál verði tekið upp við atvinnuleysistryggingasjóðinn, að hann keypti annaðhvort A-flokks bréf, t. d. fyrir allt að 10 millj. kr., eða ef hann treystir sér ekki til þess, hvort þá mættu ekki takast samningar við stjórn sjóðsins um að leita samningsbundins bráðabirgðaláns til skemmri tíma. Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess að ætla hæstv. ríkisstjórn, ef hún losar sig nú við þingið, að hún hefði uppi áform um það, en það væri þá ástæða til að fá vitneskju um það, að fá jafnvel erlent lán, sem yrði endurlánað byggingarsjóði ríkisins, en sú till. hefur oftar en einu sinni verið uppi af hendi hv. sjálfstæðismanna, og væri því ekki óeðlilegt að ætla, að sú till. um úrlausn á lánsfjárskorti byggingarsjóðsins væri hæstv. núv. ríkisstj. hugstæð úrlausn, og e. t. v. gæti það verið svo, að það mál væri í undirbúningi hjá ríkisstj. eða hún hefði þegar komið sér niður á það að fara þá leið til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega fjárskorti byggingarsjóðs ríkisins.

Ég tel, að þetta mál sé svo aðkallandi, að það sé eitt þeirra mála, sem sjálfsagt hefði verið að Alþ. afgreiddi til hæstv. ríkisstj. sem framkvæmdaratriði, ef það fær að starfa með eðlilegum hætti, og tel víst, að þessi till. hefði þá fengið afgreiðslu fyrir áramót og ríkisstj. fengið þetta verkefni í hendur að vinna að vilja Alþ. fyrir áramót. Hins vegar fýsir þingmenn auðvitað að vita, hvað verði um úrlausn þeirra mála, ef hún sendir þingið frá sér, sem þingið áreiðanlega hefði falið henni að vinna fyrir áramót, ef það starfaði áfram.

Ég beini þessum fsp. til hæstv. félmrh., sem ég hygg að húsnæðismálin heyri undir.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta það, sem ég sagði áðan, öðru en því, að úr þessum málum hefur ekki verið ráðið enn, og ég get ekki gefið neinar tæmandi upplýsingar um, hvort það mundi geta orðið fyrir áramót. Hins vegar sýnist mér, að þó að till. hv. þm. yrði samþ. einhvern tíma í desembermánuði, þá væri hún í sjálfu sér ekki trygging fyrir því, að úr þessu rættist, þannig að ég sé ekki, að þingfrestunin í sjálfu sér hafi nokkurn skapaðan hlut að segja um afgreiðslu þessa máls. Ríkisstj. mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að fá þetta mál leyst, hvort sem till. hv. þm. kemur til afgreiðslu eða ekki. Ég get fullvissað hann og hv. þm. um það, að ríkisstj. mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að bæta úr þessu, hvort sem það verður eftir þeim leiðum, sem hv. þm. hefur hér bent á, eða það verður eftir öðrum leiðum. Útgáfa vaxtabréfa í sjálfu sér er ekki nein trygging fyrir því, að fé fáist. Fé fæst ekki öðruvísi en einhver banki taki að sér útvegun á því, og það eina raunhæfa, sem hér er bent á í till., væri það, ef atvinnuleysistryggingasjóður gæti látið eitthvert fé af hendi. Það er vitað, að hann hefur það. En ég skal ekki inn á það fara hér. Það er náttúrlega samningsatriði við hann, þegar þar að kemur. En ég vil aðeins taka það fram, að samþykkt þessarar till. út af fyrir sig hefur enga úrslitaþýðingu í málinu, vegna þess að stjórnin mun

gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að leysa það á þeim grundvelli eða svipuðum eins og till. fer fram á.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. 4. landsk. þm. (HV) í ræðu hans áðan, að hann teldi möguleika á því eða a. m. k. þess vert, að það yrði reynt að semja um við atvinnuleysistryggingasjóðinn að fá allt að 10 millj. kr. lán til ráðstöfunar fyrir byggingarsjóð ríkisins. Af þessu tilefni vil ég aðeins taka það fram, að húsnæðismálastjórn hefur s. l. 3 mánuði gert ítrekaðar tilraunir til þess að semja við sjóðsstjórnina um lán til þessara hluta, en nú nýlega hefur form. húsnæðismálastjórnar fengið þau svör, að það væri ekki talið fært af hálfu sjóðsstjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs að lána neina peninga í þessu skyni. Ég vil aðeins, að þetta komi fram nú þegar, til þess að þm. vaði engan reyk í þeim efnum og til þess að sá „möguleiki" liggi ljós fyrir af hálfu þeirra, sem halda, að þetta sé úrlausn, eins og nú stendur á. Hvað hins vegar kann að áorkast um þessa hluti í framtíðinni, get ég ekki um sagt, en svör sjóðsstjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs eru þessi í dag eftir 3 mánaða bið af hálfu húsnæðismálastjórnar að fá endanleg svör við þessari beiðni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér þykir það í hæsta máta kynleg kenning, sem hæstv. sjútvmrh. heldur hér fram frammi fyrir þingheimi, að það skipti litlu máli, hvort Alþ. fái tóm til að afgreiða þingmál í hendur ríkisstj. til framkvæmda eða ekki. Það skiptir meginmáli frá mínu sjónarmiði. Ríkisstj. hefur auðvitað skyldu til þess að framfylgja þeim verkefnum, sem Alþ. gefur henni fyrirmæli um, og það skiptir mjög miklu máli, að Alþ. fái aðstöðu og tóm til þess. Það skiptir nokkru máli, hvort við gætum fengið það á hreint fyrir jól, áður en þingið væri sent í jólafrí, að ríkisstj. ætti að hlutast til um, að veðdeild Landsbankans tryggði sölu á bankavaxtabréfum, t. d. allt að 40 millj. kr., A- og B-flokks bréfum. Og við höfum enga tryggingu fyrir því, að ríkisstj. leggi sig í silann til þess að knýja það fram, nema því aðeins að Alþ. hafi falið henni að leysa það mál. Ég veit ósköp vel, að bankastjóri Seðlabankans hefur ekkert verið ginnkeyptur fyrir því að fá fyrirmæli ríkisstj. um slíka hluti. En hann þarf sannarlega að fá þau, ef það ætti að vera von á því, að Seðlabankinn gerði eitthvað í þessu. Það er kannske hægt að segja, að það sé ekki nein fullnægjandi trygging fyrir því, að peningarnir fáist, þó að Seðlabankanum væri falið að gera allt, sem hann gæti, til að tryggja sölu á slíkum bankavaxtabréfum. En vonirnar eru þó nokkrar, og ég veit ekki betur en stjórn Sogsvirkjunar hafi nú fest nokkrar vonir við það, að það væri kannske leið til lausnar á hennar fjárhagslegu vandamálum að bjóða út verðbréf til sölu. Ég gæti bezt trúað því, að ef hæstv. ríkisstj. legði fast að Seðlabankanum um að kaupa slík vaxtabréf úr eigin sjóði, þá væri hann nokkurs megnugur í því. Það er vitað, að Seðlabankinn sjálfur hefur viljað leggja í stórkostlegar fjárfestingar fyrir tugi milljóna og er kannske að því, er ef til vill búinn að fá samþykki ríkisstj. fyrir því. En ég álít, að úrlausnir í húsnæðismálunum séu svo aðkallandi, að það hefði verið full ástæða til þess, að ríkisstj. gæfi honum fyrirmæli um að láta sínar stórkostlegu tugmilljóna fjárfestingar bíða og leggja heldur eitthvað af sínum árlega ágóða til þess að kaupa bankavaxtabréf til húsnæðismála. Bæði hans fasteignabrask hér í höfuðborginni, kaup á fasteignum fyrir stórupphæðir, og byggingarplön Seðlabankans hefðu heldur átt að bíða, að mínu áliti, heldur en að hafast ekkert að í fjárútvegunum fyrir íbúðarhúsnæðismál í borginni og í landinu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) sagði hér áðan, að það þyrfti ekki að fela ríkisstj. að leita eftir láni hjá stjórn atvinnuleysistryggingannna, því að húsnæðismálastjórnin væri búin að reyna það án árangurs, þá legg ég ekkert að jöfnu aðstöðu húsnæðismálastjórnar, þótt voldug sé, og hæstv. ríkisstj. um það að ræða þau mál við stjórn atvinnuleysistryggingannna. Ég tel alls ekki fullreynt um það, hvort það fé fæst eða ekki, fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur lagt sig í sila um það. Hún gæti e. t. v. gefið atvinnuleysistryggingasjóðsstjórninni fyrirheit um það, að þó að þetta fé væri nú lánað, þá skyldi svo séð um, að það yrði greitt, ef til þess kæmi, að atvinnuleysistryggingarnar þyrftu á fénu að halda, vegna t. d. aðsteðjandi atvinnuleysis, sem hún yrði auðvitað að láta sína sjóði sitja í fyrirrúmi um að leysa. Það getur húsnæðismálastjórnin aftur á móti engin fyrirheit gefið um. Í sjóði atvinnuleysistryggingannna eru stórar fjárupphæðir, en ég skil ósköp vel, að sjóðsstjórnin þorir ekki að binda það fé, nema hún geti fengið tryggingar fyrir því, að það verði greitt, ef atvinnuleysi bæri svo að höndum, að hún yrði félaus og gæti ekki innt af hendi sínar skyldur skv. þeim lögum, sem sjóðsstjórnin á að starfa eftir. Það er hæstv. ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. ein, sem getur gefið slíkar tryggingar, þannig að stjórn atvinnuleysistryggingannna kynni kannske að fengnum slíkum tryggingum að geta veitt lánið, þó að hún gæti alls ekki svarað húsnæðismálastjórninni játandi um sama efni.

Ég tel, að það sé höfuðnauðsyn, að hv. Alþ. fái frið til að starfa, til þess að leysa þetta mál og mörg önnur mál, og að það nái ekki nokkurri átt að senda þingið heim frá svona málum óleystum. Það eru einmitt svona mál, í viðbót við þau mál, sem hér voru rædd undanfarna daga, t. d. út af verðlagsmálum landbúnaðarins, sem Alþ. þarf að leysa og fela ríkisstj., á hvern hátt skuli leysa.

Það er alveg furðuleg kenning, sem hér var haldið fram fyrir nokkrum dögum, að

ríkisstj. þyrfti að losna við þingið, svo að hún fengi frið til að starfa. Hvenær þarf Alþ. að starfa, ef ekki þegar vandamál eru fyrir hendi, sem leysa þarf? Þá á Alþ. að vera ríkisstj. til aðstoðar um lausn málanna og segja henni í sumum tilfellum fyrir um og að öðru leyti að vera ríkisstj. til samráðs um, hvernig skuli snúizt við aðkallandi vandamálum. Hitt nær ekki nokkurri átt, að halda því fram, að Alþ. sé verkefnalaust, einmitt þegar vandamál steðja að. Þá hefur það fangið fullt af verkefnum, og nú er einmitt svo, bæði um verðlagsmál landbúnaðarins, að því er snertir þau brbl., sem sett voru á s. l. hausti, um þetta mál, um að koma fjárlögunum a. m. k. til fjvn., — allt þetta á auðvitað að gerast nú fyrir áramót, ef nokkurt lag er á vinnubrögðum þings og ríkisstj. Nú höfum við sem sé enga vitneskju um það, hvort Alþ. fær frið til að starfa. En hitt dylst engum alþm., að verkefnin eru mörg og mikil, sem Alþ. á að leysa, ber skylda til að leysa með ríkisstj., og það væri gerræði gegn þingræðinu að senda Alþ. heim frá þessum málum óleystum, og það er sýnt, að hvorki forsetar þingsins né hæstv. ríkisstj. getur gefið neina vitneskju um það, hvaða lausn hin aðkallandi mál fái, ef þingið verði sent heim.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð í tilefni af svörum hæstv. félmrh. við þeirri fsp., sem ég beindi til hans hér áðan. Satt að segja fannst mér heldur lítið á svörum hans að græða og varð þess vegna fyrir vonbrigðum af þeim, vegna þess að það kom ekkert ákveðið fram um það, hvað ríkisstj. væri að gera í þessum efnum, heldur aðeins loforð, sem fólu ekki neitt ákveðið í sér, og það alveg sérstaklega tekið fram, að það væri mjög vafasamt, að ríkisstj. mundi gera nokkuð fyrir næstu áramót. Það teldi ég mjög miður farið, ef niðurstaðan yrði sú, vegna þess, hve fjölmargir þeirra, sem hafa sótt um lán til húsnæðismálastofnunarinnar, eiga örðuga aðstöðu og þurfa skjóta hjálp til þess að komast úr þeim vanda, sem þeir eru staddir í. Margir þeirra, sem hafa lagt mikið fé í íbúðabyggingar, sumt lánsfé, sem þeir þurfa að borga af háa vexti, eru strandaðir með þær og verða þess vegna að standa þarna undir miklum skuldum eða útgjöldum án þess að fá nokkuð í aðra hönd. Aðstaða annarra er jafnvel enn þá verri að því leyti, hve lélegt húsnæði þeir hafa eða jafnvel ekkert húsnæði, og þurfa þess vegna að hraða þessum byggingum. Þess vegna má það ekki dragast, að það séu einhverjar raunhæfar ráðstafanir gerðar hið allra fyrsta til að bæta úr þörfum þeirra, sem hafa verstu aðstöðuna, og að því þarf að stefna, að það verði gert nú þegar eða fyrir áramót. Þess vegna vænti ég þess, að þó að svör ráðh. væru nú ekki ákveðnari en þetta, þá sé þó vonandi meiri vilji hér á bak við en þar kom fram og það verði þess vegna eitthvað gert nú strax fyrir áramótin til að bæta úr þörfum þeirra, sem búa við lökustu aðstöðuna.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, vegna þess að hæstv. ríkisstj. telur það eitt af sínum mestu og stærstu verkefnum að vinna að lausn dýrtíðarmálanna, að það er ekkert þýðingarmeira í sambandi við lausn dýrtíðarmálanna en það að hraða íbúðarhúsabyggingum í bæjunum. Ef við lítum á það, hverjar eru helztu orsakir dýrtíðarinnar hér á landi samanborið við önnur lönd, þá er stærstu orsökina fyrst og fremst að finna í húsnæðisskortinum og hinum mikla kostnaði við húsbyggingar og húsaleigu, sem er miklu hærri hér en í nokkru landi öðru. Úr þessu verður ekki bætt á raunhæfari hátt en þann að auka íbúðarhúsnæði svo mikið, að húsnæðisskortinum verði útrýmt, og ekkert vinnur betur að lausn málsins á þessu sviði en það að auka fjármagn byggingarsjóðs ríkisins og stuðla þannig að því, að það sé komið upp sem allra flestum íbúðum af hóflegri stærð. Þess vegna tel ég, að ef ríkisstj. hefur fullan áhuga á því að leysa dýrtíðarmálin, eins og hún talar um, þá eigi hún að beita sér meira að þessu verkefni en nokkru öðru, eigi sem sagt að láta það ganga fyrir öllu öðru, sem hún gerir í þessum málum, vegna þess að hér er um að ræða langsamlega stærstu meinsemdina í dýrtíðar- og verðbólgumálunum.

Í áframhaldi af þessu, sem ég hef nú sagt, vil ég þess vegna vænta þess, að hæstv. ríkisstj. láti hendur standa fram úr ermum, sýni það, að hún vilji raunverulega eitthvað gera í þessum málum, eitthvað annað en það að gefa teygjanleg loforð, og þess vegna verði þannig haldið á þessum málum, að eitthvert verulegt átak verði gert til lausnar þeim nú fyrir áramótin og það verði ekki dregið einhvern ótiltekinn tíma að gera eitthvert sérstakt átak í þessum málum.

Ég vil líka minna hæstv. félmrh. á það, vegna þess að hann var formaður í ríkisstj., sem nýlega lét af völdum, að ég man ekki betur en sú ríkisstj. gæfi mjög ákveðin fyrirheit um það, að hún vildi gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að afla aukinna tekna handa byggingarsjóði ríkisins. Ég minnist þess ekki, — hæstv. ráðh. getur upplýst það, ef það er rangt hjá mér, — að sú ríkisstj., sem hann veitti forstöðu, hafi gert nokkurn skapaðan hlut til þess að auka fjárráð byggingarsjóðs ríkisins umfram það að láta hann fá þær takmörkuðu tekjur, sem hann átti að fá lögum samkvæmt. Þess vegna er það eiginlega tvöföld skylda hæstv. félmrh. að vinna vasklega að þessum málum, skylda hans til að efna loforð, sem ríkisstj. hans gaf, og svo skylda hans sem félmrh. að vinna nú að því alveg á næstu dögum að gera raunhæft og stórt átak í þessum málum með það fyrir augum, að það sé samkv. tillögum húsnæðismálastjórnar bætt úr þörfum þeirra, sem hafa lökustu aðstöðuna í þessum efnum og þurfa á skjótastri aðstoð að halda.

Ef það fást ekki skýrar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj. um þessi efni, er það náttúrlega ný hvatning til þingsins um það að vera ekki neitt að hraða sínum störfum að óskum hæstv. ríkisstj., heldur reyna að vinna að því, að þingið sitji sem lengst til þess að hrinda þessu máli og öðrum nauðsynjamálum áfram. Hins vegar lítur þetta allt öðruvísi út, ef ríkisstj. tekur þessu máli vel og öðrum, sem um er að ræða, og lofar því að vinna vel og myndarlega að lausn þeirra. Ég get a. m. k. sagt það hvað mig snertir, að ég hefði aðra afstöðu til þingfrestunartillögu ríkisstj., ef ég hefði tryggingu fyrir því, að hún ætlaði að vinna vel og ötullega, meðan þingfrestunin stæði yfir, að lausn mála eins og þessara. Ef hins vegar fást ekki skýr svör um þetta efni frá ríkisstj., er það náttúrlega ærin hvatning til þm. um að stuðla að því, að þingið sitji sem lengst og reyni á þann hátt að hafa áhrif á það, að hægt sé að þoka þessum og öðrum nauðsynjamálum áleiðis.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að beina þeirri ósk til forseta, að þær kosningar, sem á dagskránni eru í dag, fari ekki fram í dag, heldur verði frestað. Hins vegar vil ég leyfa mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. út af atburði, sem gerðist í gær.

Í gær, á fullveldisdaginn, flutti einn ráðuneytisstjóri ríkisstj. ræðu, Jónas Haralz, ráðuneytisstjóri fyrir hinu nýmyndaða efnahagsmálaráðuneyti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að spyrja: Flytur ráðuneytisstjórinn þá ræðu, sem hann gerir, á eigin ábyrgð? Ef svo er, þá álít ég, að hér sé framið alveg dæmalaust taktleysi. Það mundi enginn af þeim ráðuneytisstjórum, sem hjá okkur starfa í stjórnarráðinu, leyfa sér að fara að flytja um mál, sem undir hann heyra, ræðu eins og þessi ráðuneytisstjóri gerði í gær. Mér er sem ég sjái t. d. ráðuneytisstjóra fjmrn. fara að halda ræðu í útvarpið um það, hvaða tolla skuli leggja á, hve háir þeir skuli vera, af hvaða vörum þeir skuli vera, og annað slíkt. Og ég er hræddur um, að ef einn ráðuneytisstjóri leyfði sér að halda slíka ræðu um það, sem undir hans ráðuneyti heyrir, upp á eigin spýtur, þá mundi hann ekki vera lengi ráðuneytisstjóri eftir það.

Ég vil lýsa því yfir, að svo framarlega sem Jónas Haralz ráðuneytisstjóri hefur flutt þessa ræðu án samráðs við ríkisstj., þá er verið að fremja embættisafglöp, sem ekki er hægt að þola. Ef einn ráðuneytisstjóri tekur upp á því að fara að tala um mál, sem heyra undir hans ráðuneyti, og segja, hvað gera skuli í þeim, þá er hann annaðhvort að tala um hluti, sem á að fara að gera, og kjafta frá því, sem á að liggja í leynd, þangað til ríkisstj. kemur fram með það, eða þá að hann er að tala út í bláinn um einhverjar persónulegar skoðanir og óskir sínar. Ég býst við, að það séu engir menn í þessu landi í þeirri oft mjög erfiðu aðstöðu, sem okkar ráðuneytisstjórar yfirleitt hafa staðið sig mjög vel í, engir af okkar embættismönnum í eins erfiðri aðstöðu og þeir, að ráðuneytisstjórarnir, sem náttúrlega hafa sínar skoðanir eins og aðrir embættismenn, en verða raunverulega alltaf að vera þjónar ráðherranna, geta auðvitað ráðlagt þeim einlæglega, ef þeir vilja, en verða í öllu sínu framferði raunverulega alltaf að vera alveg sérstakir þjónar viðkomandi ráðh., sem þeir eiga að geta treyst á til að kunna bæði að þegja og tala á réttum tíma.

Ég álít þess vegna, að það séu framin embættisafglöp af þessum ráðuneytisstjóra, ekki sízt þar sem hann talar um málefni, sem heyrir undir það ráðuneyti, sem hefur verið myndað undir hans forsæti. Ef hann hefði verið að tala um málfræði eða háskólann eða eitthvað slíkt, hefði gegnt öðru máli. Ég álít, að hafi hann talað án samráðs við ríkisstj. sem ráðuneytisstjóri þarna, þá séu þetta bein embættisafglöp, sem ekki sé hægt að þola, og það mundi enginn annar ráðuneytisstjóri, sem ég þekki í stjórnarráðinu, hafa gert þetta og hefur ekki gert, svo að mér sé kunnugt.

Þá er hitt til, að ráðuneytisstjórinn hafi talað í samráði við ríkisstj., því að ég ætla einum ráðuneytisstjóra vart þá dul, það taktleysi veit ég að vart muni vera til, að einn ráðuneytisstjóri hafi ætlað sér með ræðu, sem hann flytur 1. des., á fullveldisdaginn, að fara að segja sínum ráðherra eða sínum ráðherrum fyrir verkum. Þá færi virkilega skörin að færast upp í bekkinn, ef einum ráðuneytisstjóra finnst, að hann eigi að segja ráðh., hvað þeir eigi að gera, þeim mönnum, sem kosnir eru af þjóðinni og þinginu til þess að stjórna landinu.

Þá er hitt til, að þessi ráðuneytisstjóri hafi talað í samráði við ríkisstj., og að því vil ég spyrja, hvort það sé svo, að sú ræða, sem var flutt í gær af næstæðsta embættismanni stjórnarráðsins á þessu sviði, hafi verið flutt í samráði við ríkisstj., án þess þó að þess hafi sérstaklega verið getið. Og þá verð ég að segja, að það þykir mér talsvert furðulegur háttur um tilkynningar til þjóðarinnar, ef ráðuneytisstjórar eru látnir bera fram þá stefnu, sem eigi að fylgja, svo að segja fyrir hönd ríkisstj., án þess að geta um, að það sé fyrir hönd ríkisstj. Ég get vart trúað, að slíkt sé meiningin. En sé svo, held ég, að það þurfi að koma fram nú þegar. Svo fremi sem Jónas Haralz ráðuneytisstjóri efnahagsmrn., sem heyrir undir alla ríkisstj., hefur í gær verið að boða stefnu f. h. allrar ríkisstj. og þessi óvenjulegi háttur hefur verið hafður á að láta hann boða slíka stefnu á þessum stað og þessari stundu á þennan hátt, þá held ég, að tími sé til kominn, að hæstv. ríkisstj. segi við

Alþingi, að Alþingi virði hún vissulega ekki svars, en hún láti einn ráðuneytisstjóra, nýskipaðan yfir nýtt ráðuneyti, flytja þjóðinni boðskap án þess að tilkynna, að það sé boðskapur ríkisstj. um leið.

Ég vildi mega álíta, að það væri ekki nema tvennt til, þegar ráðuneytisstjóri úr stjórnarráðinu flytur svona ræðu, að annaðhvort talar hann á eigin ábyrgð, og þá á hann ekki að tala sem ráðuneytisstjóri í því embætti, sem hann er, eða þá hann talar f. h. ríkisstj., og þá á hann að tilkynna það. Eitt af þessu tvennu gæti maður búizt við að hlyti að vera hátturinn, sem þarna væri hafður á, og ég vonast til þess, að ríkisstj. leysi úr því.

Það kunna máske margir að álíta, að það kunni að vera það þriðja til, að Jónas Haralz ráðuneytisstjóri sé látinn tala 1. des., á fullveldisdaginn, halda þá fyrstu ræðu, sem hann heldur, eftir að búið er að búa til þetta ráðuneyti, sem heyrir undir alla ríkisstj., sem eins konar prógramræðu um, hvað gera skuli í efnahagsmálum Íslands á næstunni, sem einhver vísindamaður. Hafi slíkt verið tilgangurinn, er það mjög illa af stað farið, í fyrsta lagi að velja til slíks ráðuneytisstjóra. Það er sú tegund embættismanna íslenzka ríkisins, sem sízt hefur verið flíkað í pólitískum deilumálum og á ekki að gera leik að, hvorki af þeirra hálfu né annarra, að draga þá inn í þau. Þeir hafa svo að segja verið þeir ópólitískustu þjónar í stjórnarráðinu, þó að þeir eigi að geta haft sínar skoðanir eins og aðrir menn.

Væri svo, að það hafi hins vegar verið tilgangurinn, þá vil ég aðeins lýsa því yfir, ef það kynnu að vera einhverjir, sem glæpast á því, þegar slæm ráð eru brugguð þjóðinni undir yfirskini vísinda og jafnvel embættismennsku, að vísindalegan grundvöll var ekki að finna í þessari ræðu. Og það er furðuleg ósvífni af einum embættismanni úr stjórnarráðinu að leyfa sér að koma fram á fullveldisdaginn til þess að gera ráðstafanir til þess að reyna að rífa allt niður, sem sjálfstæði Íslands byggist á. Ég vil aðeins geta þess, af því að ég ætla ekki í umr. um þetta mál hér nú, en óska aðeins eftir svari frá ríkisstj., að svo framarlega sem slík efnahagspólitík hefði verið viðhöfð síðustu 20 árin, sem þessi ráðuneytisstjóri efnahagsmrn. lagði til í sinni ræðu í gær, þá hefði Ísland búið í dag við sömu fátæktina og fyrir stríð. Hæstv. viðskmrh. var nýlega að hæla sér af því við einn erlendan ráðamann, Mikojan, sem kom hér á Keflavíkurflugvöll, að hér á Íslandi byggju menn við einhver beztu kjör í heimi. Hæstv. viðskmrh. hefði ekki þurft að hæla sér af því, svo framarlega sem vísindamenn af því tagi, sem þessi ráðuneytisstjóri er, eftir tali hans í gær að dæma, hefðu fengið að ráða því, hvað gert hefði verið hér á Íslandi síðustu 20 árin. Þá hefði sama fátæktin, sama eymdin verið hérna eins og var fyrir stríð, ef farið væri að þeim kenningum, sem þar voru boðaðar.

Það þykir máske eðlilegt af öllum almenningi í landinu að ganga í skrokk á þeim mönnum, sem kallaðir eru stjórnmálamenn, svívirða þá við öll möguleg tækifæri og níða niður þeirra verk. En Ísland væri ekki það, sem það er í dag, þannig að hæstv. ráðh. finna meira að segja ástæðu til að hæla sér af því gagnvart útlendum mönnum, svo framarlega sem það hefðu ekki verið stjórnmálamenn Íslands í samráði við alþýðuna á Íslandi, sem hefðu gert Ísland sérstaklega á síðustu 20 árum að því, sem það er, án þess að hlusta á og með því að traðka undir fótum vitlausar ráðleggingar þeirra manna, sem ekkert hafa gert annað og aldrei hafa séð önnur úrræði en reyna að steypa Íslandi fram af einhverju ímynduðu hengiflugi, sem þeir hafa séð. Það eru stjórnmálamenn Íslands í virku samstarfi við þjóð þessa lands, sem hafa umskapað Ísland á þessum 20 árum án þess að fara eftir vitlausum hagfræðikenningum, sem ungir skólapiltar læra í skóla og vilja fá tækifæri til að hafa íslenzku þjóðina tilraunadýrið fyrir.

Ég mundi álíta það illa farið og vil segja það við ríkisstj., af því að mér finnst á henni, að hún vilji flýta sér að losna við öll áhrif stjórnmálamanna og Alþingis, kannske fara að ráðum einhverra svona hagfræðinga, — ég vil segja það við hana, að það að hleypa þessum mönnum að íslenzkum þjóðarbúskap, þeim sem við, þessir stjórnmálamenn, í krafti þeim, sem þjóðin hefur gefið okkur, höfum skapað á þessum árum, hleypa þeim að þeim lífskjörum, sem við höfum mótað á Íslandi í þessi 20 ár, það er eins og að láta skottulækni ganga að lifandi manni með ryðgaða breddu í hendinni til þess að skera hann upp og hlaupa frá uppskurðinum í miðju kafi. Við höfum séð þess háttar tilraunir gerðar hér áður, fyrir 10 árum, og mig langar ekki til að lifa þær aftur fyrir mitt leyti. Þess vegna óska ég eftir, að ríkisstj. gefi yfirlýsingu um það, hvort þessi ræða var flutt af ráðuneytisstjóranum að hans eigin frumkvæði eða hvort hún var flutt að einhverju leyti í samráði við hæstv. ríkisstj. og eigi að boða stefnu hennar. Og vara vil ég svo ríkisstj. við, ef einhver úr henni kynni að glæpast á því að vilja taka það sem einhver óskeikul vísindi, sem lærðir menn bera fram, að fara út í það ævintýri að fara að prófa þau á okkar þjóð. Menn geta treyst læknum fyrir að skera sig upp við slæmum kvilla. En ef menn ætla að treysta hagfræðingum fyrir því að stjórna því, hvernig þjóðfélagið eigi að vera, í stað þess að hafa manndóm, eins og við íslenzkir stjórnmálamenn höfum reynt að hafa undanfarið, til þess að stjórna landinu sjálfir með því umboði, sem okkur er gefið, þá vil ég a. m. k. vara ríkisstj. við því að ætla að skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem á okkur hvílir, með því að ætla að vitna í, að farið hafi verið að ráðum einhverra vísindamanna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ummæli hv. 3. þm. Reykv. (EOl) gætu að vísu gefið tilefni til almennra umræðna. En eins og mér skildist á honum sjálfum, er allmikið orðið af þeim nú þegar síðustu daga á Alþ., og skal ég því ekki fara út í þá sálma, heldur stuðla að því af minni hálfu, að afgreiðsla mála geti gengið greiðlega hér í þinginu, og svara einfaldlega og sem athugasemdaminnst þeim fsp., sem hv. þm. ber fram.

Eins og hv. þm. og raunar alþjóð veit, hefur það aldrei tíðkazt, að ríkisstj. Íslands, hver sem hún er, réði því, hver talaði 1. des. af hálfu stúdenta. Það hefur stundum átt sér stað, að það hefur verið maður úr ríkisstj., en þá hefur það ætíð verið stúdentaráð Háskóla Íslands, sem það hefur ákveðið, — og eftir atvikum, eins og mér skilst nú, almennur stúdentafundur goldið samþykki sitt til þess, hver maður skyldi tala. Á þessu er engin breyting að þessu sinni frekar en áður. Ég hygg meira að segja, að ég hafi lesið það í því blaði, sem hv. 3. þm. Reykv. tekur væntanlega trúanlegra en flest önnur blöð, Þjóðviljanum, að gangur þessa máls hafi verið sá, að fyrst hafi stúdentaráð háskólans beðið Jónas Haralz um að tala og tala um efnahagsmálin. Síðan hafi einhverjum í hópi stúdenta ekki líkað, hvorki mannvalið né efnið, sem ræða átti um, og þess vegna hafi málinu verið skotið til almenns stúdentafundar. Á honum var með mjög verulegum atkvæðamun samþykkt að halda fast við ákvörðun stúdentaráðs. Það er því ljóst, að það er sami aðili og vant er, nú meira að segja með samþykki almenns stúdentafundar, sem hefur farið þess á leit við Jónas Haralz að tala á þessum tíma, hinn 1. des., og tala um efnahagsvandamálið.

Það þarf ekki að taka fram, að þetta var ekki gert að tilhlutan ríkisstj., sem var ekki búið að mynda, þegar þessi ákvörðun var tekin, né var ræðan frekar en aðrar slíkar ræður borin undir ríkisstj. Um ástæðuna fyrir því, að stúdentar völdu Jónas Haralz til að tala, get ég ekki sagt. Það er nýtt, ef stúdentar eru svo hollir við embættismenn, að þeir velji menn einungis vegna þess tillits, að þeir séu ráðuneytisstjórar, enn þá nýrra, að stúdentar séu svo stjórnhollir, að þeir velji mann sem talsmann stjórnar, sem er ekki búið að mynda, svo að ég hygg, að hv. þm. hafi komizt næst sannleikanum, þegar hann nefndi þriðja möguleikann, í hvaða eiginleika hinn ágæti ræðumaður hefði talað, að hann hefði verið beðinn um að tala sem vísindamaður, sérstakur fróðleiksmaður um þessi efni.

Nú má vel vera, að hv. þm. telji, að hinum ungu mönnum hafi missýnzt í þessu vali. En ef svo er, þá eru þeir ekki einir um þá missýningu eða misskilning, vegna þess að Jónas Haralz hefur ekki aðeins lokið ágætum prófum, notið mikils trúnaðar hjá tilteknum pólitískum flokki hér á landi áður fyrri, einmitt sakir afburða hagfræðiþekkingar, unnið hjá alþjóðastofnun úti í heimi og notið þar meira trausts en flestir aðrir, er óhætt að segja, heldur var hann einnig kallaður hingað til landsins af hinni hásælu, nú látnu vinstri stjórn til þess að vera sérstakur ráðunautur hennar í efnahagsmálum. Og þó að okkur sjálfstæðismönnum hafi ekki komið saman við vinstri stjórnina sálugu um margt, þá höfum við frá upphafi talið, að þarna hafi verið mjög vel valið, svo að ég held, að þessi maður hafi ekki aðeins úti í löndum, heldur einnig af hálfu allra aðila á Íslandi, sem af hans starfsferli hafa haft skipti, hlotið alveg óvenjulega viðurkenningu og þess vegna sé e. t. v. ekki óeðlilegt, að hinir ungu menn hafi beðið hann um að tala sem sérstaklega færan og fróðan mann um efnahagsmálin hinn 1. des. Það gerir hann svo auðvitað á sína ábyrgð, og þarf ekki að taka það fram, sem hv. þm. veit, að hér á landi gildir málfrelsi. Það er svo hvers og eins að meta, hvað hann gerir með skoðanir þessa manns eins og annarra manna. Það er ekki stjórnarvaldanna eða Alþ. að segja til um það. Þessi maður talaði í alþjóðar áheyrn, og það verður alþjóð, sem að lokum leggur dóm á það, hvers meta beri þær skoðanir, sem þarna voru fram settar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins út af svari hæstv. dómsmrh., sem ég vil þakka honum fyrir. Mér þykir vænt um að heyra, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn sem komið er fallizt á þær skoðanir, sem fluttar voru í erindi Jónasar Haralz, og að hæstv. ríkisstj. sér ástæðu til þess að taka það fram, að hann hafi ekki að neinu leyti flutt þetta í samráði við hana.

Þá liggur hitt fyrir, sem ég talaði um og ég vil ekki taka til baka, að ég álít það taktleysi af ráðuneytisstjóra í efnahagsmrn. stjórnarráðsins að ræða um þessi mál, einmitt þegar þau eru önnur eins hitamál og nú er, og álít, að það hafi verið mjög óheppilegt af honum sem embættismanni í þessari stöðu að gera slíkt. Þar með er ég ekki að banna honum að hafa sínar skoðanir, það er réttur hvers manns, en það er um leið skylda hvers embættismanns, í þeirri stöðu sem hann er, að kunna nokkra gát á sinni tungu. Hefði ráðuneytisstjóri fjmrn., Sigtryggur Klemenzson, verið beðinn um að tala af hálfu stúdenta um tollaálagningar á Íslandi á næstunni og tollatilhögun, þá efast ég um, að sá ráðuneytisstjóri hefði gert það eða honum hefði þótt viðeigandi að fara að ræða um það, hvað hann áliti, að ætti að verða af nýjum tollum, hærri tollum, lægri tollum eða slíku, í þeim tollalögum og fjárlögum, sem ætti að samþykkja næst.

Það var eins og ég því miður bjóst við, að hæstv. ríkisstj. og jafnvel fleiri í landinu mundu vilja líta svo á, að þessi maður hefði einhverja vísindalega þekkingu á efnahagsmálum til að bera. Það er einmitt það, sem skortir, og það er það, sem ég vildi alveg sérstaklega vara við. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að þessi maður hefur hlotið all-

mikinn frama erlendis. Það var nákvæmlega það sama með þann mann, sem kallaður var hingað heim fyrir 10 árum, 1950, dr. Benjamín Eiríksson, hálærður maður, hafði hlotið mikinn frama erlendis. Það var trúað á hann sem sérstakan sérfræðing. En það er bara sitt hvað að stúdera við háskóla í framandi löndum, þótt stórveldi séu og góðir háskólar, læra þar skólalærdóm og ætla svo að fara að gera tilraunir með, hvort þeir kunna þetta og hvort þeir hafa skilið það, á lífi íslenzku þjóðarinnar. Það er of dýr tilraunastöð fyrir skólapilta, þó að þeir hafi fengið doktorsnafnbót og sitt hvað annað slíkt. Og hæstv. ríkisstj. mætti læra af því. Það var ekki um annað talað hér fyrir 10 árum, 1950, þegar gengið var lækkað, heldur en þau vísu ráð dr. Benjamíns Eirikssonar efnahagssérfræðings ríkisstjórnarinnar, tilkallaðs frá amerískum háskólum, amerískum alþjóðabanka og öðru slíku til þess að ráða fram úr efnahagsvandamálunum. Og hvað var gert? Það var gripið til ráða, sem sköpuðu vandræðaástand á Íslandi, sem seinkuðu þróun þjóðarinnar a. m. k. um 7 ár. Og hvað gerðu svo þessi yfirvöld, sem treystu þessum vísindamanni? Jú, þau hafa kúldað honum niður í einum banka í bænum við að búa til glerfjöll og kalla hann ekki oftar til ráðlegginga um efnahagsmál, fengu nóg af þessu eina. Og ég er hræddur um, að það verði eins, ef á að fara að eins nú. — Og út af því, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, að jafnvel sú hásæla vinstri stjórn hefði átt þátt í því að kalla hann hingað til landsins, — það er alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh., og hann lýsti samþykki sínu á því, þó að hann væri annars ekki hrifinn af vinstri stjórninni. Það voru vissir hlutir, sem vissir flokkar í vinstri stjórn og stjórnarandstaðan þá virtist vera hjartanlega sammála um. En ekki hlaut vinstri stjórnin mikla blessun af þeim ráðleggingum, sem þessi efnahagsmálasérfræðingur gaf henni, þannig að ef það á að fara að reyna að telja almenningi trú um, að vegna þess að menn séu lærðir, hafi gengið á erlenda háskóla, hafi hlotið frama hjá útlenzkum alþjóðabönkum eða öðru slíku, þá er það ekki það, sem þarf til þess að gera líf íslenzku þjóðarinnar gæfusamt. En það er það, sem vantar í allra orðabók, þessara blessaðra hagfræðinga, þessara hálærðu skólapilta, sem kallaðir eru til. Þeir vita ekkert um lífsbaráttu þessarar þjóðar og hvernig þarf að búa að henni, til þess að hún geti lifað gæfusöm í sínu landi. Ég veit ekki betur en hæstv. viðskmrh. hafi sjálfur verið að lýsa því yfir, að hún hafi aldrei búið við betri kjör en nú og að við getum verið stoltir af því. En hún hefði ekki gert það, ef þessir menn hefðu komið nokkurs staðar nærri s. l. 20 ár til þess að reyna að hafa áhrif, þegar góð áhrif voru höfð í íslenzku þjóðlífi. Þeir hafa komið nærri til þess að spilla fyrir eða rýra það, sem gert var. En það getum við rætt undir öðrum dagskrárlið en hér utan dagskrár.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er aðeins til þess að taka fram eina eða tvær staðreyndir til viðbótar, en ekki í því skyni að hefja almennar deilur.

Fyrst varðandi Benjamín Eiríksson, þá er það mikill misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að það sé sérstök óvirðingarstaða að vera bankastjóri. Ég held, að það hafi aldrei þótt hér á landi, svo að það er síður en svo, að Benjamín hafi verið gerður að eins konar próventukarli með því að vera settur yfir þá stofnun, sem hann nú stjórnar. Þar að auki er rétt, að það komi ljóst fram, að eftir því sem ég veit, þá er Benjamín stöðugt kallaður til við lausn hinna vandasömustu mála. Á þeim stutta tíma, sem ég hef nú verið í stjórn, hef ég heyrt vitnað til hans ráðlegginga, og ég vissi, að hann var í sendiförum og í ráðum fyrir vinstri stj., og ég vissi, að hann var einn af ráðunautum þeirrar stj., sem ég sat í fyrir árið 1956. Það er líka algerlega rangt, að tillögur dr. Benjamíns hafi orðið til að seinka þróun hér á landi um sjö ár, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, um leið og hann talar um hinar miklu framfarir, sem orðið hafi hér á síðustu 20 árum. Það liggja þvert á móti fyrir ótvíræð og óhnekkjanleg gögn um það, að framleiðsluaukning var hlutfallslega meiri á árunum 1952, 1953, 1954 og 1955, meðan ráðleggingar dr. Benjamíns fengu að njóta sín til fulls, heldur en eftir að áhrif verkfallanna miklu frá 1955 komu til, sem vinstri stj. síðan eyddi meginkröftum sínum til að ráða við og henni tókst aldrei til hlítar. Þetta sést, ef skýrslur eru skoðaðar. Þetta var rakið nú í kosningabaráttunni. Þar kom fram nokkur leiðrétting og bent á það, að sennilega mundi framleiðsluaukning hafa verið eitthvað meiri síðustu árin en talið hafi verið í þessum bráðabirgðaskýrslum. En það var þó ljóst, að á þeim tímum, sem segja mátti, að ráðleggingar dr. Benjamíns væru í fullu gildi, var framleiðsluaukningin hlutfallslega meiri en hún hefur orðið seinna. Er nauðsynlegt, að menn átti sig á þessu, og fullyrðingar hv. 3. þm. Reykv. eru þess vegna gersamlega rangar, hvíla á algerum misskilningi.

Ég met hv. 3. þm. Reykv. mjög mikils og tel hann fróðan mann, þó að ég sé honum ósammála í stjórnmálum. Hins vegar get ég ekki talið hann sem æðsta úrskurðarvald í hagfræði eða hverjir séu fremstu hagfræðingar Íslands. Ég veit ekki til þess, að hann hafi umfram okkur hina nokkra sérstaka hæfileika til þess að dæma um það. En látum það vera. En ef hann vill gera sjálfan sig að hæstarétti í þeim efnum, verður hann að vera eitthvað samræmari sjálfum sér í fullyrðingunum og dómunum en hann hefur verið. Ég man ekki, hvort það var heldur 1946 eða 1950, sem þessi ágæti hv. þm. hélt því mjög að okkur borgurum í Reykjavík, að við ættum að velja Jónas Haralz sem bæjarfulltrúa, þá gersamlega óreyndan mann, en vegna hans afburða hagfræðiþekkingar átti að taka hann ungan, ný-

kominn frá skólaborðinu, af því að hann hefði aflað sér betri hagfræðiþekkingar en flestir aðrir. Þetta var boðskapur hv. þm. þá gagnvart okkur Reykvíkingum. Það létu margir orð hins merka manns hafa áhrif á sig, og skjólstæðingur hans var kosinn í bæjarstjórn. Síðan starfaði hann nokkurn tíma þar, starfaði síðan að margvíslegum málefnum hér á landi og hefur síðan unnið hjá alþjóðastofnunum. Það tjáir engum að halda því fram, að sú reynsla, sem Jónas Haralz hefur fengið af margvíslegum störfum innanlands og utan, eftir að hann var búinn að taka þau ágætu próf, sem hv. 3. þm. Reykv. taldi nóg, til þess að hann yrði kosinn bæjarfulltrúi Reykjavíkur, þá kornungur, eigi að gera hann með öllu ófæran og að nú eigum við ekkert mark að taka á honum, en við áttum að trúa á hvert orð, sem hann sagði, þegar hann kom alveg nýsleginn frá prófborðinu.

Það hafa einmitt fáir menn, sem ég hef séð, ef svo mætti segja, þroskazt mannvænlegar en Jónas Haralz og sannað það í verki, að það er allt annað að gleypa ómeltar einhverjar kenningar eða læra af lífinu, eins og þessi ágæti maður bersýnilega hefur gert. Það er sem sagt ekki lífslærdómurinn, sem hv. þm. í raun og veru metur, þó að hann segi svo. Það er aðeins skólalærdómurinn, sem hann vill taka mark á, því að hann vill ekki gera neitt úr þeirri miklu reynslu, sem þessi maður hefur fengið umfram flesta aðra.

Þar fyrir utan vil ég svo taka fram, að ríkisstj. sá ekki ástæðu til af sinni hálfu að taka neitt fram um þessa ræðu Jónasar Haralz. Ég tek það bara fram til þess, að orð hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann vitnaði í mín orð, verði ekki misskilin. Hér hefði engin yfirlýsing um þetta efni verið gefin, ef hv. 3. þm. Reykv. hefði ekki borið fram alveg ákveðnar spurningar, og þá var sjálfsagt að svara þeim satt og rétt eins og málið liggur fyrir. Það mun vera með ríkisstj. eins og með aðra landsmenn, að við munum meta það, sem Jónas Haralz hefur haldið fram, eftir rökum hans málstaðar.

Einar Olgeirsson: Hæstv. dómsmrh. vildi bera brigður á, að þau hefðu orðið til að draga úr þróun íslenzkrar framleiðslutækni, þau ráð, sem Benjamín Eiríksson gaf 1949 og 1950. Ég skal sanna það fyrir honum. Íslenzk framleiðslutækni var stóraukin á árunum 1944—48. Á þeim árum og næstu árum á eftir komu í gagnið líklega um 40 togarar, sem keyptir höfðu verið, allmörg hundruð báta, verksmiðjur, sem reistar höfðu verið, og vélar, sem keyptar höfðu verið inn. Og það var þessi framleiðsluaukning, sem varð á þessum árum, sem gaf grundvöllinn að því, að það fór batnandi framleiðslan á Íslandi á árunum frá 1950 og þar á eftir. Grundvöllurinn var lagður á þessum 5—6 árum.

Það, sem Benjamín Eiríksson lagði til, þegar hann var kallaður hingað, var að láta þetta allt saman stjórna sér sjálft og að stjórnmálamenn væru ekki að skipta sér af því, að mótorbátar væru keyptir, togarar keyptir, vélar keyptar eða annað slíkt til landsins. Þetta skyldi allt saman fá að stjórna sér sjálft og fjármagnið mundi fara þangað, sem nauðsynlegast væri, það yrði bara að gefa allt frjálst. Hver varð afleiðingin? Á 6—7 árum eru keyptir til landsins 5000 bílar, af því að menn, sem höfðu fjármagn, vildu gjarnan leggja fjármagn í bíla, — enginn togari, ekki einn einasti til viðbótar þeim flota, sem fyrir var. Þetta var afleiðingin, þegar það átti að stjórna sér sjálft, hvert fjármagnið streymdi, — sama kenningin sem Jónas Haralz er með í dag.

Þess vegna þarf ég ekki nema að minna á þetta, af því að sjálfur átti hæstv. dómsmrh. sinn hlut að því að leggja þennan grundvöll að framleiðsluaukningu Íslands, sem Ísland lifir á enn þá, — ég þarf ekki annað en minna á það, þá sjá menn, hvað það er, sem þjóðin hefur lifað á síðan. Og ekkert af þeim togurum og enginn af þeim bátum hefðu verið keyptir, ef árið 1944 hefði verið farið eftir ráðum Benjamíns Eiríkssonar eða Jónasar Haralz, — ekki einn einasti.

Í öðru lagi, viðvíkjandi Jónasi Haralz, að hann hefði verið að mínu áliti nýtur í bæjarstjórn hér í gamla daga. Ég veit nú ekki, hvort það þarf svo geysilegar „kvalifikasjónir" til þess að vera í bæjarstjórn í Reykjavík. Það þarf náttúrlega allnokkrar, og ýmislegt er gott um þennan mann, ég þekki hann vel og veit það ósköp vel. En svo gerðist bara þessi leiði hlutur, að hann fór að fljúga til Ameríku. Og það verður stundum svoleiðis með Ameríku, eins og er yfirleitt með voldugt peningavald, að menn spillast af því að koma í samband við það. Og lífslærdómurinn, sem við þurfum að fá, það er lífslærdómurinn af að starfa hérna á Íslandi, gera íslenzkt líf, gera mannlíf hér á Íslandi betra og gæfusamara en það var, en ekki láta gera líf þeirra manna, sem hafa trúað okkur fyrir sinni framtíð, að tilraunadýri, svo að segja, fyrir kenningar, sem ungir menn hafa lært við volduga, útlenda háskóla í ríku umhverfi, hjá þjóðum, sem hentar allt annað en okkur Íslendingum hentar.

Á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, hefur það verið alveg ófrávíkjanlegur siður á Alþingi, að 1. umr. fjárlaganna hefur farið fram í þingbyrjun og fjárlagaræðan hefur verið haldin, og þær upplýsingar hafa þá komið fram, sem fjármálaráðherrar hafa haft að gefa þingheimi. Ég hygg, að frá þessu hafi aldrei verið vikið. Stundum hefur það að vísu komið fyrir, að mál hafa legið þannig, að fjmrh. hafa ekki getað lýst því yfir í fjárlagaræðunni, hverjar yrðu endanlegar till. þeirra eða ríkisstjórnanna um afgreiðslu fjárlaganna eða efnahagsmálin yfir höfuð. En þótt þannig hafi staðið á, hefur það þótt sjálf-

sögð skylda eigi að síður að halda fjárlagaræðuna og gefa þær upplýsingar um efnahagsmálin, sem hægt hefur verið að gefa.

Nú höfum við orðið vitni að því, undanfarið, að hæstv. forsrh. t. d. hefur á fundi hjá pólitísku félagi hér í bænum gefið upp ákveðnar tölur varðandi það, hvað fram undan væri í íslenzku efnahagslífi. Hann hefur lýst því yfir á fundi í pólitísku félagi, að það muni á næsta ári vanta um 250 millj. kr., til þess að endar nái saman hjá ríkissjóði og útflutningssjóði. Og þegar hæstv. forsrh. segir þetta, þá hlýtur hann að byggja þetta á einhverjum skýrslum, einhverri vitneskju, sem hann hefur fengið frá mönnum, sem hann telur hæfa til að gefa slíkar upplýsingar, því að ekki mega menn ætla forsrh. landsins það, að hann nefni tölu eins og þessa út í bláinn.

Þá vil ég einnig benda á, að nú skeði það í gær, að einn höfuðtrúnaðarmaður ríkisstj. ræddi efnahagsmálin, líka utan þings, og flutti þar margvíslegar fullyrðingar, sem hljóta að byggjast á upplýsingum, sem fyrir liggja væntanlega um þessi efni, fyrir utan bendingar og tillögur, sem fram komu hjá þessum ræðumanni. Út af þessu öllu saman vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og vona, að hann svari því hreinskilnislega og afdráttarlaust: Kemur það til mála, að Alþingi verði frestað, án þess að fjárlagaræðan verði haldin?

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær ráðstafanir og aðgerðir, sem gera þarf í efnahagsmálum þjóðarinnar, krefjast alllangs undirbúnings, eins og ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. séu sammála um. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að væntanleg frumvörp ríkisstj. varðandi þau mál verði tilbúin og lögð fyrir Alþ. fyrr en eftir áramót. Af þessum ástæðum hefur verið fram borin till. um þingfrestun. Fjárlög ríkisins standa í nánu og órjúfandi sambandi við efnahagsráðstafanirnar. Það er því ljóst, að þær munu hafa veruleg áhrif til stórfelldra breyt. á fjárlagafrv. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að óhjákvæmilegt verði og ekki aðeins óhjákvæmilegt, heldur sjálfsögð og skynsamleg vinnubrögð að semja nýtt frv. til fjárl. fyrir árið 1960, sem yrði þá samið með hliðsjón af hinum væntanlegu efnahagsaðgerðum. Þetta mál liggur því þannig fyrir, að ég geri ráð fyrir, að þegar Alþ. kemur saman að nýju og lögð verða fyrir það frumvörp varðandi efnahagsráðstafanir, þá verði einnig lagt fyrir þingið nýtt frv. til fjárl. Ég tel miklu eðlilegra, að fjárlagaræðan fari fram þá heldur en nú, áður en þingi verður frestað.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. fjmrh. svaraði spurningu minni þannig, að því er mér virtist, að fjárlagaræðan mundi ekki verða haldin nú og að þingi mundi verða frestað, án þess að fjárlagaræðan væri haldin. Og hann vildi afsaka þetta fordæmalausa tiltæki með því, að svo gæti farið, að það yrði að semja nýtt fjárlagafrv.

Ég hygg, að hæstv. fjmrh. hljóti að vera það alveg ljóst, að það er til þess ætlazt af honum, að hann gefi Alþingi þær upplýsingar, sem hann hefur um efnahagsmálaástand landsins og um ástæður ríkissjóðs sérstaklega. Og það er ætlazt til þess, að hann geri það núna og hafi um það engin undanbrögð. Það stendur alveg skýrt í stjórnarskránni, að það skuli leggja fjárlög fyrir í þingbyrjun, og þetta er ekkert málamyndaákvæði, sem er ætlað til þess, að menn skjóti sér undan því á þann hátt að leggja fram frv. og láta ekki fara fram umr. um það, heldur er þetta ákvæði fullkomlega einn af hyrningarsteinunum í okkar þjóðskipulagi. Þetta hygg ég, að hæstv. fjmrh. sé rétt að gera sér ljóst og að það er aðeins gert til málamynda að leggja frv. fyrir, ef 1. umr. fjárlaganna fer ekki fram. Og það afsakar ekki þetta, þó að það kæmi til mála að semja nýtt fjárlagafrv., því að Alþingi þarf að fá að vita núna og á kröfu á því að fá að vita núna, hvernig ástatt er um efnahagsmálin.

Hæstv. fjmrh. gæti t. d. gefið okkur upplýsingar um það, hvernig ríkisbúskapurinn stendur, eins og venja er að gera við þetta tækifæri. Það er honum skylt að gera, og það á hann að gera. Hæstv. fjmrh. er líka alveg skylt að gefa Alþingi skýrslu um það, á hvaða skýrslum og hvaða tölum hæstv. forsrh. hefur byggt þá fullyrðingu sína, sem þegar er komin fram í stjórnmálafélagi hér í bænum, en ekki á Alþingi, — ekki á Alþingi, — að það vanti 250 millj. kr., til þess að ríkisbúskapur geti staðizt næsta ár og útflutningssjóðurinn. Hæstv. fjmrh. er skylt að gefa upplýsingar um þetta hér á Alþingi, og ég mótmæli því algerlega þessum vinnubrögðum, sem fyrirhuguð eru af hendi hæstv. fjmrh., og tel þau móðgun við Alþingi. Ég tel það móðgun við Alþingi, ef hæstv. fjmrh. dettur í hug að senda Alþingi heim án þess að gefa því skýrslu um efnahagsmálin við 1. umr. fjárlaganna. Og það afsakar hann ekki í einu eða neinu, þó að stjórnin hafi ekki framtíðartill. sínar tilbúnar, því að það er skylt að gefa þinginu upplýsingar um staðreyndir í þessum málum, hvað sem því líður. Það getur enginn krafizt þess, að hæstv. ríkisstj. gefi yfirlýsingar um þá stefnu, sem hún er ekki búin að móta, eða um þau úrræði, sem hún er ekki búin að gera sér grein fyrir, en hins er hægt að krefjast, og við eigum kröfu á því, að þingsköpum og stjórnarskrá sé fylgt, fjárlögin séu ekki aðeins lögð fram til málamynda, heldur fari 1. umr. fram. Og við sættum okkur ekki við það þegjandi, að félögum úti í bæ séu gefnar upplýsingar af hæstv. ríkisstj. um efnahagsmál landsins, en á Alþingi þegi fjmrh. þunnu hljóði. Við sættum okkur ekki við slíkt án þess að mótmæla því.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka þátt í þeim umr., sem hér fara fram utan dagskrár, og skal ekki lengja þær. En út af því, sem fram kom

hjá hæstv. fjmrh., þykir mér rétt að bæta örfáum orðum við það, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefur sagt.

Fyrir 10 árum, haustið 1949, stóð að ýmsu leyti mjög svipað á um pólitísk viðhorf og störf þingsins og gerir nú. Þá var mynduð ríkisstj. í þingbyrjun eða mjög snemma á þinginu, ríkisstj., sem þó var líklegt að ekki sæti til langframa, og þá voru boðaðar stórvægilegar aðgerðir í efnahagsmálum og vitað, að sérfræðingar voru að vinna að þeim og undirbúa skýrslur, sem ríkisstj. ætlaði endanlega að byggja till. sínar á. Eigi að síður fór 1. umr. fjárlaga fram hálfum mánuði eftir að ríkisstj. var mynduð þá um haustið, og sá þingmaður, sem tók við embætti fjmrh., vann að því mjög ötullega að semja þá ræðu og flytja þinginu skýrslu um ástand ríkissjóðs, eins og það lá þá fyrir. Síðar á því sama þingi voru gerðar miklar efnahagsráðstafanir, gengisbreyting, sem höfðu ríkuleg áhrif á fjárhagskerfi þjóðarinnar, en það haggaði ekki því, að fjárlagaræðan var flutt á eðlilegum tíma.

Þá gaf hæstv. fjmrh. þær upplýsingar, að ef til vill yrði gripið til þess ráðs að leggja fram nýtt fjárlagafrv. eftir áramótin. Það hefur komið fyrir áður, og á þetta hefur raunar verið bent í hv. Ed., þar sem hæstv. fjmrh. á sæti, að það hafa verið lögð fram tvö fjárlagafrv. fyrir hið sama fjárhagsár, en hin fyrri frv., sem voru ekki endanlega afgr., voru samt sem áður tekin til umr., þannig að fjmrh., sem þá sátu, gáfu Alþingi skýrslu um afkomu ríkissjóðs og efnahagsmálin á þeim tíma, sem þau frv. voru lögð fram, þó að ekki væri hægt að gefa endanlegar tölur um ýmislegt, sem í fjárlögunum endanlega stóð.

Ég vil því aðeins með þessum orðum láta það koma fram hér í hv. Sþ., að sú tilhögun, sem mér virðist að hæstv. fjmrh. boði að þessu leyti, mun vera án nokkurs fordæmis í þingsögunni.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim ummælum, sem hér hafa komið fram í sambandi við væntanlega afgreiðslu fjárlaga, vildi ég mega spyrjast fyrir hjá fjmrh. svolitið frekar en orðið hefur varðandi áform hæstv. ríkisstj. um afgreiðslu þeirra laga.

Þar er þá fyrst til að taka, að við höfum fengið upplýsingar um það, að þetta plagg, sem lagt var hér á borðið hjá okkur fyrir nokkrum dögum, fjárlagafrv., sé ekki þess háttar skilríki, sem alvarlega sé takandi, heldur muni ríkisstj. og það sá sami hæstv. fjmrh., sem því lætur útbýta hér, hafa í hyggju að taka það aftur og láta okkur fá annað blað eftir áramótin, sem væntanlega eigi þá að verða það, sem fjárlagaafgreiðslan byggist á.

Nú vil ég vekja athygli á því, að í umr. hér undanfarna daga, — mig minnir, að það hafi verið s. l. laugardag síðast, sem einn hæstv. ráðh. úr ríkisstj., hæstv. dómsmrh., fann mjög að því, hvernig staðið hefði verið að afgreiðslu fjárlaga af hálfu fjvn. haustið 1957, og taldi, að þar hefði verið rasað um ráð fram í afgreiðslunni. Það var þó svo, að fjárlög voru afgr. í desembermánuði 1957, eftir að Alþingi hafði staðið í meira en tvo mánuði, og stöðugt höfðu verið haldnir fundir í fjvn. til undirbúnings fjárlagaafgreiðslu. Og ég vil hér með nota tækifærið til þess að mótmæla því sem ósönnu, sem sá hæstv. ráðh. hélt fram þar, að fundir hefðu fallið niður í fjvn. tímum saman vegna almenns aðgerðaleysis í þinginu á þeim tíma.

Það liggur sem sagt fyrir, að fjárlagafrv. á ekki að leggja fyrir samkvæmt áætlunum hæstv. ríkisstj., fyrr en einhvern tíma eftir 28. jan., eftir að þing hefur komið saman að nýju eftir þá þingfrestun, sem ríkisstj. fyrirhugar. Það þykir einnig vera of skammur tími til undirbúnings fjárlagaafgreiðslu, að fjárlög séu afgr., eftir að fjvn. hefur um þau fjallað í tvo mánuði. Ég vil vekja athygli á því, að þetta bendir til þess, að ríkisstj. hæstv. fyrirhugi það að láta fjárlagaafgreiðslu bíða a. m. k. þangað til í aprílmánuði eða þó líklega fremur þangað til í maí eða jafnvel enn þá síðar.

Af þessu tilefni vil ég alveg sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telur það ekki óeðlilegt, að fyrir fram — hálfu ári fyrir fram — séu gerðar áætlanir um það, að landið skuli fjárlagalaust í 4—5 mánuði, ef ekki lengur, þegar svo stendur á sem nú er, þannig að mörg mál eru enn í óvissu, og hvort hann teldi ekki hyggilegri vinnubrögð að byrja nú þegar á því að undirbúa ný fjárlög, jafnvel þótt ríkisstj. sé ekki að öllu tilbúin að kveða upp úr um það, hver skuli vera endanleg stefna hennar eða hverjar skuli verða endanlegar ákvarðanir hennar í þessu máli.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í stjskr. Íslands segir, að frv. til fjárlaga skuli leggja fyrir Alþ., þegar er það er saman komið. Þessu ákvæði hefur að sjálfsögðu verið fullnægt með því að leggja fjárlagafrv. það, sem prentað hefur verið og útbýtt, fyrir Alþ. Það frv. var samið, fullgert og prentað, áður en núverandi ríkisstj. tók til starfa. Það segir hvergi í þingsköpum né í stjskr. né öðrum lögum, að 1. umr. fjárl. skuli fara fram á einhverjum tilteknum tíma eftir þingsetningu, og þetta hefur verið með ýmsum hætti, stundum hefur 1. umr. fjárl. farið fram nokkrum dögum eftir að frv. var útbýtt, stundum hefur það dregizt nokkrar vikur. Um þetta eru sem sagt engin ákvæði í lögum og engin föst venja.

Varðandi 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1960, þá geri ég ráð fyrir, að hún geti farið fram á fyrstu dögum eftir þinghléið, m. ö. o., að 1. umr. fjárl. fyrir árið 1960 geti farið fram innan — við skulum segja þriggja vikna af þinghaldinu. Það er gert ráð fyrir því, að þingfrestun verði nú í vikulokin, og hefur það þá staðið í tvær vikur, og áður en vika er liðin af þinghaldinu, eftir að þing kemur saman að nýju, þá vænti ég, að 1. umr. fjárl. geti farið fram.

Varðandi fsp. síðasta hv. ræðumanns um afgreiðslu fjárlaganna vil ég taka það fram, að ég vænti þess og vona, að fjvn. vinni einnig að því, að fjárlfrv. geti hlotið endanlega afgreiðslu í Alþ. fyrir febrúarlok, og við það er miðað það frv. til laga um bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði, sem liggur fyrir hv. Alþ. og hefur verið afgr. frá Ed. Ég ætla, að einn mánuður nægi Alþ. til eðlilegrar og rækilegrar meðferðar og afgreiðslu á fjárlagafrv., og þó að fjvn. hafi haft ákaflega misjafnlega langan tíma til meðferðar frv., stundum marga mánuði, stundum örfáar vikur, þá ætla ég, að það geti talizt mjög eðlileg afgreiðsla, ef vel er að unnið og frv. verður lagt fyrir Alþ. í janúarlok, — þá ætla ég, að það mættu teljast eðlileg vinnubrögð og nægilega ýtarleg athugun á því, þó að það yrði afgreitt í lok febrúarmánaðar. Það eru því getgátur einar, þegar hv. síðasti ræðumaður vill gefa í skyn, að fjárlfrv. verði ekki afgreitt fyrr en einhvern tíma í vor eða jafnvel á miðju ári. En hins vegar vil ég þó geta þess, að e. t. v. miðar hann þarna við sitt eigið fordæmi, því að það kom fyrir, meðan hann var form. fjvn. í tíð hinnar svonefndu vinstri stj., að fjárl. voru ekki afgr. fyrr en í maímánuði eða ég ætla í maílok. Slíkt er vissulega ekki til fyrirmyndar, og ég vil taka það skýrt fram, að að sjálfsögðu verður að vinna að því, að fjárl. séu afgr. fyrir áramót, ef þess er nokkur kostur. Hins vegar hafa stjórnmálin verið með þeim hætti á þessu ári, tvennar kosningar og stjórnarmyndun ekki fyrr en í næstsíðasta mánuði ársins, að enginn maður getur með eðlilegum rökum ætlazt til þess, að unnt sé að afgr. fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár fyrir áramót.

Varðandi upplýsingar um fjárhag ríkisins á þessu ári og horfur á næsta ári, sem hv. 1. þm. Austf. lýsir eftir, vil ég taka það fram, að yfirlit yfir fjárhagsafkomu ríkisins á þessu ári verður að sjálfsögðu gefið, strax þegar þingið kemur saman að nýju, og ég ætla, að það séu heppilegri vinnubrögð og fáist réttara og nákvæmara yfirlit, ef það er gefið í janúarmánuði, heldur en nú í byrjun desember. Þetta mál hef ég sérstaklega rætt við ráðuneytisstjórann í fjmrn. og veit, að hann er sammála mér um það.

Varðandi yfirlit um framtíðarhorfurnar, þá ætti hv. 1. þm. Austf. að vera það ljóst, að slíkt yfirlit eða áætlanir er erfitt að gera nú. En þær tölur, sem hæstv. forsrh. hefur nefnt, eru miðaðar við það, að ef á að halda áfram óbreyttri skipan, þeirri sem nú gildir, um útflutningsuppbætur og annað, þá mundi þurfa ekki minna en milli 2 og 3 hundruð millj. kr. á næsta ári til þess að tryggja útflutningssjóð og ríkissjóð. Að fara að leggja fyrir Alþ. nú sundurliðaða áætlun um þetta atriði tel ég ástæðulaust, þegar af þeirri ástæðu, að það er yfirlýst stefna ríkisstj. að breyta frá þeirri skipan, sem nú gildir, og taka upp nýtt kerfi, fjármála- og efnahagskerfi. Ég sé því ekki, að þessar kröfur hv. 1. þm. Austf. hafi við nein rök að styðjast.

Eysteinn Jónsson: Það eru nokkur orð út af þessum undanbrögðum hæstv. fjmrh. Hann hefur lýst því hér yfir, að hann muni eiga þátt í því, að Alþingi verði frestað, án þess að 1. umr. fjárlaganna fari fram og án þess að hann gefi það yfirlit um fjármálin, sem skyldugt er að gefa í byrjun þings, því að það er ekkert annað en útúrsnúningur úr ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem hér að lúta, að það sé að uppfylla allar skyldur í þessu efni að fleygja hér inn einhverju fjárlagafrv. til málamynda, en gefa engar upplýsingar jafnframt. Það er að fara í kringum skyldur sínar að gera slíkt.

Hæstv. ráðh. notar helzt þau undanbrögð, að það muni verða gleggra að gefa yfirlit um afkomu ríkissjóðs eftir áramótin fyrir heilt ár, og vísar í ráðuneytisstjórann í fjmrn. í því sambandi. Ég held, að hann ætti ekki að byrja ráðherraferil sinn með því að skjóta sér á bak við ráðuneytisstjórann, og það er ekki góður siður.

Hitt vil ég svo segja í þessu sambandi, að það, sem við þurfum að vita, er, hvernig ríkissjóður stendur núna, og það þurfum við að vita núna strax til þess að reyna að skapa okkur skoðun um efnahagsástandið. Okkur er ekki nóg, að hæstv. ráðh. viti eitthvað um þetta. Alþingi á heimtingu á að fá að vita það, og þjóðin á heimtingu á að fá að vita þetta núna. Og venjan er ekki sú að bíða með slíka skýrslu, þangað til árið er liðið. Venjan er sú að gefa slíka skýrslu á haustin um það, hvernig þá standi og hvernig horfur séu um þessi efni. Það er það, sem hæstv. ráðh. vill ekki gera.

Þá segir hæstv. ráðh., og það kemur fyrst fram greinilega núna, svo að það er ofur lítið gagn að því að pumpa hæstv. ráðh., — hann segir, að hæstv. forsrh. hafi gefið upplýsingar í Varðarfélaginu um, að það vantaði 200—300 millj. kr. að minnsta kosti. Nú er sem sé komið aftan við „ekki minna en" og að óbreyttum uppbótum.

Hæstv. fjármálaráðherra segir, að þetta sé mönnum bara alveg nóg. Menn hafi ekki við meira að gera, það sé engin ástæða til þess fyrir þingmenn að vera að kíkja nokkuð í þetta, þeir geti farið heim, þetta hafi verið sagt í félaginu, það sé engin ástæða til þess að gefa mönnum þetta sundurliðað.

En hvað finnst hv. þingmönnum? Finnst þeim þetta nóg? Ætli það væri ekki fróðlegt að vita, við hvers konar fjárlagaafgreiðslu hæstv. ráðherra miðar þessa niðurstöðu? Er það við þetta málamyndafrv., sem hér liggur fyrir, eða eitthvað allt annað? Og hvernig er það útflutningssjóðsuppgjör, sem þetta byggist á?

Það er augljóst af þessum undanbrögðum og vífilengjum hæstv. ráðh., að hann vill halda fyrir Alþingi þeim upplýsingum, sem hann

hefur um efnahagsmálin, og því mótmæli ég. Honum er þvert á móti skylt að gefa hér þessar upplýsingar, og hann hefur enga afsökun í því, þó að hann ef til vill hafi það í huga að leyna þessum upplýsingum nú til bráðabirgða af einhverri vorkunnsemi við sjálfan sig og aðra út af því, hvað þeir sögðu þjóðinni um þessi mál fyrir nokkrum vikum. Þeir eru að sjálfsögðu grunaðir um að þora ekki að segja sannleikann vegna þess, hvað þeir sögðu þá, en það er engin afsökun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var í tilefni af upplýsingum, sem hér komu fram frá hæstv. fjmrh. um það, að vanta mundi milli 200 og 300 millj. kr. í nýjar tekjur fyrir ríkissjóð og útflutningssjóð, til þess að endar nái saman á næsta ári, miðað við óbreytt útgjöld þessara aðila frá því, sem verið hefur.

Mér koma þessar upplýsingar mjög einkennilega fyrir sjónir og vil því óska eftir nokkru frekari grg. frá hæstv. fjmrh. Ég minnist þess í þessu sambandi, að fyrrverandi hæstv. fjmrh. gaf fyrir skömmu yfirlýsingu í áheyrn alþjóðar um það, að hagur útflutningssjóðs væri nú mjög góður. Ég minnist þess einnig, að fyrrverandi hæstv. forsrh. ítrekaði þessa yfirlýsingu, að hagur útflutningssjóðs væri nú betri en hann hefði verið áður um langan tíma. Og við höfum þegar fengið hér á borðið hjá okkur fjárlagafrv. það, sem nú er jafnvel boðað að eigi að taka til baka, en í því segir, í grg. þess frv., að ekki sé ástæða til þess að búast við greiðsluhalla hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári, árinu 1959. Mér þykja því kynlegar upplýsingar, sem núverandi hæstv. fjmrh. gefur um það, að það muni skorta 200—300 millj. króna á tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs, til þess að þær fái staðið á móti útgjöldum, miðað við óbreytt útgjöld á næsta ári. Ég get ekki sett þetta saman, að það hafi verið rétt frá skýrt hjá fyrrverandi hæstv. ríkisstj. og að það geti einnig verið rétt, sem núverandi hæstv. fjmrh. segir um þessi efni.

En það væri þá ekki úr vegi að spyrja um það: Er kannske hæstv. ríkisstj. byrjuð á samningum sínum nú við sjávarútveginn um rekstrargrundvöll fyrir næsta ár? Er kannske eitthvað séð fyrir um það, hvaða útgjöld verður þar um að ræða? Ég tel, að það væri full ástæða líka til þess, nú þegar um það er rætt að senda þingið heim um þetta leyti árs, að þá fengju þm. að vita um það, hvort hafnir eru samningar við fulltrúa framleiðenda í þessum efnum eða hvort þingið á að fara heim án þess að vita nokkuð um það, hvernig fer með rekstur framleiðslutækjanna á næsta ári.

Ég vil sem sagt að lokum óska eftir því, að hæstv. fjmrh. geri hér frekari grein fyrir því, hvernig það má vera, að það skuli vanta 200—300 millj. kr. í ríkissjóð og útflutningssjóð, miðað við þær upplýsingar, sem áður hafa verið gefnar í þessum efnum, frá fyrrverandi hæstv. ríkisstj., og gefnar hafa verið í fjárlagafrv. því, sem lagt hefur verið fram nú hér á Alþ.

Á 6. fundi í Sþ., 3. des., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hér var nýlega spurzt fyrir um, hvort það væri ekki ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja fyrir Alþingi brbl. þau, sem sett voru um landbúnaðarverðlag á þessu hausti. Þrátt fyrir nokkra eftirgangsmuni fengust engin svör um þetta frá hæstv. landbrh. Á hinn bóginn hefur mér verið sagt, að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir hér um nóttina í Ed., að brbl. mundu verða lögð fyrir fyrir þingfrestunina. Hversu nákvæmlega hann greindi um fyrirhugaða meðferð málsins, er mér ekki alls kostar kunnugt.

Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Er það ákveðið nú, hefur stjórnin breytt um stefnu í þessu máli og hefur hún nú ákveðið að leggja málið fyrir Alþingi, áður en þingi verður frestað? Og vil ég þá enn einu sinni skora á hæstv. landbrh. að leggja málið fyrir strax, láta útbýta því strax í dag, svo að það geti komið þegar á dagskrá, því að væntanlega er hæstv. landbrh. ljóst, að það verður ekki aðeins að útbýta málinu, heldur verður líka að taka það á dagskrá, þannig að þingmenn geti tekið afstöðu til málsins, áður en þingfrestun á sér stað. Með því einu móti er hægt að uppfylla þingræðisvenju og stjórnarskrárskyldu, því að hitt væri að ganga á snið við ákvæði stjórnarskrárinnar, ef það væri meiningin að fleygja þessu frv. á borðin, um leið og þm. eru látnir fara heim. Ég vil ekki ætla hæstv. ríkisstj., að það sé meiningin, en vil þó vegna þess, sem um þetta mál hefur verið rætt hér í hv. Alþingi, og að gefnu tilefni spyrja hæstv. landbrh., hvort það sé nú ákveðið, að þetta mál verði lagt fyrir og þá nógu snemma til þess, að þm. geti tekið afstöðu til þess, áður en þingfrestunin verður ákveðin. En það er vitaskuld á valdi hæstv. ríkisstj., ef þingmeirihlutinn, sem ríkisstj. styðst við á annað borð, er þannig kominn, að hann ætli sér að samþ. þingfrestunina yfir höfuð, eins og hún er lögð fyrir.

En spurningin er nú þessi: Hefur stjórnin ákveðið að leggja brbl. fyrir og þá hvenær? Og er það þá ekki tryggt, að þannig verði á málinu haldið, að Alþingi geti tekið afstöðu til þess fyrir frestunina? (**Forseti:** Hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur.) Hann hefur skyndilega horfið, hæstv. landbrh. Ég sá, að hann var í sætinu, þegar ég fór í ræðustólinn. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann biðji hæstv. landbrh. að mæta á fundinum, og mun ég þá fúslega endurtaka fsp., svo að hann geti heyrt hana. Ég beini þessu til hæstv. forseta.

Ég beini hér fsp. til hæstv. landbrh., sem ég neyðist til að endurtaka, vegna þess að hæstv. landbrh. var ekki viðstaddur. Ég rifjaði upp, að mönnum væri talsvert mikið í mun að

vita, hvort það er ekki ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja brbl. um afurðaverðið fyrir Alþingi. Ég minnti á, að hæstv. landbrh. hafði um þetta mjög óljós ummæli á dögunum, þegar þetta var rætt í sameinuðu Alþingi. En á hinn bóginn hef ég þær fregnir úr hv. Ed., að hæstv. fjmrh. hefði lýst því þar yfir, að brbl. yrðu lögð fyrir, áður en þingfrestun ætti sér stað, og mundi þetta vottur þess, að hæstv. ríkisstj. hefði breytt fyrri fyrirætlunum í þessu efni. Af þessu tilefni spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. landbrh., hvort þetta væri rétt, að stjórnin hefði nú ákveðið þetta, skoraði á hann að láta þá frv. koma fram strax, láta útbýta því í dag, til þess að það gæti komið fljótlega á dagskrá og örugglega áður en þinginu væri frestað, þannig að Alþingi gæti tekið afstöðu til þess.

Ég vil ekki trúa því fyrr en í síðustu lög, að hér séu nokkur brögð í tafli, þannig t. d., að það væri ætlunin að fleygja þessu frv. á borðið hjá mönnum, um leið og þeir væru látnir fara heim. En ef sá háttur væri á hafður, þá væri hér verið að brjóta alla þingvenju og sniðganga ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar.

Skora ég á hæstv. ráðh. að gefa um þetta skýrar yfirlýsingar og láta málið koma strax fyrir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hér er nú fram borin í sambandi við brbl., get ég tekið það fram, að það hefur alltaf staðið til að leggja brbl. fyrir Alþingi. Það hefur alltaf verið sagt og aldrei annað komið til mála en fara að lögum í þessu efni, og hv. fyrirspyrjandi þarf engu að kvíða um, að hér verði ekki rétt að farið. Hann þarf engu að kvíða um, að hér verði á nokkrum niðzt. — Ég ætla, að þetta sé fullnægjandi svar við fsp. hv. þm.

Eysteinn Jónsson: Ég benti á það áðan í fsp. minni, að hæstv. fjmrh. hefði lýst því yfir í Ed., að brbl. yrðu lögð fyrir Alþingi, áður en þingfrestunin ætti sér stað, og ég spurði hæstv. landbrh. að því, hvort þetta væri rétt, hvort þetta yrði gert. Þessu vill hæstv. ráðh. ekki svara nema eintómum vífilengjum. Hann svaraði þessu raunar alls ekki. Hann sagði að vísu, að brbl. mundu verða lögð fyrir Alþingi. Mikið var, að þau skyldu einhvern tíma verða lögð fyrir Alþingi, og stappar þó nærri að álíta, að það hafi verið fyrirætlunin að leggja þau í raun og veru alls ekki fyrir Alþingi, því að þau eru tímabundin, lögin. En spurningu minni vildi hæstv. landbrh. alls ekki svara og hefur ekkert hér fram að færa annað en sömu vífilengjurnar og áður. En ég vil benda hæstv. landbrh. á, að hann þarf ekki því um að kenna, að hann hafi ekki verið aðvaraður í sambandi við þetta mál. Ef hann og ríkisstj. ætlar sér að traðka á þingræðinu og í raun og veru á ákvæðum stjórnarskrárinnar, þá skeður það ekki fyrir það, að þeir hafi ekki verið aðvaraðir um þetta mál. Og ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að halda þannig á málinu að sniðganga ákvæði stjórnarskrárinnar og virða þingviljann um þetta mál að vettugi, þá er það sannarlega hættulegt fordæmi, sem þar er verið að skapa. Ég vil biðja hv. alþm. að gera sér það ljóst, að meiri hluti þeirra manna, sem nú sitja á Alþingi, hefur lýst því yfir, að þeir væru á móti þessum brbl. En það er ekki annað sjáanlegt í dag en hæstv. ríkisstj. ætli að halda þannig á málinu, að hún ætli að senda þessa þm. heim, til þess að þeir geti ekki komið fram vilja sínum í málinu, og ætli síðan að fara með þetta efni eins og henni sýnist.

Hvað mundu menn kalla svona aðfarir, ef þetta stendur til, sem bráðlega mun koma í ljós? Og ég aðvara hæstv. landbrh. alvarlega, áður en þeir leggja út í þessi vinnubrögð. Og ég trúi því ekki, fyrr en ég sé það, að þeir sömu þm., sem hafa lýst því yfir í kosningabaráttunni, að þeir væru á móti brbl., rétti upp hendurnar með því að fara heim, áður en þingið getur tekið afstöðu til þessa máls. Það er þá algerlega nýtt í þingsögunni, ef þannig menn hafa valizt á Alþingi, að þetta verði gert. Ég skora á þá, sem hér eiga hlut að máli, að láta ekki stjórnina leiða sig út í neinar ógöngur í þessu efni og athuga vel, hvað verið er að fara.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Aðvaranir hv. þm. eru lofsverðar, ef þær eru vel og rétt meintar. Ég hygg, að hv. þm. viti vel, að það, sem hann var að fullyrða hér áðan, hefur ekki við nein rök að styðjast. Þegar hann er að tala um lagabrot og stjórnarskrárbrot, þá veit þessi þm. betur af langri þingreynslu. Það, sem ég sagði hér áðan, er, að það mun verða farið að lögum í þessu efni, stjórnarskráin verður ekki brotin, ekkert lagabrot mun eiga sér stað. Ég get upplýst hv. fyrirspyrjanda um, að það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði í Ed., að þetta frv. verður lagt fram fyrir þingfrestun. En það er eins og það þurfi að margendurtaka það sama, til þess að hv. framsóknarmenn taki það til greina, ef það snertir þessi margumtöluðu brbl. Það er eins og þessir hv. menn séu svo bráðlátir í að fá málið fram til þess að geta farið að deila og rífast um það.

Ég get látið hv. Alþingi vita af því, að það eru samningaumleitanir hafnar á milli neytenda og framleiðenda varðandi þetta mál. Ég ætla, að það væri heppileg lausn, ef það tækist að fá sættir í málinu, sem báðir aðilar gætu unað við, og það væri eðlilegra en margra daga rifrildi um málið.

Ég veit, að hv. fyrirspyrjandi efast ekki um það með sjálfum sér, að þannig verður haldið á þessu máli, að hlutur þeirra, sem hann þykist bera mest fyrir brjósti, þegar hann er úti í sveitum, verður ekki fyrir borð borinn, enda þótt Tíminn og hann og hans flokksmenn séu stöðugt að gefa í skyn, að hér verði einhver svik höfð í frammi.

Ég tel ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál að svo stöddu. Ég ætla, að það, sem ég nú hef sagt, sé fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda og aðra þá, sem hafa óskað eftir svörum á sama hátt og hann.

Eysteinn Jónsson: Nú hefur það verið togað upp úr hæstv. ráðh., að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir í Ed., að brbl. verði lögð fyrir þingið. En ekki vill hæstv. ráðh. lofa því, að þannig verði á málinu haldið, að þingið geti tekið afstöðu til þess fyrir þingfrestunina. Um það vildi hæstv. ráðh. ekkert segja. Hann sagði bara, að ég skyldi ekki hafa neinar áhyggjur, og það, sem ég hefði sagt um það, að málsmeðferð gæti orðið í þessu efni óviðfelldin og dæmalaus, það væri alveg ástæðulaus ótti, að slíkt gæti komið til mála.

En ég vil bara spyrja: Er það skoðun hæstv. ráðh. á þingræði, og er það skoðun hv. þm. yfirleitt á eðlilegri framkvæmd þingræðis, að það sé hægt að sætta sig við, ef sá háttur verður á hafður, að þetta mál verði lagt hérna á borðin hjá okkur, um leið og við förum heim, en það verði ekki tekið á dagskrá og ekki rætt og engin atkvgr. um það, síðan, þegar þingið er farið heim, gefi ríkisstj. út ný brbl. um þessi efni eftir sínu höfði? Er þetta það, sem hæstv. landbrh. telur að sé að fara eftir réttum þingræðisreglum og af svona lagaðri málsmeðferð skuli þm. engar áhyggjur hafa? Ég spyr. Eða vill hæstv. ráðh. lýsa því hér yfir, að það verði séð um, að málið komi hér til meðferðar í þinginu? En ef það kemur hér til atkvgr., þá verður það fellt, svo framarlega sem þm. fara eftir því, sem þeir lofuðu fyrir kosningarnar. Vill hæstv. ráðh. lofa því, að málið komi hér til atkvgr., og vill hann lofa því, að það verði ekki gefin út brbl. um afurðamál landbúnaðarins í þinghléinu? Vill hann lofa þessu tvennu?

Að ég beri traust til hæstv. ráðh. og þeirra, sem að þessu standa öllu saman með honum, að þeir muni ekki halla á bændur landsins, það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, er auðvitað sagt í gríni, þó að honum sé ekki tamt að gera að gamni sínu. Því fer svo alls fjarri, að ég hafi traust á honum í því efni, að það hefur ætíð farið svo, að þegar þessi öfl, sem að honum standa, hafa farið með þessi mál, þá hefur einmitt verið sérstaklega gengið út úr götu til þess að halla á bændastéttina, eins og byrjað er á með þessum brbl., sem hæstv. landbrh. ber auðvitað ábyrgð á alveg eins og Alþfl., þó að hann hafi verið að reyna að fela sig á bak við hann.

Um Sjálfstfl. er það að segja í þessu sambandi, sem einu sinni hefur verið sagt um hann áður, þegar hann ætlaði að fela sig á bak við Alþfl., að hann er of stór til þess, hann stendur alls staðar út undan, og þess vegna sést hann, þó að hann ætli að standa á bak við.

Á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ein af þeim röksemdum, sem hefur verið haldið uppi af hálfu stjórnarinnar og hennar fylgismanna fyrir þingfrestuninni, er sú, að þingfrestunin muni hafa verulegan sparnað í för með sér. Og ég má segja, að frá því hafi verið sagt í sumum stjórnarblöðunum, að sparnaðurinn á þingfrestuninni muni nema allt að 800—900 þús. kr. Nú er hv. þm. það kunnugt, að hvað laun þeirra sjálfra snertir, þá verður enginn verulegur sparnaður í sambandi við þingfrestunina vegna lagaákvæða, sem um það gilda, og þarf ég ekki frekar að minnast á það atriði. Ef þar af leiðandi ætti að vera um einhvern sparnað að ræða af þingfrestuninni, þá væri það í sambandi við það, að því starfsfólki, sem vinnur hér við þingið og ekki er fastráðið, væri sagt upp störfum einhvern tíma, meðan þinghlé stæði yfir. Nú held ég, að öllum þm. sé það hins vegar kunnugt, að þetta væri mjög miður ráðið. Margt af þessu fólki hefur áreiðanlega afsalað sér einhverjum öðrum störfum til þess að geta unnið hér og reiknað með því að hafa hér fast starf í nokkuð ákveðinn tíma, og þar af leiðandi væri óeðlilegt að láta það hætta störfum. Sumt af þessu fólki er líka búið að vera hér lengi og er orðið vant störfum hér, og gæti vel svo farið, að þingið missti af því, ef það væri látið hætta nú um eitthvert skeið.

Þess vegna vildi ég, í tilefni af þessu sparnaðartali, sem hefur komið fram hjá stjórnarsinnum, spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvort það hafi nokkurn tíma verið meiningin að ætla að fara inn á þá sparnaðarleið, sem ég minni hér á, að láta starfsfólk við þingið hætta störfum þann tíma, sem þingfrestunin stæði yfir. Það teldi ég mjög miður ráðið af þeim rökum, sem ég hef þegar leitt fram, og þess vegna teldi ég æskilegt, ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa, hvort ríkisstj. hefði nokkrar fyrirætlanir í þessum efnum.

Ég býst nú við, að hæstv. fjmrh. telji sig þurfa að fylgjast nokkuð með því, hvernig útgjöldum ríkisins er háttað, og að það mundi ekki vera farið inn á sérstakan sparnað gagnstætt venjum í þessum efnum, nema því aðeins að það hefði verið haft samráð við hann. Ef það er hins vegar þannig, að hæstv. fjmrh. víkur því frá sér að svara þessari fsp. og telur, að það heyri undir þingið eða forseta þingsins að svara því, þá skal ég til samkomulags við hann breyta um þann aðila, sem ég beini fsp. til, og beini þess vegna þeirri fsp. til hæstv. forseta Sþ., hvort það hafi nokkrar ráðagerðir verið uppi um þau efni, sem ég minntist hér á, að láta það fólk hætta störfum við þingið, sem er hér ráðið um þingtímann, vegna þingfrestunarinnar.

Forseti (FS): Út af fsp. hv. þm. get ég upplýst það, að forsetar Alþingis hafa enga afstöðu tekið til þessa máls enn þá, enda hefur

þingfrestun ekki enn verið ákveðin af hálfu Alþingis.

Á 15. fundi í Nd., 7. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ríkisútvarpið flutti í fréttatíma í gær þau mjög gleðilegu tíðindi, að ameríska liðinu á Keflavíkurflugvelli yrði fækkað um 1300 manns. Ég vil leyfa mér í sambandi við þessa frétt að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., í fyrsta lagi, hvort þessi frétt sé ekki rétt, sem mér skilst þegar að hann hafi staðfest gagnvart fréttastofu ríkisútvarpsins, í öðru lagi, hverjar ástæður séu um þessa fækkun, hvort þetta sé til komið fyrir aðgerðir af hálfu hæstv. ríkisstj. í þá átt að byrja að framfylgja ályktun Alþingis frá 28. marz 1956 eða hvort hér sé um að ræða einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar, og í þriðja lagi, hvort við mættum kannske eiga von á þeim gleðilegu tíðindum, að Bandaríkjastjórn haldi áfram að fækka því herliði, sem hér er, sem mest og sem fyrst, þannig að það hyrfi sem skjótast með öllu af íslenzkri grund.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í tilefni af útvarps- og blaðafregnum spyrst hv. þm. fyrir um það, hvort í ráði sé að fækka varnarliði Bandaríkjanna á Íslandi á næstunni. Út af þessari fsp. vil ég skýra frá því, að fyrir örfáum dögum fóru fram viðræður á milli ríkisstj. Íslands og sendiherra Bandaríkjanna um skipun varnarliðsins á Íslandi. Var ekki um það rætt að draga úr vörnum landsins á nokkurn hátt né fækka í varnarliðinu á Íslandi eða breyta tölu þess, var hins vegar eingöngu um það talað, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera nokkrar skipulagsbreytingar á varnarliðinu sjálfu og samsetningu þess. Þetta mál er að sjálfsögðu á algeru frum- og byrjunarstigi, og hefur ríkisstj. Íslands hvorki unnizt tími né tóm til að athuga þetta mál og ræða sem skyldi. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu athuga málið gaumgæfilega, og þegar sú athugun hefur farið fram, mun hún taka sínar ákvarðanir. En um fækkun eða brottför varnarliðsins er ekki að ræða, heldur eingöngu um skipulagsbreytingu á samsetningu þess.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans greinagóðu svör, sem hins vegar ollu mér vonbrigðum hvað innihaldið snertir. Það var rétt eins og, þegar maður heyrði þessa fregn, að Bandaríkjastjórn ætlaði nú að verða fyrri til að átta sig á umhverfinu en hæstv. íslenzk ríkisstj., og það var mjög slæmt, að hæstv. ríkisstj. Íslands skyldi ekki verða á undan með að kveða upp úr með það, að hér þyrfti að fækka og það stæði ekki í sambandi við neinar skipulagslegar breytingar. Ég held þess vegna, að það sé mjög slæmt, að ríkisstj. skuli ekki hafa unnizt neinn tími né tóm til þess að athuga þessi mál. Ég hélt, að þessi mál væru búin að vera svo lengi á döfinni og samþykkt Alþingis í þeim væri svo ákveðin, að það hefði verið hægt fyrir hvaða ríkisstj. sem væri, ekki sízt með þeirri þróun, sem nú á sér stað í heiminum, að taka sínar ákvarðanir um að reyna að vinna að því að fá herliðinu hér á Íslandi fækkað. En einmitt út af því, sem hæstv. utanrrh. upplýsti, að hér væri um skipulagsbreytingu að ræða, þá held ég, að það væri ákaflega æskilegt, að það yrðu gefnar betri upplýsingar um það mál, þótt síðar yrði, vegna þess að það, sem mönnum dettur fyrst og fremst í hug í sambandi við, þegar minnzt er á skipulagsbreytingar út af hermálum, það er, að farið sé að útbúa ákveðið herlið með hættulegri vopnum. Það vita allir, sem fylgjast með þróun hermála nú á tímum, að það er meira og meira að verða sá vopnaútbúnaður, sem herirnir hafa, sem ræður þar úrslitum, en ekki hitt, hver er fjöldi þeirra.

Ég vil þess vegna láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að það skuli ekki hafa fólgizt í þessu, að þessi fækkun, sem þarna var auglýst, væri skref í þá átt að leggja þessar svokölluðu varnir hér á Íslandi niður, sem engar varnir eru og aldrei geta orðið til annars en að draga Ísland inn í styrjöld, ef til slíkrar ógæfu skyldi koma.

Að öðru leyti ætla ég nú ekki að gera þessi mál að umtalsefni hér, því að þau eru veigameiri en svo, að maður fari að ræða þau hér utan dagskrár.

Á 18. fundi í Ed., 11. febr., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Í Morgunblaðinu í dag gaf að líta svo hljóðandi frásögn, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur gefið út hvíta bók um efnahagsmálin, þar sem gerð er grein fyrir þróun þeirra mála undanfarin ár og þeim till., sem stj. hefur lagt fyrir Alþ. eða hyggst að flytja á næstunni til viðreisnar. Þessi hvíta bók er gefin út til þess, að þjóðin eigi sem hægast með að kynna sér allar hliðar þessara mála. Verða næstu daga gerðar ráðstafanir til þess að dreifa bókinni um land allt. Í henni eru fyrst og fremst álitsgerðir þær, sem fylgja viðreisnartill. ríkisstj. á Alþ. Jafnframt eru þar 2 nýir kaflar. Er hinn fyrri þeirra um tryggingamálin, en hinn síðari um skattamál."

Svo þegar við komum hingað til fundar nú í dag, þá er búið að dreifa þessari bók, sem Viðreisn kallast, á borðin hjá þm., og þegar maður fer að fletta þessari bók, sem kölluð er hvít bók og framan á er skjaldarmerki Íslands, þá kemur það í ljós, að þessi bók er hið mesta áróðursrit fyrir þeim till., sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ. eða hyggst að leggja fyrir Alþ. á næstunni, en jafnframt eru í henni margvíslegar duldar og beinar árásir á aðra. Þetta rit er fullt af blekking-

um um þau mál, sem liggja fyrir þinginu. Og þessu riti á skv. upplýsingum stjórnarblaðsins Morgunblaðsins að dreifa um land allt, inn á hvert og eitt einasta heimili í landinu. Það mun að vísu vera siður með sumum þjóðum að gefa út svokallaðar hvítar, bláar eða jafnvel gular bækur, en ég hef haldið, að þær hvítu bækur, sem þannig hafa verið gefnar út, hafi verið þannig úr garði gerðar, að það hafi verið í þeim skýrslur, ákveðnar, og tilgreint, eftir hverja þær væru og hvaðan þær væru fengnar, en ekki ósvífin áróðursrit eins og hér á sér stað.

Ég verð að lýsa minni mestu furðu yfir því, að ríkisstj. skuli leyfa sér að gefa út slíkt rit sem þetta og dreifa því þannig út á ríkisins kostnað. Ég verð að telja það mjög furðulegt af ríkisstj., og ég verð að telja það alveg sérstaklega vítavert af ríkisstj. að fara þannig að. Það fer ekki á milli mála, eins og ég þegar hef sagt, að þetta er mjög lævíslegt og ósvifið áróðursrit. Og ef byrjað er á þessu, hvar endar það þá, hvar eru mörkin? Getur þá ekki ríkisstj. haldið áfram og farið að gefa út á kostnað ríkissjóðs alls konar áróðursrit? Það kemur sjálfsagt einhver ríkisstj. á eftir þessari ríkisstj. Ég veit ekki, hvort hún verður betri eða verri. En það er áreiðanlegt, að með svona fordæmi, sem gefið er, þá er auðveldari eftirleikurinn fyrir þá, sem á eftir koma.

Ég leyfi mér að víta þetta fordæmi, sem hér er gefið. En jafnframt vil ég beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðh., — og má ekki minna vera en þeir svari þessu.

Bók þessi eða bæklingur er einstaklega úr garði gerður. Ég fæ ekki séð, að á honum sé neins staðar tilgreindur höfundur. Ég fæ ekki séð, að á honum sé nokkurs staðar tilgreindur útgefandi. Ég fæ ekki séð, að á honum sé nokkurs staðar tilgreindur prentstaður. Allt er þó þetta, eftir því sem ég veit bezt, skylt að gera skv. íslenzkum lögum, þegar um prentuð rit er að tefla. Það má vera, að það komi hér enn fram, að þessi hæstv. ríkisstj. telji sig ekki þurfa að fara eftir íslenzkum l. í einu eða neinu. En ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., sem hér eru staddir: Hver er höfundur eða höfundar að þessu áróðursriti? Það virðist nú ekki fara á milli mála, að það sé ríkissjóður, sem er útgefandinn, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og því vildi ég leyfa mér að spyrja: Hvað kostar útgáfa og dreifing þessa bæklings? Og í þriðja lagi: Hvar er að finna heimild til fjáreyðslu í því skyni að gefa út og dreifa þessum bæklingi?

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) deildi hér nokkuð á ríkisstj. fyrir að hafa gefið út þessa hvítu bók, Viðreisn. Ég treysti mér ekki almennilega til að gera mér fulla grein fyrir, hvað hátíðlega eigi að taka svona ádeilur. Þessi hv. þm. var staðinn að því, þegar ég hlustaði á hann seinast, að segja allt annað sem vísindamaður eða prófessor heldur en hann segir sem þm. Hann var staðinn að því af stéttarbræðrum sínum á móti lögfræðinga, — það var víst hæstv. fjmrh., sem stóð hann að því. Ég veit því ekki svo vel, hvort ég á að halda, að þetta sé alvara eða spaugi blandið, ef svo má segja. Ég veit, að hann er ekki gamall í hettunni sem þm., en hann hlýtur að muna það, að það er altítt, að gefnar séu út slíkar bækur. Ég held, að hans flokkur hafi staðið mjög fast að þessu. Hann gerði Gulu bókina úr Bláu bókinni, og einhverju líku, án þess að fjárveitingar væru til þess veittar. Og ég tek ekki á móti neinum ámælum, eða a. m. k. get ég huggað hann með því, að ég taki mér ekki nærri neinar slíkar ádeilur fyrir að hafa gert þá skyldu mína eða við í stj. að reyna að gera almenningi sem gleggsta grein fyrir þessu mikla máli. Örlög þjóðar okkar geta oltið á því, að fólkið fái upplýsingar um þetta og þær sem allra gleggstar. Þetta, sem þarna er borið fram, er það, sem ríkisstj. telur sín sterkustu rök fyrir að gera þessar róttæku till. um breytingu á efnahagskerfinu.

Ég veit ekki með vissu, hvað þetta kostar enn þá. Það er nú stundum þannig, að maður getur ekki alveg fyrir fram séð reikninginn, — það verður að sjálfsögðu greitt úr ríkissjóði, eins og slíkar bækur hafa alltaf verið greiddar.

Á undanförnum árum hafa margar slíkar bækur verið gefnar út, líka alveg eins á síðari árum, t. d. eins og um landhelgismálið.

Ég man ekki, — það var eitthvað það þriðja, sem hv. fyrirspyrjandi spurði um, hver væri höfundurinn, hvað það kostaði og með hvaða heimild, — var það ekki? Það er með þeirri heimild, sem annars vegar felst í öllum fordæmunum um þetta, og hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst það ákaflega góð heimild að þurfa að gera þjóðinni sem gleggst skil fyrir þessu stórkostlega máli.

Ég skal svo ekki neitt vera að hnotabítast við hv. þm. út af þessu, líka eins og ég segi, ég get ekki gert mér fulla grein fyrir því, hvað honum er alvara með af því, sem hann segir, og hvað hann segir sem þm. og hvað hann segir sem vísindamaður, sbr. það, sem ég áðan sagði um hans framkomu í Sþ., síðast þegar ég hafði þá ánægju að hlusta á hann þar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. telur, að það sé ekkert við það að athuga, sem nú er upplýst, að áróðursrit er gefið út af hálfu ríkisstj. og á ríkisins kostnað og þessum ritum dreift út á kostnað ríkisins. Fyrir þessu séu fordæmi og við þetta sé ekkert að athuga.

Ég held, að fordæmi fyrir því að gefa út slíkt áróðursrit og senda það út á ríkisins kostnað, séu ekki til staðar, og ég vildi þá gjarnan fá að heyra það. Það er kannske eitt gamalt mál, sem helzt nálgaðist þetta, þar sem þó voru aðeins birtar staðreyndir. En

svokallaðar hvítar bækur, bækur, sem ríkisstj. gefur út á kostnað ríkisins og dreifir út á kostnað ríkisins, eiga að vera skýrslur, sem ekki eru umdeildar, heldur sameiginlegt mál þjóðarinnar.

Ef þessi skýrsla, sem hér er birt, ætti að vera eitthvað svipuð þeirri bók, sem gefin var út um landhelgismálið, þurftu hér að vera á ferðinni í þessari bók sameiginlegar skoðanir þjóðarinnar á málunum. Það er enginn ágreiningur um landhelgismálið og enginn ágreiningur um þann málstað, sem þar var túlkaður. Þar er enginn ágreiningur milli flokka og þess vegna undir öllum kringumstæðum heimilt að gefa út slíka bók og hefur ekki verið að því fundið af neinum.

Ef þessi bók ætti að vera hliðstæð bókinni um landhelgismálið, hefði hæstv. ríkisstj. átt að spyrjast fyrir um það hjá stjórnarandstöðuflokkunum, hvað þeir vildu birta af skýrslum um sínar skoðanir, til að birta þær jafnframt fyrir þjóðinni, því að það er enginn kominn til að segja það nema einræðisstjórn, að skoðanir ríkisstj. séu það, sem endilega þurfi að halda að þjóðinni, og það sé henni fyrir bestu. Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið mikil nauðsyn að túlka þessi mál fyrir þjóðinni. Hver segir, að það sé nauðsynlegt að túlka eingöngu málstaðinn frá annarri hlið?

Það fer ekki milli mála, að þetta að gefa út bækur og dreifa þeim á ríkisins kostnað er ákaflega varhugavert fordæmi og miklu umhugsunarverðara en menn í skjótri svipan kannske átta sig á.

Það var talað um það og að því var fundið, að ekki hefðu verið gefnar út skýrslur um úttektina, sem hefði átt að gera á þjóðarbúinu og var raunverulega gerð. Það var farið nákvæmlega í gegnum það af þeim, sem nú er efnahagssérfræðingur ríkisstj., hvort hægt væri að gefa út þessar skýrslur, og þótti undir engum kringumstæðum fært nema gefa þær út orðréttar undir nafni þess hagfræðings, sem skýrslurnar hafði ritað. M. a. er hér hagfræðingur til staðar í hv. deild, sem var leitað til um það, hvort það mætti birta eftir honum hagfræðilegar skýrslur og upplýsingar, vegna þess að það þótti ekki fært að gera það nema með hans leyfi, að draga hans nafn inn í þær umr. og birta eftir honum skýrslur.

En hér er engu líku til að dreifa. Hér er birt rit frá ríkisstj. án þess að tilgreina höfund, kostnaðarmann, ábyrgðarmann, prentstað. Og skiptir það kannske ekki allt saman meginmáli, þó að þær reglur séu allar saman brotnar. En það orkar ekki tvímælis að mínu áliti, að ef það er heimilt að gefa út rit eins og þetta og dreifa því út, þá er alveg eins heimilt, að ríkisstj. fari að gefa út blöð annað slagið á ríkisins kostnað, eins og einræðisstjórnir gera í öðrum löndum. Það er enginn stigmunur á því. Það er enginn stigmunur á því að gefa út nafnlaust áróðursrit og dreifa því út á ríkisins kostnað á hvert heimili og að gefa út blöð annað slagið og dreifa út um landið á kostnað ríkisins og á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Og ef þetta á að vera leyfilegt, þá er það jafnframt leyfilegt. Slíkt fordæmi liggur fyrir í þessu verki, sem hér hefur verið framið.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Tveir hv. stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt það hér harðlega, að það rit, sem lagt hefur verið á borð okkar, hafi verið gefið út af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Annar þeirra komst þannig að orði, að hér væri um áróður og blekkingar að ræða. Það hefur að vísu ekki verið bent á neitt ákveðið í þeim upplýsingum, sem í þessu riti liggja fyrir, sem hægt sé að kalla áróður eða blekkingar. Hvað sem því líður, er sjálfsagt ýmislegt í þessu riti, eins og öðru, sem um efnahagsmálin er skrifað, sem orkar tvímælis. Um það skal ég ekki ræða hér, enda gefst til þess ærið tóm, þegar efnahagsmálafrv. í heild verður til umr. hér í hv. deild.

En það, sem var tilefni þess, að ég stóð hér upp, er það, að hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) hélt því fram, að hér væri um algert einsdæmi að ræða og því gefið hættulegt fordæmi.

Það rifjast nú upp fyrir mér einmitt í þessu sambandi, að ég lenti í því fyrir um það bil 30 árum að reiða heim langa leið heilar klyfjar af riti, sem þáverandi ríkisstj. gaf út og voru upplýsingar um ýmis hennar afrek. Verk þetta hlaut síðar nafnið „Verkin tala“ og var mjög umdeilt. En það var hv. Framsfl., sem þá fór með stjórn í landinu. Svo háttar til, þar sem ég ólst upp í einni af uppsveitum Húnavatnssýslu, að reglulegar póstferðir voru frá Blönduósi til uppsveitanna, en að þessu sinni var pósturinn veikur, svo að þeim, sem bréfhirðingar höfðu með höndum, var þá falið að sækja hann sjálfir til bóndabæjar skammt frá Blönduósi, og var mér falið þetta sem unglingi. Pósturinn hafði að jafnaði verið svo lítill, að hann komst fyrir í einni hnakktösku, og þannig útbúinn fór ég á bréfhirðingarstaðinn. En þegar til kastanna kom, voru þarna tveir þungir póstpokar, svo að ekki hefði veitt af klyfjahesti til þess að koma þessu til skila. Er það eitt af því versta, sem ég lenti í næstu nótt, að koma þessu einhesta heim. — Hvað sem öðru líður, er því víst um það, að það er ekki um neitt einsdæmi að ræða fyrir því, að ríkisstj. hafi talið nauðsynlegt að gefa út rit, sem höfðu að geyma ákveðnar og sem nánastar upplýsingar um viss umdeild verk, sem hún hefur haft með höndum eða á prjónunum, því að víst var um það, að bók þessi var ferföld að stærð á við þann bækling, sem hér liggur fyrir.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar aðeins til í þessu sambandi, án þess að ég ætli að ræða þetta mál frekar, — hæstv. forsrh. hefur svarað því nokkuð, — en mig langar aðeins til að bera fram eina fsp. til hv. 2. þm. Vestf. (HermJ).

Kom það nokkurn tíma til tals í vinstri stj.

að gefa út skýrslu um efnahagsmál, svipaða og skýrslu þá, sem hér hefur verið útbýtt? Og ef svo er, að það hafi komið til tals og jafnvel að það hafi komizt á það stig, að ákveðnum manni hafi verið falið að vinna verkið, hverjum var þá falið að vinna það og hvers vegna kom ekki bókin út?

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur verið greinilega á það bent í þessum umr. hér utan dagskrár, að hér sé um mjög óvenjulegan hátt að ræða í sambandi við dreifingu á því riti, sem lagt hefur verið á borð þm. og auglýst hefur verið í blöðum, a. m. k. í Morgunblaðinu, og útvarpi, að ætti að senda inn á sérhvert heimili á landinu. Það hefur verið bent á það, að hér sé um rit að ræða, sem túlkar einungis sjónarmið eða skoðanir ríkisstj. og þeirra flokka, sem hana styðja, en í þessu riti felst ekki grg. um viðhorf þjóðarinnar í heild til þess máls, sem hér er fjallað um, og þess vegna er þetta rit ekki neitt sambærilegt við hvíta bók um landhelgismálið, sem þó hefur verið tekin hér til samanburðar og minnt á af hæstv. forsrh. Í landhelgismálinu stendur þjóðin einhuga, og hvít bók, sem gefin er út um það efni, er túlkun á málstað íslenzka ríkisins og íslenzku þjóðarinnar í heild gagnvart öðrum þjóðum. En í þessu riti felst einungis túlkun á skoðunum þingmeirihl., sem styðst við tæp 55% af íslenzkum kjósendum. En meginefni þessa rits er grg. með frv., sem mun verða eitt hið mesta átakamál milli þingmanna og þingflokka nú á þessu þingi. Og þeir, sem líta öðruvísi á málið en fram kemur í þessu riti, eru kjörnir hingað inn á löggjafarþingið af rúmlega 45% kjósenda í landinu.

En það er meira, sem er eftirtektarvert í þessu efni. Það þarf ekki annað en líta á, hvernig ritið er að formi til, að það er öðruvísi frá því gengið en venja er um hlutlausar skýrslur, sem ríkisstj. gefur út. Þetta rit er greinilega sett upp með áróðursblæ, eins og slyngur blaðamaður hefði um það fjallað.

Ef við lítum á 1. blaðsíðuna, sem skiptist í 2 kafla, þá er í fyrri kaflanum, sem er tæp hálf blaðsíða, fjórum sinnum lögð áherzla á, hvað ríkisstj. gerir. Það er 4 sinnum endurtekið í fyrsta kaflanum á 1. bls. þessa rits. Það er ekki íslenzka þjóðin eða þjóðarheildin, sem þar er talað um, heldur ríkisstj. Og ef við flettum þessu riti, þá er það greinilegt, að það er frá því gengið með áróðursblæ blaðamanna, en ekki fyrst og fremst sem hlutlausu riti eða opinberri skýrslu af hálfu stjórnarvaldanna.

Ég skal nefna örfá dæmi þessum orðum til stuðnings.

Ég fletti upp bls. 28. Þar stendur á miðri bls. stór kaflafyrirsögn, þar sem fjallað er um bætur, sem tryggingarnar eiga að greiða, — þar stendur stór kaflafyrirsögn: „Greiðast að fullu úr ríkissjóði.“ En þegar lesið er efni málsins, þá er þetta tekið aftur að verulegu leyti, eins og raunar í grg. með frv. Í efni málsins segir undir kaflafyrirsögninni: „Þá er rétt að geta þess, að fjölskyldubæturnar eiga nú að greiðast að fullu úr ríkissjóði, sem og verulegur hluti af þeirri almennu hækkun bótanna, sem hér var vikið að. Að öðru leyti skiptast byrðarnar á ríkissjóð, hina tryggðu, atvinnurekendur og sveitarsjóði í sömu hlutföllum og verið hafa.“ Efnið er sem sé ekki í samræmi við kaflafyrirsögnina, því að hér í efni málsins er talað um að skipta byrðum á ríkissjóð, hina tryggðu, atvinnurekendur og sveitarsjóði, en kaflafyrirsögnin er með áróðursblæ blaðamannsins um, að það greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Ég skal nefna annað dæmi. Ég fletti upp á bls. 40. Þar er önnur kaflafyrirsögn: „Innflutningshöftin hverfa.“ En í efni málsins er þetta tekið aftur að verulegu leyti, því að þar segir m. a.: „Í reynd mundi þetta,“ — þ. e. a. s. skipun innflutningsmálanna, — „þýða, að innflutningur þessara vörutegunda yrði lítt takmarkaður frá jafnkeypislöndunum, eins og verið hefur undanfarið.“ Og svo er sagt hér aftur, að af þessum 40% yrði mikill hluti fluttur inn frá jafnkeypislöndunum, þannig að innflutningur samkv. leyfum frá frjálsgjaldeyrislöndum yrði varla meiri en 10—15% af heildarinnflutningi. En í kaflafyrirsögninni er þessu stillt upp með áróðursblæ: „Innflutningshöftin hverfa.“

Ég ætla að nefna þriðja dæmið. Ég fletti upp á bls. 29. Þar er yfirlit, tafla, sem ber fyrirsögnina: „Yfirlit um bótaupphæðir nú og samkv. nýjum lögum.“ Og svo kemur þar neðan undir: „Núgildandi lög um almannatryggingar.“ Og svo aftan við: „Ný lög.“ Og undir þeirri fyrirsögn eru tölur — nýjar tölur um bótaupphæðir almannatrygginga. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hver hefur sett þessi nýju lög, sem hér er vitnað til í þessari bók? Ég hafði ætlað, að löggjafarvaldið væri enn hjá Alþ. Íslendinga, og mér er ekki kunnugt um, að það sé einu sinni búið að leggja hér fyrir frv. um þetta efni. En í þessari bók, sem sagt er að sé hlutlaus skýrsla gefin út af ríkisstj., eru samt tilgreindar ákveðnar bótaupphæðir skv. nýjum l. um almannatryggingar, en ekki samkv. till., sem ríkisstj. hyggist leggja fyrir Alþ. Með þessu er Alþ., löggjafarsamkoman, lítilsvirt, ekki aðeins stjórnarandstaðan, heldur engu síður stuðningsmenn ríkisstj., því að hér er beinlínis þessu stillt þannig upp, að allt sé fyrir fram ákveðið í þessum nýju l., og það á að senda þessa skýrslu inn á hvert heimili landsins og segja þar fyrir fram: Svona verða bótaupphæðirnar, þarna má ekki hagga stafkrók. — Hvers virði eru þá störf þm. í n. og yfirleitt aðstaða þeirra við löggjafarstarfið, þegar svona er, þegar þetta er tilkynnt inn á hvert heimili landsins fyrir fram?

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En þegar ég annars vegar fletti þessari bók og sé, hvernig efni málsins er þar stillt upp, og heyri hins vegar í útvarpi þær tilkynningar, sem

komu í því í gær og svo er endurtekið í blöðum, þá finnst mér hér sannarlega vera efni á ferð, sem vert er að vekja athygli á.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það hefur nú orðið frekar fátt um svör, sem vænta mátti, hjá hæstv. ríkisstj. Ég leyfði mér að beina til hennar þremur fyrirspurnum. Ég spurði í fyrsta lagi, hver eða hverjir væru höfundar þessa rits. Því fékkst ekki svarað. Og einhvern veginn er það nú svo, að þetta rit er þannig úr garði gert, að það virðist svo sem enginn hafi viljað leggja þar nafn sitt við.

Ég spurði í öðru lagi, hvað kostaði útgáfa og dreifing þessa rits. Því fékkst ekki svarað. Hæstv. forsrh. var svo léttlyndur að lýsa með fáeinum orðum eins og í spegli þeim hugsunarhætti, sem nú mun ríkja hjá hæstv. ríkisstj. Hann sagði, að það væri ekki verið í upphafi alltaf að skoða það, hvernig reikningurinn mundi síðar líta út.

Og í þriðja lagi spurði ég að því, hvar væri að finna heimild til þessarar fjárgreiðslu, sem varið væri í þessu skyni. Hæstv. forsrh. gat ekki bent á neina heimild fyrir þessari greiðslu. Hann vitnaði aðeins til þess, að það hefði áður tíðkazt, að slíkar hvítar bækur hefðu verið gefnar hér út. Honum til hjálpar hefur svo komið hv. 11. þm. Reykv. og hefur reynt að nefna dæmi þess, að slíkt hafi áður átt sér stað.

Það eru í fyrsta lagi ákaflega léttvæg rök stundum að vísa til þess, sem áður hefur gerzt. Ef það var rangt fyrir 30 árum að gefa út þessa bók, sem vitnað var í, Verkin tala, eins og mér skildist á hv. 11. þm. Reykv., þá verð ég að segja, að það er einkennileg afsökun að benda á það sem rök fyrir því, að þeir megi nú haga sér á sömu lund. Það er eins og þegar götustrákar eru að tala saman og segja: Þú gerðir þetta, þú ert ekki betri. — Það eru áþekk rök. Og hitt fær auðvitað engan veginn staðizt, að vitna í þessu sambandi til þeirrar hvítu bókar, sem gefin var út um landhelgismálið á sínum tíma. Þar gegndi vitaskuld allt öðru máli. Þar var um mál að ræða, sem þjóðin öll stóð einhuga að, og þar var verið að gera eða reyna að gera tilraun til þess að skýra málstað Íslands og Íslendinga gagnvart útlöndum. Ég vil þó þar með segja, að ég vil engu lofsorði ljúka á þá bók, hvorki hér né annars staðar.

En hæstv. forsrh. kom hér upp í pontuna til þess eins, að því er virtist, að vilja hafa eitthvert framhald á umr., sem áttu sér stað fyrir nokkru í Sþ., og þóttist þá þess umkominn að bera fram vítur í minn garð fyrir mína framkomu þá. Ég mun nú ekki taka við neinum vítum af hæstv. forsrh. varðandi mína framkomu þá né endranær. Hæstv. forsrh. var þá eitthvað að finna að því, að það væri ekki sæmilegt fyrir mann í minni stöðu — eða manni í minni stöðu væri sæmra að vera við mitt aðalstarf heldur en að vera að gantast á þingi eða að gantast í stjórnmálum, eins og hann orðaði það. Já, það er svona, — hugsunarhátturinn er þessi. Ef það eru andstæðingar, þá skal þeim ekki leyfast þetta. En nú ætla ég bara að spyrja hæstv. forsrh., — ég ætla ekki að taka hans tilmæli neitt til greina, en ég ætla að spyrja hann, hvort hann hafi ekki fundið neitt að því á sínum tíma eða beint þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., þegar hann gegndi þeirri stöðu, sem ég gegni nú, að hann skyldi ekki vera að gantast neitt í pólitík, hann skyldi vera á sínum stað. Ég ætla að beina þeirri fyrirspurn líka til hans, hvort hann hafi ekki áður, þegar hæstv. dómsmrh. gegndi þeirri stöðu, sem ég nú gegni, beint til hans þeim tilmælum að vera ekki að gantast neitt í pólitík. Hæstv. dómsmrh. var að vísu ekki þá kominn á þing. En ég held, að ég muni það rétt, að hann hafi boðið sig fram við hverjar alþingiskosningar, sem áttu sér stað á þeim árum. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann hafi ekki ráðlagt kollega mínum, hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), að draga sig í hlé frá pólitík og vera ekki að gantast í pólitík. Og það mætti fara lengra aftur í tímann og nefna þá menn, sem horfnir eru héðan. Þá þótti ekkert athugavert, að þeir væru í pólitík, þó að þeir væru þá í stöðum hliðstæðum minni. En það er þetta, sem er einkenni á Sjálfstfl. svo oft, að hann vill ekki unna öðrum þess, sem hann telur sér leyfilegt.

Annars verð ég að segja það, að ég held, að það verði sjálfsagt hægt að segja margt gott um hæstv. forsrh. Og vafalaust verður margt enn þá betra sagt um hann, þegar hann er allur. En ég held, að það verði aldrei um hann sagt, að hann hafi verið sérstakur siðapostuli. Og ég held, að því verði tæplega haldið fram, að hann hafi verið þess umkominn að veita öðrum þm. áminningu. Ég læt mér hans vitnisburð í léttu rúmi liggja. En það liggur fyrir hér skjalfestur í alþingistíðindum vitnisburður um þennan hæstv. ráðh. frá hæstv. ráðh., samverkamanni hans, viðskmrh., og ef hann óskar eftir, þá er hægt að rifja þann vitnisburð upp. Og á meðan sá vitnisburður stendur óhaggaður, þá held ég, að hæstv. forsrh. ætti ekki að leggja það í vana sinn að vera að kenna öðrum framkomu hér á Alþingi.

Hæstv. forsrh. var að tala um það, að hann vissi ekki, hvort ég talaði hér í alvöru eða einhverju glensi um þetta. Ég vil segja honum það, að ég tala hér í fyllstu alvöru og ég tala hér í nafni allra þeirra mörgu kjósenda, sem hafa sent mig á þing og vilja ekki, að það sé á kostnað ríkissjóðs dreift út áróðursritum, sem ganga gegn þeirri stefnu, sem þeir aðhyllast. Þeir mótmæla og ég mótmæli í þeirra nafni þeirri hlutdrægni, sem hér er höfð í frammi, og ég ítreka það, og það þarf ekki að benda raunar á fleiri dæmi en hv. 5. þm. Austf. (PÞ) benti hér réttilega á, að það úir og grúir í þessum bæklingi af allra ómerkilegasta áróðursvaðli, sem líka er að vænta, þegar enginn fæst til þess að gangast

við faðerni hans og enginn vill leggja nafn sitt við þennan bækling. Það er alveg auðséð, að með þessu hátterni eru tekin upp þau vinnubrögð, að hver óhlutvönd ríkisstj., sem er hér eftir, getur farið að gefa út áróðurspésa æ ofan í æ á kostnað ríkissjóðs og getur farið að styrkja sín málgögn og kosta þau undir alls konar yfirskini. Þetta er óhæfilegt, og það er fyllsta ástæða til að taka þetta mjög alvarlega. Og við, sem erum fulltrúar annarra flokka en þeirra, sem standa að ríkisstj., mundum vissulega bregðast skyldu okkar, ef við bærum ekki hér fram á þessum vettvangi hin alvarlegustu mótmæli gegn þessu og vöruðum við þeirri braut, sem hér er farið inn á. Það mun sannast, að þessir háu herrar munu á næstunni fá að heyra mótmæli hvaðanæva að af landinu út af þessum aðförum. Og það er alveg óhæfilegt, eins og hv. 5. þm. Austf. benti á, hvernig hér er farið með sannleikann í þessu máli.

Það má t. d. til viðbótar því, sem hv. þm. nefndi, benda á þau ummæli, sem hér eru höfð um greiðsluhallann við útlönd, og þá töflu, sem þar er sett upp, sem er virkilega villandi og ósæmilegt af nokkrum fræðimanni að láta frá sér fara, eins og svo greinilega kom fram í þeirri ágætu ritgerð, sem dr. Benjamín Eiríksson birti í dagblöðunum í gær. Það verður ekki hrakið, að þessi tafla, sem sett er þarna upp um greiðsluhallann við útlönd, er algerlega villandi og blekkjandi. Það er svo, að í þessum pésa úir og grúir af blekkingum, fyrir nú utan þær fyrirsagnir, sem settar eru inn í þetta rit.

Ég verð að segja það, að ég harma, að ríkisstj. skuli hafa farið inn á þessa braut. Það er stórhættuleg braut, og það er skylda allra alþm., sem vilja standa í ístaðinu fyrir sína kjósendur og fyrir lýðræðið í landinu, að mótmæla þessum aðgerðum.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þeir, sem hér hafa talað af hálfu ríkisstj., ráðherrar og 11. þm. Reykv., telja, að hér sé ekki vikið frá venjulegum vinnuaðferðum. En þeir hafa ekki nefnt nema eitt dæmi um vinnuaðferð, sem ætti að vera hliðstæð því, sem hér um ræðir. Og það er, þegar gefin var út bókin Verkin tala. Þessu hefur nú verið svarað. Það má vel vera, þó að ekkert stæði nema skýrslur í Verkin tala, skýrslur um það, sem hafði verið gert, og það eitt, — það má vel vera, að það hafi verið vafasamt af þeim ráðh., sem fyrir því stóð. En þó var ekki neinu svipuðu þar til að dreifa eins og á sér stað í þessu áróðursriti, sem hér er birt. Og ég man eftir því, að þessar skýrslur, sem þáverandi dómsmrh. stóð fyrir að birta um framkvæmdir, eingöngu um framkvæmdir, þær entust stjórnarandstöðunni í mörg ár til að útmála það sem eitt óskaplegasta hneyksli, sem hefði komið fyrir í stjórnmálasögu Íslands, og var ekki um annað meira rætt árin á eftir en þessar skýrslur, sem hefðu verið gefnar út á ríkisins kostnað.

Nú hafa hv. forsvarsmenn þess að gefa út þetta rit látið liggja að því, að til hafi staðið að gefa út rit eitthvað svipað þessu af þeirri ríkisstj., sem ég veitti forstöðu. Ég sagði frá því, áður en hæstv. ráðh. spurði um það, að það hefði staðið til, og ég sagði frá því, hvers vegna það hefði ekki verið framkvæmanlegt. Það var vegna þess, að rétt áður en stjórn hæstv. núv. forsrh. lét af völdum, hafði hann fengið 4 hagfræðinga, þ. á m. Ólaf Björnsson, hv. 11. þm. Reykv., til þess að semja skýrslu um fjárhagsástandið. Þegar kom til þess að birta skýrslu, sem var talað um að gefa út sem fjölritað plagg til þm. og annarra, sem vildu afla sér upplýsinga um fjárhagsmálin, þá strandaði það á því, að sá maður, sem beðinn var um að athuga þetta verk, taldi m. a., sem rétt var, — og ríkisstj. var honum sammála um það, — að ekki kæmi til mála að birta einn einasta staf úr skýrslu þeirri, sem hafði verið samin stuttu áður en stj. sú, sem ég veitti forstöðu, tók við, nema þeir færu í gegnum það staf fyrir staf. Ef þá væri breytt skýrslunni, svo að hún yrði ekki eins löng, þá yrðu þeir að semja útdráttinn að öllu leyti og birta sitt nafn í sambandi við hann, að það færi ekki á milli mála, þ. á m. 11. þm. Reykv., sem var að tala hér. Og í þessu var, eins og þeir ráðh., sem hafa séð þessar skýrslur, vita, ekkert nema blákaldar skýrslur um staðreyndir, um gjaldeyrismál, innflutning, útflutning, gjaldeyrisástand o. s. frv.

Næstu skýrslur, sem var aflað, voru frá tveimur útlendingum. Þær voru langar, og hagfræðingur sá, sem átti að athuga það að gefa út þetta uppgjör, taldi jafnframt, að það kæmi ekki til mála, að það væri hægt að birta neitt af þessu, nema þeir gerðu útdráttinn og settu sitt nafn neðan við skýrslurnar, — og jafnframt neitaði hann að gefa út sínar eigin skýrslur og að nokkur gerði það, nema hann gerði sjálfur útdráttinn af þessum skýrslum. Allt voru þetta undantekningarlaust skýrslur um það, sem ég greindi áðan, en enginn slíkur áróður kom til mála eins og er í þessu riti, sem ég kem aðeins síðar að. Og ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma verið orðað né neinum dottið í hug að senda út slíkar skýrslur, dreifa jafnvel slíkum skýrslum út um allt landið á ríkisins kostnað, þó að ekki væri í þeim neinn áróður. Þær áttu fyrst og fremst að vera gerðar fyrir þingið og þá menn, sem óskuðu eftir að afla sér upplýsinga um málin, að dreifa út slíkum skýrslum kom vitanlega aldrei til mála, hvað þá heldur áróðursriti eins og því, sem hér er um að ræða.

En að hér sé um áróðursrit að ræða, leynir sér ekki, þegar maður lítur á ritið. Og ég skal benda ykkur bara aðeins á fáein atriði, lesa af fyrstu síðunum: „Ný stefna mörkuð.“ Já, sú er nú ný, þessi stefna. Við þekktum nú, held ég, þessa stefnu fyrir svona 30—40 árum. Sumir halda, að þetta sé ein harðvítugasta íhaldsstefna, sem hér sé endurvakin.

Svo kemur: „Heilbrigður grundvöllur.“ Eru allir sammála um það, að hér sé um heilbrigð-

an grundvöll að ræða? Heilbrigður grundvöllur. Ég held, að þeir séu a. m. k. eins margir meðal þjóðarinnar, sem álíta, að þar sem talað er um heilbrigðan grundvöll, þar sé vægast sagt um vafasama fullyrðingu að ræða, svo að ekki sé meira sagt.

Og svo kemur þriðja, ef maður heldur áfram: „Bótakerfið afnumið.“ Sömu mennirnir, sem hafa haldið því fram og með réttu, að niðurgreiðslur og uppbótagreiðslur séu eins og rétthverfa og ranghverfa á sama hlutnum, halda nú fram, að bótakerfið sé afnumið. Fyrst og fremst er nú eftir þeim loforðum, sem landbúnaðinum hafa verið gefin, bótakerfi í þrengri merkingu þess orðs ekki afnumið. Það hefur verið lofað að greiða með útfluttum landbúnaðarafurðum. En við vitum það, að niðurgreiðsla á vöruverði innanlands til þess að halda niðri dýrtíð er vitanlega ekkert annað en hluti af uppbótakerfi. Það er bara fyrirkomulagsatriði að greiða niður vörur innanlands til þess að halda niðri dýrtíðinni, til þess að framleiðslan geti borið sig, til þess að hún geti selt vöru sína fyrir viðunandi verð á erlendum markaði, eða nákvæmlega sama aðferðin og að gera það ekki, en greiða síðan uppbót á vörurnar, sem fluttar eru út. Menn hafa lengi verið sammála um það, að niðurgreiðslurnar og uppbæturnar eru, eins og ég sagði áðan, ranghverfa og réttþverfa á sama hlutnum.

Þannig úir og grúir af fullyrðingum.

„Tekjuskattur er felldur niður.“ Hér er beinlínis sagt ósatt. Tekjuskatturinn er alls ekki felldur niður, — bara hreinlega skrök. Svona heldur áfram hver fullyrðingin eftir aðra. Og ég fullyrði það, eins og ég sagði áðan, og það mun ekki verða hrakið, að ef á að vera leyfilegt að gefa út áróðursrit eins og þetta, fullt af skröki og blekkingum og á ekkert skylt við hlutlausar skýrslur um efnahagsmálin, — ef það er leyfilegt að gera slíkt, þá er alveg eins leyfilegt fyrir ríkisstj og raunar nákvæmlega það sama að gefa út annað slagið stjórnarblað, einu sinni í viku eða einu sinni í mánuði, og senda inn á hvert heimili í landinu. Ég sé engan mun á því og þessu verki: að gefa út skrökrit um efnahagsmálin, eingöngu út frá sjónarmiði ríkisstj. og stjórnarflokkanna. Og það er sannarlega fordæmi, sem er ekki neitt smávægilegt í þessu landi, ef það á að líðast, að stjórnarflokkar fari að gefa út á ríkisins kostnað blöð og áróðursrit, því að þá erum við komnir inn á svið, sem er alveg nýtt fyrir þessa þjóð.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, enda er nú ekki fyrst og fremst þetta mál hér á dagskrá, og mér ber auk þess fremur að vera við umr. um efnahagsmálin, sem fara nú fram í hv. Nd., en það er það mikla mál, sem við erum að glíma við þessa dagana og ég hef þann heiður að flytja fyrir hönd ríkisstj.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) sagði, vil ég aðeins segja það, að það er náttúrlega örðugt að ganga úr skugga um, að allir séu sammála um efni skýrslu, sem kynni að vera gefin út af ríkisstj., því að jafnvel innan sömu flokka greinir menn stundum á í skoðunum um mikilvæg mál, og það er tæplega hægt að gera þá meginkröfu, sem hann gerir, að það verði að vera alveg ágreiningslaust allt, sem í skýrslunni stendur, ef á að vera heimilt að gefa hana út. Hitt get ég fremur skilið, að hann segir, að það sé ekki rétt að gefa út svona skýrslur nema allir, sem eiga í þeim hlut, vilji viðurkenna þann málflutning, sem við er hafður í skýrslunni. En ég get þá líka staðhæft, að allir þeir, sem hafa beinan og óbeinan hlut átt að þessari skýrslu, eru efnislega algerlega sammála hverju orði, sem þarna er flutt. Þetta er grg. frv. Fyrirsagnirnar — það kann að mega finna eitthvað að þeim, það finnst mér nú aukaatriði, en um sjálft efni málsins, skýrsluna, er enginn ágreiningur á milli þeirra, sem á henni bera ábyrgð eða að henni hafa unnið. Og varðandi þau höfuðádeiluatriði, sem hv. þm. beindi að stjórninni, segi ég það, að ég hygg ekki, að það hneyksli neinn, ekki heldur svo reyndan stjórnmálamann sem hann er, að hér sé sagt, að ný stefna sé mörkuð. Við erum með þessari stefnu, ef tekst að framkvæma hana, að snúa við af braut uppbótakerfisins, sem við höfum gengið á, hann og ég sameiginlega og raunar flestir aðrir, alllengi, svo að það eru alger straumhvörf, ef þetta verður framkvæmt. Það kann að vera, að hann greini á við mig um, hvort sá grundvöllur, sem við stóðum á, er heilbrigður. Ég tel það ekki. Ég tel, að við höfum alveg verið í feninu og ekki getað fótað okkur þar lengur. Við sjáum það miklu betur nú en við gerðum, þegar við sameiginlega fyrir 10 árum lögðum út á þessa hættulegu braut uppbótanna, og mér dettur ekki í hug, að það sé hans braut fremur en mín. Ég hugsa, að ég hafi átt meiri þátt í að leggja inn á brautina heldur en hann, en hann var mér þó alveg samþykkur um það, sem þá var gert.

Ég hef ekki sagt, að bótakerfið sé afnumið. En það er náttúrlega ekki sama, hvort við notum 1400 millj. í þessu skyni eða hvort við forðum bændum frá því mikla böli, að hætt sé að greiða niður framleiðsluvöru bændanna, sem auk þess mundi náttúrlega, eins og nú er ástatt, hafa m. a. þær afleiðingar, að börnin gætu ekki fengið mjólk nema að mjög takmörkuðu leyti.

Hv. þm. þykir ofmælt, að tekjuskattur sé felldur niður. Það er rétt, hann er ekki felldur niður. Af hátekjumönnum er hann ekki felldur niður. En hann er felldur niður af öllum almennum launatekjum, eins og tekið er fram í stefnuskrá ríkisstj. Þannig greiða hjón með 3 börn engan tekjuskatt af 100 þús. kr.

Það voru nokkur stóryrði í ræðu hv. þm., sem ég sé enga ástæðu til að svara, enda var

það miklu minna en hann hafði lært af hinum siðferðisfullkomna manni, siðferðispostulanum, hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), sem margir brosa að vegna þess, hversu hátíðlega hann tekur sjálfan sig.

Ég hélt ég þyrfti nú ekki að vera að upplýsa þennan mann um það, hverjir eru höfundar þessarar skýrslu. Auðvitað ber ríkisstj. alla ábyrgð á henni. Hún er höfundur skýrslunnar. Þetta eru hennar skoðanir, sem þarna koma fram. En þær eru studdar í öllum aðalefnum og þær beinlínis standa á grundvelli þeirrar þekkingar, sem hagfræðingarnir hafa miðlað okkur.

Hv. þm. hneykslast mjög á því, að ég get ekki alveg upplýst í dag, hvað bókin kostaði. Ég efast um, að hann hefði sjálfur vitað það í mínum sporum, því að hann hefur verið að láta háskólann gefa út eða gefið sjálfur út sínar eigin bækur án þess að vita fyrir fram, hvað þær mundu kosta.

En með hvaða heimild, — og það var þýðingarmesta spurningin, — með hvaða heimild er skýrslan prentuð? Rétt eins og það hafi aldrei komið fyrir, að nein ríkisstj. hafi varið fé úr ríkissjóði án heimildar. Ég man nú ekki sannast sagna, hvað fjáraukalögin eru há árlega, en þessi síðustu, sem birt hafa verið fyrir árið 1956, sem ég hef hér, nema 113 millj. kr., fyrir það eina ár. Það er til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum 1956. Þá voru veittar kr. 113212982,48 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr. Það ætti því engum að þurfa að koma á óvart, að ríkisstj. hafi ekki fyrir fram samþykkt fjárlaga. Það er eins og annað, að þessi hv. þm. með sinni ágætu þekkingu, sem ég dreg ekki í efa á lagasviðinu, hefur ekki enn þá nægjanlega gefið sér tíma til að kynna sér margt, sem að hans núverandi störfum lýtur, og það virðist alveg koma honum á óvart, að nokkurn tíma sé greitt nokkuð úr ríkissjóði án fyrirframheimilda. Ég man t. d. eina af mínum syndum. Ég held ég hafi verið forsrh., þegar Skálholt var vígt. Þá var haldin veizla af einum hæstv. þáv. framsóknarráðherra. Hún kostaði á annað hundrað þús. kr. Okkur láðist að kalla saman aukaþing til þess að spyrja, hvort við mættum brúka þessa peninga. Nei, það má kannske finna að þessari sérstöku fjáreyðslu vegna eðlis hennar frá sjónarmiði stjórnarandstæðinga, en að láta sem það sé einhver goðgá, að fé sé án fyrirframheimildar greitt úr ríkissjóði, það get ég ekki talið eðlileg rök af hendi lagaprófessors.

Ég gat nú ekki annað en brosað. Mér varð á að vitna til áðan, að Framsfl. hefði gert eitthvað. Þá flaut nú fyrst yfir hjá þessum hv. þm., að bera sig saman við fordæmi Framsfl. Það fannst honum bara að tala alveg eins og götustrákur, hreint eins og götustrákur. Ég hef margviðurkennt, að fordæmi Framsfl. er á mörgum sviðum til viðvörunar, en ekki til eftirbreytni. En það hlægir mig, þegar þessum hv. þm. þykir það einhver goðgá að leyfa sér að halda, að einhvers skjóls sé að leita í fyrri gerðum ríkisstj., ef í ríkisstj. eru framsóknarmenn. Þeir séu svo berir að misbrestum í sínum aðgerðum, að það sé alveg hrein fjarstæða, að nokkur stjórn megi taka þá sér til fordæmis. Og ég skal reyna að hafa þetta hugfast, að muna það, að a. m. k. að hans dómi má alls ekki nefna Framsfl. frekar en það væri fjandinn sjálfur.

Ég held, að það hafi verið hann, þessi hv. þm., sem sérstaklega benti á, að skýrslan um greiðsluhallann væri mjög villandi. Hún er að einu leyti villandi, sem ég efast um að hann hafi gert sér grein fyrir, en er mjög þýðingarmikið. Þar eru allar tölur miðaðar við, að dollarinn væri 16 kr. Þess vegna er greiðsluhallinn í krónum, sem við höfum verið að tala um, nærri helmingi minni en hann ætti að vera, svo að þjóðin fengi rétta mynd af, hve hræðilegur greiðsluhallinn er. Þar er alltaf miðað við 16 kr. En hann veit sjálfur eða honum bæri að vita það, að ef þessu er breytt í meðalgengi innflutnings og útflutnings og verðlag á dollaranum í innflutningi og útflutningi eins og Framsóknarstjórnin skildi við, þá má hækka þessa tölu um 80—90%, svo að að svo miklu leyti sem þessi hv. þm. er að tala um villandi myndir þarna, þá liggja þær í því, að dollarinn er reiknaður á 16 kr., í staðinn fyrir að meðalgengið er yfir 29 kr. í innflutningi og útflutningi, eins og það hefur verið og er í dag.

Að lokum sagði þessi hv. þm., að það mundi nú sjálfsagt margt sæmilegt um mig sagt, þegar ég væri dauður. Ég vildi nú heldur, að hann vildi byrja strax að segja eitthvað af því, sem honum finnst. Ég finn það, að hann hefur hreint ekki svo mikla skömm á mér, eins og sumir aðrir. En ég segi honum að gæta sín gegn ofmati á mér. Ég er enginn risi í einu né neinu. En hann má ekki í alvöru halda, að minn dómur velti á því, hvað hæstv. núv. viðskmrh. hafi einhvern tíma sagt um mig, frekar en hans manngildi verður fundið út úr mínum orðum, — eða kannske mitt af því, sem hv. þm. sagði um mig, þó að hann væri góður í minn garð, eða t. d. manngildi hæstv. fyrrv. forsrh., sem þarna situr, á því, sem ég hef sagt um hann — eða hann um mig. Nei, það er staðreynd, sem allir vita, að hér á þingi eru menn taldir vera góðir vinir og vildu fegnir kannske margt fyrir hvern annan gera. En það eru fáir, sem unna hinum sannmælis, þegar þeir eru að skammast eða rífast á þinginu, svo að mér finnst það nú eitt, sem muni venjast af þessum hv. þm., að halda, að manngildið finni hann í þingtíðindum með því að lesa yfir, hvað andstæðingarnir segja hver um annan. Ég hygg, að manngildið geti þeir fundið, þess manns, sem um er að ræða, og líka þess manns, sem er að ræða illa um náunganann, með því að sjá, hvernig við hugsum hver um annan og hvað við mundum gera hver fyrir annan, ef hinum lægi á. Það er til skammar á Alþingi, hvað menn spara — ja, ég segi ekki lofið, en rétt mat á náunganum. En ég hygg, að það sé einstakt aðalsmerki á okkur Ís-

lendingum, að þrátt fyrir þetta, þessar ofsaskammir, sem eru blettur á þinginu, þá unnum við hver öðrum sannmælis, — ég tala nú ekki um þegar fáir heyra eða þegar maður hugsar sjálfur, — og viljum allt það bezta.

Ég verð svo að láta þessi orð nægja hér og ætla nú að hlýða á umr. um efnahagsmálin. Ég mun hins vegar koma inn, ef ég heyri hér þrumur eða sé eldingar, svo að ég geti þá komið og tekið þátt í leiknum áfram.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. er ámælisverð fyrir að gefa út þennan bækling sinn, aðallega og fyrst og fremst vegna þess, að útgáfa hvítrar bókar um efnahagsmál er ótímabær á þessu stigi. Tveir stjórnmálaflokkar, sem nú mynda ríkisstj., hafa lagt fram till. um lausn efnahagsmála og boðað fleiri till. um sama efni án þess að hafa lagt þær fram. Málið er enn til umr. hér á hinu háa Alþ., og þær umr. mega heita á byrjunarstigi. Enn þá er ekki séð, hver verður endanleg niðurstaða í þessu máli eða hver afgreiðsla Alþ. á því verður. Það má vænta brtt. við fram komnar till. hæstv. ríkisstj., og meira að segja eru komnar fram brtt. og það frá hv. stjórnarliðum. Allt þetta mál, lausn efnahagsvandans, er mjög viðkvæmt mál og umdeilanlegt mál, sem snertir hagsmuni allra stétta þjóðfélagsins. Að gefa út hvíta bók á þessu stigi málsins tel ég vera ámælisvert. Í þessari bók er túlkuð einhliða skoðun hæstv. ríkisstj. á málunum og það gert, eins og þegar hefur verið sýnt fram á í þessari umr., einhliða og með miklum áróðurskeim. Þetta ber að víta hæstv. ríkisstj. fyrir. Hitt er svo annað mál, að útgáfa hvítrar bókar um efnahagsmál getur vel átt rétt á sér, en útgáfan er ekki tímabær nú. Allt öðru máli hefði gegnt um, ef hæstv. ríkisstj. hefði gefið út sína hvítu bók um efnahagsmál að afgreiðslu hins háa Alþingis lokinni og nefnt þá t. d. bókina Viðreisn — ekki greinargerð um till. ríkisstj. í efnahagsmálum, heldur ráðstafanir í efnahagsmálum eða lög Alþingis um efnahagsmál.

Ég vildi láta þetta koma fram. Mér finnst þessi útgáfa sérstaklega forkastanleg fyrir það, á hvaða tíma hún kemur fram.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil aðeins taka undir þá hörðu gagnrýni og þau mótmæli, sem hér hafa verið borin fram gegn útgáfu þess rits, sem við þm. höfum fundið á borðum okkar nú í gær og í dag.

Það er algert rangnefni að kalla þetta hvíta bók. Þegar talað er um hvíta bók eða bók með einhverjum lit, sem algengt er í diplomatísku máli, þá er það varnarrit fyrir afstöðu heillar þjóðar, sem hún er algerlega sammála um. Þegar ríkisstjórn getur talað í nafni heillar þjóðar gagnvart öðrum þjóðum, þá er það hvít bók, blá bók, eins og tíðkast að nefna það hjá ýmsum þjóðum. Þetta rit á ekkert skylt við slík rit. Hér er ekki talað í nafni þjóðarinnar. Hér eru ekki bornar fram skoðanir eða stefna, sem túlkar afstöðu allrar þjóðarinnar.

Það er þegar játað af hæstv. ríkisstj., að hún er höfundur þessa rits, bókaútgefandinn. Það má því líta svo á, að hver einasti ráðherra í hæstv. ríkisstj. sé sammála um allar þær furðulegu staðhæfingar, sem þar eru bornar fram. Ég slæ því föstu. Allir eru samábyrgir fyrir þeim staðhæfingum, sem hér eru bornar fram.

Það liggur í augum uppi, og er þegar sannað í þessum umr., að útgáfa þessa rits er í fyrsta lagi lagabrot. Það er brot á gildandi lögum um prentað mál í þessu landi, og ætti ríkisstj. ekki að vera fyrst til þess að brjóta þau lög, þó að þau séu nokkuð gömul og úrelt. En hæstv. ríkisstj. hefur nú játað, að hún sé höfundur og útgefandi þessa rits, og þannig má segja, að þó að þess sé ekki getið, sem á að vera getið lögum samkvæmt, þá sé það nú upplýst. En það, sem er miklu alvarlegra í mínum augum, er það, að hér er brotið í bága við allar venjur, sem hafa verið taldar góðar lýðræðisvenjur í þessu landi, um útgáfu og áróðursstarfsemi ríkisstjórna. Hér er notað fé þjóðarinnar allrar í fullkomnu heimildarleysi, því að því verður ekki mótmælt, að það liggur engin heimild fyrir frá Alþingi um að verja einum eyri af fé þjóðarinnar í útgáfu þessa rits, — það er gert í algeru heimildarleysi, og er hæstv. fjmrh., sem stendur að þessu, auðvitað fyrst og fremst ábyrgur fyrir því.

Það væri hægt að nota stór orð um þetta, en ég nota ekki stærri orð en þetta. Fé þjóðarinnar allrar — mitt og okkar allra — er hér tekið í fullkomnu heimildarleysi til þess að gefa út áróðursrit um pólitíska stefnu hæstv. ríkisstj. í ákveðnum málum. Það er það, sem er nýtt.

Í því sambandi álít ég það aðalatriðið, hvort allir hv. þm., sem annars eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. standa með henni, eru reiðubúnir til þess að standa með henni að þessu lýðræðisbroti, og það skal reyna á það hér á hv. Alþingi, þó að síðar verði.

Ef svo reynist, þá er sköpuð ný venja á Íslandi. Þá verður hverri ríkisstj. héðan af heimilt samkvæmt venju, sem meiri hluti Alþingis hefur skapað, að gefa út áróðursrit á kostnað þjóðarinnar fyrir sína pólitísku stefnu, í hvaða máli sem er, jafnvel að fara að gefa út pólitískt blað fyrir sig og sína stefnu, því að á því er enginn munur, hvort það er eitt rit, sem er dreift inn á hvert heimili landsins, eða blað, sem kemur út að staðaldri. Það skal verða reynt á það, hvort allir hv. þm., sem styðja hæstv. ríkisstj., standa með henni að þessu lýðræðisbroti.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. starfar ekki svo lýðræðislega, að hún spyrji alla stuðningsmenn sína fyrir fram um stuðning þeirra við aðgerðir sínar og stefnu. Það hefur komið fram fyrr.

Það leikur ekkert á tveimur tungum og þarf ekkert um það að deila, að hér er ekki

um neinar almennar skýrslur um hagfræðileg efni að ræða. Hér er áróðursrit, áróðursgreinar með furðulegustu staðhæfingum, sem alveg er óhætt að staðhæfa að hagfræðingar landsins í heild sinni eru ekki sammála um. Það er langt frá því.

Það er ekkert almennt álit hagfræðinga, sem kemur fram í þessari skýrslu að þessu leyti. Hér eru pólitískar greinar og ekkert annað. En þessu riti fylgja að vísu skýrslur, þar sem tölur eru látnar tala í töflum. Og ég vil taka til dæmis eitt atriði í þeim skýrslum, það er í töflu 2 á bls. 43 í þessu riti. Þar eru gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar brúttó árið 1959 taldar hafa verið 1466 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. og þá alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. og viðskmrh.: Hvaða hagfræðingur eða hvaða hagfræðistofnun í þessu landi treystir sér til þess nú í nær hálfnuðum febrúar 1960 að gefa þær upplýsingar, að gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar 1959 hafi verið 1466 millj. kr.? Er það Seðlabankinn? Er það hagfræðideild Seðlabankans? Er það Hagstofa Íslands? Eða er það efnahagsmálaráðunautur ríkisstj., sem ég vil segja að leyfi sér að fara með þessar tölur?

Þegar þetta rit kemur út, 10. febr. 1960, liggja fyrir upplýsingar um gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar á hinu liðna ári, 1959, nægilega glöggar til þess, að það megi gera sér grein fyrir þeim, svo að ekki skakki tugum milljóna, varla milljónum.

Ég segi hiklaust fyrir fram, áður en ég fæ svar hæstv. fjmrh. eða hæstv. viðskmrh. um það, hvaða hagfræðingar eða hvaða hagfræðistofnun hafi gefið þessar tölur, — þá segi ég fyrir fram: Þessi tala, sem stendur í þessu riti, er fölsuð, vísvitandi fölsuð, ef hún hefur verið gerð sem áætlun, löngu áður en þetta rit var gefið út, en þetta rit kom út í gær, og á því á þjóðin að byggja og draga sínar ályktanir, og þessi tala er notuð sem undirstöðutala til þess að hugsa út frá um efnahagsmál Íslendinga, eins og þau standa nú í byrjun árs 1960. Ég skora á hæstv. ráðherra að gefa hér upp heimildarmenn sína að þessari tölu, að þessari hagfræðilegu fræðslu, sem þeir veita þjóðinni 10. febr. 1960 um gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar 1959.

Ég álít ekki tilefni til langra umræðna um þetta mál á þessu stigi. Ég álít, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að það verði að taka fyrir síðar hér á Alþingi, hvort það eigi að vera helguð venja samkvæmt ákvörðun meiri hluta Alþingis, að ríkisstj. geti gefið út slíkt pólitískt áróðursrit eða blað, eins og um er að ræða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það þarf ekki nema fáeinar setningar til að svara þeirri fsp., sem þm. beindi sérstaklega til okkar ráðherranna, sem staddir eru hér í deildinni. Hann spurði, hvaðan talan 1466 millj. um gjaldeyristekjur þjóðarinnar 1959 væri komin, hvernig á henni stæði.

Þeir, sem bókina hafa fyrir framan sig eða hlutaðeigandi opnu, sjá, að yfirskriftin yfir þeirri töflu, sem þessi tala er úr, heitir „áætlanir". (Gripið fram í.) Þar stendur: yfir árin 1959, 1960, 1961, 1962 og 1963. Þessi tafla er að sjálfsögðu samin fyrir áramót, þegar ógerningur var að afla með nokkurri vissu upplýsinga um gjaldeyristekjur ársins 1959. Það er ekki heldur hægt nú. Það er því alger ógerningur að segja nokkuð til um það nú í dag, öðruvísi en sem áætlun, hverjar gjaldeyristekjur ársins 1959 verða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég get vel skilið það, að stjórnarliðinu liggi nú mikið á að skera niður þessar umræður, því að það leynir sér ekki, að þeir skammast sín undir niðri fyrir athæfið, sem þeir eru nú uppvísir að. Það hefur komið hér greinilega fram og rökstutt rækilega, að þessi hvíta bók, sem þeir kalla, en ætti að heita blá bókin, alveg eins og Morgunblaðsbækurnar, sem gefnar eru út í kosningum, er blekkingarit, gefið út á ríkiskostnað. En í hvaða tilgangi eru þeir að gefa út þetta rit? Þeir vita, að aðgerðir þeirra í efnahagsmálunum fá þær undirtektir hjá þjóðinni, að þeir grípa til örþrifaráða til þess að reyna að bjarga sér. Þetta er tilefnið til útgáfu bókarinnar.

Uppsetningin á ritinu er alveg eins og það væri tekið upp úr Morgunblaðinu. Og af því að þessir tveir flokkar kunna ekki við að slá Alþýðublaðinu og Morgunblaðinu í eitt rit og gefa það út á sinn kostnað, þá taka þeir þetta ráð.

Þetta er örþrifaráð til að reyna að bjarga sér út úr erfiðleikunum og vandræðunum, þegar þeir heyra alls staðar að á landinu, hvernig tekið er efnahagstillögum þeirra, sem nú eru bornar fram. Svo er þetta kórónað með því, að þeir, sem eru blekktir, eru látnir borga blekkingarnar, það er alveg sérstætt.

Sá eini maður, sem hefur þó komið upp í stólinn til þess að reyna að verja gerðir stjórnarinnar, hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), hafði ekkert að segja annað en að hann hafi þurft að reiða bækur, þegar hann var unglingur, — bækur, sem hann vissi ekkert, hvað var í, því að hann hafði ekki vit á því þá, svo að hann hefur ekki verið gamall.

Já, fólkið er látið borga blekkingarnar. Morgunblaðið gat ekki borgað þær né Alþýðublaðið, ríkissjóður verður að borga þær.

Annars er það kannske það táknrænasta við þetta rit, að ekki einn einasti sérfræðingur, ekki einn einasti hagfræðingur lætur nafn sitt þar nálægt. Enginn veit, hvað er tilbúningur ríkisstj. sjálfrar og hvað er frá hagfræðingum eða sérfræðingum. Ekki einu sinni hv. 11. þm. Reykv. lætur nafn sitt þarna. Og í skjóli þess, að allt sé frá sérfræðingum komið og hagfræðingum er þessu dreift út um landið. Nú hefur einn hagfræðingurinn tekið sig til og skrifað opinberlega, meira að segja í sjálft Morgunblaðið, mótmæli gegn þeim staðhæfingum, sem standa í þessu riti.

Hæstv. forsrh. ætlaði að fara að verja gerðir

sínar með því, að það hefðu verið samþ. fjáraukalög. Ríkisstjórnir þyrftu oft að eyða peningum í hluti, sem væri ekki vitað um fyrir fram, og þess vegna þyrfti að fá samþ. á Alþ. fjáraukalög. M. ö. o.: ef þeim dytti nú í hug að gefa hreinlega út Morgunblaðið, þá er það allt í lagi, bara ef það eru lögð fram fjáraukalög á eftir. Það eru röksemdir þetta!

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál, enda munu þessar 3 mínútur, sem stjórnarliðið hefur ákveðið að skammta mönnum, sennilega liðnar. En ég vil enda með því, að ég tel þetta ótvírætt hneyksli og ég tel það alveg skýlaust, að hneykslið er til komið af því, að stjórnarliðið sér, hvernig þjóðin tekur undir þær aðgerðir, sem flokkarnir eru nú að bera fram á Alþ.

Finnbogi R. Valdimarsson: Það skulu ekki einu sinni verða 3 mínútur, herra forseti. — Hæstvirtir ráðherrar, sem ég beindi hér ákveðinni áskorun til um að geta um heimildarmenn að þeirri tölu, sem ég nefndi um gjaldeyristekjur Íslendinga 1959, gátu ekki eða virtust ekki geta gefið upp þessa heimildarmenn, hvorki menn né stofnanir. Ég veit, að það er enginn hagfræðingur eða hagfræðistofnun til, sem vill standa við það, að gjaldeyristekjur Íslendinga 1959, eins og þær eru kunnar í dag, séu þetta. Hæstv. viðskmrh. sagði sér til varnar, að taflan væri að sjálfsögðu samin fyrir áramót. En hún er lögð fram 10. febr. fyrir Alþ. og þjóðina til þess að draga síðar ályktanir af um afkomu þjóðarinnar á árinu 1959, og er vitanlegt, að það eru til nú fáanlegar miklu nákvæmari tölur, svo nákvæmar, um gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar á árinu 1959, að ég fullyrði, að það þyrfti ekki að skakka mörgum milljónum á endanlegu uppgjöri.

Mér er sagt, að þessar áætlanir um gjaldeyristekjur 1959, 1960 og alveg upp í 1963 hafi verið samdar í október eða nóvembermánuði s. l. af efnahagsmálaráðunaut ríkisstj. En það er allt annað að gera áætlun um gjaldeyristekjur ársins 1959 í október eða nóvember eða að segja í febrúar, hvað þær hafi orðið, og það er það, sem er verið að segja hér.

Hæstv. ráðh. hafa sem sagt ekki getað nefnt nokkurn heimildarmann sinn að þessu veigamikla atriði til upplýsingar fyrir Alþ., hvað gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar voru á árinu 1959. Þeir geta það ekki. Ég veit, að þeir þora ekki að nefna efnahagsmálaráðunaut ríkisstj., Jónas Haralz. Ég veit, að þeir þora ekki að nefna hagfræðideild Landsbankans, Seðlabankans. Ég veit, að þeir þora ekki að nefna Hagstofu Íslands. En þeir menn, sem hafa lagt þessar upplýsingar um gjaldeyristekjur Íslendinga á árinu 1959 fyrir Alþ. nú í gær og fyrir þjóðina, dreifa því út meðal hennar næstu daga, þeir eiga að biðjast afsökunar, og það á að gefa út aðra bók, viðbót við þessa bók, til leiðréttingar og afsökunar á þessum fölsuðu upplýsingum.

Á 26. fundi í Nd., 11. febr., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Í gær var útbýtt hér á Alþ. áróðursriti um stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, sem kallað er Viðreisn, og mér hefur skilizt á ýmsu, sem fram hefur komið, að útgáfan á þessu riti muni vera kostuð úr ríkissjóði. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé rétt að þessi útgáfa sé kostuð af almannafé. — [Hlé.]

Er það ætlunin að svara ekki þessari fsp.? Ég sé ekki betur en að þegar ég bar hana upp, hafi verið a. m. k. einn hæstv. ráðh. viðstaddur og hann hlýtur að vita þetta, — nei, tveir. Nú eru þeir orðnir þrír, og ég vil endurtaka þessa fsp., hvort það sé rétt, að útgáfa þessa áróðursrits sé kostuð úr ríkissjóði?

Forseti (JóhH): Þessa fsp. hafa ráðh. heyrt, og hún er í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða, því að mér skilst, að hér sé um að ræða prentun á grg. efnahagsmálafrv., og vafalaust gefast næg tækifæri til þess að fá þessari spurningu svarað. (EystJ biður um orðið.) Hv. þm. hefur nú stigið tvisvar í ræðustólinn. **(EystJ:** Er nokkuð á móti því, að hann geri það í þriðja sinn?) Það getur verið, að svo sé, því að það eru ákvæði þingskapa, sem segja til um það. Hann hefur fengið að gera aths. um þingsköp, fsp. utan dagskrár, í samræmi við þingsköp. Er það eitthvað annað mál, sem hv. þm. vill tala um? **(EystJ:** Ég vildi gjarnan bæta fáeinum orðum við þetta.) Ég skal ekki meina þm. að bæta nokkru við.

Eysteinn Jónsson: Ég þykist vita, að í þessu tilfelli sé þögnin sama og samþykki, en það muni vera einhver beygur í hæstv. ráðherrum að efna til umr. um þetta atriði hér á hv. Alþ., — eða a. m. k. bregður svo undarlega við, að þeir vilja ekki svara þessari fsp. Ég man ekki eftir því, að það hafi komið fyrir á Alþ., síðan ég kom hingað, að hæstv. ráðherrar hafi neitað að svara fsp. af þessu tagi. Og má þá segja, að það sé í fleira en einu atriði, sem einsdæmin gerast nú um þessar mundir.

Ég dreg ekki í efa, að ef þessi áróðursbók væri kostuð af þeim flokkum, sem standa að ríkisstj., eða af ráðh. sjálfum, mundu þeir hafa sagt frá því, enda hefur mér verið sagt, að það hafi komið fram í einhverri útvarpsfrétt ummæli, sem bendi eindregið í þá átt, að þetta áróðursrit sé kostað af ríkissjóði.

Ég vil lýsa alveg sérstakri óánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja út á þá braut að kosta með almannafé útgáfu á pólitískum áróðursritum, því að þetta rit, sem hér er kallað Viðreisn, er ekki skýrsla um efnahagsmál, heldur pólitískt áróðursrit fyrir tiltekinni stefnu eða tilteknum úrræðum í efnahagsmálum, sem stórfelldur ágreiningur er um. Og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér það ljóst, hvert það leiðir að leggja út á slíka braut, ef á henni verður gengið áfram.

Þá getur hvaða ríkisstj. sem er haldið áfram slíkri bókaútgáfu til áróðurs fyrir sínum málstað á almannakostnað. Slíkt er vitanlega alls ekki viðunandi, og það hélt ég satt að segja, að allir væru sammála um.

Það var einu sinni gefin hér út bók fyrir áratugum, sem ég hygg að hafi heitið Verkin tala og olli miklum ágreiningi í landinu. Útgáfa hennar olli geysilegri gagnrýni frá þeim, sem þá voru í stjórnarandstöðu. Og ég man ekki betur en að síðan sá ágreiningur varð, sem varð mjög mikill, hafi aldrei verið gefið út neitt rit á vegum ríkisstj., sem hægt væri að kalla áróðursrit fyrir málstað ríkisstjórnar eða pólitískt áróðursrit. Það mátti vitaskuld deila um bókina Verkin tala, og það var gert ósleitilega. En ég man ekki eftir því, að síðan hafi komið til greina, að nokkurt rit hafi verið gefið út á vegum ríkisstj., sem ágreiningur hafi verið um af þessu tagi.

En þá kemur spurningin: Ef þessi ritlingur, skýrsla um efnahagsmálin, er hann eðlileg hvít bók, eða er hann áróðursrit? Ég fullyrði, að hann er áróðursrit og ekkert annað en áróðursrit. Og ef ætti að vera eitthvert jafnræði eða samræmi í þessu, þá ættu stjórnarandstæðingar kröfu á því, að það væri gefin út á kostnað ríkisins grg. af þeirra hendi um efnahagsmálin og afstöðu þeirra í efnahagsmálunum og útbýtt til allra landsmanna. Það væri sú jafnréttiskrafa, sem hægt væri að gera. En hvar halda menn, að þessum málum væri þá komið, ef farið væri að kosta slíkt bókaflóð af almannafé? En auðvitað væri ekki nokkurt jafnrétti í öðru en að þetta ætti sér stað í framhaldi af því, sem nú hefur verið gert. Ég er ekki að stinga upp á því, að þetta sé gert, vegna þess að ég álít, að þetta eigi að verða víti til varnaðar og það sé hæstv. ríkisstj. til vansæmdar að hafa lagt út á þessa braut og algerlega óheimilt að taka fé af almannasjóði til þess að gefa út áróðursrit af þessu tagi. Og áróðursrit er þetta og ekkert annað. Við sjáum það t. d. strax á því, að ritið heitir Viðreisn, — það heitir ekki skýrsla um efnahagsmál eða neitt slíkt. Það er áróður strax í fyrirsögninni. Þessar till., sem hér eru á ferðinni, heita Viðreisn. Þó að þær séu rótarlegasta árás á framfarastefnu þjóðarinnar, sem komið hefur fram um áratugi, þá skulu þær heita Viðreisn samt. Og almenningur skal borga undir það úr ríkissjóði, að þetta heiti Viðreisn.

Ef við svo skoðum sjálft innihald bókarinnar, þá er næsta fyrirsögnin, sem blasir við: „Heilbrigður grundvöllur.“ Það er vitanlega líka áróðursfyrirsögn. Og þannig mætti telja nærri því segja bókina út í gegn.

Þá eru í bókinni algerlega villandi upplýsingar, eins og nærri má geta. Þar er t. d. talað um, að bótakerfið sé afnumið, þó að það sé alls ekki afnumið, tekjuskattur felldur niður, þó að hér eigi að vera tekjuskattur áfram, og þannig mætti telja alveg endalaust.

Ég er aðeins, hæstv. forseti, að sýna fram á, hvers konar plagg það er, sem ríkisstj. lætur sér sæma að gefa út fyrir almannafé.

(**Forseti:** Forseti var að gefa hv. þm. merki um, að hann vildi ná tali af honum, en hann virðist ekki vilja hlusta á forsetann.) Jú, auðvitað. (**Forseti:** Efni þessarar bókar, sem hér er verið að tala um, liggur ekki fyrir hér til umr. nú. Þm. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár og hefur verið veitt það tvisvar og nú í þriðja sinn, en á þessu vil ég vekja athygli.) Ég mun ekki heldur fara lengra út í þetta, aðeins sýna fram á það, hvers vegna ég finn að því, að þessi bók er gefin út og greidd af almannafé. Ég þarf ekki að nefna fleiri dæmi, og ég vil ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta á nokkurn hátt.

En ég vil þó aðeins benda á, að hér er því haldið fram alveg blygðunarlaust, eins og í grg. fyrir efnahagsmálafrv., og kostað af almannafé og sent, að því er mér skilst, öllum heimilum, að þjóðarbúskapur Íslendinga hafi verið rekinn með halla á undanförnum árum, þó að það sé þvert ofan í allar staðreyndir, sem fyrir liggja. Þannig mætti halda áfram nær endalaust að rekja áróðurinn og blekkingarnar, sem á þessa bók eru settar og almannafé notað til þess að gefa út og senda víðs vegar um landið.

Ég mótmæli því, að nokkur heimild sé til þess að fara svona að, — að leggja út í annað eins og þetta.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það má nú kannske eiga við mig orðtækið: „Það má brýna svo deigt járn, að bíti.“ Hvort það svo bítur á ríkisstj., það er annað mál. Ég hef raunar ekki nógu sterk orð til að láta í ljós undrun mína yfir framkomu ríkisstj., að hún skuli sýna hv. Alþ. þá vanvirðu að hafa ekki svo mikið fyrir að svara hógværri fsp., þegar ekki er um meiri fyrirhöfn að ræða en það, að það er hægt að svara með jái eða neii. En það er e. t. v. í stíl við það, sem fram er komið hér áður á Alþingi af hæstv. ríkisstj. og á eftir að koma fram.

Ég tek alveg undir þá ádeilu hjá hv. 1. þm. Austf., að þessi hvíta bók er hrein hneisa og vanvirða og óforsvaranlegt að kalla hana því nafni eða gefa hana út á kostnað ríkisins. Mín skoðun er sú, að það geti ekki orkað tvímælis, að algerlega hafi verið óheimilt að verja fé úr ríkissjóði til að gefa út hina svokölluðu hvítu bók, sem ríkisstj. hefur gefið út og hefur tilkynnt, eftir því sem mér skilst, að eigi nú að dreifa um allar jarðir, á hvert heimili landsins. Hér er einhliða fjallað um allra viðkvæmasta deilumál, sem uppi er nú meðal þjóðarinnar, framkvæmdir í efnahagsmálunum. Þessi pési ríkisstj., hin svokallaða hvíta bók, ber nafnið Viðreisn, og er það einhliða áróður, eins og hér hefur verið lýst áður, einhliða áróður fyrir sjónarmiði ríkisstj., og ekkert annað kemst að. Nafngift pésans, kaflafyrirsagnir og allt innihald er á sömu bókina lært.

Ég hef haldið, að í lýðfrjálsu landi eigi allir að hafa sömu aðstöðu til að koma skoðunum sínum á framfæri við alþjóð. Þetta munu

allir vilja viðurkenna, og þá um leið hljóta þeir að fordæma það, að ríkisvaldið leggi fram fé til að auðvelda einum eða fleiri stjórnmálaflokkum að koma áróðri á framfæri eftir leiðum, sem öðrum eru lokaðar. Þetta virðist m. a. vera viðurkennt, t. d. eftir þeim reglum, sem starfað er eftir í sambandi við ríkisútvarpið og stjórnmálin. Þar á öllum stjórnmálaflokkum að vera tryggður sami réttur til að koma skoðunum sínum á framfæri, enginn á að vera þar rétthærri en annar. Frekari málflutning og áróður stjórnmálaflokkanna fyrir skoðunum sínum og viðhorfum eiga þeir sjálfir að kosta og annast í gegnum skrif blaðanna, í tímaritum eða pésum. Ég hef einlægt haldið, að hvít bók, blá bók eða hvað þær nú heita, þessar ríkisstjórnarbækur, eigi eingöngu að vera hlutlaus skýrsla um mikilvæg mál, sem uppi eru á teningnum hjá hlutaðeigandi þjóð, eigi að vera hlutlaus skýrsla og ekkert annað.

Málið, sem pési þessi fjallar um, er vissulega mikilvægt. En framsetningin í þessari bók er ekkert annað en áróður, og ég tel því, að útgáfukostnað þessa pésa sé óheimilt að taka af almannafé. Það má vel vera, að fjártaka þessi varði ekki við lög, en mín persónulega skoðun er sú, og ég fordæmi það jafnt í eðli sínu eins og ef trúnaðarmaður ríkisins fer í frímerkjageymslu þess til þess að taka verðmæti ófrjálsri hendi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr. neitt að ráði, sem hér hafa farið fram. En í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt, langar mig til þess að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh.

Ég held, að það hafi gerzt fyrir nokkru, að uppvíst varð um, að horfið hefðu talsvert fémæt frímerki úr vörzlu ríkisins. Í tilefni af þeim þjófnaði, sem þar þótti orðinn uppvís, fyrirskipaði hæstv. dómsmrh. rannsókn. Ég held, að það séu allir sammála um það, að hæstv. dómsmrh. hefur þar farið rétt að.

Nú liggur það fyrir, að með útgáfu þess pésa, sem hér er rætt um, hefur verið brotizt í ríkisféhirzluna og tekin ófrjálsri hendi upphæð, sem sennilega nemur hærri upphæð en sá frímerkjaþjófnaður, sem er orðið uppvíst um. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að haga þinglega orðum sínum.) Nú vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort hann teldi það ekki skyldu sína að fyrirskipa rannsókn á því, með hvaða hætti þetta fé er tekið, og ef það sannast, að það er tekið ófrjálsri hendi, þá skuli hinir seku leiddir fyrir dóm. Þetta er fsp. mín til hæstv. dómsmrh., því að að sjálfsögðu er ætlazt til þess í þessu landi, að landslögin gangi jafnt yfir alla og það sé ekki frekar réttmætt að taka fé ófrjálsri hendi úr ríkishirzlunni en að stela frímerkjum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það lýsir nokkuð málstaðnum, að hv. framsóknarmenn skuli finna að því, að skýrsla, sem er byggð á ýtarlegum gögnum sérfræðinga, skuli send almenningi til kynningar í þessu meginmáli þjóðarinnar. Þeir bregðast svo við nú, mennirnir, sem lofuðu því á sínum tíma að gefa þjóðinni skýrslu um úttekt þjóðarbúsins, eins og þeir sögðu. Af hálfu þáv. stjórnarandstæðinga og meginhluta þjóðarinnar var þáv. stjórn aldrei ásökuð fyrir að hafa gefið þetta loforð, og engum kom til hugar, að sú skýrsla yrði kostuð af ráðherrunum sjálfum, heldur töldu allir sjálfsagt, að staðið yrði við loforðið og skýrslan send almenningi á ríkissjóðs kostnað.

Það var ekki þetta, sem menn sökuðu þáv. hæstv. ríkisstj. um, heldur það, að hún rauf það heit sitt að kynna almenningi þá úttekt, sem hún lét gera á þjóðarbúinu.

Nú hefur komið til valda ríkisstj., sem sagði strax í upphafi valdatöku sinnar, að hún mundi kynna sér til hlítar og láta semja skýrslur um þessi mál og síðan gefa þjóðinni færi á því að kynna sér þær skýrslur. Þær skýrslur liggja, eins og önnur mannanna verk, undir skoðun annarra en þeirra, sem þær hafa samið. En það verður ekki um það deilt, að alveg eins og það var réttmætt á sínum tíma af vinstri stjórninni að lofa því að gefa þjóðinni kost á því að kynnast úttekt þjóðarbúsins, þá er það því frekar réttmætt nú, ekki aðeins að lofa því, heldur gera það. Þetta er um efni málsins.

Að því er varðar fsp., sem hér hafa komið fram, þá var óþarft að svara hv. 1. þm. Austf., þegar af því, að hann vissi svarið sjálfur við sinni fsp., eins og hann upplýsti í einni af sinni seinni ræðum. Varðandi aftur á móti þekkinguna, sem þessar ferlegu ásakanir eru byggðar á og orðaskak þessara hv. þm., þá kemur hún fram í því, þegar hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) tekur það upp eftir hv. 2. þm. Austf. (HÁ), að hér sé nánast um sams konar verknað að ræða og stuld frímerkja úr frímerkjageymslu. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur. Margs konar útgáfustarfsemi ríkissjóðs á undanförnum árum væri þá fyrir löngu búin að koma Eysteini Jónssyni og hans meðráðh. í tukthúsið, ef þann mælikvarða ætti að leggja á. Við skulum halda okkur alveg frá þvílíku orðbragði hér á Alþingi.

En hv. 7. þm. Reykv., sem leyfði sér að viðhafa þessar ásakanir, skal ég aðeins benda á það, að ef hér er eitthvað ranglega gert, þá er ákæruvaldið á því ekki hjá dómsmálastjórninni, heldur hjá sjálfu Alþ. Það stendur í stjórnarskránni, sem þessi hv. þm. hefur ekki alls fyrir löngu unnið eið að, — en hann kemur svo hér upp og ber á menn glæpsamlegar sakir og veit ekki annað eins höfuðatriði stjórnskipunar sinnar eigin þjóðar og þeirrar stjórnarskrár, sem hann hefur heitið að vernda, eins og þetta.

Forseti (JóhH): Samkv. þingsköpunum eru í 31. gr. ákvæði um það, að þm. geti beint fsp. til ríkisstj., og á hvern hátt það skuli gert, þ. e. á formlegan hátt, og hafa allir þm. aðgang að því. Það styðst hins vegar við langa venju að gera fsp., venjulega þá stuttar og

án mikilla umr., utan dagskrár, eins og hér hafa verið gerðar. Forseti vill hins vegar ekki efna til óformlegra umr. um þetta mál, þannig, að þm. tali hér endalaust. Nú hefur hv. 1. þm. Austf. kvatt sér hljóðs í fjórða sinn (**EystJ:** Ég þarf að bera af mér sakir í eina mínútu.) Þegar það er upplýst, mun ég gefa hv. 1. þm. Austf. orðið til þess að bera af sér sakir.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. fékk nú málið áðan og var að gefa í skyn, að það væri ekki meira, þó að þetta áróðursrit væri gefið út, en ýmisleg útgáfustarfsemi, sem hefði verið á undanförnum árum, og viðhafði nokkur smekkleg ummæli í því sambandi. Ég hefði gaman af því, að hæstv. dómsmrh. fyndi fordæmi fyrir því, að það hafi verið kostuð útgáfa áróðursrita á síðari árum af ríkisfé, og vildi færa fyrir ásökunum sínum í því efni einhver rök. Það var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að þetta væri síður en svo fordæmalaust á síðari árum. Í því sambandi vil ég upplýsa, að það hafa stundum sagt menn við mig undanfarin ár: Hvers vegna er fjárlagaræðan ekki prentuð sérstaklega og útbýtt? Ég hef svarað þeim, að ég teldi ekki heimilt að prenta fjárlagaræðuna og kosta prentunina af ríkisfé, — þó að í henni væru margs konar upplýsingar um ríkisbúskapinn og mætti kalla hana skýrslu að sumu leyti, þá væri í henni venjulega túlkuð um leið stefna stjórnarinnar hverju sinni, og ég teldi því óheimilt að kosta slíkt rit af ríkisfé. Þessi hefur verið og er skoðun mín á því, hvað heimilt sé að prenta fyrir ríkisfé. En hæstv. dómsmrh. virðist hafa aðra skoðun.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Vitanlega er þessi skýrsla alls ekki hagfræðileg skýrsla, — það hefur enginn hagfræðingur lagt nafn sitt við þessa skýrslu. Þetta er árróðursrit, sem stjórnin hefur tekið saman og notað í það vissar niðurstöður úr skýrslum hagfræðinga, en setur inn í þetta pólitíska áróður að sinni vild og kallar svo hagfræðilega skýrslu.

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Í gærkvöld voru fluttar þær fregnir, að hæstv. ríkisstj. hefði komið því fram að hækka stórkostlega alla vexti í landinu, og enn fremur var tilkynnt, að sú ákvörðun væri gerð, að það ætti að heimta inn úr sparisjóðum og innlánsdeildum helming af allri aukningu sparifjárins og setja inn í bankakerfið. Mig langar til í sambandi við þetta að spyrjast hér fyrir um utan dagskrár eitt atriði og láta í ljós álit mitt um eitt eða tvennt annað.

Það er þá fyrst: Ég tók ekki eftir því, að það væri neitt í þessari tilkynningu um lengd lánanna úr stofnlánadeildum atvinnuveganna. Og ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Var nokkur breyting gerð á lengd lánanna? Ég tók ekki eftir því, að það væri neitt talað um lánstíma í þessum tilkynningum. Þetta er spurning, sem ég vona að hæstv. ráðherrar svari, hvort nokkur breyting var gerð á lengd lánanna.

Þannig er til tekið í þeirri lagagrein, sem fjallar um heimild handa ríkisstj. til þess að ákveða vexti hjá ýmsum stofnlánadeildum, að það skuli leita álits frá stjórn Seðlabankans og stjórnum þessara stofnana. Ég hef ekki haft fullkomlega nákvæmar fregnir af því, sem gerzt hefur, en manni kemur það furðulega fyrir sjónir, að það skuli vera búið eða eigi að láta líta svo út, eins og það sé búið að fullnægja þessu lagaákvæði, þar sem lögin voru staðfest, að því er ég bezt veit, á laugardag. Mér er að vísu sagt, að það hafi verið kallaðar stjórnir sumra þessara sjóða, sem hér eiga hlut að máli, upp í stjórnarráð, til þess að tilkynna þeim þar, að það væri búið að ákveða vaxtahækkunina, og enn fremur, hvað hún ætti að vera. En ég er þannig settur, að ég á sæti í einni af þeim stjórnum, sem átti að biðja um álit hjá, áður en ríkisstj. væri heimilt að hækka vexti í þeim sjóði, og það er byggingarsjóður verkamanna. Ég heyrði það í útvarpinu í gærkvöld, ég heyrði ekki betur a. m. k. en byggingarsjóður verkamanna væri þar talinn með, að það væri búið að hækka þar vextina stórkostlega. En það hefur ekki verið leitað álits stjórnar byggingarsjóðs verkamanna um þetta mál. Og ef hæstv. ríkisstj. er búin að ákveða þessa vexti, hefur hún með því þverbrotið lögin, sem hún var að berjast fyrir að fá hér í gegnum Alþingi, og þá er sú ákvörðun ólögleg. Mér er kunnugt um þetta, því að ég á sæti í þeirri stjórn. Ég vil mótmæla þessu algerlega og benda á, að þessi ákvörðun er því ólögleg, — fyrir utan það, hvaða vott þetta ber um vinnubrögð hæstv. ríkisstj.

Þá vil ég einnig nota þetta tækifæri til þess að mótmæla þessum vaxtahækkunum sem hreinni óhæfu og vísa þar til þess, sem hafði komið fram í sambandi við málið sjálft.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina fsp. til ríkisstj., sem að nokkru leyti eru þær sömu og hv. 1. þm. Austf. nú kom fram með.

Í fyrsta lagi, hvernig stendur á, að ríkisstj. áleit nauðsynlegt að beita svona undireins þeim ákvæðum, sem eru í l., og hafa sjálf frumkvæði um það gagnvart seðlabankastjórninni að hækka alla vaxtastiga í landinu, eins og nú hefur verið gert á útlánsvöxtum og öðru. Og að því er manni virðist, þá er hér ekki um neina bráðabirgðabreytingu að ræða. Þetta er auðsjáanlega hugsað sem varanleg breyting, sem setur Ísland í ákaflega slæma aðstöðu gagnvart öllum öðrum löndum, þar sem allir vextir hér verða miklu dýrari og íslenzkum atvinnurekendum og öðrum Íslendingum, sem til framkvæmda vilja stefna, gert

miklu erfiðara fyrir en öðrum þjóðum. Mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi unnið að þessu með meira kappi heldur en forsjá og hafi beitt í þessu offorsi, sem að öllu leyti er óviðkunnanlegt.

Ég vil um leið leyfa mér að óska upplýsinga hæstv. ríkisstj. og sérstaklega þess ráðh., sem bankamálin heyra undir, um hvernig þessi samþykkt hafi verið knúin í gegn í stjórn Seðlabankans.

Þá vil ég í öðru lagi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi þeirri vaxtahækkun, sem fram hefur farið í fjárfestingarsjóðunum. Það átti að ná í eða fá álit seðlabankastjórnarinnar um þá hækkun, áður en hún færi fram. Vill hæstv. ríkisstj. lesa upp það álit, sem seðlabankastjórnin gaf um þá vaxtahækkun í fjárfestingarsjóðunum? Sú hækkun, sem þar er framkvæmd, á auðsjáanlega að gilda á þeim lánum, sem útgefin væru nú fyrst um sinn, t. d. á lánsbréfum allt til 42 ára með þessum föstu vöxtum, sem þarna eru ákveðnir, allt upp í 9%, eins og hjá byggingarsjóði verkamanna, þannig að þarna virðist ekki vera um neina bráðabirgðaaðgerð að ræða gegn verðbólgu eða einhverju öðru slíku, eins og látið var í veðri vaka, þegar verið var að pína þessi lög hér í gegnum þingið, heldur virðist hér vera beinlínis um að ræða aðgerð til stöðvunar á framkvæmdum og í þessu tilfelli sérstaklega á húsbyggingum í sambandi við verkamannabústaði. Og það væri fróðlegt að fá að heyra hér það álit, sem seðlabankastjórnin lét í ljós í sambandi við þetta, og raunar, eins og hv. 1. þm. Austf. minntist á, álit fleiri þeirra stjórna, sem spurðar hafa verið, eða jafnvel, hvort þær hafi ekki verið spurðar.

Í þriðja lagi vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún hyggist gera eitthvað viðvíkjandi þeim sparisjóðum úti á landi, sem nú eru settir í mjög slæma aðstöðu, eða hvort beinlínis eigi að stuðla að því, að þeir fari á höfuðið með þessum óvenjulegu harðstjórnarráðstöfunum, sem gerðar eru í peningamálum Íslands. Það var varað við þessari stefnu, sem nú er tekin upp svo fljótt, þegar þessi mál voru til umr. hér í þinginu. Alþb. barðist eins og fleiri hér innan þings á móti því. Ég vil um leið upplýsa það, af því að einn af forustumönnum Alþb. á sæti í seðlabankastjórn, að hann tók afstöðu á móti þessum ráðstöfunum. Og það er æskilegast að öllu leyti, að það komi hér algerlega fram, hver afstaða manna hefur verið í sambandi við þessar ráðstafanir, svo óvenjulegar sem þær eru. Það er greinilegt, að hér á að innleiða harðstjórn peninganna í landinu, á sama tíma sem vinnan og vinnuaflið er sett lægra og metið minna en verið hefur um áratugi áður á Íslandi.

Ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. ríkisstj. verði við því að gefa upplýsingar um þessi efni, sem hér var um spurt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það þarf nú engum að koma á óvart, þó að þessi vaxtabreyting hafi verið gerð, því að hún var boðuð þegar í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálafrv., sem samþ. var hér fyrir helgina.

Um spurningu hv. 1. þm. Austf. (EystJ) vil ég segja það, að lánstíma hefur verið breytt, bæði hjá ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði, úr 20 árum í 15 ár og á lánum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum úr 50 árum í 42 ár, en að öðru leyti er lánstíminn hugsaður sá sami og verið hefur, þ. e. a. s. 25 ár fyrir A-lán húsnæðismálasjóðs og 15 ár fyrir B-lánin, 42 ár fyrir byggingarsjóð sveitabæja og verkamannabústaðasjóðinn, en sem sagt ræktunarsjóður og fiskveiðasjóður færðir niður í 15 ár.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara þessum hv. þm. öðru. Hann var að spyrja um, hvort samráð hefði verið haft við stjórnir fjárfestingarsjóðanna, áður en þetta var gert. Það var haft samráð við þá á þann hátt, að þeir, sem til náðist, voru kallaðir til fundar á laugardagsmorguninn fyrir hádegi. Þar mættu að vísu ekki allar stjórnirnar fullskipaðar, en ég ætla flestar þeirra. Að vísu var það rétt, að hv. þm. var þar ekki með. Það var rætt um það fram og til baka, hvernig þessi vaxtabreyting færi fram, ýmis framkvæmdaratriði rædd og fengnar till. sjóðsstjórnanna um þau framkvæmdaratriði og þær aths., sem stjórnirnar fluttu, að ég ætla, flestar þar teknar til greina.

Að öðru leyti held ég ekki, að það hafi verið fleira í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) spurðist hér fyrir um það, hvort stjórn Seðlabankans hefði verið kvödd til á þennan fund, en það var hún ekki. En ég ætla þó, að hún hafi fengið málið til meðferðar. A. m. k. var aðalbankastjóranum kunnugt um málið, og hann ætlaði að halda fund og hélt fund bæði á laugardagseftirmiðdag og sunnudag í sinni stjórn, áður en málið var þar afgreitt.

Að öðru leyti um sjálfa vaxtahækkunina og hvers vegna hún er gerð þarf ég ekki að ræða. Það mál var svo ýtarlega rætt undir meðferð efnahagsmálsins hér fyrir helgina, og þetta er sem sagt einn þátturinn í þeim efnahagsaðgerðum, sem þá voru boðaðar, svo að þessi breyt. þarf ekki að koma á óvart.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. upplýsti, að það hefði verið styttur lánstíminn hjá ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði úr 20 árum í 15 ár. Þá höfum við það, að samhliða því, sem vextir voru stórlega hækkaðir hjá þessum sjóðum, er lánstíminn styttur mjög mikið frá því, sem hann hefur verið, þannig að þessi lán verða stórkostlegum mun þyngri en þau hafa áður verið. Það er mál út af fyrir sig. Hitt er svo athyglisvert, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa þorað að segja hreinskilnislega frá því í tilkynningunni, að hún hafi gert þetta, og er það þó ofur lítill vottur um samvizkubit í sambandi við þessi mál, og þótti nú sjálfsagt fáum mann koma fyrr í ljós en við mátti búast.

En það er sýnilegt, að það hefur verið beygur í ríkisstj., þannig að hún hefur ekki þorað

að gefa út rétta fréttatilkynningu um það, sem hún ákvað, — eða hvers vegna tilkynnti hún ekki þetta líka? Þó teygði hún sig til þess að tilkynna um leið um ýmis atriði, sem ekki voru skyld vaxtahækkuninni, en þetta var dregið undan í tilkynningu hæstv. ríkisstj.

Ég upplýsti það hér áðan, að 32. gr. efnahagsmálalaganna hefði verið brotin, og ákvörðun hæstv. ríkisstj. um vexti í byggingarsjóði verkamanna er markleysa, af því að það hefur ekki verið leitað álits stjórnar þessa sjóðs um vaxtabreytinguna, eins og skylt er að gera eftir lögunum.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að muldra hér í barm sinn um, að það hefðu verið kallaðir hinir og aðrir menn upp í stjórnarráð, sem til hefði náðst, — mér skilst á föstudag, — en ég hefði ekki verið þar mættur. Þetta átti víst að vera á einhvern smekklegan hátt að gefa í skyn, að það mundi ekki hafa verið hugsanlegt að ná til mín í þessu sambandi — mín sérstaklega. Ég vil í fyrsta lagi út af þessu taka það fram, að það var algerlega vandalaust að ná til mín, bæði föstudagskvöldið og laugardagsmorgun fram yfir hádegi, en var áreiðanlega engin tilraun til þess gerð, ekki heldur gerð tilraun til þess að ná í aðra stjórnarnefndarmenn úr þessum sjóði, nema formaðurinn í sjóðsstjórninni var kallaður sem stjórnarmeðlimur í fiskveiðasjóðnum. Þetta eru nú vinnubrögðin, og svo er verið að muldra hér um, að það hafi verið kallað í þá, sem hafi til náðst, og á að gefa það í skyn, að einhverjir hafi ekki verið betur á verðinum en svo, að þeir hafi verið fjarverandi þessar örlagaríku klukkustundir, sem mátti gefa til þess að íhuga málið. Það var alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að vera að muldra þetta, vegna þess að það liggur alveg fyrir, að álits þessarar stjórnar var ekki leitað og ákvörðunin er ólögleg. Varðandi vinnubrögðin að öðru leyti, það sem ég veit, þá voru þau þannig, að stjórnir hinna sjóðanna munu yfirleitt hafa verið kallaðar og þeim tilkynnt, að það væri búið að ákveða vextina, og eins og hæstv. ráðh. sagði, þá hafi verið rætt þar um framkvæmdaratriði. Og ég vil biðja menn að taka eftir því, að hann orðaði það þannig, að það hefði verið rætt fram og aftur um framkvæmdaratriði. En það var ekki verið að gera tilraun til þess að framkvæma skýlaus ákvæði lagagr., sem hæstv. ríkisstj. hefur sjálf beitt sér fyrir á Alþ. að yrði samþ. Hverjum mundi detta það í hug, að þegar stendur í lagagrein, að það skuli leita álits stjórnanna um jafnþýðingarmikið mál og vextina og lánstímann, þá yrði það ekki haft þannig, eins og venja er í slíkum tilfellum, að óskað væri eftir skriflegri álitsgerð, og a. m. k. gefið tóm til þess, að það yrði haldinn fundur í stjórn viðkomandi stofnunar til þess að ræða þessi efni, jafnörlagarík mál og þau eru bæði fyrir viðskiptamenn þessara stofnana og stofnanirnar sjálfar? En ríkisstj. sá enga ástæðu til þess, eins og hér hefur verið upplýst. Hún sá enga ástæðu til þess, að neitt tóm gæfist til slíks, og yfirleitt enga ástæðu til þess að reyna að framkvæma þessa lagagrein á þann hátt, sem vitaskuld er til ætlazt um slík ákvæði. Það er ekki að leita álits með venjulegum hætti, sem hér hefur verið gert, og til sumra hefur alls ekki verið leitað.

M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. hefur tekið sér einræðisvald um þessi efni, þvert ofan í ákvæði l., því þó að hún ætti að hafa endanlegt úrskurðarvald og hefði endanlega heimild, var skylt að leita þessa álits skilmerkilega, eins og venja hefur verið til. Og það er fullkomin ástæða til þess að mótmæla alveg sérstaklega þeim vinnubrögðum, sem hér hafa verið viðhöfð, auk þess sem alveg liggur fyrir, að vaxtaákvörðunin um verkamannabústaðalánin er gersamlega ólögleg.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 1. þm. Austf., er hann talaði um það, að 32. gr. l. um efnahagsmál hafi verið brotin, að þá vil ég segja honum það, að allt bankaráð Búnaðarbankans og bankastjóri komu upp í stjórnarráð á föstudaginn, og var rætt við þessa aðila um þessi mál. Þeim var ekki tilkynnt, að það væri búið að ákveða vextina, heldur var leitað álits þeirra um það, hvort þeir gætu fallizt á till., sem ég lagði fram. — Ég vildi aðeins taka þetta fram, vegna þess að hv. þm. gaf í skyn, að lagaskyldunni hefði ekki verið fullnægt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. svaraði hér aðeins að nokkru leyti þeim fsp., sem ég bar fram. Ég bað um, að svar seðlabankastjórnarinnar viðvíkjandi fjárfestingarsjóðunum væri lesið hér upp, þannig að það kæmi greinilega fram, hverju þar hefði verið svarað. Mér skilst þó í sambandi við seðlabankastjórnina, að það hafi þó verið haft það mikið við hana, að spurning hafi verið lögð fyrir hana, og að hún hafi komið saman til fundar, og mér skilst jafnvel, að þeir fundir hafi staðið meginhluta laugardags og meginhluta sunnudags og sé ólokið enn, þannig að það virðist vera eina stofnunin, sem hefur þó fengið tækifæri til þess að hafa þessar spurningar liggjandi fyrir sér, eins og l. gera ráð fyrir. Þess vegna væri fróðlegt að vita, hverju hún hefur svarað, ef skrifleg svör skyldu liggja fyrir frá henni.

Viðvíkjandi þeim upplýsingum, er voru gefnar um svör hinna stjórnanna í hinum ýmsu sjóðum, vil ég alveg taka undir það, sem hv. 1. þm. Austf. segir hér, að mér sýnist, að farið hafi verið algerlega ólöglega að. Mér skilst, að það hafi nokkrir menn úr stjórnum nokkurra sjóða verið kallaðir niður í eitthvert ráðuneyti. Að vísu kann þarna að vera undantekning viðvíkjandi hæstv. landbrh., að hann hafi haft nokkuð löglegan hátt á um þessar aðfarir og kallað eina stjórn til umr. við sig um þessi mál. En eftir því, sem hæstv. félmrh. upplýsir, virðast hafa verið kallaðir nokkrir menn úr nokkrum stjórnum saman til einhvers spjalls niðri í stjórnarráði einn morgun. Ég skil ekki, hvernig á að

framkvæma lög eins og þau, sem þarna er um að ræða, ef á ekki að gera það þannig, að ríkisstj. og sá ráðh., sem viðkomandi sjóðir heyra undir, skrifar bréf til þeirra stjórna, sem þarna er um að ræða, óskar eftir því, að þessar stjórnir láti í ljós álit sitt um, hvort t. d. beri að hækka vexti, hvort beri að lengja eða stytta lánstíma eða annað slíkt, síðan kalli formenn slíkra stjórna þessar stjórnir saman á fund, hverja fyrir sig, leggi þar fyrir þessar spurningar, ræði þessar spurningar og menn móti síðan sína afstöðu viðvíkjandi þeim og það liggi fyrir í fundargerðum stjórna þessara sjóða, hvernig þetta er gert. Ég veit ekki, hvort við hér á Alþ. eigum að fara að taka þetta til fyrirmyndar um afgreiðslu, t. d. þegar við erum í nefndum, — við skulum segja, að við í fjhn. hefðum þann hátt á, að við kölluðum t. d. nokkra menn úr einhverri stofnun, sem við viljum tala við, til okkar og segðum: Þetta hérna er nú meiningin að gera, og við göngum út frá því, að þið séuð samþykkir því, — og þar með er það búið. Ef maður á að fara að kasta öllum formum fyrir borð, — og sjálf lögin eru fyrst og fremst form, sem verið er að setja á þjóðfélagið, — þá er verið að taka upp allt aðra stjórnarhætti en hér hafa viðgengizt um alllangt skeið. Ég held þess vegna, að þessar aðfarir, sem þarna er beitt, séu gerræði, eigi ekkert skylt við venjulegar starfsaðferðir þingræðislegra stjórna, enda er máske sá tilgangur, sem á að ná með þessu, þannig í sínu eðli, að það mundi vera nokkuð erfitt að fá menn til þess að fallast á slíkt eins og hér er verið að gera, sérstaklega stjórnir þessara sjóða, nema með því að beita svona aðferðum. Ég held þess vegna, að það, sem ætti að gera nú, væri, að hæstv ríkisstj. læsi upp afrit af sínum bréfum til þessara stjórna þessara fjárfestingarsjóða, læsi upp svör þessara sjóðsstjórna, þannig að við vitum, hverjir það eru, sem þetta hafa samþykkt.

Þá vil ég enn fremur undirstrika það, að með svona aðferðum, — slæmar voru aðferðirnar hér í þinginu, en þó ekki að öllu leyti óvenjulegar um þessa hluti, — en þessar aðferðir, sem beitt er eftir á gagnvart þeim sjóðum, sem þarna eiga hlut að máli, og þeim sjóðsstjórnum, eru alveg forkastanlegar. Þessir sjóðir eru myndaðir með áratuga baráttu, m. a. mjög harðri baráttu verkamanna, alþýðunnar á Íslandi. Og það þótti sérstakur sigur, þegar það var knúið fram hér á árunum, fyrir rúmum 30 árum, að verkamenn skyldu geta fengið lán til þess að byggja sér bústaði með 2½% vöxtum, og var Ísland fátækt land þá. Það þótti strax illa horfa og var barizt á móti því af mörgum hér á þingi, þegar það var undir áhrifum Marshall-lánanna og afskipta amerískrar ríkisstj. af okkar efnahagsmálum farið að hækka vextina hjá byggingarsjóðum verkamanna. En það kastar þó tólfunum, þegar það er knúið í gegn að hækka vexti hjá byggingarsjóðum verkamanna á lánum, sem eru lánuð út til 42 ára, upp í 9%, og þekkist hvergi nokkurs staðar í veröldinni, þar sem mér er kunnugt, að þess háttar aðferðir séu hafðar um mikilvæg umbótalög, sem eiga að vera til þess að styrkja þá fátæku í þjóðfélaginu og skapa þeim betri aðstöðu. Það má þess vegna ekki minna vera en að það liggi fyrir alveg skýrt og ótvírætt: Hverjir eru það, sem með hæstv. ríkisstj. eru ábyrgir fyrir þessum aðgerðum? Það er verið að kollvarpa um eina helgi áratuga baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir endurbótum á þessu þjóðfélagi, og það er gott að vita, hverjir það eru, sem bera ábyrgð á slíku fyrir utan hæstv. ríkisstj., fyrst henni var ekki gefið algert einræði um, hvað hún gerði í þessu, fyrst hún átti þó að hafa samráð og hlusta á aðra í þessu sambandi.

Ég vil svo vona, fyrst hæstv. félmrh. svaraði ekki fyrir hönd ríkisstj. þeirri spurningu, sem ég bar fram áðan, að hæstv. bankamálarh. muni svara því, hvaða svör seðlabankastjórnin gaf og hvernig seðlabankastjórnin samþykkti þær vaxtahækkanir, sem hér hafa farið fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Lögum samkvæmt ákveður stjórn Seðlabankans vexti í landinu, útlánsvexti banka og innlánsvexti.

Hinu háa Alþ. er um það kunnugt, að það hefur verið einn þáttur þeirrar stefnu, sem ríkisstj. nú vill fylgja í efnahagsmálum, að hækka nú um skeið vexti, bæði útlánsvexti og innlánsvexti. Þessa skoðun sína tjáði ríkisstj. stjórn Seðlabankans þegar í stað, er Alþ. hafði afgr. hin nýsamþykktu lög um efnahagsmál. og jafnframt skoðanir sínar á því, hver hæð vaxtanna, bæði útlánsvaxta og innlánsvaxta, ætti að vera að dómi ríkisstj. Í lögunum um efnahagsmál, 32. gr., er enn fremur gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leiti álits stjórnar Seðlabankans á ákvörðun sinni um vexti fjárfestingarsjóðanna. Þetta gerði ríkisstj. einnig þegar í stað, eftir að lögin höfðu verið afgr.

Í tilefni af þessum tvenns konar tilmælum ríkisstj. til stjórnar Seðlabankans hélt hún fundi á laugardag og sunnudag og tók ákvarðanir sínar um vaxtahæðina annars vegar og hins vegar lét í ljós skoðun sína á fyrirhuguðum ákvörðunum ríkisstj. um vaxtahæð fjárfestingarsjóðanna.

Í tilefni af fsp. hv. 3. þm. Reykv. (EOl) vil ég taka það fram, að stjórn Seðlabankans var ekki á einu máli um afstöðuna til þessara tveggja atriða, sem til hennar var leitað með. Hinir nýju vextir, útlánsvextir og innlánsvextir, voru samþ. í bankastjórninni með 3:2 atkv., og þeir, sem voru andvígir ákvörðuninni um vaxtahækkunina, voru annars vegar Ólafur Jóhannesson prófessor og hins vegar Ingi R. Helgason lögfræðingur. Hinir þrír stjórnarmeðlimir Seðlabankans greiddu atkv. með þessum ákvörðunum, þannig að þær eru löglega teknar.

Það kom ekki fleira fram í fsp. hv. þm., sem ástæða er fyrir mig að svara.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins fáein orð, herra forseti, út af því, að hæstv. landbrh. svaraði þarna nokkuð í sambandi við stofnlánavextina og hvort álits hefði verið leitað. Ég sagði, að eftir því sem ég vissi bezt, hefðu ýmsar stjórnir þessara stofnlánasjóða verið kallaðar upp í stjórnarráð, stjórn byggingarsjóðs verkamanna þó alls ekki, það var ekki óskað eftir áliti hennar, og a. m. k. sumum þessum stjórnum hefði verið tilkynnt það hreinlega, að það væri búið að ákveða vextina, það kom greinilega fram, að það væri búið að ákveða vextina, og ég veit, að þetta er rétt. Hins vegar kann að vera, að ekki hafi verið haldið á þessu þannig að forminu til alls staðar. Hæstv. ráðh. segist ekki hafa tilkynnt þetta sem ákvörðun, heldur leitað álits þeirra stjórnarmanna, sem þangað komu úr stjórn Búnaðarbankans. Hann segist hafa leitað álits þeirra um málið. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. ráðh.: Vill hann ekki segja okkur frá eða lesa hér upp álitsgerð þessara manna um vaxtamálið? Vill hann ekki láta Alþ. fá álitsgerð þessara manna um vaxtamálið, álitsgerð búnaðarbankaráðsins um vaxtamál stofnlánadeildar landbúnaðarins, því að væntanlega gerir hæstv. ráðh. sér það ljóst, að þegar það er tiltekið í lagagrein, að það skuli leita álits stjórnar slíka stofnana, þá er gert ráð fyrir því, að það álit sé ekkert leyndarmál, heldur opinbert plagg. Og hvar er þetta álit? Vill ekki hæstv. ráðh. lesa það hér fyrir mönnum, þannig að það komi fram, hvort sú stjórn var sammála, eða hvert var þá álit hvers um sig, ef hún var ekki sammála? En ef hann hefur ekki þetta álit hjá sér, vill hann þá ekki greina okkur frá innihaldi þess?

Og svo vil ég einnig spyrja hæstv. landbrh. af þessu tilefni: Finnst honum það sæmileg og fullnægjandi afgreiðsla á svona stórfelldu máli að kalla í skyndi bankaráð Búnaðarbankans og ætla því að svara á stundinni eða gefa á stundinni upp munnlega álit sitt á máli eins og þessu? Fyndust honum það sæmileg vinnubrögð, ef einhverjum dytti í hug að fara þannig að, ef svo ólíklega vildi til, að einhverjum dytti í hug að fara þannig að, einhverjum ráðh., að ætla sér að uppfylla lagaákvæði eins og þetta með því að kalla fyrirvaralaust á bankaráð Búnaðarbankans og krefja bankaráðið um munnlegt álit á stundinni um það, sem hér er fjallað um, lánstíma hjá þessum sjóðum og vaxtakjör? Mundi honum finnast það sæmilegt, ef einhver ráðherra fyndi upp á slíku? Ég spyr.

Ég mundi telja það algerlega ósæmilegt, ef þannig hefði verið farið að, og ég spyr nú, auðvitað ekki af því, að ég viti ekki, að það var einmitt svona, sem hæstv. ráðh. fór að. Ég spurði bara til þess, að menn skyldu gera sér ljóst, hvílík fjarstæða svona vinnubrögð eru. Ég veit, að það var svona, sem farið var að í þessum málum. Það var svona, sem farið var að því að uppfylla ákvæði laganna um að leita álits þessara stjórna. Það er tæplega hægt að segja, að það sé uppfyllt að forminu það ákvæði, sem hér er lögfest, og það er hreint lagabrot að ákvarða vextina hjá byggingarsjóði verkamanna. Það er einnig algerlega víst, að með þessu eru allar venjulegar lýðræðislegar stjórnarvenjur brotnar, þverbrotnar, því að það er ekki að leita álits að haga því á þá lund að kalla á menn og heimta fyrirvaralaust skoðanir þeirra á þessu og ætla ekki neinn tíma einu sinni til þess, að stjórnirnar geti bollalagt um eða komið sér saman um álit sitt á þessum málum.

Ég vil svo einnig vekja athygli á því, þó að það sé ekki meiningin að fara að taka hér upp almennar umr. um vaxtamálið, að hæstv. viðskmrh. sagði, að Alþ. hefði verið kunnugt um þær fyrirætlanir ríkisstj. að hækka nú um skeið útlánsvexti og innlánsvexti. En ef það var ætlun ríkisstj. að hækka nú um skeið útlánsvexti og innlánsvexti svona gífurlega, hvernig dettur þá, ef það á að vera aðeins stutt tímabil, — hvernig dettur þá hæstv. ríkisstj. í hug að leyfa sér að hækka svona stórkostlega vextina á löngum lánum eins og hún hefur gert, þar sem hún fer t. d. með vextina á íbúðarlánum upp í 9%, en lýsir því svo yfir um leið, að þetta eigi að vera vaxtaákvörðun til stutts tíma til þess að hafa áhrif á útlánapólitík.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af fyrri ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ), þar sem hann svo smekklega taldi, að ég hefði verið eitthvað að muldra niður í barminn, sem hann sjálfsagt telur góða og gilda latínu að orða svo, en efnislega var það um boðun þessara funda, sem fram fóru á laugardagsmorguninn. Fundarboðunin var þannig, að ég fól ráðuneytisstjóranum að boða til fundar húsnæðismálastjórnina, stjórn verkamannabústaðasjóðs og stjórn fiskveiðasjóðs. Þessir 3 aðilar áttu allir að boðast til viðræðu um málið. Hv. 3. þm. Reykv. vildi telja, að þessi fundarborð ættu helzt að vera skrifleg og tími og tóm gefast til þess að velta málinu alllengi fyrir sér. Út af fyrir sig má segja kannske, að það hefði ekkert verið óeðlilegt. En tíminn var þarna naumur, og það var ekki annað að gera en kalla þessar stjórnir á fund upp í ráðuneyti þess ráðherra, sem með þessi mál fer, og hafa samráð við þessa aðila þar. Þetta var gert. Það mættu að vísu ekki allir, eins og hér hefur margkomið fram, sem boða átti, en það var mín hugsun og mín fyrirmæli, að allar þessar 3 stjórnir, sem undir mitt ráðuneyti heyra, væru þarna boðaðar.

Ég skal nú ekki fara út í að ræða málið efnislega frekar en áður. Ég tel, að það sé búið. En hv. 3. þm. Reykv. virtist annaðhvort hafa mismælt sig eða hann hefur ekki gert sér grein fyrir breyt. fyllilega, því að mér skildist á honum, að hann teldi, að vextir verkamannabústaðasjóðs, — hann tók það sérstaklega fram, — færu upp í 9%. Það gera þeir ekki. Þeir hækka upp í 6%. Verkamannabústaðasjóður og byggingarsjóður sveitanna hækka úr 3½ upp í 6%. Það er að vísu rétt,

að það verður dýrara fyrir lántakendur sjóðanna en áður var. En með hliðsjón af þeirri vaxtahækkun, sem hefur farið fram í landinu, er þetta vissulega ekki óeðlilegt. Vextirnir eru núna 3% undir almennum innlánsvöxtum í sparisjóðum. Þeir eru 6% í útláni þessara stofnana, en almennir innlánsvextir eiga að vera 9%. Vextir sjóðsins eru þess vegna 3% lægri. Þegar bezt var hlutfallið á milli innlánsvaxta og vaxtakjaranna í þessum sjóði, var það eins og hv. þm. nefndi, vextirnir 2½% á móti innlánsvöxtum 4—5%, þannig að þeir voru þá 1½—2½% lægri, en nú eru þeir 3% lægri.

Annars skal ég ekki orðlengja þetta frekar. Það má kannske segja, að tíminn, sem þessum sjóðsstjórnum hafi verið gefinn til þess að segja sitt álit um málið, hafi verið naumur. En það var talið eðlilegt, að tilkynning um þetta yrði gefin og ákvörðun tekin fyrir mánudag, til þess að allt gæti þetta komið út í heild, áður en bankastarfsemin á mánudag byrjaði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. *Aðeins örfá orð.* — Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) óskaði eftir því, að ég læsi hér upp skýrslu um afstöðu bankaráðs Búnaðarbankans, skriflega skýrslu, og hún væri sennilega fyrir hendi, því að skriflegt ætti þetta að vera, til þess að unnt væri að fullnægja forminu, því að annað væri ósæmilegt. Hv. þm. talaði um, að það væri ósæmilegt að kalla stjórn Búnaðarbankans á fund fyrirvaralaust og ætlast til, að hún tæki í skyndi ákvörðun í svo mikilvægu máli sem þessu. Hv. þm. ætlar þá að reyna að telja hv. þingheimi trú um það, að stjórn Búnaðarbankans hafi fyrst þegar hún fékk kvaðninguna vitað, hvað var á seyði. Mér er kunnugt um, að bankaráð Búnaðarbankans hefur rætt um fjármál fjárfestingarsjóða bankans og vaxtamál á fundum sínum í vetur, og bankaráð Búnaðarbankans fylgdist vel með því, sem var að gerast hér í hv. Alþ. um þessi mál. Bankaráð Búnaðarbankans veit, hvernig fjárfestingarsjóðir Búnaðarbankans eru stæðir, og það er þess vegna eðlilegt, að bankaráðið hafi nú á síðustu mánuðum rætt þessi mál og hugsað þessi mál, hvernig verði komizt út úr þeim ógöngum, sem þessir sjóðir nú eru í. Það er þess vegna ekki um neina skyndiákvörðun að ræða hjá stjórn Búnaðarbankans. Hitt var svo vitað fyrir fram og þarf ekki að því að spyrja, að hv. formaður bankaráðsins, 2. þm. Vestf., og hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, voru á móti vaxtahækkuninni, eins og málin stóðu. Aftur á móti taldi hv. þm. Norðurl. v., Jón Pálmason, eins og bankaráðið innst inni allt gerði, nauðsynlegt að hækka vextina og hafa það einn þáttinn í því að koma sjóðum bankans á traustan grundvöll, — einn þáttinn. Það er vitað mál, að sjóðir Búnaðarbankans komast ekki á traustan starfsgrundvöll með því einu að fara með vextina upp í 6% hjá byggingarsjóði og 6½% hjá ræktunarsjóði. Það þarf miklu meira til, til þess að þessir sjóðir verði starfhæfir, og það er það, sem núverandi ríkisstj. ætlar sér að gera samkvæmt fyrirheiti, þegar stjórnin var mynduð, að koma lánasjóðum, ekki aðeins landbúnaðarins, heldur atvinnuveganna, á traustan grundvöll. Það er stefnan, og það verður ekki haldið lengur áfram á þeirri braut, sem farin var, það verður að rétta þetta við. Ég veit, að hv. 1. þm. Austf. er kunnugt um það, í hvaða ástandi fjárfestingarsjóðir Búnaðarbankans voru, þegar hann skildi við þessi mál. Ég veit, að hann meinar, að það þyrfti að brjóta blað og bæta þar úr. Ég veit, að hann kannast við það, að s. l. ár hefur byggingarsjóður bankans sama sem ekkert framlag fengið umfram það, sem er í fjárlögum, 2½ millj. Að vísu var tekið bráðabirgðalán í Seðlabankanum 1957, 3.6 millj. kr. Það bráðabirgðalán er enn þá ógreitt. Það var aftur tekið bráðabirgðalán í Seðlabankanum 1958, 3.6 millj. kr. Það lán er einnig ógreitt. Þetta er það framlag, sem útvegað var á þeim árum, og þetta er sá arfur, sem við verðum nú að taka við og borga þessa vanskilaskuld í Seðlabankanum og aðrar miklu fleiri.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. En ég veit, að það var ekki verið að ræða um mál við stjórn Búnaðarbankans, sem hún var ekki kunnug, þegar hún var kvödd á minn fund, og ég man það, að hv. 1. þm. Austf. var með í því að hækka vexti ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, að mig minnir á árinu 1955, og verður að segja eins og er, að aðstaða sjóðanna á þeim tíma var allt önnur en nú. Þá var ekki hægt að segja, að þessir sjóðir væru í rauninni gjaldþrota, eins og nú er.

Það eru þess vegna allir í hjarta sínu sammála um, að það, sem gert var, var nauðsynlegt að gera sem einn þátt í því að gera þessa sjóði starfhæfa, aðeins einn þátt, enda þótt hv. framsóknarmenn nú ætli að reyna að gera sér mat úr þessu gagnvart kjósendum, bæði hvað snertir verkamenn og bændur. Eftir að þeir hafa skilið við alla sjóði tóma, á að telja mönnum trú um, að það hefði verið hægt að halda áfram á sömu braut, sömu gjaldþrotabrautinni, og að núverandi ríkisstj. geri þessar ráðstafanir ekki af neinni nauðsyn, heldur til þess að torvelda fólki að byggja yfir sig húsnæði, peningshús og rækta og annað slíkt. En þetta er einn þátturinn í því, að það verði mögulegt að gera þessa sjóði, sem við höfum talað um, starfhæfa áfram, og það er það, sem fólk spyr um: Getur það fengið lán? — en ekki um það, hvort vextirnir eru einu prósenti hærri eða lægri. Það er það, sem fólk spyr um: Er hægt að fá lán? Og það er það, sem vitanlega er ekki hægt að komast hjá í þjóðfélagi, sem verið er að byggja upp, eins og á Íslandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. svaraði hér áðan annarri fsp. minni og þá kom það fram hjá honum um leið, eftir því sem mér heyrðist, viðvíkjandi hækkuninni á lánunum, vöxtunum til fjárfestingarsjóðanna, að þetta væri gert um skeið. Nú eru lánin við-

víkjandi verkamannabústöðunum til 42 ára. Það þýðir óhjákvæmilega, eins og ég benti á áðan, að ef á að gefa út lánsbréf núna og það er ekki gengið út frá, að þetta sé með breytilegum vöxtum, þá eiga þau lán, sem nú eru veitt með 6% vöxtum, að vera til 42 ára óumbreytanleg. Það hlýtur að liggja nokkurn veginn í augum uppi, að það taka engir menn slík lán. Það er ekki svo, að menn bindi sig til margra áratuga undir okrið, þó að menn séu í neyð, eins og hæstv. landbrh. var að koma inn á. Það er ekki svo slæmt ástandið á Íslandi. Og þó að ein ríkisstj. gerði ástandið á Íslandi helmingi verra en það þarf að vera, hafa kannske íslenzkir borgarar einhverja möguleika til þess að útvega sér lán öðruvísi þá.

Þetta getur ekki verið nein ráðstöfun á móti verðbólgu að ákveða þessa hluti. Þetta getur aðeins verið ákvörðun til þess að stöðva menn í því að taka lán núna. Menn taka ekki lán til 42 ára með óumbreytanlegum 6% vöxtum, allra sízt ef það er látið í veðri vaka um leið, að það sé meiningin að reyna einhvern tíma aftur að fá lægri vexti á Íslandi. Þess vegna held ég, að þetta „um skeið" hafi bara óvart skroppið upp úr ráðh. Meiningin með þessu er engin ráðstöfun á móti verðbólgunni eða neinu slíku, — allar þessar ráðstafanir verða til þess að auka verðbólgu, — heldur er þetta ráðstöfun til þess að reyna að stöðva byggingar, og það er rétt, að það komi alveg fram.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. félmrh. var að segja til þess að verja þetta, þá er ég að vísu ekki eins mikill stærðfræðingur og hann. Hann fékk það út, að raunverulega væru þetta betri kjör fyrir menn nú á tímum, að það munaði núna 3%, en áður hefði þetta bara munað svona 1½, 2 eða 2½% viðvíkjandi vöxtunum, sem menn ættu við að búa samkvæmt lögunum um byggingu verkamannabústaða. Hér í gamla daga, þegar Ísland var fátækt, voru aðstoðarlánin, eins og okkur kemur saman um, 2½%, og almennir vextir voru milli 4 og 5%. M. ö. o.: það var aðeins helmingurinn af þeim vöxtum, sem þá tíðkuðust, sem menn urðu að borga, þegar um verkamannabústaðalánin var að ræða. Nú aftur á móti, þegar almennu lánin eru 9%, þá eru hin komin upp í 6%.

Viðvikjandi því, sem hæstv. viðskmrh. hins vegar gleymdi í svarinu til mín, — hann gaf upplýsingar um, hvernig þetta hefði verið samþykkt viðvíkjandi vaxtahækkuninni í seðlabankastjórn, en hann gleymdi hinu, hann gleymdi að lesa eða skýra frá áliti seðlabankastjórnarinnar á því, hvað gera skyldi viðvíkjandi fjárfestingarsjóðunum. Það er nú upplýst í þessum umr. utan dagskrár hér, að seðlabankastjórnin virðist vera eina stjórnin af öllum þessum stjórnum, sem einhverjum bönkum eða fjárfestingarsjóðum stjórna, sem köllað hefur verið saman til þess að ræða málin eitthvað. Hinar hafa í raun og veru verið boðaðar þannig, að eitthvert hrafl af þeim hefur mætt, — ég veit ekki, hvort þær hafa verið allar saman í einu eða kannske sitt í hvoru lagi niðri í skrifstofum stjórnarráðsins, — og það hrafl, sem þar mætti af stjórnum, hefur síðan verið spurt, án þess að nokkur bréf hafi farið þarna á milli og nokkrar álitsgerðir verið gerðar. Seðlabankastjórnin hins vegar virðist vera eina stjórnin, sem hefur á allmargra klukkutíma fundi rætt þessi mál. Það væri þess vegna mjög ánægjulegt að vita, hvaða niðurstöðum seðlabankastjórnin komst að og hvernig henni þótti þetta við horfa, — jafnvel þó að hún væri ekki kölluð niður í stjórnarráð ásamt einhverjum fjölmörgum öðrum stjórnum á einhvern fund, þar sem eitthvert hrafl mætti, — hvernig henni þótti að kveða upp úrskurðinn um, hvað hún áliti réttmætt sem stjórnendur Seðlabankans í þessum efnum. Ég er tvisvar sinnum búinn að spyrja að þessu og ég vil leyfa mér að vona, að ég þurfi ekki að spyrja að því í þriðja eða fjórða sinn, ef hæstv. forseti sýndi mér nú svo mikið langlundargeð. Hins vegar upplýsti hæstv. viðskmrh., að vaxtahækkunin hefði verið knúin í gegn í stjórn Seðlabankans með eins atkv. mun á tveggja daga fundum. Og þegar hæstv. ríkisstj. hefur sótt vaxtahækkunina með slíku offorsi, sem upplýst er, gagnvart fjárfestingarsjóðunum og stjórnum þeirra, þá þætti mér ekki ólíklegt, að beitt hefði verið öllum þeim ráðum, sem hugsanleg voru, til þess að reyna að knýja fram vaxtahækkunina í stjórn Seðlabankans. Það er þess vegna gott, að það liggi alveg hreint fyrir, hvernig þessi meiri hluti er fenginn, sem hefur ákveðið þessa mestu vaxtahækkun, sem þekkist í íslenzkri sögu og einsdæmi er, a. m. k. í öllum okkar nágrannalöndum. Ég vona sem sé, að þessar upplýsingar um álit seðlabankastjórnarinnar fáist. En hitt virðist ekki fást hér enn þá, nema með einn sjóðinn að einhverju leyti, þ. e. ræktunarsjóðinn eða stjórn Búnaðarbankans, þá afstöðu, sem hún hefur tekið. En æskilegt væri, að það lægi fyrir, hver hefur verið afstaða stjórnar fjárfestingarsjóðanna, meira að segja á þessum hraflsfundi niðri í stjórnarráði á laugardagsmorguninn, til þessara hluta. Eru allar sjóðsstjórnir í landinu orðnar allt í einu ekki neitt, bara nokkrir menn, sem tíndir séu saman til þess að tilkynna einhvern hlut, ef eitthvað eigi að gera, og enginn formlegur háttur hafður þarna á?

Mér þótti vænt um það, sem hæstv. félmrh. sagði, að það væri alveg rétt, það hefði átt að hafa þarna aðra hætti á. Það er einmitt það, sem gerir gæfumuninn í þessum efnum, hvernig unnið er að hlutunum. Það getur sem sé verið, og það er einmitt sá möguleiki, sem aldrei á að útiloka, að ef hafður er sæmilegur háttur á um svona hluti, þá takist að koma viti fyrir ríkisstj., sem er að gera vitleysur. Ég veit, að hæstv. ráðh. eru menn, sem yfirleitt taka rökum, og ég efast ekki um, að ef þarna hefði verið farið þannig að, að aðstaða

hefði verið til þess að ræða þessi mál, til þess að setja fram rök, ræða um þau fram og aftur, tína til afleiðingarnar og sýna fram á afleiðingarnar af hinu og þessu, þá hefði e. t. v. verið hægt að hindra þessa vitleysu, sem nú hefur verið gerð. En hæstv. ríkisstj. gefur mönnum ekki tækifæri til slíks með svona aðferð. Hún hrifsar til sín — án þess að hlusta á ráðleggingar — valdið til að taka ákvarðanir um hlutina. Og ég skal alls ekki segja, hvort meira að segja hennar eigin flokksbræður í stjórnum ýmissa þessara sjóða hafi í hjarta sínu verið fylgjandi þessu. Mér er kunnugt um, að það hefur stundum verið talað um það, að mönnum þætti ekki ráðlegt að vera að láta uppi skoðanir sínar, ef þær væru mjög andstæðar því, sem hæstv. ríkisstj. áliti, og ég er hræddur um, að mönnum hafi gefizt lítið tóm til þess þarna að ræða við hæstv. ríkisstj. um þetta og reyna að koma vitinu fyrir hana.

Þess vegna er það slæmt, að það skuli ekki vera upplýst hér, hvað þarna hefur verið sagt. Þetta hefði komið fram, svo framarlega sem hér hefði verið hafður venjulegur háttur á, ef skriflegs álits hefði verið leitað, skrifleg svör verið gefin og kannske verið þar meiri hl. og minni hl., sem hefði fært fram sín rök.

Viðvíkjandi ábyrgðinni á þessum hlutum seinna meir, þá er þetta þýðingarmikið atriði. En ég vil sem sé vonast til þess, að viðvíkjandi áliti seðlabankastjórnarinnar um fjárfestingarmálin verði það þó a. m. k. upplýst, hvernig það álit var.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) spurði um það þegar í sinni fyrstu ræðu, hver þau bréf væru, hvernig þau hljóðuðu, sem farið hefðu milli ríkisstj. og Seðlabankans varðandi þá vaxtahækkun, sem nýlega hefur verið samþ.

Nú veit ég, að hv. þm. gerir sér þess ljósa grein, að ég geng ekki með skjalasafn viðskmrn. eða einhvern hluta af því í töskunni hjá mér, og þurfti því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla bréfanna. En það hef ég nú gert og skal með ánægju verða við þeirri ósk hv. þm. að lesa það bréf, sem viðskmrn. sendi Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, og svar bankans, en þau hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til 32. gr. laga um efnahagsmál fer ríkisstj. þess hér með á leit, að stjórn Seðlabankans láti henni í té álit sitt á vaxtakjörum og lánstíma eftirtalinna fjárfestingarlánastofnana: húsnæðismálastjórnar, byggingarsjóðs sveitabæja, byggingarsjóðs verkamanna, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs. Ríkisstj. telur, að í sambandi við þá almennu hækkun innláns- og útlánsvaxta, sem nú er ráðgerð, sé óhjákvæmilegt að hækka vexti þessara stofnana nokkuð. Þar við bætist, að útlánsvextir þessara stofnana, að húsnæðismálastjórn undanskilinni, hafa verið miklu lægri en þeir vextir, sem stofnanirnar hafa orðið að greiða af því fé, sem þær hafa haft til útlána. Með hækkun vaxta mundi fjárhagur stofnananna komast í heilbrigðara horf og nýir möguleikar skapast til fjáröflunar fyrir þessar stofnanir. Þá telur ríkisstj. einnig, að eðlilegt sé, að lánstími fiskveiðasjóðs og ræktunarsjóðs lækki úr 20 árum í 15 ár. Mundi slík lækkun hafa veruleg áhrif til þess að auka lánagetu sjóðanna, þegar frá líði.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á vaxta- og lánskjörum þessara stofnana fylgja hér með."

En þær eru þannig: Húsnæðismál: A-lán, íbúðalán, lánstími 25 ár, vextir 9%. B-lán, vísitölulán, óbreytt. Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, lánstími 42 ár, vextir 6%. Byggingarsjóður sveitabæja, lánstími 42 ár, vextir 6%. Byggingarsjóður verkamanna, lánstími 42 ár, vextir 6%. Ræktunarsjóður, lánstími 15 ár, vextir 6½%. Fiskveiðasjóður, skipalán, lánstími 15 ár, vextir 6½%.

Svarbréf Landsbanka Íslands, Seðlabankans, hljóðar þannig:

„Vér höfum móttekið bréf hins háa ráðuneytis, dagsett í dag, þar sem það leitar álits stjórnar Seðlabankans um vaxtakjör og lánstíma fjárfestingarlánastofnana samkvæmt 32. gr. laga nr. 4 1960. Hér með tilkynnist yður, að stjórn Seðlabankans hefur á fundi í dag gert svo hljóðandi ályktun út af ofangreindu bréfi hins háa ráðuneytis:

Þar sem ekki hefur unnizt tími til nægilegrar athugunar og ekki eru fyrirliggjandi á þessum fundi nauðsynlegar upplýsingar þessu máli viðkomandi, er bankastjórnin ekki við því búin að gera till. um breyt. á till. ríkisstj. á vaxtakjörum og tímalengd fjárfestingarlána.

Ólafur Jóhannesson bankastjórnarmaður gerir svo hljóðandi aths. við ályktunina, sem Ingi R. Helgason bankastjórnarmaður tók undir:

Út af bréfi ríkisstj. um breyt. vaxta á lánum þar til greindra fjárfestingarsjóða, tekur Ólafur Jóhannesson fram, að hann mæli gegn fyrirhuguðum vaxtahækkunum."

Ég skal fúslega játa, að það hefði verið æskilegt, að meiri tími hefði verið til þess fyrir stjórn Seðlabankans að ræða þessi mikilvægu mál ýtarlegar en hægt er að gera á fundum yfir eina helgi. Það hefði líka verið æskilegt, að ríkisstj. hefði haft tækifæri til þess að ræða þessi mál lengur við stjórn Seðlabankans en tóm gafst til og veita allar þær upplýsingar, sem bankaráðið í heild eða einstakir bankaráðsmenn kynnu að óska eftir. En það vona ég að allir hv. alþm. geri sér ljóst, að hér varð að taka ákvarðanir af miklum hraða. Það hafði frá upphafi verið ráð fyrir því gert, að sú breyt. sem yrði á vöxtum, yrði samtímis eða a. m. k. skeði eins nálægt gengisbreytingunni og frekast væri framkvæmanlegt, og þegar svo átti sér stað, að Alþ. afgr. frv. á föstudag — síðdegis á föstudag, þá þótti á þeim degi einsýnt, að æskilegt væri að keppa að því, að þessar breyt.,

sem frv. beinlínis gerði ráð fyrir eða áttu að sigla í kjölfar þess, kæmu allar til framkvæmdar samtímis á mánudagsmorgni. En úr því að svo var, þá var ekki um annað að gera en hefjast handa þegar á föstudagskvöld og undirbúa þessa fundi yfir helgina og miða við það, að hin nýja skipan gæti gengið í gildi á mánudagsmorgni.

Ég er þakklátur stjórn Seðlabankans fyrir það að hafa gefið sér tíma til þessara fundarhalda yfir helgina og hafa tekið umbeðna afstöðu til málsins, því að um það er engum blöðum að fletta, að hér hefur verið farið algerlega að lögum í því, með hvaða hætti álits seðlabankastjórnarinnar er leitað, og ályktun hennar er svar við fsp. ríkisstj. í samræmi við ákvæði 32. gr. l. um efnahagsmál.

Þá eru aðeins örfá orð vegna þess, að tveir hv. þm. hafa vikið að því, sem ég sagði í orðum mínum áðan um það, að gert væri ráð fyrir, að þessi hækkun vaxta væri um skeið. Ég vil aðeins endurtaka þetta og undirstrika, að það hefur aldrei verið tilætlun ríkisstj. og er ekki, að þessi vaxtahækkun sé til frambúðar, að það sé meiningin, að þessir vextir, sem nú hafa verið ákveðnir, séu taldir eðlilegir frambúðarvextir á Íslandi. Það er ekki meiningin. Þessi vaxtahækkun er ákveðin til bráðabirgða til þess að tryggja framgang þeirra ráðstafana, sem felast í frv. um efnahagsmál. Það er hins vegar ekki hægt að segja neitt til um það, ekki hægt að spá neinu um það, hversu lengi muni vera þörf á þeim háu vöxtum, sem hér er um að ræða. Úr því verður reynslan að skera. Ýmis atriði kunna að fara öðruvísi en til var ætlazt. Hér er um svo víðtækar ráðstafanir að ræða, að ekki er hægt með neinni vissu að segja fyrir um það, hver framkvæmdin muni verða, hver reynslan muni verða í einstökum atriðum. En það eitt er víst, að það er fyrirætlun ríkisstj., það er ásetningur hennar að fylgjast nákvæmlega með þróuninni, sem verður í efnahagslífinu í heild og á einstökum sviðum þess, og taka síðan tillit til þeirrar þróunar við ákvörðun vaxtanna og breyta vöxtunum aftur, þegar ríkisstj. telur ástand efnahagsmálanna í heild og á einstökum sviðum gera það fært, að vaxtalækkun komi á ný til framkvæmda.

Ég rökstyð það ekki að þessu sinni, hvers vegna slík vaxtahækkun er nauðsynleg, er æskileg og beinlínis nauðsynleg. Til þess er ekki tími í þessum umr. Ég skal þó aðeins ljúka þessu máli mínu með því að segja, að það má öllum hv. þdm. vera kunnugt, að höfuðvandamál íslenzku þjóðarinnar í efnahagsmálum allar götur síðan í stríðsbyrjun hefur verið verðbólgan, sem hefur hækkað verðlag og kaupgjald s. l. 15—20 ár á víxl um um það bil að meðaltali 10% á hverju ári. Þetta er meiri verðbólga en átt hefur sér stað í nokkru nágrannalandanna á sama tíma, að Finnlandi einu undanskildu. Þessi mikla verðbólga hefur haft tvær höfuðafleiðingar: annars vegar algerlega óheilbrigða eftirspurn eftir lánsfé til fjárfestingar í því skyni að hagnast á verðbólgunni. Og hins vegar hefur verðbólgan haft það í för með sér, að sparnaður með þjóðinni hefur verið óeðlilega lítill og miklu minni en svarar til þeirra fyrirætlana um fjárfestingu, sem uppi voru með þjóðinni á sama tíma. En þegar slíkt á sér stað, að sparnaður er miklu minni en samtímafyrirætlun um fjárfestingu, þá magnar það verðbólguna enn. Og það eru einmitt þessi tvö öfl, sem bæði eiga rót sína að rekja til verðbólgunnar, sem togað hafa sitt í hvora áttina: annars vegar þessi mikla og óheilbrigða eftirspurn eftir lánsfé og svo hins vegar hinn of litli sparnaður, sem verið hafa alvarleg efnahagsmein í íslenzku þjóðfélagi nú undanfarna allt að tvo áratugi. Og það er einmitt gegn þessu, sem vaxtahækkunin á að hafa sín áhrif. Annars vegar á hún að draga úr óheilbrigðri eftirspurn eftir lánsfé til fjárfestingar, og hins vegar á hún að hvetja til aukins sparnaðar. Vaxtahækkunin verkar á báða þessa liði samtímis og í sama mæli og stuðlar þess vegna að því að koma á nauðsynlegu samræmi milli fyrirætlana um fjárfestingu og sparnaðarmyndunar í landinu. Þeim mun fyrr sem vaxtahækkuninni og öðrum ráðstöfunum verður beitt, þeim mun fyrr sem vaxtahækkuninni og öðrum ráðstöfunum tekst að koma hér á samræmi á milli, tekst að draga úr óheilbrigðri eftirspurn eftir lánsfé og auka sparnaðinn, þeim mun fyrr verður hægt að breyta vöxtunum aftur.

Í sambandi við þetta stendur það, sem er öllum kunnugt, að það hefur verið svo hér allar götur síðan á stríðsárunum, að það hefur verið vís gróðavegur að fá að nota lánsfé bankanna, lánsfé útlánastofnananna, að fá að nota sparifé þjóðarinnar, en það hefur verið vís tapvegur að stuðla að aukningu þessa sparifjár. Og það er sannarlega kominn tími til þess, að það hætti, að það sé öruggur gróðavegur að taka lán, að vera skuldugur, en það sé öruggur tapsvegur að spara og hjálpa til þess, að þjóðin með eðlilegum hætti geti byggt upp atvinnutæki í landinu og komið upp yfir sig sómasamlegu húsnæði. Og það er einmitt að þessu, sem þessi vaxtahækkunarráðstöfun miðar. Hún miðar að því að binda endi á það óheilbrigða, þjóðfélagslega séð stórkostlega rangláta ástand, að það sé öruggasti gróðavegurinn í þjóðfélaginu að vera skuldugur, en það sé allt að því refsivert að spara og leggja þjóðinni til fjármagn, sem myndað er með heilbrigðum hætti.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. landbrh. nefndi hér áðan sérstaklega byggingarsjóð Búnaðarbankans, hvernig að honum hefði verið búið að undanförnu. Það hefur verið þannig, að byggingarsjóði og ræktunarsjóði hefur verið útvegað lánsfé, til þess að þeir gætu gegnt sínum hlutverkum, en það hefur verið halli hjá sjóðunum á rekstrinum, vegna þess að þeir hafa þurft að greiða hærri vexti yfirleitt af sínum lánum en þeir hafa fengið af því fé, sem þeir hafa lánað út. Þannig hefur þessu verið bjargað, að ríkið hefur við og við tekið

að sér greiðslu á lánum, sem útveguð höfðu verið handa þessum sjóðum. Þannig var það að því er byggingarsjóðinn snertir, að árið 1953 ákvað Alþingi með lögum, að ríkissjóður skyldi taka á sig lán, sem hvíldi á byggingarsjóði Búnaðarbankans, sem nam yfir 14 millj. kr. Á sama tíma ákvað Alþingi, að ríkið skyldi taka að sér greiðslu á skuld ræktunarsjóðs jafnhárri.

Fjórum árum síðar, árið 1957, ákvað Alþingi aftur með því að samþykkja heimild í fjárl., að ríkissjóður skyldi taka á sig skuld byggingarsjóðs, rúmar 4 millj., og áhvílandi lán á ræktunarsjóði, sem nam 30 millj. kr.

Þannig hefur sjóðunum verið gert það kleift að halda áfram lánveitingum til framkvæmda í sveitum samkvæmt þeim l., sem um þessa sjóði hafa gilt. Enn er svo komið, að ríkið þarf að létta undir með sjóðunum, og einmitt nú í dag var verið að útbýta hér í hv. d. frv., sem flutt er í Ed. um þetta mál, þar sem lagt er til, að ríkissjóður taki að sér að greiða án endurgreiðslukröfu ákveðin lán í erlendri mynt, sem á undanförnum árum hafi verið tekin handa byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði.

En út af því, sem hæstv. landbrh. sagði um byggingarsjóðinn, er ástæða til að íhuga það, hvernig sá sjóður hefur getað gegnt sínu hlutverki á undanförnum árum. Mér er vel kunnugt um, að fram til ársloka 1958 hafði það verið þannig um langan tíma, að bændur, sem réðust í það að byggja upp íbúðarhús á jörðum sínum, gátu fengið lán úr byggingarsjóði Búnaðarbankans eftir þeim reglum, sem þar um hafa gilt. Lánin hafa að vísu ekki verið há. Hámark þeirra hefur alllengi verið 75 þús. kr. á býli. En þeirri reglu hefur verið fylgt, að þegar hús var orðið fokhelt, sem svo er kallað, þá gátu umsækjendur fengið helming lánsfjárins og síðan viðbótargreiðslur, eftir því sem byggingunum miðaði áfram.

Þannig hefur þetta verið fram til ársloka 1958, að menn hafa getað fengið lán með þessum hætti hindrunarlaust. En næstliðið ár, 1959, var annað upp á teningnum. 1959 fór það svo, að þeir bændur, sem réðust í það að byggja upp á jörðum sínum, auðvitað í von um að geta fengið lán eins og áður, þeir fengu ekki lánið fyrir árslok, eins og áður hafði verið venjulegt. Þó að þeir væru búnir að gera húsin fokheld og færu fram á það að fá eins og áður helming af væntanlegu láni, þá fengu þeir ekki neitt. Það var sagt, að peningarnir væru ekki til. Þetta var eftir að sá hæstv. ráðh., sem hér talaði áðan, var setztur í sæti landbrh. Þessir menn, sem urðu fyrir þessum synjunum nú fyrir áramótin, hafa á sér lausaskuldir, sem þeir verða nú að greiða af hina nýju vexti ríkisstj. fyrir það, að þeir hafa ekki getað fengið lán úr Búnaðarbankanum með venjulegum hætti og samkvæmt þeim reglum, sem áður hefur verið fylgt. Þeir finna þann mun, sem hér er á orðinn, og hvað að þeim snýr nú.

Nú er okkur sagt, að það sé búið að hækka vexti m. a. hjá þessum sjóðum. Nú er sagt, að þeir hafi verið ákveðnir 6% hjá byggingarsjóði Búnaðarbankans, en um leið segir hæstv. viðskmrh. hér í dag, að það sé til þess ætlazt, að þetta standi, að því er manni skilst, bara skamma stund. Hann hefur ekki gefið upp ákveðið tímatakmark að vísu, en manni skilst, að þetta sé bara bráðabirgðahækkun á vöxtunum, þeir muni innan skamms lækka aftur. Ég sé ekki betur en þetta sé einn þátturinn í þeirri viðleitni hæstv. núverandi ríkisstj. að stöðva uppbyggingu í landinu, m. a. koma í veg fyrir, að það verði ráðizt í að byggja upp á jörðum, byggja þar íbúðarhús, þó að þess sé brýn þörf, til þess að þær geti haldizt í byggð. Það er ekkert fýsilegt fyrir menn, þó að þeir þurfi að byggja á jörðum sínum og jafnvel þótt þeir gætu, sem enginn veit um, fengið eitthvert lán á þessu ári hjá byggingarsjóði Búnaðarbankans með 6% vöxtum, að binda sér þannig bagga um næstu áratugi, ef gera má ráð fyrir því, að eftir skamma stund, tiltölulega skamman tíma, verði þessir vextir og aðrir vextir kannske lækkaðir aftur. Það er í raun og veru verið að segja við þessa menn: Verið ekki að bjástra við að ráðast í það að byggja upp á þessum jörðum, þó að það sé nauðsynlegt, til þess að þær geti haldizt í byggð. Það er réttara fyrir ykkur bara að hverfa frá því og yfirgefa jarðirnar. Sem sagt: einn liðurinn í þeirri viðleitni hæstv. stjórnar, sem alls staðar kemur fram, að stöðva uppbyggingu bæði í sveitum og annars staðar.

Eysteinn Jónsson: Það er aðeins örstutt, og ég skal ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta. Þó að ráðh. noti tækifærið til að halda hér langa hagfræðilega fyrirlestra, skal ég vera mjög stuttorður.

Það kom fram hjá hæstv. viðskmrh. hér síðast, hvað allur þessi undirbúningur er gersamlega fyrir neðan allar hellur. Það kemur sem sé fram, að stjórn Seðlabankans hefur ekki treyst sér til að gefa neitt álit um vextina hjá stofnlánadeildunum, vegna þess að henni voru settir úrslitakostir um tímann, sem hún átti að hafa til þess að vinna að málinu, aðeins yfir helgina. Og hæstv. ráðh. segir, að þetta hafi orðið að vera svona, vegna þess að þetta hafi allt orðið að ganga í gildi nú í morgun. Auðvitað eru þetta hreinar tylliástæður og mikil ófyrirleitni hjá hæstv. ríkisstj. að bera svona lagað fram. Hvaða ástæður eru til þess, að það þyrfti endilega að liggja fyrir nú í morgun, hvaða vextir ættu að verða á stofnlánum í þessum stofnunum, sem hér eiga hlut að máli? Það eru auðvitað engar frambærilegar ástæður fyrir slíku. Þetta er bara ófyrirleitni að vinna svona að málinu og gert til þess að koma í veg fyrir, að nokkur eðlileg rök geti komizt að.

Þá var hæstv. sjútvmrh. að minnast á það hér, að hann hefði lagt fyrir ráðuneytisstjórann að boða stjórnir allra þessara stofnana,

sem hann tiltók. Ég vil ekkert um þetta segja. En halda menn kannske, að það sé einhver tilviljun, að þarna kom enginn og mun enginn hafa fengið boð nema formaður stjórnar byggingarsjóðs verkamanna, af því að hann er einnig sitjandi í stjórn fiskveiðasjóðs? Ég var heima allt föstudagskvöldið og laugardaginn fram að hádegi og fékk engin slík boð. Og hverjum dettur í hug annað en það hefði verið farið þannig að, að formaður byggingarsjóðsstjórnarinnar hefði verið aðvaraður um, að hann ætti að koma með stjórnarnefndarmennina með sér? Stjórn byggingarsjóðsins var alls ekki boðuð, og þegar hæstv. ráðh. sá það, þá var auðvitað ekki nema um eitt að ræða, og það var að gera ráðstafanir til þess að ná í stjórnina, þannig að það væri hægt að bera undir hana þetta mál, eins og lög gera ráð fyrir. En undir hana hefur þetta mál alls ekki verið borið, og þess vegna er vaxtahækkunin a. m. k. í verkamannabústaðasjóðnum algerlega ólögleg, og ég mun leggja það til, að það verði að sjálfsögðu ekki hækkaðir þar vextir, þar sem það væri ólöglegt að gera það.

Hæstv. landbrh. ræddi hér nokkuð almennt um fjárfestingarsjóðina og þörfina á því að breyta tekjum þeirra. Mér dettur ekki í hug, að þeirri ríkisstj., sem eykur útgjöld fjárl. um 400 millj. kr. á einu ári, hefði vaxið það í augum að taka inn á fjárlögin einhverja fúlgu til þess að jafna vaxtamismuninn og hallann hjá þessum uppbyggingarsjóðum landbúnaðarins, ef hún hefði viljað. En það er bara það, sem hæstv. ríkisstj. vill alls ekki gera. Hún vill hækka vextina til þess að draga úr framkvæmdum, eins og hér hefur verið greinilega tekið fram.

Loks vil ég svo aðeins benda á eitt atriði. Það er talað um, að þetta muni máske standa stutt. Það er líka talað um, að ein aðalástæðan fyrir því, að vextir hækki á stofnlánum, sé almenna vaxtahækkunin. Þá vil ég beina því til hæstv. ríkisstj., að hún athugi og komi því í framkvæmd, að það verði settar þær klásúlur á lánin í stofnlánadeildunum núna, að ef almennir vextir lækki, þá lækki vextirnir á þeim lánum líka í hlutfalli við það. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú vera stuttorður, enda þessar umr. orðnar nokkuð langdregnar.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) gerði hér að nokkru að umtalsefni frv., sem var útbýtt í Ed. í dag, þar sem farið er fram á, að byggingarsjóði og ræktunarsjóði verði gefin eftir þau lán, sem þessir sjóðir hafa fengið erlendis. Það er nú ekki nema góðra gjalda vert að flytja svona frv. og enn þá betra að samþykkja það. En ég vil benda á, að jafnvel þótt þetta frv. yrði að lögum, vantar fjárfestingarsjóðina eigi að síður fé til nýrra útlána. Það er bent á það í þessu frv., sem ég ætla ekki að fara að ræða hér í Nd., að það mundi spara Búnaðarbankanum næstum 14 millj. kr. að vera laus við þessi lán í greiðslu vaxta og afborgana. En jafnvel þótt bankinn væri laus við þessa byrði, nægir það á engan hátt til þess að gera sjóðina starfhæfa og fullnægja lagaskyldu. Það þarf meira til en jafnvel að samþykkja þetta frv. Það þarf miklu meira til, vegna þess að með vaxandi hækkun byggingarkostnaðar þarf meira fjármagn en áður til þess að fullnægja þörfinni.

Ég vil nú segja, að það sé dálítil hreysti hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að tala um, að byggingarsjóður Búnaðarbankans hafi innt skyldur sínar af hendi til ársloka 1958 og hann hafi algerlega á þeim tímum fullnægt því hlutverki, sem þessum sjóði hefur verið ætlað með lagasetningunni. En hvernig eru nú lögin um byggingarsjóð Búnaðarbankans? Þau gera ráð fyrir því, að sjóðurinn láni allt að 75% af kostnaðarverði íbúðarlána. Í staðinn fyrir að lána allt að 75%, eins og lögin mæla fyrir, hefur sjóðurinn lánað 75 þús. kr. út á hvert hús, einvörðungu vegna þess, að sjóðurinn hefur ekki haft peninga til þess að vera stórtækari. En hvað kostar að byggja íbúðarhús? Hvað kostaði það 1957 og 1958? Það hefur ekki kostað minna en 250—400 þús. kr. En bændur gátu ekki fengið nema 75 þús. kr. til þess að byggja þessi hús, og þess vegna eru þeir vitanlega margir hverjir með víxla, vegna þess að fastalánið var ekki hærra en þetta.

En hvernig fór byggingarsjóður að því að lána þessar 75 þús. kr. á árunum 1957 og 1958? Á það minntist ég nokkuð hér áðan. Það voru tekin bráðabirgðalán í Seðlabankanum, sem eru ógreidd enn og eru gjaldfallin fyrir löngu og seðlabankastjórn hefur krafið ríkissjóð um að greiða. Það er þess vegna ljóst, að það verður núverandi stjórn, sem greiðir úr þessum hnút. Og það var lítil lausn á málinu, þótt núv. stjórn hefði fengið fyrir áramótin eitthvert bráðabirgðalán, sem hefði orðið vanskilaskuld á næstu mánuðum. Það, sem núv. ríkisstj. er að gera, er að útvega Búnaðarbankanum, byggingarsjóði og ræktunarsjóði, peninga, til þess að þessir sjóðir geti lánað út á þær framkvæmdir, sem búið er að vinna, og þær framkvæmdir, sem fram undan eru. Og ég vil taka það fram, að byggingarsjóður hefur á árinu sem leið ekki lánað nema lítið út á nýjar framkvæmdir, en hann hefur lánað út á þær framkvæmdir, sem voru í gangi frá árinu 1958. Nú liggja fyrir beiðnir í Búnaðarbankanum um lán úr byggingarsjóði, og þetta hef ég rætt við bankastjóra Búnaðarbankans. Bankastjóri Búnaðarbankans veit, að úr þessu verður leyst innan tíðar.

Það er einnig sagt í þeirri tilkynningu, sem lesin var upp í útvarpinu í gærkvöld, að þær lánabeiðnir, sem liggja í afgreiðslu í bönkunum, þau lán verða veitt með gömlu vöxtunum. Það er þess vegna ekki rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að bændur, sem byggðu á s. l. ári, muni gjalda þess að hafa ekki fengið lán fyrir áramótin eins og venjulega. En bændur munu spyrja að því: Er það mögulegt, að við fáum meira en 75

þús. kr. út á íbúðarhús, sem kosta 300—400 þús.? Ef hægt væri að svara því játandi, þá mundu bændur segja: Það er betra, að vextirnir hækkuðu eins og gert var og að lánin voru hækkuð, heldur en að vextirnir hefðu verið óbreyttir og lánin ekki hækkuð.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta meira að þessu sinni. Og sízt af öllu ætla ég við þetta tækifæri að fara að ræða frv., sem útbýtt var í Ed. í dag. En ég vil aðeins benda hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) á það, að jafnvel þótt það frv. verði samþ., þá nægir það ekki til þess að koma fjárfestingarsjóðum Búnaðarbankans á starfhæfan grundvöll, svo að þeir geti fullnægt skyldu sinni, og að sjóðir Búnaðarbankans muni nú á næstunni fá nægilegt fjármagn til þess að leysa þær lánabeiðnir, sem liggja nú í bankanum frá fyrra ári.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. talar um það, að lánin, sem byggingarsjóður Búnaðarbankans hefur veitt á undanförnum árum, hafi verið of lág miðað við byggingarkostnað. En hvernig stendur þá á því, að þessi hæstv. ráðh. skyldi ekki hlutast til um það, að þeir, sem byrjuðu að byggja árið sem leið, gætu fengið þessar litlu lánsupphæðir fyrir áramótin? Það hefur alltaf verið séð um það af fyrirrennurum hans í þessari stöðu undanfarin ár, að menn gætu þó fengið þessi lán, helming lánsupphæðarinnar, þegar húsið er orðið fokhelt, en nú eftir að hann er kominn í stöðu landbrh. fá þeir ekki þessi lán, þótt ekki væri um meira en þetta að ræða, og þess vegna eru þeir enn með sínar lausaskuldir. Þeir eru ekki farnir að fá þessi lán enn, þeir sem byrjuðu að byggja árið sem leið. Hæstv. ráðh. gefur í skyn, að þeir muni fá þetta einhvern tíma. Það tel ég ekki þakkarvert. En þarna hafa þeir orðið fyrir miklum óþægindum, sem hann átti að sjá um, að þeir yrðu ekki fyrir.

Á 45. fundi í Ed., 22. marz, utan dagskrár, mælti

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem hæstv. landbrh. er staddur hér í d. nú, vildi ég mælast til þess, að hann gæfi mér upplýsingar um það, hvenær hægt verður að veita lán úr ræktunarsjóði Íslands og byggingarsjóði sveitabæja. Ráðh. upplýsti það snemma á þessum vetri, að þessum sjóðum mundi verða séð fyrir því fjármagni, sem þyrfti til þess að inna þær lánveitingar af hendi, sem fyrir lægju á því ári. Auk þess hafði hæstv. ríkisstj. tekið það inn í sinn stjórnarsamning að treysta fjárhagsgrundvöll þeirra sjóða, sem eiga að standa undir og lána til sjálfs atvinnulífsins í landinu. Ég hef alltaf verið að búast við því og er raunar ekki einn um þá skoðun, að fljótlega upp úr áramótum hefði verið hægt að hefjast handa um að inna þær lánveitingar af hendi úr ræktunar- og byggingarsjóði, sem í raun og veru þurfti að inna af hendi á árinu sem leið. Og vegna þess að nokkuð er umliðið nú frá áramótum og frá því, að ráðh. taldi, að þessi mál yrðu leyst, vil ég mælast til þess, að hann gefi mér upplýsingar um og upplýsi það hér í hv. d., hvenær þess er að vænta, að byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði verður séð fyrir því fjármagni, sem þeir þurfa til þess að inna nú þegar umbeðnar lánveitingar af hendi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta, sem hv. fyrirspyrjandi spyr hér um, er mál, sem hefur verið talað um hér á hv. Alþ. áður, eins og hann minntist hér á, og síðan hefur ekkert breytzt. Það hafa aðeins liðið nokkrar vikur, án þess að Búnaðarbankinn hafi fengið það fé, sem vonazt hefur verið til að hann gæti fengið.

Á s. l. ári lánaði ræktunarsjóður nokkurn veginn á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár. Hann lánaði rúmar 40 millj. kr., 41, að mig minnir, á árinu 1957, og 1958 og voru þetta svipaðar upphæðir. Ég held, að ræktunarsjóður hafi lánað yfirleitt fyrir áramótin út á þau skjöl, sem voru komin í bankann og tilbúin fyrir 10. des., en eftir það barst talsvert af lánabeiðnum úr ræktunarsjóði, og munu vera allt að 10 millj. kr. óafgreiddar nú af ræktunarsjóðslánum út á framkvæmdir fyrra árs. Þetta er a. m. k. samkv. áætlun, sem ég hef fengið í bréfi frá bankastjóra Búnaðarbankans.

Ég býst við, að hv. fyrirspyrjanda sé kunnugt um það, að þegar ekki hefur verið lokið við lánveitingar fyrir áramót, hefur ekki verið aftur byrjað að lána úr ræktunarsjóði fyrr en í marz. Ég hef fengizt við lántökur úr ræktunarsjóði mörg undanfarin ár, og þetta hefur verið venjan. Það má segja, að nú sé komið langt fram í marz og það séu ekki enn þá byrjaðar lánveitingar. En það mun hafa verið á árinu 1958 þrátt fyrir þessa venju að opna ræktunarsjóðinn aftur í marz, að ekki var byrjað 1958 fyrr en í apríl.

Ég hygg, að það sé ekki langt að bíða, þangað til Búnaðarbankinn fær þá peninga, sem þarf til þess að ljúka þeim lánabeiðnum, sem fyrir liggja út á framkvæmdir fyrra árs. Ég hygg, að það sé ekki langt að bíða þangað til. Ég hafði vænzt þess, að þetta gæti orðið í marzmánuði, og er alls ekki vonlaus um, að það verði næstu daga.

Það hafa verið sérstakir menn að athuga fjármál sjóða Búnaðarbankans, sem eru því miður ekki í sem beztu lagi, og þá ekki sízt byggingarsjóður Búnaðarbankans. Byggingarsjóður Búnaðarbankans mun hafa lánað á s. l. ári aðeins út á þær framkvæmdir, sem voru hafnar á árinu 1958, eða til þess að ljúka framkvæmdum, sem var byrjað á fyrir s. l. ár. Aftur á móti hefur byggingarsjóðurinn ekki enn lánað út á framkvæmdir, sem byrjað var á á árinu 1959. Og til þess að ljúka því þarf byggingarsjóðurinn að áliti bankastjóra Búnaðarbankans 10 millj. kr. Þrátt

fyrir þetta hefur byggingarsjóðurinn á s. l. ári ekki lánað nema, að mig minnir, 5 millj. kr. lægri upphæð 1959 heldur en 1957, en fjárþörf bankans jókst talsvert á s. l. ári vegna aukinna framkvæmda. Það eru þess vegna 20 millj. kr., sem Búnaðarbankinn þarf að fá fljótt til þess að ljúka lánveitingum út á framkvæmdir, sem hafa verið hafnar á þessu ári. Og það hefur verið gefið fyrirheit um að útvega peninga í þetta. En það er meira, sem Búnaðarbankinn þarf að fá, til þess að hægt sé að fullnægja þeim kröfum, sem á honum hvíla. Í Seðlabankanum eru 12.5 millj. kr. óreiðu- og vanskilaskuldir: 3.5 millj. áhvílandi byggingarsjóði frá 1957 og 3.5 millj. frá árinu 1958, samtals 7 millj. kr. frá byggingarsjóði, og 5 millj. frá ræktunarsjóði. Þetta eru gjaldfallnar skuldir, og þessar 12.5 millj. verða að greiðast til Seðlabankans, áður en Seðlabankinn tekur að sér að greiða fyrir með ný lán til Búnaðarbankans.

Það var þannig á árinu 1957, að þá var engin fjárútvegun til byggingarsjóðs fram yfir þær föstu tekjur sjóðsins, önnur en 3.5 millj., sem voru teknar til bráðabirgða að láni í Seðlabankanum. Það var lofað að greiða þetta fljótt aftur, af því að þetta átti að vera bráðabirgðalán. Þessi skuld er enn ógreidd. Og þetta endurtók sig 1958. Þá var aftur tekið bráðabirgðalán í Seðlabankanum handa byggingarsjóði Búnaðarbankans, og þetta er eina féð, sem útvegað var handa byggingarsjóðnum þessi tvö ár fram yfir þær föstu tekjur, sem sjóðurinn hefur. Þegar ég á s. l. hausti talaði við bankastjóra Seðlabankans og bað hann um fyrirgreiðslu fyrir byggingarsjóðinn í svipuðu formi og hann hafði gert tvö undanfarin ár, bæði 1957 og 1958, þá sagði bankastjóri Seðlabankans: Ég gerði nú þetta í góðri trú tvö undanfarin ár, að hlaupa undir baggann, til þess að byggingarsjóðurinn gæti haldið lánveitingum áfram. Og þetta var hægt að gera einu sinni. Það var helzt ekki hægt að gera það tvisvar, þótt ég gerði það. En í þriðja sinn er það ómögulegt. — Og ég áfellist ekki bankastjóra Seðlabankans, þótt hann segði sem svo: Þetta getur ekki gengið. Hér eru óreiðuvíxlar, og þeir verða að greiðast. Þegar það hefur verið gert, geturðu komið til mín aftur. — Mér finnst þetta alveg eðlileg afstaða hjá bankastjóranum.

Það, sem hefur því verið við að stríða nú, er ekki aðeins að útvega bankanum fé til þess að lána með venjulegum hætti, heldur einnig til þess að greiða óskilaskuldir frá fyrri árum, og það er þess vegna eðlilegt, ef menn vilja vera sanngjarnir, að þetta sé dálítið þungt fyrir fæti. En eigi að síður vil ég upplýsa það, að Búnaðarbankinn mun fá mjög fljótlega þá peninga, sem hann þarf til þess að veita út á þau skjöl, sem liggja þar óafgreidd vegna framkvæmda fyrra árs, og það yrði þá í leiðinni, um leið og það gerist, að greiða óreiðuskuldirnar, sem liggja í Seðlabankanum, sem eru ekki óreiðuskuldir vegna bankastjóra Búnaðarbankans, heldur vegna þeirra, sem tóku þessi lán handa sjóðum Búnaðarbankans og höfðu lofað að greiða Seðlabankanum það á réttum tíma, en gerðu það ekki.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið. Og ég get líka þakkað honum fyrir það, að hann skuli upplýsa, að þess skuli ekki langt að bíða og jafnvel ekki nema til næstu daga, að það verði hægt fyrir stofnlánadeildir Búnaðarbankans að inna af hendi þær lánveitingar, sem þörf krefur nú í augnablikinu.

Það er eftirtektarvert, að árið 1960 skuli enginn af þeim, sem byrjaði að byggja íbúðarhús árið 1959, hafa fengið byrjunarlán. Það er algerlega nýtt í sögunni, því að ég hygg, að það hafi ævinlega verið hægt að veita lán úr byggingarsjóði nokkurn veginn eftir því, framkvæmdirnar hafa verið unnar. En á þeim 15 mánuðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, hefur henni ekki tekizt að leysa þessa hnúta. En það hlaut að sjálfsögðu að falla í hennar skaut. Þó að á tímabili hafi verið tekin bráðabirgðalán, hefur verið venjan sú, að þeir, sem með völdin fara í landinu, hafi greitt fyrir þessum málum. En í þessa 15 mánuði, sem liðnir eru, frá því að vinstri stjórnin fór frá völdum, hefur ekkert verið hafizt handa um að útvega sjóðnum fé, fyrr en ef það hefur verið einhvern tíma seint á árinu sem leið. Það leið eitt ár, sem ekki var neitt hugsað um þessa hluti, svo að það er kannske eðlilegt, að eitthvað sé í sokkabolunum af þeim sökum.

Mér finnst ekki viðeigandi af hæstv. ráðh. að vera að tala um óreiðuskuldir hjá Búnaðarbanka Íslands eða hans sjóðum í þessu sambandi, vegna þess að það er ekki um neina óreiðu að ræða. Sú ríkisstj., sem mun hafa tekið þessi lán, tók þau til framkvæmda í landinu, og hún hefði að sjálfsögðu rækilega gengið frá þessum málum, hefði hennar skeið verið lengra, og það hlaut því að falla í skaut þeirrar stjórnar, sem við tók, að ráða fram úr þeim vanda í þessum efnum sem öðrum, þar sem fráfarandi stjórn vannst ekki tími til að ganga frá hlutunum. En að það sé nokkurs staðar um neina óreiðu að ræða, það viðurkenni ég ekki.

Ég vil að lokum vænta þess, að það verði fljótlega hægt að hefja lánveitingar að nýju úr þessum sjóðum, svo að þeir, sem þegar hafa beðið eftir sínum lánum út á framkvæmdir fyrir árið 1959, geti séð nokkurn veginn fram úr, hvort þeir geti haldið áfram þessum framkvæmdum eða þeir verði frá að hverfa á komanda vori, eins og horfir við um marga hverja.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. fyrirspyrjandi sagði, að ef vinstri stjórninni hefði enzt líf og aldur, — hann hefði þá einnig átt að segja líf og heilsa, — þá hefði hún vitanlega greitt þær skuldir, sem hún hefði stofnað til vegna Búnaðarbankans. Það væri alls ekki eðlilegt að vera að tala um óreiðuskuldir, í þessu sambandi. En ég minni á, að 5 millj. kr. víxillinn

fyrir ræktunarsjóð var tekinn á árinu 1957, 3.5 millj. kr. víxillinn fyrir byggingarsjóð var tekinn á árinu 1957, og vinstri stjórnin fór þó ekki frá völdum fyrr en í árslok 1958. Þetta hvort tveggja voru bráðabirgðavíxlar til stutts tíma, sem átti að greiða, en vinstri stjórnin greiddi ekki og skildi eftir handa þeim, sem við tóku seinna. Þetta eru óreiðuskuldir, þetta eru gjaldfallnar skuldir og óreiðuskuldir, og fyrr en búið er að greiða þær, þýðir ekki að tala við Seðlabankann um fyrirgreiðslu fyrir Búnaðarbankann. Hitt er svo annað mál, eins og ég tók skýrt fram áðan, að ég ætla ekki að ásaka bankastjóra Búnaðarbankans fyrir þetta, vegna þess að hann tók ekki þetta lán. Það gerði ríkisstj. á þeim tíma, og það var hún, sem lofaði að greiða það. En óreiðuskuld er þetta, sem núv. ríkisstj. verður að taka að sér að greiða. Þetta er bara einn arfurinn, sem hún tekur við frá vinstri stjórninni.

Þegar hv. fyrirspyrjandi talar um, að það sé einkennilegt, að á árinu 1960 skuli ekki enn hafa verið lánað neitt út á nýjar framkvæmdir úr byggingarsjóði, þá er það ekkert einkennilegt, ef hv. fyrirspyrjandi vill setja sig inn í þessi mál, sem hann ætti að gera. Það liggur aðeins í því, að þegar reynt var að fá fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum vegna byggingarsjóðsins á s. l. hausti, voru syndir fyrrv. stjórnar, vinstri stjórnarinnar, svo miklar í þessum banka, að hann var lokaður fyrir þessa stjórn, fyrr en búið var að bæta fyrir syndir fyrrv. stjórnar. Og ég trúi því, að hv. fyrirspyrjandi sé ánægður með það og glaður í sínu hjarta, að núv. ríkisstj. hefur tekið að sér að leysa þennan hnút, hefur tekið að sér að útvega Búnaðarbankanum fé, hefur tekið að sér að koma stofnlánasjóðum Búnaðarbankans og stofnlánasjóðum atvinnuveganna í heild á traustan grundvöll, eins og segir í stjórnarsamningum. Þetta ætlar núv. ríkisstj. sér að gera, og það, sem kallar mest að í dag, er að láta Búnaðarbankann fá, ekki 20, heldur allt að 30 millj. kr., til þess að hægt sé að ljúka því, sem fyrir liggur frá fyrra ári eða fyrri árum. Því, sem fram undan er, gefst betri tími til að vinna að, en það þarf vitanlega mikið fjármagn til þess að koma sjóðunum á traustan grundvöll, eins og allir telja nauðsynlegt.

Ásgeir Bjarnason: Hæstv. ráðh. hefur rætt um Seðlabankann í þessu sambandi, eins og það væri Seðlabankinn, sem bæri fyrst og fremst skylda til að leysa þann vanda, sem þarna var um að ræða. En ég benti á það hér áðan, að hæstv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum í 15 mánuði, og hún gerði ekkert árið 1959 til þess að leysa þann vanda, sem þegar lá fyrir í árslok 1958. Og á sama tíma og verið er að skattleggja þjóðina meira en nokkru sinni hefur þekkzt í hennar sögu, þá kvartar hæstv. landbrh. undan því, að það séu mjög miklir erfiðleikar að leysa málefni þeirra sjóða, sem eiga að rísa undir atvinnulífinu í landinu. Ég hygg, að það kunni vel að vera, að það sé vandi og ekki sízt fyrir þær aðgerðir, sem verið er að gera nú, því að ef sjóðirnir eiga að rísa hlutfallslega undir jafnháum lánum af þeim framkvæmdum, sem kostað verður til í framtíðinni, eins og verið hefur, þá þarf miklu meira fjármagn til þeirra en verið hefur undanfarandi, svo að að því leyti til er skiljanlegt, að það verði erfiðleikar, og þeir verða þá fyrst og fremst í sambandi við þær aðgerðir, sem verið er að gera í efnahagslífinu nú. En það var vel hægt að leysa þessi mál í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna á s. l. ári og sjá byggingarsjóði Búnaðarbankans fyrir því fjármagni, sem hann þurfti á að halda þá. En um þetta sveikst fyrrv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni stóðu, Sjálfstfl. og Alþfl., gersamlega, og því stendur Búnaðarbankinn frammi fyrir þeim vanda, sem hann er nú í, að hafa ekki getað veitt einum einasta byrjanda í íbúðarhúsbyggingu lán á árinu sem leið. Þetta er atriði, sem ekki verður hægt fram hjá að komast. Það hefur alltaf verið venja, að sú stjórn, sem hefur farið með völdin í landinu, hefur, jafnóðum og á hefur þurft að halda, leyst þennan vanda. En í fyrsta skiptið, eftir að framsóknarmenn fara úr ríkisstj., eru engir peningar til, og virðist vera mjög erfitt að leysa þessi vandamál. Og það var fyrir það, að sú stjórn, sem sat að völdum, vildi ekki leysa þessi vandamál, en ekki fyrir það, að það væri ekki hægt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú eiginlega engu að svara. Hv. fyrirspyrjandi var að tala um það, að þegar Framsfl. væri farinn úr stjórn, væru sjóðir Búnaðarbankans tómir. Og þetta segir hann þrátt fyrir það, þótt það sé vitað, að sjóðirnir eru tómir vegna viðskilnaðar þessara manna. Það er ekki aðeins það, að þeir skilji þá eftir tóma, heldur skilja þeir eftir óreiðuskuldir, sem verður að taka við og greiða upp. Mér finnst þetta nokkuð mikil kokhreysti hjá þessum hv. þm.

Þá talar hann um það, að fjárþörf þessara sjóða aukist vegna verðhækkana. Hún gerir það vitanlega. Ef sjóðir Búnaðarbankans og aðrir stofnlánasjóðir atvinnuveganna eiga að lána tiltölulega eins mikið út á framkvæmdirnar eftir verðhækkanirnar og áður, þá náttúrlega eykst fjármagnsþörfin. En hvað gerðu hv. framsóknarmenn eftir verðhækkanirnar 1958? Lánuðu þeir meira út á byggingar eftir það heldur en áður? Var meira lánað út á íbúðarhús í sveitum, eftir að byggingarefnið hafði hækkað svo geysilega sem það gerði með skattlagningunni 1958, heldur en áður var? Ég held ekki. Ég held, að það hafi verið bundið við 75 þús. kr. eftir sem áður. Sjálfsagt hefur það ekki verið af viljaleysi til þess að greiða úr fyrir þeim, sem voru að byggja, heldur hefur það miklu frekar verið af úrræðaleysi og getuleysi þessara manna, eins og bezt kemur fram í því, að þeir sjá engin ráð til útvegunar á fjármagni fyrir byggingarsjóð Búnaðarbankans á árunum 1957 og 1958 önnur en þau að taka bráðabirgðavíxla í Seðlabankanum, sem þeir lofa að greiða, en svíkjast um að greiða. Og

mér finnst, að þegar litið er til baka yfir þessa sjóði og þennan feril, þá sé það of mikil kokhreysti hjá hv. 1. þm. Vesturl. að koma hér upp og tala með jafnfurðulegum hætti og hann gerir um þessi mál, — maður, sem er þó í bankaráði Búnaðarbankans og ætti að vera öllum hnútum kunnugur þar.

Ég svara því svo ekki, þegar hann er að tala um, að það sé undarlegt að vera að minnast á Seðlabankann í þessu sambandi. Er það nokkuð undarlegt, þótt talað sé um Seðlabankann, um bráðabirgðafyrirgreiðsluna? Það er vitað mál, að á s. l. ári var samþ. að láta 25 millj. kr. ganga til Búnaðarbankans af svokölluðu Ameríkuláni. Á meðan þetta lán er ekki komið inn og ekki búið að breyta því í íslenzka peninga, er vitanlega eðlilegt, að talað sé við Seðlabankann um fyrirgreiðslu, að hann láni til bráðabirgða út á þessa peninga, sem eru vísir í bakhendinni, þegar þeir koma inn, og eru þá til reiðu að borga þá skuld, sem stofnað er til, og það er það, sem meiningin var að gera. Búnaðarbankinn hefur ekki enn fengið nema helminginn af þeim 25 millj., og ef óreiðuskuldin hefði ekki legið í Seðlabankanum, hefði Seðlabankinn verið fús til að lána út á seinni helming þessarar fjárhæðar. Þá væri byggingarsjóðurinn búinn að fá þá peninga, sem hann vantaði. Hv. 1. þm. Vesturl. getur þess vegna aðeins ásakað framsóknarmenn fyrir það, að Búnaðarbankinn er ekki búinn að fá þetta. Hann getur ásakað þá fyrir það að hafa skilið eftir óreiðuskuld í Seðlabankanum, sem olli því, að Seðlabankinn treysti sér ekki til þess að lána 12½ millj., enda þótt það væri hægt að leggja fram fullnaðartryggingu, þessa peninga, sem koma inn á þessu ári af seinni hluta Ameríkulánsins. Ég vænti þess, að hv. 1. þm. Vesturl. viti, hvernig þessi mál liggja, að hann sé ekki að spyrja hér eins og maður, sem þekkir ekkert inn í það, sem hann er að ræða um. En það er furðulegt, að hann skuli koma með fsp. eins og þessa og tala eins og hann hefur gert hér í dag, hafi hann vitað, hvernig í málunum liggur.

Ásgeir Bjarnason: Hæstv. ráðh. gat þess, að ekki væri enn þá komið ameríska lánið og þar af leiðandi hefði ekki verið hægt að fullnægja lánsfjárbeiðnum úr Búnaðarbanka Íslands. Þetta kann vel að vera. En hvenær kemur þá það, sem eftir er af láninu? Hvenær er þess að vænta, að það komi? Svo vil ég vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að lánið, sem átti að koma, var eingöngu til þess að lána úr ræktunarsjóði, en ekki byggingarsjóði Búnaðarbankans. Það var ekki til þess að leysa hlutverk byggingarsjóðsins, en til þess að leysa ræktunarsjóðsmálin. Og það er einkennilegt, að á öllu árinu sem leið skyldi ekki vera hægt að sjá byggingarsjóði Búnaðarbankans fyrir nægjanlegu fjármagni, þar sem því var haldið fram fyrir kosningarnar á s. l. hausti, að bæði útflutningssjóður og ríkissjóður væru með miklum blóma. Hafi svo verið, hygg ég, að ríkisstj. sjálf og þeir, sem hana studdu, hafi haft það í hendi sér að leysa þessi mál. Og ég get líka fullvissað hæstv. ráðh. um það, að hefðu framsóknarmenn farið með völdin, hefðu þeir fyrir löngu verið búnir að leysa þennan vanda, því að það hefur aldrei komið fyrir, fyrr en þeir fóru úr stjórn, að þessi málefni hafi ekki verið leyst á sómasamlegan hátt fyrir alla, sem hlut áttu að máli.

Á 78. fundi í Nd., 9. maí, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera hér fram fsp. til hæstv. ríkisstj., hún snertir líklega fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh., en hann er líklega ekki kominn á fundinn. Ef til vill getur einnig hæstv. viðskmrh. svarað þessu, sem ég ætlaði að spyrja um. (**Forseti:** Sjútvmrh. mun vera forfallaður, svo að hann er ekki væntanlegur.) Nú, já. Ég vil þá beina minni fsp. til þeirra ráðherra, sem við eru.

Fsp., sem ég vildi bera fram, er í tilefni af fréttum, sem birzt hafa í blöðum nú um helgina. Í fyrradag kom frétt í einu af blöðum stjórnarflokkanna um það, að náðst hefði samkomulag um fiskverð milli Landssambands ísl. útvegsmanna og þeirra fyrirtækja, sem kaupa af þeim fiskinn. Sagt var frá því í þessari frétt, að samningaviðræður um fiskverðið hefðu staðið yfir síðan í febrúar og það muni hafa greitt mjög fyrir samkomulagi, að ríkisstj. hafi lækkað 5% útflutningsskatt af fiskinum um helming, niður í 2½%.

Í gær er einnig í þessu sama blaði nokkuð sagt frá þessu máli, og kemur það einnig fram í þeirri frásögn, að nú hafi verið tekin ákvörðun um að lækka skattinn úr 5% í 2½%.

Þessi frétt þótti mér nokkuð einkennileg, þar sem það er ekki á valdi hæstv. ríkisstj. að breyta þessum skatti, en ákvæðin um hann eru í lögunum um efnahagsmál, sem hér voru samþykkt í febrúar í vetur og munu hafa verið gefin út 20. febr. Hugsanlegt er, að hér sé um að ræða missögn eða ónákvæmni í blaðafréttum. Ef til vill hefur hæstv. ríkisstj. aðeins lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir lagabreytingu á Alþingi, þess efnis, að útflutningsskatturinn verði lækkaður úr 5% í 2½%. Þá getur þetta verið skiljanlegt. En þá er hins vegar ekki rétt frá skýrt í þessum fréttum.

Nú vildi ég því spyrjast fyrir um það og vænti þess, að t. d. hæstv. viðskmrh. geti svarað því, hvort það sé þannig, að ríkisstj. vilji fá breytingu á þessum skatti og muni leggja fyrir þingið frv. til laga um þá breytingu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og hæstv. forseti d. tók fram, er hæstv. sjútvmrh. bundinn við skyldustörf annars staðar og mun ekki geta komið til fundarins fyrr

en milli hálfþrjú og þrjú. Ég skal með ánægju koma þessari fsp. á framfæri við hæstv. sjútvmrh., og mundi hann þá t. d. á morgun geta svarað fsp. hv. þm. Ég skal þó nú þegar ekki láta hjá líða að taka fram, að fregnir um þetta, sem birtust í blöðum í gær, voru ónákvæmar. Það er að sjálfsögðu ekki búið að fella helming útflutningsskattsins niður, enda er það á valdi Alþingis eins að gera það. Hitt er rétt, að það hefur verið um það rætt undanfarið í sambandi við þá samninga, sem gerðir hafa verið um fiskverð milli fiskkaupenda og fiskseljenda, að gera þetta. Ríkisstj. hefur það til athugunar og mun væntanlega leggja það til eða beita sér fyrir því, að þessi lækkun nái fram að ganga. En um það mun hæstv. sjútvmrh. geta gefið nánari skýrslu á fundinum á morgun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér út af því tilefni, að hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) nú hefur komið fram með fsp., í fyrsta lagi taka undir hans spurningar og í öðru lagi lýsa því yfir, að fyrst hæstv. sjútvmrh. er væntanlegur hér á fund síðar í dag, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, þó að milli mála væri, að það gæfist tími til þess að athuga þessa hluti nú þegar.

Það er ákveðið með mjög ákveðnum orðum í 8. gr. efnahagslaganna, að tollyfirvöldin skuli innheimta þennan umrædda 5% skatt, og það er ákveðið í sömu grein mjög ákveðið, að honum skuli varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs, þannig að ákvæðin eru bundin mjög rammlega í lögum. Og í 40. gr. stjórnarskrárinnar er greinilega sagt, að engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þegar svona hlutir eru farnir að gerast, eins og þeir, að blöð ríkisstj. og jafnvel fleiri opinberir aðilar eru farnir að skýra frá því, að þetta og þetta verði gert, rétt eins og Alþingi væri ekki til og hefði ekkert að segja í þessu, þá er það dálítið varhugavert tímanna tákn. Það er satt að segja orðið nóg um það, að ríkisstj. séu farnar að taka ákvarðanir svo að segja einvörðungu sjálfar, en stilla síðan sínum þingflokkum frammi fyrir því, að þeir verði annaðhvort að samþykkja eða hafna, þegar þar að kemur, og þorri þingmanna í þessum flokkum beygir sig síðan óánægður undir það, sem gert hefur verið. Það er ákaflega mikið allt saman í þá áttina að brjóta bókstaflega niður þingræðið hjá okkur.

Viðvíkjandi hins vegar þessu máli, þá er eðlilegt, að það veki alveg sérstaklega athygli, vegna þess að eitt af því, sem hefur verið yfir lýst af hálfu íslenzku ríkisstj., það er, að það verði ekki neitt tekið upp, sem heitir útflutningsuppbætur, heldur skuli atvinnurekendur eiga að standa á eigin fótum, og allt það kerfi, sem hæstv. ríkisstj. hefur þótzt vera að byggja upp undanfarið, hefur byggzt á þessari, ef svo mætti orða það, siðferðilegu forsendu, að enginn stuðningur frá ríkinu ætti að koma til þessara atvinnurekenda, og það væri vísindalega útreiknað af sérstökum sérfræðingum, mjög lærðum sérfræðingum, að þetta stæðist allt saman. Ég lét reikna þetta út, og í sambandi við okkar starf í fjhn. þessarar hv. deildar um þetta frv. um efnahagsmál spurði ég Davíð Ólafsson, einn sérfræðinginn, að því, hvað útflutningurinn ætti að geta borgað, og lagði fyrir í þessari deild allan þann útreikning. Og sá sami útreikningur, sem var greinilegt að ætti að vera það allra minnsta, sem hægt ætti að vera að greiða til sjávarútvegsins, það kemur nú sem sé allt í einu í ljós, að hraðfrystihúsin segjast ekki geta greitt þetta, nema þau fái sérstakar útflutningsuppbætur frá ríkinu. Útreikningur, sem ég hef lagt hér fyrir sem minni hl. í fjhn., þegar þessi efnahagsmál eru hér til umræðu, og var staðhæft þá að væri meira eða minna rangur, og ekki væri nein vissa fyrir, að útreikningar sérfræðinganna stæðust, þessi útreikningur sýnir sig nú þegar, þrem mánuðum eftir að lögin eru samþykkt, að hafa verið rangur, en útreikningur okkar þingmannanna réttur. En hæstv. ríkisstj. fékkst ekki til að taka neitt tillit til neins útreiknings, sem við lögðum hér fram, en batt sig einvörðungu við það, sem sérfræðingarnir höfðu gert.

Þess vegna er þetta ekkert smámál, sem hér er um að ræða, því að þetta, sem ríkisstj. nú hefur gert, er merki til verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi um, að allt þetta þvaður, sem ríkisstj. hefur verið með um útflutningsbætur og annað slíkt, er tóm vitleysa. Það hefur verið heimtað nú af launþegum í landinu, að þeir færu að leggja eitthvað að sér, til þess að sjávarútvegurinn og atvinnurekstururinn í landinu geti staðið á eigin fótum, og menn hafa verið beðnir um að gefa ríkisstj. frí einhvern tíma, til þess að þetta fengi að sýna sig. Nú sem sé er þetta komið í ljós, þremur mánuðum — og varla það — eftir að þessi lög eru samþykkt, með þessari gagnrýni frá okkar hálfu á útreikningum sérfræðinganna og ráðstöfunum ríkisstj., að útflutningsbætur eru teknar upp. 1950 var þó beðið með þetta í eitt ár, þangað til bátagjaldeyririnn var settur á.

Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að þarna er ekki bara um að ræða formlegt mál, þar sem hæstv. ríkisstj. er farin að gera ráðstafanir án þess að vita nokkuð, hvernig Alþingi muni taka í þetta, og fara inn á að lofa ýmsu í sambandi við það, heldur er þarna um að ræða það, að sjálft kerfi ríkisstj. er að hrynja og það áður en seinni parturinn af þessum aðallögum hennar, sem sé lögin um viðskiptafrelsið, sem áttu að byggjast á gengisskráningarlögunum, er kominn í gegnum þingið. Ég vil því vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að þetta er mjög alvarlegt mál, sem hlýtur að verða tekið til mjög alvarlegrar umræðu nú þegar hér í þinginu, og ég held það sé bezt fyrir hæstv. ríkisstj. að stöðva nú þau frv., sem eru í gangi hér í þinginu, áður en lengra er haldið. Það er engin ástæða til þess að fara að neita að viðurkenna þær staðreyndir, að kerfið sé fallið um sjálft sig, eða

þá hitt, að allir útreikningar sérfræðinganna séu vitlausir. Og það er ekki ástæða til þess að vera endilega að bíða eftir því, að hér hefjist stórkostlegar vinnudeilur. Þeir hafa sannarlega fórnað meiru, launþegarnir í landinu, heldur en sjávarútvegsmennirnir, og átti þetta þó allt að vera gert fyrir þá. Og ef hæstv. ríkisstj. nú þegar viðurkennir, að hún verði að taka sérstaka skatta af ríkissjóði til þess að gefa þeim útflutningsuppbætur, þá er sannarlega kominn tími til fyrir hana að endurskoða sína afstöðu gagnvart launþegunum eða þá að segja við launþegana: Þið skuluð ekki vera að bíða neitt lengur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, mun hæstv. sjútvmrh. gefa nánari skýrslu um þetta mál í tilefni af fsp. hv. 1. þm. Norðurl. v., annaðhvort síðdegis í dag, þegar hann er kominn til fundarins, eða á morgun. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að andmæla eindregið þeirri skoðun, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það, sem hér hefur verið rætt um, það, sem hér hefur borið á góma, að lækka útflutningsskattinn um helming, úr 5% í 2½%, á hvorki nokkuð skylt við nýjar útflutningsbætur né heldur er nokkurt tákn um, að það efnahagskerfi, sem nú er verið að reyna að koma hér á laggirnar, sé að hrynja.

Ég þarf ekki að minna hv. þm. eða aðra hv. dm. á, í hvaða skyni 5% útflutningsskatturinn var á lagður. Hann var lagður á í því skyni að greiða ógreiddar skuldbindingar útflutningssjóðs.

Nú hefur það gerzt, að við endanlegt uppgjör útflutningssjóðs hafa skuldbindingar hans reynzt miklu minni en hafði verið áætlað. Þær hafa reynzt næstum helmingi minni en áætlað hafði verið eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir hjá útflutningsnefnd. Í öðru lagi hefur það svo gerzt, sem var ekki vitað, þegar efnahagslögin voru undirbúin, að mikið verðfall hefur orðið á fiskimjöli erlendis, sem hefur að sjálfsögðu rýrt mjög hag útflutningsatvinnuveganna og rýrt getu fiskkaupenda til þess að greiða það verð fyrir fiskinn, sem þeir hefðu getað gert, ef sú breyting hefði ekki átt sér stað.

Það eru þessar tvær breyttu forsendur, sem um er að ræða og hafa gert það að verkum, að ríkisstj. hefur tekið til venjulegrar athugunar í fyrsta lagi, hvort fært væri, sem mun vera fært, og hvort réttmætt væri að taka þá ákvörðun að leggja til við Alþingi, að þeirri ákvörðun yrði breytt, sem fólst í því ákvæði efnahagslaganna, að útflutningur skyldi greiða 5% skatt af útflutningsverðmæti.

Þetta vildi ég aðeins segja strax til þess að fyrirbyggja misskilning um þetta efni. En ég segi það enn, að að öðru leyti mun hæstv. sjútvmrh. eflaust vera reiðubúinn til þess að gefa nánari skýrslu um þær samningaviðræður, sem farið hafa fram undanfarnar vikur milli fiskkaupenda og fiskseljenda, og það samkomulag, sem komið er á í þeim efnum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. talaði um það, að við endanlegt uppgjör viðvíkjandi útflutningssjóðnum hefði það sýnt sig, að þetta hefði komið út vænlegar en búizt hefði verið við. Ég er ákaflega hræddur um, að allir útreikningarnir og endanlegu uppgjörin á öllum þessum hlutum fari nokkuð mikið eftir því, hvað ríkisstj. þykir hagkvæmt á hverjum tíma. Fyrir kosningar þótti hagkvæmt að gefa eina ákveðna lýsingu á afkomu ríkissjóðs, útflutningssjóðs og jöfnuðinum í utanríkisverzluninni. Eftir kosningarnar, þegar tveir mánuðir voru liðnir frá þeim, þótti hagkvæmt að gefa aðra yfirlýsingu. Og þegar efnahagslögin eru samþykkt, þótti hagkvæmt að gera þessa og þessa útreikninga, sem ættu að gera þetta og þetta nauðsynlegt. Og nú á eftir þykir hagkvæmt, að útreikningurinn komi öðruvísi niður. Ég verð að segja það, að ég gef ekki sérstaklega mikið fyrir útreikninga þessara sérfræðinga í þessum málum. Ég er hræddur um, að þeim sé ráðstafað, þeim sé hagrætt eftir því, hvers konar pólitík ríkisstj. heimtar á hverjum tíma.

Í öðru lagi viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. segir viðvíkjandi fiskimjölinu, eins og hæstv. ríkisstj. hafi ekki vitað jafnt um fiskimjölið og verðhrunið á því í febrúar eins og núna? Jú, verðhrunið hefur verið að skella á frá því nokkurn veginn í október—nóvember í haust, alltaf farið sílækkandi. Framboðið frá Perú er byrjað að koma fram strax í október—nóvember, og það var alveg fyrirsjáanlegt, hvert fór. Og þessar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert til þess að leiða verðhrunið yfir íslenzka fiskimjölið, eru ráðstafanir, sem standa beint í sambandi við alla hennar pólitík. Það var hægt að selja þetta fiskimjöl í fyrrasumar fyrir allt upp í 20 shillinga prótein-einingu, miðað við, að nú hefur það farið niður í 11, frá 18—20 sh. til Tékkóslóvakíu, en ríkisstj. og Seðlabankinn, þeir hindruðu það, vegna þess að þeir eru að heimta frjálsan gjaldeyri. Og þetta er bara ein afleiðingin af því, sem ríkisstj. er að gera og hún er vöruð hér við hvað eftir annað, og við höfum ekki sparað okkar tíma eða okkar rödd til þess að reyna að vara ríkisstj. við. Hún er að skipuleggja Ísland inn í verðhrunsmarkað. Það er ríkisstj., sem skipuleggur þetta verðhrun. Þótt það sé Perú, sem veldur því, þá er það pólitík ríkisstj., sem veldur því, að við erum háðir þessum markaði. Það var vel hægt að gera aðrar ráðstafanir. Og svo framarlega sem afleiðingarnar af því, sem ríkisstj. nú er að gera, verða verðhrun í sambandi við hraðfrysta fiskinn, þá er það líka atriði, sem ríkisstj. getur séð fyrir í dag.

Ef á að fara að byggja upp stórkostleg bákn til sölu á hraðfrystum fiski í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, meira eða minna fyrst og fremst með íslenzkum peningum, standa í því vikum og mánuðum og árum saman að byggja upp bákn, eins dýrt og það er, þá þýðir það verðhrun fyrir okkur. Það þýðir, að við byrjum að

undirbúa það með öllu mögulegu slíku og byrjum með því að festa þarna heilmikla peninga, sem maður veit ekkert, hvort koma nokkurn tíma fram. Þetta er þáttur úr pólitík ríkisstj., að yfirgefa það, sem öruggt er, og leggja inn á brask. Það er því ekki til neins að koma á eftir og segja núna: Við verðum nú að breyta til þarna með sjávarútveginn, af því að það hefur fallið verð á einhverjum hlutum. — Og það er ekki atriði, sem verður tekið tillit til af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hér. Þetta eru ráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera. Í staðinn fyrir að gera fyrirframsamninga og reyna að tryggja sig, þá er beðið og beðið og braskað og braskað. Og svo þegar sveiflur á kapítalistiskum mörkuðum valda verðhruni, þá stendur ríkisstj. upp og segir: Við verðum að byrja á útflutningsuppbótum. — Auðvitað eru það ekkert annað en útflutningsuppbætur að verða að gera svona ráðstafanir. Það er sama, hvað þær eru kallaðar. Það var ekki heldur kallað útflutningsuppbætur, þegar bátagjaldeyririnn var tekinn upp, síður en svo. Og því var líka neitað. Hæstv. viðskmrh. man kannske, hvað það var kallað. Það var kallað ákaflega fallegu nafni. Það var kallaður sérstakur frílisti, ef ég man rétt, alveg sérstakur frílisti, sérstaklega frjáls, miklu frjálsari en allt annað. Það var sérstakur frílisti handa útvegsmönnum. Ég man ekki betur en þeir fengju sérstaklega að verzla með þann gjaldeyri, sem kom inn fyrir það, og ég sé ekki betur en nú eigi að fara að breyta á Alþingi ákveðnum skatti, sem lagður er á, til þess að útvegsmenn fái hann sérstaklega í hendur. Heldur hæstv. viðskmrh. að þetta sé hvað eðli snertir mjög ólíkt þeim sérstökum frílista, sem seinna var kallaður bátagjaldeyrir og nú hefur verið talinn vera byrjun á útflutningsuppbótunum? Við skulum ekki vera að stinga höfðinu neitt í sandinn eins og strútur viðvíkjandi þessum hlutum. Við sjáum alveg, hvert þetta er að leiða.

Ég skal svo ekki gera þetta að frekara umtalsefni nú. En mér þætti mjög vænt um, að hæstv. sjútvmrh., þegar hann kæmi í dag, gæfi þinginu kost á að heyra sín rök í þessum málum.

Á 79. fundi í Nd., 10. maí, utan dagskrár, mælti

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér á fundi í þessari hv. d. í gær og þess vegna ekki svarað þeim fsp., sem til mín var þá beint út af fyrirhugaðri lækkun útflutningsskattsins úr 5% í 2½%, og skal þess vegna leyfa mér nú með örfáum orðum að gera grein fyrir, hvernig í því máli liggur.

Þegar útflutningsskatturinn var ákveðinn, var honum ætlað að greiða nokkurn hluta þess halla, sem vitað var að yrði á útflutningssjóði. En þennan halla útflutningssjóðs átti þó fyrst og fremst að greiða með þeim gengishagnaði, sem yrði af sölu birgða, sem aflað hafði verið fyrir gengisbreytinguna, en seldar yrðu eftir gengisbreytinguna, þess fjár, sem þá skorti á, yrði aflað með útflutningsskattinum.

Nú hefur komið í ljós, að nokkuð mikill meiri hluti af þessum halla greiðist af gengishagnaðinum, en eftir verður þó vitaskuld allmikil fjárfúlga, sem útflutningsskattinum er ætlað að ganga upp í.

Það var í upphafi rætt nokkuð um það, hversu há þessi prósentutala ætti að vera, og var staðnæmzt við 5%, án þess þó að fyrir því lægju nokkur sérstök rök, að þessi tala yrði valin frekar en önnur. Þessum 5% skatti var svo ætlað að vera í gildi, þangað til halli yrði að fullu greiddur, og útvegsmönnum var gefið fyrirheit um það þegar á fyrsta stigi, að skatturinn yrði afnuminn eða það yrði borin fram till. um það hér í Alþ. að afnema skattinn, þegar þessari upphæð væri náð.

Nú hefur það skeð, að óskir hafa borizt frá bæði Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og frá vinnslustöðvunum um það, að skatturinn yrði lækkaður, og þá mundu þeir una því, að hann yrði framlengdur sem þessari lækkun næmi, þannig að heildarupphæðin yrði nákvæmlega sú sama, sem út úr þessum skatti kæmi, hvort sem upphæðin væri miðuð við 5% eða hvort hún yrði miðuð við 2½%. Á þetta hefur ríkisstj. fallizt og heitið þessum aðilum að beita sér fyrir því, að samþ. yrði breyt. á efnahagslöggjöfinni, þannig að skattprósentan yrði lækkuð úr 5 í 2½%, en með þeirri hugsun að baki, að hann yrði framlengdur, sem því svari, og frv. um þetta verður væntanlega borið fram hér á Alþ. alveg næstu daga. Í þessu felst enginn aukinn styrkur til útgerðarinnar eða neinar nýjar uppbætur, því að það lá fyrir í upphafi, að skatturinn yrði afnuminn, þegar þeirri heildarupphæð yrði náð, sem nægði til þess að jafna halla útflutningssjóðsins, og það sama liggur til grundvallar nú, eftir að þessi breyting á hundraðstölunni hefur verið ákveðin, sem ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir.

Ég hef ekki meira um þetta að segja, en ég vildi aðeins undirstrika það, að hér er á engan máta um neitt fráhvarf frá fyrri stefnu að ræða eða að ríkisstj. hafi horfið frá fyrri ákvörðunum í þessu máli, heldur einungis til hagræðis fyrir útvegsmenn og vinnslustöðvar og eftir þeirra ósk samþ. að lengja skattheimtutímabilið, en lækka töluna.

Skúli Guðmundsson: Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þetta svar, sem hann hefur gefið við fsp. minni, sem ég bar fram í gær. Ráðh. hefur nú skýrt frá því, að frv. um breyt. á efnahagsl., að því er skattinn varðar, muni verða lagt fram næstu daga, og það var það atriði, sem ég spurði um í gær í tilefni af því, að blaðafrásagnir voru þannig, að mér þóttu þær nokkuð einkennilegar. Þar var sagt frá því, að það hefði þegar verið ákveðið að lækka skattinn, en vitanlega geta ekki aðrir aðilar breytt honum en Alþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. það svar, sem hann hefur nú gefið við þeim fsp., sem hér voru bornar fram í gær.

Í fyrsta lagi kemur fram í hans svari, að þessi 5%, sem voru lögð á nokkru eftir áramótin, virðast ekki hafa verið neitt sérstaklega nákvæmlega útreiknuð. Hæstv. ráðh. talaði um, að það hefðu verið ýmsar tölur, sem talað hefði verið um, — líklega hafa það verið sérfræðingarnir. (Gripið fram í.) Já, það er ágætt, þá hefur vafalaust tilvonandi flokksbróðir hæstv. forsrh. lagt smiðshöggið á þetta allt saman seinna meir, yfirsérfræðingur ríkisstj. Það er gott fyrir okkur að fá þær upplýsingar, að þegar hæstv. ríkisstj. leggur skatta á, þá er það gert nokkurn veginn af handahófi. Það var sem sé engan veginn ákveðið um áramótin, hvort það ætti heldur að vera 2, 3, 4 eða 5%, en þeir slengdu sér niður á 5% að lokum. Má ég nú spyrja: Eru flestir skattarnir, sem á voru lagðir um áramótin, og ráðstafanirnar, sem þá voru gerðar, af einhverju svipuðu handahófi, þannig að við mættum búast við því, ef það kæmu úr réttri átt nógu þungar kvartanir, þá yrðu 5% og önnur prósent öll tekin til vendilegrar athugunar og kannske lækkað um helming. Sem sé, þarna þurfti ekki annað en óskir frá útvegsmönnum og hraðfrystihúsum. Og ég spyr nú: Ef óskirnar koma t. d. frá verkamönnum og bændum, tekur þá ríkisstj. alveg jafnvel á slíkum óskum, ef þær koma fram um, að endurskoðað sé það, sem áður hafði verið lagt á?

Hæstv. sjútvmrh. vildi lítið úr því gera, hvers konar eftirgjöf þetta væri, heildarupphæðin yrði sem sé nákvæmlega sú sama, sem yrði til þess að borga hallann á útflutningssjóðnum. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefur í sambandi við efnahagsmálin gert þær ráðstafanir, að lánsfrestur á hinum og þessum lánum, sem veitt hafa verið, hefur verið styttur og vextir um leið hækkaðir, og það gildir jafnt um lán til bygginga og ýmissa annarra framkvæmda. Má ég nú spyrja: Efast hæstv. ríkisstj. um, að það sé þægilegra fyrir t. d. mann, sem fær lán, við skulum segja til íbúðarbyggingar, og borgaði upp á 20 árum, að hafa það heldur á 40 árum? Mundi vera tiltölulega auðsótt hjá hæstv. ríkisstj., ef þau væru nú aðrir en hraðfrystihús og útvegsmenn, sem sæktu um, að skatturinn yrði lækkaður um helming og það yrði þess vegna helmingi lengri tími, sem menn fengju að borga þetta á? Mér sýnist á því, hve lítið hæstv. sjútvmrh. gerir úr þessum hlutum, þetta sé nákvæmlega sama heildarupphæðin, og greinilega er tekið fram í yfirlýsingu sjútvmrh., að það sé bara um það að ræða að lækka þetta, lækka þetta um helming. Og ég efast ekki um, að þegar þessi efnahagsmál koma nú aftur til umr. öll í þinginu í sambandi við það nýja frv., sem nú kemur fram, þá muni það verða tiltölulega auðsótt að fá breytt öllum þessum lánstímum, sem nýlega voru lengdir, og vöxtum, sem voru hækkaðir, fyrst hæstv. ríkisstj. er svona ákaflega elskuleg, þegar það eru hraðfrystihúsin og útvegsmennirnir, sem eiga í hlut.

Við skulum sem sé ekki efast um það, að auðvitað er þarna um úflutningsbætur í nýrri mynd að ræða. Það er engin spurning um það. Eins og þeim mönnum, sem eiga að borga svona og svona mikið á svona og svona löngum tíma, sé ekki helmingi þægilegra að mega borga þetta á tvöfalt lengri tíma, að skatturinn sé minnkaður um helming og það sé tvöfalt lengri tími, sem menn hafa til þess að borga þetta á. Það er engin spurning um það.

Ég vil minna á, að útflutningsuppbætur, þegar þessi gengislækkunarkerfi hafa verið að hrynja, hafa verið undir hinum undarlegustu formum. T. d. þegar gengislækkunarkerfið frá 1950 byrjaði að hrynja og það varaði upp undir ár, áður en fyrstu stóru brestirnir komu, þá var innleitt það, sem kallað var, ef ég man rétt, sérstakur frílisti, og samtök útflytjendanna voru látin hafa með hann að gera. Það þóttu ekki útflutningsuppbætur, ekki til að byrja með. Það var alveg sérstakur frílisti. Það kom víst seinna á hann nafnið bátagjaldeyrir. Og þeir fengu að leggja eitthvað sérstaklega á þetta, og meira að segja fyrst þegar þetta var sett í gegn, fyrstu þrjú árin, þá var þetta ólöglegt allan tímann, studdist aldrei við lög, þannig að í þrjú ár var þetta innheimt án þess, að nokkur lög væru fyrir því, raunverulega bæði í mótsetningu við lög og stjórnarskrá, vegna þess að það var meira að segja verið að brjóta þá grein stjórnarskrárinnar, sem bannar að innleiða nokkur sérréttindi, þegar þetta var á lagt, sem sé 78. gr. Það var raunverulega verið að gera vissan hluta af útflytjendunum að nokkurs konar aðli á Íslandi. Á þeim tíma héldu stjórnarvöldin því fram, að þessi sérréttindi, sem bundin væru við hinn svokallaða bátagjaldeyri, snertu raunverulega ekki neitt gengisbreytinguna eða efnahagskerfið sjálft. Það var ekki fyrr en löngu seinna, þegar þetta var orðin söguleg staðreynd, að menn fóru að viðurkenna það, að raunverulega hefði gengislækkunarkerfið bilað strax á árinu á eftir. En nú leið ekki á svona löngu. Nú eru liðnir rúmir tveir mánuðir, á þriðja mánuð, og þetta gengislækkunarkerfi er byrjað að bila og allir útreikningarnir, sem í sambandi við það voru.

Það er þess vegna bezt að vera ekki með nein klauflaxnöfn í sambandi við þessa hluti. Það er verið að framkvæma þarna sérstaka eftirgjöf til útflytjendanna til þess að sjá um, að samningar gangi saman. Það er verið að borga þetta á lengri tíma en upphaflega var ákveðið og verið að veita þarna sérstök réttindi einmitt þessum atvinnurekendum, sem áttu að standa á eigin fótum.

Nú er þetta orðað af hæstv. ráðh. ákaflega elskulega, það hefðu bara óskir borizt frá útvegsmönnum og hraðfrystihúsum, og þá hefði

þetta verið gert. Ætli það hafi nú ekki heldur verið hitt, að það er búin að standa harðvítug deila í 2—3 mánuði á milli þessara samtaka, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, um, hvað verðið skuli vera? Og þegar vertíðarlokin nálgast, þegar 11. maí nálgast og þegar það liggur við, að það verði meiri eða minni stöðvanir og átök í sambandi við uppgjör, þá er komið að þrotum, þannig að þessir aðilar verða að fara að gera svo vel að segja, hvar þeir standa og hvort þeir ætli að viðurkenna, hvaða hringavitleysa allir þeir útreikningar hafa verið, sem lagðir voru til grundvallar í sambandi við fiskverðið. Ætli það hafi ekki verið það og þess vegna hafi verið nauðsynlegt fyrir ríkisstj. fyrir 11. maí að verða við þessum óskum, eins og svo hæversklega er orðað, og þá hafi verið inn á þetta gengið?

Ég skal ekki fjölyrða neitt um þetta núna, það er engin sérstök ástæða til þess, vegna þess að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir, eins og ég raunar líka bjóst við, að hann mundi gera, að þetta mál komi fyrir Alþ. hið bráðasta, og þá gefst tækifæri til þess bæði að ræða þetta mál sjálft út af fyrir sig og eins að taka fyrir allt efnahagskerfið, sem nú er byrjað að hrynja, bæði sjá til þess, hvort óskir annarra en útvegsmanna og hraðfrystihúsa verði teknar til greina í sambandi við aðrar ráðstafanir, í sambandi við vexti, lánstíma og annað slíkt, og hvort hæstv. ríkisstj. fæst til þess að sjá það strax, að það sé bezt að breyta þessu kerfi nú þegar á þessu þingi.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins fáein orð í tilefni af þessum upplýsingum, sem fram hafa komið. Ég vil minna á það í því sambandi, að þegar efnahagslöggjöfin var sett, voru gerðar um það fsp. hér hvað eftir annað, hvað ríkisstj. ætlaðist fyrir með þessi 5%, sem átti að taka af útfluttum sjávarafurðum, eftir að búið væri að greiða hallann á útflutningssjóðnum. En þótt um þetta væri spurt hvað eftir annað, fengust ekki um það nein svör, og var mönnum alveg óljóst, hvað ríkisstj. var að fara í þessu efni. En nú heyri ég, að viðhorfið er breytt, og ég vil rifja það hér upp til þess að vita, hvort ég hef misskilið nokkuð í því.

Ég heyrði ekki betur en hæstv. sjútvmrh. lýsti því yfir hér áðan, að ríkisstj. hefði gefið þá yfirlýsingu til útvegsmannasamtakanna, að stjórnin mundi beita sér fyrir því, að þetta gjald yrði fellt úr lögum, þegar búið væri að greiða hallann á útflutningssjóðnum. Þetta er út af fyrir sig merkileg upplýsing, og ég vil fá það leiðrétt, ef ég hef ekki skilið það rétt, að þannig sé það ákveðið, að þetta gjald verði numið úr lögum, eða stjórnin muni beita sér fyrir því, að það verði numið úr lögum, þegar búið er að greiða hallann af útflutningssjóðnum.

Um þennan halla á útflutningssjóðnum er það að segja, að því var haldið fram í fyrra, að það væri enginn halli á útflutningssjóðnum til. En það var náttúrlega rangt, eins og menn vita, og margupplýst hefur verið, að um talsvert verulegan halla er að ræða, sem verður greiddur af þessu útflutningsgjaldi. Á hinn bóginn er það algerlega rangt, sem maður hefur verið að sjá í stjórnarblöðunum síðustu dagana, að það hafi verið halli í þessum sjóði frá tímum vinstri stjórnarinnar, því að það liggur fyrir yfirlit um það frá fyrrv. ríkisstj. Alþfl., í grg. efnahagsmálafrv., sem hún lagði fram, að um áramótin 1958 og 1959 var ekki um neinn halla að ræða, þannig að sá halli, sem nú er verið að glíma við í þessum sjóði, er frá árinu 1959 skv. þeim yfirlýsingum, sem þá voru gefnar. Hér er annaðhvort um misskilning að ræða eða missögn.

Þá vil ég segja þetta um það, sem nú hefur gerzt: Þegar efnahagsmálalöggjöfin var sett, var dæmið sett upp þannig varðandi sjávarútveginn, að þaðan ætti að borga þessi 5% af öllum útfluttum sjávarafurðum í gamla hallann. Síðan var því lýst yfir, að enda þótt þetta væri gert, ættu þeir, sem kaupa fisk, að geta greitt það hátt verð fyrir fiskinn samt sem áður, að útgerðarmenn stæðu jafnvel að vígi og fyrir gengisbreytinguna. Þessu var marglýst yfir af stjórnarvöldunum og ýmsar tölur nefndar í því sambandi. Það væri alveg ljóst, að þeir, sem keyptu fiskinn, gætu gert þetta, gætu keypt hann við þessu verði, — því verði, sem þyrfti, til þess að útgerðin stæði jafnvel að vígi eftir sem áður, og 5% gjaldið væri alveg þar fyrir utan og gæti orðið greitt líka. Landssamband útgerðarmanna gerði útreikninga um þetta og setti fram óskir um verð, sem landssambandið taldi að útgerðarmenn þyrftu að fá til þess að standa jafnvel að vígi og áður. Ég veit ekki til, að þær niðurstöður Landssambandsins hafi verið rengdar, að þetta þyrftu útgerðarmenn í raun og veru að fá til þess að standa jafnvel að vígi og áður.

Síðan var farið að glíma við fiskverðið, og þeir, sem kaupa fiskinn, vildu ekki borga neitt nándar nærri það verð, sem útgerðarmennirnir töldu sig þurfa að fá til þess að standa jafnvel að vígi og áður. Þessi glíma hefur nú staðið allan tímann, síðan efnahagslöggjöfin var sett. Augljóst er, að þetta hefur orðið algerlega óleysanlegt mál milli þessara samtaka. Það er alveg augljóst af því, sem nú hefur gerzt, og jafnframt liggur það alveg fyrir, að það, sem þá skeður, er það, að ríkisstj. tekur þátt í þessum samningum — eða hvað á að kalla það — og kemur saman endunum með því að láta 60 millj. úr þessari „púlíu", sem átti að mynda af útflutningsgjaldinu, því að þegar efnahagslöggjöfin var sett, voru 5% talin nema 120 millj., og þetta er helmingurinn. Þá eru það 60 millj., sem þarna eru lagðar fram, til þess að endarnir nái saman. Það er ekki hægt að kalla þetta öðru nafni en uppbætur. Það er tekið af því fé, sem búið var að gera ráð fyrir að draga saman í annað. Og síðan á að taka með öðru móti fé í skarðið, því að það á bara að halda áfram þeim mun lengur að innheimta 2½% til þess

að fylla skarðið. Hér eru því lagðar fram verulegar fjárhæðir í nýjar uppbætur til þess að leysa þetta mál.

Niðurstaðan verður svo samt sem áður sú, að útgerðarmenn fá ekki það verð, sem Landssambandið taldi, að þeir þyrftu að fá til þess að búa við svipaðar ástæður og áður. Hæstv. ríkisstj. hefur þar af leiðandi ekki staðið við þá yfirlýsingu, sem hún gaf útgerðarmönnum um s. l. áramót, en hún var sú, að þeim væri óhætt að treysta því, að efnahagsmálaráðstafanirnar skyldu koma þannig út fyrir útgerðina, að hún stæði ekki verr að vígi en áður. En það er augljóst á því verði, sem nú hefur komið út úr dæminu til útgerðarinnar, að útgerðin stendur ekki eins vel að vígi og hún gerði áður að dómi þeirra manna, sem þessi mál hafa íhugað fyrir landssambandið. Á þessu sjáum við, hvílík fjarstæða það hefur verið, sem ríkisstj. bar fram í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina, þegar hún sagði, að útgerðin gæti fengið sitt upp í topp og samt borgað 5% upp í gamla hallann á útflutningssjóðnum, þannig lægi þetta dæmi fyrir.

Nú liggur það sem sagt fyrir, að það stendur ekki steinn yfir steini. Þetta hefur allt verið endaleysa eða þá einhver hefur orðið hér svo frekur langt umfram það, sem gert er ráð fyrir. Það er alveg augljóst, að það eru ekki útgerðarmennirnir, sem hafa fengið meira en gert var ráð fyrir, því að þeir hafa fengið minna en þeir sjálfir töldu eða þeirra samtök töldu að þeir ættu að fá. Hér stendur því ekki steinn yfir steini. Það er ekki nokkur dráttur óskemmdur í þeirri mynd af þessum málum, sem hæstv. ríkisstj. brá upp í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina, því að þá átti þetta að vera þannig sem sagt, að útgerðin átti að fá sitt að fullu og hægt væri að greiða þessi 5% í útflutningssjóðinn til að jafna hallann.

Ég skal ekki fara hér mjög út í önnur mál í þessu sambandi, en ég vil aðeins benda á, að þetta er ekki eini þátturinn í þessu nýja kerfi, sem sýnilega hefur ekki átt neina stoð í veruleikanum. Ég get ekki stillt mig um að minna í þessu sambandi á innflutningssöluskattinn. Því var lýst yfir, að þetta dæmi gengi allt upp, án þess að innflutningssöluskatturinn yrði nokkuð hækkaður. Og dýrtíðaraukningin, sem átti að verða í landinu af þessum ráðstöfunum, var reiknuð út og miðuð við það. En eftir nokkrar vikur kom frv., þar sem gert var ráð fyrir að leggja á nýjan innflutningsskatt, sem nemur 8.8% af nær öllum innflutningi til landsins, eða ca. 180 millj. á einu ári. Þar er annar þátturinn, sem gersamlega hefur reynzt út í bláinn.

Þriðja atriðið, sem mætti minna á í þessu sambandi, er svo, að því var lýst hér hátíðlega yfir, að það ætti ekki að hækka neitt útlán í Seðlabankanum í krónutali út á afurðir frá því, sem áður hefur verið. Þetta hefur víst verið framkvæmt að forminu til, en farið fram hjá þessu ákvæði með því að láta Seðlabankann lána útflutningssjóði stórfé til þess að greiða fyrir fram útflutningsuppbætur út á fisk frá fyrra ári. Þetta varð stjórnin náttúrlega að gera, því að hinar fyrirætlanirnar voru endaleysa. En til þess að reyna að bjarga andlitinu að einhverju leyti var farin þessi krókaleið til að gera viðskiptabönkunum kleift að lána meira en þeir höfðu gert frá sjálfum sér út á fiskinn, en fá féð samt út úr Seðlabankanum. Þetta er aðeins eitt dæmi til að sýna, hvernig þetta er að liðast í sundur og hversu fjarri raunveruleikanum allt það plan var, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir hér í vetur.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessar umræður eru nú álíka skringilegar og þau blaðaummæli, sem fram hafa farið út af þessum ráðstöfunum, því að það er verið bæði hér og í þeim blaðaummælum að reyna að fá út úr því, sem gert hefur verið, allt annað en það, sem raunverulega er.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ekki hefði nú verið nákvæmlega útreiknað hjá þeim, sem að efnahagsráðstöfununum stóðu, þessi 5%, og kæmi sér það nokkuð spánskt fyrir, að það hefði ekki verið hægt að ákveða það neitt nákvæmar. En ég veit ekki, hversu góður hv. þm. er að reikna. Sjálfsagt getur hann gert það vel eins og ýmislegt annað, sem honum er lagið, en bara einfalt þríliðudæmi — eða enn einfaldara en þríliða — sýnir það, að 5% í hálft ár er sama sem 2½% í eitt ár, og hvort tekið er 5% í 6 mánuði eða 2½% í 12 mánuði, þá verður heildarútkoman sú sama. Og það var heildarútkoman ein, sem um var rætt í upphafi, en ekki endilega svo mikið upp úr því lagt, hvort prósentutalan yrði þessi eða hin. Það var aðeins um það að ræða, að náð yrði þeirri upphæð, sem þurfti, til þess að halli útflutningssjóðsins yrði greiddur, og það hefði verið hægt að ná honum með 5% gjaldinu, og það er líka hægt að ná þessari sömu upphæð með 2½% gjaldinu. Allt tal þessa hv. þm. og hv. 1. þm. Austf., sem talaði hér áðan líka, um, að hér sé um auknar bætur að ræða, nýjar bætur, er alveg út í hött, því að það er ekki hægt að greiða neinar bætur, nema bæturnar séu greiddar af einhverjum, — og hver greiðir bæturnar í þessu tilfelli?

Hv. 1. þm. Austf. nefndi hér 60 millj. Blað hv. 3. þm. Reykv. hefur nefnt þessa tölu líka. En hver borgar þessar 60 millj., — hver borgar þær? Það er ekki hægt að greiða neinum bætur, nema þær séu frá einhverjum teknar. Það var í upphafi ákveðið, að halli útflutningssjóðsins yrði greiddur af útvegsmönnum sjálfum, og það er enn svo. Það hefur ekki verið létt neinni byrði af þeim, það er nákvæmlega sama upphæðin, sem verður tekin. Munurinn er einungis sá, að hann er tekinn á helmingi lengri tíma en í upphafi var hugsað að gera, og það getur ekki skorið úr neinu og ekki kallazt, að kerfið sé hrunið, eins og hv. 1. þm. Austf. orðaði það, hvort þessi halli útflutningssjóðs sé greiddur á 6 mánuðum eða 12.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það mundi verða eftir því leitað, hvort tilsvarandi tilslakanir væri hægt að fá fyrir verkamenn. Ég held, að það sé óhætt að segja það, að til verkamanna og alls almennings í landinu hafi ekki verið leitað um bætur í þessu skyni. Bæturnar eru greiddar af útvegsmönnum og þeim ætlað að standa undir þeim, þangað til þessu sérstaka verkefni er lokið.

Hv. 1. þm. Austf. vildi fá menn til þess að trúa því, að halli útflutningssjóðs stafaði frá árinu 1959 og að þeir, sem fyrr hefðu farið með stjórn þessara mála, væru saklausir af því að eiga nokkurn þátt í þessum halla. Ég hef ekki annan betri mann til frásagnar um þessa hluti en formann stjórnar útflutningssjóðs. Hann lýsti því yfir við mig í fyrrahaust og marggerði það, að staða útflutningssjóðs hefði aldrei frá upphafi verið betri en hún var þá. Það þýðir, að sá halli, sem hafði myndazt á útflutningssjóði, hafði að einhverju leyti verið greiddur á árinu. Um þetta fékk ég aldrei endanlegar tölur, og þær tölur, sem um þetta hafa verið gefnar, hafa nú reynzt að vísu ekki allar alveg 100% ábyggilegar. En þessi yfirlýsing formanns útflutningssjóðsstjórnarinnar blífur, því að í aðalatriðum hlýtur hún að vera rétt. Hann hefur getað sagt þetta með þessu orðalagi a. m. k., og það þýðir þá, að einhver hluti halla útflutningssjóðsins, sem hafði safnazt áður, hafi verið greiddur á árinu 1959, en nýr hali ekki myndazt. Það eru því áreiðanlega fyrri syndir, sem hér er verið að greiða fyrir, en ekki syndir frá s. l. ári.

Hv. 1. þm. Austf. minntist á, að fleira hefði farið aflaga í þessu efnahagskerfi, sem nýlega hefði verið komið á hér, heldur en þetta. En allt er þetta eiginlega, bæði það, sem hann nefndi, og það, sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi, tilburðir til þess að reyna að færa hlutina til annars og lakara vegar en raun ber vitni. Raunveruleikinn er ekki eins og þeir vilja lýsa.

Hv. 1. þm. Austf. minntist á söluskattinn t. d. og taldi, að með honum væru miklar nýjar byrðar lagðar á landsfólkið. En hann gat ekki um það, að annar skattur hefur verið afnuminn í þessu sambandi og að lækkanir á sköttum eru sízt minni en hækkunin, sem orðið hefur á söluskattinum frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir. Hann sagði líka, og hann hefur raunar gert það fyrr hér í hv. deild, að það væri farið í kringum hlutina af Seðlabankanum með því að taka að sér greiðslur fyrir útflutningssjóð. En því var yfirlýst frá byrjun, að þess mundi verða farið á leit við Seðlabankann, að hann tæki að sér að greiða skuldbindingar útflutningssjóðs þegar í stað, og þessar greiðslur Seðlabankans hafa orðið honum mjög léttbærar, þannig að kontó útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum hefur ekki nema að mjög litlu leyti verið notuð, og tekjur útflutningssjóðsins af þessum tveim tekjuliðum, sem ætlaðir voru til þess að jafna halla sjóðsins, hafa orðið svo miklar, að það hefur ekki nema tiltölulega að mjög litlu leyti þurft að leita til Seðlabankans um lán til þess að standa undir þeim kröfum, sem gjaldfallnar voru hjá sjóðnum.

Allt er þess vegna kerfið að liðast í sundur, sagði hv. 1. þm. Austf. Sjálfsagt hefur hann þá haft það í huga, að útkoman hjá þessari ríkisstj. væri miklu verri en í hans stjórn árið 1950, þegar lofað var 93 aura verði fyrir fiskinn, en fékkst ekki nema 75. Kannske er hann að draga einhverja samlíkingu hér á milli þess, sem gerðist þá, og þess, sem er að gerast nú. En það, sem gerist nú, er það, að ríkisstj. hefur ekki lofað öðru en því að reyna að stefna að því, að útvegsmenn fengju það verð fyrir fiskinn, að afkoma þeirra yrði ekki lakari en hún var árið sem leið. Það er sú yfirlýsing, sem ríkisstj. hefur gefið, og enda þótt landssambandið hafi ef til vill nefnt einhverjar tölur, sem eru hærri en þær endanlegu tölur, sem samið hefur verið um, þá þarf það ekki endilega að sanna, að afkoma útvegsins með þeim tölum, sem nú eru orðnar að samkomulagi, sé lakari en hún var á árinu sem leið.

Ég tel nú ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta atriði. Málið er komið hér út á víðari vettvang en ég ætlaði í upphafi. Ég ætlaði aðeins að gera grein fyrir því, sem ríkisstj. hefur gert í þessu máli og lofað að gera, en tel ekki að það sé nein bót í því eða neitt við það unnið að fara út í almennar umr. um það hér, hvernig þetta efnahagskerfi hefur reynzt. Sjálfsagt verður tækifæri til þess að gera það, þegar brtt. verður flutt við frv., eins og mér skilst á hv. 3. þm. Reykv. að hann hafi fullan hug á að gera.

Forseti (JóhH): Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því, að til þessara umræðna utan dagskrár var stofnað með fsp. í gær frá hv. 1. þm. Norðurl. v., og það verður að ætla af því, sem fram er komið, að þessari fsp. sé svarað og sé nú ekki vettvangur hér til almennra umr. um efnahagsmálin. Ég vil biðja hv. þm. að taka tillit til þessa.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður og ekki draga ný atriði inn í þetta. Ég minntist á það hér áðan, að það væri rangt, að halli á útflutningssjóði hefði verið dreginn á eftir síðan 1958. Ég vil því til stuðnings lesa hér örfáar línur úr grg. fyrir efnahagsmálafrv. fyrrv. ríkisstj. hv. núverandi sjútvmrh., þegar sú stjórn lagði slíkt frv. fyrir s. l. vetur. Þar stendur: „Fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hefur reynzt tiltölulega góð á árinu 1958. Er þetta að sjálfsögðu afleiðing þeirrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda, er framkvæmd var á því ári. Samkv. bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytzt úr 33 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958. Þess ber þó að gæta, að afkoman er betri en ella mundi vegna þess, að sjóðurinn hefur fengið tekjur af hinum nýju gjöldum síðan í júní 1958, en hafði um áramót enn greitt tiltölulega lítið af bótum samkvæmt hinu nýja kerfi. Þrátt fyrir þetta eru líkur fyrir því, að sjóðurinn hefði

getað verið hallalaus á árinu 1959," — meira að segja á árinu 1959, — „ef engin ný hækkun bóta eða niðurgreiðslna hefði komið til." Þetta sýnir, að það er þýðingarlaust að vera að halda því nú fram, að þessi halli, sem nú er á útflutningssjóði, sé einhver gömul synd frá fyrri tímum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri rangt að minnast á innflutningssöluskattinn, að hann sýndi, að stjórninni hefði í nokkru skeikað, því að það hefðu ýmsir skattar verið lækkaðir. Ég skal ekki fara langt út í þetta, því að það væri of langt mál að ræða það í botn nú, en ég vil enn þá einu sinni minna á það, sem hæstv. ráðh. veit, að því var lýst hátíðlega yfir af hæstv. ríkisstj., að hækkun á innflutningssöluskattinum kæmi ekki til mála, það yrði aðeins söluskattur innanlands, og í því sambandi voru nefnd 3%, og dýrtíðaraukning sú, sem almenningur átti von á, var miðuð við þetta. En þegar til kom, var lagður á nýr innflutningssöluskattur upp á 8.8%, sem samsvarar 180 millj. kr. á ári, sem kom alveg óvænt inn í dæmið. Skattar hafa verið hækkaðir gífurlega og aðrir skattar lækkaðir nokkuð, og heildarniðurstaðan af því er sú, að álögur til ríkissjóðs hafa verið auknar um 370 millj. kr. á þessu ári a. m. k., og verður þó miklu meira, þannig að ekki batnar dæmið, ef farið er að skoða það í heild. En ég var að benda á, að hverju leyti það hefði farið út um þúfur, sem hæstv. ríkisstj. hafði lýst yfir, og þar er innflutningssöluskatturinn einn stærsti liðurinn, eins og dýrtíðaraukningin mun eiga eftir að sýna.

Þá er það um, að Seðlabankanum hafi verið ætlað að hlaupa undir bagga með viðskiptabönkunum með því að greiða fyrir fram uppbætur á afurðir fyrra árs, þá lýsi ég því hér með yfir, að ég hafði ekki heyrt yfirlýsingu gefna í sambandi við meðferð efnahagsmálalöggjafarinnar um, að það væri meiningin að greiða slíkt fyrir fram, að Seðlabankinn ætti að borga út þessar uppbætur fyrir fram. Mér kemur það því þannig fyrir sjónir, að hér sé um atriði að ræða, sem gripið var til á eftir vegna þeirra vandræða, sem stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj. hafði leitt hana í, sem sé sú, að ekki yrðu fleiri krónur lánaðar úr Seðlabankanum en áður vegna afurðanna, enda gefur auga leið, að hæstv. ríkisstj. getur auðvitað aldrei staðið við það, að svo verði..

Þá er það um þann lið, sem hér var ræddur varðandi útkomuna úr sjávarútvegsdæminu og hvort hér hafi allt orðið eins og til var ætlazt. Vil ég lesa eina setningu, með leyfi hæstv. forseta, úr grg. fyrir efnahagsmálafrv., nú í vetur. Það er stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj. um þetta mál, og hún er svo hljóðandi:

„Hér að framan var það tekið fram, að hið nýja gengi væri við það miðað, að hagur báta á þorskveiðum væri sá sami og hann er samkvæmt núgildandi bótum. Ríkisstj. telur eigi að síður, að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið, svo framarlega sem aflabrögð verða sæmileg."

En hvað liggur nú fyrir? Hvaða mynd liggur nú fyrir í dag? Hæstv. ráðh. segja: Það hefur bara ekkert breytzt. Þetta gengur allt eftir áætlun. — En það liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur rétt til baka helminginn af útflutningsgjaldinu og það rennur til þeirra, sem kaupa fiskinn, — ekki til útgerðarmannanna, heldur til þeirra, sem kaupa fiskinn. Þetta samsvarar 60 millj. á ári eftir hennar eigin reikningi. Þetta hefur verið rétt að þeim, sem kaupa fiskinn, umfram það, sem ríkisstj. hafði hugsað sér. Samt sem áður fá útgerðarmenn ekki það verð fyrir fiskinn, sem Landssambandið telur að þeir þurfi að fá, til þess að þeir standi jafnt að vígi og áður. Svo er það alveg sér kapituli í þessu, að allir þeir, sem veiða á sumrum og veiða smáfisk, ýsu og steinbít og annan slíkan fisk, þeir verða að búa við miklu óhagstæðara verð en áður.

Þetta eru efndirnar á þessari stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Ég held því fram, að það standi ekki steinn yfir steini í þessari yfirlýsingu miðað við það, sem nú er fram komið. Og það er alveg sama, hvernig hæstv. sjútvmrh. leikur sér með tölur í þessu sambandi og setur upp dæmi. Það er hverjum manni ljóst, að þegar búið var að ákveða að borga 5% í sjóð og átti að nota það í ákveðnu skyni, og síðan er hætt við þetta og helmingur af fénu afhentur til baka, þá er raunverulega verið að greiða uppbætur inn í þessi viðskipti frá því, sem gert var ráð fyrir í öndverðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að verða mjög stuttorður.

Hæstv. sjútvmrh. stendur fast á því, að hann hafi ekki borðað kjöt á föstunni, þetta sé bara klauflax, og við skulum rétt athuga þetta ofur lítið betur, sérstaklega útreikninginn, sem hann var að fara út í. Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. hefur fundið ástæðu til þess að fara að tala sérstaklega við útvegsmenn og hraðfrystihús í sambandi við þetta? Það er vegna þess, segir hann, að það hafa komið fram þarna sérstakar óskir, það hafa komið fram kröfur, sérstaklega frá útvegsmönnunum, um hærra verð. Það er alveg nákvæmlega sama fyrirbrigðið og eftir gengislækkunina 1950, þegar þeim var lofað 93 aurum upp úr 75 og fengu það ekki. Þá sögðum við það, þegar við meðhöndluðum þetta mál hér við 2. umr. gengislækkunarlaganna þá, að þetta yrði ekki efnt og hraðfrystihúsafulltrúarnir hefðu lýst því yfir í viðtali við fjhn., að þeir gætu ekki borgað þetta. Þetta sama sagði ég aftur í sambandi við meðferð þessa máls, við 2. umr. þess í þessari deild. Þá hafði ég fengið upp úr sérfræðingi ríkisstj., Davíð Ólafssyni, að 2.71 ættu þeir raunverulega að geta greitt og það væri það, sem ætlazt væri til, og ég spurði að þessu, ég auglýsti eftir

þessu. En ríkisstj. hafði vaðið fyrir neðan sig og þorði ekkert að segja, hvað raunverulega ætti að reikna þarna út.

Það er gefið, hvað um er að ræða. Gengislækkanirnar hafa alltaf orðið útvegsmönnunum, fiskimönnum sjálfum, til tjóns, og svo koma kröfurnar frá þeim á eftir um hækkanirnar. Nú segir hæstv. sjútvmrh., að þetta sé svo afskaplega einfalt, maður þurfi ekki að vera mikill stærðfræðingur, — og ég skal viðurkenna, að ég er ekki mikill stærðfræðingur, — til þess að geta skilið, hvað þetta er auðvelt. En mér finnst nú, að ef útvegsmennirnir fá að greiða á tveimur árum það, sem þeir annars hefðu átt að greiða á einu, þá séu það eitthvað svipaðar uppbætur, skulum við segja, eða byrðaléttir, eins og hæstv. sjútvmrh. orðar það, eins og t. d. ef verkamaður, sem hefur lagt í að kaupa sér íbúð, í staðinn fyrir að eiga að borga hana á t. d. 20 árum, þá fái hann að borga hana á 40 árum. Heildarupphæðin er nákvæmlega sú sama, hvort sem menn borga t. d. aðeins 2½% af andvirðinu eða menn borga 5% af andvirðinu, en í öðru tilfellinu er það borgað upp helmingi fljótar en í hinu. Svo framarlega sem ríkisstj. munar ekki nokkurn skapaðan hlut um að létta byrðar manna á þennan máta, eins og gert hefur verið og hæstv. sjútvmrh. telur sjálfsagt gagnvart útvegsmönnunum, því þá ekki að lofa öðrum þeim, sem eiga að borga heildarupphæðir í landinu, t. d. þeim, sem eiga að borga heildarupphæðir eins og andvirði íbúða, báta, nýrra togara núna, — þeir fara kannske upp í 35 millj. eftir síðustu ráðstafanir ríkisstj., — að borga þetta bara á helmingi lengri tíma? Það eru víst ekki neinar uppbætur og ekki neitt, sem er í því falið fyrir menn. Ég vildi þess vegna aðeins skjóta þessu að hæstv. ráðh., hvort við mættum kannske eiga von á því næst gagnvart útgerðinni, án þess að það kosti nokkurn nokkuð, að stofnlánin yrðu t. d. tvöfölduð, að heildarupphæðir eins og t. d. 35 millj. fengi maður að borga á 40 árum í staðinn fyrir 20 eða jafnvel á 20 í staðinn fyrir 10 eða eitthvað þess háttar, og allt saman þetta væri bara ósköp einfalt stærðfræðidæmi, sem hver maður ætti að geta reiknað, og í því væru engar uppbætur. Nei, hæstv. sjútvmrh. kemst ekki fram hjá því, að það að losa menn við byrði eða að létta eina byrði er nákvæmlega sams konar aðferð og bæta upp, bara framkvæmd ofur lítið öðruvísi. Ef t. d. yrði létt svona og svona miklu af söluskattinum hér í landinu núna og vöruverðið fengi að lækka eitthvað þess vegna, fyndist verkamönnum það svipað og kauphækkun, ef það væri létt af þeim slíkri byrði, þannig að ef hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fara út á þessa leið að fara að létta byrði manna á þennan máta, þá gæti ég trúað, að við gætum afskaplega auðveldlega leyst allar þær vinnudeilur, sem í uppsiglingu mundu vera á Íslandi.

Svo vildi ég aðeins minna hæstv. ráðh. á, að þetta gerir ríkisstj. núna á þriðja mánuði, eftir að hún hefur sett efnahagslöggjöfina. Hún hefur sjálf tekið fram, að þetta mundi standa, svo framarlega sem afli væri sæmilegur. Nú höfum við haft einhvern bezta afla, sem komið hefur um langt skeið. Samt álítur ríkisstj. nauðsynlegt að fara út í uppbætur. Sumir bátar hafa nú aflað — ég held tvöfalt á við það, sem þeir hafa aflað áður, a. m. k. í ýmsum verstöðvum, þó að það eigi ekki við alls staðar. Þegar ríkisstj. álítur nú nauðsyn að gera breytingu á sínu efnahagskerfi, þegar aflinn er upp á hið bezta, hvað mun þá verða, ef hann verður lakari? Hvers konar byrðalétti eigum við þá von á gagnvart útvegsmönnum og hraðfrystihúsum?

Svo sagði hæstv. sjútvmrh. að lokum, að það hafi ekki verið leitað til verkamanna um bætur. Ojæja. Hverjir eru það þá, sem borga þetta? Er það ekki einn aðili fyrst og fremst, sem leitað hefur verið til um bætur fyrir þetta allt saman, þeir sem verða að borga alla dýrtíðarhækkun ríkisstj. án þess að fá nokkra uppbót fyrir það? Þar er ekki verið að létta byrðarnar. Þar er verið að hækka verðið dag frá degi og án þess að mönnum sé gefinn nokkur möguleiki á því að fá nokkra dýrtíðaruppbót, án þess að mönnum sé gefinn nokkur möguleiki á því að fá að borga á lengri tíma lánin sín en áður var eða það, sem þeim bar að borga, heldur íþyngt á allan hátt. Ég er hræddur um, að verkamönnum hafi þótt og launþegum öllum nokkuð skarplega til þeirra leitað af hálfu hæstv. ríkisstj. Þess vegna held ég, að það væri nú betra fyrir hana að viðurkenna strax, að kerfi hennar væri að brotna, heldur en reyna að berja höfðinu við steininn og þora ekki að kalla þær uppbætur, sem nú er byrjað að veita, því eðlilega og rétta nafni, sem þær koma til með að bera í framtíðinni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en finnst ég bara ekki geta látið því ómótmælt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að hans stjórn, sem sat hér að völdum 1956—58, ætti engan hlut að halla útflutningssjóðs. Hann vildi rökstyðja sitt mál með því, að sjóðseign útflutningssjóðs hefði í árslok 1958 verið meiri en í ársbyrjun. Þá hefði verið halli, sem nam — ég held, að hann hafi sagt 30 millj. kr., en inneign í árslokin upp á fimm eða eitthvað þess háttar. Ég skal nú ekki ábyrgjast, að ég hafi farið alveg rétt með þessar tölur, en þær eru a. m. k. ekki langt frá því, sem hann nefndi. En þarna er hann bara að tala um allt annan hlut. Hann er að tala um það, sem ógreitt er af gjaldföllnum kröfum, en langsamlega mesti hlutinn af þeim kröfum, sem verða til á árinu, — ja, ég vil ekki segja langsamlega mestur, en verulegur hluti af þeim kröfum, sem verða til á árinu, er ekki gjaldfallinn um áramót. Og ég held, að ég muni það nokkurn veginn rétt, að kröfur útvegsmanna vegna framleiðslu ársins 1958, sem greiddar voru á árinu 1959, námu

nokkuð á 4. hundrað millj. kr., og það er sitt hvað að tala um það, sem ekki er hægt að greiða af gjaldföllnum kröfum, heldur en ef sjóðurinn væri gerður upp, eins og gert hefur verið nú. Þessu tvennu má ekki rugla saman, og það þýðir ekki fyrir hv. þm. að reyna að sverja sig undan því, að hann og hans stjórn eigi mjög verulegan þátt í þeim halla eða hala, sem nú er verið að greiða vegna útflutningssjóðsins. Hann vildi líka láta liggja að því, þessi hv. þm., að þessar bætur, sem hann svo kallaði og eru nú engar bætur, eins og ég er margbúinn að segja hér, lækkun útflutningsskattsins, kæmu útflytjendunum einum til góða, en ekki sjómönnunum. Þetta er vitanlega fráleitt, því að eftir því sem útvegsmenn og vinnslustöðvarnar fá betri aðstöðu, eftir því geta þær náttúrlega greitt hærra kaup til sjómannanna. En bætur hafa ekki neinar verið greiddar á þessu tímabili, eins og hefur verið margsagt hér, vegna þess að það er ekki hægt að sýna fram á, að neinn aðili hafi greitt þessar bætur. Það er einungis tilfærsla um nokkra mánuði eða gjaldfrestur á skatti um nokkra mánuði.

Hv. 3. þm. Reykv. var við sama heygarðshornið og hélt sig við, að hér væri um greinilegar bætur að ræða, og spurði: Hvað ætlar ríkisstj. að gera, ef eitthvað harðnar í ári, úr því að svona fer í góðu aflaári? Ég vil bara svara honum því, sem ég er áður búinn að svara, að hér er ekki um neinar bætur að ræða, og ef um lélegt ár eða erfiðleika verður að ræða, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar, þegar þar að kemur. En það liggur ekkert fyrir um það nú.

Út af því, að ástæða hefði kannske verið til að hafa þennan skatt eitthvað lægri, skal ég aðeins segja það, að það, sem hefur líka ýtt undir að lækka prósentuhlutann nú og dreifa skattinum yfir lengri tíma, er það, að sumar af útflutningsvörum sjávarútvegsins hafa lækkað í verði og skapa erfiðleika, sem ekki lágu fyrir og ekki var vitað um, þegar þessar tölur voru ákveðnar við samningu efnahagslaganna. Ég skal ekki fara að telja upp fyrir honum, hverjar þær eru, hann veit það sjálfsagt eins vel og ég. Það eru vörutegundir, sem talsvert mikið munar um fyrir útflytjendurna, og það var líka ástæða fyrir því, að orðið var við óskum þeirra um að dreifa skattinum yfir lengri tíma.

Á 93. fundi í Nd., 2. júní, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í fjárlögum fyrir árið 1959 er heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til að taka erlent lán allt að 6 millj. dollara, og af þeirri fjárhæð skulu þar taldar fjárhæðir endurlánaðar svo sem þar segir. Síðan er nánar skilgreint í fjárl. fyrir 1959, og þar eru ákvarðanir um að verja 98 millj. kr. af þessu láni. Nú var upplýst hér á dögunum, þegar svarað var fsp., að óráðstafað muni vera um 115 millj. af þessu lánsfé. Vil ég því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. stjórn, af því að nú líður mjög að þinglokum, hvort hún ætlar ekki að leggja fyrir hv. Alþ. till. um, hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Ég sé ekki betur en verði þetta ekki gert, skorti alveg heimild til þess að ákvarða, í hvað þetta fé skuli fara. En á hinn bóginn er nauðsynlegt að komast að niðurstöðu um það. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé von á till. frá henni um það efni.

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég gerði fsp. hér í upphafi fundarins til hæstv. ríkisstj., sem var ekki svarað. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið vegna þess, að sá ráðh., sem sérstaklega fjallar um lántökur, var ekki viðstaddur. Ég vildi því endurtaka þessa fsp., af því að ég sé, að hæstv. fjmrh. er nú viðstaddur.

Það er í fjárl. fyrir 1959 heimilað að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Síðan segir í fjárlagagr., með leyfi hæstv. forseta: „Af þeirri fjárhæð skulu eftirtaldar upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir“ — og eru þar taldar upp fjárhæðirnar, og samtals nema þær fjárhæðir 98 millj. kr.

Nú hefur verið upplýst samkvæmt því, sem spurt hefur verið um, að óráðstafað muni vera af þessu láni um 115 millj. kr. Ég hef alltaf verið að búast við því hvern dag, að það kæmu fram till. frá hæstv. ríkisstj. um, hvernig þessum 115 millj. skuli varið, því að það gefur auga leið, að það er ætlazt til þess, að það verði hv. Alþingi, sem skiptir þeirri fjárhæð eins og hinu, sem áður hefur verið ákvarðað um í fjárl. En það hefur ekki orðið. Þar sem nú er mjög liðið að þingslitum, vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki væri von á því, að hæstv. ríkisstj. legði fram till. sínar um, hvernig þessu fé skuli ráðstafað.

Ég vil benda á, að ef þetta verður ekki gert núna, þá sýnist mér, að það muni ekki vera hægt að ráðstafa þessu fyrr en á næsta þingi, en hér er um verulega fjárhæð að ræða og mörg aðkallandi verkefni, sem þyrfti að fá af þessu fé til nú á þessu sumri.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér var ókunnugt fyrir fundinn um þá fsp., sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) ætlaði að bera hér fram. Við munum að sjálfsögðu í ríkisstj. taka það til athugunar, og þegar stjórnin hefur tekið þetta mál, sem hann spyr um, til athugunar og umr. í stjórninni, verður hv. þm. látinn vita um það.

III. Landhelgismál.

Á 42. fundi í Sþ., 25. apríl, utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt, hef ég dvalið erlendis í nokkra daga. Eftir að ég kom heim, hef ég lesið íslenzku blöðin að miklu leyti og séð, að þar er mjög villandi sagt frá utanför minni og hvað ég hafi aðhafzt erlendis. Ég tel þess vegna rétt, enda þótt ég áliti allar deilur um landhelgismál á þessu stigi óheppilegar, að skýra hæstv. Alþ. frá, hver mín afskipti hafa verið af málinu, og er mér alveg vandalaust að segja þar sannleikann og sannleikann allan og ekkert nema sannleikann.

Efni málsins er þetta: 1) Í utanför minni átti ég aldrei tal við einn einasta erlendan stjórnmálamann, hvorki um landhelgismálið né neitt annað, — ég átti aldrei tal við einn einasta erlendan stjórnmálamann, hvorki um landhelgismálið né neitt annað. 2) Ráðherrarnir Bjarni Benediktsson og Guðmundur Í. Guðmundsson áttu oft tal við mig í síma um málið frá Genf og sögðu mér, hvernig sakir stæðu á hverjum tíma. Viðhorfin voru ákaflega breytileg frá degi til dags. 3) Er heimferð mín var ráðin, komu íslenzku ráðh. daginn áður til London til viðræðna við mig, svo að við gætum borið saman bækurnar, þar eð sýnilegt var, að senn mundi draga til úrslita á ráðstefnunni. 4) Við vorum allir alltaf sammála um öll meginatriði málsins. 5) Við töldum sjálfsagt að gera okkar ýtrasta til þess að tryggja, að við fengjum 12 mílna fiskveiðilandhelgina okkar viðurkennda. 6) Tækist það ekki, töldum við sjálfsagt að vinna að því, að ráðstefnan færi algerlega út um þúfur.

Þannig stóðu málin, þegar við skildum í London s. l. fimmtudagskvöld. Á föstudagsmorgun eða föstudaginn fyrir hádegi töluðu ráðh. þrisvar sinnum við mig frá Genf. Þó var það ekki fyrr en eftir brottför mína frá London á föstudag, að þeir tóku ákvörðun um að flytja þá brtt., sem nú er kunn orðin og lýtur að því, að sérstaða Íslands um 12 mílna fiskveiðilandhelgina verði viðurkennd. Um þá till. vil ég leyfa mér að taka þetta fram: 1) Það var auðvitað alveg sjálfsagt að reyna að tryggja henni sigur, því að vitaskuld kemur ekki til greina, að Íslendingar hafni möguleikum á slíkri viðurkenningu á rétti sínum eingöngu af því, að einhverjir aðrir fái ekki 12 mílna landhelgi viðurkennda. 2) Þessi till. er ekki borin fram sem liður í samningum við einn eða neinn. 3) Ég tel því miður yfirgnæfandi líkur til, að þessi till. verði felld, og ég tel, að vel geti farið svo, að hún fái aðeins fá atkvæði. En við höfum þó þrátt fyrir það gert skyldu okkar með því að bera hana fram. 4) Ég vil geta þess, að það er langt frá því, að ég sé öruggur um, að hin sameiginlega till. Bandaríkjanna og Kanada verði felld. Ég er einmitt þvert á móti kvíðinn fyrir því, að hún verði samþ., og það er langversta útkoma á ráðstefnunni fyrir okkur. Ég byggi þetta, sem ég segi, á því, að það er alveg sýnilegt, að bæði Bandaríkin og Kanada og kannske fleiri leggja höfuðáherzlu á að vinna menn til fylgis við þessa till., og því miður eru ekki allir eins fastir fyrir og við Íslendingar í þessu efni, sem förum okkar fram, hvað sem hver segir, og miðum afstöðu okkar við það eitt, sem við teljum Íslandi fyrir beztu.

Ég vil taka fram, að þetta mál er samkv. verkaskiptingu stjórnarinnar fyrst og fremst í höndum ráðherranna Bjarna Benediktssonar, sem fer með málefni varðandi verndun fiskimiða landgrunnsins, og Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem kemur sem utanrrh. fram gagnvart öðrum þjóðum í slíkum málum. Við þetta vil ég svo bæta því einu, að bæði hef ég verið þeim báðum sammála ævinlega í þessu máli, á meðan á ráðstefnunni stóð, og auk þess njóta þeir báðir fulls stuðnings og trausts allrar ríkisstj. í málinu. Þeir eru þessum hnútum kunnugastir, og það eru menn-irnir á staðnum, þ. e. a. s. í Genf, sem verða að taka ákvarðanirnar, eftir því sem viðhorfin segja til um á hverjum tíma, þar sem viðhorfin breytast, ekki einasta frá degi til dags, í þessu máli á ráðstefnunni, heldur jafnvel frá klukkutíma til klukkutíma.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um þetta. Mér þótti rétt, að hæstv. Alþ. vissi, hvað forsrh. Íslands hefur verið að hafast að og hvort hann hefur verið að fara eitthvað á bak við Alþingi í málinu. Mér þótti skylda mín að skýra þinginu frá þessu, en vil engan þátt eiga í, að við hefjum neinar deilur um málið. Atkvgr. fer fram á morgun og ráðstefnunni lýkur, eftir því sem ég bezt veit, á miðvikudaginn. Ég talaði nú, rétt áður en ég kom á fundinn, við hæstv. dómsmrh. Bjarna Benediktsson, og hann sagði mér, að það væri ómögulegt fyrir neinn að segja örugglega, hvað mundi ske, það gæti oltið á einu atkv. Og ég vil, að menn viti það, að verði okkar brtt. felld, sem ég tel alveg víst eða yfirgnæfandi líkur til, þá greiðum við auðvitað atkv. á móti Kanada- og Bandaríkjatillögunni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til þess að biðja einmitt um upplýsingar um þetta mál, sem hæstv. forsrh. hefur nú gert að umtalsefni, og þykir mér vænt um, að hann skuli þess vegna hafa lagt hér málið fyrir. Sú fsp., sem ég vildi fyrst og fremst beina til ríkisstj. í þessu sambandi, er sú: Hvað gerir hæstv. ríkisstj. eða lætur sína fulltrúa í Genf gera, svo framarlega sem íslenzka tillagan yrði samþykkt?

Ég skal fyllilega taka trúanlegt frá hálfu hæstv. forsrh. það, sem hann segir því viðvíkjandi, að hann hafi ekki verið að semja við erlenda stjórnmálamenn. En hitt er alveg gefið, að þeir ráðh., sem eru í Genf, hafa vafalaust

ekki komizt hjá því að tala við allmarga erlenda stjórnmálamenn undanfarna daga og undanfarnar vikur. Það er vitanlegt, að Bandaríkjastjórn hefur unnið að því af miklu kappi að reyna að ná út úr röð þeirra ríkja, sem staðið hafa saman um 12 mílurnar, ríkjum, sem hún hefur haldið að væru að einhverju leyti eitthvað veik fyrir. Það hefur jafnvel gengið orðrómur um það, eftir því sem ég hef heyrt frá Genf, að sjálfur Eisenhower forseti hafi verið að skrifa ríkisstj. hinna og þessara landa til þess að reyna að hafa áhrif í þessum málum á ýmis ríki, þannig að þau taki afstöðu með till. Bandaríkjanna og Kanada.

Við Íslendingar höfum í landhelgismálinu ekki aðeins verið að berjast fyrir okkar hagsmunum, þótt þeir séu höfuðatriði fyrir okkur. Við Íslendingar höfum í sambandi við landhelgismálið verið að berjast fyrir ákveðnu prinsipi, fyrir því prinsipi að fá 12 mílna fiskveiðilandhelgi viðurkennda, og við höfum verið, þegar unninn væri sigur í því máli, sem við höfum álitið að við hefðum raunverulega í hendi okkar nú, að reyna að fá einhver friðindi utan við þá 12 mílna fiskveiðilandhelgi fyrir þær þjóðir eins og okkur, sem eiga sitt að öllu leyti að heita má undir fiskveiðunum. Allt, sem heitir þess vegna tilslökun fyrir okkur, að ganga inn á eitthvað minna en 12 mílna landhelgina eða samþykkja það undir nokkrum kringumstæðum, það er að slá úr hendi okkar sigri, sem við erum raunverulega búnir að vinna. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að eins og ástandið er nú í þessum fiskveiðilandhelgismálum, þá mundu Bretar ekki treysta sér til þess að leggja aftur í það að senda her á móti okkur, eins og þeir hafa gert undanfarið. Þess vegna er öll tilslökun frá okkar hálfu í þessu máli hrein vitleysa frá okkar eiginhagsmunasjónarmiði. Þess vegna álít ég í fyrsta lagi rangt að hafa borið fram þessa brtt., en að öðru leyti væri það rangt af okkur að greiða atkv. með till. Kanada og Bandaríkjanna, þó að okkar brtt. yrði samþ., þannig að ganga þar með raunverulega inn á það prinsip, sem þeir eru að leggja og er þveröfugt við allt það, sem við höfum verið að berjast fyrir. Ég álít þess vegna, að það hafi verið mikil skyssa, svo að ekki sé verra sagt, af hálfu þeirra ráðh., sem nú eru í Genf, að bera fram þessa brtt. Og mér skildist á hæstv. forsrh., að svo framarlega sem hún mundi verða samþ., sem hann gerði sér litlar vonir um, mundi að öllum líkindum verða litið þannig á, að við mundum á eftir greiða atkv. með till. Bandaríkjanna og Kanada. En það er aftur það, sem ég spyr um, hvort það væri ekki hugsanlegt þó, að ríkisstj. tæki þá ákvörðun, jafnvel þótt okkar brtt. væri samþ., að greiða atkv. á móti till. Bandaríkjanna og Kanada.

Sú skyssa, sem gerð er með því að flytja þessa till., liggur í því, að við Íslendingar höfum ekki aðeins verið að berjast fyrir okkar eigin hagsmunum í þessum málum, við höfum verið að berjast fyrir alþjóðlegu prinsipi, fyrir alþjóðlegri höfuðreglu, 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og verið að reyna að koma okkar eigin hagsmunum að utan þeirrar 12 mílna landhelgi, hvað snertir landgrunnið þar fyrir utan. Við höfum í þessu máli, baráttunni við Bretann út af þessu, vakið á okkur heimsathygli og það á mjög gæfuríkan hátt fyrir Ísland. Það hefur verið ritað um Ísland í flestum blöðum heims á undanförnum árum út af þeirri djörfung, sem þetta litla ríki hafi sýnt í því að berjast fyrir þessu prinsipi, sem það byggir sínar framtíðarvonir á hvað snertir sína efnahagslegu afkomu. Og það hefur jafnvel gengið svo langt, að við skulum segja t. d. í griskum blöðum hefur okkar baráttu verið stillt upp svipað og baráttu Davíðs og Golíats fyrr á öldum, að því er sagt er.

Það er engum efa bundið, að Ísland hefur áunnið sér heiður og virðingu hjá öðrum þjóðum einmitt fyrir þessa baráttu, ekki aðeins vegna þess, að við þyrðum að berjast vel fyrir okkar eigin hagsmunum, heldur líka vegna þess, að við berðumst vel fyrir hagsmunum fjölmargra annarra þjóða og fiskimannastétt annarra þjóða, eins og við höfum greinilega fengið að heyra, bæði frá fiskimönnum í Færeyjum, Skotlandi, Írlandi og víðar. Fátækir fiskimenn hér allt í kringum okkur hafa samúð með þessari baráttu okkar, og þeir hafa litið á okkur sem foringja í þessari baráttu, sem brautryðjanda, sem væri ekki aðeins að berjast fyrir sínum eigin hagsmunum, eins og eðlilegt væri, heldur væri líka að berjast fyrir hagsmunum annarra, sem oft og tíðum var litið tillit tekið til. Og það var engin tilviljun, að hjá fiskimannastéttunum allt í kringum okkur við Atlantshafið komu fram kröfur, strax eftir að við höfðum brotið ísinn. Það, sem er gert með því að flytja þessa brtt., er, að við glötum þessu áliti og þessum heiðri, við setjum blett á hann, vegna þess að í okkar kaldranalega heimi mun verða erfitt, jafnvel þótt við vildum einhverju trúa af því, sem hæstv. forsrh. segir, að telja mönnum trú um, að okkar fulltrúar í Genf hafi ekki verið í neinu samningamakki við fulltrúa Bandaríkjanna og jafnvel Bretlands þar syðra, eða a. m. k. að það hafi ekki verið reynt að hafa áhrif á þá, þannig að eitthvert samningamakk hafi farið fram. Það verður þess vegna, er ég hræddur um, litið svo á, að við séum með flutningi þessarar brtt. að bjóðast til að skera okkur út úr þeim hóp, sem með okkur hefur staðið, bregðast hagsmunum þeirra annarra fiskimanna í heiminum, sem hafa litið til okkar sem forustumannsins og forustuþjóðarinnar í þessu, svo framarlega sem við gætum skarað eld að okkar eigin köku.

Það vitum við bezt, sem höfum haft nokkuð að gera með verkföll og þá samheldni, sem er grundvöllur allra verkalýðssamtaka, að það er alltaf hægt fyrir þann, sem er forustumaður í verkfalli eða slíkri baráttu fyrir hagsmunum fjölda, að tryggja sína eigin persónulegu hagsmuni hjá einum atvinnurekanda gegn því að skerast úr leik og skilja hina eftir. Og það, sem ég óttast, og það, sem mér þykir sárt

í sambandi við þetta, það er, að þessi till., sem nú hefur verið flutt í Genf, verði skoðuð sem tilboð um slíkt frá Íslands hálfu, sem tilboð um að skerast úr leik. Þá mundum við standa þannig, svo framarlega sem við samþykktum á eftir, ef okkar brtt. yrði samþykkt, brtt. Kanada og Bandaríkjanna, að við hefðum samið við þessi ríki og skorizt svona úr leik. Ef hins vegar okkar till. væri ekki samþ. og við greiddum síðan atkv. á móti tillögu Kanada og Bandaríkjanna, þá mundi vera litið svo á eins og við hefðum verið að reyna að gera tilraun til þess, hvort við gætum ekki komið ár okkar fyrir borð án þess að hugsa um hina, og okkur hefði mistekizt, m. ö. o.: við hefðum bæði skaðann og skömmina af því.

Ég álít þess vegna ákaflega illa farið og blettur settur á heiður Íslands með því að flytja þessa brtt. Ég álít, að það eina, sem eitthvað gæti dregið úr þessu, væri það, að nú kæmi ótvíræð yfirlýsing um, að jafnvel þótt till. okkar væri samþ., þá mundum við ekki greiða atkv. með till. Kanada og Bandaríkjanna, það mundi þó ofur lítið draga úr þessu, og sú yfirlýsing væri strax gefin. En ég álít sjálfa aðferðina að flytja þessa brtt., eins og ég hef tekið fram, mikla skyssu, og þar að auki vil ég minna á, að því var lofað að hafa samráð við utanrmn. og þannig væri utanrmn. þá gefið tækifæri til þess að hafa samráð við Alþingi um, hvað gert yrði í þessum málum. Það hefur ekki verið gert, og það mun vafalaust koma betur fram í þessum umr. Þetta eru sem sé skoðanir, sem ég hef viljað láta í ljós á þessu, en höfuðatriðið er hitt, að ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort ríkisstj. vilji nú þegar gefa yfirlýsingu um, að hvort sem okkar brtt. verður samþykkt eða ekki, muni ríkisstj. greiða atkv. á móti till. Bandaríkjanna og Kanada. Það heppilegasta hins vegar af öllu álít ég, að till. væri þegar tekin til baka.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þessar umr., sem hér hafa orðið utan dagskrár, eru auðvitað til komnar vegna þeirra umr., sem orðið hafa síðustu daga út af atburðunum á Genfarráðstefnunni og þeirri afstöðu, sem íslenzka nefndin hefur tekið þar varðandi einstök atriði. Það er augljóst, að á þessari ráðstefnu hefur orðið geysilegt tafl fram og aftur um þetta mál, eins og við mátti búast, um brtt. og annað, sem gæti haft áhrif á lokaniðurstöðuna. Sannleikurinn er sá — og bezt að vera alveg hreinskilinn í því, að það er nær óhugsandi fyrir þá, sem sitja í fjarlægð, að dæma um, hvað gera skuli á svona ráðstefnu frá degi til dags. Nú vitum við, að það hefur risið ágreiningur í nefnd Íslands um aðferðir, mér sýnist um aðferðir á ráðstefnunni af Íslands hendi. Út af þessu hefur verið rokið upp hér af ýmsum og felldir þungir áfellisdómar með stórum orðum á víxl um þær afstöður, sem teknar hafa verið. Ég verð að telja þessar umr. óheppilegar og ekki til sóma og allar þær fullyrðingar, sem fram hafa komið í því sambandi. Ég tel, að það verði að álita, að þeir, sem að þeim standa, hafi ekki skilyrði til þess að fella dóma um afstöðurnar, þar sem það liggi alls ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um þau rök og þær ástæður, sem nefndarmenn hafa haft fyrir þessum afstöðum sínum. Ég tel, að það væri réttast að láta frekari kappræður um þessi efni og dóma um þann ágreining um aðferðir, sem þarna hefur komið upp, bíða, þangað til full vitneskja liggur fyrir um allar ástæður og þeir, sem hér að standa, hafa haft aðstöðu til þess að gera grein fyrir þeim.

Framsfl. hefur ætíð viljað hafa það höfuðsjónarmið að tryggja 12 mílna fiskveiðilandhelgi og vill hafa það sjónarmið eitt. Framsfl. hefur ætíð viljað draga sem allra mest úr deilum um landhelgismálið og hefur miðað afskipti sín við það sjónarmið og það eins fyrir því, þótt ágreiningur hafi verið um aðferðir á vissum stigum málsins. Og þannig munum við reyna að koma fram í þessu máli enn þá, þangað til það er til fullnægjandi lykta leitt. Þess vegna munum við leiða hjá okkur umr. nú um þann ágreining um aðferðir, sem komið hefur fram á ráðstefnunni, og ekki taka þátt í þeim kappræðum, sem hafnar hafa verið í landinu varðandi þau efni, fyrr en nánari vitneskja liggur fyrir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get í öllum aðalefnum tekið undir það, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði. Við höfum nauðalitla aðstöðu til að dæma það, sem er að gerast þarna, og þó að ég telji mig hafa haft miklu betri aðstöðu en hv. þm. almennt, þar sem ég hef talað við þessa menn daglega, þá veit ég vel, að þeir, sem lifðu, hrærðust og önduðu á staðnum, höfðu næmari tilfinningu fyrir málinu en ég, þótt ég væri svona nærri þeim og fengi svona miklar upplýsingar.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) spurði, hvort stjórnin mundi mæla með því eða beita sér fyrir því, að Ísland greiddi atkv. á móti Kanada- og Bandaríkjatill., ef búið væri að samþykkja inn í hana okkar till. Ég tek fram, að þeir ráðh., sem eru þarna ytra, eiga eðli málsins samkv. að ráða þessu, en ég tek hitt líka fram, að ég tel ekkert vit í því að greiða þá atkv. á móti. Við teljum, að ef við erum búnir að tryggja okkar 12 mílna landhelgi, þá eigum við ekki á eftir að greiða atkv. á móti því að fá þá tryggingu. Ég hef ekkert umboð frá neinum í þessu þjóðfélagi — engum — til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi, bara af því að einhver önnur þjóð fær ekki 12 mílna landhelgi. Annað er fátæka mannsins einasta lamb, það er okkar fiskur, hitt er hápólitískt og hernaðarlegt mál, sem okkur kemur hreint ekkert við. Hann má ekki halda, þessi þm., þó að hann hafi einhverja samúð með einhverjum ákveðnum stórveldum, að hann sé þeirra foringi. Hann telur sig orðinn heimsforingja og mig líka. Ég segi nú bara um garminn hann Ketil, þ. e. a. s. mig: Ég finn ekki þessa heimsforingjatign mína. Nei, við

erum sendir til að þjóna Íslandi og höfum gert það. Hitt er svo alveg rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, það getur verið álitamál, hvernig á að fara að því. Við skulum bara láta þá rífast um það og skýra það fyrir okkur, sem þar hafa verið, og ég ætla ekki að vera að kveða upp neina sterka dóma hér. Við höfum talið þetta skynsamlegt, og þess vegna höfum við gert það, sem gert hefur verið. Ég hef rök hérna uppi í erminni, sem sannfæra mig um, að það er ekkert vit í öðru en að hafa borið fram þessa till. og reyna að fá hana samþykkta. Ég álít ekki málinu til góðs að vera að tíunda þau hér, en ég veit, að hæstv. félmrh., sem fer með utanríkismálin, mun skýra það fyrir hv. utanrmn. í dag, og mér finnst þau rök ákaflega sterk. En sem sagt, sá, sem ætlar að forðast deilur, og það ætla ég, hann stendur ekki hérna og segir: Ég veit einn allt, og ég hef einn vit á, hvað á að gera, og hinir eru tómir asnar. — Hv. 3. þm. Reykv. segir: Ég trúi alveg Ólafi Thors. — Og hann má gera það. Hann má vel trúa mér og ég honum. En hann segir: Ég efast ekkert um, að hinir ráðh. hafi verið að tala við bæði Breta og aðra. — Ég skal segja honum alveg fyrir víst, að allir okkar samninganefndarmenn hafa meira og minna verið að reyna að ná í alla menn þarna suður frá til þess að vinna okkar máli gagn. Þau eru ekki þýðingarminnst, þessi daglegu viðtöl á bak við tjöldin. Við reynum að fá t. d. stórveldið Rússland til að standa sem fastast með okkur. Við reynum að fá Bandaríkin til þess að skilja það, að þau verði að standa með okkur líka. Og við höfum hins vegar sagt þessum mönnum alveg einarðlega, hvers vegna við gerum þessa hluti og að við verðum að gera það, af því að við erum þjónar þessarar litlu þjóðar, sem getur ekki lifað án þess að fá þennan rétt viðurkenndan.

Mér þykir það náttúrlega sómi, að grísk blöð skrifa um okkur og baráttuna eins og Davíð og Golíat. En hvernig var það nú? Var það ekki Davíð, sem vann á Golíat á sínum tíma? Mér þætti ekkert leiðinlegt, að íslenzki Davíðinn hefði slöngvað einum smásteini á Goliatinn brezka.

Hv. 3. þm. Reykv. var of stórorður, þegar hann sagði, að það væri blettur á Íslendingum að hafa flutt þessa tillögu. Ég segi honum af alveg sama heilhug og ég býst við að hann tali af, þegar hann segir þetta, að ég teldi, að það hefðu verið svik við íslenzku þjóðina, ef við hefðum ekki flutt þessa tillögu, og ég get fært rök, sem ég tel þó ekki málinu til góðs að gera nú, fyrir þessu, sem ég er að segja. Og ég á ekki gott með að trúa því, að svo greindir menn sem hér eiga hlut að máli sjái a. m. k. ekki, að það þarf að láta reyna á, hverjir standa með Íslandi í þessu. Það þarf að láta reyna á það með atkvgr.

Ég skal svo ekki, nema alveg sérstakt tilefni gefist til, fara um þetta fleiri orðum, því að ég er sammála því, að okkur ber að fresta deilum þar til síðar, ef deilur þurfa að vera. Hinu get ég svo huggað vin minn, hv. 3. þm. Reykv., með, að ekkert bréf fékk ég frá Eisenhower.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þá hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir, að svo framarlega sem þessi brtt. verði samþykkt, muni fulltrúar Íslands í Genf, ráðherrarnir, sem þar eru, greiða atkvæði með till. (Gripið fram í.) Var það ekki rétt? (Gripið fram í.) Hefur hæstv. forsrh. alls ekki minnzt á þetta við þá, þegar hann talaði við þá í London? (**Forsrh.:** Jú, jú, en það getur allt breytzt frá degi til dags, það getur komið nýtt viðhorf.) Hans hugmynd var sem sé þetta, að þegar hann talaði við ráðherrana, fékk hann þá tilfinningu, að þeir mundu greiða atkvæði með tillögunni. (**Forsrh.:** Ég fékk þá skoðun, að þeir mundu gera það, af því að þeim bæri að gera það, og það er mín skoðun, að þeim bæri að gera það.) En voru þeir ekki mjög ákveðnir í þessu? (**Forseti:** Ekki samtal.) Það var hæstv. forsrh., sem gerði sig sekan um samtal. Sem sé, það liggur sem sagt fyrir, að það er skoðun forsrh., að ráðherrarnir í Genf muni, svo framarlega sem íslenzka brtt. verður samþykkt, greiða atkv. með þeirri till. Bandaríkjanna og Kanada á eftir, svo framarlega sem þeim snýst ekki einu sinni hugur enn þá, án þess að íslenzka ríkisstj. hér heima eða utanrmn. Alþingis fái nokkurn skapaðan hlut að vita um það.

Þetta var það, sem ég spurði um, og þetta var það svar, sem ég vildi satt að segja sízt fá. Mér sýnist þetta svar þýða, að um allan heim verði þetta lagt þannig út, að svo framarlega sem brtt. Íslands verður samþykkt í Genf og íslenzku ráðherrarnir síðan greiða atkvæði með till. Kanada og Bandaríkjanna, þá hafi farið fram samningar milli Bandaríkjanna annars vegar og Íslands hins vegar um þetta. Ég er hræddur um, að hvað svo sem hæstv. forsrh. sver af sér í þeim efnum, þá verði þetta sú almenna skoðun í veröldinni viðvíkjandi afstöðu ráðherranna, sem eru suður í Genf.

Það mundi m. ö. o. þýða, að við sláum 12 mílna landhelginni, sem við erum búnir að vinna, út úr höndunum á okkur og göngum inn á sex plús sex, með ákveðnum sögulegum rétti til tíu ára, sem þó vissar þjóðir, sem við vonumst til að við mundum teljast til, eigi að geta sloppið við að öllum líkindum, svo framarlega sem ákveðinn gerðardómur fellst á það.

Ég vil vekja athygli á því, að við erum búnir að vinna 12 mílna fiskveiðilandhelgi handa Íslandi, og það getur enginn máttur í veröldinni tekið þá 12 mílna fiskveiðilandhelgi héðan í frá frá okkur. Meira að segja brezki flotinn, þó að hann kæmi hingað aftur og þó að hann héldi hér áfram að fiska, þá heldur hann það ekki út. Það er dýr sá fiskur, sem hann hefur veitt hérna þetta rúma ár innan okkar landhelgi.

Við erum búnir að vinna 12 mílurnar, við erum búnir að vinna 12 mílna fiskveiðilandhelg-

ina, og við erum með því að greiða atkvæði með tillögu Bandaríkjanna og Kanada að slá því út úr höndunum á okkur að þessu leyti.

Hæstv. forsrh. vill lítið gera úr því, hvað við sláum út úr höndunum á öðrum fiskimannastéttum eða öðrum fiskimannaþjóðum. Ég talaði hér um fiskveiðilandhelgi áðan, en ekki pólitíska landhelgi. Það er vitanlegt, að t. d. Sovétríkin, sem hafa 12 mílna pólitíska landhelgi og fiskveiðilandhelgi, eru fær um að sjá um sína landhelgi, og þau munu vafalaust ekki breyta því neitt, hvað sem samþykkt verður í Genf. Og við gátum fyllilega staðið við á því stigi að lýsa því yfir, að við mundum ekki beygja okkur fyrir neinu minna en 12 mílna fiskveiðilandhelgi, meðan allar aðrar þjóðir veraldarinnar hefðu ekki beygt sig fyrir slíku, þannig að það er engin ástæða til þess að fara að koma með slík pólitísk stórvandamál hér inn í.

Sú samþykkt, sem gerð verður í Genf, breytir engu í þeim efnum. Hún breytir eingöngu gagnvart Íslandi og spilar út úr höndunum á Íslandi hlut, sem við vorum búnir að vinna. Það að fá viðurkenningu Bandaríkjanna og Bretlands á sex plús sex með sögulegum rétti og gerðardómi, það er ekki það, sem við höfum verið að berjast fyrir. Við erum búnir að vinna sigur í því máli að tryggja 12 mílna fiskveiðilandhelgi fyrir Ísland, sem verður ekki skert í reyndinni, og við erum að spila því út úr höndunum á okkur með því að samþykkja þessa till. Bandaríkjanna og Bretlands.

Hæstv. forsrh. talaði um Davíð og Golíat. Það var rétt, Davíð lagði Golíat, en hann hljóp ekki til hans og gekk í lið með honum á eftir og gaf honum einhvern sögulegan rétt, og það er einmitt það, sem við erum að gera og eiga svo undir alþjóðlegum gerðardómi, að hve miklu leyti verði viðurkennt, t. d. á þeim grundvelli, að við lifum eingöngu af fiskveiðum eða svo að segja eingöngu.

Ég vil bara segja hæstv. forsrh.: Ef við værum búnir að vinna okkur 12 mílna fiskveiðilandhelgi núna, hreina og beina, og við værum orðnir stóriðjuþjóð, sem framleiddi stóriðjuafurðir meiri partinn af öllum okkar útflutningi eftir 10—20 ár, þá yrði samkvæmt ykkar samningi litið á það, að við værum ekki lengur fyrst og fremst háðir fiskveiðum. Það er verið að gera hér vitleysu, verið að spila út úr höndunum á Íslandi sigri, sem við erum búnir að vinna og hefur þýðingu fyrir okkur um alla framtíð, bara vegna þess að Bandaríkin og Bretland liggja í okkar fulltrúum og vegna þess að þessir fulltrúar okkar, ráðherrarnir þarna, eru svo næmir fyrir áróðrinum frá hendi þessara stórvelda. Við höfum fengið að kynnast því í fleiri málum en þessu, hvers konar gunguskapur á sér þar stað. En við héldum þó a. m. k., að þegar Ísland átti í hlut, þá mundi þetta ekki verða gert. Þess vegna er ekki til neins að fara að koma hér inn í með einhver mál viðvíkjandi þeim ríkjum, sem hafa 12 mílna pólitíska landhelgi, þau munu sjá um hana. Bandaríkin diktera þeim ekki neitt. Það er um að ræða Ísland og þær fiskimannastéttir, sem eru hérna í nágrenni við okkur, sem hafa litið til okkar sem forustumanns í þessu, og ég held, að hæstv. forsrh. hafi áreiðanlega fengið hugmynd um, að Ísland hefur vaxið í áliti fyrir sína baráttu gagnvart Bretunum. Okkar stefna hefur verið sú allan tímann og margyfirlýst að vinna okkur 12 mílna landhelgina alveg umsvifalaust og umdeilulaust, og því erum við raunverulega búnir að. Allar þjóðir virða þetta nema Bretar, og þeir eru að þreytast á því. Þrái okkar Íslendinga verður meiri en þrái Bretans. En það, sem við höfum verið að hugsa um þar fyrir utan, það var að vinna okkur rétt til viðurkenningar vegna þess, hve mikið við værum háðir fiskveiðum, á landgrunni utan 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Það er það, sem við höfum verið að miða við, og því er algerlega spilað út úr höndunum á okkur með þessu. Nú erum við að semja um sérréttindi innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi, reyna að tryggja okkur það, í staðinn fyrir að það, sem við höfum áður sett okkur og flutt meira að segja till. um tvívegis í Genf, það var að reyna að tryggja okkur rétt utan 12 mílnanna, þannig að bæði hvað snertir afstöðu með höfuðreglu og hvað snertir bardagaaðferð í einstökum atriðum, þá er það rangt, sem hér hefur verið gert, og ofan á það bætist svo, að þetta setur að mínu áliti blett á okkar heiður.

Ég ætla ekki að fara að taka upp umræður við hæstv. forsrh. viðvíkjandi því, sem hann minntist á hér, viðvíkjandi stórveldunum í þessum efnum, en það situr ekki á ríkisstj. Íslands að fara að sveigja að þeim ríkjum, eins og t. d. Sovétríkjunum, sem hafa verið að berjast fyrir 12 mílna landhelgi, bæði fiskveiðilandhelgi og annarri. Það eru þau ríki, sem fyrst hafa orðið til að viðurkenna okkar 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og þeirri viðurkenningu erum við raunverulega að reyna að slá út úr höndunum á okkur með þessari framkomu.

Ég mundi einlæglega óska þess, en ég heyri það á öllu, að á því munu ekki vera miklir möguleikar, að hæstv. ríkisstj. sæi að sér í þessu máli, gæfi okkar fulltrúum í Genf fyrirskipun um að taka þessa brtt. til baka, en ella, þótt hún yrði samþykkt, að greiða atkv. á móti till. Bandaríkjanna og Kanada, því þó að sú till. félli á okkar atkvæði á eftir, till. Bandaríkjanna og Kanada, þá þýddi það, að við hefðum 12 mílna fiskveiðilandhelgina okkar örugga, — og 12 mílna fiskveiðilandhelgin er að sigra í heiminum.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja umræður um landhelgismálið, eins og það liggur nú fyrir á ráðstefnunni í Genf, hvorki um aðalatriði þess né einstök atriði. Ég var ekki viðstaddur, þegar hæstv. forsrh. talaði hér, svo að mér er ekki kunnugt um, hvaða upplýsingar hann hefur viljað gefa Alþ. um málin, eins og þau liggja nú fyrir í dag í Genf. En ég hefði viljað spyrja hæstv.

forsrh., hvaða upplýsingar ríkisstj. getur gefið hv. Alþ. í dag um eitt atriði, það, hver er afstaða Bandaríkjastjórnar til þeirrar brtt. Íslands, sem nú hefur verið flutt í Genf. Mér þykir það næsta ólíklegt, að hæstv. forsrh., nýkominn heim frá London eftir að hafa ráðfært sig þar við hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. um stöðuna í Genf, geti ekki skýrt Alþ. frá því höfuðatriði, sem er höfuðatriði í mínum augum a. m. k., hver er afstaða Bandaríkjastjórnar til þessarar fram komnu brtt. Íslands. Ég trúi því ekki, að sendinefndin í Genf og ríkisstj. hér, hvorugur hluti ríkisstj., sá, sem hefur verið hér heima síðustu daga, né hinn, sem hefur verið erlendis, viti ekki, hvaða afstöðu Bandaríkjastjórn og sendinefnd hennar í Genf ætlar að taka til þessarar brtt. Íslands við atkvgr. á morgun. Bandaríkjastjórn hefur í Genf beitt öllu því afli, sem hún á yfir að ráða í heiminum, á alþjóðaráðstefnu til þess að safna um sig meiri hluta, 2/3 hluta ríkjanna, sem eiga atkvæði á ráðstefnunni í Genf, á móti hagsmunum Íslands, á móti lífshagsmunum Íslands, eins og við viðurkennum allir, að þeir séu mestir. Það hefur tekið Bandaríkjastjórn nokkurn tíma og kostað hana mikið erfiði að tryggja, ef henni hefur þá tekizt það, að tryggja 2/3 atkv. í Genf á móti 12 mílna fiskveiðilandhelgi. En það er sagt svo, að sendinefnd Bandaríkjanna í Genf láti vel yfir því, að þetta hafi nú tekizt, með því að safna ríkjum eins og páfastólnum og San Marinó og Austurríki og fleiri slíkum, sem engra hagsmuna hafa að gæta á sjó eða við sjó, á móti þeim ríkjum, sem eins og Ísland eiga alla hagsmuni sína undir því. Hefur þessum mikla og góða bandamanni okkar og verndara, Bandaríkjunum, e. t. v. tekizt að gera út af við alla von um það, að Íslendingar geti búið við 12 mílna landhelgi næstu 10 árin?

En hvað sem er um þetta, þá er það alveg víst nú, að brtt. Íslands, sem þýðir það, að því er hún er skýrð af hálfu okkar ríkisstj. og sendinefndar, að Ísland verði undanþegið næstu tíu árin frá hinum sögulega rétti, hún kemur vitanlega til atkv. á eftir till. Bandaríkjanna, — hún er flutt sem viðaukatill. við hana, — og eins og ég sagði áðan, þykir mér næsta ólíklegt, að sendinefnd okkar í Genf hafi ekki reynt að kynna sér það hjá sendinefnd Bandaríkjanna eða ríkisstj. okkar hjá ríkisstj. Bandaríkjanna, hvað Bandaríkin, forusturíkið, sem ræður e. t. v. yfir 2/3 atkv. á ráðstefnunni í Genf, ætlar sér að gera sjálft. Hvað ætla þau að gera sjálf, og hvað ætla nánustu bandamenn þeirra, Bretar, sem þetta er gert fyrir, því að þetta er ekki gert vegna hagsmuna Bandaríkjanna, þetta er gert vegna hagsmuna Breta? Er það trúlegt, að ríkisstj. hér og sendinefndin í Genf hafi ekki gert tilraun til að kynna sér þetta, svo að forsrh. okkar hæstv. í dag geti sagt Alþ. það? Hvaða afstöðu hefur stjórn Bandaríkjanna til þessa lífshagsmunamáls Íslands, eins og það er lagt fyrir af Íslands hálfu í Genf? Við vitum, að Bandaríkin ráða yfir tugum atkv. þarna í Genf. Þau geta ráðið miklu um það, hvort þessi brtt. okkar verður samþ. eða ekki. Ég er ekki að spyrja um það, ég er ekki að spyrja hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj. um það, hver verði afdrif okkar till., því að ég ætlast ekki til þess, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. forsrh. viti það í dag. En hitt spyr ég um: Hvað veit hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. og sendinefnd okkar í Genf um afstöðu Bandaríkjanna til okkar till., eins og hún liggur fyrir?

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ef ég á að svara öllu því, sem út af fyrir sig gæti verið tilefni til út af ræðum hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykn., mundu verða hér stólpaumræður og hnakkrifrildi, öllum til leiðinda á þessu stigi málsins.

Ég vil þó alveg skýrt segja það, að brtt. okkar, þessi sem hefur hér verið rædd, er ekki borin fram í samráði við eða með samningum við Bandaríkin eða aðra. Í öðru lagi segi ég það alveg frómt, að ég veit ekki, hvernig Rússar greiða atkvæði um þessa till., — og ekki heldur Bandaríkin, — hvernig Bandaríkin greiddu atkvæði. Við höfum talað við Rússa alveg jafnt og Bandaríkin, og ég veit ekki, hvernig þeir greiða atkvæði.

Ég skýrði frá því, að ég væri hræddur um, að þessi till. okkar félli, og ekki aðeins það, heldur gæti vel svo farið, að hún fengi naumast atkvæði. Við höfðum ekki neina aðstöðu til að semja um þetta og urðum bara að láta slag standa og taka þetta sem möguleika. Okkar eina von er, að mínu viti, ef málið stæði þannig, að það riði á okkar atkvæði um hina tillöguna. Það var mat okkar manna í dag, þegar ég talaði við þá, að það væru sáralitlar líkur fyrir, að okkar till. næði samþykki, og orða ég það nú mjög veikt núna, því að ég segi: sáralitlar líkur. Ætli það sé ekki réttara að segja, að það séu afar litlar vonir eða minna en það, eins og það er líka ómögulegt að segja um, hvernig fer um Bandaríkjatillöguna? Ég veit um eina þjóð, sem lýsti yfir í gær, að hún ætlaði að sitja hjá, en lýsir yfir í dag eða á morgun, að hún ætli að greiða atkvæði á móti Bandaríkjatillögunni. Og ég veit um aðra þjóð, sem ef til vill gerir það sama.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að við gætum skapað okkur andúð vissra þjóða með þessari framkomu. Ég vona, að það verði nú ekki, og mitt mat er það, að Rússar séu svo miklir vinir okkar, að þeir fari aldrei að gera okkur bölvun. Ég held, að óhætt sé að treysta því — eða hvað heldur hv. þm. um það? Ég spyr bara.

En ég vil svo að lokum bara segja það, að sterkustu rökin fyrir því að bera fram þessa till., eru þess eðlis, að mér finnst réttara að ræða þau eða skýra frá þeim á lokuðum fundi í utanrmn. heldur en að vera að ræða það okkar á milli hérna, því þó að auðvitað alþingismenn eigi kröfu á að vita hlutina og að þeim sé fullur trúnaður sýndur, þá er þetta opinn fundur, og ég kann ekki við að vera að leggja nein rök upp í hendur andstæðinga okkar í þessu máli.

Ég segi þess vegna, að ég álít, að margt af því, sem hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykn. hafa hér sagt, sé byggt á misskilningi. En ef ég á að fara að hrekja þann misskilning, þá endurtek ég: Við mundum lenda í leiðinlegum deilum, sem skaða málið. Nú á atkvgr. að fara fram um þetta á morgun, og ég kæri mig ekki um, að héðan hljómi neinar sundurþykkar raddir um málið, og legg þess vegna ekki áherzlu á að hrekja það, sem mér þykir rangt í þessu, heldur að koma engu illu af stað með þeirri skýrslu, sem ég gaf.

IV. Veiðarfæratjón vélbáta af völdum togara.

Á 41. fundi í Nd., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er af frásögnum dagblaða, hafa brezkir landhelgisbrjótar tekið sér það fyrir hendur nú síðustu dagana að hefja veiðar út af Snæfellsnesi. Eftir frásögnum blaðanna í morgun hefur sá atburður gerzt þar um hádegi í gær, að einn togarinn gerði sér leik að því, að bezt verður séð, að eyðileggja veiðarfæri þriggja báta frá Ólafsvík og fór svo nærri þeim bátum, að ekki var hans dyggð að þakka, að ekki varð tjón bæði á bátum og mönnum.

Afleiðingarnar af þessum atburði eru m. a. þær, að mótorbáturinn Jökull frá Ólafsvík missti þarna öll net sín, er í sjó voru, og mótorbáturinn Glaður missti tvær af sínum netatrossum og Jón Jónsson eina.

Eftir því sem upplýst er í dagblaðinu Morgunblaðinu í dag, mun þetta eignatjón nema a. m. k. um 180 þús. kr., auk þess sem aflinn er þar ekki metinn, en í netum þeim, sem mótorbáturinn Jón Jónsson náði, var mikill afli, eða 22 smálestir, og náði hann þó ekki nema 4/5 hlutum af netunum. Framhald hefur svo orðið það, að þeir Ólafsvíkurbátar og vafalaust Akranesbátar, sem þarna stunda veiðar líka, hafa orðið að flytja sig af veiðisvæðunum, þó að afli væri þarna með ágætum, vegna þessa ofbeldis brezkra togara. Hér er um mjög alvarlegan atburð að ræða, því að ég held, að ég muni fara þar rétt með, að til þessa hafi brezkir togarar yfirleitt ekki verið inni á þeim svæðum, sem bátarnir hafa verið að veiðum á, og er því frekja þeirra og ofbeldi orðið meira nú en áður. Þar við bætist, að t. d. vélbáturinn Jökull verður nú að liggja bundinn í höfn, vegna þess að honum hefur ekki tekizt að útvega sér veiðarfæri, og mun það taka einhvern tíma, fyrir utan það beina tjón.

Í tilefni af þessum atburði vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert í þessu máli? Í öðru lagi: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera í sambandi við þetta ofbeldi og þessa nýju stefnu Breta í landhelgisbrotum sínum? Mun hún láta sér nægja að senda kurteis mótmæli? Í þriðja lagi: Eru líkur til þess, að það fjárhagstjón, sem þessir bátar hafa orðið fyrir, verði þeim bætt, og ætlar ríkisstj. að gangast í það mál?

Í tilefni af þessum atburði rifjaðist upp fyrir mér, að þann 13. nóv. 1958 var hér til umræðu á hv. Alþingi álíka atburður, árekstrar brezks togara og íslenzks varðskips. Hæstv. núv. forsrh., Ólafur Thors, hóf þá máls hér á þingi út af þeim atburði, og komst þá hæstv. forsrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við Íslendingar erum í bandalagi, við erum í fóstbræðralagi við margar aðrar þjóðir. Ein hin voldugasta þeirra í Evrópu, Bretinn, segir við okkur: Ef við fáum ekki að brjóta lög ykkar, þau lög, sem þið eigið líf ykkar undir að í heiðri séu haldin, þá hikum við ekki að við að drepa ykkur.“

Ég þarf ekki mörgum orðum við þetta að bæta, sem hæstv. núv. forsrh. sagði þá, vegna þess að af þeim orðum er ekkert skorið. En ég vil þó bæta þessu við og spyrja: Til hvers höfum við verndara, ef við eigum ekki að vera verndaðir, þegar á okkur er ráðizt? Er ekki tími til kominn, að við gerum vestrænum vinum okkar það ljóst, að við skiljum samvinnu á þann veg, að hún eigi að vera okkur til styrktar, en að vinirnir, samstarfsmennirnir, eigi ekki að meina okkur að vinna fyrir okkar daglega brauði, svo sem þjóðin hefur gert og vill gera, — eigi ekki að sýna okkur eins greinilega og auðið er alla þá lítilsvirðingu, sem hægt er að sýna einni þjóð, og beita við hana valdi hins sterka og stofna lífi atorkumanna í hættu, þegar þeir eru að daglegum störfum til þess að draga björg í bú sín og sinna og þjóðarinnar í heild?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér var skýrt frá þessum atburðum í gær, og hafði ég þá, strax og ég náði til hæstv. utanrrh., samband við hann og óskaði þess, að þó að enn lægju ekki fyrir fullnaðarskýrslur um málið, þá hefði hann þegar í stað tal af sendiherra Bretlands hér og skýrði honum frá því, hversu alvarlegir atburðir hér hefðu gerzt að skoðun okkar Íslendinga.

Mér er kunnugt um það, að hæstv. utanrrh. náði þegar í sendiherrann í gær og gerði honum grein fyrir skoðun okkar á þessu furðulega tiltæki.

Að öðru leyti verða frekari ákvarðanir um hina formlegu meðferð málsins að bíða þess, að skýrslur komi í hendur dómsmálarn., sem síðar verði skoðaðar og að athugun lokinni teknar ákvarðanir um, hvað gera skuli til þess að reka réttar þeirra manna, sem þarna hafa orðið fyrir freklegri árás og lögbrotum.

Ég vil þó skýra frá því nú þegar, að ég tel sjálfsagt, að þeim mönnum, sem þarna hafa orðið fyrir tjóni, verði það tjón bætt. Fyrst og fremst ber að gera kröfur um bætur á hendur þeim aðilum, sem hér hafa brotið lög,

og við verðum að telja, að brezka ríkisstj. beri ábyrgð á athæfi þeirra, og í blaði í morgun sá ég, að jafnvel brezki sjóliðsforinginn hefði látið orð falla í þá átt, að hið beina tjón mundi bætt. Hvort þar er um nákvæma frásögn að ræða eða bindandi skuldbindingu þessa yfirmanns í brezka flotanum, get ég ekki sagt um á þessu stigi, en það er eitt af þeim atriðum, sem skoða verður. En hvað sem líður kröfugerð á hendur Bretum af þessum sökum, tel ég eðlilegt, að ríkissjóður Íslands hlutist til um, að bætt verði hið beina tjón, sem þessum aðilum hefur verið valdið. Við vitum, að þessir menn eru þarna útverðir bæði íslenzkra hagsmuna og íslenzks réttar, og það væri algerlega rangt, ef við létum það vera komið undir vild ofbeldismannanna, hvort þeir fengju bætur. Ég hef því talið það eðlilegt og mun gera tillögu um það, að ríkissjóður greiði til bráðabirgða þessar bætur, auðvitað með endurkröfurétti gegn Bretum.

Landhelgisgæzlan gerði þegar í gær það, sem hún gat, til þess að koma í veg fyrir þetta ofbeldi, og ég vona, að hennar aðstoð hafi átt einhvern þátt í, að ekki hlauzt þó verra af en varð. Hitt vitum við allir, að okkar skip og flugvél mega sín lítils gegn því ofurefli, sem við er að etja, ef í beina valdbeitingu á að fara.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, hversu alvarlegur þessi atburður er. Ég hygg þó, — það er rétt, að það komi fram, — að hann sé að vissu leyti vitni þess, að Bretar finna til þess, að þeir eru nú komnir að því að bíða ósigur í þessari deilu. Það hefur hér verið skýrt frá því, og ég hygg, að það sé örugglega rétt, að Bretar ætli að hverfa héðan af miðunum, á meðan á Genfarráðstefnunni stendur. Framtíðin ein fær úr því skorið, hvort sú brottför Breta af miðunum verður endanleg eða ekki.

Ég á þó bágt með að trúa því, að Bretar láti þá skömm henda sig að fara héðan af miðunum einungis meðan ráðstefnan stendur í því skyni að koma hingað aftur. Þvílík framkoma virðist mér með öllu óboðleg og ótrúleg.

Ég skal þó ekkert um það segja. Eins og ég segi: Framtíðin ein fær úr því skorið. En um það verður ekki deilt, að brotthvarf Breta héðan, meðan á landhelgisráðstefnunni stendur, sannar, að Bretar skilja það sjálfir, að þeim er til skaða þessi vist þeirra hér. Ef þeir álitu, að það gagnaði sínum málstað og styrkti þeirra réttarkröfur að vera á Íslandsmiðum og innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi með þeim hætti, sem verið hefur, þá mundu þeir allra sízt hverfa héðan, meðan á ráðstefnunni stendur. Þá mundu þeir einmitt sýna, meðan á ráðstefnunni stendur, að þeir vildu styrkja sitt mál með því að dveljast hér.

Brotthvarf þeirra sannar þess vegna, að þeir vita sjálfir, að þeim er það til tjóns að vera hér á þann veg, sem þeir hafa verið.

Það er svo ljóst af því, sem nú hefur gerzt, að sumir af þeim mönnum, sem leiðzt hafa út í þetta herhlaup, gera það ekki með glöðu geði að sjá fyrir endann á því, að þeir telja sig illa leikna að hafa meira og minna verið kúgaðir til þess af brezkri flotamálastjórn að vera hér við fiskveiðar, sem þeir hafa bæði haft fjárhagslegt tjón af og skömm af, og eiga svo að hverfa héðan málstað Breta til styrktar, einmitt þegar Genfarráðstefnan nýja á að hefjast.

Ég hygg, að þetta fáheyrða ofbeldi, sem nú hefur átt sér stað, verði í raun og veru ekki skýrt nema sem eins konar geðvonzkukast þeirra manna, sem hafa séð sig sjálfa leidda út í ófæru, yfir því að verða nú að hverfa héðan við jafnlitla sæmd og raun ber vitni. Bretar hafa þess vegna kveðið sjálfir þyngstan áfellisdóm yfir þessu herhlaupi sínu, og skal ég ekki fjölyrða meira um það.

Ég vona, að Genfarráðstefnan fari þannig, að málið leysist, sjálft deilumálið, á friðsamlegan hátt og settar verði ótvíræðar reglur, sem allir telji sér skylt að hlíta. Hitt er nú þegar komið í ljós, að Íslendingar muni ekki láta undan ofbeldi í þessu máli, og sá, sem ofbeldinu ætlar að beita, hefur af því mestan skaða sjálfur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau mótmæli, sem hér hafa komið fram í tilefni af yfirgangi brezkra togara gagnvart bátum úti fyrir Snæfellsnesi. Ég tel alveg víst, að hæstv. ríkisstj. muni mótmæla þessum yfirgangi, sem þarna hefur átt sér stað, því að þarna er augljóslega um að ræða brot á okkar landhelgislöggjöf. En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í sambandi við það, sem þarna hefur gerzt, það er, að hér er um miklu viðtækara brot að ræða frá hálfu Breta en hin almennu brot, sem átt hafa sér stað oft og tíðum að undanförnu.

Hér er um það að ræða eftir þeim lýsingum, sem liggja fyrir, að brezki togarinn brýtur alveg greinilega þær reglur, sem Bretar hafa sjálfir margsinnis lýst yfir að þeir muni virða, þar sem þeir eru beinir aðilar að slíkum samþykktum, en það er að virða veiðarfæri, sem eru merkt með eðlilegum hætti og liggja í sjó þar fyrir, sem veiðiskip kemur að. Þar á ekki að vera um neinn ágreining að ræða við Breta út af okkar landhelgisdeilu. Hér er um það að ræða að brjóta þessa samþykkt, sem Bretar standa að ásamt okkur og hafa marglýst yfir, að þeir vildu virða. Og það er ekki aðeins það, að hér sé þessi samþykkt brotin, heldur er hún brotin með nokkuð sérstökum hætti. Við vitum, að það hefur vitanlega hent æði oft, að skip hafi brotið þessa samþykkt og þá æði oft borið því við, að þau hafi ekki fyllilega getað greint, hvar veiðarfærin lágu í sjó. Hér verður því nú trauðla við komið að bera því við, þar sem þetta gerðist um hábjartan dag og þar sem bátarnir voru beinlínis að draga net sín, eins og þau eru nú merkt og við vitum. En þetta brot fer líka fram á þann sérstaka hátt, að frá hálfu brezku ríkisstj. eru hér brezk herskip til þess að vernda það, að

þessi brot geti átt sér stað, og til þess að koma í veg fyrir það, að íslenzk sjólögregla, sem var þarna á staðnum, gæti fengið að halda uppi lögum og reglu varðandi þá reglugerð, sem Bretar annars viðurkenna að eigi að vera í gildi. Hér er því um margfalt brot að ræða, — brot, sem fyllilega jafnast á við það, þegar brezkir togarar höfðu ekki aðeins brotið okkar 12 mílna reglugerð, heldur fóru einnig þar langt inn fyrir jafnvel þriggja mílna mörkin gömlu og veiddu þar. Og þá var svo komið, að brezk stjórnarvöld töldu sér eiginlega óhjákvæmilegt að sleppa í hendur íslenzkum dómstólum slíkum aðilum, sem þær reglur brutu, því að þá var komið langt út fyrir þá fiskveiðideilu, sem hefur staðið nú að undanförnu.

Hér er raunverulega það sama að gerast. Það er ekki aðeins, að okkar fiskveiðilandhelgislöggjöf sé hér brotin, heldur einnig eldri samþykktir og reglugerðir, sem í gildi eru um það að virða veiðarfæri, sem greinilega eru merkt og veiðiskip á að geta forðazt. Ég tel því, að þau mótmæli, sem hæstv. ríkisstj. sendir út af þessum atburði, verði að vera miklu harðari en þau mótmæli, sem oft og tíðum hafa verið send í sambandi við árekstra á milli Íslendinga og Breta varðandi þessa fiskveiðideilu, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. veiti einmitt þessu atriði sérstaka athygli, varðandi upptöku málsins og allan málarekstur.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þau svör, sem hæstv. dómsmrh. gaf hér áðan í sambandi við það, hvernig að þessu máli yrði staðið viðvíkjandi þeim í Ólafsvík, og ég treysti hæstv. ríkisstj. til þess að greiða svo fljótlega úr því máli þeirra, að það þurfi ekki að valda þeim meira tjóni en þegar er orðið.

En í sambandi við atburðinn í heild vil ég bara minna á það, sem ég hafði hér áðan eftir hæstv. forsrh., að ég treysti því, að þó að við deilum um innanlandsmál, þá kunni sú ríkisstj., sem hann veitir forstöðu, að fara svo með mál okkar út á við, að vel sé fyrir því séð, og minna þá aðila á það, sem eru í fóstbræðralagi við okkur, að þeir eiga skyldur við okkur upp að inna, en ekki sýna okkur yfirtroðslu eina.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mér finnst samt rétt að vekja athygli á því, að ég held, að það sé óhætt að slá því alveg föstu, að sá atburður, sem gerðist við Snæfellsnes í gær, er langsamlega alvarlegasti atburðurinn, sem hingað til hefur gerzt í viðskiptum Íslendinga og Breta, síðan hin svokallaða landhelgisdeila hófst. Ég held, að það hafi ekki gerzt áður, að brezkum togurum undir herskipavernd hafi verið stefnt inn á sjálf aðalveiðisvæði bátanna á vetrarvertíðinni, eins og gert er í þessu tilfelli. Það hefur ekki heldur komið fyrir áður, að brezkir togarar hafi gert sér eins leik að því að spilla veiðarfærum og eyðileggja veiðarfæri eins og gert var í gær, og heldur aldrei komið fyrir eins og virðist hafa átt sér stað, eftir því sem blöð skýra frá, að beinlínis hafi verið gerð tilraun til þess að sigla íslenzka báta niður. Þetta eru tvímælalaust langsamlega alvarlegustu atburðirnir, sem hafa gerzt í þessari deilu hingað til, og þess vegna finnst mér, að ekki sé um það eitt að ræða, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að bæta þeim mönnum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af þessum völdum, heldur þurfi jafnframt að athuga, — og það sé það, sem skiptir langsamlega mestu máli, — hvaða ráðstafanir kunni að vera hægt að gera til að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtaki sig og jafnvel enn þá alvarlegri atburðir en þessir. Og í þeim efnum nægir ekki það eitt að mótmæla eða senda mótmæli til brezku stjórnarinnar. Sú leið hefur verið reynd svo oft áður, án þess að nokkur árangur hafi af því fengizt.

Mér finnst, að vegna þessa atburðar við Snæfellsnes hljóti það mjög að koma til athugunar, sem sjómenn á Akranesi og í Keflavík bentu á við upphaf deilunnar, og það var, að það væri sérstakt varnarlið hér í landinu, sem ekki væri óeðlilegt að kæmi Íslendingum til aðstoðar, þegar þeir verða fyrir svipuðu ofbeldi og því, sem hér hefur átt sér stað. Á það má líka benda, að samkv. 5. gr. varnarsamningsins, sem er í gildi milli Íslands og Bandaríkjanna, hafa Bandaríkin tekið að sér að sjá um, að öryggi íslenzku þjóðarinnar sé tryggt, svo sem frekast er kostur. En það held ég, að öllum sé ljóst, að okkar öryggi er ekki tryggt, á meðan enskir landhelgisbrjótar geta vaðið uppi í íslenzkri landhelgi undir herskipavernd, eins og þeir gerðu við Snæfellsnes í gær. Ég held, að það komi þess vegna mjög til athugunar, hvort það sé ekki orðið tímabært að prófa það, hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir eins og þessir endurtaki sig, með því að reyna á það, hvort það sé nokkra vernd að hafa af okkar vernd urum gegn slíkum atburðum eins og þessum. Það, sem skiptir nú mestu máli, er að reyna að gera þær ráðstafanir, sem eru líklegastar til þess, að slíkir ofbeldisatburðir endurtaki sig ekki. Og ég held, að það séu margir landsmenn þeirrar skoðunar, alveg eins og sjómennirnir á Akranesi og í Keflavík, að það sé vafasamt gagn af því að hafa svokallað varnarlið í landinu, ef það getur ekki veitt aðstoð gegn slíkum árásum eins og þeim, sem hér hafa átt sér stað. Ég held, að það hljóti þess vegna mjög að koma til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., jafnframt því sem hún fer hina venjulegu mótmælaleið og mótmælir þessu við brezku stjórnina, hvort ekki sé ástæða til þess a. m. k. að vekja athygli þeirrar ríkisstj., sem hefur tekið að sér að vernda Ísland, alveg sérstaka athygli á þessum atburðum og benda henni á, að það muni ekki mælast vel fyrir meðal íslenzku þjóðarinnar, ef slíkir atburðir

endurtaki sig og ekkert sé gert af hálfu þeirrar ríkisstj. eða þess varnarliðs, sem hér er, til að koma í veg fyrir slíka atburði.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að það mun hafa gerzt, nokkru eftir að landhelgisdeilan hófst eða Bretar byrjuðu sínar árásir í landhelginni, að þáv. forsrh. sneri sér sérstaklega til ameríska sendiherrans og gerði honum grein fyrir því, að það mundi ekki vel séð af hálfu íslenzku þjóðarinnar, ef ofbeldi Breta innan landhelginnar leiddi til alvarlegra árekstra. Og mér er ekki fjarri að halda, að einmitt sú aðvörun hafi átt sinn þátt í því, að Bretar hafi ekki hagað sér eins dólgslega og þeir ella mundu hafa gert.

Nú virðist það hins vegar komið á daginn, eins og atburðirnir við Snæfellsnes í gær sýndu, að Bretar eru að færa sig hér upp á skaftið og það geti jafnvel hvenær sem er fylgt því hinir alvarlegustu árekstrar, ef ekki verður komið í veg fyrir þetta, og þess vegna held ég, að það sé alveg tímabært að fara þá leið að nýju, sem var gerð af þáv. forsrh. haustið 1958, að vekja athygli fulltrúa Bandaríkjanna á því, hvaða afleiðingar það gæti haft, ef mjög alvarlegir atburðir gerðust hér innan íslenzku fiskveiðilandhelginnar, og jafnvel fylgja því svo fast eftir, að þess væri óskað, að 5. gr. varnarsamningsins kæmi til fullra framkvæmda, þar sem Bandaríkjamenn heita því að tryggja öryggi íslenzku þjóðarinnar fyrir hernaðarlegum árásum.

Ég sem sagt álít það ekki nægilegt, að ríkisstj. mótmæli þessum atburðum við Breta, heldur athugi frekari ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtaki sig, og þess vegna mundi ég telja æskilegt, að þegar ríkisstj. er búin að fá þær skýrslur og athuga þær skýrslur, sem hæstv. dómsmrh. minntist á hér áðan, þá yrði haft samráð við Alþ. um, hvernig á þessu máli yrði haldið framvegis. Það hefur tekizt nú að undanförnu að hafa algera samstöðu flokkanna um helztu aðgerðir í landhelgismálunum, og það væri í samræmi við það, að ríkisstj. ráðfærði sig um frekari aðgerðir í þessu máli, sem hún teldi nauðsynlegar, við Alþ. og andstöðuflokka sína þar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af þessum umr. vil ég aðeins gera tvær athugasemdir.

Það var misskilningur hjá hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), að ég hefði sagt, að það eitt nægði að bæta þeim mönnum tjón, sem orðið hefðu fyrir því. Eins og hann kom inn á í síðari ræðu sinni, sagði ég, að ákvarðanir um frekari aðgerðir yrðu teknar, þegar skýrslur málsins lægju fyrir, og hef ég ekki frekar við það að bæta.

Út af ummælum hv. 4. þm. Austf. (LJós) vildi ég einungis segja það, að þau atriði, sem hann benti á, eru vissulega ein meðal þeirra, sem helzt koma til álita í þessu máli og ég hafði í huga, þegar ég gaf mína yfirlýsingu áðan.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í ræðu hæstv. dómsmrh., liggja ekki fyrir þær skýrslur um þá atburði, sem gerðust við Snæfellsnes í gær, að um það verði dæmt til hlítar, hvað þar hefur í raun og veru farið fram, og ekki heldur verður tekin ákvörðun um það á þessu stigi að óathuguðu máli, hvernig við skuli snúast. Það er þó alveg ótvírætt, að brezkir togarar hafa beinlínis gert sér leik að því að eyðileggja veiðarfæri íslenzkra skipa, sem þarna voru að veiðum innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Framferði togaranna við Snæfellsnes virðist beinlínis vera fólskuleg hefndarráðstöfun í garð íslenzkra fiskimanna, vegna þess að brezkum togurum hefur verið haldið burt úr íslenzkri fiskveiðilögsögu. Það er ómögulegt að sjá annað af því, sem fyrir liggur, en togararnir hafi að óþörfu verið að gera sér leik að því að eyðileggja þarna veiðarfæri. Þessi framkoma er því ámælisverðari sem það er viðtekin og viðurkennd regla af öllum, að skip skuli forðast að spilla veiðarfærum fiskibáta á þeirra veiðisvæðum og það án tillits til þess, hvort veiðarnar eru stundaðar innan eða utan hinnar venjulegu fiskveiðilögsögu. Það hefur nokkrum sinnum komið fyrir, að þetta hefur verið gert, og þá hafa þeir, sem tjóninu hafa valdið, stöðugt talið sér bera skyldu til að bæta þetta tjón, og að sjálfsögðu, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, kemur ekki annað til mála en að þeir, sem þarna hafa orðið fyrir tjóni, verði að fá fullar bætur. Og þeir, sem bæturnar eiga að greiða endanlega, eru að sjálfsögðu engir aðrir en þeir, sem tjóninu hafa valdið.

En út yfir þetta liggja ekki og hafa ekki legið fyrir alveg fram að þessu þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að gera sér grein fyrir málinu í heild, og sérstaklega hafa ekki legið fyrir fram að þessu upplýsingar um það, hver þáttur brezku herskipanna er í þessu máli öllu. Eftir því sem ég nú rétt nýverið hef heyrt, virðist brezka herskipið hafa komið þarna á vettvang rétt eftir að íslenzku varðskipin komu til aðstoðar fiskibátunum. Brezka herskipið var aðgerðalaust á vettvangi, það reyndi ekki, eftir því sem bezt er vitað, að aðstoða togarana. Fyrstu og einustu aðgerðir þess virðast hafa verið þær, að þegar íslenzka landhelgisgæzlan krafðist þess af herskipinu, að það vísaði brezku togurunum burt af netasvæði bátanna, þá gerði varðskipið þetta. Þetta eru þær upplýsingar, sem fyrir liggja að svo stöddu máli, en að sjálfsögðu þarf að athuga þetta allt nánar. En ég minnist bara á þetta hér, til þess að menn geri sér grein fyrir því, að það er ómögulegt að taka neinar ákvarðanir eða fullyrða neitt í þessu máli, fyrr en tækifæri hefur gefizt til þess að rannsaka allar upplýsingar og finna niðurstöðuna út úr því, enda þótt það sé ljóst þegar í upphafi, að þarna hefur verið framið mjög alvarlegt brot, sem að sjálfsögðu verður að bæta að fullu og frekari ráðstafanir verða að gera út um.

En það er annað atriði, sem hefur ekki komið fram í þessu máli, sem mér finnst fullkomin ástæða til að vekja athygli hér á og út af fyrir sig er fullt eins þýðingarmikill atburður og þessar fólskulegu aðfarir togaraskipstjóranna vestur við Snæfellsnes. Því hefur verið lýst yfir, að Bretar væru að hverfa með sinn fiskiskipa- og herskipaflota burt úr íslenzkri fiskveiðilögsögu, meðan á landhelgisráðstefnunni í Genf stæði. Engu að síður heyrum við það, að einmitt nú þessa sólarhringana eru Bretar að gera ráðstafanir til þess að opna tvö verndarsvæði innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Þessar ákvarðanir tekur brezka ríkisstj. á sama tíma, sem okkur er tjáð, að þeir ætli að víkja héðan í burtu úr 12 mílna fiskveiðalögsögunni, a. m. k. á meðan á Genfarráðstefnunni stendur.

Mér finnast þessar aðgerðir Breta ekki aðeins ósvífnar og ofbeldisfullar, heldur sannast að segja mjög furðulegar. Þeirra ákvörðun um það að víkja burt úr íslenzkri fiskveiðilögsögu, á meðan á Genfarráðstefnunni stendur, getur ekki verið tekin af öðrum ástæðum en þeim, að þeir gera sér ljóst, að þeirra aðferðir við Ísland hafa skaðað þeirra málstað. Á því getur enginn vafi verið. Þess vegna tilkynna þeir heiminum, að þeir ætli nú að hafa frið hér í okkar fiskveiðilögsögu þennan tíma. En á sama tíma er þessi tilkynning þeirra svo mótsagnakennd, að ný verndarsvæði eru opnuð við okkar strendur.

Við skulum vona, að Bretar eigi eftir að komast að þeirri niðurstöðu sjálfir, að allar þeirra aðgerðir við Íslendinga í landhelgismálinu hafa verið þeim sjálfum og þeirra málstað til óþurftar, hafa kastað rýrð á Breta sjálfa, og þeir eigi að hætta þessu athæfi og aldrei að taka það upp aftur. Því fyrr sem Bretar gera sér þetta ljóst, því betra, ekki aðeins fyrir okkur, heldur einnig fyrir þá sjálfa.

Lúðvík Jósefsson: Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. utanrrh. sagði hér nú um málið. Hann sagði, að það lægi ekki ljóst fyrir, hver hefðu verið afskipti hins brezka herskips af þessum atburði, og mér fannst það koma greinilega fram í túlkun hans, að raunverulega hefði, eftir því sem bezt væri vitað, hið brezka herskip ekkert af sér gert í þessum efnum, og skildi ég þetta helzt sem svar við þeirri aths., sem ég gerði hér, þar sem ég taldi, að þessi margföldu lögbrot, sem þarna hefðu átt sér stað, hefðu raunverulega farið fram undir herskipavernd. Í tilefni af þessu vildi ég aðeins benda á það, að eins og blöð skýra frá þessu, — ég hef t. d. fyrir mér Morgunblaðið nú í morgun, — þá er skýrt frá þessu algerlega á annan veg. Þar segir á þessa leið: „Varðskipið Ægir var nærri, en fékk ekkert að gert vegna nærveru hins brezka vígdreka.“ Enda sýnist mér það gefa alveg auga leið, að hér hefur brezkur togari verið að toga innan 12 mílna markanna. Hann er því brotlegur. Hann hefur verið að brjóta aðra reglugerð, sem ég hef minnzt á hér áður, þar sem hann togar beint yfir veiðarfæri báta, sem eru að draga inn veiðarfærin. Íslenzka varðskipið, sem þarna var nærstatt, hefur beinlínis ekki gert skyldu sína, hafi það ekki gert tilraun til þess að taka þennan togara. Mér sýnist það þá rannsóknarefni út af fyrir sig, hafi það verið svo, að okkar varðskip hafi ekki reynt að taka þennan lögbrjót. Og engin önnur ástæða getur þarna legið til þess, finnst mér, að lögbrjóturinn hefur ekki verið handsamaður, en sú, sem blöðin skýra frá og kemur svo vel heim og saman við það, sem við þekkjum af öðrum slíkum atvikum, að brezka herskipið kemur í veg fyrir það, að íslenzka landhelgisgæzlan geti haldið uppi lögum og rétti á þessu svæði, og því er það, að einnig þessa reglugerð, sem ég minntist á og Bretar viðurkenna og eru aðilar að, — þeir láta nú brezkan togara brjóta þessa reglugerð um hábjartan dag og vernda hann með herskipakosti sínum til þess að koma þessum lögbrotum fram.

Ég vænti þess, eins og ég sagði áður, að þetta verði athugað til hlítar, en ég vona líka, að það reynist svo, að það sé réttara, sem fram hefur komið í blöðunum, fremur en hitt, að íslenzka landhelgisgæzlan hafi eitthvað látið á sér standa í þessum efnum að halda uppi lögum og reglu, eins og henni raunverulega ber skylda til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég mun ekki gera að umræðuefni þau atriði, sem þegar er búið að ræða, enda hygg ég, að í höfuðatriðum sé ekki um að tala, að við séum ekki allir sammála því, að ríkisstj. geri allt, sem unnt er, til þess að rétta hag okkar í þessu máli.

Hér hefur nokkuð verið rætt um, hvað sé hægt að gera til að rétta hlut Íslands og sérstaklega til að fyrirbyggja, að svona atburðir endurtaki sig. Augljóst er, að þarna er um að ræða verulega hættu, ekki aðeins varðandi eignir, veiðarfæri og skip, heldur jafnvel líf sjómanna.

Í framhaldi af því, sem menn hafa bent á á þessu sviði, vil ég nefna eitt atriði, hið umdeilda orð áróður. Það hefur komið í ljós af ræðum þeirra manna, sem þegar hafa tekið til máls, að Bretar telja aðgerðir sínar hér við land ekki vera þeim til framdráttar gagnvart almenningsáliti í heiminum. Þess vegna kom að því, að þeir tilkynntu, að þeir mundu draga herskip sín héðan burtu, meðan á Genfarfundinum stendur. En sýnilega hafa togaraeigendur fengið framgengt, að það yrði ekki degi fyrr en ráðstefnan hefst. Það vill svo til, að einmitt núna stendur yfir vetrarvertíð og beztu miðin eru við Suður- og Vesturland. Virðist hið sama hafa gerzt og í fyrra, að togaraeigendur hafa krafizt þess að fá opnuð svæði á þessum beztu miðum og brezk stjórnarvöld látið undan. Þar með hafa Bretar einmitt nú, þegar þeir ætluðu sér að vinna almenningsálit í heiminum með því að fara héðan, meðan

á ráðstefnunni stendur, ráðizt að okkur, þar sem við erum sárastir fyrir, á okkar höfuðmiðum á höfuðvertíð. Með því að þeir ráðast einmitt nú á landhelgina, þar sem hún er viðkvæmust, höfum við öðlazt atriði, sem nauðsynlegt er að heimurinn fái að heyra um. Okkur ætti að vera augljóst, hversu mikil nauðsyn þetta er, þegar við íhugum, hvernig Bretar hafa sjálfir með aðgerðum sínum viðurkennt, að þessi atriði eru þeim andstæð í baráttunni um almenningsálitið.

Það hefur mikið verið um þessa hlið landhelgismálsins talað. Stjórnarvöld okkar hafa yfirleitt í orði sýnt þessu skilning og öðru hverju gripið til aðgerða, sem ég tel að hafi, svo langt sem þær hafa náð, verið mjög í rétta átt. Svo hefur áróður dottið alveg niður af þeirri einföldu ástæðu, að ríkisvald okkar er ekki það langt á veg komið að hafa í gangi áróðursvél, þó að við gætum sannarlega notað hana í þessu tilfelli. Til samanburðar vil ég benda á það, að einmitt þessar vikur fyrir Genfarfundinn hafa brezkir togaraeigendur ákveðið að eyða rúmlega einni millj. kr. í sérstaka blaðaáróðursherferð til undirbúnings ráðstefnunni. Þessi herferð gengur þannig fyrir sig: Útgerðarmenn hafa í þjónustu sinni stórt áróðursfyrirtæki í London, sem heitir Galatzin and Sons, og borga því stórar upphæðir. Sérfræðingar þessa fyrirtækis hafa með fulltrúum togaraeigenda sett saman litprentaðan pésa, mjög fallegan, sem hefur verið dreift út. Síðan hefur aðalefni þessa pésa verið sett saman í auglýsingu, sem fyrst var til byrjunar birt í brezkum blöðum, en nú hefur skotið upp kollinum í grískum blöðum, í portúgölskum blöðum og mjög víða annars staðar. Við sjáum á því, hvaða lönd þeir velja, að þeir vita vel, hvar kann að hafa mesta þýðingu að eyða þessari millj. kr.

Þá vil ég geta þess, að íslenzk blöð og blaðamenn hafa oft kvartað undan því, að þeim berist fréttir af viðburðum á íslenzku miðunum ekki frá íslenzkum yfirvöldum, heldur frá brezkum fréttastofum. Fréttirnar eru fljótari að fara frá herskipunum til Lundúna, gegnum flotamálaráðuneytið til Reuters, um loftskeytastöðvar Reuters út í heim og aftur hingað, heldur en þær eru að berast til blaðanna hér. Þetta gerist svo fljótt, að það skiptir ekki höfuðmáli fyrir blöðin, vegna þess að þau bíða ekki marga daga eftir fréttunum, en þetta gefur auga leið um það, að brezka frásögnin af því, sem gerist, er ekki aðeins langt á undan að komast út í heim, heldur er komin um allan heim, áður en fréttaritarar hér á landi hafa hugmynd um málið og byrja að spyrjast fyrir um, hver sú íslenzka frásögn af atburðinum raunverulega sé. Og við vitum, að lygin kemst norður á Langanes, áður en sannleikurinn sér Elliðaár. Það er mjög erfitt í fréttaheiminum að leiðrétta það, sem einu sinni er komið á kreik, ef menn eru ekki vakandi og koma sínum eigin frásögnum út um heim samsíða þeim, sem andstæðingarnir senda. Á þetta vil ég benda, því að ég tel alveg nauðsynlegt, að landhelgisgæzlan eða aðrir aðilar stjórnarvaldanna hafi miklu nánara og fastara samstarf við þá menn hér á landi (sem eru yfirleitt Íslendingar), sem eru fulltrúar erlendra fréttastofnana, og tryggi það, að þeir hafi eitthvert efni til þess að senda út, eins fljótt og hægt er, um þessa viðburði. Það þarf sérstaklega að vera á verði um það, að höfuðstaðreyndir eins og staðsetning skipa, sem oft ber á milli í erlendum fréttum og innlendum, liggi a. m. k. fyrir, svo og hvert okkar álit er á þessum og þessum atburði.

Ég er þó trúaður jafnvel á blöð í þeim löndum, sem eru okkur andstæðust, að þetta muni geta borið verulegan árangur. Reynsla okkar af starfseminni s. l. sumar, þegar við fengum hingað tugi blaðamanna víða utan úr heimi, sýndi það, að árangurinn var einmitt langsamlega mestur af því að fá hingað brezka blaðamenn. Við verðum þarna að vera á verði og nota okkur þeirra eigin blaða- og útvarpskost, eins og við framast getum.

Ég vil leggja á það höfuðáherzlu, að höfð sé uppi af Íslands hálfu eins mikil og eins ör upplýsingaþjónusta og hægt er.

Það er furðulegt, hvað fram kemur í enskum blöðum um þetta mál. Stórar frásagnir voru nýlega í mörgum enskum blöðum um það, að stýrimaður á togara, ólærður, hefði orðið að setja saman þriggja tommu skurð á höfðinu á enskum sjómanni, sem hafði slasazt. Og af hverju? Af því að þeir gátu ekki farið til íslenzkrar hafnar. Með svona sögum er vísvitandi verið að rægja okkur. Það eru fluttar ræður um þetta mál í Rótarý-klúbbum og ýmsum stofnunum í Englandi. Og einn slíkur ræðumaður fékk það haft eftir sér í enskum blöðum, að hann vonaðist til þess, að Krúsjef leyfði Íslendingum að vera dálitið sanngjarnir í þessum málum framvegis. Þetta eru sýnishorn, og af þeim væri hægt að koma með fjöldann allan, sem sýna, hvað í gangi er. Það þýðir ekki að ganga fram hjá þessum atriðum. Við verðum að vera með á áróðurssviðinu líka.

Ég legg því áherzlu á, að eitt hið allra sterkasta, sem við getum gert í landhelgismálinu til að fyrirbyggja endurtekningu þessara atburða, er að láta heiminn vita, hvað hefur gerzt.

Á 40. fundi í Sþ., 19. apríl, utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Frá því var sagt í fréttum útvarpsins s. l. laugardagskvöld, að á föstudaginn langa hefðu togarar íslenzkir lagt leið sína inn á það svæði, þar sem bátar úr Grindavík leggja net sín, og frá því var skýrt, að þessir togarar hefðu þar valdið usla, sem næmi mörgum milljónum króna. Síðar hefur þetta verið skýrt nánar, að það tjón, sem þarna hafi orðið, muni nema hálfri þriðju milljón kr., þó svo, að ekki muni öll kurl komin þar til grafar. Um þetta athæfi,

sem þarna hefur átt sér stað, þarf ekki að hafa mörg orð. Um það hljóta allir hv. alþm. að vera samdóma. Það athæfi, sem þarna hefur átt sér stað, er í einu orði sagt þjóðarskömm. Um það þarf hér ekki að fjölyrða. En frá því var jafnframt skýrt í þessum fréttum útvarpsins og haft eftir formönnum úr Grindavík, að ég ætla, að þeir höfðu fyrir föstudaginn langa haft samband við forstjóra landhelgisgæzlunnar og að því er mér skildist talið, að hann hefði gefið vilyrði um eða jafnvel fyrirheit um, að netanna mundi verða gætt. Og jafnframt var, að ég held, frá því skýrt, að þessir hinir sömu menn hefðu haft samband við skipherra á einu tilteknu varðskipi og hann hefði jafnframt gefið fyrirheit um það, að netasvæðisins skyldi gætt þennan dag. Nú hefur það hins vegar ekki verið gert, að því er bezt verður séð. Netasvæðisins var ekki gætt þennan dag.

Nú geng ég út frá því sem gefnu, að hæstv. dómsmrh. eða dómsmrn. hafi þegar í stað rannsakað þennan þátt málsins, sem snýr að undirmönnum þeirra í landhelgisgæzlunni, og af því tilefni vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort það sé rétt hermt í fréttum útvarpsins, sem sagt var um viðtöl formanna í Grindavík við landhelgisgæzluna, forstjóra hennar og skipherra eins tiltekins varðskips. Í öðru lagi: Ef það er rétt, hverju sætir það þá, að netasvæðisins var ekki gætt, og hver ber þar ábyrgð á, forstjóri landhelgisgæzlunnar eða skipherrann á þessu tiltekna varðskipi? Og í þriðja lagi: Hefur dómsmrh. gert eða hyggst hann gera einhverjar ráðstafanir gagnvart þeim opinberu starfsmönnum, sem hér eiga hlut að máli? Ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh. geti gefið þingheimi upplýsingar um þessi atriði. Það eru atriði, sem þjóðin á heimtingu á að fá að vita sem gleggst skil á. Hún á heimtingu á að fá að vita, ef hér er um að ræða einhverja vanrækslu hjá þessum opinberu starfsmönnum, sem þarna er um að ræða. En ef það er ekki og ef eitthvað er mishermt í þessu viðtali, sem ég hef greint hér frá, og þeir eru þar hafðir fyrir rangri sök, þá eiga þeir menn, skipherrann og forstjóri landhelgisgæzlunnar, heimtingu á því, að þeir séu þegar í stað hreinsaðir af því.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í framhaldi af orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. eða annan þann ráðh., sem kynni að vilja svara þeirri fsp., hvort þeir, sem hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, útgerðarmenn og sjómenn úr Grindavík, vegna íslenzku togaranna á föstudaginn langa, geti gert sér vonir um það, að ríkisstj. muni gera einhverjar ráðstafanir til þess, að þeir fái tjón sitt bætt.

Fyrir nokkrum vikum var rætt hér á hv. Alþ. um svipaðan atburð. Það var þegar brezkir togarar spilltu netum Ólafsvíkurbáta á veiðisvæði þeirra. Þá var því lýst yfir af hæstv. dómsmrh., að ég hygg, að Íslendingarnir mundu fá það tjón, sem þeir höfðu beðið, bætt og það yrði greitt úr ríkissjóði.

Mér er kunnugt um, að um 12 bátar úr Grindavík hafa tapað að meira eða minna leyti netum sínum á föstudaginn langa, þegar íslenzku togararnir ösluðu yfir veiðisvæði þeirra og hlífðu þar engu, enda þótt netin væru greinilega merkt og ágætisveður væri, þannig að skipstjórunum á togurunum hefði verið mjög auðvelt að sjá, hvar net voru fyrir. Ég sé ekki, að neinn eðlismunur sé á því, þótt í þetta skipti séu það íslenzkir togarar, sem valda tjóni á netum fiskibátanna, en í hinu tilfellinu voru það brezkir togarar. Ég tel, að ríkissjóður eigi í þessu tilfelli eins og í hið fyrra skipti að bæta það tjón, sem hér hefur orðið, því að eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um, var áður búið að biðja landhelgisgæzluna og yfirstjórn varðskipanna — eða yfirmenn þeirra — að gæta svæðisins, þar sem Grindvíkingar höfðu þá nokkrum dögum áður orðið þess varir, að íslenzkir togarar voru að toga fast upp að netasvæði þeirra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að um það þurfi ekki að efast, að hv. alþm. séu sammála um, að sá atburður, sem gerðist á föstudaginn langa í Grindavíkursjó, sé til leiðinda og eins og komizt var að orði hér áðan: til skammar. Hér hefur veiðarfærum verið spillt, og það má vera, að það sé út af einhverjum misskilningi milli aðila, að svo hefur orðið. Ég hef rætt við forstjóra landhelgisgæzlunnar um þessi mál í morgun, og það er auðheyrt á því, sem hann hefur hér um að segja, að hér er vægast sagt um misskilning að ræða. Forstjóri landhelgisgæzlunnar hefur vakið athygli á þeim erfiðleikum, ef landhelgisgæzlan ætti að taka að sér að gæta neta báta alla leið frá Vestmannaeyjum og hér vestur á Snæfellsnes, því að það eru net í sjónum alla þessa leið, — að það hlyti að vera miklum erfiðleikum bundið. Tjónið á netum Grindvíkinganna átti sér stað um 10 mílur undan landi, og það er talið, að það sé nú sjaldan, sem þeir leggi svo djúpt. En þetta mál er í rannsókn, og það er ekki hægt á þessu stigi málsins að fullyrða um það, hvort hér er um sök að ræða hjá landhelgisgæzlunni. Til þess vantar þá rannsókn, sem hlýtur fram að fara í málinu. Og þá þarf einnig að rannsaka það, hvort fullyrðingar formanna af bátum í Grindavík um það, að þeim hafi verið lofað vernd, eru á rökum reistar. Þetta er mikill leiðindaatburður, og það verður að rannsaka málið til hlítar, og er ekki heldur heppilegt, að það skyldi eiga sér stað einmitt nú, að íslenzkir togarar séu innan við 12 mílurnar að fiska. Það gæti á vissum stöðum valdið misskilningi, enda þótt þeir hafi ekki verið í landhelgi. Þeir hafa á þessum tíma rétt til þess að fiska inn að 8 mílunum hér við Suðurlandið, og við, sem þekkjum lítið til þessara mála margir, við skiljum ekki, hvernig stendur á því, að íslenzkir togarar hafa rétt til þess að fiska innan við 12 mílurnar. Og ef

sá réttur hefði ekki verið gefinn, þá hefði þetta mál ekki komið fyrir. En það er önnur saga.

Hér hefur gerzt leiðindasaga, sem verður að rannsaka til fulls, og hún er ekki að öllu leyti hliðstæð því, sem gerðist við Snæfellsnes. Hún er ekki að öllu leyti hliðstæð því, ekki vegna þess, að það voru brezkir togarar þar, en íslenzkir hér fyrir sunnan, heldur vegna þess, að brezku togararnir voru í landhelgi, þegar þeir gerðu spjöllin hjá Ólafsvíkurbátum, en íslenzku togararnir á föstudaginn langa voru ekki í landhelgi, og það er vitanlega reginmunur.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins gefa ákveðið loforð um, að Grindvíkingar fái tjónið bætt. Ég geri mér hins vegar fyllilega ljóst, að þetta er mjög tilfinnanlegt tjón, og ég tel ýmis rök hníga að því, að þeir eigi að fá tjónið bætt. En málið þarf áreiðanlega að rannsaka, áður en loforð eru um það gefin.

Það má vel vera, að Grindvíkingar hafi svo hreinan skjöld í þessu máli, að þeir eigi ekki aðeins siðferðilega kröfu, heldur jafnvel lagalega kröfu á bótum, og þá þarf ekkert um það að deila. En ef það ætti sér nú stað, sem mörgum finnst ólíklegt, að þeirra fullyrðingar séu vægast sagt á misskilningi byggðar, þá hafa þeir misst lagalega réttinn, en siðferðilega réttinn kunna þeir eigi að síður að hafa. Og þá er það vitanlega matsatriði, hvort þeim skuli bætt þetta tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, og verður áreiðanlega tekið til vinsamlegrar athugunar á síðara stigi. En það, sem ég vil segja um þetta og tel ekki ástæðu á þessu stigi málsins að fjölyrða þar um, er það, að þetta mál verður auðvitað rannsakað til hlítar og reynt að fá sannleikann upp í þessu máli. Og þessi leiðindasaga, sem nú hefur gerzt, ætti að vera til þess að kenna okkur að búa þannig um hnútana eftirleiðis, að atburðir eins og þessi eigi sér ekki stað aftur.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör, sem hann gaf hér áðan. En í einu atriði get ég ekki verið sammála honum, og það er þegar hann segir, að í sambandi við bótaréttinn skipti það meginmáli, hvort togararnir séu í landhelgi eða ekki í landhelgi. Það eru í gildi reglur um verndun veiðarfæra, og hvort sem togarar valda tjóni á veiðarfærum innan landhelgi eða utan, ef þeir gera það af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, þá á að bæta það tjón, sem þeir, sem veiðarfærin eiga, verða fyrir.

Ég tel í þessu tilfelli, að um hliðstæðu sé að ræða að því leyti, að bæði gagnvart Ólafsvíkurbátunum og Grindavíkurbátunum hefur af hreinum ásetningi verið valdið tjóni á veiðarfærum netabáta, og ef ríkissjóður teldi sér skylt að bæta Ólafsvíkurbátum það tjón, sem þeir urðu fyrir af þessum ástæðum, þá tel ég, að hann hljóti alveg eins að verða að bæta Grindavíkurbátum það tjón, sem þeir urðu fyrir í þessu tilfelli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vona, að hv. 4. þm. Reykn. hafi ekki heyrt skakkt áðan. Ég sagði ekkert um það, að Grindavíkurbátum yrði ekki bætt tjónið. Ég sagði aðeins það, að ég vildi ekki á þessu stigi málsins gefa loforð um, að það yrði gert. Ég vildi láta rannsókn fara fram í þessu máli áður, til þess að það kæmi fram, hvort Grindvíkingar hefðu bæði siðferðilegan og lagalegan rétt til þessarar kröfu. Og ég einmitt undirstrikaði það, að jafnvel þótt þeir hefðu ekki lagalegan rétt, þá mætti svo fara, að þeir fengju eigi að síður bætur út á siðferðilega réttinn.

Ég vil aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning taka enn fram, að þótt ég á þessu stigi málsins gefi Grindvíkingum ekki loforð um bætur, þá má vera, að þeir fái bætur eigi að síður, ekki sízt ef rannsóknin á þessu máli verður þeim í vil.

Það er svo aftur á móti aukaatriði í þessu máli, þótt ég eins og hv. 4. þm. Reykn. vilji ekki segja, að það sé alveg sambærilegt, það sem gerðist hjá Ólafsvíkurbátum og Grindavíkurbátum, þar sem Bretarnir voru innan landhelgi, þegar þeir ollu tjóninu. Og óþarflega finnst mér og of fast að orði kveðið hjá hv. 4. þm. Reykn., þegar hann segir hér og fullyrðir alveg, að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi. Ég vil ekki fullyrða það, og ætla ég þó ekki að bera í bætifláka fyrir íslenzku togarana, sem ollu tjóninu. En ég vil ekki á þessu stigi málsins fullyrða það, að þeir hafi eyðilagt netin af ásetningi. Ég vil miklu heldur trúa því, að þeir hafi ekki séð merki á veiðarfærunum, ekki vitað, að það voru net undir, þar sem þeir voru að toga, og ég vil, að rannsóknin leiði í ljós, hvort mín skoðun er að þessu leyti réttari eða fullyrðing hv. 4. þm. Reykn. Og ég held, að málstaðurinn batni ekkert við það, þó að við séum með fullyrðingar, sem vantar allar sannanir fyrir. Ég vil miklu frekar ætla það, að íslenzkir togaraskipstjórar, þegar þeir voru að toga á þessu 10 mílna belti, hafi ekki vitað af netunum, heldur en þeir hafi af ásetningi togað yfir netin, vitandi vits eyðilagt milljónaverðmæti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þegar ég hreyfði mínum fsp., lét ég þess getið, að ég ætlaði ekki að fara að ræða þetta mál hér almennt, og ég ætla ekki að fara að gera það heldur nú. En þó hafa komið hér fram atriði hjá hæstv. ráðherra, sem gætu gefið tilefni til þess einmitt að ræða þetta mál meira almennt, því að það er auðvitað rétt, sem hann benti á, að það fer ekki hjá því, þegar svona atburðir ske, að þá fari maður að hugsa um, hvort raunverulega hafi verið ástæða til þess og hversu heppilegt það sé og hvort það hafi ekki alltaf verið skaðlegt, eins og við margir höfðum haldið, að leyfa íslenzku togurunum að veiða innan við þau mörk, sem sett voru. Og það fer ekki hjá því, að atburður sem þessi geti leitt til þess, að þau ákvæði verði tekin

til endurskoðunar. En um það mál er ekki ástæða til að ræða hér frekar á þessu stigi, að mér finnst, það þarf nánari athugunar við. Og ég skil það ákaflega vel hjá hæstv. ráðh., að hann sé ekki við því búinn hér að gefa yfirlýsingar um það, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á því fjártjóni, sem þarna hefur átt sér stað.

Ég verð að segja það, að eftir því sem sagt hefur verið frá þessu, þá getur í mínum huga ekki verið neinn vafi á því, að þarna er um skaðabótaskyldan verknað að ræða, vegna þess að skipstjórarnir á togurunum eru auðvitað skaðabótaskyldir, þó að það sé ekki ásetningur hjá þeim að eyðileggja netin, heldur eru þeir skaðabótaskyldir, ef það er gáleysi hjá þeim, og það getur engum, held ég, blandazt hugur um, að þarna hefur átt sér stað, svo að vægt sé að orði kveðið, stórkostlegt gáleysi. Það er þess vegna að mínum dómi enginn vafi á því, að skipstjórarnir á togurunum bera ábyrgð á því tjóni, sem þarna hefur átt sér stað, og vitaskuld er það ekki nema réttmætt, að þeir séu sóttir til saka og látnir greiða bætur. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að þeir geta verið misjafnir borgunarmenn, og þess vegna hefur það sína þýðingu, hvort ríkissjóður ber þarna bakábyrgð á eða ekki. En það endurtek ég, að ég skil það mætavel hjá hæstv. ráðherra, að hann sé ekki við því búinn á þessu stigi málsins að gefa yfirlýsingar um það efni. Á hinn bóginn beindi ég til hans alveg ákveðnum spurningum um alveg ákveðin atriði, sem ég taldi víst að hann væri búinn að kynna sér, og það kom líka á daginn, að það hafði hann þegar gert. Hann hafði þegar kallað fyrir sig forstjóra landhelgisgæzlunnar og athugað málið. Ég dreg ekki í efa, að það geti verið erfitt að gæta netasvæðis hér fyrir ströndum landsins, það efast ég ekki um að sé rétt hjá forstjóra landhelgisgæzlunnar. Það má vel vera, að það sé svo erfitt, að það sé enginn vegur fyrir landhelgisgæzluna að taka það að sér. Ég spurði ekki að því, hvort það væri erfitt, — ég spurði að því, hvort það væri rétt haft eftir Grindvíkingum, að forstjóri landhelgisgæzlunnar hefði gefið þeim vilyrði eða fyrirheit um að gæta netasvæðisins. Hafi hann gert það, átti hann að gera það eða láta gera það, hvort sem það er erfitt eða ekki erfitt. Og það er þetta, sem ég spurði um, og það er þetta, sem hæstv. ráðherra hlýtur fyrst og fremst að hafa spurt forstjóra landhelgisgæzlunnar um, og þess vegna hlýtur hæstv. ráðherra að geta svarað þessu alveg skýrt og skorinort: Er það rétt, að forstjóri landhelgisgæzlunnar hafi gefið fyrirheit um það, að netasvæðisins skyldi gætt þennan dag? Og sömuleiðis hlýtur hann að hafa kannað, hvort það sé rétt, að skipherra á tilteknu varðskipi hafi gefið þetta fyrirheit.

Um þetta er spurt, og mér skildist óbeint af því, sem hæstv. ráðherra sagði, að það mundi vera á þá leið, að forstjóri landhelgisgæzlunnar kannaðist ekki við að hafa gefið þetta fyrirheit. Ef það er svo, þá á það að koma alveg hreint fram, að það sé þannig, að forstjóri landhelgisgæzlunnar kannist ekki við það að hafa gefið þetta fyrirheit, og ef það er svo, þá á vissulega rannsókn í málinu að fara fram. Hæstv. ráðherra sagði, að rannsókn færi fram í málinu. Ég spyr þá af því tilefni og breyti þá ofur lítið fyrri spurningu minni: Er þá rannsókn á þessum þætti málsins byrjuð, og hver er sú rannsókn og hvar fer hún fram?

V. Minning látinna fyrrverandi alþingismanna.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., mælti

forseti (FS): Gísli Sveinsson fyrrum sendiherra og alþingismaður andaðist í landsspítalanum í fyrradag, mánudaginn 30. nóv., tæpra 79 ára að aldri. Við fráfall hans á þjóð vor á bak að sjá merkum embættis- og stjórnmálamanni, sem vann henni af heilum hug á löngum æviferli.

Gísli Sveinsson fæddist 7. des. 1880 að Sandfelli í Öræfum. Foreldrar hans voru Sveinn Eiríksson prestur þar og alþm. og kona hans, Guðríður Pálsdóttir prófasts og þjóðfundarmanns í Hörgsdal Pálssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1903 og embættisprófi í lögum við Kaupmannahafnarháskóla árið 1910. Á háskólanámi sínu gerði hann nokkurt hlé sökum heilsubrests á árunum 1906—1907, dvaldist þá á Akureyri og var um skeið settur bæjarfógeti þar og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu. Að námi loknu varð hann yfirdómslögmaður í Reykjavík og sinnti þeim störfum til ársins 1918. Sýslumaður í Skaftafellssýslum var hann meginhluta starfsævi sinnar, á tímabilinu 1918—1947, og bjó í Vík í Mýrdal. Á árinu 1947 var hann skipaður sendiherra Íslands í Noregi með aðsetri í Osló, og gegndi hann því embætti fram á árið 1951, er hann lét af störfum sökum aldurs. Upp frá því átti hann heimili í Reykjavík og vann að ýmsum hugðarmálum sínum.

Skólaár Gísla Sveinssonar voru miklir umbrotatímar í íslenzkum þjóðmálum. Á fyrsta háskólavetri hans var náð merkum áfanga í sókn þjóðarinnar fram til sjálfstæðis, er Ísland fékk heimastjórn. En baráttunni var haldið áfram, og Gísli Sveinsson skipaði sér ótrauður þar í fylkingu, sem fyllstar kröfur voru gerðar um skilnað við Dani og algert sjálfstæði landsins. Á Hafnarárum sínum gekk hann í lið með þeim, sem flytja vildu starfsemi Hins íslenzka bókmenntafélags að fullu heim til Íslands, og sótti það mál til sigurs. Á Akureyri var hann ötull samherji Guðmundar Hannessonar í sjálfstæðisbaráttunni, og varð þeim gott til liðs.

Fram undan voru miklir sigrar, og jafnan var Gísli Sveinsson framarlega í fylkingu þeirra, sem unnu að sjálfstæði landsins og stóðu um það vörð.

Þegar Gísli Sveinsson kom heim að loknu námi, hafði hann getið sér orð fyrir framgöngu sína í sjálfstæðisbaráttunni. Upp frá því voru honum falin mörg trúnaðarstörf fyrir land og þjóð jafnframt embættisstörfum. Hann var ráðinn málflutningsmaður Landsbanka Íslands 1912—1918, skipaður í milliþn. um Flóaáveitu 1916 og í milliþn. um bankamál 1937, en fékk lausn úr henni. Hann átti sæti í Landsbankanefnd 1934—1945, var kosinn í dansk-íslenzku ráðgjafarnefndina 1938 og í milliþn. um póstmál 1943. Hann var formaður milliþn. um stjórnarskrármálið 1942—1947 og átti sæti í Alþingissögunefnd, meðan hún starfaði, 1943—1956. Hann vann mikið starf að málum hinnar íslenzku þjóðkirkju, sat í kirkjuráði frá stofnun þess, 1931, var forgöngumaður og forseti almennra kirkjufunda og tók sæti á hinu nýstofnaða kirkjuþingi 1958. Hann var formaður Félags héraðsdómara 1941—1947 og heiðursforseti þess síðan. Á Alþingi átti hann sæti á árunum 1916—1921 og 1933—1947, sat á 27 þingum alls og var lengst af þeim tíma þm. Vestur-Skaftfellinga. Forseti sameinaðs Alþingis var hann 1942 og 1943—1945. Hann var í forsæti á hinum hátíðlega fundi að Lögbergi á Þingvöllum 17. júní 1944, er lýðveldi var sett á stofn.

Hugðarmál Gísla Sveinssonar voru sjálfstæðismál íslenzku þjóðarinnar og kirkjumál, og hann var gæddur hæfileikum til að vinna þeim málum mikið gagn. Hann var rökfastur ræðumaður, vel máli farinn og sókndjarfur, en gætti þó jafnan hófs í málflutningi. Í embætti var hann röggsamur og vandur að virðingu sinni. Hann var lengi forvígismaður Skaftfellinga, vann ötullega að málum þeirra í héraði og á Alþingi og naut ástsældar og virðingar héraðsbúa. Hann var rausnarmaður heim að sækja, og gott þótti Íslendingum að leita til hans, þegar hann var fulltrúi þjóðarinnar í Noregi.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast hins látna merkismanns með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 34. fundi í Sþ., 4. apríl, mælti

forseti (SÁ): Jónas Kristjánsson læknir og fyrrum alþingismaður andaðist í Hveragerði í gær, sunnudaginn 3. apríl, tæplega níræður að aldri.

Jónas Kristjánsson fæddist á Snæringsstöðum í Svínadal 20. sept. 1870. Foreldrar hans voru Kristján bóndi þar Kristjánsson og kona hans, Steinunn Guðmundsdóttir bónda í Kirkjubæ í Norðurárdal Ólafssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1896 og embættisprófi við læknaskólann í Reykjavík 1901. Að loknu embættisprófi var hann um skeið við framhaldsnám í Kaupmannahöfn. Hann var skipaður héraðslæknir á Fljótsdalshéraði 1901 og gegndi því embætti fram til 1911. Héraðslæknir í Sauðárkrókshéraði var hann 1911—1938. Eftir þann tíma átti hann lengst af heimili í Reykjavík, stundaði hér lækningar og vann að framgangi hugðarmála sinna. Síðustu ár ævinnar dvaldist hann á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, var læknir hælisins fyrst í stað og átti þar síðan heimili sitt.

Jónas Kristjánsson varð landskjörinn þingmaður við kosningar 1926 og átti sæti á Alþingi á árunum 1927—1930, sat á fjórum þingum. Á þingi sinnti hann einkum læknamálum og heilbrigðismálum, en lét sig einnig landbúnaðarmál allmiklu varða. Hann var forseti Framfarafélags Skagfirðinga 1914—1938, stofnaði Náttúrulækningafélag á Sauðárkróki 1937 og var einn af forustumönnum Náttúrulækningafélags Íslands frá 1939 til dauðadags.

Jónas Kristjánsson var um tvítugt, þegar hann hóf skólanám, og rúmlega þrítugur, þegar skólagöngu lauk. En starfsævi hans varð löng og starf hans mikið. Hann hóf læknisstörf sín í erfiðu héraði við léleg starfsskilyrði. Hann bjó þar eystra lengst af á Brekku í Fljótsdal og þurfti oft að fara lækningaferðir yfir Fljótsdalsheiði að vetrarlagi. Einatt var þar erfið aðstaða til skurðlækninga í slæmum húsakynnum. En Jónas Kristjánsson var farsæll læknir og vel látinn. Hann sinnti störfum sínum af áhuga og hélt áfram námi, þó að skólagöngu lyki, fór mörgum sinnum til útlanda til að kynna sér lækningar og heilbrigðismál. Á miðjum aldri fór hann að boða hér nýjar leiðir í heilbrigðismálum, heilsuvernd með sérstöku mataræði. Eftir að hann lét af embættisstörfum tæplega sjötugur að aldri, helgaði hann starf sitt að mestu útbreiðslu þeirrar kenningar. Hann hafði mikið starfsþrek langt fram á níræðisaldur, og honum varð mikið ágengt. Með aðstoð félaga sinna í Náttúrulækningafélagi Íslands og fulltingi margra annarra tókst honum að reisa af grunni heilsuhæli, þar sem starfað er að heilsuvernd eftir hinum nýju leiðum náttúrulækningamanna, og afla lækningum þar opinberrar viðurkenningar. Sú stofnun verður bezt vitni um árangur starfa hans á síðari hluta ævinnar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jónasar Kristjánssonar læknis með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

VI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 5. fundi í Sþ., 2. des., mælti

forseti (FS): Svofellt bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Birni Pálssyni, 5. þm. Norðurl. v.:

„Þar sem mér er ókleift vegna veikinda heima fyrir að gegna þingstörfum næstu vikur, óska ég þess hér með, að varamaður minn, Jón Kjartansson forstjóri taki í minn stað sæti á Alþingi frá og með 2. des.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Kjörbréf varaþingmannsins liggur hér fyrir, og verður gert fundarhlé í 10 mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Jón Kjartansson forstjóra, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra. N. fann ekkert athugavert við kjörbréfið. Kjörbréfanefnd samþykkti því einróma að leggja til, að kosningin yrði tekin gild og kjörbréfið yrði samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jón Kjartansson, undirritaði því næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 6. fundi í Sþ., 3. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur svo hljóðandi bréf borizt:

„Reykjavík, 1. des. 1959. — Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Hannibal Valdimarssyni, 4. landsk. þm.:

„Með því að ég er á förum til útlanda í nauðsynjaerindum og verð fjarverandi um hálfs mánaðar skeið, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Varaþm. hv. 4. landsk. þm., Páll Kristjánsson, mun vera kominn til þings, og hefur kjörbréf hans borizt. Verður nú 10 mínútna fundarhlé, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hv. kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Páls Kristjánssonar, en hann hlaut 1. varauppbótarþingsæti Alþb. N. hefur og athugað kjörgögn og mælir með, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Páll Kristjánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., mælti

forseti (FS): Svofellt bréf hefur borizt frá hæstv. forseta Nd.:

„Neðri deild, 28. jan. 1960. — Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Ingimundarsyni, 4. þm. Norðurl. v.:

„Það tilkynnist yður hér með, herra forseti neðri deildar, að ég mun ekki vegna embættisanna geta mætt til þingsetu fyrst um sinn. Eru það tilmæli mín, að Jón Pálmason bóndi, Akri, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“ — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörgögn þau, sem fyrir lágu úr Norðurlandskjördæmi vestra í sambandi við það bréf, sem borizt hefur frá forseta Nd. um, að Jón Pálmason bóndi á Akri, sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, taki sæti Einars Ingimundarsonar í forföllum hans. Kjörbréfanefnd samþykkti einróma að mæla með samþykkt kjörbréfsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 1. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur svofellt bréf borizt:

„Neðri deild, 1. febr. 1960. — Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Birni Fr. Björnssyni, 4. þm. Sunnl.:

„Herra forseti. — Sakir veikinda mun ég ekki geta sótt fundi Alþingis á næstunni, og óska ég þess vegna, að varamaður minn verði hið fyrsta kvaddur til þingstarfa í minn stað.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf varaþingmanns, Helga Bergs, og verður nú gert hlé á fundinum í 10 mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf Helga Bergs verkfræðings sem 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, sem óskað er eftir að taki sæti Björns Björnssonar sýslumanns, 4. þm. Sunnl., sem getur ekki sótt þing um skeið vegna forfalla. Eftir að kjörbréfanefnd hefur athugað þau gögn, sem fyrir lágu, leggur hún einróma til, að kosningin sé tekin gild og að kjörbréfið sé samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Helgi Bergs, undirritaði því næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 13. fundi í Sþ., 5. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá forseta Ed.:

„Reykjavík, 4. febr. 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Emil Jónssyni, formanni þingflokks Alþýðuflokksins:

„Þar sem Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv., er veikur og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu vikur, er þess hér með óskað eftir beiðni hans með skírskotun til 138. gr. kosningalaganna, að varamaður hans, frú Katrín Smári, taki sæti hans á Alþingi í veikindaforföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf varaþingmannsins, Katrínar Smára, og verður nú gert hlé á fundinum í allt að 10 mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis hefur gefið út hinn 26. okt. s. l. kjörbréf til handa frú Katrínar Smára sem fyrsta varaþingmanns Alþýðuflokksins. Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og hefur ekkert við það að athuga og leggur til einróma, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Katrín Smári, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 19. fundi í Sþ., 29. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svofellt bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 29. febr. 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf.:

„Með því að mér er nauðsynlegt að takast á hendur ferðalag til útlanda, sumpart í opinberum erindum og sumpart í erindum fyrir útveginn, og að ferðin muni taka nokkrar vikur, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit, að þér, herra forseti neðri deildar Alþingis, veitið mér fjarvistarleyfi um óákveðinn tíma. Jafnframt óska ég þess, að herra ritstjóri Sigurður Bjarnason, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis til handa varaþingmanni Sigurði Bjarnasyni. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þann 28. októbermánaðar s. l. gaf yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis út kjörbréf til handa Sigurði Bjarnasyni sem fyrsta varaþingmanni Sjálfstfl. í því kjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og hefur ekkert við það að athuga, mælir með því, að það verði tekið gilt. Og til frekari áherzlu vil ég segja það sem frsm. nefndarinnar:

Á varamönnum er vaxandi trú,
vonirnar hafa þeir með sér.
Sigurður vinur er sigurviss nú,
sæti tekur að nýju hér.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 14. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svolátandi bréf:

„Reykjavík, 12. marz 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Jónasi Péturssyni, 3. þm. Austf.:

„Þar sem mér er nauðsynlegt vegna aðkallandi starfa hjá tilraunabúinu á Skriðuklaustri, sem ég hef stjórn á, að fara af þingi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að fara þess á leit, að varamaður minn, Einar Sigurðsson útgerðarmaður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt

með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf til handa Einari Sigurðssyni útgerðarmanni sem varamanni í Austurlandskjördæmi. Hlé verður nú gert á fundinum í allt að tíu mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Með því að hv. 3. þm. Austf. víkur nú af þingi og hefur óskað þess í bréfi til hæstv. forseta, að varaþingmaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Einar Sigurðsson útgerðarmaður, taki sæti hans í fjarveru hans, hefur kjörbréfanefndin athugað kjörbréf varamannsins og ekkert fundið við það athugavert. N. leggur því einróma til, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Einar Sigurðsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 23. fundi í Sþ., 15. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur svo hljóðandi bréf borizt:

„Reykjavík, 14. marz 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Emil Jónssyni alþingismanni:

„Þar sem Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra mun næstu vikur sem formaður íslenzku sendinefndarinnar sitja ráðstefnu í Genf um réttarreglur á hafinu, leyfi ég mér hér með samkvæmt beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að varamaður hans, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf til handa varaþingmanni Unnari Stefánssyni, gefið út af landskjörstjórn 9. nóv. 1959.

Þá hefur sömuleiðis borizt hér bréf frá forseta Ed. á þessa leið:

„Reykjavík, 14. marz 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Hermanni Jónassyni, 2. þm. Vestf.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun næstu vikur sitja ráðstefnu í Genf um réttarreglur á hafinu, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að varamaður minn, Bjarni Guðbjörnsson bankastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með þessu bréfi fylgir kjörbréf til handa varaþingmanni Bjarna Guðbjörnssyni, gefið út af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Gert verður hlé á fundinum í nokkrar mínútur, allt að 10—15 mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar þessi kjörbréf. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og rætt þau erindi, er forseti áðan skýrði frá að fyrir fundinum lægju: Í fyrsta lagi kjörbréf Unnars Stefánssonar viðskiptafræðings, sem óskað er að mæti sem varamaður Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem nú situr fund um réttarreglur á hafinu sem formaður íslenzku sendinefndarinnar í Genf. Og í öðru lagi bréf frá forseta Ed., þar sem farið er fram á, að Bjarni Guðbjörnsson bankastjóri taki sæti Hermanns Jónassonar, 2. þm. Vestf., er situr fund sömu ráðstefnu.

Fyrir fundinum lágu kjörbréf beggja þessara varamanna, og mælir n. einróma með, að kosning þeirra sé tekin gild og að kjörbréf þeirra verði samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Bjarni Guðbjörnsson og Unnar Stefánsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 24. fundi í Sþ., 16. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 16. marz 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Bjarna Benediktssyni, 1. þm. Reykv.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun næstu vikur sitja ráðstefnu í Genf um réttarreglur á hafinu, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að 2. varamaður minn, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni, þar sem 1. varamaður, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, mun einnig sitja ráðstefnuna."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf til handa Geir Hallgrímssyni, varaþingmanni, gefið út af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis.

Verður nú gert fundarhlé í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en óskað hefur verið eftir því, að hann taki sæti á Alþ. í fjarveru hæstv. dómsmrh. Bjarna Benediktssonar. Nefndin hefur ekkert séð athugavert við kjörbréfið og leggur því einróma til, að kosning varaþingmannsins verði samþ. og kjörbréfið tekið gilt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Geir Hallgrímsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 26. fundi í Sþ., 17. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 16. marz 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Lúðvík Jósefssyni, 4. þm. Austf.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun næstu vikur sitja ráðstefnu í Genf um réttarreglur á hafinu, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að varamaður minn, Ásmundur Sigurðsson bankafulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út til handa Ásmundi Sigurðssyni fyrrv. alþm. sem varaþm. Alþb. af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

Verður nú gert hlé á fundinum í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ásmundar Sigurðssonar, varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, og mælir einróma með, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 23. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SÁ): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Ed., dags. í gær, svo hljóðandi:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Friðjóni Skarphéðinssyni, 5. landsk. þm.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til starfa í mannréttindanefnd Evrópu í Strasbourg og verð fjarverandi um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. kosningalaga að fara þess á leit, að varamaður minn, Pétur Pétursson fyrrv. alþm., taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar."

Þá liggur fyrir kjörbréf herra Péturs Péturssonar fyrrv. alþm. útgefið af landskjörstjórn.

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar og fresta því fundi í nokkrar mínútur, á meðan sú athugun fer fram.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörgögn landskjörins varaþm., Péturs Péturssonar fyrrv. alþm., og var samþ. á fundi hennar einróma nú að mæla með því, að kosningin yrði tekin gild og kjörbréf Péturs Péturssonar samþykkt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur verið lagt hér fram kjörbréf, sem landskjörstjórn hefur gefið út handa Pétri Péturssyni fyrrum alþm., og samkvæmt því er hann 2. varamaður landskjörinna þm. Alþfl. Þessi maður var, ef ég man rétt, í 2. sæti á framboðslista Alþfl. í Vesturlandskjördæmi í síðustu kosningum, og mér þykir því trúlegt, að yfirkjörstjórn í Vesturlandskjördæmi hafi gefið út handa honum kjörbréf sem varaþm. fyrir Alþfl. í því kjördæmi. Samkvæmt þessu lítur út fyrir, að varamenn geti haft í höndum tvö kjörbréf eftir kosningar, bæði sem varamenn landskjörinna þm. og einnig sem varamenn kjördæmakjörinna þm. Ég er ekkert að segja um það, að þetta sé í ósamræmi við kosningalögin, — ég hef ekkert athugað það sérstaklega, — og er ekki að halda því fram, að t. d. landskjörstjórn hafi misskilið lögin, þegar hún gaf út þetta kjörbréf handa manni, sem vafalaust hefur verið búinn að fá annað, eins og ég gat um, áður en landskjörstjórn úthlutaði sætum. En ég vildi aðeins spyrja hv. kjörbréfanefnd, hvort hún hefði athugað þetta atriði sérstaklega og komizt að raun um, að þetta væri allt í fullu samræmi við lög.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get aðeins tekið það fram í sambandi við þessa athugasemd hv. 1. þm. Norðurl. v., að um þetta atriði út af fyrir sig, er hann spurðist fyrir um, fjallaði n. ekki. Hún fjallaði aðeins um það atriði, hvort ekki væri löglega út gefið kjörbréf til handa Pétri Péturssyni sem 2. varaþm. landsk. þm. Alþfl., og mælti, eins og ég sagði áðan, einróma með því, að

það yrði tekið gilt. Hins vegar rekur mig minni til þess, að á s. l. sumri, þegar kosningalögin og kjördæmabreytingin voru hér til umr. á hæstv. Alþ., þá var út frá því gengið, að skilja bæri lögin svo, en það þótti sýnt, að það gæti komið fyrir í mörgum kjördæmum, að sami maðurinn væri í senn varaþm. í sínu kjördæmi og jafnframt varamaður landskjörinna þingmanna síns flokks. Þetta er a. m. k. mitt persónulega álit, án þess að um það hafi sérstaklega verið fjallað í n. Ég veit um sönnur á því, að Pétur Pétursson hefur fengið varamannsbréf frá kjörstjórn Vesturlandskjördæmis sem 1. varamaður Alþfl. í því kjördæmi, og fyrir liggur, að landskjörstjórn hefur hér gefið út kjörbréf til handa honum sem öðrum varaþm. landskjörinna þm. Alþfl. Þetta fer að mínu viti, án þess að n. hafi sem heild tekið afstöðu til þessa atriðis, ekki í bága við gildandi lög, og mér er kunnugt um, að þannig er ástatt í fleiri flokkum, sem landskjörna þm. eiga hér á Alþingi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af því, sem frsm. kjörbréfanefndar sagði, vil ég taka það fram, að ég man ekki eftir því, að um þetta mál væri rætt sérstaklega á síðasta þingi, þegar þessi mál voru til meðferðar. Það getur vel verið eigi að síður, að það hafi verið gert, og hugsanlegt, að það hafi þá verið í þeirri þingdeild, þar sem ég átti ekki sæti. — En út af því, sem hv. frsm. sagði um, að kjörbréfanefnd hefði athugað kjörbréfið og virzt það vera í fullu lagi, sem ég efa ekki, þá vil ég benda á það, að að því er varðar gildi kosninga, þá er Alþ. þar æðra öllum kjörstjórnum, og eins og kunnugt er, þá er það fyrsta verk Alþ. hverju sinni að úrskurða um kjörbréf og allt, sem kosningu varðar, þegar nýkjörið þing kemur saman, svo að ég tel, að hv. kjörbréfanefnd eigi hverju sinni að athuga fleira en aðeins kjörbréfið, sem fyrir liggur, hún eigi einnig að athuga um allt, sem kosninguna varðar yfirleitt.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að kjörbréfanefnd fór nákvæmlega eins að í athugunum sínum á þessu kjörbréfi og hún hefur gert um þá aðra 13 varamenn, sem nú þegar hafa tekið sæti á þessu hv. Alþingi.

Forseti (SÁ): Ég verð að fallast á, að það sé ekki ástæða til þess að fresta að taka ákvörðun um þetta kjörbréf. Þeir ágætu menn, sem skipa landskjörstjórn, hafa einróma gefið herra Pétri Péturssyni forstjóra kjörbréf, og kjörbréfanefnd Alþ. hefur líka einróma mælt með, að kjörbréfið væri tekið gilt. Ég vil því biðja þá hv. alþm., sem vilja fallast á að taka þetta kjörbréf gilt, að rétta upp hönd.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Forseti (SÁ): Ég býð hv. alþm. velkominn hingað til þingsetu.

Á 60. fundi í Nd., 1. apríl, mælti

forseti (JóhH): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. 30. marz 1960:

„Vegna aðkallandi starfa heima í prestakalli mínu er mér nauðsynlegt að fara af þingi nú um sinn, og leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska eftir því, að varamaður minn, Jón Pálmason bóndi á Akri, taki sæti í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gíslason.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Samkv. þessu bréfi tekur Jón Pálmason sæti á þingi nú sem varamaður Gunnars Gíslasonar. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað.

Á 35. fundi í Sþ., 5. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SÁ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. í dag, frá hæstv. forseta Nd., sem hljóðar þannig:

„5. apríl 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Garðari Halldórssyni, 4. þm. Norðurl. e.:

„Vegna veikinda mun ég ekki geta sótt fundi Alþingis á næstunni, og óska ég eftir með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Ingvar Gíslason lögfræðingur, Akureyri, taki á meðan sæti á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Það verður frestað fundi í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd sameinaðs Alþingis rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund til þess að athuga um kosningu Ingvars Gíslasonar lögfræðings, 1. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, en það er óskað eftir því, að hann taki sæti á Alþingi nú um skeið í stað Garðars Halldórssonar, 4. þm. Norðurl. e.

Það er sá galli á, að það hefur ekki legið fyrir kjörbréfanefndinni formlegt kjörbréf. Hins vegar hefur legið fyrir kjörbréfanefnd svo hljóðandi símskeyti frá formanni yfirkjörstjórnar í Norðurlandskjördæmi eystra:

„Samkvæmt gerðabók yfirkjörstjórnar vottast, að Ingvar Gíslason lögfræðingur, Akureyri, er fyrsti varaþingmaður Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra.

F. h. yfirkjörstjórnar, Kristján Jónsson."

Þar sem allmörg fordæmi munu vera fyrir því, að kosning hafi verið tekin gild, þó að kjörbréf hafi ekki verið lagt fram með öðrum hætti en hér er gert með símskeyti, þá leggur

kjörbréfanefndin til, að kosningin sé tekin gild og þetta kjörbréf samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Forseti (SÁ): Ég vil bjóða hv. alþm. velkominn til starfa hér á Alþingi og bið hann að undirrita eiðstafinn.

Hinn nýi þingmaður, Ingvar Gíslason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 42. fundi í Sþ., 25. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur mér borizt frá forseta Nd.:

„Alþingi, 23. apríl 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Halldóri E. Sigurðssyni, 3. þm. Vesturl.:

„Þar sem mér er nauðsynlegt vegna aðkallandi starfa heima fyrir að fara af þingi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að varamaður minn, Daníel Ágústínusson bæjarstjóri á Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis til handa varaþm., Daníel Ágústínussyni. Fundarhlé verður nokkrar mín., meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf Daníels Ágústínussonar bæjarstjóra á Akranesi sem varaþm. Vesturl., kjörins af B-lista, en eftir því er óskað, að hann taki sæti á Alþ. í forföllum Halldórs E. Sigurðssonar, 3. þm. Vesturl., sem hverfur af þingi nú um skeið, svo sem lýst hefur verið hér. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Daníels Ágústínussonar og hefur ekki fundið neitt athugavert við það né hans kosningu. Hún leggur því einróma til, að kosning Daníels Ágústínussonar verði tekin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Daníel Ágústínusson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Alþingi, 27. apríl 1960. — Mér hefur í dag borist svo hljóðandi bréf frá Ágústi Þorvaldssyni, 2. þm. Sunnl.:

„Ég mun ekki geta sótt fundi Alþingis næstu tvær vikur vegna starfa heima fyrir. Leyfi ég mér þess vegna með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska eftir því, að varamaður minn, Helgi Bergs verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Helgi Bergs hefur áður setið á þingi í vetur sem varaþingmaður, og var kjörbréf hans þá úrskurðað gilt, og tekur hann nú sæti að nýju á þingi sem varamaður.

Á 45. fundi í Sþ., 2. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur mér borizt frá forseta Ed.:

„Reykjavík, 30. apríl 1960. — Mér hefur í dag borist svo hljóðandi bréf frá Auði Auðuns, 2. þm. Reykv.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. kosningalaga að fara þess á leit, að varamaður minn taki á meðan sæti á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis til handa Jóhanni Sigurðssyni, Ásgarði 19, sem er þriðji varamaður Sjálfstfl. Enn fremur er hér bréf frá Davíð Ólafssyni, sem er fyrsti varamaður þess flokks, en hann tilkynnir í þessu bréfi, að hann sé á förum til útlanda og muni dveljast þar næstu 5—6 vikur og geti því ekki tekið varamannssætið, sem honum hefði annars borið.

Það verður gert hlé á fundinum í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið, en að hléinu loknu verður hringt til framhaldsfundar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur á fundi sínum athugað kjörbréf 3. varaþingmanns Sjálfstfl. í Reykjavík, en þess hefur verið óskað af hv. 2. þm. Reykv., frú Auði Auðuns, að hann taki sæti hennar á þingi vegna brottfarar hennar af landi. Fyrir nefndinni lá bréf frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Ólafssyni, þar sem

hann einnig tilkynnti, að hann yrði fjarverandi næstu 5—6 vikur og gæti þess vegna ekki tekið við störfum varaþingmanns á Alþingi.

Kjörbréfanefndin hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréf 3. varaþingmanns Sjálfstfl., Jóhanns Sigurðssonar, og leggur eindregið til, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jóhann Sigurðsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 52. fundi í Sþ., 20. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 19. maí 1960. — Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Halldóri Ásgrímssyni, 2. þm. Austf.:

„Þar sem mér er nauðsynlegt vegna aðkallandi starfa heima fyrir að fara af þingi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður minn, Björgvin Jónsson kaupfélagsstjóri á Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis til handa Björgvin Jónssyni kaupfélagsstjóra sem 1. varaþm. Framsfl. Hlé verður gert á fundinum í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd heldur fund og rannsakar kjörbréfið, en aftur verður hringt til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Björgvin Jónsson kaupfélagsstjóra á Seyðisfirði, fyrsta varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert, hvorki við framlagt kjörbréf né við kosningu Björgvins Jónssonar. N. leggur því til, að kosningin sé gild tekin og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 23. maí, mælti

forseti (JóhH): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Þar sem mér er nauðsynlegt vegna aðkallandi starfa heima fyrir að fara af þingi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður minn, Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Björn Pálsson."

Kjörbréf Jóns Kjartanssonar hefur áður verið athugað, og tekur hann hér með sæti á þingi.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. maí 1960. — Þar sem ég er á förum til útlanda til starfa í mannréttindanefnd Evrópu í Strasbourg og verð fjarverandi um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. kosningalaga að fara þess á leit, að varamaður minn, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Friðjón Skarphéðinsson.

Til forseta efri deildar."

Samkvæmt þessu bréfi tekur Unnar Stefánsson nú sæti í þessari hv. d., og vil ég bjóða hann velkominn hingað til starfa.

Á 92. fundi í Nd., 31. maí, mælti

forseti (JóhH): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér hér með með skírskotun til 138. gr. kosningalaga að fara þess á leit, að varamaður minn, Páll Kristjánsson, Húsavík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Hannibal Valdimarsson.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Kjörbréf þessa hv. þm. hefur áður verið rannsakað, og tekur hann samkvæmt þessu sæti á Alþingi.

VII. Mannaskipti í nefnd.

Á 3. fundi í Ed., 26. nóv., mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur verið tilkynnt, að þegar kosið var í þingnefndir í þessari hv. d. á síðasta fundi, hafi nafn Friðjóns Skarphéðinssonar af vangá verið sett á A-lista, er kosið var í samgmn., en það átti að vera nafn Jóns Þorsteinssonar. Ég hef verið beðinn um að tilkynna þetta, og ef deildin hefur ekki neitt við það að athuga, að þessi breyt. verði á, þá vil ég leyfa mér að líta á það sem samþykki hennar, að Jón Þorsteinsson taki sæti í samgmn.

í stað Friðjóns Skarphéðinssonar. Það virðist enginn hafa — (**Gripið fram í:** Hefur þessi kosning ekki farið fram?) Þessi kosning hefur farið fram, jú, en þetta er talin leiðrétting á henni. Ef deildin hefur eitthvað á móti þessu, þá er óskað eftir, að það komi fram. Það kemur ekki fram sérstök ósk um það, að kosning fari fram að nýju, og því skoða ég samþykkt, að Jón Þorsteinsson taki sæti í samgöngumálanefnd í stað Friðjóns Skarphéðinssonar.

VIII. Kosningar.

1. Menntamálaráð.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Birgir Kjaran alþm. (A),
Kristján Benediktsson kennari (B),
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri (A),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A),
Magnús Kjartansson ritstjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Eyjólfur K. Jónsson hdl. (A),
Jóhann Frímann skólastjóri (B),
Baldvin Tryggvason lögfræðingur (A),
dr. Gunnlaugur Þórðarson (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

2. Stjórn vísindasjóðs.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ármann Snævarr prófessor (A),
Halldór Pálsson ráðunautur (B),
Einar Ól. Sveinsson prófessor (A),
Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru samtals fjögur nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll V. G. Kolka læknir (A),
Kristján Karlsson skólastjóri (B),
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (A),
Tómas Tryggvason jarðfræðingur (B).

3. Áfengisvarnaráð.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 58 1954.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (A),
Guðlaug Narfadóttir húsfrú (B),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fjögur nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Páll V. Daníelsson bæjarfulltrúi (A),
Eiríkur Sigurðsson skólastjóri (B),
Sveinn Helgason stórkaupmaður (A),
Hörður Gunnarsson nemandi (B).

4. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirki (A),
Eðvarð Sigurðsson alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals.

Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Jóhann Hafstein alþm. (A),
Guttormur Sigurbjörnsson skattstjóri (B),
Magnús Ástmarsson prentari (A),
Hannes Stephensen formaður Dagsbrúnar (B).

5. Útvarpsráð.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 18. febr. 1943.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Þórarinn Þórarinsson alþm. (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Benedikt Gröndal alþm. (A),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Kristján Gunnarsson yfirkennari (A),
Rannveig Þorsteinsdóttir hdl. (B),
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur (A),
Stefán Júlíusson rithöfundur (A),
Magnús Kjartansson ritstjóri (C).

6. Tryggingaráð.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Gunnar Möller hrl. (A),
Helgi Jónasson læknir (B),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Vilhjálmur S. Vilhjálmsson rithöfundur (A),
Brynjólfur Bjarnason fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri (B),
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri (A),
Björgvin Guðmundsson viðskiptafr. (A),
Kristján Gíslason verðlagsstjóri (C).

7. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Jón Pálmason og Björn Jóhannesson; á B-lista Jörundur Brynjólfsson; á C-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 17, C-listi 10. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Jón Pálmason fyrrv. alþm.,
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm.,
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi.

8. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1962, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Sverrir Júlíusson útgerðarmaður (A),
Sigurvin Einarsson alþm. (B),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (A),
Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri (A),
Björn Jónsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (A),
Jón Sigurðsson skipstjóri (B),
Jakob Hafstein framkvæmdastjóri (A),
Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri (A),
Konráð Gíslason kompásasmiður (C).

9. Eftirlitsmenn opinberra sjóða.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja eftirlitsmanna með opinberum sjóðum til fimm ára, frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 111 1941.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður (A),
Andrés Eyjólfsson fyrrv. alþm. (B),
Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri (A).

10. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður (A),
Þorkell Jóhannesson prófessor (B),
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (A).

11. Flugráð.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1963, samkv. 1. gr. l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jónas G. Rafnar og Jón Axel Pétursson; á B-lista Þórður Björnsson; á C-lista Karl Guðjónsson. — A-listi hlaut 33 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas G. Rafnar alþm.,
Þórður Björnsson bæjarfulltrúi,
Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B),
Björn Pálsson flugmaður (A).

12. Landskjörstjórn.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar B. Guðmundsson hrl. (A),
Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri (B),
Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri (A),
Einar Arnalds borgardómari (A),
Ragnar Ólafsson hrl. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Gunnar Möller hrl. (A),
Vilhjálmur Jónsson hrl. (B),
Páll S. Pálsson hrl. (A),
Jón Ingimarsson lögfræðingur (A),
Þórhallur Pálsson fulltrúi (C).

13. Yfirkjörstjórnir.

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 2. og 3. des., var tekin á dagskrá

kosning í yfirkjörstjórnir, fimm manna og jafnmargra varamanna í hverju kjördæmi, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 4. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu kjörstjórnanna komu hverju sinni fram þrír listar og var jafnan stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fóru kosningar því fram án atkvgr., og urðu kjörstjórnirnar þannig skipaðar:

a. Yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Hinrik Jónsson sýslumaður (A),
Jón Steingrímsson sýslumaður (B),
Jón Sigmundsson sparisjóðsgjaldkeri (A),
Sveinn Guðmundsson kaupfélagsstjóri (A),
Sigurður Guðmundsson lögregluþjónn (C).

Varamenn:
Friðrik Þórðarson forstjóri (A),
Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti (B),
Hjörtur Ögmundsson hreppstjóri (A),
Jóhann Kristjánsson verkamaður (A),
Jóhann Rafnsson skrifstofumaður (C).

b. Yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Aðalmenn:
Högni Þórðarson bankafulltrúi (A),
Björgvin Bjarnason sýslumaður (B),
Aðalsteinn P. Ólafsson verzlunarmaður (A),
Jóhann G. Ólafsson bæjarfógeti (A),
Sigurður Kristjánsson sóknarprestur (C).

Varamenn:
Jónatan Einarsson framkvæmdastjóri (A),
Grímur Arnórsson bóndi (B),
Magnús Amlín framkvæmdastjóri (A),
Ólafur Guðjónsson útibússtjóri (A),
Þorgeir Jónsson læknir (C).

c. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Aðalmenn:
Guðbrandur Ísberg sýslumaður (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður(B),
Kristinn P. Briem kaupmaður (A),
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri (A),
Hlöðver Sigurðsson skólastjóri (C).

Varamenn:
Eyþór Hallsson skipstjóri (A),
Halldór Jóhannsson endurskoðandi (B),
Sigurður Tryggvason verzlunarstjóri (A),
Kristján C. Magnússon verzlunarmaður (A),
Jón Friðriksson trésmiður (C).

d. Yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (A),
Lúðvík Ingvarsson sýslumaður (B),
Margeir Þórormsson hreppstjóri (A),
Emil Jónasson símstjóri (A),
Sigfús Jóelsson skólastjóri (C).

Varamenn:
Reynir Zoëga vélstjóri (A),
Þorsteinn Sigfússon bóndi (B),
Guðlaugur Jónsson verzlunarstjóri (A),
Guðmundur Vilhjálmsson bankaritari (A),
Aðalsteinn Halldórsson verzlunarmaður (C).

e. Yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

Aðalmenn:
Guðjón Steingrímsson hdl. (A),
Björn Ingvarsson lögreglustjóri (B),
Ólafur Bjarnason bóndi (A),
Ásgeir Einarsson skrifstofustjóri (A),
Árni Halldórsson lögfræðingur (C).

Varamenn:
Eggert Jónsson bæjarstjóri (A),
Þórarinn Ólafsson byggingameistari (B),
Kristinn Wium verzlunarmaður (A),
Jóhann Þorsteinsson forstjóri (A),
Kjartan Ólafsson kennari (C).

f. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.

Aðalmenn:
Kristján Jónsson bæjarfógetafulltrúi (A),
Jóhann Skaftason sýslumaður (B),
Einar Jónasson hreppstjóri (A),
Sigurður Helgason bæjarfógetafulltrúi (A),
Þorsteinn Jónatansson ritstjóri (C).

Varamenn:
Þórhallur Snædal trésmíðameistari (A),
Brynjólfur Sveinsson menntaskólakennari (B),
Guðmundur Þór Benediktsson bæjarfógetafulltrúi (A),
Sigurjón Jóhannesson skólastjóri (A),
Páll Gunnlaugsson bóndi (C).

g. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Torfi Jóhannsson bæjarfógeti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (B),
Páll Björgvinsson oddviti (A),
Guðmundur Daníelsson rithöfundur (A),
Gunnar Benediktsson rithöfundur (C).

Varamenn:
Ásgeir Eiríksson kaupmaður (A),
Ísak Eiríksson útibússtjóri (B),
Gísli Brynjólfsson prófastur (A),
Magnús H. Magnússon símstjóri (A),
Gunnar Sigurmundsson prentari (C).

h. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkaupstaðar.

Aðalmenn:
Kristján Kristjánsson borgarfógeti (A),
Sveinbjörn Dagfinnsson fulltrúi (B),
Páll Líndal lögfræðingur (A),
Eyjólfur Jónsson lögfræðingur (A),
Þorvaldur Þórarinsson lögfræðingur (C).

Varamenn:
Hörður Þórðarson sparisjóðsstjóri (A),
Jónas Jósteinsson kennari (B),
Guðmundur Vignir Jósefsson skrifstofustj.(A),
Lúðvík Gizurarson lögfræðingur (A),
Steinþór Guðmundsson kennari (C).

14. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

a. Kosning í Ed.

Á 10. fundi í Ed., 4. des., var tekin til meðferðar

kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Magnús Jónsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B).

b. Kosning í Nd.

Á 10. fundi í Nd., s. d., var tekin á dagskrá

kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 7. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gísli Jónsson alþm. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (B),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

15. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 10. fundi í Nd., 4. des., var tekin á dagskrá
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands, til fjögurra ára, frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1963.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 7. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Aðeins einn maður var tilnefndur, Jón Skaftason. Hlaut hann 13 atkv., en 27 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væri kjörinn:
Jón Skaftason alþm.

16. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 35., 36., 43., 46. og 48. fundi í Sþ., 5., 6. og 27. apríl, 4. og 11. maí, var tekin á dagskrá
kosning fjögurra manna nefndar samkv. 14. gr. B. XII í fjárlögum fyrir árið 1960 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu fjórir listar með einu nafni á hverjum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Bjartmar Guðmundsson alþm. (D),
Jónas Kristjánsson skjalavörður (B),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C),
Helgi Sæmundsson formaður menntamálaráðs (A).

17. Úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár.

Á 35., 36., 43., 46. og 48. fundi í Sþ., 5., 6. og 27. apríl, 4. og 11. maí, var tekin á dagskrá
kosning 5 manna nefndar til að skipta fjárveitingu til atvinnu- og framleiðsluaukningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 20. gr. Út XXIII í fjárlögum fyrir árið 1960.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu fjórir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:
Magnús Jónsson alþm. (D),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Sigurður Bjarnason ritstjóri (D),
Karl Guðjónsson alþm. (C),
Emil Jónsson ráðherra (A).

18. Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur.

Á 5., 6., 7. og 50. fundi í Sþ., 2., 3. og 4. des., 18. maí, var tekin á dagskrá
kosning stjórnar byggingarsjóðs, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til þriggja ára, frá 1. júní 1960 til 31. maí 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 9. gr. l. nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og 21.—23. gr. l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á l. nafla l. nr. 36 1952 o. fl.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Sþ., 27. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu stjórnar komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón G. Mariasson bankastjóri (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (A),
Finnbogi R. Valdimarsson alþm. (C).
Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Ásgeir Pétursson deildarstjóri (A),
Halldór Jakobsson skrifstofumaður (B).

19. Þingvallanefnd.

Á 5., 6., 7., 50. og 54. fundi í Sþ., 2., 3. og 4. des., 18. og 27. maí, var tekin á dagskrá
kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Sþ., 1. júní, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar. Á A-lista var Hermann Jónasson, á B-lista voru Sigurður Bjarnason og Emil Jónsson.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það stendur á dagskránni, að það eigi að kjósa þrjá alþm. í Þingvallanefnd, og mun það vera samkv. lögum um það efni. Nú vil ég vekja athygli á því, að einn þeirra manna, sem er á framkomnum lista, er varaþm. Það má vera, að það sé ekkert við það að athuga, en ég hygg, að það hafi undanfarið verið kjörnir aðalmenn í Þingvallanefnd, enda hefur verið miklu færra um varamenn á þingi áður. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, hvort þetta væri alveg í samræmi við fyrirmæli um skipun þessarar nefndar.

Forseti (SÁ): Viðvíkjandi aths. hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég aðeins svara því til, að það er sagt í l. um Þingvallanefnd, að það eigi eftir hverjar kosningar að skipa n., en þó tekið fram, að það skuli gert í lok fyrsta þings. Kosningin er þannig framkvæmd á réttum tíma með því að framkvæma hana í dag. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að hv. 1. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, sé alþm. Hann hefur setið hér tvo síðustu mánuði á þingi, og ég leyfi mér því að úrskurða, að hann eigi rétt til að vera kjörinn í þessa nefnd.

Forseti lýsti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason ritstjóri,
Hermann Jónasson fyrrv. forsrh.
Emil Jónsson ráðherra.

20. Bankaráð Búnaðarbankans.

Á 58. fundi í Sþ., 3. júní, var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands til ársloka 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Pálmason fyrrv. alþm. (C),
Hermann Jónasson fyrrv. forsrh. (B),
Friðjón Þórðarson sýslumaður (C),
Baldur Eyþórsson prentsmiðjustjóri (C),
Guðmundur Hjartarson framkvæmdastj. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Ólafur Bjarnason bóndi (C),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Gunnar Gíslason alþm. (C),
Jón Þorsteinsson alþm. (C),
Hannibal Valdimarsson alþm. (A).

21. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til ársloka 1962, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Einar Gestsson bóndi (B),
Guðmundur Tryggvason bóndi (A).

22. Verðlagsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna í verðlagsnefnd til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um verðlagsmál.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Björnsson alþm. (C),
Stefán Jónsson skrifstofustjóri (B),
Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri (C),
Jón Sigurðsson forstjóri (C),
Guðmundur Hjartarson framkvæmdastj. (A).

IX. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Hanna Kristín Stefánsdóttir, Jónas Kristjánsson, Ásgeir B. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanhildur Björnsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson. Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ólafsson. Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Stefanía Einarsdóttir, Kirsten Thorberg, Kristín Þorbjarnardóttir, Guðrún Þorkelsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Magnús Guðmundsson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Ásmundur Guðmundsson, Sigtryggur Jónsson.

Þingsveinsstörf:
Daníel Þórarinsson (til 16. maí), Valgarð Reinhardsson (til 2. maí), Jón H. Jónsson (til 31. marz), Jón Kr. Ólafsson (til 27. maí), Halldór Gunnarsson (til 8. marz), Logi Jónsson (frá 29. jan. til 25. maí), Böðvar Böðvarsson (frá 29. jan. til 22. marz), Matthías Nóason (frá 29. jan. til 16. maí), Björn Jónsson (frá 23. maí), Ögmundur Árnason (frá 18. maí), Erlendur Steingrímsson (frá 17. maí), Guðbjartur Bjarnason (frá 30. marz), Árni E. Stefánsson (frá 29. apríl), Hallgrímur Marinósson (frá 10. marz til 25. apríl), Gunnar Örn Guðmundsson (frá 26. maí).

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ella T. Guðmundsdóttir (frá 4. jan.), Helga Kr. Helgadóttir (frá 7. marz til 19. apríl), Þorbjörg J. Guðmundsdóttir (frá 17. maí).

Fatagæzla:

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Jóhannes H. Jónsson.

X. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 10. fundi í Ed., 4. des., mælti

forseti (SÓÓ): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Næsti fundur deildarinnar verður að öllum líkindum ekki fyrr en að þinghléi loknu. Þó skal hafður sá fyrirvari á því, að ef mál skiptast á þann hátt, að nauðsynlegt verður að halda fund í d., þá mun það að sjálfsögðu verða gert.

Ég vil þakka hv. dm. fyrir ágæta samvinnu þann stutta tíma, sem þetta þing hefur starfað í þetta sinn, og ég vil einnig þakka skrifstofustjóra Alþingis fyrir ágæta samvinnu og lipurð mér sýnda sem forseta, og sömuleiðis þakka ég starfsliði Alþingis öðru alla góða samvinnu.

Ég óska öllum hv. alþm., sem nú eiga margir langt heim að sækja, góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu. Ég óska öllum gleðilegra jóla og sömuleiðis fjölskyldum þeirra, og þeirri ósk fylgir ósk um farsælt og heillaríkt nýtt komandi ár. Og mættum við svo öll hittast hér aftur að þinghléi loknu heil til starfa að nýju.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýju orð og árnaðaróskir. Ég vil líka þakka honum persónulega fyrir hans framkomu sem forseta í d., þó að ég hins vegar geti ekki neitað því, að mér hefur fundizt hann í stjórn sinni mundu vera í þjónustu afla, sem hafa sagt fyrir um meðferð mála á þann hátt, sem ég fyrir mitt leyti get ekki þakkað eða fellt mig við.

Ég vil árna hæstv. forseta af heilum hug og hans fjölskyldu allra heilla, gleðilegra jóla og farsæls árs, og ég vænti þess, að hv. viðstaddir þdm. vilji taka undir þau orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) fyrir hlý orð og hlýjar óskir í minn garð og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra.

Fleira liggur þá ekki fyrir. Ég verð að biðja um leyfi d. til þess að undirskrifa fundargerð þessa fundar seinna. Fundi er slitið.

Á 15. fundi í Nd., 7. des., mælti

forseti (BGr): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Þar sem þetta er líklega síðasti fundur deildarinnar fyrir þingfrestun, vil ég færa hv. deildarmönnum beztu þakkir fyrir samstarf þennan stutta tíma, sem deildin hefur nú starfað, bæði í sátt og sundurlyndi. Ég vil þakka skrifstofustjóra þingsins og öllu starfsliði þess fyrir vel og alúðlega unnin störf. Ég vil óska utanbæjarmönnum öllum góðrar ferðar og góðrar heimkomu. Ég vil óska þingmönnum öllum, starfsliði þingsins og fjölskyldum gleðilegrar jólahátíðar, árs og friðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þingdeildarmanna að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil um leið láta þá von í ljós, að samstarf okkar þingdeildarmanna við hæstv. forseta megi ætíð vera sem bezt. Ég vil taka undir óskir og þakkir hæstv. forseta til starfsfólks þingsins og leyfa mér, — og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., — að óska hæstv. forseta og hans fjölskyldu gleðilegra jóla og góðs nýs árs og að við megum sjá hann aftur heilan á húfi, þegar við mætumst hér eftir nýárið. Ég bið hv. þdm. að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BGr): Ég þakka góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og vil ítreka árnaðaróskir mínar til deildarmanna allra. Þessum fundi er slitið.

Á 8. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (FS): Þetta verður væntanlega síðasti fundur Alþingis á þessu ári, þar sem hæstv. forsrh. mun nú senn lesa forsetabréf um frestun funda Alþingis fram yfir áramót. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm. samstarfið þann stutta tíma, sem af er þessu þingi. Ég óska þeim og fjölskyldum þeirra svo og skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki þingsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Utanbæjarmönnum óska ég fararheilla heim og góðrar heimkomu. Ég vona, að við megum hittast heilir hér aftur, er Alþingi kemur saman að nýju á næsta ári.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér í nafni þingmanna að þakka hæstv. forseta þær árnaðaróskir, sem hann flutti. Ég þykist mega fullyrða, að við viljum allir hafa sem bezta samvinnu við forseta þingsins. Ég vil leyfa

mér að færa hæstv. forseta árnaðaróskir, honum og fjölskyldu hans, jólaóskir og óskir um gleðilegt og farsælt nýtt ár. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þetta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir góðar óskir og hlý orð í minn garð og hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið undir þær. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 80. löggjafarþings, frá 7. des. 1959, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. jan. 1960.

Gert í Reykjavík, 7. des. 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis, 80. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag, og verður það kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. jan. 1960.

Ég leyfi mér að árna hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (FS): Ég vil leyfa mér fyrir hönd Alþingis að þakka hæstv. forsrh. fyrir árnaðaróskir hans í garð okkar þingmanna og segi ég svo fundi slitið.

Á 9. fundi í Sþ., 28. jan., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Hinn 20. jan. 1960 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt till. forsrh., að Alþingi, 80. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar fimmtudaginn 28. jan. 1960, kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 20. jan. 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég vil leyfa mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá alla velkomna til þingstarfa að nýju.

Forseti (FS): Þá er fundur settur í sameinuðu Alþingi. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. góðar óskir hans til mín og annarra hv. alþingismanna. Enn fremur vil ég óska hv. alþm. góðs árs og þakka þeim fyrir liðið ár og býð þá velkomna til Alþingis til starfa að nýju.

XI. Þinghlé.

Á 61. fundi í Ed., 8. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Hlé verður nú á þingfundum um sinn, og að öllum líkindum er þetta síðasti fundur í þessari hv. deild, áður en þinghlé hefst. Ég vil nota þetta tækifæri til að leyfa mér að þakka hv. deildarmönnum fyrir ágæta samvinnu á undanförnum mánuðum. Nú þegar þið hverfið heim, sumir um langan veg, óska ég ykkur góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu. Öllum ykkur og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegrar hátíðar. Sömu óskir færi ég öllu starfsfólki Alþingis. Megum við svo hittast öll heil að þinghléi loknu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd hv. þingdeildarmanna leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og fyrir góða stjórn í þessari deild á liðnum mánuðum. Ég vil líka flytja honum árnaðaróskir og óska honum góðrar heimferðar, honum og fjölskyldu hans góðrar afturkomu. Ég bið hv. þingdeildarmenn að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð og árnaðaróskir í minn garð og minnar fjölskyldu og einnig hv. deildarmönnum fyrir að taka undir þær óskir.

Á 67. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JóhH): Þá er dagskráin tæmd og þar með er lokið störfum neðri deildar nú fyrir páskahelgina, þar sem gert er ráð fyrir, að hlé verði á fundum þingsins fram yfir páska. Ég vil leyfa mér að óska öllum hv. þm. gleðilegrar páskahátíðar, og sérstaklega óska ég þeim, sem vitað er að fara muni heim, góðrar heimkomu og að þeir megi njóta páskahátíðarinnar á heimilum sínum og með fjölskyldum sínum. Að lokum óska ég þess svo, að við megum allir að hátíðinni lokinni hittast heilir til starfa að nýju.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, — og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð og okkar fjölskyldna. Ég vil leyfa mér að þakka honum fyrir okkar hönd ágætt samstarf og röggsama og réttláta

fundarstjórn og óska honum og hans fjölskyldu alls góðs yfir þessa páskahátíð og að við megum sjá hann aftur hér heilan á húfi, þegar störf hefjast að nýju að henni lokinni. Ég vil biðja hv. þdm. um að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JóhH): Ég þakka hlý og vinsamleg orð í minn garð og undirtektir hv. þingmanna.

Á 39. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (FS): Það hefur verið svo ákveðið, að fundahöldum Alþingis verði nú frestað um sinn eða fram yfir páska, og munu fundir væntanlega hefjast á ný þriðjudaginn 19. apríl. Ég vil því nota þetta tækifæri og óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegrar páskahátíðar, og þeim, sem burt fara til heimila sinna utan bæjarins, óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu og heillar afturkomu að þinghléinu loknu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar óskir hans í okkar garð. Enn fremur vil ég, — og ég veit, að ég má gera það í nafni allra þingmanna, — óska honum og hans fólki gleðilegrar hátíðar og alls góðs og láta í ljós þá ósk, að við eigum eftir að hitta hann heilan hér að páskahléinu loknu. Ég vil biðja menn um að taka undir þetta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir góðar óskir hans í minn garð og minnar fjölskyldu, og hv. þm. þakka ég þeirra undirtektir.

XII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 94. fundi í Ed., 3. júní, mælti

forseti (SÓÓ): Þar sem þetta er síðasti fundur þessa þings í hv. efri deild Alþingis, vil ég nota tækifærið og þakka hv. þdm. ágæta samvinnu á þessu þingi, sem nú er að ljúka. Ég vil þakka hv. varaforsetum deildarinnar fyrir mér veitta aðstoð við forsetastörfin og skrifurum deildarinnar fyrir sérstaka skyldurækni í starfi og öðrum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu í deildinni. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis, fulltrúum hans og öllu öðru starfsliði Alþingis fyrir vel unnin störf og góða samvinnu. Ykkur öllum, hv. þingdeildarmenn, og fjölskyldum ykkar óska ég góðs gengis, og ykkur, sem nú hverfið heim, sumir um langan veg, óska ég góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu. Megum við svo öll hittast heil, þegar þing kemur saman til starfa að nýju.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég finn hvöt hjá mér sem elzti maður í þessari hv. d. og ekki í sama flokki og hæstv. forseti að kveðja mér hljóðs á þessari kveðjustund og þakka hæstv. forseta fyrir hönd deildarmanna fyrir hans hlýju orð og árnaðaróskir til okkar. Ég vil þakka honum líka fyrir hönd d. fyrir góða stjórn í d., réttláta og snurðulausa, og ég vil árna honum góðrar heimferðar og honum sjálfum og fólki hans gleði og hamingju á þessu sumri og lýsa yfir þeirri ósk, að hann megi koma heill í okkar hóp, þegar þing verður aftur kvatt saman. Ég bið hv. þingfulltrúa efri deildar að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð og góðu óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég vil endurtaka óskir mínar til hv. þdm. um góða líðan og gott og gleðilegt sumar. Fundi er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 95. fundi í Nd., 2. júní, mælti

forseti (JóhH): Þá er ekki fleira á dagskrá, og má þá ætla, að störfum þessarar d. að þessu sinni sé lokið, að vísu með þeim fyrirvara, að enn komi ekki verkefni frá Ed. En það liggur fyrir, að því er mér sýnist, að svo muni ekki vera.

Ég vil þá leyfa mér, áður en við ljúkum þingstörfunum í þessari hv. d., að þakka öllum hv. þdm. fyrir góða samvinnu við mig á þessu þingi. Þegar ég tók við þessum forsetastörfum algerlega óvanur, var mér ljóst, að það reið mikið á því, að hv. þdm. sýndu mér umburðarlyndi, enda hefur það reynzt svo í mörgum málum. Við höfum haft mörg og stór mál til meðferðar. Ég hef ástæðu til þess að þakka öllum hv. þdm. fyrir góða samvinnu og umburðarlyndi í minn garð.

Ég óska þeim, sem eiga nú heim um langan veg að fara, góðrar heimkomu og vil svo að lokum óska þess, að við megum aftur hittast heilir, þegar skyldan kallar okkur á ný til sameiginlegra starfa.

Ég vil mega við þetta bæta þakklæti fyrir mína hönd — og þá vil ég mæla fyrir hönd deildarinnar — til skrifstofustjóra þingsins fyrir aðstoð og góða samvinnu við margháttuð störf og einnig færa þakkir og árnaðaróskir til starfsmanna þingsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér f. h. þdm. að þakka góðar óskir forseta í okkar garð, og ég vil um leið, — og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., — þakka honum fyrir gott samstarf við okkur allt þetta langa þingtímabil, sem nú er að ljúka. Ég vil óska honum og hans fjölskyldu alls góðs

og vona, að við megum sjá hann aftur heilan á húfi hér í haust, þegar við hittumst að nýju. Ég vil biðja hv. þdm. um að rísa úr sætum og taka þannig undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JóhH): Ég leyfi mér að þakka hlý orð í minn garð og undirtektir hv. þm. við þau.

XIII. Þinglausnir.

Á 59. fundi í Sþ., 3. júní, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 20. nóv. til 7. des. 1959 og frá 28. jan. til 3. júní 1960, alls 146 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	95
- efri deild	94
- sameinuðu þingi	59
Alls	248

Þingmál og úrslit þeirra.

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	23		
b. — — efri deild	17		
c. — — sameinað þing	3		
		43	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	38		
b. — — í efri deild	19		
		57	
			100

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 12 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 10 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	35	
Þingmannafrumvörp	16	
		51
b. Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvörp		2
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		2
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	8	
Þingmannafrumvörp	35	
		43
		100

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi		65
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	25	
b. Afgreiddar með rökstuddri dagskrá	2	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	3	
d. Ekki útræddar	35	
		65

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 28, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	11
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema 2, ein var tekin aftur og önnur var óútrædd.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	176
Tala prentaðra þingskjala	640

Síðan mælti

forseti (SÁ): Háttvirtir alþingismenn. Í fjarveru hæstv. aðalforseta sameinaðs Alþingis vil ég fyrir hans hönd og okkar varaforsetanna þakka hv. alþingismönnum gott og ánægjulegt samstarf á því þingi, sem við nú erum að kveðja. Sérstaklega hef ég ástæðu til þess að færa hv. alþingismönnum þakkir mínar fyrir lipurð og umburðarlyndi í minn garð, þar sem ég er óvanur störfum þeim, sem mér er falið að inna af hendi í fjarvistum hæstv. aðalforseta. Lipurð og skilningur hv. alþingismanna hefur valdið því, að afgreiðsla hefur farið fram með eðlilegum hætti, og vil ég nú, er líður að þinglausnum, votta hv. alþingismönnum þakklæti mitt fyrir samstarfið allt.

Skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki vil ég færa þakklæti mitt og hv. þingmanna allra fyrir störf þess yfir þingtímann og óska því gleðilegrar í hönd farandi hátíðar.

Umræður á þessu þingi hafa verið óvenjumiklar og ýmis merk mál hlotið afgreiðslu og lög samþykkt, sem við vonum og biðjum að megi leiða til farsældar fyrir þjóðina alla. Oft á þessu þingi hefur verið stormasamt í þingsölunum, en þrátt fyrir það er ég þess fullviss, að nú, er leiðir skilja um stundarsakir, mun það efst í huga okkar þingmanna, að þegar fundir hefjast að nýju á næsta hausti, megi starf okkar leiða til áframhaldandi uppbyggingar, menningar og efnahagssjálfstæðis þjóðarinnar.

Ég endurtek þakklæti mitt til hv. alþingismanna og óska þeim gleðilegrar hátíðar og farsældar um alla framtíð. Hv. utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið, að við megum öll hittast heil, er næsta þing hefst. Við þökkum for-

sjóninni fyrir óvenjugott árferði til lands og sjávar, það sem af er þessu ári, og biðjum fyrir velgengni atvinnuveganna og þjóðarinnar í heild.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans til okkar alþingismanna. Ég þakka honum fyrir samstarfið þann tíma, sem hann hefur stýrt fundum Alþingis, og forsetum sameinaðs þings öllum fyrir samstarfið á þessu þingi um þinghaldið sjálft, og ég veit, að ég mæli þetta fyrir munn okkar allra.

Ég óska hæstv. forseta allra heilla og fjölskyldu hans og vona, að við eigum eftir að hitta hann og aðra forseta sameinaðs þings heila á húfi næsta haust, þegar tekið verður til starfa að nýju. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir til hæstv. forseta með því að rísa úr sæti. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (SÁ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vinsamleg orð í minn garð og góðar óskir og þakka hv. alþingismönnum fyrir að taka undir þau. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Í dag hefur verið gefið út forsetabréf, sem hljóðar svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 80. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, föstudaginn 3. júní 1960.

Gert í Reykjavík, 3. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson,

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingmenn risu úr sætum, og **forsrh. Ólafur Thors** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.